

Föstudaginn 22. febrúar 1980.

Nr. 214/1978.

**Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Kristjáni Viðari Viðarssyni**

(Páll Arnór Pálsson hdl.)

**Sævari Marinó Ciesielski**

(Jón Oddsson hrl.)

**Tryggva Rúnari Leifssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

**Albert Klahn Skaftasyni**

(Örn Clausen hrl.)

**Erlu Bolladóttur**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

**og Guðjóni Skarphéðinssyni**

(Benedikt Blöndal hrl.).

Manndráp. Gáleysi. Líkamsárás. Íkveikja. Skírlífisbrot. Þjófnaður. Skjalafals. Fjársvik. Rangar sakargiftir. Brot gegn 112. gr. almennra hegningarlaga. Ávana- og fíkniefni.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Málinu er áfrýjað með stefnu 26. júlí 1978, sem birt er hinum ákærðu á tímabilinu 3.-11. ágúst s. á. Er dóminum áfrýjað til staðfestingar að því er varðar ákærðu Kristján Viðar og Sævar Marinó, en til þyngingar að því er tekur til annarra hinna ákærðu.

Þess skal getið, að síðasti hluti aðalágrips í málinu barst Hæstarétti hinn 5. janúar 1980, en nokkur skjöl bárust síðar.

I.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram allmörg ný gögn.

Verða þau reifuð eftir því sem efni standa til og á þeim stöðum hér á eftir, er henta þykir.

## I.1.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hefur verið háð framhaldslögreglurannsókn að ósk ákærða Sævars, vegna þess að hann taldi sig hafa verið beittan harðræði við rannsókn málsins. Í tilefni þessa fól dómsmálaráðuneytið hinn 30. maí 1979 vararannsóknarlögreglustjóra ríkisins að annast meðferð málsins sem rannsóknarlögreglustjóra, sbr. 8. gr. laga nr. 108/1976 og 3. gr. laga nr. 5/1978. Með bréfi ríkissaksóknara 23. ágúst 1979 til vararannsóknarlögreglustjóra var mælt fyrir um rannsóknina og rannsóknarefnið markað.

Rannsókn þessi fór fram 5. september til 8. október 1979. Voru yfirheyrðir fangaverðir og ýmsir þeir, sem fóru með rannsókn málsins. Í megindráttum skýrðu þessir aðiljar frá með sama hætti og við rannsókn máls í héraði, og er sú rannsókn rakin ítarlega í héraðsdómi, en þó komu fram nokkur ný atriði. Í framhaldsrannsókninni voru enn fremur teknar skýrslur af séra Jóni Bjarman fangapresti og ákærðu Kristjáni, Sævari og Erlu. Þá voru gerðar athuganir á aðbúnaði fanga í fangelsinu að Síðumúla.

Af gögnum máls verður ráðið, að við samprófun hinna ákærðu Sævars, Kristjáns og Erlu 5. maí 1976 hafi nafngreindur fangavörður lostið ákærða Sævar kinnhest. Um aðdraganda þessa eru skýrslur óljósar, en þær benda til þess, að ákærði Sævar hafi verið æstur og órór við yfirheyrslu þessa.

Þá er þess að geta, að fangavörður, sem starfaði í fangelsinu að Síðumúla, kvaðst hafa „heyrð“ einhverja „pústra“ í tvö skipti, þegar verið var að yfirheyra ákærða Sævar. Annar fangavörður taldi sig hafa verið á næturvakt, að því er ætla verður í janúar 1976. Hafi þá tveir nafngreindir fangaverðir farið inn í klefa, m. a. ákærða Sævars, að fyrirmælum yfirfangavarðar í því skyni að halda Sævari vakandi og hafi þeir „tuskað“ hann til. Einnig hafi nafngreindur fangavörður valdið hávaða í grennd við klefa Sævars í því skyni að varna honum svefnis, að því er vitnið telur. Þá hafi slökkvari verið óvirkur og hafi eigi verið hægt að slökkva ljós í klefa Sævars. Viðkomandi fangaverðir og rannsóknarmenn hafa alfarið neitað, að þessar frásagnir séu réttar.

## I.2.

Hinn 20. nóvember 1978 sendi ríkissaksóknari Læknaráði álitserðir lækna, sem raktar eru að meginefni til í héraðsdómi, um geðheilbrigði og sakhæfi fimm hinna ákærðu í máli þessu. Var leitað umsagnar Læknaráðs með eftirfarandi spurningum:

„1. Fellst Læknaráð á niðurstöðu álitserðar Lárusar Helgasonar um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða Kristjáns Viðars Viðarssonar?

2. Fellst Læknaráð á niðurstöðu álitserðar Ingvars Kristjánssonar um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða Sævars Marinós Ciesielski?

3. Fellst Læknaráð á niðurstöðu álitserðar Ásgeirs Karlssonar um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða Tryggva Rúnars Leifssonar ?

4. Fellst Læknaráð á niðurstöðu álitserðar Ásgeirs Karls sonar um geðheilbrigði og sakhæfi ákærðu Erlu Bolladóttur?

5. Fellst Læknaráð á niðurstöðu álitserðar Ingvars

Kristjánssonar um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða Guðjóns Skarphéðinssonar?"

Tillaga réttarmáladeildar Læknaráðs um ályktun Læknaráðs, sem staðfest var 10. desember 1979 sem álitserð og úrskurður ráðsins, er sem hér segir:

„Ad 1: Læknaráð fellst í meginatriðum á niðurstöðu álitserðar dr. med. Lárusar Helgasonar um geðheilbrigði og sakhæfi Kristjáns Viðars Viðarssonar og telur hann sakhæfan.

d 2: Já.

Ad 3: Læknaráð er sammála álitserð Ásgeirs Karlssonar um geðheilbrigði og sakhæfi Tryggva Rúnars Leifssonar og telur hann sakhæfan.

Ad 4: Læknaráð fellst á niðurstöðu álitserðar Ásgeirs Karlssonar um geðheilbrigði Erlu Bolladóttur og telur hann salilæfa.

Ad 5: Já."

### I.3.

Við flutning málsins var enn fremur lögð fram greinargerð dr. med. Þorkels Jóhannessonar prófessors varðandi lýsergíð og áhrif efnis þessa á skynjanir manna, en efnið er talið rangskynjunarefni. Í niðurstöðu greinargerðarinnar sagir svo:

„Að öllu samanlögðu er þannig viðbúið, að jafnvel lítil neysla lýsergíðs gæti haft grundvallaráhrif á skynjun, hugsun, hegðun og dómgreind manna. Þá er öruggt, að neysla lýsergíðs getur haft endurverkandi áhrif, sbr. að framan, á hlutaðeigandi, löngu eftir að efnið hafði síðast verið tekið. Því fer ekki milli mála, að taka lýsergíðs gæti sem hægst leitt til óhæfuverka á borð við skemmdarverk, líkamsmeiðsl, morð eða sjálfsmorð."

### I.4.

Enn hafa verið lagðar fram skýrslur Guðsteins Þengilssonar læknis um lyfjagjafir til ákærðu, meðan þau sættu gæsluvarðhaldi fyrir uppkvaðningu héraðsdóms.

### II.

Í dómi þessum verður vikið að ákæruefnum í sömu röð og í héraðsdómi og ákæruatriðum gerð skil, svo sem þeirra er getið í ákæruskjölum.

Við flutning málsins í héraði tóku dómendur fram, „að sakarefnið í ákæru frá 8. desember 1976 I.2. og í I. kafla ákæru frá 16. mars 1977, að því er ákærðu Erlu varðar, var reifað með hliðsjón af því, að það gæti varðað við 121. gr. og 221. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1944".

Svo sem að er vikið í héraðsdómi, var því lýst yfir af hálfu ákærvalds við flutning málsins í héraði, „að ákæran í I. kafla, 1. tl., ákæru sé ekki lengur byggð á því, að ákærði Kristján Viðar hafi ráðist að Guðmundi Einarssyni með hníf og stungið hann, heldur að allir áltærðu hafi hver fyrir sig átt jafnan þátt í árásinni á Guðmund og dauða hams. Um sé að ræða óaðskiljanlegan samverknað ákærðu á dauða Guðmundar“.

Samkvæmt 3. mgr. 118. :g:r. laga nr. 74/1974 var málið reifað og flutt fyrir Hæstarétti um ákæruatriði þau, er greinir í ákæru 8. desember 1976, I. kafla, og ákæru 16. mars 1977, I. kafla, á þann veg, að brot gætu til vara varðað við 218. gr. og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að því leyti sem ákært er fyrir brot gegn 211. gr. þeirra lager.

### III.

Ákæra 8. desember 1976.

#### III1.

I. kafli, 1. töluliður.

Ákæra á hendur Kristjáni Viðari Viðarssyni, Sævari Marinó Ciesielski og Tryggva Rúnari Leifssyni.

#### A.

Í héraðsdómi er þess getið, að rannsóknarlögreglumennirnir Gísli Guðmundsson og Torfi Jónsson hafi farið til Spánar 23. apríl 1977 til að hafa samband við Gunnar Jónsson. Kom hann hingað til lands í fylgd þeirra 29. s. m.

Lögreglumennirnir svöruðu á dómþingi í sakadómi Reykjavíkur 11. janúar 1980 nokkrum spurningum verjenda ákærðu Sævars og Tryggva. Kemur fram í skýrslum lögreglumannanna, að þeir hafi afhent Gunnari bréf dómsforseta sakadóms í máli þessu, en eigi rætt málið við Gunnar. Lögregluvörður var hafður um Gunnar, meðan framangreind rannsókn stóð yfir. Lögreglumennirnir kváðust eigi vita til þess, að Gunnar hefði rætt við ákærða Allbert Klahn Skaftason, áður en skýrslur voru teknar af Gunnari eð< meðan á skýrslutöku stóð. Samkvæmt skýrslum lögreglumannanna var hvorugur þeirra viðstaddur, er Gunnar vann eið að framburði sínum. Torfi Jónsson kvað Gunnar hafa fundið að þessu við sig og tjáð sér, að hann hefði sennilega ekki unnið eið að framburði sínum, ef hann hefði verið viðstaddur.

Torfi Jónsson kvað sér ekki kunnuga um, að Gunnar Jónsson hefði, eftir að hann gaf skýrslu í málinu, tjáð sig munnlega eða skriflega um framburð sinn.

Rannsóknarlögreglumennirnir eru samsaga um, að ekki hafi verið farið með Gunnar að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði, áður en fyrsta skýrsla var tekin af honum.

#### B.

Hinn 11. janúar 1980 var að kröfu ríkissaksóknara tekin skýrsla fyrir sakadómi Reykjavíkur af vitninu Helgu Gísladóttur, áður starfsstúlku að Kópavogshæli.

Skýrði vitni þetta svo frá, að haustið 1979 hefði það fengið bréf frá ákærða Sævari, þar sem hann hefði farið þess á lent, að það kæmi austur að Litla-Hrauni, þar sem ákærði var í gæsluvarðhaldi, „og ræddi málin við sig“. ekki sinnti vitnið þessu og kvaðst hafa rífið bréfið og hent því.

Í október eða nóvember 1979, eftir að því barst greint bréf, kvað það Andrea Þórðardóttur húsmóður, Langeyrarvegi 11 A í Hafnarfirði, sér með öllu ókunnuga, hafa hringt til sín. Hafi Andrea sagt, að ákærði Sævar ætti bág og „væri langt niðri“. Hafi Andrea borið sér þau skilaboð frá ákærða, að vitnið breytti framburði sínum á þann veg, að ákærði Sævar hefði að kvöldi 26. janúar 1974 komið í starfsmannahús Kópavogshælis og dvalist þar óslitið alla nóttina. Gat vitnið þess í framburði þessum, að ákærði Sævar hefði fyrrgreint kvöld farið frá Kópavogshæli um klukkan 2330 c komið þangað aftur um klukkan 0434 um nóttina.

Andrea Þórðardóttir kom einnig fyrir sakadóm. Kvaðst hún hafa flutt fræðsluerindi og staðið fyrir skemmtunum að vinnuhælinu að Litla-Hrauni. Sagði hún ákærða Sævar hafa komið að máli við sig og beðið sig um að koma boðum til Helgu Gísladóttur um, að hún skrifaði ákærða bréf og staðfesti, að hann hefði dvalist hjá henni alla aðfaranótt 27. janúar 1974. Kvaðst Andrea hafa hringt til Helgu og flutt henni þessi skilaboð, en Helga hefði ekki viljað sinna þessu og talið málinu lakið hvað sig varðaði. Minnti Andrea, að símtal þetta hefði farið fram vorið 1979, en örugglega ekki um haustið það ár.

#### C.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð fram skrifleg yfirlýsing Páls Konráðs Konráðssonar Þormar, dags. 10. janúar 1980, til ríkissaksóknara, þar sem Páll Konráð segist ekki geta staðið við framburð sinn í máli þessu.

Ekki hefur Páll Konráð koxnið fyrir dóm, eftir að hann gaf yfirlýsingu þessa.

#### D.

Í héraðsdómi eru rakin rækilega gögn málsins, er lúta að I. kafla, 1. tölulið, ákæru 8. desember 1976.

Guðmundur Einarsson fór frá heimili sínu að Hraunprýði, Blesugróf í Reykjavík, að kvöldi laugardagsins 26. janúar 1974. Með gögnum máls er lent í ljós, að hann fór þá með félögum sínum á dansleik í Alpýðuhúsinu í Hafnarfirði. Varð hann viðskila við félaga sína, er fóru til Reykjavíkur án þess að hafa upp á honum.

Með vættisburði þriggja vitna, sem greinir í Héraðsdómi, er sannað, að Guðmundur Einarsson var á götu í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974 ásamt manni, er tvö vitni telja hafa verið ákærða Kristján. Að sögn vitnanna reyndu þeir að stöðva bifreiðar, er óku þar um, sýnilega í því skyni að fá sér far með þeim.

Ákærði Kristján var kunnugur Guðmundi Einarssyni frá því er þeir voru saman í skóla. Lýsti hann því í skýrslu sinni snemma í rannsókn málsins, þegar hinn 3. janúar 1976 fyrir rannsóknarlögneglu, staðfestri í sakadómi Reykjavíkur hinn 11. janúar s. á., að þeir tveir á samt ákærða Tryggva hefðu reynt að verða sér úti um far með bifreiðum t>I Reykjavíkur þá um nóttina. Er það tókst ekki, hafi þeir

Þrír haldið að Hamarsbraut 11, en síðan hafi ákærði Sævar komið þangað svo og ákærði Albert og Gunnar Jónsson. Gögn máls um dvöl ákærða Sævars í atarfsmannahúsi Kópavogshælis þykja sannast þessari frásögn. Snemma í rannsókn málsins, fyrir miðjan janúar 1976, viðurkenndu ákærðu Kristján, Sævar og Tryggvi, að þeir hefðu verið staddir að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974 ásamt manni, er Kristján kvað hafa verið Guðmund Einarsson. Hinir tveir kváðu sig ekki hafa borið kennsl á manninn, en þeir töldu síðar í rannsókninni, að maður þessi hafði verið Guðmundur Einarsson. Samkvæmt skýrslum þeirra, sem raktar eru ítarlega í héraðsdómi, hefur þar komið til átaka milli þeirra og Guðmundar, sem lent hafi til dauða hans. Verður helat ráðið af framburðum þeirra, að tilefni átakanna hafi verið, að Guðmundur hafi færst undan að leggja fram fé til kaupa á áfengisflösku, sem áform voru uppi um að afl.a. Þeir lýstu í framburðum sínum flutningi á líki Guðmundar, svo sem greinir í héraðsdómi.

Ákærði Albert og Gunnar Jónsson hafa í skýrslum sínum lýst dvöl þeirra ákærðu Kristjáns, Sævars og Tryggva að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974 og átökum milli þeirra þriggja annars vegar og manns þess, er þeir telja hafa verið Guðmund Einarsson, hins vegar. Eru framburðirnir greindir í héraðsdómi svo og framburður ákærðu Erlu Bolladóttur um, að þeir ákærðu Kristján, Sævar og Tryggvi hafi verið þarna á vettvangi, og um það, sem hún varð áskynja um athafnir þeirra. Einnig er í héraðsdómi lýst ;samprófunum. Á það skal bent, að ákærða Erla hefur eigi tekið aftur framburði sína að því er varðar atferli ákærðu Kristjáns, Sævars og Tryggva á Hamarsbraut 11.

Á dómþingi í sakadómi Reykjavíkur 29. mars 1977 lýsti ákærði Sævar fyrri framburði sína ranga og kvað sig hafa verið beittan harðræði í því skyni að knýja fram játningar. Í þinghaldi 1. apríl 1977 kvaðst ákærði „sér vitandi“ en hafa verið að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974.

Á dómþingi í sakadómi Reykjavíkur 30. mars 1977 tók ákærði Tryggvi aftur fyrri framburði sína og kvaðst aldrei hafa komið að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði og vera saklaus af aðförinni að Guðmundi Einarssyni. Ákærði kvaðst „ekkert geta sagt um, hvar hann var ;staddur að kvöldi laugardagsins 2tí. janúar og aðfaranótt hins 27. janúar 1974“. Taldi hann ;fyrri framburði eiga rót að rekja til hótana af hálfu þeirra, er fóru með raunsókn málsins. Hefur hann síðan haldið fast við þann breytta framburð.

Ákærði Kristján hélt fast við framburði sína um átökin á Hamarsbraut 11 í samprófun við ákærða Sævar 1. apríl 1977 og í samprófun við ákærða Tryggva 31. mars 1977. Á dómþingi í sakadómi Reykjavíkur 27. september 1977 kvaðst ákærði Kristján hins vegar ekkert vita um hvarf Guðmundar Einarssonar og ekki hafa verið í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974, hvorki ásamt meðákærðu Sævari og Tryggva né Gunnari Jónssyni. Hefur hann síðar á réttað þennan framburð sinn á dómþingi.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir nokkrum ;sýnilegum sönnunargögnum, lean ákæruvald hefur lagt fram í málinu og vísað til.

Svo sem greint er hér að framan, hafa ákærðu Sævar o:g Tryggvi staðhæft, að rannsóknarmenn og fangaverðir hafi beitt þá harðræði í því skyni að knýja þá til játninga. Ákærði Kristján ber hins vegar ;fyrir ;sig, að rannsóknarmennirnir hafi haft óeðlileg áhrif á þá ákærðu í því skyni að samræma framburði þeirra.

Þegar hin rækilega rannsókn bæði fyrir og eftir uppsögu héraðsdóms varðandi meint arðræði og ólögmetu rannsóknarhætti er virt, verður .ekki séð, að játningar ákærðu hafi verið fengnar með ólögmetum aðferðum af hálfu þeirra, er fóru með rannsókn málsins. Kinnhestur sá, sem sannað er,

að fangavörður hafi lostið ákærða Sævar, var greiddur honum 5. maí 1976 við samprófun, allöngu eftir að þessi ákærði játaði atferli sitt að Hamarsbraut 11.

Játningar hinna ákærðu komu fram í skýrslum þeirra í janúar 1976 og voru endurteknar síðar bæði fyrir rannsóknarlögreglu og á dómþingum að viðstöddum verjendum þeirra Kristjáns og Tryggva.

Breyttu þeir ákærðu Sævar og Tryggvi eigi þessum játningum fyrr en í lak mars 1977, eins og að framan greinir. Ákærði Kristján hélt fast við játningu sína, þegar hann var samprófaður við ákærða Sævar og ákærða Tryggva 29. og 30. mars 1977, og hvarf eigi frá fenni fyrr en 7. september s. á. Með vísun til þess, sem að framan er ritað, ber að leggja játningar þeirra ákærðu Kristján;s, Sævars og Tryggva til grundvallar dómi í málinu, enda þykir ekki mark takandi á afturköllunum þeirra. Fá játningar þeirra stað í framburðum ákærða Alberts, vitnisins Gunnars Jóns sonar og ákærðu Erlu svo og öðrum gögnum, sem dregið er á hér að framan og í héraðsdómi greinir. Samkvæmt þessu þykir ;sannað, að ákærðu Kristján, Sævar og Tryggvi hafi í félagi átt í átökum við Guðmund Einarsson að Hamarsbraut 11 og misþyrmt honum svo, að til bana hafi dregið. Af gögnum máls verðu r ekkert fullyrt um, að hverju marki þáttur hvers einstaks hinna ákærðu Kristjáns, Sævars og Tryggva réð hér sköpum, en allir áttu þeir sameiginlega þátt í aðförinni að Guðmundi og voru samvaldir að því að veita honum slíka áverka, að bani hlaust af. Byggja verður því, að Guðmundur Einarsson hafi látist að Hamarsbraut 11.

Af rannsókn málsins verður ekki ráðið, að það hafi verið ætlun ákærðu Kristjáns og Tryggva að bana Guðmundi, er þeir þrír héldu að Hamarsbraut 11. Varhugavert þykir að fullyrða, sbr. 108. ;gr. laga nr. 74/1974, að slíkur ásetningur hafi myndast hjá þessum ákærðu og ákærða Sævari, eftir að til átakanna kom eða meðan á þeim stóð. Verður brot ákærðu því eigi fært til 211. gr. almennra hegningarlaga. Árásin á Guðmund Einarsson var hrottafen:gin. Hún var þeim viljaverk, og mátti þeim vera ljóst, að af þessari slórfelldu líkamsárás gæti hlotist líftjón þess, er fyrir henni varð. Varða brot þeirra því við 218. gr. og 2.15. gr. almennra hegningarlaga, en heimilt er að beita þeim refsíákvæðum hér, þótt eigi séu þau greind í ákæru, sbr. 3. málsg. 118. gr. laga nr. 74/1974, enda var mál reifað á þeim grundvelli fyrir Hæstarétti, svo sem áður greinir.

### III.2.

#### I. kafli, 2. töluliður, ákæru 8. desember 197.

##### Ákæra á hendur Albert Klahn Skaftasyni.

Svo sem í héraðsdómi greinir og í ákæru getur, fluttu ákærðu lík Guðmundar Einarssonar írá Hamarsbraut 11 með aðstoð ákærða Alberts Klahn Skaftasonar. Verður ákærðu Sævari, Kristjáni og Tryggva ekki gerð refsing vegna líkflutnings þessa.

Ekki hefur tekist að leiða í ljós, hvert lík Guðmundar var flutt eða hvar líkamsleifar hans eru.

Ákærði Albert Klahn Skaftason hefur viðurkennt, að hann hafi í bifreið flutt lík Guðmundar Einarssonar frá Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði út í Hafnarfjarðarhraun og síðar síðla sumars 1974 flutt það aftur þaðan í bifreið, en hvert, er ekki upplýst. Framburðir ákærðu Sævars, Kristjáns og Tryggva eru mjög á reiki um flutning þennan, en leggja verður til grundvallar þessu ákæruatriði, að ákærði Albert Klahn hafi tvívegis, svo sem hann heldur fram, átt þátt í flutningi á líki Guðmundar.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um sýknu ákærða af ákæru um brot á 211. gr., sbr. 4. mgr., sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

Fallast ber á úrlausn héraðsdóms að því er tekur til 2. mgr. 221. gr. almennra hegningarlaga. Með atferli sínu hefur ákærði raskað ummerkjum brotsins, og varðar það hann refsingu samkvæmt 2. mgr. 112. gr. almennra hegningarlaga.

Krafa ákærvalds um, að atferli ákærða Alberts varði við 124. gr. almennra hegningarlaga er varakrafa, svo sem héraðsdómarar hafa og skilið hana. Tekið skal fram, að hún rúmast ekki innan verknaðarlýsingar í ákæruskjali og kemur þegar af þeirri ástæðu eigi til álita.

### III.3.

II. kafli ákæru 8. desember 1976.

Ákærun á hendur Tryggva Rúnari Leifssyni.

1. Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið lögð fram rannsóknarlögregluskýrsla 11. janúar 1980 um athuganir á húsum Vinnuhælisins að Litla-Hrauni „með tilliti til mannskaðahættu vegna bruna, er þar varð 12.03.1972“. Var m. a. rætt við Eirík Guðmundsson, slökkviliðsstjóra slökkviliðs Eyrarbakkahepps, sem hefur um langt skeið haft á hendi viðgerðir á byggingum að Litla-Hrauni og tól einnig þátt í slökkvistarfinu. Þá var rætt við fangaverði.

Fram hefur komið, að þegar eldurinn braust út, var einn refsifangi lokaður inni í klefa sínum, og einn maður var þan í geymslu vegna ölvunar. Aðrir fangar áttu greiða leið fram á ganga fangelsisins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms her að staðfesta úrlausn hans að því er þennan ákærulið varðar, og er brot ákærða Tryggva réttilega fært til lagaákvæða, enda gat honum ekki dulist, að mönnum mundi vera lífsháski búinn af eldsvoðanum og að hann mundi hafa í för með sér augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum.

2. Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóma ber að staðfesta úrlausn hans um þennan ákærulið. Er brot Tryggva Rúnars réttilega fært til lagaákvæða.

Þá þykir mega staðfesta úrlausn héraðsdóms um skaðabótakröfu K, sem er í hóf stillt, og um vexti af því fé svo og um frávísun á kröfu um innheimtukostnað.

3., 4. og 6. Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um þessa ákæruliði, og eru brot þessi réttilega færð til lagaákvæða. Ríkissaksóknari hefur fallið frá ákæru samkvæmt 5. lið

þessa ákæruþáttar, svo sem greinir í héraðstómi.

### III.4. III,

kafli ákæru 8. desember 1976.

Ákærun á hendur Sævari Marinó Ciesielski.



1.4. Staðfesta ber úrlausnir hins áfrýjaða dóms um þessa ákæruliði, og eru brot ákærða Sævars Marinós réttilega færð til lagaákvæða. Að því er varðar heimfærslu brota í 2. tölulið verður ákvæðum 5. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 52./ 1978 eigi beitt hér, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

Enn fremur ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um skaðabætur til Elínar Þórhallsdóttur og Farfugladeildar Reykjavíkur.

### III.5.

IV. kafli ákæru 8. desember 1976.

Ákærun á hendur Sævari Marinó Ciesielski og

Erlu Bolladóttur.

1.3. Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms her að staðfesta úrlausn horns um þessa ákæruliði, og eru brot ákærðu réttilega færð til lagaákvæða. Þá ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um skaðabætur til Pósts og síma og Silla og Valda.

4. Staðfesta her úrlausn héraðsdóms um þennan ákærulið að því er varðar ákærða Sævar Marinó, og er brot hans réttilega fært til lagaákvæða.

I málflutningi hér fyrir dómi lýsti ríkissaksóknari því yfir, að Mann teldi brot ákærðu Erlu, þau er í þessum ákærulið greinir, réttilega færð til refsiaákvæða í ákæru. Að svo vönu máli þykir mega láta sitja við ákvæði héraðsdóms um heimfærslu brota ákærðu Erlu 18. október 1974 til ákvæða 157. gr. almennra hegningarlaga. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta úrlausn hins áfrýjaða dóms um þennan ákærulið að því er ákærðu Erlu varðar svo og um færslu brota til lagaákvæða.

Þá ber að staðfesta úrlausn ;hins áfrýjaða dóms um skaðabótakröfu Pósts og síana, þar á meðal um frávísun krafna um vexti og innheimtukostnað.

### III.6.

V. kafli ákæru 8. desember 1976.

Ákærun á hendur Kristjáni Viðari Viðarssyni og

Sævari Marinó Ciesielski.

1.4. Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um þessa ákæruliði, og eru brot réttilega færð til lagaákvæða í dómnum.

### III.7.

VI. kafli ákæru 8. desember 1976.

Ákærun á hendur Sævari Marinó Ciesielski og Guðjóni Skarphéðinssyni.

Málinu hefur ekki verið áfrýjað að því er tekur til Ásgeirs Ebenezers Þórðarsonar.

Að því er varðar ákærðu Sævar Marinó og Guðjón þá her að fallast á úrlausn héraðsdóms um þennan ákærulið, og eru brot réttilega til lagaákvæða færð.

Þá ber um ákærða Sævar að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um upptöku á 2.5 kg af hassi samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

### III.8.

VII, kafli ákæru 8. desember 1976.

Ákærun á hendur Kristjáni Viðari Viðarssyni.

1. - 4. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta úrlausn hans á þessum ákæraliðum. Brot ákærða Kristjáns Viðars eru réttilega til lagaákvæða færð. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um frávísun á skaðabótakröfu Þorgils Axelssonar.

### III.9.

VIII. kafli á kæru 8. desember 1976.

Ákærun á hendur Albert Klahn Skaftasyni.

1. Fallast ber á úrlausn héraðsdóms um þessa ákæruliði, og eru brot ákærða Alberts réttilega til lagaákvæða íærð.

2. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að fallast á úrlausn hans að því er þessa ákæruliði varðar, og eru brot ákærða réttilega færð til lagaákvæða.

### IV.

Ákæra 16. mars 1977.

#### A.

Ríkissaksóknari hefur lagt fyrir Hæstarétt mælingar á leiðum, sem ætla má, að ákærðu, Kristján, Sævar, Guðjón og Erla hafi ekið að kvöldi 19. nóvember 1974 frá Reykjavík að Dráttarbrautinni í Keflavík. Notast var við vegmæli bifreiðar, en vegalengdum síðan breytt í samræmi við skekkjustuðul, sent reistur er á samanburði við vegalengdir á Reflavíkurvegi, mældar af Vegagerð ríkisins, og þær vegalengdir, er vegmælir þeirrar bifreiðar sýndi, sem notuð var við kannanirnar.

Leiðin frá Kjarvalsstöðum að Grýtubakka 10, Reykjavík, reyndist samkvæmt þessu vera 6,671 km. Þaðan að Hjallavegi 31 eru 5,274 km, en frá þeim stað að Ásvallagötu 46, 5,641 km og þaðan að Lambhóli við Starhaga 1,870 km, en frá þeim stað að Ásvallagötu 46 1,789 km. Þaðan lá leiðin að Vatnsstíg 3, og reyndist hún 3,219 km. Akstursleið sú, sem valin var frá þeim stað að Aðalstöðinni í Keflavík, var samkvæmt þessari könnun 46,705 km.

Síðan var kannaður ökuhraði eftir þeirri tímalengd, sem akstur hvers áfanga tók samkvæmt skýrslum rannsóknarlögreglu. Miðað við skýrslur þessar reyndist ökuhraði frá Vatnsstíg 3 að Aðalstöðinni í Keflavík vera að meðaltali 84,280 km/klst, .en á einstökum áfangaleiðum innan Reykjavíkur frá 32,241 til 45,431 km/klst.

B. Hinn 11. janúar 1980 kom ákærða Erla fyrir sakadóm Reykjavíkur. Lýsti hún því yfir, að fyrri framburðir sínir um ,för til Keflavíkur 19. nóvember 1974 væru rangir og hún hefði ekki til Keflavíkur farið. Þá væru framburðir hennar um flutning á líki Geirfinns Einarssonar einnig rangir. Kvað ákærða Erla gæsluvarðhaldið hafa haft þvingandi áhrif á sig og valdið því, að hún hafi skýrt svo frá sem hún

gerði. Þá hafi rannsóknarmenn átt hlut að því að samræma framburðina með því að gefa henni punkta um framburði annarra ákærðu.

I. kafli ákæru 16. mars 1977.

Ákæra á hendur Kristjáni Viðari Viðarssyni,  
Sævari Marinó Ciesielski, Guðjóni Skarphéðinssyni og  
Erlu Bolladóttur. A.

Geirfinnur Einarsson, Brekkubraut 15, Keflavík, fór frá heimili sínu laust eftir kl. 2215 þriðjudagskvöldið 19. nóvember 1974. Bifreið hans sást mannlaus rétt eftir kl. 2234 á stað í grennd við Hafnarbúðina í Keflavík. Geirfinnur kom eigi heim um nóttina, og hafði eiginkona hans samband við nafngreinda vinkonu sína í Keflavík um morguninn. Skýrðu þær vinnuveitanda hams frá hvarfi hans síðari hluta miðvikudags 20. nóvember s. á., en hann hafði samband við lögregluna í Keflavík næsta morgun. Hófst rannsókn málsins þá þegar.

Rannsókn þessa máls hefur tekið langan tíma, og þykir rétt að gefa stutt yfirlit yfir hana.

A.1. Fyrsti þáttur rannsóknarinnar var í höndum rannsóknarlögreglunnar í Keflavík. Eigi tókst að leiða í ljós, hver afdrif Geirfinns hefðu orðið.

A.2. Við rannsókn á fjársvikamáli hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, sem beindist að ákærðu Erlu og Sævari, ham upp grunur um, að ákærðu Kristján, Sævar og Tryggvi væru viðriðnir hvarf Guðmundar Einarssonar, og sættu þeir gæsluvarðhaldi vegna rannsóknarinnar. Ákærða Erla skýrði rannsóknarlögreglunni hinn 21. janúar 1976 frá ýmsum atvikum, er vörðuðu afdrif Geirfinns Einarssonar, og hið sama gerði á kærði Sævar hinn 22. janúar s. á. og ákærða Erla aftur hinn 23. s. m. Bendlaði hún Kristján við málið. Viðurkenndi hann í fyrstu skýrslu sinni að hafa verið í Keflavík ásamt ákærðu Erlu og Sævari um það leyti, er Geirfinnur hvarf. Gáfu þau þrjú ýmsar skýrslur í málinu næstu tvær vikur og mánuði og báru sakir m, a. á fjóra nafngreinda menn, er þau töldu vera valda að láti Geirfinns eða viðriðna þetta mál. Voru þrír þeirra úrskurðaðir í gæsluvarðhald 26. janúar 1976, en einn 11. febrúar s. á. Sættu þeir gæsluvarðhaldi til 9. mars s. á. Viðurkenndu ákærðu Erla, Sævar og Kristján síðar, að hér hefði verið um rangar sakargiftir að ræða og hefðu það verið samantekin ráð þeirra að bendla þessa menn við málið, ef til rannsóknar kæmi og þau yfirheyrð.

A.3. Sumarið 1976 var rannsókn málsins haldið áfram, m. a. með aðstoð þýsks rannsóknarlögreglumanns. Gáfu þau ákærðu Erla, Kristján og Sævar hvarflandi skýrslur um afdrif Geirfinna, og var það ýmist í frásögn þeirra, að hann hefði látist á báti úti á sjó, verið skotin eða beðið bana í átök um á tilteknum stað í Keflavík. Benti lýsing þeirra til þess, að vettvangur átakanna hefði verið athafnasvæði Dráttarbrautarinnar þar í kaupstaðnum.

A.4. Hinn 28. október 1976 skýrði ákærði Sævar frá því í fyrsta sinni, að ákærði Guðjón Skarphéðinsson væri viðriðinn mál þetta. Jafnframt skýrði hann rækilega frá ýmsu, er m. a. varðaði ferð til Keflavíkur að kvöldi 19. nóvember 1974 og átökum sínum og þeirra ákærðu Guðjóns og Kristján við Geirfinn Einarsson í Dráttarbraut Keflavíkur, er leiddu til dauða Geirfinns, svo og flutningi á líki hans. Gaf hams síðan nánari skýrslur um þetta fyrir rannsóknarlögreglu og á dómþingum haustið 1976, veturinn 1976-1977 og vorið 1977, síðast í dómi 20. og 21. júní 1977.

A:5. Ákærði Kristján skýrði haustið 1976 m. a. frá ferð til Keflavíkur haustið 1974 og átökum þeirra þriggja ákærðu við Geirfinn Einarsson í Dráttarbraut Keflavíkur, er leiddu til dauða hans, og frá flutningi á líki hans. Endurtók hann játningar sínar margsinnis, síðast á dómþingi 12. og 13. maí 1977.

A:6. Ákærði Guðjón var handtekinn 12. nóvember 1976. Viðurkenndi hann smám saman hlut sinn að ferð til Keflavíkur haustið 1974 og þátttöku í átökum ásamt ákærðu Kristjáni og Sævari við Geirfinn Einarsson, er leiddu til bana hans. Hafa skýrslur hans að vísu verið nokkuð á reiki, en hann hefur eigi tekið aftur framburði sína. Síðast kom ákærði fyrir dóm 29. og 30. júní 1977.

A.7. Ákærða Erla bar í fyrstu sakir m. a. á fjóra nafngreinda menn um, að þeir væru valdir að.hvarfi Geirfinns Einarssonar, eins og áður greinir. Hinn 1. september 1976 greindi hún frá þætti ákærðu Sævars og Kristjáns í átökum við Geirfinn og bendlaði raunar fleiri menn við þau. Hinn 15. og 30. nóvember s. á. kvað hún ákærða Guðjón vera riðinn við málið, og 12. og 13. desember skýrði hún nánar frá átökum Kristjáns, Sævars og Guðjóns við Geirfinn að svo miklu leyti sem hún taldi sig hafa getað skynjað þau. Síðast staðfesti hún þessa framburði á dómþingum 4. og 5. júlí svo og 6. og 12. júlí 1977.

A.8. Hinn 9. desember 1976 skýrði ákærði Sævar frá nafni manns þess, er hefði ekið sendibifreið til Keflavíkur að kvöldi 19. nóvember 1974 í tengslum við ferð þeirra Erlu, Guðjóns, Kristjáns og hans. Ökumaður þessi, Sigurður Óttar Hreinsson, viðurkenndi þegar í desember 1976 þennan akstur og skýrði frá ýmsu, er varðaði ferð bifreiðar þeirrar, er ákærði Guðjón ók, og því, er hann taki sig verða áskynja um við Dráttarbrautina í Keflavík umrætt kvöld. Áréttaði hann þann framburð fyrir rannsóknarlögreglunni í janúar 1977 og fyrir dómi í maí s. á.

A.9. Tveir bifreiðarstjórar gáfu sig fram við rannsóknarlögreglu í mars og apríl 1976 og skýrðu frá því, að þeir hefðu ekið stúlku, annar frá Keflavík að Grindavíkurvegi og hinn þaðan til Hafnarfjarðar, að morgni 20. nóvember 1974. Við sakbendingu taldi annar þeirra sig þekkja ákærðu Erlu sem stúlku þá, er hér væri um að ræða.

A.10. Rannsóknarlögreglan aflaði smám saman ýmissa rannsóknargagna, sem vikið er að í héraðsdómi, og hinn 23. janúar 1977 setti hún á svið atburðina í Dráttarbrautinni í Keflavík.

A.11. A dómþingi á sakadómi Reykjavíkur hinn 6. júlí 1977 tók ákærði Kristján aftur fyrri játningar sínar, og á dómþingi í sama dómi 13. september s. á. hvarf ákærði Sævar frá játningum sínum. Eftir að flutningur máls hófst í héraði, kom vitnið Sigurður attar að eign ósk fyrir dóm 12. október 1977 og lýsti meginframburð sinn að mestu rangan. Rétt áður en flutningur máls þessa hófst í Hæstarétti, tók ákærða Erla aftur fyrri framburði sína á dómþingi 11. janúar 1980.

## B.

Framburðár ákærðu og vitna og önnur rannsóknargögn eru greind rækilega og réttlega í héraðsdómi. Allt um það þykir rétt til glöggvunar að reifa í samanþjöppuðu formi hlutu skýrslur ákærðu og vitna og gögn eftir því sent ástæða þykir til. Jafnframt er vísað til héraðsdóms, þar ;sem fullri reifunarfúr nýtur við.

Sunnudagkvöldið 17. nóvember 1974 fór Geirfinnur Einarsson, Brekkubraut 15, Keflavík, frá heimili sínu til Reykjavíkur og þar á veitingahúsið Klúbbinn ásamt tveimur félögum sínum. Voru þeir á veitingahúsinu frá því um kl. 2200 þar til um kl. 0100 um nóttina. Neytti Geirfinnur nokkurs áfengis. Annar félagi hans minntist þess, að Geirfinnur ræddi við mann í stiga milli 2. og 3. hæðar hússins. Ekki þekkti hann mann þennan, og ekki heyrði hann, hvað þeir ræddu.

Ákærðu Sævar og Kristján :hafa báðir skýrt svo frá, að þeir hafi verið í veitingahúsinu Klúbbnum sunnudagskvöldið 17. nóvember 1974 og hitt Geirfinn þar á stigaskorinni á 2. hæð. Hafi þeir rætt við hann um áfengisviðskipti. Ákærði Sævar kveðst hafa ritað hjá sér nafn og heimilisfang Geirfinns.

Geirfinnur var samferða félögum sínum til Keflavíkur, og minntust þeir þess ekki, að hann hefði rætt um viðtöl þessi á leiðinni. Geirfinnur fór til vinnu sinnar mánudaginn 18. nóvember og þriðjudaginn 19. nóvember. Hann kom úr vinnu sinni þriðjudaginn 19. nóvember upp úr .kl, 1800. Að frásögn eiginkonu hans hringdi síminn á heimili hans um eða upp úr kl. 1900, og atti Geirfinnur stutt símtal við einhvern. Ekki er vitað um efni þess símtals. Rétt fyrir kl. 2100 kom annar fyrrgreindra :félagi Geirfinns í heimsókn til hans og vildi fá hann með sér í kvikmyndahús. Að sögn þessa félagi hans taldi Geirfinnur sig eigi hafa tök á því, þar sem hann þyrfti að hitta einhverja menn við Hafnarbúðina kl. 2200. Hafði vitnið eftir Geirfinni, að ekki vissi hann, hvaða menn þetta væru eða hvaðan þeir kæmu, en hann ætti að koma einn og gangandi til fundar við .þá. Kvaðst það síðan hafa ekið Geirfinni nokkuð á leið, en skilið við hann í n.álægð Hafnarbúðarinnar. Fram er komið, að Geirfinnur kom inn í Hafnarbúðina, keypti þar vindlinga, leit í kringum sig og fór síðan. Var hann .kominn heim aftur um kl. 2215. Hringt var í síma á heimili Geirfinns skömmu síðar, og svaraði 10 ára gamall sonur hans í ;símenn. Kvað hann dimmraddaðan karlmann hafa spurt eftir Geirfinni, og kvaðst drengurinn hafa kvatt hann í símann. Eiginkona Geirfinns kvað símtal þetta hafa verið stutt og hafi Geirfinnur sagt „ég kom" og síðar „ég kem". Eftir þetta tók Geirfinnur bifreið þeirra hjóna og ók brott. Tvö vitni hafa staðfest, að þau hafi séð bifreið Geirfinns standa mannlaua við hús Kaupfélags Suðurnesja rétt eftir hl. 2234 umrætt kvöld. Fannst bifreiðin á þessum sama stað næsta dag.

## C.

C.1. Hinn 27. og 28. október 1976 skýrði ákærði Sævar rannsóknarlögreglunni frá því, sem hann telji sig vita um afdrif Geirfinns Einarssonar. Greindi hann þá frá .því í fyrsta sinni, að ákærði Guðjón Skarphéðinsson væri viðriðinn mál þetta. Eru þessir framburðir raktir rækilega í héraðsdómi. Lýsti ákærði Sævar aðdraganda ferðar þeirra ákærðu Erlu, Kristjáns og Guðjóns til Keflavíkur, viðtölum í bifreiðinni, símtali við Geirfinn frá Hafnarbúðinni í Keflavík og komu hans og viðdvöl í bifreið þeirra. Síðar lýsti hann allnákvæmlega atvikum að átökunum við Geirfinn og hlut hvers þeirra ákærðu um sig í þeim, andláti Geirfinns og flutningi á líki hans, fyrst til Reykjavíkur og síðar á stað, sem eigi hefur tekist að finna.

Ákærði Sævar skýrði á ýmsa vegu frá atburðum í Dráttarbrautinni í Keflavík í framburðum síðar um haustið 1976 og snemma árs 1977, svo sem rakið er í héraðsdómi. Í þessum framburðum greindi ákærði Sævar frá .því, að þeir ákærði Kristján hefðu hitt Geirfinn Einarsson í Klúbbnum sunnudagskvöldið 17. nóvember 1974 og rætt við hann um áfengisviðskipti. Hafi hann fengið nafn Geirfinns og látið síðan ákærða Guðjóni í té upplýsingar um þetta.

Þá skýrði ákærði Sævar frá ýmsu, er varðar flutning á líki Geirfinns, og gætir þar mikils misræmis.

Í framburði 12. janúar 1977 kvað ákærði Sævar altar frásagnir um, að Geirfinnur hefði látist um borð í báti, vera rangar. Í framburði 1. febrúar 1977 lýsti hann rækilega ferðinni til Keflavíkur, viðræðum í bílnum á suðurleið um að „pressa“ Geirfinn svo og átökum í Dráttarbrautinni, er lykti með andláti Geirfinns. Skýrði hann í framburði þessum frá hlut sínum og annarra í þessari viðureign.

Á dómþingum 20. og 21. júní 1977 greindi ákærði Sævar síðan sjálfstætt og heildstætt frá sakarefni, allt frá því er fundi hans o.g Geirfinns bar saman 17. nóvember 1974 og viðræðum þá um áfengisviðskipti og tilboði sínu um að greiða Geirfinni 50-70.000 krónur fyrir upplýsingar um geymslustað áfengis. Þá skýrði hann frá viðræðum við ákærða Guðjón 18. nóvember s. á. um ferð til Keflavíkur næsta dag, samtali við ákærða Kristján, er hét að útvega sendibifreið til ferðar til Keflavíkur, símtali um stefnumót við Geirfinn, leigu á bifreið til Keflavíkurferðar, ferðinni til Keflavíkur og umræðu á þeirri leið um að „pressa“ Geirfinn eða jafnvel sýna honum „fulla hörku“. Enn greindi hann frá símtali við Geirfinn frá Hafnarbúðinni, komu Geirfinns í bifreið þeirra ákærðu, viðtölum við hann þar og afhendingu hans á 70.000 krónum til Geirfinns svo og átökum í Dráttarbrautinni í Keflavík. Loks skýrði hann frá líkflutningi. Verjandi hans var viðstaddur þessi þinghöll.

C.2. Ákærði Kristján skýrði í skýrslum sínum haustið 1976 írá ferð þeirra ákærðu Erlu, Sævars og manns, er hann taldi vera ákærða Guðjón, til Keflavíkur, símtali sínu við Geirfinn Einarsson, átökum í eða við Dráttarbrautina í Keflavík, andláti Geirfinns og flutningi á líki hans. Skýrslur þessar eru að vísu reikular, og ákærði gerði eigi glögga grein fyrir hlut sínum í þessum átökum. Taldi hann í skýrslum þessum nafngreindan fjórða mann hafa verið með þeim.

Enn fremur bar ákærði, að hann hefði hitt mann í Klúbbnum haustið 1974, e. t. v. sunnudagskvöldið 17. nóvember, og hefði átt við hann viðræður að áeggjan ákærða Sævara, er þar var með honum. Snerust þær um viðskipti með áfengi. Kvað ákærði sér finnast, að maður þessi hefði verið Geirfinnur Einarsson, og lýsti hann klæðaburði hans.

Ákærði Kristján gaf heildarskýrslu fyrir rannsóknarlögreglu 14. janúar 1977 og skýrði á lama 11áa ;frá á dómþingi 18. janúar ;s. á.

Hann lýsti í framburði fyrir rannsóknarlögreglu 1. febrúar 1977 allnákvæmlega átökunum við Geirfinn og hlut hvers þeirra ákærðu Sævars, Guðjóns og sín í aðförinni að honum. Er framburður þessi rakinn í héraðsdómi. Þessa framburði staðfesti hann enn á dómþingi 12. og 13. maí 1977 að verjanda sínum viðstöddum, og viðurkenndi hann þá það atferli, sem honum er gefið að sök í I. kafla ákæru 16. mars 1977. Eru framburðir 12. og 13. maí raktir í héraðsdómi, en ákærði lýsti þar m. a. allnákvæmt átökunum við Geirfinn og andláti hams og svo flutningi á líki hans og því, að hann hefði tekið peningaveski og blýant af líkinu.

C.3. Ákærði Guðjón hafði verið yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu hinn 14. maí 1976 og þá um kynni sín af ákærða Sævari og samband þeirra almennt.

Hinn 12. nóvember s. á. handtók lögreglan hann. Við húsleit hjá honum fundust minnisgreinar, er hann hafði ritað, um ýmislegt, er birst hafði í hlöðum um rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar og gang hennar. Að lokinni yfirheyrslu fyrir rannsóknarlögreglu og dómara var ákærði Guðjón úrskurðaður á gæsluvarðhald daginn eftir.

Í yfirheyrslu yfir ákærða Guðjóni hinn 29. nóvember 1976 viðurkenndi hann að hafa ekið með ákærða Sævari og e. t. v. ákærðu Erlu og Kristjáni til Keflavíkur í bifreið af Volkswagen gerð. Hafi verið komið að Hafnarbúðinni og farþegi farið þar úr bifreiðinni til að hringja, en síðan hafi verið ekið að húsi nokkru, þar sem allir hafi farið úr bifreiðinni nema hann. Hafi þarna orðið „eitthvert vesen“. Kvað hann ákærða Sævar hafa sagt við sig á leiðinni til Reykjavíkur, að nú væri hann orðinn „samsekur um morð“. Hafi sér orðið mikið um þau ummæli.

Í yfirheyrslu 30. nóvember 1976 skýrði ákærði Guðjón frá því, að ákærði Sævar hefði haft samband við sig síðari hluta dags mánudaginn 18. nóvember 1974. Sævar hafi þá vakið máls á að fara til Keflavíkur til að hitta þar mann og hringt að sér áheyrandi til að fá upplýsingar um símanúmer þessa manns. Næsta kvöld hafi ákærði Sævar svo sótt sig í tiltekið hús. Kvaðst hann þar hafa tekið við stjórn Volkswagen bifreiðar, er Sævar hefði tekið á leigu, og voru þau Sævar og Erla þá í bifreiðinni. Var ekið að Vatnsstíg. Þar kvað hann mann hafa komið í bifreiðina, er kunni að vera ákærði Kristján. Var síðan haldið til Keflavíkur. Einnig hafi sendibifreið farið suður eftir. Verið geti, að hann hafi verið nærstaddur átök í Dráttarbrautinni, en hann minnst þess ekki að hafa tekið þátt í þeim.

Hinn 2. desember 1976 skýrði ákærði Guðjón frá því í dómi, að sig minnti, að hann hefði ekið þeim þremur, er áður greinir, til Keflavíkur. Fyrir ofan Hafnarfjörð minntist hann þess, að einhver spurði, hvort menn ;sæju sendibifreið. Er til Keflavíkur kom, hafi verið staðnæmst við bragga, er kallast „Pípugerð Áhaldahús“. Enn var haldið á annan stað og hafi allir farið út nema hann. Hafi hann á tilfinningunni, að eitthvað hræðilegt hafi gerst. Á leiðinni til Reykjavíkur hafi ákærði Sævar sagt; „Þú ert orðinn samsekur um morð“.

Hinn 18. desember 1976 skýrði ákærði Guðjón frá vitneskju sinni um málið í alllöngum framburði, sem tekinn er upp í héraðsdóm. Greindi hann frá tilmælum ákærða ævars hinn 18. nóvember 1974 til sín um að fara til Keflavíkur næsta dag. Enn fremur frá því, er þau ákærðu Sævar og Erla hafi sótt hann í tiltekið hús í Reykjavík að kvöldi 19. nóvember og hann hafi tekið við akstri bifreiðar, er Sævar hafði til umráða. Fjórði maðurinn, sem hann þekkti ekki, hafi komið í bifreiðina, áður en lagt var upp frá Reykjavík. Sendibifreið hafi átt að vera í samfloti með þeim. Hann greindi frá umræðu í bifreiðinni þess efnis, að sýna ætti mannum í Keflavík, sem hitta átti, „fulla hörku“, ef hann vildi ekki ganga til samninga. Þegar til Keflavíkur kom, hafi bifreiðin verið stöðvuð við hús, sem á var skráð „Pípugerð Áhaldahús“, en síðan haldið að Hafnarbúðinni. Maðurinn, sem ætlunin var að hitta, hafi eigi sést þar á vettvangi. Hafi einn farþeganna, sem ákærði Guðjón taldi vera ákærða Kristján, þá farið inn í Hafnarbúðina og hringt til mannsins. Maður þessi, sem ákærða Guðjóni varð síðar ljóst, að væri Geirfinnur Einarsson, hafi svo komið til þeirra og sest inn í bifreiðina. Ekið var að Dráttarbraut Keflavíkur. Kvað hann þá ákærða Sævar og Geirfinn hafa ræðst við um áfengisviðskipti, og selur hann, að þeir hafi hvor um sig verið „að fiska eftir upplýsingum hjá hinum“. Ákærði Sævar hafi boðið Geirfinni peninga fyrir að útvega áfengi eða veita upplýsingar um geymslustað þess. Eigi gekk saman með þeim tveimur. Hafi nú verið numið staðar og þeir karlmennirnir farið út úr bifreiðinni. Geirfinnur hafi ætlað að hverfa á brott frá þeim, en ákærði Guðjón kvaðst þá hafa tekið í hann til að stöðva hann. Hafi nú komið til átaka og rámi sig í að hafa tekið Geirfinn hálstaki, en eigi minntist hann þess að hafa slegið hann með barefli eða hnefum. Eigi treysti hann sér til að greina, hver hlutur hinna hefði verið í átökunum né heldur, hvað leiddi Geirfinn til dauða. Lýsti hann sáðan flutningi líksins í bifreiðinni til Reykjavíkur.

Í skýrslu ákærða Guðjóns 1. desember 1976 viðurkennir hann að vera samsekur þeim ákærðu Sævari og Kristjáni um dauða Geirfinns Einarssonar. Megi vel vera, að hann hafi vent Geirfinni höfuðhögg með spýtu eða öðru barefli, en um það geti hann ekki sagt.

Hinn 25. janúar 1977 gaf ákærði Guðjón heildarskýrslu hjá rannsóknarlögreglu og staðfesti hana hjá dómara 31. s, m. Þá kom ákærði fyrir dóm 29. og 30. júní s. á. og staðfesti lögregluskýrsluna að nýju. Var ákærða kynnt ;sakarefnið, en hann kvaðst ekki vilja „viðurkenna það að svo stöddu". Hann greindi frá því m. a., að tímasetningar væru eigi öruggar á skýrslum sínum og þær gloppóttar. Kvaðst hann í upphafi ekki muna eftir að hafa lent í tuski við Geirfinn eða tekið hann hálstaki né heldur að hafa fellt hann til jarðar. Ekki treysti t hann til að lýsa þætti ákærðu Kristjáns og Sævars í átökunum. Hann kvaðst muna eftir því augnabliki, þegar Geirfinnur féll til jarðar, en með hverjum hætti það gerðist, viti hann ekki. Hann kvað sér hafa verið ljóst, að Geirfinnur væri látinn. Ekki viti hann um dánar orsök Geirfinns og geti ekki sagt um, „ hvort hann hafi beðið bana á átökum við þá þrjá". Hann viðurkenndi þó að hafa ætlað að stöðva Geirfinn, en þá lent í tuski við hann og náð á honum hálstaki. Verið geti, að hann hafi skellt honum til jarðar. Hann minnst þess ekki, að barefli hafi verið bent, en skynjaði, að Geirfinnur lá hreyfingarlaus á jörðinni, og taldi hann látinn. Ákærði taldi sig „ekki geta sagt til um dánarorsök, en honum er ljóst, að hann lét lífið í átökum við þá þrjá". Ákærði bar og um það, er hann varð áskynja um sendibifreið í námunda við vettvang brotsins svo og um flutning líksins. Þá staðfesti hann, að ákærði Sævar hefði sagt við sig á leiðinni til Reykjavíkur, að hann hefði orðið samsekur um morð. Ákærði Guðjón neitaði að hafa átt þátt í að flytja lík Geirfinns frá Grettisgötu 82.

Í samprófun þeirra ákærðu Sævars og Guðjóns 11. júlí 1977 kvað Guðjón Sævar hafa haft orð á því í bifreiðinni, að beita þyrfti „fullri hörku", ef á reyndi, og kannaðist ákærði Sævar við að hafa kveðið svo að orði. Þá kvað Guðjón Sævar hafa talað um „að láta manninn hverfa", en Sævar andmælti að hafa borið sér þau orð í munn.

Á dómþingi 27. september 1977 hélt ákærði Guðjón fast við framburð sinn, .en þá var hann samprófaður við ákærða Kristján.

C.4. Ákærða Erla Bolladóttir bar í skýrslum sínum í janúar 1976 og fram á vor það ár sakir m. a. á fjóra nafngreinda menn um að vera valdir að andláti Geirfinns Einarssonar, svo sem rakið er hér að framan.

Hinn 4. maí 1976 skýrði hún svo frá fyrir rannsóknarlögreglu, að hún hefði sakotið á Geirfinn úr byssu, er ákærði Sævar hefði fengið henni í hendur. Staðfesti hún þann framburð samdægurs í dómi. Var hún mí úrskurðuð í gæsluvarðhald.

Hinn 1. september 1976 skýrði ákærða Erla svo frá, að hún atti engan þátt í því, að Geirfinnur Einarsson beið bana. Kvað hún Sævar, Kristján, sig og ökumann, er hún nafngreindi, hafa ekið til Keflavíkur. Hefði ákærði Sævar og síðastgreindi maðurinn rætt um, að maður sá, er hitta ætti, væri með „stæla" og „yrði þetta bara að vera svona, eins og búið væri að ákveða". Ekið hafi verið í Oráttarbratttina í Keflavík og hafi þar verið fyrir tvær bifreiðar, og var önnur sendibifreið. Lýsti hún síðan átökum við mann, er hún telur hafa verið Geirfinn, og dreifði við þau ýmsum mönnum, nafngreindum og ónafngreindum. Hafi nafngreindur maður tekið í handlegg Geirfinns, en ákærði Sævar gengið í veg fyrir Geirfinn og af þessu hafi orðið stimpingar. Ónafngreindur maður hafi lamið hann, en ákærði Sævar barið hann með spýtu, „þar til hann seig saman". Eftir að Geirfinnur féll til jarðar, hafi Sævar komið til hennar og sagt, að hún skildi fara. Hafi hún síðan falið sig í „einhverju húsi" í Keflavík og komist með bifreið til Reykjavíkur næsta dag.



Hinn 15. nóvember 1976 skýrði ákærða Erla frá því, að lík hefði verið flutt í bifreið, er hún ók, frá Grettisgötu 82 út á Álftanes. Taldi Erla, að þessi ferð hefði verið farin 2. nóvember 1974. Í yfirheyrslu hinn 19. nóvember 1976 kvaðst Erla vera fullviss um, að ákærði Guðjón hefði verið með á ferðinni til Keflavíkur og í förlinu út á Álftanes með líkið.

Í dómskýrslu 30. nóvember 1976 sagði ákærða Erla m. a., að 1W n hefði að frumkvæði Sævars borið ranglega sakir á fjóra nafngreinda menn, og raunar fleiri, um að vera valdir að dauða Geirfinns Einarssonar. Þá kvaðst hún viss um, að ákærði Guðjón hefði verið staddur í Dráttarbraut Keflavíkur „umrætt kvöld“.

Hinn 12. og 13. desember 1976 skýrði ákærða Erla m. a. frá átökum ákærðu Kristjáns, Sævars og Guðjóns við Geirfinn í Dráttarbrautinni og staðfesti þá skýrslu fyrir dómi 22. desember s. á. Kvað hún þau fjögur hafa rætt um það, nokkru eftir að atburðirnir gerðust, að bendla aðra við málið, og hafi Sævar ítrekað þetta við sig nokkru síðar og jafnframt haft orð á, að allt hefði „þetta“ farið út um þúfur, „þar sem hann hefði tekið vitlausan mann.“

Ákærða Erla staðfesti enn þessa framburði í dómi 4. og 5. júlí 1977. Skýrði hún þar sjálfstætt „frá bifreið, er þau Sævar tóku á leigu, og aðdraganda að ferðinni til Keflavíkur að kvöldi dags 19. nóvember 1974. Voru ákærðu Sævar, Kristján og Erla í bifreiðinni, er haldið var af stað úr Reykjavík, auk ákærða Guðjóns, sem ók henni. Greindi hún frá sendibifreið, er verið hefði í samfloti með þeim til Keflavíkur. Taldi hún bifreiðina svipaða bifreið, er Sigurður Óttar Hreinsson hefði áður ekið. Hún kvað þá ákærðu Guðjón og Sævar hafa ræðst við í bílnum á leiðinni um mann, sem ætlunin væri að hitta, og hefði Sævar viðhaft þau ummæli, að beita þyrfti fullri hörku við manninn. Fannst Erlu ákærði Guðjón taka undir þetta. Þá lýsti hún því, að m. a. hefði verið ekið að Hafnarbúðinni í Keflavík og hafi Sævar látið Kristján fá miða með símanúmeri og beðið hann að hringja. Ek l; kvaðst hún hafa heyrt minnst á nafn í því sambandi. Nokkru eftir að Kristján kom í bifreiðina aftur, hafi komið til þeirra maður og sest inn í bifreiðina. Kvaðst hún telja, að maður þessi hefði verið Geirfinnur Einarsson. Ekið hafi verið um Keflavík og hafi Sævar og að einhverju leyti Guðjón farið Fram á það við Geirfinn, að hann léti þeim í té upplýsingar um geymslustað smyglaðs áfengis og fengi fé fyrir. Hafi hiti færst í umræður og sviptingar byrjað í bifreiðinni. Síðan hafi verið ekið að Dráttarbraut Keflavíkur. Þar hafi verið fyrir sendibifreiðin, er hún hafi séð á Vatnstíg, áður en lagt var upp til Keflavíkur.

Erla greindi frá því, að Sævar hefði tekið „búnt af 5.000 króna seðlum“ úr tösku, er hann hafi haft meðferðis, og rétt Geirfinni. Hafi hann tekið við fénu, en síðan hent því frá sér inni í bifreiðinni. Kvað hún nú Sævar, Guðjón, Kristján og Geirfinn hafa farið út úr bifreiðinni og hún sjálf litlu síðar. Þjarkið hafi haldið áfram, en Geirfinnur hafi ætlað að reyna að fara burtu. Guðjón hafi þá gripið í handlegg hans og stöðvað hann. „Alveg í því réðust Kristján og Sævar á Geirfinn“. Kvaðst hún hafa séð, að þeir ákærðu börðu Geirfinn. Hafi Kristján og Guðjón greitt honum hnefahögg, en Sævar bent barefli. Hafi Geirfinnur verið barinn, uns hann féll til jarðar og lá hreyfingarlaus. „Átökin verkuðu þannig á ákærðu, að svipta ætti manninn lífi, en ekki að pynta ætti hann til sagna“. Þegar hér var komið, hafi Sævar sagt henni að fara heim og fengið henni fé í hendur. Kvaðst hún hafa orðið óttaslegin, farið inn í mannlaust hús, er stóð þarna nærri, og hafst þar við um nóttina, en fengið far með bifreiðum næsta morgun til Hafnarfjarðar án þess að greiða fyrir. Er þau Erla og Sævar hittust um morguninn, hafi Sævar brýnt fyrir henni að hafa ekki orð á því, sem gerst hafði.

Enn lýsti Erla líkflutningi frá Grettisgötu 82 í bifreið, er hún ók, en í bifreiðinni hefðu einnig verið þeir Guðjón, Kristján og Sævar. Hafi líkið verið flutt upp í Rauðhóla og grafið þar, en áður hafi bensíni verið hellt yfir líkið og það brennt.

Hún kvaðst hafa verið heitbundin Sævari á þessum tíma og hafi ekki ekið líkinu af fúsum vilja, heldur vegna ótta við Sævar. Ekki gat hún bent á stað, þar sem líkið .hefði verið grafið.

Í dómskýrslunni skýrði Erla einnig frá því, að hún hefði nokkrum dögum eftir atburði þessa, líklega næstu helgi á eftir, heyrt á viðræður þeirra Guðjóns, Kristjáns og Sævans, þar sem þeir hafi komið sér saman um að bendla fjóra nafngreinda menn við hvarf Geirfinns, ef þeir yrðu spurðir um það. Eru það menn þeir, er þau Erla, Sævar og Kristján nafngreindu síðar í rannsókn málsins.

Hinn 5. júlí 1977 voru þau ákærðu Erla og Sævar samprófuð. Kvað Erla sig þá ráma í, að Sævar hefði sagt sér 18. nóvember 1974, að hann ætlaði að eiga viðskipti við mann, sem hann og ákærði Kristján hefðu hitt í Klúbbnum. Þau staðhæfðu bæði, að þau hefðu tekið bíl á leigu hjá tiltekinni bílaleigu 19. nóvember 1974. Þau héldu fast við þann framburð, að þau hefðu verið á kvikmyndasýningu á Kjarvalsstöðum að kvöldi þess dags. Um viðræður, er fram fóru í bifreiðinni á leiðinni til Keflavíkur, hélt hvort þeirra fast við sinn framburð. Ákærði Sævar taldi framburð Erlu réttan um það, sem gerst hefði í bifreiðinni, eftir að Geirfinnur kom í hana, en þar hefðu þó engar sviptingar átt sér stað. Hvort um sig hélt fast við framburði sína um átökin í Dráttarbraut Keflavíkur, og náðist ekki samræmi. Þeim bar saman um, að ákærði Guðjón hefði tekið þátt í líkflutningi 20. eða 21. nóvember 1974.

Hinn 6. júlí 1977 voru ákærðu Erla og Kristján samprófuð. Hélt Erla fast við framburð sinn um, að Kristján hefði verið með í ferðinni til Keflavíkur 19. nóvember 1977 og tekið þátt í átökunum. Neitaði ákærði Kristján þessu, sbr. síðar um afturköllun hans á fyrri framburðum.

Hinn 12. júlí 1977 voru þau ákærðu Erla og Guðjón samprófuð. Staðfesti Erla þá framburði sína um aðdraganda að ferðinni til Keflavíkur og um ferðina þangað. Guðjón taldi, að þau hefðu komið til Keflavíkur kl. 2200 til 2210. Bæði staðfestu þau framburði sína um það, sem gerðist, eftir að Geirfinnur kom í bifreiðina. Að sögn Guðjóns mætti vera, að orðaskak hefði orðið þar, en hann hefði eigi orðið þess var, að komið hafi til sviptinga, án þess þó að þora að taka fyrir það. Guðjón taldi frásögn Erlu rétta um peningana, sem Sævar bauð Geirfinni, og um viðbrögð hins síðarnefnda. Guðjón sagði það rétt hjá Erlu, að hann hefði tekið í upphandlegg Geirfinns, en það hafi stafað af því, að hann hafi ætlað að hafa hann á brott með sér, án þess að hann yrði áreittur frekar. Geirfinnur hafi misskilið þetta og brugðist illa við, en þeim „Sævari Marinó og Kristjáni Viðari hafi verið af lausar hendur, eins og neista væri hleypt í púður“. Guðjón minntist þess ekki að hafa bent hnefum og staðhæfði, að ekki hefði vakað fyrir sér að lenda í átökum. Ekki minntist hann þess, að barefli hefði verið notað í átölunum.

Ákærði Guðjón kvaðst ekki hafa orðið þess var, er Erla hvarf af vettvangi. Hann synjaði fyrir að hafa tekið þátt í líkflutningi frá Grettisgötu 82, en ákærða Erla kvaðst ekki vera örugg um, að Guðjón hefði verið með í flutningi þessum. Ákærði Guðjón neitaði að hafa tekið þátt í viðræðum við Sævar og Kristján um, hvað gera skyldi, ef upp kæmist um þátt þeirra í dauða Geirfinns. Ákærða Erla hélt fast við fyrri framburð sinn um það efni.

C.5. rannsókn málsins á árinu 1976 greinir allvíða í framburðum ákærðu frá sendibifreið, er farið hafi frá Reykjavík til Keflavíkur kvöldið 19. nóvember 1974 í tengslum við för þeirra ákærðu Erlu, Guðjóns

og Kristjáns og Sævars og í nokkru samfloti við bifreið þeirra. Lengi vel gátu ákærðu þess eigi, hver verið hefði ökumaður bifreiðar þessarar. Hinn 9. desember 1976 skýrði ákærði Sævar frá því fyrir rannsóknalögreglu, að frændi ákærða Kristjáns hefði ekið bifreiðinni. Maður þessi, Sigurður Óttar Hreinsson, var yfirheyrður sem vitni hjá rannsóknarlögreglu hinn 13. desember s. á. Synjaði vitnið í fyrstu fyrir að hafa farið til Keflavíkur 19. nóvember 1974 og kvað það ósannindi, að það hefði nokkru sinni ekið sendibifreið að Dráttarbraut Keflavíkur. Í rannsóknarlögregluskýrslu viðurkenndi vitnið, að það hefði að tilmælum ákærða Kristjáns komið í sendibifreið kvöld eitt í nóvember 1974, er gæti hafa verið 19. nóvember, á Vatnsstíg í Reykjavík nokkru eftir l. 2.100. Hefði það þar hitt Kristján, sem gaf því fyrirmæli um að aka til ákveðins staðar í Keflavík og bíða sín þar. Ákærði Kristján hafi hitt það á stað þessum, og ók vitnið að fyrirmælum hans í Dráttarbrautina, nam þar staðar og slökkti ljósin. Eftir u. þ. b. hálfu klukkustund hafi Kristján komið til sín og sagt við sig þessi orð: „Þetta er allt í lagi, það verður ekkert úr þessu, þú getur farið, þú veist ekkert um málið". Hafi það að svo búnu farið rákleiðis til Reykjavíkur og komið þangað um kl. 2400. Það hafi verið eitt í bifreiðinni allan tímann.

Vitnið kvaðst engan hafa séð í Dráttarbrautinni nema ákærða Kristján. Ekki taldi það sig hafa orðið vart við bifreið þar. Rifts hafi verið á glugga á bifreiðinni og það heyrt mannamál. Hafi það ekki tekið eftir því, hvort átök hafi orðið í Dráttarbrautinni.

Þá skýrði vitnið frá því, að þeir ákærði Kristján hefðu um þessar mundir sofið í lama herbergi að Grettisgötu 82. Vitnið heldur, að það hafi verið komið undir morgun næsta dag, þegar Kristján kom inn í herbergið. Vitnið kvaðst hafts innt hann eftir, hvað gerst hefði um kvöldið, en Kristján hafi sagt sér að skipta sér ekki af því. ;Ekki hafi það orðið vart við, að „neitt væri flutt inn í kjallarann" að Grettisgötu 82, og hafi Kristján eigi nefnt það við sig síðar. Eigi ljást það hafa orðið vart við, að neitt væri flutt úr kjallaranum næstu daga.

Vitnið tók fram, að það hefði ekki farið ferð þessa „vegna peninga, heldur eingöngu í vináttuskyni við Kristján".

1 dómþingi 14. desember 1974 staðfesti .Sigurður attar, að hann hefði ekið tiltekinni sendibifreið til Keflavíkur hinn 19. nóvember 1971 og að Dráttarbraut Keflavíkur. Hafi hann farið þessa ferð fyrir frænda sinn, ákærða Kristján. Kvaðst hann hafts beðið u. þ. b. 1/2 klst. við Dráttarbrautina, uns Kristján kom og sagði honum, að hann gæti farið. Sigurður Óttar var yfirheyrður í dómi með vísan til 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Sigurður Óttar samdi skriflega skýrslu í :fangelsinu í Síðumúla, að :því er virðist þegar eftir lok þinghaldsins. Er hún tekin upp í héraðsdóm. greindi hann þar nokkru nánar frá viðræðum við Kristján um það erindi, er honum var ætlað að rækja í Keflavík. Tjáði hann Kristján eigi hafa viljað skýra sér frá því, en hann mundi sjá það, þegar komið yrði til Keflavíkur. Þá áréttaði hana skýrslu sína um, að þeir Kristján hefðu hist í Keflavík á fyrirfram tilteknum stað, um akstur sinn að Dráttarbrautinni að fyrirmælum Kristjáns og viðdvöl sína þar 30 mínútur.

Í skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu 14. desember 1976 ítrekaði vitnið framburð sinn. Taldi vitnið sig ekki hafa séð mannaferðir í Dráttarbrautinni, en kvað sig hafa greint óljóst mannamál, eins og margir væru að tala. Ekki kvaðst vitnið hafa heyrt orðaskil.

Þessa framburði áréttaði vitnið enn fyrir rannsóknarlögreglunni 24. janúar 1977 og fyrir dómi 25. mars. á., en vitnið vann þá eið að framburðum sínum. Eru skýrslur þessar raktar rækilega í

héraðsdómi. Gerði það þar m. a. grein fyrir því, hvaða sendi:bifreið það hefði ekið, og lýsti útliti hennar. Kristján hafi orðað við sig ferðina til Keflavíkur kvöldið áður en hún var farin. Vitnið kvaðst hafa komið með bifreiðina á Vatnsstíg milli kl 2100 og 2130 umrætt kvöld, en það var ekki öruggt um dagsetningu. Vitnið sagðist ekki hafa orðið vart við bifreið við Dráttarbrautina. Hafi það heyrt mannamál og fannst eins og rifrildi ætti sér stað. Giskaði vitnið á, að þarna gætu hafa verið eða 6 menn. Hafi þeir verið í 10-20 metra fjarlægð og hafi það þekkt málróm Kristjáns og Sævars, en ekki hafi það séð, hvað fram fór. Það hafi ekki beinlínis orðið vart við átök, en einhvern óróa. Þegar Kristján kom til vitnisins og sagði því að fara, hefði hann verið móður og virst í æstu skapi. Vitnið ítrekaði, að það hefði beðið í Dráttarbrautinni um hálf klukkustund. Vitnið endurtók skýrslu sína um, að það hefði komið íl Reykjavíkur um kl. 2400 og um viðræðu sína við Kristján næsta morgun svo og að það hefði ekki orðið vart við, að neitt væri flutt í kjallara hússins Grettisgötu 82 á þessum tíma og falið þar. Vitnið tók Fram, að því hefði þótt ferðalag þetta grunsamlegt og hafi Kristján aldrei viljað gefa neina skýringu á því, hvað gerst hefði. Eigi hafi það þó sett ferðina í samband við hvarf Geirfinns Einarssonar.

Vitnið kvað þá ákærðu Kristján vera systrasyni og þekkjast vel. Það taldi sig þekkja Sævar vel og kannast við Erlu, en Guðjón væri sér með öllu ókunnugur.

C.6. Svo sem áður greinir, kvað ákærða Erla sig hafa komist frá Keflavík til Hafnarfjarðar „á puttanum“, eins og hún orðaði það. Í héraðsdómi eru raktir framburðir tveggja bifreiðarstjóra, er kveðast hafa ekið stúlku, morguninn 20. nóvember 1974, annar frá Keflavík að Grindavíkurvegi, en hinn þaðan til Hafnarfjarðar. Vitnið Guðmundur Sigurður Jónsson, sem kvaðst hafa ekið stúlku fyrri áfangann, miðar daginn 20. nóvember 1974 m. a. við afmæli vandamanns síns. Taldi það stúlkuna hafa verið kápulausa, svo sem Erla var að eigin sögn og Sævars, og gaf glögga lýsingu á stúlkunni. Við sakbendingu bend vitnið á Erlu í hópi stúlkna. Var því sýnd mynd af Erlu, og taldi það, að hún væri af umræddri stúlku, en gat þess, að hún hefði ekki verið með gleraugu.

Vitnið kvað stúlkuna hafa sagst ætla að fara til Grindavíkur og farið úr bifreiðinni við Grindavíkurveg. Vitnið kvaðst hafa ekið hægt af stað og séð þá vörubifreið, sem sveigt var inn á Grindavíkurveg. Vakti það undrun þess, að stúlkan reyndi ekki að fá far með þessari bifreið. Skömmu síðar kvaðst vitnið hafa veitt athygli vörubifreið, er ók fram úr bifreið þess. Virtist því stúlka sú, er það ók að Grindavíkurvegi, sitja við hlið ökumannsins.

Önnur vætti, sem greinir í héraðsdómi og lúta að þessu atriði, styðja mjög frásögn þessa greinargóða vitnis.

Hinn ökumaðurinn, Ámundi Rögnvaldsson, kvaðst minnst þess að hafa tekið upp í vörubifreið sína í grennd við Grindavíkurveg dag nokkurn haustið 1974 stúlku, er óskaði eftir fari. Samkvæmt dagbók, er hann hélt, kvaðst hann hafa farið af stað frá Keflavík kl. 0930 hinn 20. nóvember 1974 áleiðis til Reykjavíkur, og taldi, að þetta hefði gerst í þeirri ferð. Vitnið minntist þess, að stúlkan hefði verið illa búin. Ók það henni að ósk hennar til Hafnarfjarðar, og fór hún út úr bifreiðinni rétt á móts við kirkjuna. Við sakbendingu þekkti vitnið ekki Erlu í hópi fjögurra annarra stúlkna, en kvað stúlkuna þó geta hafa verið í þessum hópi.

C.7. Í héraðsdómi er gerð grein fyrir ýmsum öðrum rannsóknargögnum. Meðal þeirra er álitserð dr. med. Ólafs Bjarnasonar prófessors. Fjallar hún um það, af hverju ráða megi, að maður sé látinn, hvenær stirðnun líks hefjist og hvort unnt sé að svipta mann lífi með hál taki. Þá eru í dómnum

greindar kannanir á blóðslettum í kjallara hússins Grettisgötu 82 og í sendibifreiðinni, sem Sigurður Óttar er talinn hafa ekið til Keflavíkur kvöldið 19. nóvember 1974, sbr. hér að framan. Í héraðsdómi er enn fremur vottorð Veðurstofu Íslands um lvkur á frosti í jörðu í Rauðhólum 21. nóvember 1974.

C.8. Svo sem greinir í héraðsdómi, gerði rannsóknarlögreglan hinn 23. janúar 1977 tilraunir til sviðsetningar atburða í Dráttarbrautinni í Keflavík að kvöldi 19. nóvember 1974 eða aðfaranótt 20. a. m. Voru viðstödd sviðsetninguna ákærðu Erla, Guðjón, Kristján og Sævar og vitnið Sigurður Óttar Hreinsson. Er skýrsla rannsóknarlögreglunnar tekin upp í héraðsdóm. Hvert hinna ákærðu um sig voru látin staðsetja Volkswagen bifreiðina og sendibifreiðina. Enn fremur lýstu þau stöðu Geirfinns og einstakra sakborninga og voru beðin að sýna hálstak, er Geirfinnur var tekinn. Lögregluskýrslu segir, að ákærði Kristján kveðist hafa tekið við hálstakinu af Guðjóni og gripið um hálsinn aftan frá og beygt Geirfinn við það aftur á bak. A meðan á hálstakinu stóð, hafi Sævar slegið með lurki í fætur mannsina. Ákærði Guðjón staðfesti, að ákærði Kristján hefði tekið við hálstakinu af sér. Hann gat þess, að hann kynni ekki við rauðan „stuðara“, sem væri á sendibifreiðinni, og auk þess væru á henni rauðar rendur, sem ekki hefðu verið þar 1974. Að auki væri skrásetningarkerkið ekki rétt. Leitt er í ljós, að ú „stuðara“ var annar litur í nóvember 1974 en í janúar 1977 og rendur síðar málaðar á bifreiðina. Breytt hafi og verið um skrásetningarkerki bifreiðarinnar.

Vitnið Sigurður Óttar staðsetti sendibifreiðina 30 m austar en hin ákærðu.

C.9.a. Hinn 6. júlí 1977 var ákærði Kristján samprófaður í sakadómi Reykjavíkur við ákærðu Erlu. Synjaði hams þá með öllu fyrir að hafa farið til Keflavíkur 19. nóvember 1974 og kvaðst ekkert vita um afdrif Geirfinns Einarssonar og vera saklaus af því að eiga þátt í hvarfi hans. Áréttaði hann þennan framburð í dómi 27, og 29. september s. á.

C.9.b. Hinn 5. september 1977 barst sakadómi Reykjavíkur skýrsla ákærða Sævars um nokkra viðburði í lífi hans 15.-21. nóvember 1974. Er sú skýrsla tekin upp í héraðsdóm. A dómþingi í sakadómi 13. september 1977 sneri ákærði Sævar gersamlega við blaðinu. Lýsti hann alla fyrri framburði sína í málinu ranga og byggða „á sögusögnum rannsóknarlögreglumanna“ og hafa „þróast upp með rannsókn málsins“. Hann kvaðst eigi hafa farið til Keflavíkur 19. nóvember 1974 og engan þátt eiga í hvarfi Geirfinns Einarssonar og aldrei hafa séð hann. Áréttaði hann þennan framburð á dómþingi 29. september s. á.

C.9.c. Hinn 12. október 1977 kom vitnið Sigurður Óttar Hreinsson fyrir rannsóknarlögreglu. Kvað það fyrstu skýrslu sína hinn 13. desember 1976, er það neitaði því að hafa farið til Keflavíkur 19. nóvember 1974 að kvöldi, rétta, .en aðrar skýrslur rangar, þ. á m. eiðvætti sitt hinn 25. maí 1977. Hafi sér verið hótad gæsluvarðhaldi, „ef ekki komi réttur framburður“ frá sér. Hafi rannsóknarmenn „leitt sig inn í málið“ og hafi það „skáldað“ eða „glósað“ í eyðurnar. Á dómþingi 13. október 1977 kvað vitnið sér hafa verið ljóst, þegar það gaf skýrslu sína fyrir dómi 25. maí 1977, að hún væri röng, og væri hún til komin „vegna ótta við lögregluna“. Vitnið hvað nánar svo að orði, að fyrri framburður þess væri ekki réttur að öðru leyti en því, að það hefði getað fengið sendibifreiðina að láni. Um hlut sinn í sviðsetningu, sem Fram fór 23. janúar 1977 í Dráttarbrautinni í Keflavík, segir vitnið m. a.: „Ég setti bílinn, þar sem ég hélt, að hann ætti að vera. Ég hafði ekki áður farið á þennan stað“.

Í héraðsdómi .eru rakin rækilega gögn máls, er varða aðdraganda að því, er vitnið breytti ,framburði sínum hinn 12. október 1977, eftir að munnlegur flutningur málsins hófst í héraði. Meðal annars er

lýst viðræðum vitnisins við lögmenn svo og við vandamenn sína, vini og vinnufélaga. Hefði vitnið verið orðið á báðum áttum um, „hvort hann hefði gert þessa hluti“.

Vitni, er viðstödd voru yfirheyrslur Sigurðar Óttars fyrir þýskum rannsóknarlögreglumanni 14. desember 1976, hafa gefið skýrslur í dómi, og eru vætti þeirra rakin í héraðsdómi. Aftaka þau með öllu, að nokkrum þvingunum hafi verið bent. Hafi Sigurður attar verið „rálegur og eðlilegur“ við yfirheyrsluna.

C.9:d. Um skýrslu ákærðu Erlu 11. janúar 1980, þar sem hún tók aftur fyrri framburði, vísast til reifunar að framan.

#### D.

Svo sem rakið er hér að framan, breyttu þeir ákærðu Kristján og Sævar framburðum sínum, Kristján hinn 6. júlí 1977 og Sævar hinn 13. september s. á., og tóku að mestu aftur játningar sínar. Jafnframt héldu þeir þus fram, að fyrri játningar hefðu verið fengnar með því, að rannsóknarmenn og fangaverðir hefðu beitt þá ólögumætri harðneskju, lent þá til ákveðinna frásagna, samræmt sögur þeirra og enda viðhaft óhæfilegar og ólögumætar rannsóknaraðferðir.

D.1. Í úrlausn um I. kafla ákæru 8. desember 1976 hér að framan er vikið að rannsóknnum, er fram fóru bæði fyrir uppsögu héraðsdóms og eftir gagngert vegna áburðar ákærðu á bender rannsóknarmönnum og fangavörðum. Eins og þar greinir, leiða þessar umfangsmiklu rannsóknir eigi í ljós, að þeir annmarkar séu á rannsókn málsins, sem valdi því, að játningar hinna ákærðu Kristjáns og Sævars verði út af fyrir sig eigi lagðar til grundvallar við úrlausn máls þessa.

Um afturköllun þeirra á fyrri framburðum er þess að geta, að þeir höfðu .margsinnis endurtekið játningar sínar, bæði fyrir rannsóknarlögreglumönnum og dómurum, stundum að viðstöddum verjendum. Hurfu þeir ekki frá játningum sínum, fyrr en alllangt var liðið á rannsókn málsins og eftir að ákæru voru gefnar út og mál gegn þeim þingfest. Ýmislegt er í frásögn þeirra, sem ekki gat verið frá öðrum komið en þeim sjálfum. Ráða má af gögnum máls, að hinir ákærðu hafa mjög leitað að fyrra bragði eftir viðtölum við rannsóknarmenn og að skýrslur yrðu af þeim teknar. Hinir ákærðu tóku þátt í sviðsetningu atburða í Dráttarbrautinni hinn 23. janúar 1977 og voru þá virkir, að því er ráða má af rannsóknargögnum, um að skýra frá staðsetningu ökutækja, stöðu einstakra manna í viðureign við Geirfinn Einarsson og ýmislegt annað, er varðar vettvangsviðburði. Enn er þess að geta, að ákærði Guðjón hefur haldið fast við framburð sinn, og ýmis gögn önnur bendi ótvírætt til, að ákærðu hafi verið í Dráttarbrautinni í Keflavík umrætt kvöld.

Með skírskotun til þess, sem að framan er ritað, og með vísan til héraðsdóms eru afturkallanir Kristjáns og Sævars á játningum þeirra ekki marktækar.

D.2. Með vísan til rökstuðnings héraðsdóms verður ekkert mark tekið á afturköllun Sigurðar Óttars Hreinssonar á framburðum hans.

D.3. Svo sem greint er hér að framan, tók ákærða Erla aftur alla framburði sína, er varða ferðina til Keflavíkur, á dómþingi 11. janúar 1980, rétt áður en munnlegur málflutningur hófst í Hæstarétti. Fallast ber á þá úrlausn héraðsdóms, að sannað sé án tillits til framburða meðákærðu, að Erla hafi

verið í Keflavík að morgni 20. nóvember 1974 og farið þá til Hafnarfjarðar, fyrst með bifreið frá Keflavík að Grindavíkurvegi og þaðan með annarri bifreið til Hafnarfjarðar. Erla hefur margoft breytt framburðum sínum, en jafnan sagt, að hún hafi farið til Keflavíkur kvöldið 19. nóvember 1974. Þykir þessi síðbúna afturköllun vera marklaus, og verða framburðir hennar um þennan þátt málsins virtir án tillits til hennar.

## E.

E.1. Sannað er með skýrslum ákærðu Sævars og Kristjáns, er fá stoð í framburði vitnisins Þórðar Ingimarssonar, að þeir hafi hitt Geirfinn Einarsson í Klúbbnum sunnudagskvöldið 17. nóvember 1974 og rætt þar við hann um áfengisviðskipti. Hafi Geirfinnur sagt þeim nafn sitt og heimilisfang.

E.2. Leggja verður til grundvallar, að Sævar hafi rætt við ákærða Guðjón hinn 18. nóvember 1974 og lagt drög að því, að Guðjón kæmi með sér til Keflavíkur næsta dag. Enn fremur að Sævar hafi rætt við Kristján þennan dag og óskað eftir, að hann kæmi með sér til Keflavíkur vegna áfengisviðskipta og útvegaði sendibifreið til fararinnar.

E.3. Miða verður við, að hinn 18. nóvember s. á. hafi þeir Sævar eða Guðjón aflað símanúmers Geirfinns, en nafn hans var ekki í símaskrá, og annar hvor þeirra hafi hringt til hans mill kl. 1900 og 2000 hinn 19. nóvember 1974 og mælt sér mót við hann kl. 2130 til 2200 í Keflavík þá um kvöldið. Samkvæmt sakargögnum tóku þau ákærðu Erla og Sævar á leigu Volkswagen bifreið 19. nóvember 1974. Fór Sævar með Erlu og móður sinni á Kjarvalsstaði að kvöldi þess lags, og horfðu þau þar á stutta kvikmynd, en tímasetningar um komu þeirra þangað og viðdvöl eru eigi nákvæmar. Að sýningu lokinni óku þau Erla og Sævar móður hans heim til hennar. Að svo búnu óku þau á nokkra staði, sem áður greinir. Kom Guðjón í bifreiðina svo og Kristján nokkru síðar á Vatnsstíg. Tók Guðjón nú við stjórn bifreiðarinnar og ók henni til Keflavíkur. Í framburðum Erlu, Guðjóns og Kristjáns, er fá stoð í framburði Sævars, felst, að Sævar hafi látið orð liggja að því í bifreiðinni á leiðinni til Keflavíkur að kvöldi 19. nóvember 1974, að „fullri hörku“ skyldi bent við „manninn“, ef hann reyndist ásamvinnuþýður. Ekki er sannað, að Sævar hafi kveðið svo að orði, „að þeir ættu að láta manninn hverfa.“

E.4. Sannað er, að sendibifreiðin, sem Sigurður Óttar Hreinsson ók að beiðni Kristjáns, kom á Vatnsstíg kvöldið 19. nóvember 1974, og ók Sigurður Óttar henni til Keflavíkur. Þar hafði Kristján tal af Sigurði Óttari og mælti svo fyrir, að hann legði bifreiðinni í grennd við Dráttarbrautina.

E.5. Um tímasetningar varðandi viðburði í Keflavík er lent í ljós, að Þórður Ingimarsson kom til Geirfinns rétt fyrir kl. 2100 og bað hann að koma með sér á kvikmyndasýningu. Ekki er ástæða til að rengja þá :frásögn Þórðar, að Geirfinnur hafi synjað þeirri málaleitan með þeim orðum, að hann þyrfti að hitta einhverja menn við Hafnarbúðina m kl. 2200. Með vætti Guðnýjar, eiginkonu Geirfinns, og Þórðar er sannað, að þeir fóru frá heimili Geirfinns um kl. 2200. 6k :Þórður Geirfinni til staðar í námunda við Hafnarbúðina. Að sögn Þórðar lét Geirfinnur í ljós, að hann hefði beyg af mönnum þeim, sem hann ætlaði að hitta.

E.6. Sannað er, að Geirfinnur kom inn í Hafnarbúðina upp úr kl. 2200, keypti þar vindlinga fyrir konu sína og svipaðist um, eins og hann ætti von á einhverjum. Leggja ber til grundvallar þá frásögn Guðnýjar og Sigurðar Jóhanns Geirfinnssonar, að Geirfinnur ha,fi komið heim til sín eftir stutta stund,

svo og að hringt hafi verið um kl. 22.15 og spurt eftir Geirfinni. Hafi hann þá að sögn Guðnýjar svarað: „Ég kem“ - „Ég kem“. Ók hann síðan að heiman í bifreið þeirra hjóna. Með vætti tveggja manna, er unnu í Olíusamlagi Keflavíkur, er sannað, að bifreiðinni hafi verið lagt við hús Kaupfélags Suðurnesja skömmu eftir kl. 2234, og fannst bifreiðin þar næsta morgun.

E.7. A;f hálfu Sævars hefur því verið haldið fram, að ekki geti verið, að þau Erla hafi verið komin til Keflavíkur rétt eftir kl. 20. nóvember 1975 vegna viðdvalar þeirra á Kjarvalsstöðum. Telja verður sannað með framburðum aura hinna ákærðu og vitnisins Sigurðar Óttars, að þau hafi farið ferð þessa til Keflavíkur kvöldið 19. nóvember 1974. Er og sannað, svo sem áður er greint, að Erla fékk far með tveimur bifreiðum frá Keflavík til Hafnarfjarðar að morgni 20. nóvember 1974. Mælingar rannsóknarlögreglu á vegalengdum og líklegur ökuhraði manna, sem þurftu að flýta sér til Keflavíkur, sýnir, að þau gátu verið kominn til Keflavíkur á tilgreindum tíma. Í því sambandi er þess að geta, að óvíst er, hvenær þau Erla og Sævar fóru frá Kjarvalsstöðum.

E.8. Miða verður við það, að ákærðu hafi komið í bifreiðinni að Hafnarbúðinni og að annað hvort Kristján eða Sævar hafi hringt þaðan til Geirfinns rétt eftir kl. 2215, eina og áður greinir. Þá er sannað með skýrslum hinna ákærðu, að Geirfinnur kom að bifreið þeirra litlu síðar og settist inn í hana svo og að þar hafi byrjað umræður milli Geirfinns og Sævars og að einhverju leyti Guðjóns um. áfengisviðskipti. Hafi Sævar rétt Geirfinni peningaseðla, en hann hent þeim á gólf bifreiðarinnar. Þ.á er sannað, að ekið var að Dráttarbraut Keflavíkur og að Guðjón, Kristján og Sævar hafi ásamt Geirfinni farið út úr bifreiðinni, er þangað kom, og Erla stuttu síðar. Í þann mund hafi svo komið til átaka milli þeirra karlmanna. Verður að leggja til grundvallar samkvæmt sakargögnum, að Guðjón hafi tekið í handlegg Geirfinns, en síðan hafi Guðjón og svo Kristján tekið hann hálstaki. Þá verður einnig við það að miða, að ákærði hafi allir greitt Geirfinni hnefahögg og að Guðjón og Sævar hafi barið hann með spýtu eða lurk. Bendi sakargögn til þess, að mikill ofsi og æsing hafi verið í mönnum. Ber að fallast á þá niðurstöðu héraðsdóms, að sannað sé, að Geirfinnur hafi beðið bana af völdum ákærðu Guðjóns, Kristjáns og Sævars í átökum þessum, en ekki verður fullyrt nánar um þátt hvers einstaks þeirra í þessu voðaverki. Eru þeir allir samvaldir að bana Geirfinns Einarssonar ;og eiga refsiverða sök á láti hans.

## F.

Ætla verður, að ákærðu hafi veist að Geirfinni Einarssyni í því skyni að knýja hann til sagna um geymslustað smyglaðs áfengis, er þeir hugðust ;síðan taka ófrjálsri hendi og flytja til Reykjavíkur. Bendir útvegum sendibifreiðar til þess, að Sævar, sem telja verður :förgöngumann ferðarinnar til Keflavíkur, hafi haldið, að um mikið áfengismagn væri að ræða.

Ummæli þau, sem höfð eru eftir ákærða Sævari á leiðinni til Keflavíkur um, að fullri hörku yrði beitt við mann þann, sem þeir ákærðu ætluðu að hitta, veita vísbendingu um, að þessi ákærði hafi ætlað að beita manninn ofbeldi, ef þörf krefði. Ekki er fyllilega í ljós lent, hver viðbrögð þeirra Guðjóns og Kristjáris voru við þeim ummælum. Eigi verður talið sannað, að með ákærðu hafi búið fyrirfram sá ásetningur að svipta Geirfinn lifi, ef hann léti ekki í té þær upplýsingar, sem eftir var leitað. Árásin var hrottaleg, og kemur mjög til greina að telja, að ákærðu hafi ekki getað dulist, að langlíklegast væri, að árásarþoli mundi bíða bana af henni, bæði vegna ofsans í árásinni og þegar virt er, að þeir þrjú sóttu að manninum á fáförnum stað seint að kvöldi. Þess er þó að gæta, að líkið hefur eigi fundist, en



könnun á áverkum á því gæti vein veigamiklar upplýsingar um það, hvernig dauða mannsins hafi borið að höndum. Með vísan til 108. gr. ilaga nr. 74/1974 þykir varhugavert að telja, að alveg nægilega sé sýnt fram á, að ákærðu Guðjóni, Kristjáni og Sævari verði gefin refsiverð sök á manndrápi af ásettu ráði með atferli sínu, svo að varði við 2.11. gr. almennra hegningarlaga. Ber að færa háttsemi þeirra til 218. og 215. gr. almennra hegningarlaga, þar sem .mannsbani hlaust af ofsafenginni líkamsárás þeirra, en þá afleiðingu verður að virða þeim til stórfellds gáleysis. Er heimilt að beita þeim refsíákvæðum hér, þótt eigi séu þau greind í ákæru, sbr. 3. málsg. 118. gr. laga nr. 74/1974, enda var mál reifað á þeim grundvelli fyrir Hæstarétti, .eins og áður greinir. Hinir ákærðu voru þrír um atlöguna að Geirfinni Einarssyni, og er það refsíþyngjandi, sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Árásin var gerð á afviknum stað, sem ákærðu völdu, og er það einnig refsíþyngjandi.

#### G.

Sannað er, að ákærði Kristján tók peningaveski með 5.000 krónum í, að því er hann telur, svo og blýant af líki Geirfinns. Varðar þessi háttsemi ákærða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

#### H.

Ákæra á hendur Erlu Bolladóttur.

Staðtesía ber þá ályktun héraðsdóms, að sannað sé með játningu ákærðu Erlu og framburðum ákærðu Kristjáns og Sævars, að 1W n hafi tekið þátt í að flytja lík Geirfinns Einarssonar frá Grettisgötu 82 í Rauðhóla eða e. t. v. á einhvern annan stað. Eru framburðir ákærðu um líkflutning að vísu tortryggilegir, eins og bent er á í héraðsdómi.

Háttsemi ákærðu Erlu ykir eigi varða við 211. gr., sbr. 1. mgr., sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga. Er um það efni vísað til baka héraðsdóms. Ber að sýkna hann af ákæru um brot á greindum ákvæðum.

Á ærða Erla greinir í framburðum fyrir rannsóknarlögreglu 23. janúar 1976 og fyrir dómi 30. mars s. á., að þau ákærði Sævar hafi búið í óvígðri sambúð í nóvember 1974. Á dómþingi 5. júlí 1977 kveðst hún hafa verið heitbundin ákærða Sævari á þessum tíma. Ákærði Sævar talar í framburðum sínum um ákærðu Erlu sem sambúðarkonu sína á árinu 1974. Í skýrslum rannsóknarlögreglu kemur og fram, að þau hafi búið saman. Samkvæmt gögnum máls fæddist þeim barn 24. september 1975.

Háttsemi ákærðu Erlu á efnislega undir ákvæði 2. málsg. 112. gr, almennra hegningarlaga, en sýkna ber hana ;samkvæmt 3. málsg. sömu greinar, svo sem skýra ber orðin „nánir vandamenn“.

Af hálfu ákæruvalds hefur þess verið krafist til vara, að ákærðu verði refsað samkvæmt 2. málsg. 221. gr. almennra hegningarlaga. Þessi krafa rúmast ekki innan verknaðarlýsingar ákæruskjals og kemur því ekki til álita. Sama egnir um kröfu ákæruvalds að því er varðar 124. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæra á hendur Erlu Bolladóttur,

Kristjáni Viðari Viðarssyni og Sævari Marinó Ciesielski.

Framburðir hinna ákærðu, þar sem þau bendla fjóra nafngreinda menn við andlát Geirfinns Einarssonar, eru raktir í héraðsdómi, svo og játningar ákærðu Erlu og Sævars um, að þetta hafi verið samantekin ráð hjá hinum ákærðu til að torvela rannsókn málsins. Ákærði Kristján gengst að vísu ekki við því, að um samantekin ráð hafi verið að ræða, en fullljóst er, að hann hefur borið fjóra menn röngum sökum gegn betri vitund og ber refsíabýrgð á því.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til héraðsdóms ber að staðfesta þau málalok, að hin ákærðu hafi með háttsemi sinni gerst sek um brot á l. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 15. gr, laga nr. 101/1976, sem hér á við, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

Framburðir ákærðu leiddu til þess, að þeir fjórir menn, er þau báru sökum, sættu allangri gæsluvarðhaldsvist, og ber við ákvörðun refsingar að líta til þessara afdrifaríku afleiðinga af broti þeirra.

## V.

V.1. Álitsgerðir um geðheilbrigði og sakhæfi ákærðu Erlu, Guðjóns, Kristjáns, Sævars og Tryggva eru teknar upp í héraðsdóm, en úrskurður Læknaráðs um lama efni er greindur hér að framan. Með vísan til þessara gagna ber að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að ofangreindir sakborningar séu sakhæfir.

Þá ber og að staðfesta þá úrlausn héraðsdóms, að ákærði Albert sé sakhæfur.

V.2. Við ákvörðun refsingar ákærða Kristjáns ber að vísa til 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 21. desember 1973 sætti ákærði Sævar 4 mánaða fangelsi skilorðsbundið fyrir brot á 244. gr. og 254. gr. almennra hegningarlaga, og var skilorðstími 3 ár frá uppkvaðningu dómsins. Með brotum þeim, sem hann nú er dæmdur fyrir og hann hefur framið eftir þann tíma, hefur hann rofið skilorð þessa dóms. Ber að dæma honum refsingu í einu lagi fyrir þau ásamt þeim brotum, sem hann nú er dæmdur sekur um, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, og með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Tryggvi sætti 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 24-1. gr. almennra hegningarlaga með dómi sakadóms Reykjavíkur 20. september 1973, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar 21. mars 1975. Þá sætti hann 3 mánaða fangelsi fyrir brot á sömu grein með dómi sakadóms Reykjavíkur 9. september 1974. Ákveða ber refaingu hans fyrir brot þau, sem hann er nú dæmdur sekur um, með vísan til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði hefur sætt 7 sinnum dómum fyrir auðgunarbrot auk skjalafölsunar á árabílinu 1969 til 1975 og einu sinni dómi fyrir brot m. a. á 259. gr. almennra hegningarlaga. Ber að vísa til 72. og 255. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun á refsingu hans svo og til 73. gr, sömu laga að því er varðar brot hans á 2. málsg. 164. gr. sömu laga.

Ákærðu Albert Klahn, Erla og Guðjón hafa eigi fyrir sætt refsingu. Vísa ber til 77. gr, almennra hegningarlaga við ákvörðun á refsingu hvers þeirra um sig.

Við ákvörðun refsingar ber að líta til þess, að ákærði Kristján var aðeins 17 ára, er hann framdi brot þau, er greinir í ákæru 8. desember 1976, V. kafla, 1 og 2, og VII. kafla, 1, 2 og 3. Ákærði Sævar var aðeins 17 ára, er hann framdi brot, er greinir í sömu ákæru V. kafla, 1 og 2. Ákærðu Albert, Erla, Kristján og Sævar voru ýmist 18 eða 19 ára, er þau frömdu önnur þau brot, sem um er fjallað í málinu.

V.3. Hér að framan er getið ýmissa refsipýngjandi atriða, eftir því sem ástæða hefur þótt til.

Refsing ákærða Kristjáns þykir hæfilega ákveðin 16 ára fangelsi.

Refsing ákærða Sævars þykir hæfilega ákveðin 17 ára fangelsi með sérstakri vísan til 2, málsg. 77. gr. almennra hegningarsaga.

Refsing ákærða Tryggva þykir hæfilega ákveðin fangelsi 13 ár.

Refsing ákærða Guðjóns þykir hæfilega ákveðin fangelsi 10 ár.

Refsing ákærðu Erlu þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Refsing ákærða Alberts þykir hæfilega ákveðin fangelsi 12 mánuði og 300.000 króna sekt til ríkissjóðs. Verði sektin eigi goldin innan vikna frá birtingu dóms þessa, komi í stað hennar varðhald 30 daga.

Frá refsingu hinna ákærðu ber að draga gæsluvarðhaldsvist þeirra sem hér segir, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga: Gæsluvarðhald ákærða Kristjáns frá 23. desember 1975, gæsluvarðhald ákærða Sævars frá 12. desember 1975, gæsluvarðhald ákærða Tryggva frá 27. október 1975 til 6. nóvember s. á. og síðan frá 23. desember 1975, gæsluvarðhald ákærða Guðjóns frá 13. desember 1975 til 18. s. m. og síðan frá 13. nóvember 1976; gæsluvarðhald ákærðu Erlu frá 13. desember 1975 til 20. s. m. og frá 4. maí 1976 til 22. desember . á., gæsluvarðhald ákærða Alberts frá 19. júní 1973 til 20. júlí s. á. og frá 23. desember 1975 til 19. mars 1976. Hinir fjórir fyrst töldu sæta enn gæsluvarðhaldi.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta og um upptöku eiga að vera óröskuð, eins og að framan greinir.

V.4. Ákvæði héraðsdóms um réttargæslu og málsvarnarlaun svo og greiðslu þeirra eiga að vera óröskuð.

Ákærði Kristján greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti málsvarnarlaun, 900.000 krónur.

Ákærðs Sævar greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti málsvarnarlaun, 900.000 krónur.

Ákærði Tryggvi greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti málsvarnarlaun, 700.000 krónur.

Ákærði Guðjón greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti málsvarnarlaun, 700.000 krónur.

Ákærða Erla greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti málsvarnarlaun, 700.000 krónur.

Aliærði Albert greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti málsvarnarlaun, 650.000 krónur.

Allan annan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, sem ákveðast samtals 2.500.000 krónur, greiði ákærðu í þessum hlutföllum:

Ákærðu Kristján og Sævar óskipt helming, ákærði Tryggvi 1/5 hluta, ákærði Guðjón 3/20 hluta, ákærða Erla 1/10 hluta og á kærði Albert 1/20 hluta.

V.5. Rannsókn sakamáls þessa er hin umfangsmesta á landi hér á síðari árum. Rangir og reikulir framburðir ýmissa þeirra, er rannsókn beindist gegn, ollu þeim, sem með rannsóknina fóru, miklum örðugleikum. Liggur geysimikil vinna í rannsókn málsins, og var m. a. freistað að beita þar ýmsum tækniúrræðum, er að haldi mættu .koma. Í fáein skipti verður eigi séð, að þess hafi verið gætt að benda sökuðum manni, sem yfirheyrður var fyrir rannsóknarlögreglu, á ákvæði 1. málsgr. 40. gr. laga nr. 74./1974, og við hefur horið, að yfirheyrsla hafi staðið samfelli lengur en 6 klukkustundir, sbr. 3. málsgr. 40. gr. sömu laga. Stöku sinnum bera bókanir ekki með sér, að reynt hafi verið að kveðja til réttargæslumenn eða verjendur við yfirheyrslu, þar sem slíkt hefði verið rétt. 1egna ummæla í málflutningi hér fyrir dómi þykir ástæða til að taka fram, að fangavirðum er eigi heimilt að hafa afskipti af rannsókn opinbers máls að eigin frumkvæði. Það er ámælisvert, að fangavörður laust einn hinna ákærðu kinnhest við yfirheyrslu, en ráðið verður af gögnum máls, að framkoma fangans við rannsóknarmenn í umrætt skipti hafi verið vítaverð.

#### Dómsorð:

Ákærði Kristján Viðar Viðarsson sæti fangelsi 16 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 23. desember 1975.

Ákærði Sævar Marinó Ciesielski sæti fangelsi 17 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 12. desember 1975.

Ákærði Tryggvi Rúnar Leifsson sæti fangelsi 13 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 27. október 1974 til 6. nóvember s. á. og frá 23. desember 1975.

Ákærði Guðjón Skarphéðinsson sæti fangelsi 10 ár.

Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 12. desember 1975 til 18. s. m. og frá 13. nóvember 1976.

Ákærða Erla Bolladóttir sæti fangelsi 3 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hennar frá 13. desember 1975 til 20. s. m, og frá 4. maí 1976 til 22. desember s. á.

Ákærði Albert Klahn Skaftason sæti fangelsi 12 mánuði. Til frádráttar fangelsisrefsingu hans komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 19. júní 1973 til 20. júlí s. á. og frá 23. desember 1975 til 19. mars 1976. Þá greiði hann 300.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 30 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og skaðabætur eiga að vera óröskuð.

Ákvæði héraðsdóms um réttargæslu og málsvarnarlaun eiga að vera óröskuð.

Ákærði Kristján Viðar Viðarsson greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Páli A. Pálssyni héraðsdómsslögmanni, málsvarnarlaun, 900.000 krónur.

Ákærði Sævar Marinó Ciesielki greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Jóni Oddssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, 900.000 krónur.

Ákærði Tryggvi Rúnar Leifsson greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttaxalögmanni, málsvarnarlaun, 700.000 krónur.

Ákærði Guðjón Skarphéðinsson greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, 700.000 krónur.

Ákærða Erla Bolladóttir greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, 700.000 krónur. Ákærði Albert Klahn Skaftason greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, 650.000 krónur.

Allan annan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 2:500.000 krónur samtals :fyrir báðum dómum, greiði ákærðu þannig: Ákærðu Kristján Viðar og Sævar Marinó óskipt helming, ákærði Tryggvi Rúnar 1/5 hluta, ákærði Guðjón 3/24 hluta, ákærða Erla 1/10 hluta og ákærði Albert Klahn 1/20 hluta.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. desember 1977.**

Ár 1977, mánudaginn 19. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af sakadómurinum Gunnlaugi Briem sem dómsformanni, Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 544-550/1977: Ákæruvaldið gegn Kristjáni Viðari Viðarssyni, Sævari Marinó Ciesielski, Tryggva Rúnari Leifssyni, Albert Klahn Skaftasyni, Erlu Bolladóttur, Ásgeiri Ebenezer Þórðarsyni og Guðjóni Skarphéðinssyni, sem tekið var til dóms 14. þ. m.

Málið er höfðað með ákæru, dagsettri 8. desember 1976, gegn ákærðu,

„1. Kristjáni Viðari Viðarssyni, Grettisgötu 82, Reykjavík, nú gæslufanga í Reykjavík, fæddum 21. apríl 1955 í Reykjavík, 2. Sævari Marinó Ciesielski, Þverbrekku 4, Kópavogi, nú gæslufanga í Reykjavík, fæddum 6. júlí 1955 að Stóra-Hofi í Gnúpverjahreppi, Árnessýslu,

3. Tryggva Rúnari Leifssyni, Selásbletti 14, Reykjavík, nú gæslufanga í Reykjavík, fæddum 2. október 1951 í Reykjavík,

4. Albert Klahn Skaftasyni, Laugavegi 46 A, Reykjavík, fæddum 16. febrúar 1955 í Reykjavík,

5. Erlu Bolladóttur, Þverbrekku 4, Kópavogi, nú gæslufanga í Reykjavík, fæddri 19. júlí 1955 í Reykjavík,

6. Ásgeiri Ebenezer Þórðarsyni, Sigtúni 35, Reykjavík, fæddum 15. ágúst 1950 í Reykjavík, og

7. Guðjóni Skarphéðinssyni, Rauðarástíg 32, Reykjavík, nú gæslufanga í Reykjavík, fæddum 19. júní 1943 í Vatnsdal, Austur-Húnavatnssýslu.

Er ákærðu gefið að sök að hafa gerst sek um eftirgreind brot:

## I.

1. Ákærðu Kristjáni Viðari, Sævari Marinó og Tryggva Rúnari er gefið að sök að hafa aðfaranótt sunnudagsins 27. janúar 1974 í félagi ráðist á Guðmund Einarsson, Hraunprýði, Blesugróf, fæddan 6. október 1955, í kjallaraíbúð að Hamarsbraut 11, Hafnarfirði, þáverandi heimili ákærða Sævars Marinós, og misþyrmt honum svo, þar á meðal með hnífstungum, er ákærði Kristján Viðar veitti honum, að hann hlaut bana af, og komið líki hans síðan fyrir á ókunnum stað.

Þykja ákærðu með fyrrgreindum verknaði hafa gerst brotlegir samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Ákærða Albert Klahn er gefið að sök eftirfarandi hlutdeild í fyrrgreindum verknaði með því að veita meðákærðu Sævari Marinó, Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari liðsinni við að fjarlægja og koma líki Guðmundar fyrir á ókunnum stað og þannig leitast við að afmá ummerki brotsins, bæði þegar fyrrgreinda nótt og síðar síðla sumars s. á., er líkamsleifar Guðmundar voru fluttar á enn annan stað. Fóru flutningar þessir fram í bifreiðum, er ákærði Albert Klahn hafði til umræða og ók.

Þykir ákærði Albert Klahn með fyrrgreindu atferli hafa gerst brotlegur samkvæmt 211. gr., sbr. 22. gr., 4. mgr., sbr. 1. mgr., hegningalaganna svo og við 112. gr., 2. mgr., sömu laga.

## II.

Gegn ákærða Tryggva Rúnari er málið höfðað fyrir eftirtalin hegningarlagabrot:

1. Að valda eldsvoða á Vinnuhælinu að Litla-Hrauni að kvöldi sunnudagsins 12. mars 1972 með því að kveikja í gömlum dagblöðum í timburklæddu þurrkherbergi í risi eldri hluta hússins, en á vinnuhælinu voru þá 35 fangar og 4 fangaverðir.

Þykir þetta aðallega varða við 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 1. mgr. 164. gr. sömu laga.

2. Nauðgunarbrot, framið í Reykjavík aðfaranótt sunnudagsins 27. október 1974, með því að þröngva K, 18 ára, . . . vegi . . . , Reykjavík, með líkamlegu ofbeldi til holdlegs samræðis við sig á heimili ákærða að Selásbletti 14, Reykjavík.

Þykir þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Að brjótast aðfaranótt miðvikudagsins 6. desember 1972 inn í verslunina Nesco, Laugavegi 10, Reykjavík, og stela þar þremur segulbandstækjum af gerðinni Grundig CN 224.

4. Að taka í heimildarleysi þriðjudaginn 2. apríl 1974 lítinn peningakassa í Frímerkjaversluninni, Óðinsgötu 3, Reykjavík. Í kassanum voru allt að kr. 1.300.

5. Að brjótast aðfaranótt þriðjudagsins 17. september 1974 inn í leirbrennslu Glits h/f að Höfðabakka 9, Reykjavík, og stela þar reiknivél, peningakassa og sjúkrakassa.

6. Að stela seðlaveski úr jakkavasa Hjálmars Baldurssonar á veitingahúsinu Röðli, Reykjavík, fimmtudaginn 7. nóvember 1974, en í veskinu voru auk skilríkja kr. 2.200 í peningum.

Þykja verknaðir þeir, er greinir í 3.-6. tölulið, varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

### III.

Gegn ákærða Sævari Marinó er málið höfðað fyrir eftirtalin þjófnaðarbrot í Reykjavík:

1. Að kvöldi sunnudagsins 24. mars 1974 fór ákærði inn í sælgætisverslunina að Vesturgötu 53 og stal þar kr. 31.700.

2. Í maí 1974 fór ákærði þrívægis í vörugymslu Eimskipafélags Íslands í Sundahöfn og stal þaðan áfengi. Í fyrsta sinni tók hann 6 koníakspela, 2 flöskur af Vodka og 3 flöskur af Whisky. Í næstu ferð tók ákærði alts 60 flöskur af áfengi og tvær ferðatöskur, er hann flutti áfengið í. Í þriðju og síðustu ferðinni tók ákærði síðan 12 flöskur af Vodka. Áfengi það, er ákærði tók í tveim síðari ferðunum, samtals 72 flöskur, seldi hann Ottó Sigurðssyni á kr. 1.000 hverja flösku.

3. Í júní 1974 tók ákærði í heimildarleysi allt að kr. 30.000 og þverflautu í starfsmannahúsi Farfuglaheimilisins við Baldursgötu í Reykjavík.

4. Aðfaranótt sunnudagsins 6. október 1974 stal ákærði veski, er hann var staddur í veitingahúsinu Tjarnarbúð.

Þykja verknaðir þeir, er að framan eru greindir, varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og auk þess, að því er 2. tölulið varðar, við 18. gr., sbr. 1. mgr. 39. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

### IV.

Gegn ákærðu Sævari Marinó og Erlu er málið höfðað fyrir eftirtalin hegningarlagabrot:

1. Laugardaginn 6. mars 1974 tók ákærði Sævar Marinó í heimildarleysi póstpoka við afgreiðslu Flugfélags Íslands á Reykjavíkflugvelli. Í poka þessum voru 37 póstávísanir, samtals að fjárhæð kr. 313.889, fimm blöð úr sparimerkjabókum, samtals kr. 20.040, 7 póstgíróseðlar, ávísanahefti við Útvegsbankann á Seyðisfirði og 19 ábyrgðarbréf, er innihéldu peninga og verðbréf. Hélt ákærði Sævar Marinó með pokann á heimili þeirra Erlu, og nýttu þau síðan þýfð í sameiningu.

Þykir háttsemi ákærða Sævars Marinós varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en háttsemi ákærðu Erlu við 1. mgr. 254. gr., sbr. 244. gr. sömu laga.

2. Skjalafals, framið í Reykjavík í apríl 1974, með því að nota í viðskiptum ávísanir, er ákærða Erla falsaði á eftirtalin eyðublöð úr ávísanahefti Jóns Sólbergs Nóasonar við Útvegsbanka Íslands:

a. A 449870, kr. 2.000, á sparisjóðsreikning nr. 2218. Gefin út til handhafa 20. apríl 1974. Nafn útgefanda er Jón Sólberg Nóason. Framseld með nafninu Sólveig Jónsdóttir, Sólheimum 27, R.vk., til greiðslu í söluturninum við Hálogaland.

b. A 449871, kr. 3.000, á sparisjóðsreikning nr. 2218. Gefin út til handhafa 25. apríl 1974. Nafn útgefanda er Jón Sólberg Nóason. Framseld með nafninu Sólveig Jónsdóttir, Sólheimum 27, Rvk., til greiðslu happdrættismiða hjá Krabbameinsfélagi Reykjavíkur.

Þykir þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Skjalafals, framið í Reykjavík í júní 1974, með því að nota í viðskiptum ávísanir, er ákærða Erla falsaði á eftirtalin eyðublöð úr ávísanahefti Björgólfs Stefánssonar við Útvegsbanka Íslands, Seyðisfirði:

a. D 11776, kr. 2.000 á sparisjóðsreikning nr. 5178. Gefin út til handhafa 26. júní 1974. Nafn útgefanda er Björgólfur Stefánsson. Framseld með sama nafni, s. 8256 7, Rvk., til greiðslu í sölu-turninum við Hlemmtorg.

b. D 11777, kr. 5.000 á sparisjóðsreikning nr. 5178. Gefin út til handhafa 28. júní 1974. Nafn útgefanda er Björgólfur Stefánsson. Framseld með nafninu Sigurbjörg Aðalst., Austurbrún 4, Rvk., til greiðslu í versluninni Útilíf í Glæsibæ.

c. D 11778, kr. 5.000 á sparisjóðsreikning nr. 5178. Gefin út til Silla og Valda 28. júní 1974. Nafn útgefanda er Björgólfur Stefánsson. Framseld með nafninu Sigurbjörg Aðalsteinsd. Austurbrún 4, Rvk., til greiðslu í verslun Silla og Valda í Glæsibæ.

Þykir þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

4. Fjársvik, framin í ágúst og október 1974:

Föstudaginn 23. ágúst 1974 lét ákærði Sævar Marinó ákærðu Erlu hringja frá Hjallavegi 31, Reykjavík, á Ritsímastöðina í Reykjavík og látast vera starfsstúlka á símsstöðinni í Grindavík. Sendi ákærða Erla síðan fimm póstávísanir, fjórar að fjárhæð kr. 100.000 hver og eina að fjárhæð kr. 75.000, eða samtals kr. 475.000. Sendanda kvað hún vera Hraðfrystihús Grindavíkur og móttakanda Unni Jökulsdóttur, Sálheimum 25, og skyldi féð afhent í Langholtsútibúi Pósts og síma. Ákærði Sævar Marinó lét síðan Guðrúnu Önnu Guðmundsdóttur, sem nú er látin, sækja féð í Langholtsútibú Pósts og síma mánudaginn 2.6. ágúst 1974.

Föstudaginn 18. október 1974 lét ákærði Sævar Marinó ákærðu Erlu hringja frá Grýtubakka 10, Reykjavík, á Ritsímastöðina í Reykjavík og látast vera starfsstúlka á símsstöðinni í Grindavík. Sendi ákærða Erla síðan fimm póstávísanir, samtals að fjárhæð kr. 475.000, á sama hátt og í ágústmánuði. Sendanda kvað hún vera Jón Guðmundsson, framkvæmdastjóra, en móttakanda Guðrúnu Sigríði Jónsdóttur, og skyldi féð afhent í pósthúsinu í Umferðarmiðstöðinni. Er ákærða Erla hugðist sækja féð þangað að morgni mánudagsins 21. október, var það ókomið, og bað hún um, að féð yrði afhent í pósthúsinu á Selfossi. Daginn eftir veitti ákærða Erla síðan viðtöku ávísun að fjárhæð kr. 475.000 í pósthúsinu á Selfossi gegn framvísun nafnskírteinis Guðrúnar Sigríðar Jónsdóttur. Ávísun þessa, sem gefin er út 22. október 1974 á hlaupareikning nr. 1129 í útibúi Landsbanka Íslands á Selfossi af K. Fossberg f. h. Pósts og síma, Selfossi, framseldi ákærða Erla síðan með nafninu Guðrún Sigríður Jónsdóttir, NNR 3268-1238, í útibúi Landsbanka Íslands, Selfossi.

Þykir þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að því er bæði ákærðu varðar, en auk þess, að því er varðar ákærðu Erlu, við 1. mgr. 155. gr. og 157. gr. sömu laga.



## V.

Gegn ákærðu Kristjáni Viðari og Sævari Marinó er málið höfðað fyrir eftirtalin þjófnaðarbrot í Reykjavík:

1. Síðari hluta árs 1972 stal ákærði Sævar Marinó Blaupunkt útvarpstæki úr bifreið, er ;stóð utan við heimili ákærða Kristjáns Viðars við Grettisgötu. Notuðu báðir ákærðu síðan tæki þetta til greiðslu á ökugjaldsskuld.

Þykir þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að því er ákærða Sævar Marinó varðar, en við 1. mgr. 254. gr., sbr. 244. gr. sömu laga, að því er ákærða Kristján Viðar varðar.

2. Fyrri hluta ársins 1973 brutust ákærðu inn í verslun að Laugavegi 92 og ;stálu þar nokkru magni af vindlingum, sælgæti, píputóbaki, pípum og gaskveikjurum auk nokkurrar skiptimyntar.

3. Gegn ákærðu Kristjáni Viðari og Sævari Marinó er málið höfðað fyrir að brjálást ásamt 3. manni í janúarmánuði 1974 tvívegis inn í hús Jóns Steffensen að Aragötu 3 í Reykjavík og stela þar eftirtöldum munum: minnispeningi í tilefni 100 ára afmælis Þjóðminjasafnsins, minnispeningi Sigurðar Nordal, gullminnispeningi Jóns Sigurðssonar, 3 Alþingishátíðarminnispeningum, 10 50 kr. peningum frá 1969, gullkvenúri, 20 karata gullarmbandi, kassa með ýmiss konar mynt, erlendri og íslenskri, eikarkassa með ýmsum skartgripum, 4 þriggja pela flöskum af lyfjaspíritus, 1 lítersflösku af spíritus, nokkrum áfengisflöskum, nokkru magni lyfja og tveimur bankabókum.

4. Í septembermánuði 1974 stálu ákærðu þremur ljóskösturum úr vörugymslu Eimskipafélags Íslands í Sundahöfn.

Þykir háttsemi sú, sem rakin er í töluliðum 2-4, varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

## VI.

Gegn ákærðu Sævari Marinó, Ásgeiri Ebenezer og Guðjóni er málið höfðað fyrir eftirgreind brot á lögum um ávana- og fíkniefni:

1. Gegn ákærðu Sævari Marinó og Ásgeiri Ebenezer er málið höfðað fyrir að hafa seinni hluta nóvember 1975 keypt í Rotterdam 2.5 kg af hassi, hvert kg fyrir 1.700 hollensk gyllini, og undirbúið síðan flutning efnisins til Íslands með því að fela það í bifreiðinni R 45248 í Rotterdam.

2. Gegn ákærða Guðjóni er málið höfðað fyrir að hafa í lok nóvember 1975 sent bifreið sína, R 45248, með skipi frá Rotterdam til Reykjavíkur, þrátt fyrir að honum væri ljóst, að ofangreint hassefni var falið í bifreiðinni, sem kom til Reykjavíkur 2. desember 1975 með m. s. Reykjafossi.

Teljast framangreind brot ákærðu varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974 um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.

## VII.

Gegn ákærða Kristjáni Viðari er málið höfðað fyrir að hafa ásamt öðrum manni:

1. Í ársbyrjun 1972 brotist inn í verslun að Laugavegi 92 í Reykjavík og stolið þar allt að 10 lengjum af vindlingum.
2. Í ársbyrjun 1972 brotist inn í veitingahúsið Silfurtunglið við Snorrabraut í Reykjavík og stolið þar allt að 24 flöskum af áfengi.
3. Aðfaranótt mánudagsins 15. janúar 1973 brotist inn í verslunina Málarrann, Bankastræti 7 A, Reykjavík, og stolið þar allt að kr. 5.000 í skiptimynt úr peningakössum og einni rúllu af veggfóðri.
4. Laugardaginn 5. janúar eða sunnudaginn 6. janúar 1974 brotist inn í húsið Borgartún 29 í Reykjavík og stolið þar í húsnaði fyrirtækisins Ljóstaks allt að kr. 2.000 í gömlum peningaseðlum og gamalli mynt og enn fremur kr. 1.400 úr afgreiðsluborði.

Þykir háttsemi sú, sem rakin er í töluliðum 1-4 að framan, varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

## VIII.

Gegn ákærða Albert Klahn er málið höfðað fyrir:

1. Að hafa í maímánuði 1974 aðstoðað ákærða Sævar Marínó við að flytja hluta af áfengi því, er um getur í III, 2 að framan, frá Sundahöfn heim til ákærða Sævars Marínós að Álíheimum 40 svo og fyrir að veita viðtöku nokkru magni áfengis sem endurgjaldi fyrir flutningana.

Þykir þetta varða við 1. mgr. 254. gr., sbr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Eftirtalin brot á lögum um ávana- og fíkniefni:

a) Um miðjan apríl 1973 tekið við og neytt 10 gr af Marihuana, sem Sævar Marínó sendi ákærða frá Kaupmannahöfn til heimilis hans í Reykjavík.

b) Í maí 1973 keypt af Gunnari Inga Ægissyni 10 gr af morfínbasa fyrir kr. 10.000 að Brekkustíg 7 í Reykjavík, neytt sjálfur og gefið öðrum af helmingi efnismagns, en ákærði fleygði afganginum, er hann komst að raun um, hvert efnið var, en hann hafði talið, að um Psílocybin væri að ræða.

c) Í júní 1973 tekið við og geymt að Njálsgötu 44 í Reykjavík .fyrir Sævar Marínó 150-160 þynnur af LSD og plastbréf með um 50 töflum af LSD, afhent Agnari Agnarssyni 45 þynnur af LSD að Njálsgötu 44 og skömmu síðar afhent nefndum Agnari 30 þynnur af LSD á Laugavegi í bifreið, sem ákærði hafði til umráða. Um sama leyti keypt 5 gr af hassi fyrir kr. 1.500 af Sævari Marínó að Njálsgötu 44. Um svipað leyti selt Agnari Agnarssyni 10 gr af hassi á kr. 300 hvert gramm að Grettisgötu 82, enn fremur keypt 11 töflur af LSD af nefndum Sævari Marínó á kr. 300-400 hvert stykki og síðar selt þær ónefndum aðila fyrir kr. 3.500.

d) Í september 1973 keypt 5 gr af hassi fyrir kr. 2.500 af Sigurþór Stefánssyni að Framnesvegi 61 í Reykjavík. e) Um miðjan október 1973 keypt í félagi við aðra hass

fyrir kr. 100.000, en framlag ákærða var kr. 20.000, hvert gramm á rúmar kr. 300, af Benóný Ægissyni að Vesturgötu 24 í Reykjavík og selt skömmu síðar ónefndum aðila af sínum efnishluta, sem nam 80 grömmum, fyrir kr. 15.000, hvert gramm á kr. 350, en neytt sjálfur og gefið öðrum afganginn.

f) Föstudaginn 26. október 1973 keypt 23 skammta af LSD fyrir kr. 7.000 af Hinrik Jóni Þórisssyni að Vesturgötu 24 í Reykjavík, neytt um helmings taflnanna og afhent síðan Kristjáni Viðari Viðarssyni afganginn.

g) í lok janúar 1974 keypt 120 grömm af hassi, á kr. 350 hvert gramm, af Sævari Marinó að Grettisgötu 82 í Reykjavík og nokkru síðar keypt ásamt Inga Rafni Bæringssyni 60 gr af hassi á kr. 400 hvert gramm af nefndum Sævari Marinó að Grettisgötu 82. Um sama leyti selt Kára Sigurðssyni 20 gr af hassi fyrir kr. 13.000 að Njálsgötu 46 og selt Hákonu Arnari Hákonarsyni 15 gr af hassi fyrir kr. 6.000 utan við húsið að Njálsgötu 49 í Reykjavík.

h) Hinn 20. mars 1974 keypt í Kaupmannahöfn hass fyrir rúmar danskar krónur 400, flutt 36 grömm af efninu hingað til lands 22. sama mánaðar, falið í vindlingapakka, en nokkurs hluta efnisins hafði ákærði þá neytt í Kaupmannahöfn.

Teljast brot þau, sem í liðum a-g greinir, varða við 5. gr., sbr. 6. gr, laga nr. 77/1970 um tilbúning og verslun með ópíum o. fl., en brot það, sem greinir í h lið, einnig við 1. gr. nefndra laga, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969 um ávana- og fíkniefni, sbr. nú 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974 um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.

## IX.

Þess er krafist, að öll ákærðu verði dæmd til refsingar, til greiðslu skaðabóta, eftir því sem krafist verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess og krafist, að ákærðu Sævari Marinó og Ásgeiri Ebenezer verði gert að sæta upptöku á 2.5 kg af hassi, sem hald var lagt á samkvæmt 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. VI, 1, að framan."

Þá er málið höfðað með ákæru, dags. 16. mars 1977, gegn ákærðu Kristjáni Viðari, Sævari Marinó, Guðjóni og Erlu fyrir „eftirgreind hegningarlaga brot:

### I. Manndráp.

Ákærðu Kristjáni Viðari, Sævari Marinó og Guðjóni er gefið að sök að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 20. nóvember 1974 í félagi ráðist á Geirfinn Einarsson, þá til heimilis að Brekkubraut 15, Keflavík, í Dráttarbrautinni í Keflavík og misþyrmt honum þar svo, að hann hlaut bana af. Fluttu þeir síðan um nóttina lík hans í bifreið, er ákærði Guðjón ók, að heimili ákærða Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82 í Reykjavík.

Fimmtudaginn 21. sama mánaðar fluttu ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marinó og Erla lík Geirfinns í bifreið, er Erla ók, frá Grettisgötu 82 að Rauðhólum, með viðkomu á bensinstöð á Ártúnshöfða, þar

sem tekið var bensín á brúsa. Í Rauðhólum greftruðu þau líkamsleifar Geirfinns eftir að hafa hellt bensíni á líkama hans og lagt eld í.

Þykja ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marinó og Guðjón með framangreindu atferli hafa gerst brotlegir samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ákærða Erla þykir með liðsinni sínu, svo sem rakið var, og með því að leitast þannig við að afmá ummerki brotsins hafa gerst brotleg samkvæmt 211. gr., sbr. 22. gr., 4. mgr., sbr. 1. mgr., hegningarlaganna svo og samkvæmt 112. gr., 2. mgr., sbr. 1. mgr., sömu laga.

Ákærða Kristjáni Viðari er ennfremur gefið að sök að hafa eftir komu þeirra félaga með lík Geirfinns að Grettisgötu 82 stolið seðlaveski Geirfinns úr brjóstvasa hans, sem í voru 5.000 krónur auk ýmissa skilríkja, og teikniblýanti hans. Varðar það við 244. gr. almennra hegningarlaga.

## II. Rangar sakargiftir.

Ákærðu Kristjáni Viðari, Sævari Marinó og Erlu er gefið að sök að hafa á árinu 1976 gerst sek um rangar sakargiftir í skýrslum, er þau gáfu rannsóknarlögreglunni í Reykjavík og á dómþingi sakadóms Reykjavíkur.

Voru það samantekin ráð þeirra að bera í skýrslum þessum þær röngu sakir á Einar Gunnar Bollason, Heiðvangi 5, Hafnarfirði, Magnús Leópoldsson, Lundarbrekku 10, Kópavogi, Sigurbjörn Eiríksson, Laufásvegi 17, Reykjavík, og Valdimar Olsen, Framnesvegi 61, Reykjavík, að þeir hefðu átt hlut að dauða Geirfinns Einarssonar og smyglbrotum. Leiddu þessar sakargiftir til þess, að fyrrgreindum mönnum var gert að sæta langvinnu gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar þessara sakarefna. Voru Einar Gunnar, Magnús og Valdimar í gæsluvarðhaldi af þessum sökum frá 26. janúar 1976 til 9. maí s. á., en Sigurbjörn frá 11. febrúar 1976 til 9. maí s. á.

Ákærða Kristjáni Viðari er gefið að sök að hafa borið þessar sakir á fyrrgreinda menn sem hér segir:

a) Á Einar Gunnar Bollason fyrir rannsóknarlögreglu 23. og 27. janúar, 10. febrúar, 18. mars og 20. apríl og á dómþingi sakadóms 31. mars og 6. apríl.

b) Á Magnús Leópoldsson fyrir rannsóknarlögreglu 27. janúar. c) Á Sigurbjörn Eiríksson fyrir rannsóknarlögreglu 27. janúar, 10. febrúar, 18. mars og 20. apríl og á dómþingi sakadóms 31. mars.

d) Á Valdimar Olsen fyrir rannsóknarlögreglu 27. janúar, 10. febrúar, 18. mars og 20. apríl og á dómþingi sakadóms 31. mars og 8. apríl.

Ákærða Sævari Marinó er gefið að sök að hafa borið þessar sakir á sömu menn sem hér segir:

a) Á Einar Gunnar Bollason fyrir rannsóknarlögreglu 22., 25. og 27. janúar, 10. febrúar og 8. maí og á dómþingi sakadóms 1. apríl.

b) Á Magnús Leópoldsson fyrir rannsóknarlögreglu 22., 25. og 27. janúar og 8. maí og á dómþingi sakadóms 1. apríl.

c) Á Sigurbjörn Eiríksson fyrir rannsóknarlögreglu 27. janúar, 10. febrúar og 8. maí.

d) Á Valdimar Olsen fyrir rannsóknarlögreglu 22., 25. og 27. janúar, 10. febrúar og 8. maí og á dómþingi sakadóms 1. apríl.

Ákærðu Erlu Balladóttur er gefið að sök að hafa borið þessar sakir á sömu menn sem hér Segir:

a) Á Einar Gunnar Bollason fyrir rannsóknarlögreglu 23. janúar, 3. og 10. febrúar, 3. mars, 4. maí og 1. september og á dómþingi sakadóms 30. mars.

b) Á Magnús Leópoldsson fyrir rannsóknarlögreglu 23. janúar, 3. og 10. febrúar, 4. maí og 1. september og á dómþingi sakadóms 30. mars og 7. apríl.

c) Á Sigurbjörn Eiríksson fyrir rannsóknarlögreglu 3. og 10. febrúar og 1. september og á dómþingi sakadóms 30. mars.

d) Á Valdimar Olsen fyrir rannsóknarlögreglu 3. febrúar og 1. september.

Þykja ákærðu með framangreindum Sakargiftum, svo sem rakið hefur verið í þessum kafla ákærunnar, öll hafa gerst brotleg við 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga.

### III. Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Dæma skal um fjárkröfur, Sem uppi kunna að vera hafðar í málinu, og um kröfur til birtingar dóms samkvæmt 2. mgr. 148. gr. hegningarlaganna".

Málavextir eru þessir:

Ákæra, dags. 8. desember 1976. I. A. Að morgni þriðjudagsins 29. janúar 1974 kom Einar Baldursson verkamaður, Hraunprýði, Blesugróf, Reykjavík, á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar þar og greindi frá því, að laugardagskvöldið 26. sama mánaðar hefði Guðmundur sonur hans farið að heiman klukkan um 2000, en síðan hefði ekkert til hans spurst. Kvað hann Guðmund aldrei fyrr hafa verið í burtu nóttu lengur án þess að láta foreldra sína vita. Daginn áður hefði verið auglýst eftir honum og vinir hans leitað hans, en enginn árangur orðið.

Rannsóknarlögreglan tilkynnti hvarf Guðmundar Einarssonar þegar í stað Slysavarnarfélagi Íslands sem og lögreglunni í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði. Jafnframt hófu 10-12 sveitir skáta og manna frá Slysavarnarfélagi Íslands leit að Guðmundi frá Fossvogi og suður um Hafnarfjörð, en þar sem um 60 cm snjólag var yfir öllu, var ekki unnt að leita í hrauninu eða á óbyggðum svæðum utan vega. Sunnudaginn 2. febrúar 1974 var Guðmundar enn leitað, en þótt nokkuð hefði þá rignt, voru leitarskilyrði ekki góð, að því er í lögregluskýrslu greinir. Leitirnar báru engan árangur.

Myndir birtust af Guðmundi Einarssyni í dagblöðum 30. og 31. janúar 1974, þar sem einnig var skýrt frá hvarfi hans. Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands var veður í Straumsvík þann 26. janúar 1974, klukkan 2100: aust- norðaustan 3-8 vindstig, 3.8 gráðu hiti og úði á síðustu 6 klukkustundum, en þann 27. janúar 1974, klukkan 0900: sunnan 9-10 vindstig, 0.9 gráðu hiti og snjócoma. Úrkomumagnið á sama stað var 15.8 mm frá klukkan 0900 hinn 26. janúar 1974 til sama tíma næsta dags og 4.6 mm frá klukkan 0900 hinn 27. janúar 1974 til sama tíma næsta dags.

Hinn 29. janúar 1974, klukkan 1930, hringdi stúlka að nafni Elínborg Rafnsdóttir til rannsóknarlögreglu og sagðist hafa verið á ferð um Strandgötu í Hafnarfirði ásamt annarri stúlku, um klukkan 0200; aðfaranótt síðastliðins sunnudags og, svo sem í lögregluskýrslu greinir, „þá séð Guðmund þar á gangi nálægt bíóinu. Sagðist kannast við hann í sjón. Sagði með með (svo) honum hefði verið annar piltur eitthvað eldri með dökkskollitað hár og í gulri skyrtu, jakkalaus og nokkuð ölvaður. Piltarnir hefðu verið að reyna að stöðva bíl, en þær ekki þorað að stansa sökum sláttar í þeim í gulu skyrtunni, en hann þekkti Elínborg ekki." Rannsóknarlögreglan tók ekki skýrslur af þeim stöllum á þessum tíma, en vætti þeirra verða rakin síðar í málinu.

Hinn 31. janúar 1974, klukkan 1140, hringdi Sveinn Björnsson, yfirlögregluþjónn í Hafnarfirði, til rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík og sagði, að til sin hefði hringt maður að nafni Sveinn Vilhjálmsson og sagst hafa séð Guðmund Einarsson aðfaranótt sunnudagsins 27. s. m. neðst á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði. Rannsóknarlögreglan tók ekki skýrslu af Sveini, en hafði tal af honum samdægurs, og er meðal annars eftirfarandi bókað um það samtal: „Þeir hefðu verið að aka um Hafnarstrætið um nóttina og svo norður Reykjavíkurveg, en nokkurn spotta uppi á Reykjavíkurveginum hefði mikið ölvaður strákur, sem hefði verið dettandi, að reyna að stöðva bíla (sic). Sagði að strákurinn hefði verið með mikið hár og í köflóttum jakka . . . Sveinn sagðist svo hafa séð mynd af Guðmundi í Morgunblaðinu og sagðist ekki sjá betur en að þarna væri um lama strák að ræða og því hefði hann látið lögregluna vita um þetta. Hefði verið um 02.15-02.30".

Einnig hafði rannsóknarlögreglan samdægurs tal af Smára Kjartani Kjartanssyni, sem var með Sveini í bifreiðinni, án þess þó að af honum væri tekin skýrsla, en um samtalið er meðal annars eftirfarandi bókað í lögregluskýrslu: „Taldi, að það hefði verið nálægt kl. 03.00, sem þeir komu neðan úr bæ og óku norður Reykjavíkurveg og er þeir komu að ljósunum við Frystihúsið, hefði verið þar á gangi nokkuð ölvaður strákur, en samt ekki mikið fullur. Hann hefði baðað út höndum og verið að reyna að stöðva bíla og hefði gengið í veg fyrir bílinn hjá sér og dottið fyrir framan hann. Sagðist hafa stansað og svo haldið áfram, er strákurinn var staðinn upp og búinn að koma sér frá . . . Gat ekki lýst piltinum, nema hvað hann hefði verið með mikið hár".

Vitnið Sveinn Rúnar vilhjálmsson sjómaður, Smyrlahrauni 42, Hafnarfirði, kom fyrir dóm hinn 26. apríl 1977 og staðfesti fyrrnefnda frásögn sína. Kvaðst vitnið hafa verið að aka um Hafnarfjörð ásamt öðrum mönnum aðfaranótt 27. janúar 1974 og verið statt neðst á Reykjavíkurvegi á móts við Hverfisgötu á tímanum frá klukkan 0215-0230; eða litlu eftir lokun samkomuhúsa, og þá tekið eftir .mikið ölvuðum manni á gangstéttinni, sem var að reyna að stöðva bifreiðar. Maður þessi var stór með dökkt, mikið hár. Hann var yfirhafnarlaus og í köflóttum jakka. Maðurinn gekk út á götuna í veg fyrir bifreiðina, hrasaði, en stóð strax upp aftur, og virtist vitninu honum. ekki verða meint af fallinu. Minnti vitnið, að fremur hált hefði verið á götum og snjóþæfingur. Vitnið kvaðst hafa lesið í blöðum einhvern næstu daga, að lýst var eftir Guðmundi Einarssyni, séð þar mynd af honum, og var það ekki í neinum vafa um, að umræddur maður hefði verið Guðmundur Einarsson.

Vitnið Smári Kjartan Kjartansson, Reykjakoti, Árnessýslu, kom fyrir dóm hinn 15. apríl 1977. Vitnið kvaðst hafa verið að aka um Hafnarfjörð aðfaranótt 27. janúar 1974 ásamt tveim öðrum piltum. Þegar þeir voru staddir á Reykjavíkurvegi við frystihúsið Frost h/f á tímabilinu frá kl. 0200 til 0300; kveðst vitnið hafa tekið eftir nokkuð mikið druknum manni, sem var að reyna að stöðva bifreiðar. Maðurinn fór út á götuna í veg fyrir bifreiðina og datt þar. Þurfti að nema staðar af þessum sökum. Maðurinn stóð upp aftur, og varð vitnið ekki vart við, að hann væri neitt eftir sig af byltunni. Vitnið

gat hvorki lýst manninum né klæðnaði hans. Það gat ekki borið um, hvort nefndur maður hefði verið Guðmundur Einarsson.

Elías Kristján Helgason iðnnemi, Norðurvangi 12, Hafnarfirði, sem var með þeim Sveini Rúnari og Smára Kjartani í bifreiðinni greint sinn, kom einnig fyrir dóm sem vitni hinn 15. apríl 1977. Gat vitnið þá ekkert um málsatvik borið.

Við frumrannsókn lögreglu á hvarfi Guðmundar Einarssonar kom í ljós, að hann hafði að kvöldi laugardagsins 26. janúar 1974 verið við áfengisneyslu hjá kunningja sínum Sigurbirni Haraldssyni að Tjarnarflöt 10 í Garðabæ ásamt Kristni Magnússyni, Ásgeiri Þorsteinssyni og fleirum, en síðan hefðu þeir farið á dansleik í Alþýðuhúsið í Hafnarfirði. Rannsóknarlögreglan hafði tal af nefndum þremur piltum hinn 29. janúar 1974, en skýrslur voru ekki teknar af þeim.

Fyrrnefndir piltar voru yfirheyrðir fyrir dómi hinn 22. mars 1977.

Vitnið Kristinn Már Magnússon verkamaður, Dalbæ, Blesugróf, Reykjavík, skýrði frá því, að það hefði farið heim til Guðmundar Einarssonar eftir kvöldmat hinn 26. janúar 1974. Kvað vitnið þá hafa haft áfengi um hönd þar heima, en eftir nokkra viðdvöl haldið hem til Sigurbjörns Haraldssonar að Tjarnarflöt 10 í Garðabæ og dvalist þar við áfengisneyslu fram undir miðnætti, en farið þá á dansleik í Alþýðuhúsið í Hafnarfirði. Vitnið varð viðskila við Guðmund á dansleiknum og mundi ekki, hvenær það sá hann síðast. Vitnið kvað Guðmund hafa verið eitthvað með áfengisáhrifum, en ekki mikið. Hann hefði verið í jakka, en yfirhafnarlaus, og gat vitnið ekki lýst klæðnaði hans nánar. Vitnið kvað þá Guðmund hafa verið mikið saman, enda nágrannar og vinnufélagar. Hefði Guðmundur verið góður félagi, mjög hægur og stilltur. Aldrei kvaðst vitnið hafa orðið vart við, að Guðmundur væri með nokkrar illdeilur við aðra.

Vitnið Sigurbjörn Kristinn Haraldsson húsasmiður, Köldukinn 20, Hafnarfirði, kvað þá Guðmund Einarsson, Kristin Má Magnússon og Ásgeir Þorsteinsson hafa komið heim tii þess að Tjarnarflöt 10 í Garðabæ á milli klukkan 2100 og 2200 að kvöldi laugardagsins 2.6. janúar 1974. Áfengi var haft um hönd heima hjá vitninu, og var :Guðmundur eitthvað með áfengisáhrifum, en ekki mikið. Dvalist var heima hjá vitninu þar til klukkan 2300 eða 2330 um kvöldið, en þá farið á dansleik, sem haldinn var í Alþýðuhúsinu í Hafnarfirði. Eftir að inn á dansleikinn kom, settust þeir saman við borð, en fljótlega hefðu þeir Guðmundur og Ásgeir horfið þaðan, og kvaðst vitnið ekki hafa séð þá eftir það. Vitnið staðhæfði, að þeir Kristinn Már hefðu verið að svipast um eftir Guðmundi og Ásgeiri, eftir að dansleik lauk, en fundum þeirra ekki borið saman. Um klæðnað Guðmundar gat vitnið borið það eitt, að hann hefði verið í köflóttum jakka og frakkalaus. Vitnið kvaðst hafa þekkt Guðmund Einarsson allvel og ekki orðið vart við, að hann væri með áreitni í garð annarra.

Vitnið Ásgeir Þorsteinsson nemandi, Bakkakoti, Blesugróf, Reykjavík, kvað þá félagar hafa setið að sumbli hjá Sigurbirni að Tjarnarflöt 10 í Garðabæ, en farið á dansleikinn upp úr klukkan 2300. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við Guðmund Einarsson, eftir að inn á dansleikinn kom, og ekkert vita, hvað af honum varð. Hann hefði verið nokkuð mikið með áhrifum áfengis. Vitnið kvað Guðmund hafa verið yfirhafnarlausan, í stökum jakka og buxum, en nánar gat vitnið ekki borið um klæðnað hans. Vitnið kveðst hafa þekkt Guðmund Einarsson frá barnæsku og hefðu þeir verið mikið saman. Guðmundur hefði verið heilsuhaustur, hann hefði ekki neytt áfengis í óhófi og ekki snert lyf, enda taldi vitnið hann hafa verið mótfallinn slíku. Hann hefði verið óvenjulega hjálpsamur og aldrei stofnað til illinda sjálfur, enda þótt hann hefði verið vel að manni og ekkert dusilmenni. Vitnið sagði þá

Guðmund hafa kannast við ákærða Kristján Viðar, frá því að þeir voru allir saman í skóla, og taldi, að þeir Guðmundur hefðu báðir kannast við ákærða Sævar Marinó í sjón.

Vitnin Lára Gylfadóttir, Ásenda 14, Reykjavík, Anna Viðarsdóttir, Flókagötu 62, Reykjavík, og Gunnar Þór Árnason, Fögrubrekku 21, Kópavogi, kváðust öll hafa séð Guðmund Einarsson á fyrrgreindum dansleik í Hafnarfirði. Vitnið Anna taldi, að hann hefði verið mikið ölvaður, og vitnið Gunnar Þór hugði, að hann hefði verið eitthvað við skál. Ekkert vitnanna sá hann, eftir að dansleik lauk.

Einar Baldursson verkamaður, Hraunprýði, Blesugróf, Reykjavík, faðir Guðmundar Einarssonar, kom fyrir dóm sem vitni hinn 22. mars 1977. Vitnið skýrði frá því, að Guðmundur sonur þess hefði farið að heiman að kvöldi laugardagsins 26. janúar 1974, um klukkan 2000, og ekki sést síðan. Hefðu þrír piltar komið að sækja hann og hann farið með þeim. Vitnið sá mönnunum bregða fyrir, er þeir hurfu á brott, en tók ekki eftir, hverjir þeir voru. Guðmundur og piltar þeir, sem með honum voru, hefðu neytt áfengis, áður en þeir fóru. Vitnið vissi ekkert, hvert förinni var heitið, og heyrði ekki fyrr en síðar, að þeir hefðu farið í Alþýðuhúsið í Hafnarfirði. Vitnið vissi ekkert um, hvaða verðmæti Guðmundur hafði meðferðis. Guðmundur var klæddur í köflóttan jakka, grænleitar buxur og var í brúnum skóm. Ekki vissi vitnið, í hvernig skyrtu hann var, en hann var ekki í yfirhöfn. Vitnið kvaðst aldrei hafa heyrt ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marinó og Tryggva Rúnar nefnda á nafn fyrir hvarf Guðmundar, en frétt síðar, að þeir Guðmundur og ákærði Kristján Viðar hefðu verið saman í barnaskóla. Guðmundur var fæddur og uppalinn í Reykjavík og hafði ætíð búið heima hjá foreldrum sínum. Bræðurnir hefðu verið fjórir og Guðmundur næst elstur þeirra. Guðmundur var ágætur á heimili, stilltur og rólegur, hjálpaði til eftir þörfum og var frekar lítið úti við á kvöldin. Þó hefði komið fyrir, að hann fór í kvikmyndahús og á dansleiki, en vanalega komið fljótlega heim aftur og aldrei verið næturlangt að heiman, áður en hann hvarf. Guðmundur var að ljúka gagnfræðanámi, en hugur hans staðið til vélfræðináms og hann verið kominn með bækur þess efnis. Guðmundur hefði verið heilsuhraustur og ekki notað lyf af nokkru tagi, en bragðaði áfengi með kunningjum sínum, þótt vitnið hefði aldrei séð hann ölvaðan. Guðmundur var frekar vel að manni og stilltur í skapi. Vitnið kvað lögreglu ekki hafa leitað í föggum Guðmundar og sjálfst hefði það ekkert fundið, svo sem dagbækur eða annað, sem varpað gæti ljósi á mál þetta.

Að sögn móður Guðmundar var hann yfirhafnarlaus, er hann fór að heiman, og var ekki með hring, sem hann átti, en hins vegar var hann með armbandsúr og seðlaveski, sem ekki hafa komið í leitirnar.

Vitnin Bjarnfríður Hjördís Guðjónsdóttir, Rjúpufelli 21, Reykjavík, Benedikt Garðar Eypórsson, Álfrólsvægi 76, Kópavogi, og Grétar Jóhannes Sigvaldason, D götu 5, Blesugróf, Reykjavík, sem öll þekktu Guðmund, báru honum vel söguna og fullyrtu, að hann hefði aldrei troðið illsakir við aðra. Sömuleiðis staðhæfði Pétur Snæland, vinnuveitandi Guðmundar, að hann hefði verið sérstaklega góður starfsmaður og haft mikið til brunns að bera.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur Guðmundur Einarsson hvorki sætt ákæru né refsingu.

Fram hefur verið lagt í málinu fæðingavottorð Guðmundar, þar sem hann er talinn fæddur 6. ágúst 1955, og hefur faðir hans staðfest réttmæti þessa. Fæðingarmánuður hans hefur misritast í ákæruskjali.

B. Erla Bolladóttir var fyrst yfirheyrð um atvik máls þessa hjá rannsóknarlögreglu hinn 20. desember 1975. Tilfni skýrslutökunnar var, „að rannsóknarlögreglunni hefur borist til eyrna, að sambýlismaður



Erlu geti hugsanlega verið viðriðinn hvarf Guðmundar Einarssonar aðfaranótt 27. janúar 1974". Eftir að Erlu hafði verið gerð ljás vitnaskyldan sem og að henni væri ekki skylt að bera vitni, þar sem vitnisburður hennar kynni að beinast gegn sambýlismanni hennar, ákærða Sævari Marinó, skýrði hún frá því, að laugardagskvöldið næst fyrir mót janúar og febrúarmánaðar árið 1974, þ. e. 26. janúar, hefði hún verið ein síns liðs á dansleik í samkomuhúsinu Klúbbnum í Reykjavík. Að dansleik loknum, klukkan um 0200, kvaðst Erla hafa gefið sig á tal við stúlku, sem hún kannaðist við, Auði Úlfarsdóttur Jacobsen, sem verið hefði ásamt fleira fólki á gamalli Mercedes Benz bifreið fyrir utan samkomuhúsið. Var ætlun Erlu að fá akstur heim til sín, þar sem hún átti ekki fyrir leigubifreið. Eftir að hafa dvalist nokkra stund í samkvæmi í einkahúsi, hefðu Auður, unnusti hennar og ökumaður bifreiðarinnar ekið henni að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði, þar sem hún hefði á þessum tíma búið með ákærða Sævari Marinó, þótt hann hefði stundum verið að heiman sólarhringum saman og sambúð þeirra yfirleitt verið fremur stíð.

Erla taldi, að hún hefði komið heim til sín klukkan um 0330 til 0400. Minntist hún þess ekki, að hún hefði séð ljás Toga í húsinu. Þau Sævar Marinó hefðu haft til umráða íbúð í kjallara hússins, þ. e. tvö herbergi og geymslu, en auk þess hefði verið þar gangur, snyrtiherbergi og kyndi- og þvottaherbergi, sem hefðu verið sameiginleg með íbúum á hæðinni fyrir ofan og í risi. Erla staðhæfði, að þau Sævar Marinó hefðu einungis haft einn lykil að útidyrum kjallarans, hún ekki verið með hann umrætt sinn og því orðið að skríða inn um gluggann á kyndi- og þvottaherberginu, enda ekki óalgengt, að þau Sævar Marinó hefðu notað þessa leið inn í húsið, þegar þau voru ekki með lykil. Dyrnar úr kyndi- og þvottaherberginu hafi verið lokaðar, en dyrnar inn í geymsluna, sem var inn af því, verið opnar, og mundi hún ekki fyrir víst, hvort nokkur hurð hefði verið í þeim á þessum tíma. Erla kvaðst hafa farið fram á ganginn og úr honum inn í stofuna. Minnti hann, að stofudyrnar hefðu verið lokaðar. Erla fullyrti, að dyrnar úr stofunni inn í svefnherbergið hefðu verið lokaðar og kvaðst örugg um, að þær hefðu verið opnar, þegar hún fór úr íbúðinni, og því hlyti einhver að hafa komið þangað í fjarveru hennar. Erla sagðist ekki hafa kveikt ljós, fyrr en hún kom inn í svefnherbergið. Veitti hún því athygli, að úr sykurpoka, sem verið hefði á borðhillu þar í herberginu, hafði hellst sykur, en svo hefði örugglega ekki verið um morguninn.

Erla kvaðst hafa verið þreytt, þegar heim kom, en ekki ölvuð, og farið beinustu leið í rúmið. Hún hefði slökkt ljósið, ekki háttað, en lagst fyrir í öllum fötunum. Hefði hún þá tekið eftir því, að stórt, ljóst lak, sem náð hefði yfir tvíbreitt rúmið, var horfið, og þótti henni þetta furðulegt, þar sem hún hafði ekki sjálf fjarlægt það úr rúminu. Erla kvaðst hafa sofnað mjög fljótlega, en vaknað við eitthvað þrusk fyrir utan herbergisgluggann, og taldi hún, að hún hefði þá aðeins verið búin að sofa mjög stutt. Erlu fannst eins og þruskið hyrfi fyrir húshornið og sofnaði aftur. Öðru sinni vaknaði hún þessa nótt og taldi, að það hefði verið mjög skömmu síðar. Hefði hún þá heyrt umgang í ganginum og augljóst verið, að einhver eða einhverjir væru komnir inn í kjallarann. Heyrðist Erlu á umganginum, að fleiri væru á ferð og væru með eitthvað þungt, sem þeir bæru. Erla kvaðst hafa farið fram úr rúminu og inn í stofuna og þá tekið eftir því, að hurðin úr henni og fram í ganginn var í hálfá gátt, enda þótt hún hefði örugglega lokað henni á eftir sér, þegar hún kom heim. Ekki sagðist Erla hafa kveikt ljós eða gert vart við sig á annan hátt, en staðið til hliðar við dyrnar á milli gangsins og stofunnar, þannig að hún sást ekki úr ganginum né sá sjálf fram á ganginn, en sá þó, að birta var í ganginum. Erla kvaðst nú hafa heyrt, að þeir, sem þarna voru á ferð, fóru úr ganginum inn í kyndi- og þvottaherbergið og, að því er henni fannst, inn í geymsluna þar inn af. Erla kvaðst nú hafa verið orðin alveg viss um, að fleiri en einn væru þarna á ferð, því að hún hefði heyrt mannamál, þótt hún næmi ekki orðaskil. Staðhæfði hún, að hún hefði þekkt raddir tveggja manna, Sævars Marinós, sambýlismanns síns, og kunningja hans og

vinar, Kristjáns Viðars Viðarssonar. Einnig fannst henni hún heyra þriðja manninn tala, en ekki þekkt rödd hans. Erla kvaðst hafa staðið nokkra stund í ganginum rétt við dyrnar inn í kyndi- og þvottaherbergið, heyrt raddir mannanna innan úr geymsluherberginu, en enn ekki greint orðaskil. Einnig hefði hún heyrt, að eitthvað var um að vera hjá mönnum þessum og þeir virst vera að eiga við eitthvað þungt. Erla kvaðst nú hafa farið í dyrnar milli gangsins og kyndi- og þvottaklefans og ekki komist hjá því að sjá, hvað fram fór inni í geymsluherberginu, þar sem dyrnar þangað inn hefðu verið beint á móti. Birtan hefði komið úr kyndi- og þvottaklefanum, en ljós ekki logað í geymslunni, en þó hefði verið nógu bjart þar inni, til þess að hún sæi greinilega, hvað þar átti sér stað.

Erla staðhæfði, að hún hefði séð þá Sævar Marinó, Kristján Viðar og þriðja manninn, sem hún hefði ekki þekkt, inni í geymsluherberginu. Hefðu þeir verið með á milli sín eitthvað stórt og þungt, sem umlukið var ljósu laki. Hefði Sævar Marinó bograð við annan endann og verið að binda hann saman, Kristján Viðar gengið um og barið krepptum hnefa í lófa sér, en þriðji maðurinn ekkert sérstakt aðhafst. Erla kvaðst ekki hafa séð, hvað í lakinu var, en verið þess fullviss, að í því væri mannslíkami. Virtist henni, að maðurinn í lakinu lægi eiginlega á bakinu, með hnén kreppt upp að maganum. Fætur og sitjandi mannsins hefðu staðið út í lakið og snúið að henni og hefði hún mjög greinilega séð móta fyrir þessum líkamshlutum. Erla kvaðst hafa séð bleytublett myndast á lakinu, þar sem sitjandinn stóð út í það, og samtímis hefði gosið upp vond lykt, einhvers konar saurlykt. Við þessa sjón hefði hún orðið svo miður sín, að hún hefði sig hvergi getað hreyft og jafnframt gripið andann á lofti og hefði Kristján Viðar þá tekið eftir nærveru hennar, bölvað og talað um, hvað hún væri að gera þarna. Hefði Sævar Marinó þá litið upp frá verki sínu, skipað Kristjáni Viðari að vera rólegum og hann þá ekki sagt meira. Erla kvaðst hafa staðið sem negld niður í dyrunum, fannst sér verða mjög kalt og einnig hefði hár hennar blotnað, að því er hún hélt af svita. Hún sagði þremmenningana hafa tekið manninn upp í lakinu, Sævar Marinó hefði haldið undir annan endann, Kristján Viðar undir hinn og þriðji maðurinn undir miðjuna. Hefðu þeir komið áleiðis að dyrunum, þar sem hún stóð, enda eru þær eini útgangurinn, Sævar Marinó farið fyrstur og hefði hann hrundið henni frá, til þess að þeir kæmust út. Við þetta kvaðst Erla hafa fallið á gólfið í ganginum og legið þar einhverja stund, þar sem hún hefði hreinlega ekki getað hreyft sig. Eftir smástund hefði Sævar Marinó komið til baka og fundið hana liggjandi á gólfinu. Hefði hann tekið undir hendur hennar, dregið hana inn í svefnherbergið og lagt hana upp í rúm. Erla kvað Sævar Marinó hafa spurt sig, hvort hún hefði séð nokkuð, og hún ætlað að neita því af hræðslu við hann, en ekki getað komið upp nokkru orði. Hefði hann þá haft við orð, að hún skyldi aldrei segja neitt, þótt hún yrði spurð. Að þeim orðum sögðum hefði Sævar Marinó farið út úr húsinu, en sjálf mundi hún ekki frekar eftir sér og taldi sig hafa sofnað. Hún kvaðst ekki hafa orðið vör við akstur bifreiða við húsið um nóttina, en bifreiðar hefðu getað ekið um bifreiðastæðin við húsið, þótt það heyrðist ekki þangað inn.

Erla áleit, að hún hefði vaknað um morguninn, áður en bjart var orðið, ekki þorað út fyrst í stað, en síðan gengið að sorptunnunum við húsið og litið ofan í þær. Ekki gat hún gert sér grein fyrir, hvers vegna hún gerði þetta, en hugði sig með því hafa verið að reyna að ganga úr skugga um, hvort það, sem hún hefði séð um nóttina, hefði verið raunveruleiki. Efst í annarri sorptunnunni kvaðst Erla hafa fundið lakið af rúminu og í því verið blettur, linur og blautur mannssaur, á sama stað og hún hefði séð hann myndast um nóttina. Lakið lét hún liggja í tunnunni. Einnig hefði gosið upp sama lyktin og hún hefði fundið út úr geymsluherberginu. Erla kvað sér hafa liðið mjög illa næstu daga og einbeitt sér að því að hugsa ekki um það, sem gerst hafði. Hún hefði ekki séð Sævar Marinó fyrr en nokkrum dögum síðar, eða nánar tiltekið hinn 1. febrúar.

Þegar lýst var eftir Guðmundi Einarssyni, sem Erla kannaðist við, kvaðst hún ekki hafa sett atburði þessarar nætur í samband við hvarf hans og yfirleitt ekkert um þetta hugsað. Erla staðhæfði, að Sævar Marinó hefði aldrei minnst á atvik næturinnar við sig og hún aldrei rætt þau við hann.

Þegar Erla Bolladóttir hafði gefið hina rækilegu skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglunni, kom hún fyrir dómþing sakadóms sem vitni sama dag. Skýrði hún sjálfstætt frá málsatvikum, og var framburður hennar í samræmi við lögregluskýrsluna, sem hún staðfesti á dómþinginu, og var hún jafnframt látin vinna eið að framburði sínum.

Hinn 20. febrúar 1977 tók rannsóknarlögreglan skýrslu af Erlu Bolladóttur, og hélt hún því þá fram, að fyrri framburður sinn í málinu væri réttur. Hún kvaðst muna eftir því, að Kristján Viðar hefði verið mikið ölvaður, áfengisáhrif hefðu ekki verið að sjá á Sævari Marinó, en um ástand þriðja mannsins gat hún ekki borið, enda ekki þekkt hann fyrir, en síðar kvaðst hún hafa séð hann og staðhæfði, að um Tryggva Rúnar Leifsson hefði verið að ræða.

Hinn 23. mars 1977 var tekin rækileg dómskýrsla af Erlu Bolladóttur. Staðfesti hún fyrri framburði sína í málinu, og var frásögn hennar í dómnum í meginatriðum á sömu fund. Verða hér því aðeins raktir viðaukar og breytingar.

Erla kvaðst hafa kynnst Sævari Marinó í júlímánuði árið 1973, þau heitbundist í nóvember sama ár og hafið sambúð að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði. Erla mundi ekki, hvenær hún hefði séð Sævar Marinó síðast fyrir atburðina að Hamarsbraut 11, en hún hefði ekki hitt hann, eftir að hann kom úr ferð til útlanda með Viggó Guðmundssyni skömmu áður. Erla staðhæfði, að enginn hefði verið í íbúðinni, þegar hún kom heim umrædda nótt um klukkan 0330, og íbúðin verið læst. Ljós hefði verið í herberginu inn af stofu, en að öðru leyti hefði verið slökkt. Hún mundi ekki, hvar hún kveikti fyrst ljás, eftir að inn í íbúðina kom, en datt helst í hug, að það hefði verið í stofunni. Hún hefði ekki séð blóðbletti nokkurs staðar. Erla kvaðst hafa séð mann þann, sem verið hefði með þeim Sævari Marinó og Kristjáni Viðari um nóttina, nokkrum sinnum síðar og staðhæfði, að um Tryggva Rúnar Leifsson væri að ræða. Erla sagðist aldrei hafa orðið vör við, að lífsmark leyndist með manni þeim, sem vafinn var inn í lakið. Þeir þremmenningarnir hefðu borið hann út úr húsinu, en hún hefði ekkert vitað, hvað þeir gerðu við hann, og ekki orðið vör við þá síðar um nóttina. Erla sagðist hvorki hafa séð Albert Klahn Skaftason né Gunnar Jónsson þessa nótt, en kannast við þá óáða. Hún kvaðst ekki muna eftir því, að hún hefði rætt við þá Kristján Viðar og Tryggva Rúnar um nóttina. Erla minntist þess, að Tryggvi Rúnar hefði komið fyrir þennan atburð að Hamarsbraut 11 ásamt Sævari Marinó, Kristjáni Viðari og Albert Klahn. Hefði þetta verið einhvern tíma í janúar 1974, þeir haft skamma viðdöl, hún þá ekki vitað, hvaða maður þetta var, og ekki spurt um það.

Erlu var í dómnum sýnd mynd af Guðmundi Einarssyni. Minntist hún þess að hafa hitt hann tvisvar sinnum, sennilega á árinu 1972. Hún vissi ekki til þess, að þeir Sævar Marinó og Guðmundur þekktust. Erla fullyrti, að hún hefði enga hugmynd haft um, hvaða maður hefði verið vafinn inn í lakið að Hamarsbraut 11. Erla kvað Sævar Marinó hafa komið heim aftur að kvöldi sunnudagsins 27. janúar 1974 og verið heima eitthvað fram á nóttina. Ekkert hefði verið minnst á það, sem gerst hafði nóttina áður.

C. Hinn 23. desember 1975 var ákærði Kristján Viðar Viðarsson fyrst yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu, en hann hafði þá um daginn verið fluttur í Síðumúlafangelsið frá Litla-Hrauni, þar sem hann var að afplána refsidóm. Ákærði kvaðst minnst þess, að lýst hefði verið eftir ungum

manni, sem horfið hefði í Hafnarfirði í janúarmánuði árið 1974. Hefði hann þekkt mann þennan, sem verið hefði Guðmundur Einarsson, fyrrverandi skólabróðir sinn. Ákærði staðhæfði, að hann hefði enga minnstu hugmynd um, á hvern hátt Guðmundur hefði horfið eða hvað kynni að hafa orðið af honum.

Síðar þennan lama dag, 23. desember 1975, kom ákærði Kristján Viðar fyrir dóm og neitaði allri vitneskju um afdrif Guðmundar Einarssonar. Taldi hann sig hafa verið að vinna í Vestmannaeyjum á þeim tíma, sem Guðmundur hvarf, annað hvort hjá Ísfélaginu eða Herjólfu. Ákærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald, og óskaði hann þess, að Páll A. Pálsson héraðsdómslögmaður yrði skipaður réttargæslumaður sinn.

Við yfirheyrslu, sem hófst klukkan 1945 hinn 28. desember 1975 og lauk klukkan 0142 næsta dag, skýrði ákærði Kristján Viðar rannsóknarlögreglu frá því, að hann hefði að nóttu til um helgi, sennilega aðfaranótt sunnudags, seinast í janúarmánuði árið 1974 komið heim til þeirra Erlu og Sævars Marinós að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði og hefði Sævar Marinó þá verið nýkominn erlendis frá. Ákærði kvaðst umrætt sinn hafa verið í för með Tryggva Rúnari, Sævari Marinó og einhverjum þriðja manni, sem hann gæti ómögulega munað, hver verið hefði. Þeir hefðu allir farið inn í íbúðina, sem ákærði lýsti rækilega og réttilega, og Erla ekki verið heima. Átök hefðu orðið í íbúðinni. Ekki vissi ákærði um tildrögin til þeirra, en þau hefðu hafist inni í svefnherberginu, borist fram í fremri stofuna og loks fram í ganginn. Ákærði kvaðst vera viss um, að hann hefði ekki tekið þátt í átökunum og þau hefðu ekki verið á milli þeirra Sævars Marinós og Tryggva Rúnars. Taldi hann því sennilegast, að Tryggvi Rúnar og ókunni maðurinn hefðu ást við, þar sem Sævar Marinó væri ekki til stórræðanna. Ekki gat ákærði sagt um, hvernig viðureigninni lyktaði, en þeir félagar þrír hefðu farið að aka um Hafnarfjörð nokkra stund og ókunni maðurinn þá örugglega ekki verið með þeim. Síðan hefðu þeir farið að Hamarsbraut 11 aftur, þeir Sævar Marinó og Tryggvi Rúnar eitthvað verið að bjástra inni í þvottaherberginu eða geymslunni. Hann hefði ekki séð, hvað þeir höfðust að, en fundist þeir þó vera með einhvern poka, sem gæti hafa verið sjópoki. Erla hefði komið þarna að og virst vera „mjög hissa og skrítin“, Sævar Marinó sagt sér að tala við hana og fara með hana inn. Hefði hann orðið við því, en ekki mundi hann, hvað hann sagði við hana. Næst kvaðst ákærði muna til þess, að bifreið Alberts Klahn, sem var gel lítil fólksbifreið af japanskri gerð, var komin að húsinu. Ákærði mundi ekki, hvort hann hefði verið samferða hinum tveimur út úr húsinu. Hann sagðist hafa Best í aftursæti, öku-mannsmegin, þeir Sævar Marinó og Tryggvi Rúnar komið einhverju þungu fyrir í farangursgeymslunni, þannig að bifreiðin vaggði til, Tryggvi Rúnar sest við hlið hans í aftursætið, en Sævar Marinó brugðið sér inn í húsið aftur og síðan Best við hlið ökumanns, Alberts Klahn. Ákærði staðhæfði, að ekið hefði verið eitthvað suður fyrir Hafnarfjörð, einhvers staðar í námunda við Álverið, þar numið staðar, þeir Sævar Marinó og Tryggvi Rúnar stigið út, tekið eitthvað úr farangursgeymslunni og horfið á brott í um 15 mínútur. Frekar gat ákærði, sem kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis, ekki borið um ferðir þeirra um nóttina, en hann kvaðst hafa vaknað heima hjá ;sér daginn eftir. Einhverjum dögum síðar hefði hann tekið eftir því í fjöl:riðlum, að lýst var eftir Guðmundi Einarssyni, en ekki sett það í samband við atburðina að Hamarsbraut 11 og aldrei hefðu þau ákærðu rætt þá sín á milli.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu hinn 3. janúar 1976 staðhæfði ákærði Kristján Viðar, að Sævar Marinó hefði verið orðinn undir í handalögmálunum við hinn ókunna mann í stofunni að Hamarsbraut 11, kallað á hjálp og þeir Tryggvi Rúnar komið honum til fulltingis. Sjálfur hefði hann þó aðeins togað í einhvern útlím mannsins, annan fótinn, að því er hann minnti. Átökin á milli mannsins

annars vegar og Sævars Marinós og Tryggva Rúnars hins vegar hefðu borist út í horn stofunnar, og kvaðst ákærði greinilega muna, að Tryggvi Rúnar hefði legið þar ofan á manninum og haldið honum niðri, en Sævar Marinó á meðan sparkað margsinnis í hann og hefðu flest spörkin, að því er ákærði hugði, hafnað í höfði mannsins. Maðurinn hefði þó ekki misst meðvitund við þetta, því að hann hefði komist fram í ganginn, Tryggvi Rúnar og Sævar Marinó skundað þangað á eftir honum og hefði ákærði heyrt þaðan læti, eins og frekari átök ættu sér þar stað, en ekki kvaðst ákærði hafa séð, hvað gerðist, þar sem hann hefði verið áfram inni í stofunni. Þegar hér var komið skýrslutöku, staðhæfði ákærði, að ókunni maðurinn, sem hann hefði verið að ræða um, væri enginn annar en Guðmundur Einarsson, sem verið hefði skólabróðir hans í barnaskóla. Hefði hann þessa nótt verið klæddur í jakka og buxur, minnti, að jakkinn hefði verið einhvern veginn köflóttur og fremur dökkur, en buxurnar ljósari, jafnvel brúnleitar. Ákærði kvaðst ekki muna, hvernig á veru Guðmundar að Hamarsbraut 11 hefði staðið, en rámaði óljóst í, að hann hefði þessa nótt verið að aka um Hafnarfjörð með þeim Sævari Marinó og Tryggva Rúnari og þeir tekið mann nokkurn upp í bifreiðina í brekkunni við samkomuhúsið Skiphól. Fannst honum sennilegt, að þar hefði verið um Guðmund að ræða. Ákærði taldi, að vel gæti hugsast, að þeir hefðu annað hvort verið í bifreið Alberts Klahn eða leigubifreið. Ákærði hélt nú, að tilefnið til átakanna heima hjá Sævari Marinó hefði verið það, að Guðmundur hefði kallað þá hina „dópista“, og með því átt við, að þeir væru eiturlyfjaneytendur. Þeir hefðu verið þarna með eitthvað af töflum, en ekki mundi hann, hvaða lyf var um að ræða, og minnti ákærða, að Guðmundi hefði verið boðin lyf. Sjálfur hefði hann reyndar ekki verið með nein lyf, en annað hvort Sævar Marinó eða Tryggvi Rúnar eða þeir báðir verið með lyfin. Ákærði mundi það nú frekar um bjástur þeirra Tryggva Rúnars og Sævars Marinós, að þeir hefðu verið að vefja einhverju ljósu utan um eitthvað, sem verið hefði svo fyrirferðarmikið, að það hefði getað verið mannslíkami. Ekki kvaðst ákærði þó hafa greint þarna mann eða mótun fyrir manni, en þó séð í fatnað í umbúðunum og þeir félagarnir verið að binda utan um þetta. Ekki kvaðst ákærði geta sagt, hverjar umbúðirnar hefðu verið, en gat „látið sér detta í hug“ einhvers konar rúmfatnað, t. d. sængurver. Á meðan á þessu sýsli þeirra stóð, hefði Erla komið þarna fram og viðbrögð hennar verið svo sem hann hefði áður lýst. Ákærða minnti, að þeir Tryggvi Rúnar og Sævar Marinó hefðu beðið sig um að hjálpa sér við að bera það, sem í umbúðunum var, út úr húsinu, en hann neitað og farið á undan þeim hinum út í bifreið Alberts. sem verið hefði svört VW fólksbifreið.

Ákærði Kristján Viðar kom fyrir dóm hinn 11. janúar 1976. Skýrði hann sjálfstætt frá málsatvikum, og var framburður hans í samræmi við skýrslu hans hjá rannsóknarlögreglu hinn 3. janúar 1976, sem hann staðfesti rétta. Ákærði kvað þá féлага sennilega hafa hitt Guðmund Einarsson í brekkunni, sem liggur upp úr Hafnarfirði, en mundi ekki, hvort þeir hefðu verið fótgangandi eða í bifreið. Hann kvaðst heldur ekki muna, hvort Sævar Marinó hefði verið með þeim Tryggva Rúnari, þegar þeir hittu Guðmund. Ákærði taldi, að hann hefði eitthvað flækst inn í áflogin, en líklega fengið högg á höfuðið og misst úr einhverja stund og næst muna eftir, að verið var að athuga manninn og hann talinn látinn. Ákærði kvaðst muna, að hann hefði séð Sævar Marinó sparka í síðu og höfuð Guðmundar, þar sem hann lá á gólfinu inni í stofu. Ákærði sagði, að farið hefði verið með Guðmund suður í Hafnarfjarðarhraun, hann látinn þar í gjótu og stórum steini velt yfir. Hann mundi ekki, hver tekið hefði ákvörðun um, hvað gera skyldi við líkið, en sagðist eiginlega vera fullviss um, að það hefði verið Sævar Marinó.

Ákærði Kristján Viðar kom enn á ný fyrir dóm hinn 22. mars 1976, og var þá eftirfarandi bókað orðrétt eftir honum í viðurvist Páls A. Pálssonar héraðsdómsslögmans, skipaðs réttargæslumanns hans: „Ég mætti Erlu á ganginum umrætt sinn, og var hún alvarleg á svip. Hún gekk inn í íbúðina, og ég fór á

eftir henni. Ég sagði henni, að þarna hefði orðið hræðilegt slys, það hefði dáið þarna maður. Hún kvaðst ekki ætla að skipta sér neitt af þessu. Ég man eftir, að í átökunum var ég tekinn hálstaki, og sparkaði ég aftur fyrir mig, en síðan hné ég niður. Daginn eftir vorum við Tryggvi heima hjá mér og vorum undir áhrifum LSD, og vorum við að tala um, að við hefðum ekki verið í Hafnarfirði og að enginn hefði dáið og ekkert skeð".

Hinn 7. apríl 1976 tók rannsóknarlögreglan skýrslu af ákærða Kristjáni Viðari að hans eigin ósk. Hann kvað fyrri skýrslur sínar að flestu leyti réttar, en hann vildi nú skýra frá öllum sannleikanum í máli þessu, eins og hann væri og hann örugglega myndi. Ákærði sagði, að þeir Tryggvi Rúnar og Sævar Marinó hefðu verið staddir heima hjá honum umrætt laugardagskvöld, ákveðið að fara eitthvað út að skemmta sér og haldið í leigubifreið að starfsmannahúsi Kópavogshælis til fundar við Helgu Gísladóttur, sem þar starfaði og þeir Sævar Marinó hefðu þekkt. Þegar þangað kom, hefði Sævar Marinó orðið eftir, en þeir Tryggvi Rúnar haldið áfram með bifreiðinni suður í Hafnarfjörð. Sævar Marinó hefði greitt allt leigugjald bifreiðarinnar og svo hefði verið um talað, að þeir hittust allir þrír síðan við samkomuhúsið Skiphól í Hafnarfirði. Þeir Tryggvi Rúnar hefðu verið að flækjast um í nágrenni Skiphóls og hitt Guðmund þar á gangi ekki alllangt frá á götu þeirri, sem liggur út úr Hafnarfirði áleiðis til Reykjavíkur. Ekki hefðu þeir rekist á Sævar Marinó og því farið fótgangandi hem til hans að Hamarsbraut 11. Enginn hefði verið heima, þegar þeir komu þangað, en rétt í sama mund hefði Sævar Marinó birst og þeir allir fjórir farið saman inn í húsið. Ekki mundi ákærði gerla, hvað gerst hefði í byrjun heima hjá Sævari Marinó, en þeir Guðmundur hefðu fljótlega verið komnir í hár saman inni í svefnherberginu. Sjálfur hefði ákærði þá verið staddur í stofunni og því ekki séð nákvæmlega, hvað fram fór, en Guðmundur hefði virst mjög æstur í garð Sævars Marinós, og ákærði sagðist ekki hafa betur séð en Guðmundur hefði ráðist á Sævar Marinó, sem komið hefði hlaupandi út úr svefnherberginu og virst mjög hræddur við Guðmund og eins og vera að flýja hann. Ákærði taldi, að Tryggvi Rúnar hefði gengið á milli þeirra Guðmundar og Sævars Marinós og því hefði hinn síðarnefndi sloppið frá Guðmundi. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað, hvers vegna Guðmundur hefði reiðst Sævari Marinó svo heiftarlega, en hann hefði eitthvað talað um „dópista" og annað í þeim dúr. Ákærði kvað Sævar Marinó hafa forðað sér inn á salernið og læst að sér, en áður haft á orði, að Guðmundur ætti að fara út úr húsinu. Ákærði sagðist þessu mest hafa skipað Guðmundi á brott, þar sem húsráðandi óskaði þess, eins og hann hefði sjálfur heyrt. Guðmundur sagðist hvergi fara, og kvaðst ákærði þá hafa spurt hann, hvort hann ætti að hjálpa honum út. Sagði Guðmundur ákærða enga krafta hafa til slíks og boðið honum að reyna, þar sem hann hefði fullkomlega krafta á við ákærða. Þetta orðaskak þeirra hefði átt sér stað í horni stofunnar rétt hjá dyrunum fram í ganginn, þar sem símatækið var. Ákærði kvaðst hafa snúið sér aðeins frá Guðmundi til þess að kalla til Sævars Marinós, en þá hefði Guðmundur ráðist aftan að honum og tekið hann hálstaki aftan frá. Hann hefði reynt það, sem hann gat, til þess að losna, en ekki tekist og Guðmundur tekið svo fast á hálsi hans, að honum fannst hann vera að kafna. Við þetta hefði einhver hræðsla gripið sig, og án þess að gera sér grein fyrir, hvað hann væri að gera, kvaðst ákærði hafa þrifið til hnífs, sem festur hefði verið við beltið á hægri mjöðm hans, kippt hnífnum úr slíðrunum, rekið hann í blindni aftur fyrir sig og fundið, að hnífurinn stakst í Guðmund, án þess þó að vita, hvar eða hve djúpt hann hafnaði. Við þetta hefði Guðmundur linað takið og frá honum heyrst stuna, ákærði getað losað sig frá honum og farið yfir í gagnstætt horn stofunnar. Ákærði kvað Guðmund ekki hafa fallið við hnífsstunguna, en elt sig yfir gólfíð og aðeins náð að slíta eina tölu úr frakka, sem hann hefði verið í og var fráhnepptur, en síðan fallið á bakið í gólfíð. Á meðan átök þeirra Guðmundar áttu sér stað, hefði Sævar Marinó verið inni á snyrtiherberginu, en Tryggvi Rúnar frammi á gangi íbúðarinnar og því án efa ekki séð það, sem fram

fór. Um hnífinn hafði ákærði það að segja, að hann hefði tekið hann úr vörslum Bárðar nokkurs í Kaupmannahöfn sumarið 1973. Um hefði verið að ræða eins konar byssusting, með um 20-22 cm blaði, og var nauðsynlegt að ýta á takka eða fjöður á efri enda skaftsins til að ná honum úr slíðrunum. Hnífinn sagðist ákærði hafa geymt uppi á vegg í herbergi sínu, verið að handleika hann, áður en þeir félagarnir fóru þaðan, en ekki hafa viljað taka hann með sér, þar sem „það gæti verið hættulegt“, Sævar Marinó þá tekið hnífinn með samþykki ákærða, en afhent ákærða hnífinn aftur að hans beiðni við starfsmannabústaðinn í Kópavogi. Ákærði kvað þá féлага hafa gert sér ljóst, að Guðmundur væri alvarlega slasaður. Ekki mundi ákærði þó til þess, að úr honum hefði blætt. Ákærði staðhæfði, að hann hefði stungið upp á því, að lögregla yrði kvödd til og Tryggvi Rúnar ekki verið frá því. Endirinn hefði þá orðið sá, að ekki var hringt á lögreglu, en Guðmundur verið borinn fram í geymsluna og þá verið komin af honum nokkuð sterk og vond lykt. Guðmundur virtist meðvitundarlaus, og töldu þeir þremmenningarnir, að hann væri látinn. Ákærði giskaði á, að um 15 mínútur hefðu liðið, frá því að hann stakk Guðmund og þar til þeir báru hann fram. Ákærði kvaðst strax hafa gert sér grein fyrir, hvað hann hefði -gert, og verið mjög miður sín yfir því. Þegar þeir höfðu lagt Guðmund t.íl í geymslunni, hefðu þeir allir farið út úr húsinu, ekið í leigubifreið um Hafnarfjörð nokkra stund, en haldið þá aftur að Hamarsbraut 11. Þar hefðu þeir borið saman bækur sínar og ákveðið að losa sig við lík Guðmundar, enda voru þeir nú vissir um, að hann væri látinn. Í því skyni hefði verið hringt til Alberts Klahn og hann beðinn um að koma með bifreið og skyldi hann fá „hass“ í staðinn. A meðan þeir biðu komu hans, hjálpuðust þeir að við að vefja einhverju ljósu klæði utan um lík Guðmundar. Ákærði kvað þá hafa beygt líkama Guðmundar saman, þegar þeir voru að setja utan um hann og þá hefði eins og brakað í honum, og taldi ákærði, að líkið hefði verið byrjað að stirðna. Ákærði sagði, að þeir þrír hefðu í sameiningu borið Guðmund út úr húsinu, en hann hætt burðinum og því komið á undan þeim hinum að svartri W fólksbifreið, sem Albert Klahn hefði setið í, og spurt hann eitthvað á þá leið, hvort hann vissi, hvað til stæði. Hann hefði svarað, að Sævar Marinó hefði sagt sér það, en sjálfur hefði ákærði ekki minnst á það berum orðum við Albert Klahn, hvað um væri að vera. Ákærði kvaðst hafa lest í aftursæti bifreiðarinnar og tekið á móti byrði þeirra Sævars Marinós og Tryggva Rúnars og hefði Guðmundur verið lagður þvert á gólfið á milli fram- og aftursætis bifreiðarinnar, Tryggvi Rúnar lest í aftursætið við hlið hans og Sævar Marinó í framsætið við hlið Alberts Klahn. Ákærða minnti, að Sævar Marinó hefði skotist aftur inn í húsið. Ákærði taldi, að þeir hefðu ekið veginn að Sædýrasafninu, en síðan Reykjanesbrautina og út af henni í gagnstæða átt við Álverið. Þar einhvers staðar hefði Albert Klahn numið staðar og setið kyrr í bifreiðinni, en þeir hinir borið lík Guðmundar um 100 metra spöl frá bifreiðinni, komið því fyrir í djúpri hraunsprungu og hulið það steinum. Að því búnu hefði Albert Klahn ekið þeim Tryggva Rúnari heim til ákærða og þeir fengið sér þar LSD töflu, en ákærði taldi, að þeir hefðu báðir verið undir áhrifum áfengis og lyfja fyrr um nóttina.

Hinn 22. júní 1976 tók rannsóknarlögreglan skýrslu af ákærða Kristjáni Viðari, og enn að eigin ósk hans. Lýsti ákærði yfir því, að hann hefði aldrei stungið Guðmund Einarsson með hnífi eða öðrum hlut, en hins vegar hefðu þeir Sævar Marinó, Tryggvi Rúnar og hann lent í átökum við Guðmund að Hamarsbraut 11 og þau átök lent til dauða Guðmundar, en áður en til Hafnarfjarðar kom, hefðu þeir þremmenningarnir ekið eitthvað um milli skemmtistaða í Reykjavík. Nánar lýsti ákærði átökunum þannig, að þau hefðu hafist inni í svefnherberginu, þeir Sævar Marinó, Tryggvi Rúnar og Guðmundur verið þar og missættið fyrst komið upp milli Guðmundar og Sævars Marinós, fangbrögð þeirra borist fram í stofuna og ákærði þar tekið þátt í þeim. Orsök átakanna taldi ákærði hafa verið þá, að Guðmundur hefði kallað þá hina „dópista“ eða eitthvað í þá áttina. Ákærði kvaðst ekki muna greinilega, hvernig rýskingarnar gengu fyrir sig í smáatriðum, en hann sagðist muna, að hann hefði

verið tekinn hálstaki aftan frá, og mundi Guðmundur hafa verið þar að verki. Þessu næst kvaðst ákærði muna, að Guðmundur hefði legið einhvern veginn á gólfinu eða setið að einhverju leyti uppi og Tryggvi Rúnar verið yfir honum, eins og hann héldi honum niðri. Sævar Marinó hefði þá sparkað í Guðmund, þar sem hann lá eða hálsfat, en síðan hlaupið fram á salernið og læst sig þar inni. Þeir Tryggvi Rúnar hefðu nú gert sér ljóst, að eitthvað alvarlegt væri orðið að Guðmundi, því að hann hefði ekki staðið upp. Ákærði hefði r.áð í Sævar Marinó, sem hefði ekki fengist til að opna alveg strax, og þeir allir rætt um, hvað til bragðs skyldi taka. Hefði komið til tals að kalla til lögreglu, en einnig rámaði hann í, að Tryggvi Rúnar hefði stungið upp á, að þeir færu með Guðmund og skildu hann eftir á einhverjum húströppum, en endirinn orðið sá, að þeir hefðu borið hann fram í geymsluna og lagt hann þar til í því skyni að komast að raun um, hvort hann mundi ekki hressast. Þeir hefðu horfið frá um stund, en gert sér ljóst, þegar þeir komu aftur, að Guðmundur væri látinn, og þá verið ákveðið, að þeir losuðu sig við líkið. Í þeim tilgangi hefði Sævar Marinó hringt í símann, og kvaðst ákærði ekki hafa vitað betur en hann væri að hringja til Alberts Klahn, sem komið hefði litlu síðar, en þeir hinir á meðan sveipað lík Guðmundar einhverju, sem líkst hefði laki úr rúmi og Sævar Marinó hefði lagt til. Ákærði staðhæfði, að hann hefði spurt Albert Klahn að því, hvort hann vissi, hvað um væri að vera, hann kinkað kalli, sem ákærði hefði skilið sem samþykki, en annað hefðu þeir ekki um þetta rætt. Ákærði fullyrti, að Sævar Marinó hefði algerlega stjórnað því, hvert ekið var. Ákærði greindi frá því, að nokkrum sinnum hefði verið farið með sig í ökuferðir suður fyrir Hafnarfjörð í því skyni að komast að raun um, hvort hann kannaðist við stað þann, þar sem þeir hefðu urðað Guðmund. Virtist ákærða helst koma til greina rauðamalgryfja, svonefnd Lónakotsgryfja, en skammt frá henni væri gömul fjárborg, hlaðin úr grjóti. Fannst ákærða, eins og hann hefði komið þar áður, og hefði það ekki getað verið nema þessu sinni. Ákærði kvað ástæðuna til þess, að hann breytti nú skýrslu sinni frá 7. apríl 1976 þá, að það, sem hann nú hefði sagt, væri hið sanna og rétta í máli þessu, eftir því sem hann myndi best. Hann sagðist ekki gera sér ljósa grein fyrir, hvers vegna hann hefði farið að tala um þennan hníf, en einhvern veginn fundist þá, að hann hefði beitt honum.

Ákærði Kristján Viðar kom fyrir dóm hinn 17. september 1976. Var honum þá bent á misræmi, sem fram kæmi í skýrslum hans hjá rannsóknarlögreglu hinn 7. apríl og 22. júní 1976. Minnti ákærða, að hann hefði tekið hnífinn af Sævari Marinó í Kópavogi umrætt sinn, verið með hann á Hamarsbraut 11 og fundist hann hafa notað hnífinn, sem hann kvaðst nú ekki vita, hvar væri niður kominn.

Hinn 19. september 1976 kvaðst einn rannsóknarlögreglumanna hafa átt viðtal við ákærða Kristján Viðar í fangelsinu við Síðumúla að ósk hans sjálfs. Hefur lögreglumaðurinn ritað skýrslu um samtali þeirra, sem lögð hefur verið fram í málinu. Samkvæmt skýrslunni skýrði ákærði honum frá því, að átökin við Guðmund hefðu hafist þannig, eftir því Bern hann minnti best, að Sævar Marinó hefði stolið veski Guðmundar, sem þá hefði ætlað að ráðast á hann, en Tryggvi Rúnar gengið á milli þeirra. Sævar Marinó hefði flúið undan Guðmundi og sagt þeim hinum að koma honum út úr íbúðinni, því að hann vildi ekki, að hann væri þar lengur. Ákærði sagðist hafa beðið Guðmund um að fara með góðu, en hann brugðist hinn versti við og sagst hafa í fullu tré við ákærða. Kvaðst ákærði ekki hafa vitað fyrr til en Guðmundur hefði tekið hann hálstaki aftan frá og hert að. Hefði hann þá beðið Guðmund um að sleppa sér, en Guðmundur þá hert svo að hálsi ákærða, að hann hefði ekki náð andanum. Ákærði hefði reynt að brjótast um og losa sig, en Guðmundur haldið honum föstum og Sveigt hann aftur á bak. Ákærði hefði freistað þess að láta sig falla á gólfið, þannig að Guðmundur missti tókin, en hann hefði haldið ákærða uppi á hálsinum og ákærði orðið að stíga í fætturna aftur til að losa átakið og reynt að sparka aftur fyrir sig, en allt reynt árangurslaust. Ákærði kvaðst hafa orðið var við, að hann væri hættur að heyra, fundið sterka máttleysiskennd og skynjað, að hann væri að missa meðvitund.



Við þetta hefði gripið hann svo óstjórnleg hræðsla, að hann hefði þrifið til hnífs, sem hann hefði borið í slíðrum við belti sér hægra megin, dregið hann úr slíðrum með hægri hendi, rekið hann aftur fyrir sig og fundið, að hann lenti í Guðmundi, sem hljóðað hefði upp og losað svo mikið um tökin, að ákærði gat slitið sig lausan.

Þegar þetta átti sér stað, hefðu þeir verið við norðurvegg stofunnar, ákærði stokkið í átt að svefnherbergisdyrnum, um leið og hann losnaði, Guðmundur fylgt á eftir, náð taki á tölu á frakka, sem ákærði var í, en um leið fallið á gólfið. Við það hefði talan slitnað af frakkanum og Guðmundur haldið henni í krepptum hnefanum. Ákærði kvaðst hafa áttað sig á því, hvernig komið var, og hnigið niður á stól í mikilli geðshræringu, en Guðmundur legið hreyfingarlaus á gólfinu. Ákærði kvaðst þá hafa séð, að skyrta Guðmundar var blóðug ofan við beltisstað, og fundið einhvern vondan þef, sem líkst hefði einna helst saurlykt, en verið sterkari. Einnig hefði hann; heyrt hljóð koma frá Guðmundi, sem mjög erfitt væri að lýsa, einna líkast garnagauli eða „prumphljóði“ og minnti ákærða á það, þegar loftbólur koma upp úr vatni, en þó verið hærra og öðru vísi. Þegar allt þetta gerðist, hefðu hvorki Sævar Marinó né Tryggvi Rúnar verið í stofunni, en sá síðarnefndi í þessu komið þangað inn og ákærði farið fram að leita Sævars Marinós. Hefði hann í þessu skyni meðal annars farið út á kjallaratröppurnar og gáð upp í stigann, sem lá upp á efri hæðina, heyrt þrusk úr snyrtiherberginu, en hurðin þangað inn hefði verið læst, og hann sagt Sævari Marinó að koma út og sjá, hvað gerst hefði. Þeir hefðu farið inn í stofuna, Tryggvi Rúnar staðið þar við skrifborð og starað á Guðmund, og gat ákærði ekki merkt, að hann hefði nokkuð hreyft sig.

Þeir félagar hefðu ræðst við um, hvað til ráða væri, ákærði spurt, hvort ekki væri best að hringja á lögreglu. Tryggvi Rúnar jánkað því, en Sævar Marinó engu svarað. Fallið var frá þessu ráði, en ákærði fullyrti, að Tryggvi Rúnar hefði stungið upp á því að skilja lík Guðmundar eftir á nærliggjandi húströppum, ákærði sjálfur lagt til að flytja líkið í Hellisgerði, en Sævar Marinó talið af mikla hættu á, að til þeirra sæist, ef þeir gerðu eitthvað slíkt. Þegar hér var komið, hefði óþefurinn verið orðinn svo sterkur, að þeir hefðu tekið Guðmund, borið hann fram í geymsluna og hagrætt honum í sitjandi stellingu í eitt hornið, þannig að hann hefði setið flötum beinum með bakið inn í hornið. Ákærði staðhæfði, að þeim hefði ekki lengur fundist vært í íbúðinni vegna þefsins og því farið út um stund, en þegar þeir komu aftur, óðara tekið til við að búa um Guðmund í ljósu rúmlaki eða voð, sem Sævar Marinó hefði útvegað, og hefði Guðmundur ekkert hreyfst í millitíðinni. Ákærði kvaðst muna, að þeir hefðu orðið að kreppla Guðmund saman til þess, að auðveldara væri að setja voðina utan um hann, og hefði hann þá heyrt, að brakaði í baki Guðmundar. Ákærði kvaðst hafa sagt Erlu, sem komið hafði heim, á meðan þeir ;skutust frá, hvað gerst hefði. Hún hefði hlustað þegjandi á og hann sagt, að ef hún vildi, skyldi hann hringja á lögreglu, en hún ekki sagst skipta sér af þessu og gengið inn í svefnherbergið.

Eftir að Albert Klahn kom, hefði Sævar Marinó farið út til að tala við hann, en komið inn aftur nokkru síðar og sagt, að allt væri í lagi. Ákærði fullyrti, að hann hefði þá sjálfur farið og talað við Albert Klahn og spurt hann, hvort hann vissi, hvað hann væri að ganga út í. Hann hefði sagt það vera, en ekki kvaðst ákærði hafa vitað, hvað þeim Sævari Marinó og Albert Klahn hafði farið á milli. Síðan sagðist ákærði hafa farið inn og hjálpað þeim Sævari Marinó og Tryggva Rúnari að ganga frá Guðmundi. Hefði Sævar Marinó þá rétt honum veski Guðmundar og ákærði ekki getað betur séð en Sævar Marinó hefði verið með veskið á sér. Kvaðst ákærði fyrir sitt leyti Sannfærður um, að Sævar Marinó hefði verið að leita í veskinu, á meðan hann læsti sig inni á salerninu. Einnig var ákærði viss um, að Sævar

Marinó hefði verið búinn að gera Guðmundi eitthvað, áður en viðureign þeirra Guðmundar hófst með svo hrápalegum afleiðingum.

Ákærði kvað Albert Klahn hafa ekið með lík Guðmundar eftir leiðsögn Sævars Marinós, þeir verið komnir út á Álftanes, ákærði haft á orði, að þeir skyldu ekki haga Sér eins og fifl, því að forsetinn byggi þarna, og ættu þeir að koma sér eitthvað annað. Hefði þá verið ekið til baka, eitthvað eftir veginum að Sædýrasafninu, en einnig snúið þar við og ekið Suður fyrir Álverið í Straumsvík. Á leiðinni kvaðst ákærði hafa minnst frakkatölunnar, sem Guðmundur hefði slitið af frakka hams og hann verið með í krepptum hnefanum, þar sem honum hefði ekki tekist að losa tak Guðmundar á tölunni. Sagðist ákærði hafa haft orð á þessu við Tryggva Rúnar og hann ætlað að sjá, hvað unnt væri að gera, eftir að þeir hefðu stöðvað. Um leið og þeir urðuðu Guðmund, hefði Tryggvi Rúnar losað töluna úr hendi Guðmundar og rétt ákærða hann.

Ákærða minnti, að Albert Klahn hefði eftir þetta ekið að Hamarsbraut 11 og Sævar Marinó skotist þar inn. Síðan hefði þeim Tryggva Rúnari verið ekið að Grettisgötu 82, en Sævar Marinó haldið áfram í bifreiðinni með Albert Klahn.

Hinn 20. september 1976 var fyrrnefnd lögregluskýrsla lesin fyrir ákærða Kristjáni Viðari að réttargæslumanni hans nærverandi. Taldi ákærði skýrsluna að öllu leyti rétta, en vildi þó bæta því við, að Guðmundur Einarsson hefði sagt sér, að Sævar Marinó hefði tekið veski hans, og því hefði ákærði leitað Sævars Marinós, áður en átökin hófust og einnig eftir að þeim lauk. Þá vildi ákærði ekki fullyrða, að ekið hefði verið út á Álftanes, en minntist þess þó að hafa talað umrædd orð um forsetann og búatað hans. Ákærði kvaðst greinilega muna, að lík Guðmundar hefði verið sett hægra megin inn í bifreiðina og tekið út úr henni sömu megin. Ákærði vildi taka það fram, að hann hefði ekki þagað vísitandi yfir atburðarásinni, eins og hún gerðist og hann nú lýsti henni, en hún hefði rifjast upp fyrir sér smám saman.

Hinn 19. september 1976 ræddi sami rannsóknarlögreglumaður aftur við ákærða Kristján Viðar að eigin ósk hans og ritaði um samtalið skýrslu, sem fram hefur verið lögð í málinu. Kvaðst ákærði dag nokkurn í ágústmánuði árið 1974 hafa verið staddir á heimili sínu að Grettisgötu 82 ásamt Sævari Marinó, sem farið hefði að tala um „Guðmundarmálið“ og ákærði hefði stungið Guðmund Einarsson til bana að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði í janúarmánuði 1974 og nú væri hyggilegast að losa sig við hnífinn. Að skipan Sævars Marinós hefði hann sótt hnífinn, sem settur hefði verið með slíðrum í poka, sem þeir hefðu verið með, en síðar um daginn hefðu þeir ásamt Tryggva Rúnari og Albert Klahn farið með pokann eitthvað út í Hafnarfjarðarhraun og falið hann þar.

Hinn 21. september 1976 staðfesti ákærði réttmæti þessarar frásagnar með undirskrift sinni í viðurvist réttargæslumanns síns.

Hinn 14. október 1976 skýrði ákærði Kristján Viðar rannsóknarlögreglu frá því, að dag nokkurn í ágústmánuði 1974 hefði hann farið í Fossvogskirkjugarð ásamt Sævari Marinó og Albert Klahn til þess að grafa þar eitthvað niður. Kvaðst ákærði muna, að þetta hefði verið síðari hluta dags á tímabilinu 180 til 1900, að því er hann taldi. Ákærði hélt, að þeir hefðu þarna verið að grafa Guðmund Einarsson, enda þátt hann ræki ekki minni til, að hann hefði sótt Guðmund út í Hafnarfjarðarhraun, þangað sem hann var fyrst fluttur. Ákærði sagðist viss um veru þeirra í kirkjugarðinum, en gat ekki fullyrt, hvort hann hefði sjálfur tekið þátt í greftinum. Einnig kvaðst hann muna fyrir víst, að hann

hefði rifist við Sævar Marinó og viljað, að Guðmundur eða það, sem „grafið var, yrði tekið upp aftur, þar eð hann hefði talið hugsanlegt, að leiði væri fyrir á þeim stað, þar sem grafið var.

Hinn 22. október 1976 gaf ákærði Kristján Viðar skýrslu hjá rannsóknarlögreglu að eigin ósk. Skýrði hann þá frá því, að honum hefði verið sýndur grænbrúnn, síður, tvíhnepptur taufrakki og tæknirannsókn leitt í ljós, að enginn hnappur hefði verið slitinn af frakkanum. Ákærði kvaðst þekkja þennan frakka og hefði hann verið í honum að Hamarsbraut 11, þegar Guðmundur Einarsson hlaut bana. „Mér finnst því augljóst, að hnappurinn, sem slitnaði af, muni hafa verið af leðurjakkka, sem ég var í innan undir frakkanum“, er bókað eftir ákærða í lögregluskýrslunni. Ákærði fullyrti, að fyrri frásögn hans um hnappinn og hvernig Tryggvi Rúnar hefði afhent honum hann, væri sönn, en ákærða misminnt, af hvaða flík hnappurinn slitnaði. Kvaðst ákærði muna það greinilega nú, að efra hnapp leðurjakkans hefði vantað eftir atburðinn að Hamarsbraut 11 og hann eftir það lengi legið laus í vasa jakkans, en jakkann hefði hann lánað manni nokkrum í febrúar 1974 og hann ekki komið síðan í sínar vörslur.

Hinn 14. mars 1977 skýrði ákærði Kristján Viðar rannsóknarlögreglu frá því, að laugardagskvöldið 26. janúar 1974 hefðu Albert Klahn og Gunnar Jónsson komið heim til hans að Grettisgötu 82 og Tryggvi Rúnar þá verið þar staddur. Mundi ákærði eftir því, að Albert Klahn hefði farið í leiðangur til þess að kaupa LSD töflur af Sigríði nokkurri Gísladóttur, og minnti, að Gunnar hefði farið með honum. Ákærði kvað hugsanlegt, að hann hefði tekið inn hálfu töflu af LSD, áður en þeir fóru út, og sagðist muna eftir að hafa verið að skipta slíkri töflu í sundur með rakvélarblaði. Ákærði staðhæfði, að Sævar Marinó hefði haft orð á því, að þeir félagarnir gætu ekki verið lengi að Hamarsbraut 11, þar sem Erla kæmi fljótlega heim. Einnig minnti hann, að Sævar Marinó hefði brýnt þá á að hafa ekki hátt. Ákærði fullyrti nú, að frásagnir hans um, að hann hefði stungið Guðmund Einarsson með byssusting, væru ekki sannleikanum samkvæmar. Sagði ákærði, að þeim hefði skotið upp í huga sér og gæti ástæðan hafa verið sú, að hann hefði einn viljað taka á sig alla sökina. Lýsingar þær, sem ákærði hefði gefið, þegar hann átti að hafa stungið Guðmund, hefðu ekki verið raunverulegar og hljóð það, sem hann hefði lýst fyrir rannsóknarlögreglumanninum og koma hefði átt frá Guðmundi, væri hugarburður, sem hann taldi sig sjálfan eiga sök á. Sama væri að segja um lyktina, sem hann hefði minnst á, hún væri tilbúningur, en sú lýsing væri trúlega komin frá Erlu Bolladóttur og lögreglumönnum þeim, sem fóru með rannsókn málsins í upphafi. Ákærði kvað fyrrnefndan byssusting hafa horfið frá sér, en gat ekki staðhæft, hvort það hefði verið fyrir eða eftir atvikin að Hamarsbraut 11.

Ákærði Kristján Viðar Viðarsson kom fyrir dómþing sakadóms hjá dómurum máls þessa hinn 25. mars 1977. Var skipaður verjandi hans viðstaddur yfirheyrsluna, sem stóð frá klukkan 10001220 og 1345-1748. Verða meginatriði dómsskýrslu hans rakin hér á eftir.

Ákærða var kynnt sakarefnið í I. kafla ákæru. Kvað hann það rétt, sem honum er gefið þar að sök, að því undanskildu, að Guðmundur hefði aldrei verið stunginn með hníf eða byssusting.

Ákærði skýrði frá því, að hann hefði þekkt Sævar Marinó frá því hann var 10 ára og hefði hann kynnst honum, er þeir voru saman í barnaskóla, og þeir verið mikið saman frá því árið 1972. Tryggva Rúnari hefði hann kynnst árið 1971 og þeir verið mikið saman síðan. Ákærði kvaðst hafa þekkt Albert Klahn, frá því hann var 10 ára að aldri, og þeir haft töluverð samskipti frá þeim tíma. Ákærði skýrði frá því, að þeir hefðu allir neytt áfengis saman töluvert mikið og einnig fíkniefna. Hann tók þó fram, að Sævar Marinó hefði hætt fíkniefnaneyslu árið 1972. Þeir hefðu einkum hist heima hjá ákærða að Grettisgötu 82, heima hjá Albert Klahn að Njálsgötu 44 og eins að Vesturgötu 24 hér í borg. Ákærði kvað Sævar

Marinó hafa kynnst Erlu Bolladóttur í ágúst 1973. Hófust nán kynni milli þeirra, og tóku þau upp sambúð um haustið eða veturinn að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði. Ákærði taldi sig hafa komið tvisvar eða þrisvar að Hamarsbraut 11, eftir að Erla og Sævar Marinó fóru að búa þar og áður en hann kom þangað aðfaranótt 27. janúar 1974. Ákærði kvaðst hafa komið einn í eitt skiptið, í annað skiptið kom hann með Albert Klahn og Sævari Marinó. Ákærði kvaðst ekki minnst þess að hafa komið oftast að Hamarsbraut 11. Hann mundi ekki eftir því að hafa séð Tryggva Rúnar þar nema í eitt skipti, þ. e. aðfaranótt 27. janúar 1974.

Ákærði skýrði frá því, að hann hefði verið staddur heima hjá sér að Grettisgötu 82 nokkuð seint að kvöldi 26. janúar 1974, er Tryggvi Rúnar kom þangað. Ákærða minnti, að þegar Tryggvi Rúnar kom, hefði Albert Klahn og piltur að nafni Gunnar Jónsson, er búið hefði einhvers staðar við Lokastíg, verið staddir heima hjá honum, en þeir hefðu komið eitthvað fyrr um kvöldið.

Ákærði kvaðst hafa neytt áfengis, tekið mebumal natrium og LSD töflur. Ákærði sá Tryggva Rúnar neyta áfengis og taka inn mebumal natrium, en hvort hann tók inn LSD töflur, vissi hann ekki. Ákærði sá ekki, að Albert Klahn og Gunnar Jónsson neyttu áfengis eða fíkniefna. Albert Klahn hafði útvegað LSD töflurnar hjá Sigríði Gísladóttur að Vesturgötu 24. Um miðnætti fóru þeir allir út saman. Ákærði minntist þess, að nokkuð kalt var í veðri, en að öðru leyti mundi hann ekki, hvernig veðrið var. Bifreið, er Albert Klahn var með, stóð á Grettisgötu skammt frá heimili ákærða. Þetta var svört Volkswagen bifreið, er faðir Alberts Klahn átti. Þeir fóru í bifreiðina, og var Albert Klahn ökumaður hennar. Gunnar Jónsson sat í framsæti við hlið Alberts Klahn, en ákærði og Tryggvi Rúnar sátu í aftursæti. Þeir fóru í bifreiðinni milli skemmtistaða hér í borginni. Ákærði minntist þess ekki, að þeir hefðu haft neitt sérstakt í huga m-eð ferðalagi þessu, en sagði, að ætlun þeirra Tryggva Rúnars hefði verið að hitta fólk. Ákærði minntist þess ekki, að þeir hefðu komið nokkurs staðar við hér í borginni.

Ákærði kvað þá hafa ekið að starfsmannahúsi við Kópavogshæli og þeir verið þar á tímanum frá kl. 0100 til 0130. Fóru þeir þangað til að hitta Sævar Marinó, sem var þar hjá Helgu Gísladóttur. Ekki voru þeir búnir að mæla sér mót þarna, en ákærði ætlaði að fá lánaða peninga hjá Sævari Marinó, og eins kvað hann þá hafa haft hug á að fá að setjast þarna inn. Ákærði kvaðst hafa vitað, að Sævar Marinó átti peninga, og hefði hann ætlað að fá peningalán hjá honum til kaupa á áfengisflösku. Sævar Marinó sagðist ekki geta lánað ákærða peninga. Ákærði kvaðst hafa talað sjálfur við Sævar Marinó, en hinir verið í bifreiðinni á meðan. Ákærði sagðist ekki hafa farið inn í húsið, en talað við Sævar Marinó við útidyr. Ákærði nefndi það einnig við hann, hvort þeir gætu fengið að koma inn, en Sævar Marinó sagði, að það væri ekki hægt. ;Sævar Marinó hafði orð á því, að hann væri á heimleið, en eigi ákváðu þeir að mæla sér mót á neinum ákveðnum stað.

Frá Kópavogshæli var ekið til Hafnarfjarðar, og taldi ákærði, að klukkan hefði verið rúmlega 0200, þegar þangað kom. Þeir námu staðar í Hafnarfirði skammt frá veitingahúsinu Skipphóli neðst í brekkunni, þegar komið er til bæjarins frá Reykjavík. Ákærði og Tryggvi Rúnar fóru úr bifreiðinni, en Albert Klahn og Gunnar urðu eftir. Ákærði kvað þá Tryggva Rúnar hafa gengið þarna um nokkra stund, m. a, fram hjá Skipphóli í átt að Alþýðuhúsinu, en síðan aftur upp brekkuna. Stefndu þeir í átt til Reykjavíkur, og var ætlun þeirra að reyna að fá far þangað. Þegar þeir komu upp í brekkuna, sem liggur upp úr Hafnarfirði, sáu þeir ameríska bifreið, rauðbrúna að lit. Bifreiðin var full af fólki. Ákærði sá, þegar þeir komu að bifreiðinni, að Guðmundur Einarsson, sem hann þekkti, síóð við afturdyr bifreiðarinnar, ökumannsmegin. Þeir spurðu, hvort hægt væri að fá far með bifreiðinni. Guðmundur svaraði þeim og sagði, að hann hefði verið að biðja um að fá far og mundi það ekki unnt. Bifreiðinni

var síðan ekið á brott, og urðu þeir þrír eftir. Ákærði sá ekki fólk það, er var í bifreiðinni, og veit ekkert, hvaða skrásetningarkerki var á henni. Guðmundur hefði farið með þeim að bifreiðinni til Alberts Klahn, en hann ekki viljað aka þeim og sagst þurfa að fara eitthvað. Varð nokkurt þras út af þessu, en Albert Klahn fór á brott frá þeim. Ákærði mundi, að hann spurði Albert Klahn, hvort hann þekkti ekki Guðmund og hvort hann vildi ekki gera honum þann greiða að aka honum til Reykjavíkur. Sagði Albert Klahn, að hann kannaðist við Guðmund, en gæti ekki ekið þeim. Ákærða var í dómnum sýnd mynd af Guðmundi Einarssyni og staðfesti, að hann hefði þekkt hann, svo sem áður greinir.

Ákærði skýrði frá því, að þeir Tryggvi Rúnar, Guðmundur og hann hefðu verið að veifa bifreiðum í því skyni að fá far til Reykjavíkur. Ákærði mundi eftir því, að Tryggvi Rúnar hafði orðið viðskila við þá Guðmund nokkra stund, er þeir voru staddir á Strandgötu við skúra rétt hjá Skiphóli. Var ástæðan sú, að þeir töldu minni líkur á því, að þeir gætu stöðvað bifreiðar og fengið far, ef þeir væru þrír saman. Hefði því Tryggvi Rúnar farið á bak við skúrana, svo að hann sæist ekki. Ákærði og Guðmundur hefðu síðan staðið tveir á gangstéttinni og veifað bifreiðum, sem fóru fram hjá. Ákærði kvaðst muna eftir því, að margar bifreiðar óku fram hjá þeim, m. a. mundi hann eftir fólksbifreið, að hann minnti ljósblárrí, sem hefði hægt ferðina, en síðan verið ekið áfram. Ekki kvaðst hann muna eftir hvíttri Volkswagen bifreið, er hefði hægt ferðina, er hún nálgast þá, en síðan verið ekið áfram. Ákærði mundi ekki eftir að hafa farið úr jakkanum, en þó gæti það hafa verið. Ákærði var í umrætt sinn í frakka og jakka innan undir. Hann mundi ekki, í hvernig skyrtu hann var. Ákærði kvaðst hafa verið mikið undir áhrifum áfengis, en sérstaklega þó undir áhrifum lyfja.

Ákærði staðhæfði, að þeir Tryggvi Rúnar og Guðmundur hefðu nú ákveðið að fara að Hamarsbraut 11 til að reyna að fá lán fyrir leigubifreið. Kvaðst ákærði hafa átt hugmyndina að því. Ákærði mundi ekki vel, hvaða leið þeir fóru, en taldi, að þeir hefðu gengið eftir Strandgötu og síðan fram hjá lögreglustöðinni. Þeim gekk illa að finna Hamarsbraut 11, og tók ákærði fram í því sambandi, að hann hefði aldrei komið þar áður nema í bifreið. Ákærði kvaðst ekki hafa boðið Guðmundi í samkvæmi að Hamarsbraut 11, tilgangur þeirra með ferðinni þangað hefði aðeins verið að hitta Sævar Marinó og fá lán hjá honum fyrir bifreið til Reykjavíkur.

Þegar að Hamarsbraut 11 kom, voru ljós slökkt í íbúð þeirra Sævars Marinós og Erlu, sem var í kjallara hússins. Ákærði kvaðst hafa barið að dyrum, en enginn ansað. Taldi hann, að ekki mundi heyrast til sín, og bankað þá í glugga á svefnherbergi og stofu, en ekki var ansað að heldur. Ákærði kvaðst hafa orðið þess var, á meðan hann var að þessu, að einhver gekk fram hjá húsinu niður stíginn. Ákærði vissi ekki, hvaða maður þetta var, og hreyfði sig ekki, svo að maðurinn tæki ekki eftir honum. Ákærði fór síðan bak við húsið og aftur að útidyrum. Stóð þá Sævar Marinó þar hjá þeim Guðmundi og Tryggva Rúnari. Ákærði sá ekki, hvort Sævar Marinó kom í bifreið á staðinn. Sævar Marinó virtist vera tregur til að hleypa þeim inn í húsið, en lét þó til leiðast. Þegar inn var komið, tók hann ákærða á eintal og var að finna að því við ákærða, að hann hefði komið með þá Tryggva Rúnar og Guðmund. Orðrétt sagði ákærði: „Hann (Sævar Marinó) var eitthvað reiður yfir, að ég skyldi láta Tryggva vita, hvar hann byggir“. Ákærði varð ekki var við, að Sævar Marinó væri með áhrifum áfengis eða lyfja, og sagði ákærði í því sambandi, að Sævar Marinó bragðaði lítið áfengi og notaði ekki lyf.

Ákærði skýrði svo frá klæðaburði Guðmundar Einarssonar, að hann hefði verið yfirhafnarlaus, en í munstruðum, dökkleitum jakka og í dökkum buxum og dökkri skyrtu. Guðmundur var nokkuð mikið drukinn. Ákærði og Guðmundur höfðu kynnst, er þeir voru í barnaskála, en lítil eða engin samskipti haft eftir það, aðeins heilsast á götu.

Ákærði kvaðst hafa fundið það, er inn í íbúðina var komið, að Sævar Marinó var óánægður yfir að hafa þá þar, og talaði um, að þeir hefðu stutta viðdvöl. Ákærði kvaðst hafa beðið Sævar um að lána þeim peninga til að greiða leigubifreið og hefði hann ætlað að verða við því. Ákærði kvað þá Albert Klahn og Gunnar hafa komið að Hamarsbraut 11 stuttu síðar, eða um 5 mínútum, að hann taldi. Ákærði mundi, að Albert Klahn kom inn, en hann kvaðst lítið muna eftir Gunnari, en sagði hann þó hafa komið inn. Mundi ákærði ekki eftir honum nema á fremri ganginum. Þegar inn var komið, fóru ákærði og Guðmundur inn í stofuna og hefði Albert Klahn verið þar einnig, eftir að hann kom. Ákærði mundi hins vegar ekki eftir, að Gunnar Jónsson kæmi þar inn. Ákærði og Guðmundur settust ekki niður.

Ákærði kvaðst hafa tekið inn töflur, mebumal natrium, sem hann fékk hjá Tryggva Rúnari. Hefði hann boðið Guðmundi töflur, en hann afþakkað og haft orð á, að honum líkaði þetta ekki. Í framhaldi af þessu var farið að ræða áfengis kaup. Kvaðst ákærði hafa átt hugmyndina að því. Hefði hann beðið Sævar Marinó að lána sér fyrir flösku, en hann verið tregur til. Stakk þá ákærði upp á því, að Guðmundur greiddi helminginn af flöskunni. Guðmundur vildi ekki á það fallast. Gengu þeir Tryggvi Rúnar á eftir honum með þetta, en hann neitaði. Hið næsta, sem gerðist, var það, að Sævar Marinó, Tryggvi Rúnar og Guðmundur fóru inn í svefnherbergið, en ákærði varð eftir í stofunni og fékk sér töflur.

Ákærði kvaðst hafa orðið þess var allt í einu, að átök voru byrjuð í svefnherberginu, rétt við dyrnar á stofunni, milli Sævars Marinós, Tryggva Rúnars og Guðmundar. Ákærði sá ekki, hvernig átökin byrjuðu, en þau hófust í framhaldi af þjarkinu um áfengis kaupin. Áður en átökin byrjuðu í svefnherberginu, mundi ákærði eftir því, að hann og Guðmundur höfðu ýtt hvor við öðrum, en það var, þegar ákærði var að bjóða Guðmundi töflurnar. Ákærði kvaðst hafa séð, að Tryggvi Rúnar sló Guðmund hnefahögg í andlitið. Var Guðmundur þá staddur í svefnherberginu, rétt innan við dyrnar, og Tryggvi Rúnar og Sævar Marinó hjá honum. Guðmundur féll á bakið við höggið og lenti á gólfinu inni í stofunni. Tryggvi Rúnar lagðist ofan á Guðmund og hélt honum niðri. Í því stökk Sævar Marinó út úr herberginu og sparkaði í Guðmund, sennilega í höfuðið, að ákærða fannst. Ekki sá ákærði, að Sævar Marinó sparkaði nema einu sinni. Eftir það hraðaði Sævar Marinó sér út úr stofunni fram á ganginn og lokaði sig inni á salerni. Tryggvi Rúnar sleppti nú Guðmundi, sem stóð upp. Ekki minntist ákærði þess að hafa séð neina áverka á honum. Guðmundur var mjög reiður. Réðst hann á ákærða og spurði hann, hvers vegna hann væri að draga sig inn í svana „dópistabæli“. Ákærði kvað Guðmund hafa slegið sig í brjóstið og reynt að slá sig í andlitið. Ákærði kvaðst hafa barið frá sér og snúið sér við. Kom þá Guðmundur aftan, að ákærða og tók hann haustaki. Ákærði gat losað sig og sló Guðmund nokkur högg í andlit og víðar. Guðmundur féll við högginn á stofugólfið og stóð ekki upp eftir það. Guðmundur lá að átökunum afstöðnum á ská á stofugólfinu með höfuðið í átt að dyrunum milli svefnherbergis og stofu og bærði ekkert á sér. A meðan átökin á milli ákærða og Guðmundar áttu sér stað, var Sævar Marinó inni á snyrtiherbergi og Tryggvi Rúnar frammi á gangi við stofudyrnar. Ákærði kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir því, hvar Albert Klahn og Gunnar Jónsson voru, á meðan á átökunum stóð, en hvorugur þeirra tók þátt í þeim, en þeir voru einhvers staðar þarna. Ákærði mundi eftir því, að þeir voru inni í húsinu eftir átökin.

Fljótlega eftir að Guðmundur var fallinn í gólfið, kallaði ákærði á Sævar Marinó. Kom hann út af snyrtiherberginu og fór inn í stofuna. Ákærði og Sævar Marinó vildu nú losna við Gunnar Jónsson. Sagði ákærði Gunnari, að þarna ættu að fara fram viðskipti, sem þeir kærðu sig ekki um, að hann yrði vitni að, og gæti hann ekki verið viðstaddur. Raunverulega ástæðan fyrir þessu var þó sú, að þeir vildu

ekki láta Gunnar sjá meira af því, sem gerst hafði, en orðið var. Gunnar fór síðan á brott, og sagði ákærði Albert Klahn frá því. Sagðist Albert vilja aka Gunnari heim, en ákærði vissi ekki, hvort hann gerði það. Ákærði kvað það hafa verið að frumkvæði Sævars Marinós, að Gunnar var látinn fara, en engar ákvarðanir var þá búið að taka um, hvað frekar yrði gert.

Ákærði hélt fyrst, að Guðmundur væri meðvitundarlaus, en þeir höfðu tekið á púlsi hans og gagnauga, en engan æðaslátt fundið. Var þeim þá ljóst, að eitthvað alvarlegt hafði gerst, og greip þá skelfing. Hófu þeir nú að ræða saman, hvað gera skyldi. Var rætt um, hvort kalla ætti á lækni eða sjúkrabíl, en frá því var horfið. Var ákveðið að óíða ábækta og sjá, hvort Guðmundur jafnaði sig. Ákærði sá, að blóð var í munnvikum Guðmundar, en aðra áverka sá hann ekki á honum. Ákærði staðhæfði, að þeir félagar hefðu borið Guðmund inn í geymslu inn af þvottahúsi og lagt hann þar. Var ástæðan sú, að þeir töldu geta verið, að Erla Bolladóttir kæmi heim í millitíðinni og kæmi að Guðmundi inni í svefnherberginu.

Ákærði kvað þá hafa farið saman á brott úr húsinu. Héldu þeir niður Suðurgötu og náðu þar í leigubifreið. létu þeir aka sér að nætursölnunni í Hafnarfirði. Þeir höfðu þar skamma viðvöl og voru komnir aftur að Hamarsbraut 11 eftir um það bil hálf tíma. Þegar þeir komu aftur, var Guðmundur enn meðvitundarlaus, og fundu þeir, að hann var farinn að kólna. Þeir héldu áfram að ráðgast um, hvað gera skyldi við Guðmund, og datt m. a. í hug að setja hann á útitröppur eða í almenningsgarð, en frá því var horfið. Tóku þeir loks þá ákvörðun að fela lík Guðmundar einhvers staðar.

Ákærði mundi eftir því, að Sævar Marinó rétti honum veski, þegar þeir voru staddir inni í geymslunni, og sagði, að þetta væri veski Guðmundar. Ákærði tók við veskinu og stakk því í brjóstvasann á jakka Guðmundar. Hann tók það skömmu síðar aftur af Guðmundi og gáði þá í það. Ákærði sá, að persónuskilríki voru í veskinu, en ekki varð hann var við, að neinir peningar væru þar. Ákærði sá ekki Sævar Marinó taka veskið af Guðmundi.

Ákærði varð þess ekki var, að Erla Bolladóttir væri komin heim, er þeir komu aftur að Hamarsbraut 11. Ákærði mundi, að Sævar Marinó fór inn í íbúðina, á meðan þeir voru í geymslunni, og sótti la.k. Ákærði vissi ekki, hvert hann náði í lakið. Guðmundur var vafinn inn í það. Þegar þeir voru staddir í geymslunni, heyrðu þeir umgang frammi á ganginum, og sagði Sævar Marinó, að þetta væri líklega Erla. Ákærði fór til Erlu og ræddi við hana inni í stofu. Sagði ákærði, að það hefði orðið hroðalegt slys í íbúðinni og að maður hefði dáið. Ákærði sagði henni, hvað þeir hygðust fyrir með líkið, þ. e. að fela það, en Erla sagðist ekki skipta sér neitt af þessu. Þegar þetta gerðist, var Albert Klahn kominn aftur. Sagði Sævar Marinó, að hann væri úti í bíl og væri hann búinn að tala við hann. Ákærði kvað Albert Klahn ekki hafa komið inn í húsið, eftir að hann kom aftur.

Ákærði skýrði frá því, að hann hefði verið í Kaupmannahöfn í júlí árið 1973. Ákærði kom til Bárðar Ragnars Jónssonar og konu hans, er þar bjuggu um þessar mundir. Bárður átti nokkra hnífa, m. a. byssusting. Ákærði kvaðst hafa tekið byssustinginn hjá Bárði og haft hann með sér hingað til lands. Ákærði hafði byssustinginn í herbergi sínu. Festi ákærði hann upp á vegg, en gekk ekki með hann. Ákærði kvaðst ekki hafa verið með byssustinginn né neinn hníf að Hamarsbraut 11 framangreinda nótt. Hann tók aftur fyrri framburð hjá lögreglu um, að hann hefði stungið Guðmund Einarsson með byssustingnum, svo að hann hlaut bana af. Ákærði kvað sögu þessa algerlega út í loftið. Hefði hann sagt lögreglunni hana, vegna þess að hann var orðinn ruglaður af stöðugum yfirheyrslum og hefði sagan verið sögð til að flýta málinu.

Eins og áður greinir, ræddi Sævar Marinó við ákærða og sagðist vera búinn að tala við Albert Klahn og hefði Albert Klahn fallist á að flytja líkið á brott. Ákærði kvað þá alla hafa borið lík Guðmundar út úr húsinu. Hann mundi ekki eftir því, að Erla Bolladóttir yrði fyrir þeim í ganginum og félli við, a. m. k. hefði það ekki verið af sínum völdum. Ákærði kvaðst aldrei hafa fundið neina lykt af líki Guðmundar. Hann varð þess ekki var, að blóð eða saur kæmi í lakið, sem líkið var vafið inn í. Þegar út á tröppurnar að Hamarsbraut 11 kom, hætti ákærði að bera líkið, en Sævar Marinó og Tryggvi Rúnar báru það að bifreið Alberts Klahn, sem var skammt frá húsinu, og sneri afturendi hennar að því. Ákærði fór inn í bifreiðina, strax og hann kom að henni, og settist í aftursæti. Fyrst var ætlunin að koma líki Guðmundar fyrir í geymsluhólfi bifreiðarinnar, en það var alltof lítið, og var líkið sett á gólfíð aftan við framsæti. Ákærði tók á móti líkinu inni í bifreiðinni. Tryggvi Rúnar settist í aftursæti við hlið ákærða, Sævar Marinó fór aftur inn í húsið til að tala við Erlu. Hafði Sævar Marinó beðið ákærða að gera það, en ákærði vísað því frá sér. Ákvað þá Sævar Marinó að gera það sjálfur. Sævar Marinó var stutta stund inni í húsinu, og þegar hann kom aftur, settist hann í framsæti bifreiðarinnar við hlið Alberts Klahn. Ákærði tók ekki LSD eða önnur fíknilyf fyrr en síðar um nóttina, og hann varð ekki var við, að Tryggvi Rúnar gerði það, fyrr en eftir að heim til ákærða kom.

Ekki var ákveðið, hvert halda skyldi, er lagt var af stað með líkið. Sævar Marinó stjórnaði ferðinni og ákvað, að ekið skyldi í átt að Álverinu. Áður en lengra var haldið, var farinn vegurinn að Sædýrasafninu, en er að hliði safnsins kom, var snúið við og síðan ekið áfram. Ákærði kvaðst hafa sýnt lögreglunni, hvert ekið var, og sagði hann þar rétt frá greint. Hann mundi eftir því, að ekið var inn á afleggjara, sem er vinstra megin við Reykjanesbrautina gegnt Álverinu. Var ekinn nokkur spölnur eftir afleggjaranum, en hve langt, mundi ákærði ekki. Þegar Albert Klahn taldi ekki fært lengra, var numið staðar og líkið tekið út úr bifreiðinni. Ákærði, Sævar Marinó og Tryggvi Rúnar báru líkið út í hraunið í suðurátt, en Albert Klahn varð eftir í bifreiðinni á meðan. Þeir gengu inn í hraunið nokkurn spöl, en hve langt, gat ákærði ekki sagt um. Námu þeir staðar, er þeir komu að hraungjótu, og settu líkið þar. Þeir létu lakið vera utan um líkið. Ákærði og Tryggvi Rúnar sóttu stóran, hellulaga stein og lögðu hann ofan á líkið. Steinn þessi huldi það ekki alveg. Sótti ákærði 3-4 steina til viðbótar og lagði yfir höfuð líksins. Ákærði kvaðst ekki hafa kastað steinum á líkið, heldur lagt þá varlega að því og hið lama sé að segja um stóra steininn. Líkið var alveg hulið af steinum, og sást ekkert í það. Ákærða minnti, að Albert Klahn hefði haft ljós bifreiðarinnar kveikt, á meðan þeir voru í burtu, en ákærði taldi, að þeir hefðu verið um 15-20 mínútur að bera líkið út í hraunið og koma því fyrir. Ákærði skýrði frá því, að honum hefði fundist óhugnanlegt að þurfa að vera með líkið í bifreiðinni og því forðast að hafa fæturna ofan á því. Ákærði mundi þó ekki til að hafa haft orð á þessu.

Veski Guðmundar Einarssonar, er ákærði hafði tekið aftur af honum, kvaðst hann hafa kastað í höfnina í Hafnarfirði, er þeir komu úr hrauninu. Ákærði mundi ekki til þess, að úr hefði verið tekið af Guðmundi Einarssyni. Ákærði kvað Albert Klahn hafa ekið þem til Reykjavíkur, eftir að líkið hafði verið falið, en ekki mundi hann, hvort komið hefði verið við á Hamarsbrautinni í bakaleiðinni. Ekið var heim til ákærða að Grettisgötu 82, og fóru ákærði og Tryggvi Rúnar þar úr bifreiðinni, en Sævar Marinó varð eftir hjá Albert Klahn. Hafði Sævar Marinó á orði að láta aka sér að starfsmannahúsi við Kópavogshæli. Ákærði taldi, að klukkan hefði verið um 0400, er þeir komu að Grettisgötu 82. Þegar heim til ákærða kom, tóku þeir Tryggvi Rúnar inn LSD töflur. Þegar áhrifa þeirra fór að gæta, hóf ákærði að ræða um það við Tryggva Rúnar, að maður hefði dáið í Hafnarfirði. Sagði Tryggvi Rúnar, að það væri tóm ímyndun, og lét ákærði sannfærast um, að svo væri. Þeir sofnuðu út frá LSD neyslunni og sváfu til morguns. Ákærði sá í blöðunum, að lýst var eftir Guðmundi Einarssyni og hafin leit að



honum. Ákærði var þá búinn að gleyma því, er átt hafði sér stað framangreinda nótt. Ræddu þeir félagarnir aldrei saman um það, er gerst hafði.

Ákærði skýrði frá því, að hann hefði ekki hreyft við líki Guðmundar Einarssonar, eftir að það var flutt suður í hraunið, og vissi ekki til þess, að það hefði verið gert. Höfðu Albert Klahn, Sævar Marinó eða Tryggvi Rúnar aldrei orð á þessu við hann. Ákærði kannaðist ekki við, að lík Guðmundar hefði verið flutt í kirkjugarð, svo sem fram hefur komið í málinu. Var hann sérstaklega spurður um kirkjugarðinn í Hafnarfirði. Hann neitaði að hafa átt nokkurn þátt í að flytja líkið þangað. Ákærði kvað skýrslu sína hjá lögreglu hinn 14. október 1976 ekki hafa við nein rök að styðjast. Hann hefði ekki komið með þá sögu, að líkið hefði verið flutt í kirkjugarð. Ákærði var ítrekað spurður um það, hvort hann vissi, hvar lík Guðmundar Einarssonar væri niður komið, og svaraði því þannig: „Ég veit ekki, hvar líkamsleifar Guðmundar eru, séu þær ekki í Hafnarfjarðarhrauni“.

Hinn 28. mars 1977 kom ákærði Kristján Viðar Viðarsson fyrir sakadóm, og voru honum þá kynntir framburðir hans í dómi 11. janúar 1976 og það úr lögregluskýrslu, er hann staðfesti þá, svo og framburður hans hinn 25. mars 1977 um átökin að Hamarsbraut 11, er Guðmundur Einarsson beið bana, og var ákærða bent á misræmi milli framburðanna. Ákærði sagði framburðinn frá 25. mars 1977 vera réttari. Hann hefði ekki munað eins vel um málsatvik 11. janúar 1976 eins og 25. mars 1977.

Ákærði var sérstaklega inntur eftir því, er fram kemur í framburði hans, að Sævar Marinó hefði sparkað í Guðmund, eftir að hann var fallinn. Í dómsframburðinum frá 11. janúar 1976 kvaðst ákærði hafa séð, að Sævar Marinó sparkaði í síðu og höfuð Guðmundar, þar sem hann lá á gólfinu inni í stofu, en í framburði hans 25. mars 1977 kvaðst ákærði hafa séð hann sparka í Guðmund, sennilega í höfuðið, að ákærða fannst. Ákærði sagði síðari framburðinn vera réttari.

Hinn 28. mars 1977 fór fram samprófun þeirra Erlu og Kristjáns Viðars fyrir dómi. Kvað Kristján Viðar „það geta verið rétt, sem Erla segir“. Kristján Viðar sagðist ekki hafa orðið þess var, að Erla yrði fyrir Sævari Marinó á ganginum að Hamarsbraut 11 og dytti, er þeir voru að berg lík Guðmundar Einarssonar út úr húsinu. Erla hélt fast við framburð sinn því viðvíkjandi. Erla hélt og fast við það, að hún hefði séð saur í lakinu, sem maðurinn var vafinn inn í, og fundið vonda lykt, en Kristján Viðar kvaðst ekki hafa orðið var við neitt slíkt. Kristján Viðar hélt því fram, að hann hefði rætt við Erlu á staðnum, en hún kvaðst ekki muna til þess. Kristján Viðar kvað Sævar Marinó hafa sótt lakið, sem sveipað var utan um Guðmund Einarsson, eftir að þeir komu aftur að Hamarsbraut 11. Erla sagðist ekki muna eftir þessu. Kristján Viðar kvaðst ekki vita, hvert Sævar Marinó hefði sótt lakið. Þau voru nánar spurð um þetta atriði, en héldu hvort um sig fast við sinn framburð.

Hinn 19. apríl 1977 kom ákærði Kristján Viðar Viðarsson fyrir sakadóm og kvaðst vilja breyta framburði sínum um það, er hann kom að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974 ásamt Guðmundi Einarssyni og Tryggva Rúnari Leifssyni.

Ákærði skýrði nú frá því, að við nánari athugun hefði rifjast upp fyrir sér, að um Albert Klahn hefði verið að ræða, en ekki Sævar Marinó, er kom niður stíginn að húsinu, á meðan ákærði, Tryggvi Rúnar og Guðmundur voru enn utan dyra. Ákærði kvaðst hafa skriðið inn um glugga á þvottahúsi, er hann fór inn í húsið að Hamarsbraut 11, og síðan opnað húsið. Hafði Sævar Marinó sagt ákærða áður, að hægt væri að komast inn um þennan glugga. Ákærði skýrði frá því, að Gunnar Jónsson hefði ekki verið í fylgd með Albert Klahn, er hann gekk niður stíginn að húsinu, en Gunnar hefði komið rétt á

eftir. Ákærða minnti, að Albert Klahn hefði sagt sér, þegar hann kom á staðinn, að Gunnar biði í bifreiðinni. Voru ákærðu Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og Albert Klahn svo og Guðmundur Einarsson og Gunnar Jónsson nýkomnir inn í húsið, er ákærði Sævar Marinó kom. Voru þeir á ganginum og höfðu Best þar niður, en höfðu ekki farið inn í sjálfa íbúðina.

Ákærði var nánar spurður um flutninginn á líki Guðmundar Einarssonar inn í hraunið. Kvaðst ákærði halda fast við fyrri framburð sinn um það og hefði líkið sér vitanlega aldrei verið flutt úr hrauninu. Ákærði taldi, að þeir hefðu verið um stundarfjórðung að bera díkið inn í hraunið -frá bifreiðinni og numið staðar tvisvar á leiðinni til þess að hvíla sig.

Hinn 27. september 1977 var ákærði yfirheyrður í sakadómi að beiðni Páls A. Pálssonar, skipaðs verjanda hans, og að eigin ósk ákærða sjálfs. Óskaði verjandinn þess, að ákærði yrði spurður að því, hvort hann hefði orðið Guðmundi Einarssyni að bana.

Svar ákærða var á þessa leið: „Fag veit ekkert um hvarf Guðmundar Einarssonar. Ég fór fram á það 12. maí s.l. í hegningarhúsinu við Skálavörðustíg og 6. júlí s.l. í þinghaldi í Geirfinnsmálinu, að þetta yrði bókað, en því var hafnað“.

Að ósk verjanda ákærða var hann spurður, hvers vegna hann hefði gefið dóms- og lögregluskýrslurnar í „Guðmundarmálinu“. Svar ákærða var: „Vegna þess að lögreglumenn fóru fram á það, og ég taldi mér ekki heimilt að neita því. Ég og meðákærðu vorum yfirheyrðir saman, án þess að skýrsla væri tekin, og við látnir hjálpast að við að muna atburði, sem ekki höfðu skeð, en lögreglumenn töldu, að átt hefðu sér stað. Ég var ekki staddur í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974 ásamt meðákærðu o,g Guðmundi Einarssyni og Gunnari Jónssyni“.

Í þinghaldi í sakadómi hinn 29. september 1977 óskaði ákærði Kristján Viðar Viðarsson, að eftirfarandi yrði bókað: „Laugardagkvöldið 26. janúar 1974 var ég á kvikmyndasýningu Superstar í Laugarásbíó; fimmsýningu. Að henni lokinni labbaði ég heim til mín, en kom við að Miðtúni 19, þar sem kunningi minn bjó, sem heitir Gunnar. Átti ég einhver orðaskipti við hann. Ég hafði orð á að fara á Röðul og bað hann um peningalán, sem hann gat ekki veitt mér. Ég fór ekki á Röðul, heldur heim til mín að Grettisgötu 82 og var þar það, sem eftir var kvöldsins, og um nóttina. Framburðir mínir í samprófunum í málinu hér í sambandi við mál Guðmundar Einarssonar við meðákærðu og Gunnar Jónsson svo og í máli Geirfinns Einarssonar að undanskildum samprófunum við ákærðu Erlu og Guðjón eru tómur þvættingur` `.

Ákærði kvaðst aðspurður hafa komið heim til sín um kl. 2100 um kvöldið.

D. Hinn 22. desember 1975 yfirheyrði rannsóknarlögreglan ákærða Sævar Marinó Ciesielski fyrst um atvik máls þessa, en hann var þá gæslufangi í fangelsinu við Síðumúla. Yfirheyrsla þessi hófst klukkan 1400 og lauk klukkan 1900, og var Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður, réttargæslumaður ákærða, viðstaddur hana. Var ákærði margspurður um hvarf Guðmundar Einarssonar, en hann neitaði í fyrstu allri vitneskju um það. Var ákærða bent á, að Erla Bolladóttir hefði skýrt frá sinni vitneskju um málið og hún segði ákærða vera við það riðinn. Þar kom, að ákærði viðurkenndi, að hann vissi eitthvað um afdrif Guðmundar, en hann vildi ekki til að byrja með segja nánar frá atvikum málsins. Formleg skýrsla var ekki tekin af ákærða, en í skýrslu rannsóknarlögreglu um yfirheyrsluna segir orðrétt: „Í samráði við Jón Oddsson, hrl., var upphafið að skýrslu Erlu Bolladóttur lesið fyrir Sævar. Sævar bað þó fljótlega um, að lestrinum yrði hætt, og féllst á að skýra sjálfur frá hlutdeild sinni í hvarfi Guðmundar.

Ekki var tekin skrifleg skýrsla af Sævari, en hann skýrði frá atburðum mjög á sömu fund og Erla hafði gert. Sævar rakti í aðalatriðum þann atburð, að Guðmundur Einarsson, Kristján V. Viðarsson og Tryggvi R. Leifsson hefðu allir komið í íbúðina við Hamarsbraut að nóttu til seint í janúar 1974. Tímasetningu miðaði Sævar við það, að hann hefði þá verið nýkominn erlendis frá vegna kaupa á „hassi“. Í þá innkaupaferð hefði hann farið með Viggó Guðmundssyni. Átök höfðu svo átt sér stað í íbúðinni við Hamarsbraut, sem lauk með því, að Guðmundur beið bana. Ekki var lögreglu gert viðvart eða læknir tilkvaddur, heldur hringdi Sævar til Alberts K. Skaftasonar kunningja síns og fékk hann á bifreið föður síns á staðinn. Í þeirri bifreið fluttu þeir svo lík Guðmundar og urðuðu í hrauninu sunnan Hafnarfjarðar.

Eigi var nú skrifleg skýrsla tekin af Sævari, bæði vegna þess, að mjög var liðið á leyfilegan yfirheyrslutíma, og einnig óskaði Jón Oddsson, hrl., eftir þeirri frestun".

Hinn 4. janúar 1976 var ákærði Sævar Marinó yfirheyrður af rannsóknarlögreglu og tekin af honum formleg skýrsla. Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður var nærstaddur, en yfirheyrslan stóð frá klukkan 1650 til klukkan 1900 og frá klukkan 2000 til klukkan 2240.

Ákærði skýrði svo frá, að skömmu eftir áramótin 1973-1974 hefði hann að næturlagi um helgi komið heim til sín að Hamarsbraut 11, þar sem hann hafði þá búið með Erlu Bolladóttur. Þar við húsið hefðu verið tveir kunningjar hans, þeir Kristján Viðar Viðarsson og Tryggvi Rúnar Leifsson. Þeir hefðu farið með ákærða inn í íbúðina, en Erla ekki verið heima. Rétt á eftir kvaðst ákærði hafa heyrt einhvern dynk úr geymsluherbergi íbúðarinnar og farið þangað fram. Þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hefðu verið þar inni og á gólfinu hefði legið maður, sem búið var að breiða lak yfir. Ákærði kvaðst ekki hafa séð manninn á aðra lund en þá, að hann hefði séð móta fyrir honum undir lakinu. Ákærði sagðist hafa farið fram á ganginn og kallað á Kristján Viðar að koma með sér, en hann ekki komið. Hefði ákærði þá farið fram á salerni og verið þar nokkra stund. Þegar ákærði hefði komið fram aftur, hefðu þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar verið að ljúka við að vefja lakinu um manninn og binda utan um. Í því hefði Erla Bolladóttir komið að þeim og henni bersýnilega orðið mikið um. Maðurinn hefði nú verið borinn í lakinu út í bifreið, sem ákærði kvað einn kunningja sinn, Albert Klahn Skaftason, hafa haft til umráða, og hefði hann setið í bifreiðinni við húsið. Manninum hefði verið komið fyrir í aftursæti bifreiðarinnar og þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar Best sitt hvorum megin við hann, en ákærði sjálfur Best í framsætið við hlið Alberts Klahn, Ekið hefði verið í nánd við Álverið í Straumsvík og þar til vinstri út af aðalveginum, en þó ekki langt. Þeir hinir hefðu tekið manninn í lakinu og horfið með hann á milli sín út í náttmyrkrið. Kvaðst ákærði ekki hafa séð, hvert þeir fóru, en þeir hefðu verið nokkra stund í burtu. Síðan hefðu þeir komið aftur í bifreiðina og ekið hefði verið með ákærða annað hvort á Hamarsbrautina eða til vinstúlku hans í starfsmannahúsi Kópavogshælis.

Hinn 6. janúar 1976 skýrði ákærði Sævar Marinó svo frá við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, að í janúarmánuði árið 1974 hefði hann búið ásamt sambýliskonu sinni, Erlu Bolladóttur, í íbúð, sem faðir hennar hefði átt að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði. Lýsti ákærði húsakynnum þannig: „Íbúðin er í kjallara hússins og samanstendur af tveim íveruherbergjum, snyrtiherbergi, gangi, kyndi- og þvottaherbergi og geymsluherbergi. Húsið er auk kjallarans ein hæð og ris. Snyrtiherbergið og kyndi- og þvottaherbergið var sameiginlegt með öðrum íbúum hússins. Inngangur í kjallarann er frá Hamarsbraut og gengið niður nokkrar tröppur að dyrunum. Hamarsbrautin er nokkuð sérkennileg Bata, því hún er lokuð í báða enda, en ekið inn á hana um húsasund frá bifreiðastæði, sem tilheyrir Suðurgötu. Húsasundið er milli húsanna nr. 11 við Hamarsbraut og þess næsta við. Íveruherbergin í

Íbúð okkar voru svefnherbergi og stofa. Þegar komið var inn um útidyrnar, þá kom maður inn í ganginn. Úr honum voru fyrst dyr til hægri inn í þvotta- og kyndiherbergið, síðan aðrar dyr til hægri inn í snyrtiherbergið. Á enda gangsins gegnt útidyrnum voru dyr inn í stofuna og svo úr henni inn í svefnherbergið. Inn í svefnherbergið var því ekki hægt að komast nema í gegnum stofuna. Í geymsluherbergið var gengið í gegnum kyndi og þvottaherbergið af ganginum".

Nótt eina síðast í janúarmánuði árið 1974, sennilega aðfaranótt sunnudags, kvaðst ákærði hafa komið heim að Hamarsbraut 11, en hann hefði þá örfáum dögum áður komið hingað til lands úr ferð frá Kaupmannahöfn og Amsterdam. Við útidyrnar hefði hann orðið var við Kristján Viðar, Tryggva Rúnar og einhvern þriðja mann, sem hann hefði ekki borið kennsl á. Ákærði kvaðst ekki muna með vissu, hvort hann hefði opnað útidyrnar með lykli eða þær verið ólæstar, en þau Erla hefðu aðeins haft einn lykil að dyrunum, annað þeirra oft verið lykillaust og dyrnar þá stundurr skildar eftir ólæstar. Um leið og ákærði fór inn í húsið, hefðu hinir ruðst óboðnir inn með honum. Hefði honum alts ekki verið um það gefið, að þeir kæmu inn í íbúðina, enda hefði ákærði ekki verið viss um, hvort Erla væri heima, en það ekki reynst vera.

Um það, sem síðar gerðist, er eftirfarandi bókað eftir ákærða: „Ég fór rակleitt inn í svefnherbergið, ég geri ráð fyrir í þeim tilgangi að athuga, hvort Erla væri heima, og eltu þeir hinir mig þangað. Ég reyndi að mátmæla veru þeirra þarna í íbúðinni, en þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar bentu mér vinsamlegast á að þegja, því það væri best fyrir mig. Þeir gáfu fyllilega í skyn, að ég yrði tekinn og farið illa með mig, .ef ég væri eitthvað að „rífa kjaft". Einhver orðaskipti urðu þarna, og gerði ó .unni maðurinn sig líklegan til þess að fara út úr herberginu og hafði við orð að yfirgefa staðinn. Þá réðst Kristján Viðar á manninn, og sá ég hann slá manninn með krepptum hnefa í andlitið. Þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar höfðu setið á rúminu í svefnherberginu, og nú stóð Tryggvi Rúnar á fætur, og virtist mér hann ætla að gera sig líklegan til þess að ráðast á mig. Ekki hafði ég hug á að verða fyrir árás af hans hendi og forðaði mér fram í stofuna. Þegar ég var þangað kominn, þá heyrði ég dynk inni í svefnherberginu og smell, eins og eitthvað slægist utan í vegginn eða á þröskuldinn milli svefnherbergisins og stofunnar. Jafnframt sá ég, að maðurinn féll á gólfið alveg við dyrnar milli svefnherbergisins og stofunnar, svefnherbergismegin. Kristján Viðar kom nú inn í stofuna og hafði í frammi ýmsa tilburði, sem ég tók sem svo, að hann hefði í hyggju að ráðast á mig, en það gerði hann þó ekki. Ekki sagði hann neitt á meðan. Á meðan var Tryggvi Rúnar inni í svefnherberginu, og sá ég ekki, hvað hann aðhafðist. Nú fóru þeir báðir eitthvað að stumra yfir manninum og hrista hann til, en maðurinn sýndi engin merki þess, að hann væri með meðvitund, og heyrði ég Kristján Viðar þá segja, að maðurinn væri dáinn. Þetta fékk mjög á mig, og tel ég, að það áfall, sem ég varð þarna fyrir, sé orsök til þess, hversu mér hefur gengið erfiðlega að muna atvikin náið og í rétttri röð. Þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar gengu nú um stund um gólf í herbergjunum og voru eitthvað að ræða saman, sem ég ekki heyrði, hvað var. Á meðan hélt ég mig í stofunni og var mjög miður mín. Þeir fóru svo fram í ganginn og þaðan í .gegnum kyndi- og þvottaherbergið, inn í geymsluherbergið. Ég sá þá hverfa inn í kyndi- og þvottaherbergið, en heyrði til þeirra inni í geymslunni, og ég sá, að þeir kveiktu ljós þar inni. ;Ég var nú orðinn verulega hræddur og fór inn í snyrtiherbergið til þess að hugsa ráð mitt og hvað ég skyldi til bragðs taka. Ég heyrði til þeirra Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnara, bæði það, að þeir voru eitthvað að ræða saman, og svo heyrði ég hljóð, eins og eitthvað væri dregið eftir gólfinu úr svefnherberginu og um ganginn og inn í geymsluherbergið. Rétt á eftir kom ég út úr snyrti.herberginu fram á ganginn, og rétt í því .kom Kristján Viðar út úr kyndi- og þvottaherberginu fram á ganginn. Hann skipaði mér að hringja til Alberts Klahn Skaftasonar og segja honum að koma strax, undir því yfirskyni, að ég ætlaði að gefa honum „hass", því þá myndi hann koma undir eins. Ég hringdi svo, eins

og Kristján Viðar lagði fyrir mig, enda þorði ég ekki öðru, og féllst Albert Klahn á að koma. Þegar ég var búinn að hringja, þá fór ég inn í svefnherbergið og sá þá, að maðurinn var þaðan horfinn, og jafnframt var lakið úr rúmi okkar Erlu horfið. Lakið var einhvern veginn gulleitt með röndum. Þá heyrði ég til þeirra Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars inni í geymsluherberginu, enda ekki nema þunnur veggur milli þess og svefnherbergisins. Ekki man ég nákvæmlega eftir ferðum mínum um íbúðina næstu mínúturnar, en svo var ég kominn fram á ganginn. Í því komu þeir Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar út úr kyndi- og þvottaherberginu einnig fram á ganginn og slökktu ljósinn á eftir sér. Tryggvi Rúnar gekk til mín og tók um axlir mér, og hafði ég einhvern veginn á tilfinningunni, að þeir myndu einnig ráðast á mig.

Ekki gerðu þeir það, en Tryggvi Rúnar talaði um, að ég skyldi ekki vera með neina „stæla“, og einnig um að fara út. Við fórum nú út úr húsinu, en ekki get ég gert mér grein fyrir, hvert ferðinni var heitið, enda ekki ég, sem réð henni. Rétt á eftir kom Albert Klahn í VW-bifreið föður síns, og settumst við allir upp í hana. Ég hafði tekið með mér „hass“, eins og ég hafði lofað Albert Klahn, og sagði ég, að nú skyldum við aka suður fyrir Hafnarfjörð að Álverinu. Áður var eitthvað ekið um bæinn. Við ókum svo suður veginn til Keflavíkur og beygðum til hægri inn á afleggjarann að Álverinu, og var hugmyndin af minni hálfu að gefa Albert Klahn þar í pípu. Þarna var allt upplýst og fólk á ferli, og sagði ég því Albert Klahn að snúa við, hvað hann gerði rétt við vegamótin. Við ókum svo í átt til Hafnarfjarðar smáspotta, en svo út af veginum til hægri og stöðvuðum þar rétt utan við veginn. Þar fékk Albert Klahn sér í pípu, en síðan var ekið til baka til Hafnarfjarðar og heim til mín. Albert Klahn ók bifreiðinni inn í húsasundið að Hamarsbrautinni og stöðvaði við húshornið heima, en ekki man ég, hvort hann þá strax snéri bifreiðinni við. Við fórum nú allir úr bifreiðinni, nema Albert Klahn, og inn í húsið. Ekki man ég heldur, hvort þá voru læstar dyrnar eða ekki. A meðan á ökuferðinni stóð og eins nú, eftir að við komum til baka í húsið, þá voru þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar eitthvað að þískra sín á milli, sem ég ekki heyrði. Ég held, að þeir hafi báðir verið undir áhrifum áfengis og einhverra lyfja, sennilega örvandi. Þeir Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar fóru báðir rakleiðis inn í geymsluherbergið í gegnum kyndi og þvottaherbergið og kveiktu ljós, en ég fór inn í snyrtiherbergið. Þaðan fór ég svo út aftur og á eftir hinum tveim inn í geymsluherbergið. Þegar ég var að fara þangað inn, þá varð ég þess var, að Erla myndi hafa komið heim í millitíðinni og vera heima, því ég heyrði til hennar í stofunni. Þegar ég kom í dyr geymsluherbergisins, þá voru þeir Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar að vefja lakinu úr rúmi okkar Erlu utan um eitthvað, sem var svo fyrirferðarmikið, að það hefði vel getað verið mannslíkami, enda þóttist ég þess fullviss, að hér væri um að ræða manninn, sem kom með þeim Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari fyrr um nóttina og þeir höfðu ráðist á. Mér virtist maðurinn vera einhvern veginn samanhnipraður, og rétti Tryggvi Rúnar mér annan enda laksins og sagði mér að binda hnút á. Kristján Viðar var þá við hinn endann. Ég held, að ég hafi hnýtt hnútinn á þann enda laksins, sem snéri að dyrum geymslunnar. Er hér var komið, þá varð ég þess var, að Erla stóð í gangdyrunum og var augljóslega mjög miður sín eftir svipnum að dæma, en ekki sagði hún neitt. Þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar tóku undir sinn hvorn enda laksins og báru það áleiðis fram í gegnum þvotta- og kyndiherbergið fram á ganginn, en ég gekk við hlið byrðarinnar, en minnst þess ekki, að hafa haldið nokkurs staðar í. Kristján Viðar fór fyrir, og þar sem Erla stóð í dyrunum milli gangsins og kyndi- og þvottaherbergisins, þá var hún fyrir þeim. Kristján hrinti henni til hliðar, svo að hún hrökklaðist aftur á bak, en ekki held ég hún hafi dottið. Þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar fóru nú með manninn í lakinu út úr húsinu, en ég fór að stumra yfir Erlu og kom henni inn í rúm. Ekki man ég greinilega, hvað ég sagði við hana, en ég sagði henni að segja ekki nokkrum frá því, hvað hún kynni að hafa heyrt eða séð, og var þetta að fyrirmælum Kristjáns Viðars. Síðan fór ég út, en þá voru þeir Kristján Viðar og

Tryggvi Rúnar horfnir svo og bifreið Alberts Klahn. Ég fór þá inn aftur, og lá Erla þá uppi í rúmi, en ekki get ég gert mér nánari grein fyrir ástandi hennar, nema hún var mjög miður sín á svipinn. Nokkru síðar kom Albert Klahn aftur, en þá voru þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar ekki með honum. Albert Klahn aftur á móti ók mér nú í Kópavog, því þangað var ég að fara í starfsmannahús Kópavogshælis. Ekki gat Albert Klahn þess neitt við mig, hvert hann hefði ekið þeim Tryggva Rúnari og Kristjáni Viðari, og ekki minnst ég þess, að við höfum neitt rætt um, hvað Albert Klahn hefði verið að flytja, en vel getur verið, að ég hafi sagt honum, að það hafi verið lík af manni."

Tveimur eða þremur dögum síðar kvaðst ákærði hafa heyrt auglýst eftir manni, sem átt hefði að hafa horfið í Hafnarfirði nótt þá, sem hann lýsti hér að framan, og vildi ákærði ekki neita því, að hann hefði sett þetta mannhvarf í samband við atburði næturinnar. Hins vegar hefði hann ekki þorað að segja nokkrum frá vitneskju sinni af hræðslu við hefndaraðgerðir þeirra Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars, enda hefðu þeir fullkomlega gert honum skiljanlegt, að til þeirra yrði gripið, ef hann segði frá því, sem hann vissi.

Þessi yfirheyrsla rannsóknarlögreglu stóð frá klukkan 1410 til klukkan 1600, og var Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður viðstaddur upplestur skýrslunnar.

Ákærði Sævar Marinó Ciesielski kom fyrst fyrir dóm vegna máls þessa hinn 11. janúar 1976, en hann hafði þá setið 30 daga í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar svikamúls.

Um sjálf átökin að Hamarsbraut 11 er eftirfarandi bókað eftir ákærða á dómþinginu:

„Þeir ruddust inn í íbúðina þrátt fyrir mótmæli kærða, og þar hófust deilur, sem enduðu með áflogum, og var maðurinn rotaður. Kærði kveðst hafa sparkað í kjálka mannsins, þar sem hann lá á gólfinu í svefnherberginu, eftir að Kristján Viðar hafði slegið hann niður. Eftir þetta velti maðurinn Sér við. Maðurinn stóð ekki upp eftir þetta, en reyndi að Standa upp.

Farið var með manninn inn í geymslu, og var maðurinn þá meðvitundarlaus. Kærði segir nú, að maðurinn hafi verið á hnjánum, er hann sparkaði í hann".

Ákærði staðhæfði, að hann hefði ekki vitað, hvort maðurinn hefði verið látinn, þegar farið var með hann fram í geymsluna, og hann neitaði allri vitneskju um, hvað orðið hefði af mannum eftir þetta.

Á dómþingi hinn 11. mars 1976 kvaðst ákærði Sævar Marinó ekki hafa neitt nýtt fram að færa vegna máls þessa, og efnislega kom ekkert frekar fram um málsatvik, þegar hann kom fyrir dóm hinn 9. júní og 7. september 1976 vegna gæsluvarðhaldsúrskurða.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu hinn 20. september 1976 Staðhæfði ákærði Sævar Marinó, að Albert Klahn hefði komið inn í forstofuna að Hamarsbraut 11, þegar hann kom til að flytja lík Guðmundar, og taldi, að það hefði verið sett inn í bifreiðina vinstra megin.

Hinn 30. september 1976 gaf ákærði Sævar Marinó Ciesielski skýrslu hjá rannsóknarlögreglu, og er þá svofelld frásögn hans skráð:

„Ég vil skýra frá því nú, hvað Skeði þann 26. janúar og aðfaranótt þess 27. árið 1974, þegar Guðmundur Einarsson hvarf. Þetta kvöld var ég staddur hjá kunningjakonum mínum að Vestur götu 24, en þær heita Guðfinna Gísladóttir og Sigríður Gísladóttir. Þarna var einnig staddur Albert Klahn Skaftason. Ég man, að Albert Klahn sagði við mig, að hann væri að fara til Kristjáns Viðars

Viðarssonar að Grettisgötu 82. Ég spurði Alber Klahn að því, hvort hann mundi ekki vilja aka mér að Kópavogsbústaðnum í Kópavogi, en hann kvaðst vera tímabundinn og vera á leið til Kristjáns Viðars. Ég gekk því út, og er ég kom að veitingahúsinu Nausti, náði ég í leigubifreið. Með henni fór ég rակleitt að Kópavogsbústaðnum, en ég var að hita Helgu Gísladóttur, sem vann þar og bjó einnig þar. Ég vil geta þess, að ég hafði orð á því við Albert Klahn á Vesturgötunni, hvert ég væri að fara, en hann þekkti einnig Helgu nokkuð vel. Ég veit, að Albert Klahn hafði lent í átökum í Kópavogsbústaðnum, og þess vegna vildi hann ekki aka mér þangað. Er ég var kominn til Helgu, fórum við að neyta áfengis, og man ég, að við drukkum Ballantine Whisky. Ég var búinn að vera þarna um það bil eina klukkustund, er Kristján Viðar kom þangað, og var mér kunnugt um það, að Tryggvi Rúnar var með honum, en þeir voru í leigubifreið. Ég tel það hugsanlegt, að það hafi verið Viggó Guðmundsson, sem hafi ekið þeim, en Viggó umgekkst okkur nokkuð mikið þennan tíma, og verið getur, að Guðmundur Einarsson hafi verið með þeim í bifreiðinni, en ég vil geta þess, að ég hafði komið heim til Kristjáns Viðars fyrr um daginn að Grettisgötu 82, og þá var hjá honum mikið af fólki, sem ég þekkti ekki, en man þó eftir að hafa séð Tryggva Rúnar þar.

Erindi Kristjáns Viðars við mig var að reyna að fá lánaða peninga hjá mér, en hann vissi, að ég hafði handbæra peninga á þessu tímabili, en þessa peninga hafði ég fengið vegna hasssölu. Ég svaraði honum, að ég væri ekki með neina peninga á mér, og man ég, að ég átti í einhverjum orðaskiptum við hann vegna þessa. Kristján Viðar hvarf því næst í burtu, en eftir stutta stund fór ég að hugleiða, hvort þeir myndu ekki fara að Hamarsbrautinni og leita að peningum þar, en íbúðin var nær alltaf opin og því mjög auðvelt að komast þar inn. Ég vil geta þess, að ég var með 80.000 krónur í peningum á mér, en ég vildi ekki lána Kristjáni Viðari peninga, þar sem hann greiddi yfirleitt ekki skuldir sínar. Ég fór því fljótlega frá Kópavogsbústaðnum og gekk að Kópavogsbíói, þar sem ég náði leigubifreið, en síðan fór ég rակleitt að Hamarsbrautinni og tel mig hafa komið þangað um miðnætti. Er ég kom að húsinu, mætti ég þeim Kristjáni Viðari, Tryggva Rúnari og einhverjum manni til, sem ég veit núna, að var Guðmundur Einarsson. Þeir voru á leiðinni út og voru að loka útihurðinni, er ég kom að þeim. Ég ávarpaði þá, og varð það úr, að við fórum allir inn í íbúðina. Ég sagði þeim, að þeir gætu ekki verið þarna, þar sem Erla væri húsráðandi og henni mundi ekki líka það, að þeir væru þarna. Kristján Viðar var mjög jákvæður gagnvart þessum ummælum mínum, en Tryggvi Rúnar og Guðmundur urðu hinir verstu. Einhver orðaskipti fóru fram á milli okkar, og man ég, að Guðmundur hugðist fljúga á mig. Er það gerðist, vorum við allir inni í stofu. Kristján Viðar réðst þá á Guðmund, og voru þeir komnir í handalögmál á gólfinu. Ég fór strax fram og inn á salerni, þar sem ég lokaði hurðinni að mér, og þaðan heyrði ég nokkurt brólt og hávaða, einnig stunur, eins og er menn standa í áflogum. Ég heyrði bæði stunur í Kristjáni Viðari og Guðmundi. Þegar ég hafði verið nokkra stund á salerninu, man ég, að Tryggvi Rúnar var að kalla á mig og að hann var kominn í þvottahúsið til þess að leita að mér. Ég minnst þess einnig, að Kristján Viðar kom á salernið til mín, og man ég, að hann kallaði: „Heyrðu, Sævar“. Ég gekk þá fram og fór með Kristjáni Viðari inn í stofu. Sá ég þá, hvar Guðmundur lá á gólfinu og hafði verið breitt yfir hann lak. Kristján Viðar sagði við mig, að Guðmundur væri dáinn. Hann skýrði mér frá því, að maðurinn hefði komið sér í gólfið og náð á sér haustaki, og svo gæti hann ekki gert sér grein fyrir því, hvað hefði gerst. Ég hafði veitt því athygli, að er Kristján Viðar kom að Kópavogsbústaðnum, var hann með hníf, sem hann hafði keypt, er við vorum í Kaupmannahöfn árið 1973. Þetta var gamall byssustingur um 40-45 cm að lengd, og hulstrið, sem var utan um hann, var um það bil 7 cm að breidd. Ég man, að Kristján Viðar var í brúnum frakka og að hnífurinn var hægra megin.

Við ræddum á milli okkar, hvað skyldi gera, hvort kalla skyldi á lögregluna eða ekki. Var ákveðið að bíða með það. Guðmundur var síðan dreginn inn í þvottahús, þar sem honum var hagrætt. Ég hafði

orð á því, að ég væri hræddur um, að Erla gæti komið heim. Fórum við út eftir að hafa ha-grætt Guðmundi í þvottahúsinu, en ég hafði þá skömmu áður hringt á leigubifreið, sem við fórum síðan burtu í. Ég vil geta þess, að ég hafði séð blóð í lakinu, sem var utan um Guðmund, og einnig man ég eftir, að ég fann sterka lykt, lykt, sem ég man eftir að hafa fundið, er ég var í sveit, og er einna líkust saurlykt. Ég minnst þess, að Guðmundur lá á bakinu, er við fórum að handleika hann og draga hann fram í geymsluherbergið. Ég og Tryggvi Rúnar tókum í sín hvora öxlina á Guðmundi, og Kristján Viðar tók undir fæturna, og þannig var Guðmundur borinn Fram í geymsluherbergið. Síðan fórum við í leigubifreið beint í nætursöluna, þar sem ég keypti Coca-Cola. Ég man, að við ræddum ekkert um atburðinn á milli okkar í leigubifreiðinni og að við vorum allir mjög niðurdregnir út af þessu. Þegar við komum að Hamarsbraut aftur, var Erla komin heim, og man ég, að Kristján Viðar fór að ræða við hann. Við ræddum síðan saman, ég, Kristján Viðar og Tryggi Rúnar, og man ég, að það kom til umræðu að fara og leggja Guðmund á bersvæði, þar sem hann mundi síðan finnast, en frá þessu var horfið, þar sem við töldum, að hægt hefði verið að rekja slóðina til okkar. Var síðan ákveðið að hringja til Alberts Klahn. Ég man, að Kristján Viðar stóð í þvottahúsdyrnum og sagði við mig að hringja til Alberts Klahn. Ég gerði það og bað Albert Klahn að koma, en ég útskýrði ekki fyrir honum, hvað hefði gerst. Sagði ég við hann, að það væri áriðandi, að hann kæmi, og að hann mundi þá fá hassmola. Strax eftir símtalið fór ég inn í svefnherbergi og ræddi við Erlu, sagði henni, að það hefðu orðið áflog, maður dáði, en um slys hefði verið að ræða. Ég vil taka það fram, að Erla var undir áhrifum áfengis, er hún kom heim, og var lögst fyrir, en Kristján Viðar hafði einnig skýrt henni frá því áður, hvað hefði gerst. Á meðan Albert Klahn var á leiðinni, var ákveðið endanlega, hvað skyldi gera, það að fara með Guðmund út í hraun fyrir sunnan Hafnarfjörð.

Þegar Albert Klahn ók niður húsasund það, sem sér heim að Hamarsbraut 11, blikkaði hann ljósgeislum bifreiðarinnar, og urðum við varir við það úr svefnherberginu. Kristján Viðar fór strax út, talaði við hann og útskýrði fyrir honum, hvað hefði gerst og að um alvarlegan hlut væri að ræða. Ég tel, að Albert Klahn hafi komið inn í forstofuna að Hamarsbrautinni. Tryggvi Rúnar og Albert Klahn báru manninn út, en ég fór að tala við Erlu, sem hafði komið fram á gang. Ég, Kristján Viðar og Albert Klahn vorum einnig þar fyrir. Albert Klahn og Tryggvi Rúnar héldu í sinn hvorn enda á lakinu. Kristján Viðar sagði við mig að fara með Erlu inn í svefnherbergi til að fyrirbyggja það, að hún fengi lost, er hún sæi Guðmund. Fór ég inn í svefnherbergi með Erlu. Ég man, að ég tók utan um hana og sagði við hana, að hún skyldi ekki vera hrædd, ég ætlaði að fara með þeim, en mundi koma strax aftur. Ég sagði jafnframt við hana, að þetta væri hrottalegur atburður, en þetta hefði verið slys.

Þegar ég kom út, var Albert Klahn að loka farangursgeymslunni á bifreiðinni, og Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar voru að fara inn í bifreiðina vinstra megin. Framendi bifreiðarinnar snéri til suðurs, og gekk ég fram fyrir bifreiðina og settist inn í hann hægra megin. Tryggvi Rúnar sat beint fyrir aftan mig í bifreiðinni, það er hægra megin aftur í henni, en Kristján Viðar sat vinstra megin aftur í fyrir aftan Albert Klahn.

Við ókum frá húsinu og beygðum til hægri eftir Suðurgötunni. Ókum svo eftir Hvaleyrarholtinu. Ég man eftir, að við fórum veginn, sem liggur að Sædýrasafninu, og eins, að við fárum afleggjarann, sem liggur að Álverinu. Hvort við fórum fyrst að Álverinu eða Sædýrasafninu, þori ég ekki að fullyrða um, en ég man eftir, að við komum á óáða þessa staði.

Þegar við komum á þann stað, þar sem Guðmundur var tekinn út úr bifreiðinni, en frá þeim stað get ég ekki greint nákvæmlega, fórum við allir út úr bifreiðinni, en þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar



tóku í sinn hvorn endann á lakinu, sem vafið hafði verið utan um Guðmund, og báru hann út í hraun. Við Albert Klahn gengum á eftir þeim stuttan spöl, en fórum svo að bifreiðinni aftur og biðum þar, uns þeir komu, en ég tel, að það hafi liðið u. þ. b. 20 mínútur, þangað til þeir komu aftur. Þeir komu með lakið, og ég man, að það var gult að lit.

Haldið var strax heim á leið og farið með mig að Hamarsbrautinni, þar sem ég yfirgaf bifreiðina, tók lakið með mér og kastaði því í öskutunnu, sem er utan við húsið. Ég fór síðan inn til Erlu, ræddi lítillaga við hana, en fór síðan að Kópavogsbústaðnum aftur, þar sem ég svaf það, sem eftir var af nóttinni. Þegar Erla kom heim úr vinnu að kvöldi þess 27. janúar, en það var sunnudagur, ræddum við um atburðarásina frá nóttinni áður, og man ég, að Erla var hrædd um, að Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar mundu koma aftur að Hamarsbrautinni."

Yfirheyrsla þessi hófst klukkan 1400, og henni lauk ekki fyrr en klukkan 2105. Í skýrslunni er bókað, að ákærða hafi verið ljóst, að yfirheyrslan hefði staðið í meira en sex klukkustundir samfleytt, „en hann óskaði þess, að haldið yrði áfram, uns skýrslunni væri lokið, hvað sem tímanum liði". Ákærði og Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður, verjandi hans, rituðu báðir nöfn sín undir skýrslu rannsóknarlögreglunnar, og verður ekki séð, að frá þeim hafi komið okkur andmæli.

Hinn 5. október 1976 skýrði ákærði Sævar Marinó Ciesielski rannsóknarlögreglu frá eftirfarandi:

„Það var í byrjun ágústmánaðar 1974, að ég hitti Kristján Viðar, er þá var nýkominn til Reykjavíkur frá dvöl á Litla-Hrauni. Ég man, að þennan dag var veður mjög gott, og varð það úr, að við urðum okkur úti um áfengi og gengum síðan niður í bæ. Sátum við hjá lðnó og neyttum áfengis. Við fórum þá að ræða atburð þarm, sem gerðist í janúarmánuði að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði. Við ræddum um að flytja líkamsleifar Guðmundar Einarssonar, sem dáíð hafði að Hamarsbraut 11, úr Hafnarfjarðarhrauni í kirkjugarð, og urðum við sammála um að koma þeim fyrir í Fossvogskirkjugarði. Við ræddum einnig, hvort líkamsleifar Guðmundar hefðu fundist, en við höfðum skilið líkið eftir í gráum pokum, en ekki falið það neitt, aðeins lagt það til í hraunsprungu.

Við fórum heim til Alberts Klahn og skýrðum honum frá erindi okkar og báðum hann að aka okkur út í Hafnarfjarðarhraun og reyna að finna þann stað, þar sem við höfðum skilið lík Guðmundar Einarssonar eftir, en ég vil taka það fram, að við tókum með okkur tvo stóra plastpoka, sem voru svartir að lit. Við fórum á Toyota bifreið, sem faðir Alberts Klahn átti, en hún er gul að lit, en ekki man ég skráningarnúmerið. Þegar í Hafnarfjarðarhraun kom, ókum við um í nokkurn tíma til að reyna að finna þann stað, þar sem við höfðum sett lík Guðmundar. Eftir nokkra leit fundum við staðinn, en hann er nokkuð úti í Hafnarfjarðarhrauni handan við Álverið skammt frá rauðamalgryfju, sem þar er. Ekki var hægt að greina, að nokkuð hefði verið hreyft við líkamsleifunum. Við tókum pokana tvo, sem við höfðum tekið með okkur, og settum þá utan yfir poka þá, sem voru fyrir á líkamsleifunum, en síðan var farið með þær í bifreiðina og þær settar í farangursgeymsluna. Eftir þetta var ekið sem leið liggur til Reykjavíkur, og var farið beint heim til Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82. Ég tel, að klukkan hafi verið á milli 1900 og 2000, er þetta gerðist.

Þegar við höfðum haldið kyrru fyrir að heimili Kristjáns Viðars til kl. 2400 eða 0100, ókum við af stað, það er að segja ég, Kristján Viðar og Albert Klahn. Við tókum með okkur tvær skóflur, sem voru í kjallara að Grettisgötu 82. Man ég, að önnur skóflan var stunguskófla, en hin venjuleg mokstursskófla. Skóflurnar settum við inn í sjálfa bifreiðina. Við ókum síðan sem leið liggur Hafnarfjarðarveg, yfir Öskjuhlíð og að hliði, sem er nokkuð fyrir neðan sjálfa Fossvogskapellu, rétt

vestan Hafnarfjarðarvegur. Þar var bifreiðinni ekið aftur á bak að hliðinu, og við fórum út úr henni. Albert Klahn og Kristján Viðar héldu á pokanum í sameiningu, en ég hélt á skóflunum. Rétt innan við hliðið komum við að götu og gengum eftir henni í áttina að Kapellunni sjálfri, það er að segja til norðurs. Beygðum við þá til vesturs eftir mjórri götu, en síðan til suðurs, og þá man ég, að við gengum fram hjá ljósi, sem var á ljósastaur í garðinum. Síðan var beygt til vesturs aftur, og þá minnst ég þess, að ég sá marga steypa krossa á grafreit, þar sem voru jarðaðir franskir sjómenn, sem fórust hér við Ísland fyrir 40 árum. Það skal tekið fram, að í kirkjugarðinum er mikið af götum, bæði breiðum og mjóum, og því nokkuð erfitt að segja til um, hvað var gengið fram hjá mörgum götum.

Ég man, að við vorum ekki langt frá þessum mörgu steypu krossum, þegar við fundum stað, sem við töldum heppilegan til þess að koma líkamsleifunum fyrir. Minnst ég þess, að við grófum að sunnanverðu við götuna, þannig að við horfðum í áttina að Kópavogi. Ég tel, að við höfum grafið ca 60 til 70 cm niður í jörðina, en síðan var pokinn settur niður í holuna og mokað yfir. Man ég, að við sléttuðum vel, bæði með skóflunum og eins með fótunum, moldina til þess að láta sem minnst á þessu bera. Ég man, að við hliðina á þeim stað, sem við grófum, var steiptur steinn, og á honum var skeljasandur nokkuð gráleitur, en ég vil ekki fullyrða, að við höfum verið fyrir utan grafreit.

Ég man, að við gengum nokkuð til suðurs og fundum þar götu og síðan gengum við til austurs og beygðum þaðan til norðurs og urðum að ganga nokkurn spöl til að komast að hliði því, sem bifreiðin var við. Við tókum skóflurnar inn í bifreiðina, og síðan var ekið að Grettisgötu 82 að heimili Kristjáns Viðars. Þar tókum við skóflurnar og settum þær niður í kjallara. Albert Klahn dvaldist í nokkurn tíma að Grettisgötu 82, en fór síðan, en ég var hjá Kristjáni Viðari alla nóttina. „Ég vil geta þess, að um það bil mánuði síðar fór ég aftur í Fossvogskirkjugarðinn með Kristjáni Viðari og ömmu hans. Ég og Kristján Viðar leituðum þá nokkuð að þeim stað, þar sem við höfðum sett líkamsleifar Guðmundar Einarssonar, en okkur tókst ekki að finna staðinn. Tel ég, að við höfum verið af vestarlega í kirkjugarðinum, og eins komum við að garðinum frá Kapellunni. Erindið var það, að amma Kristjáns Viðars ætlaði að leiði einhvers ættingja hans, og fórum við með henni, en áttum ekki neitt erindi þangað sjálfir, nema að athuga með stað þann, sem við grófum líkamsleifar Guðmundar á.“

Dagana 2.-3. mars 1977 hefur rannsóknarlögreglan skráð ýmsar upplýsingar, sem hún kvað fengnar í viðræðum, sem átt hefðu sér stað undanfarna daga við ákærða Sævar Marinó Ciesielski. Voru ákærðu kynntar bókanir þessar við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu hinn 9. mars 1977, og kvað hann rétt eftir sér haft.

Samkvæmt bókunum þessum skýrði ákærði svo frá, að hann hefði verið staddur að Vesturgötu 24 hér í borg laugardagskvöldið 26. janúar 1974. Þangað hefði Albert Klahn komið til að kaupa LSD af Sigríði Gísladóttur, sem þar bjó. Ákærði kvaðst hafa beðið Albert Klahn að aka sér á Kópavogshælið til Helgu Gísladóttur, en hann ekki viljað það, þar sem hann hefði lent þar í átökum áður. Ákærði kvaðst vita um það, að Albert Klahn hefði síðan farið heim til Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82 og látið Tryggva Rúnar hafa LSD. Þar hefði einnig verið staddur piltur, sem kallaður er Gunni, og hefði hann verið búinn að taka inn LSD. Ákærði kvaðst engin deili vita á þessum Gunna, en hann væri í útliti ekki ósvipaður ákærða sjálfum og hefði hann verið talsvert mikið með Albert Klahn á því tímabili, sem Guðmundur Einarsson hvarf. Kvaðst ákærði ekki hafa nefnt hann í fyrri framburðum sínum, þar sem honum „hefði yfirleitt aldrei verið trúnað og hann þá ekki séð neina ástæðu til að segja frá slíku fremur en öðru, sem einhverja þýðingu gæti haft á gang málsins“. Sjálfur kvaðst ákærði hafa farið í legubifreið á Kópavogshælið og muna vel eftir veru sinni þar um kvöldið, hann hefði veitt Sæmundi

Jóhannssyni Ballantine Whisky og Lilja Hjartardóttir verið að rekja ástarraunir sínar. Þangað hefði Kristján Viðar komið og verið að falast eftir peningaláni, en ákærði neitað, þótt hann hefði verið með talsverða peninga á sér. Albert Klahn hefði beðið fyrir utan í svartri VW bifreið, fyrrnefndur Gunni verið við hlið hans í framsæti, en Tryggvi Rúnar setið í aftursæti bifreiðarinnar. Ákærði kvað sér hafa verið kunnugt um, að Kristján Viðar hefði ætlað suður í Hafnarfjörð. Hann sagðist og hafa haft fulla vitneskju um það frá strákunum sjálfum, að þeir fjórir, sem saman voru í VW bifreiðinni, hefðu fyrr þetta lama kvöld verið að aka um á milli skemmtistaða í Reykjavík og ætlan þeirra hefði verið að verða sér úti um fjármuni með því að stela veskjum af fólki, sem þeir treystu sér til við, en árangur ekki orðið sem erfiði. Ákærði kvaðst hafa farið í leigubifreið frá Kópavogshæli að Hamarsbraut 11 og þá hefðu mennirnir allir verið komnir inn í íbúðina, þar á meðal Albert Klahn, en ákærði kvaðst ekki vera alveg viss um, hvort áðurnefndur Gunni hefði þá verið með þeim þar inni. Ákærði sagðist ekki muna betur en Tryggvi Rúnar hefði verið vafinn á hægri hendi, þar sem hann hafði brennt sig á eldavélarhellu að Vesturgötu 24 um miðjan janúarmánuð 1974. Ákærði fullyrkti nú, að fyrri frásagnir um, að hringt hefði verið á leigubifreið að Hamarsbraut 11 sem og heim til Alberts Klahn, væru ekki sannleikanum samkvæmar, enda hefði síminn verið lokaður vegna vanskila á þessum tíma.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu hinn 9. mars 1977 skýrði ákærði Sævar Marinó Ciesieiski svo frá, að hann hefði komið heim til Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82 eftir kvöldverð laugardaginn 26. janúar 1974. Mundi ákærði eftir því, að Albert Klahn, Tryggvi Rúnar og Gunnar Jónsson hefðu verið þar staddir, og taldi, að Gunnar Jónsson hefði þá verið búinn að taka inn LSD töflu og jafnvel Tryggvi Rúnar einnig. Þaðan kvaðst ákærði hafa farið að Vesturgötu 24 og mætti vera, að Albert Klahn hefði ekið honum þangað. Ákærði taldi, að klukkan hefði verið um 2300, þegar hann kom á Kópavogshælið. Hann kvað Kristján Viðar hafa komið þangað, líklega um klukkan 2400, og verið að reyna að fá lánaðar 5.000 krónur, enda vitað, að ákærði var allfjáður, hann verið með um 60.000 krónur í vasanum. Ákærði neitaði Kristjáni Viðari um lánið og sagði honum, að hann geymdi sína peninga suður í Hafnarfirði. Ákærða virtist, Kristján Viðar vera nokkuð ölvaður, en hann hefði verið rólegur. Klæðnaði hans lýsti ákærði svo, að hann hefði verið í brúnum, síðum taufrakka og í dökkleitum leðurjakka innan undir, rauðum taubuxum og ljósri skyrtu, sem verið hefði eitthvað mynstruð. Sjálfur sagðist ákærði hafa verið klæddur í dökkan leðurjakka, bláar terylenebuxur, lopapeysu, svarthvíta að lit, og verið í svörtum leðurskóm, uppháum, með rennilás að innan verðu.

Ákærði kvaðst hafa tekið eftir bíl Alberts Klahn fyrir utan húsið, þ. e. svörtum VW fólksbíl af eldri gerð. Minnti hann, að bíllinn hefði staðið í innkeyrslunni við húsið. Ákærði sá, að Gunnar Jónsson sat fram í hjá Albert Klahn, en Kristján Viðar hefði sagt sér, að Tryggvi Rúnar væri einnig í bílnum.

Ákærði sagði, að Kristján Viðar hefði haft orð á því við sig, að þeir hefðu verið að aka á milli skemmtistaða í borginni til að reyna að afla sér peninga, eða verið á „putteríi“, eins og hann hefði heyrt það kallað, en hann hefði verið daufur yfir árangrinum. Ákærði sagði, að Kristján Viðar hefði talað um, að þeir mundu nú fara til Hafnarfjarðar. Ákærða skildist, að erindið þangað væri það sama og fyrir utan skemmtistaðina hér í borginni. Ákærði staðhæfði, að ekki hefði verið rætt um, að þeir hittust neins staðar í Hafnarfirði.

Ákærði kvaðst hafa farið aftur inn til Helgu, eftir að Kristján Viðar fór, og giskaði hann á, að þá hefði klukkan verið um 0100. Rétt á eftir sagðist hann muna eftir því, að starfsstúlka á hælínu og herbergisfélagi Helgu, Lilja Hjartardóttir, hefði komið heim og verið miður sín út af ástarmáli, en hún hafði verið á skemmtistað um kvöldið.

Ákærði sagðist hafa legið nokkra stund í rúminu hjá Helgu og verið orðinn talsvert ölvaður. Hann hélt, að klukkan hefði verið um 0200 aðfaranótt sunnudagsins, þegar hann fór að hugsa um það, að vissara væri að fara að huga að því, hvort Kristján Viðar og félagar hans, sem áður eru nefndir, mundu reyna að komast inn í íbúðina að Hamarsbraut 11, en hún hefði oft staðið ólæst, sökum þess að ekki var nema einn lykill til að útidyrum. Ákærði kvaðst hafa klætt sig og síðan tekið leigubíl til Hafnarfjarðar, en mundi ekki fyrir víst, hvar eða hvernig hann fékk þann bíl. Hann sagði, að til greina kæmi, að hann hefði gengið upp að bílasíma Hreyfils við bíóhúsið, og eins gæti verið, að hann hefði tekið bílinn fyrir utan starfsmannahúsið. Hann kvaðst ekki muna, hvaða bílstjóri ók honum þessa ferð, en það hefði ekki verið Viggó Guðmundsson.

Ákærði mundi eftir því, að ljós var í gluggum íbúðarinnar í kjallara hússins, þegar hann kom að Hamarsbraut 11. Hann sagðist hafa greitt fyrir aksturinn, en ekki muna, hvað hann kostaði. Hefði leigubíllinn síðan ekið í burtu. Ákærði kvaðst muna eftir því að hafa þá séð bíl Alberts Klahn við kjallaradyrnar og framendinn snúið til suðurs, meðfram þeirri hlið hússins, sem útidyrnar á kjallaraíbúðinni eru.

Ákærði staðhæfði, að kjallaradyrnar hefðu verið opnar. Þegar hann kom inn, hefðu verið þar fyrir Kristján Viðar Viðarsson, Tryggvi Rúnar Leifsson, Gunnar Þór Jónsson svo og Guðmundur Einarsson, sem hann hefði þá ekki þekkt. Hann sagði, að mennirnir hefðu allir verið staddir í fremra herbergi íbúðarinnar, en Erla ekki verið heima. Virtist ákærða allir mennirnir, nema Albert Klahn, vera mjög mikið ölvaðir og „lyfjarugl“ á þeim að heyra. Ákærði fullyrti, að strax og hann birtist hefðu bæði Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar beðið sig um peninga til að kaupa flösku. Sagðist ákærði hafa sagt við þá, að hérna gætu þeir ekki verið, vegna þess að varla væri hægt að segja, að hann réði húsum, því að Erla Bolladóttir fengi að vera þarna hjá föður sínum. Ekki hefði verið hlustað á sig og þeir bullað einhverja vitleysu og ekkert komist annað að en kaupa ösku og setjast síðan að drykkju. Þegar hér var komið sögu, hefði nokkur misklíð verið orðin og Guðmundur Einarsson ætlað að þrifa til ákærða, en hann getað vikið sér undan. Þarna hefðu orðið „ein alsherjar slagsmál út úr þessu“, og beindust þau að Guðmundi Einarssyni.

Þegar þetta gerðist, hefðu þeir allir verið staddir í fremra herbergi íbúðarinnar.

Ákærði kvaðst ekki gera sér alveg ljóst, hvers vegna Guðmundur beindi aðförinni í fyrstu að sér, en taldi, að þar kæmu tvær ástæður til álita. Annars vegar, að hann var að amast við því, að þeir væru þarna inni, og hins vegar, að Guðmundur hefði haldið, að hann hefði rænt veski hans. Ákærði kvaðst ekki hafa tekið veski Guðmundar og ekki séð það tekið úr vasa hans og bend á það, að hann hefði verið með peninga á sér og því engin ástæða til slíks verknaðar.

Ákærði kvaðst hafa séð, að Kristján Viðar sló Guðmund í andlitið og þeir Tryggvi Rúnar og Albert Klahn verið þar við, og taldi hann, að þeir hefðu einnig tekið þátt í átökum við Guðmund, en hann sagðist ekki hafa séð, hver gerði hvað eða hver það var, sem sló Guðmund niður. Hann sagðist sjálfur hafa flúið fram á ganginn og inn á snyrtiherbergið. Þegar hann var þar inni, hefði hann heyrt dýnk, eins og maður félli utan í vegg eða í gólfið. Ákærði taldi, að Gunnar hefði ekki tekið þátt í átökunum, áður en ákærði fór fram á ganginn, en þá hefði Gunnar setið í gulfóðruðum stól innarlega í fremra herberginu.

Ákærði fullyrti, að þetta hefði gerst mjög snögg. Hann sagðist hafa heyrt, að Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar fóru fram á ganginn, og þá hefði hann farið út úr snyrtiherberginu. Þegar hann kom inn

í stofuna, hefði Guðmundur legið á bakinu á gólfinu í fremra herberginu og Albert Klahn verið yfir Guðmundi að athuga hann. Ákærði mundi ekki glögg, hvar Gunnar var á þessum tíma, en hélt, að hann hefði verið hjá Albert Klahn að huga að Guðmundi.

Ákærði kvaðst hafa álit, að Guðmundur hefði verið sleginn niður, en ekki gert sér ljóst, að það væri alvarlegs eðlis. Hann sagðist hafa séð Tryggva Rúnar og Kristján Viðar frammi á ganginum og þeir enn verið að ræða um peningamál og viljað kaupa flösku. Ákærði kvaðst hafa ætlað að leggja til peninga til áfengiskaupanna og þeir fallist á að vera ekki í íbúðinni við drykkjuna.

Þessu næst kvað ákærði, að reynt hefði verið að vekja Guðmund, fyrst hefði Tryggvi Rúnar beygt sig niður að honum og Kristján Viðar líka, þeir þá uppgötvað, að Guðmundur var látinn. Sjálfur sagðist ákærði hafa beygt sig niður að Guðmundi og komist að sömu niðurstöðu, að hann væri látinn. Ákærði sagðist hafa tekið eftir því, að eitthvað blóð var í munnvikum Guðmundar.

Ákærði kvaðst ekki hafa séð Kristján Viðar beita hníf eða eggvopni og ekki heldur hafa orðið var við, að notað væri barefli. Ákærði óskaði eftir að taka það Fram, að við samprófun í maí 1976 við Kristján Viðar í Síðumúlafangelsi hefði Kristján Viðar haldið því fram, að hann hefði orðið Guðmundi Einarssyni að bana með hnífstungu. Þetta sagðist ákærði ekki hafa fallist á, enda hafi það ekki við rök að styðjast.

Ákærði staðhæfði, að í upphafi rannsóknar þessa máls hefði sér verið sýnt hnífblað, er fengið var hjá Helgu Gísladóttur, og látið að því liggja, að því hafi verið beitt í umræddum átökum, en þetta ætti ekki skylt við raunveruleikann. Honum var sýnd mynd af byssusting þeim, sem áður hefur verið vikið að. Kannaðist hann við að hafa séð slíkan grip hjá Kristjáni Viðari, en kvaðst ekki hafa séð Kristján Viðar með byssustinginn þetta umrædda kvöld eða nótt. Ákærði vildi geta þess, að í maímánuði 1976 hefði Kristján Viðar tjáð ákærða, að hann hefði verið með byssustinginn á sér og orðið Guðmundi að bana með honum. Ákærði kvaðst þora að fullyrða, að þessi saga Kristjáns Viðars væri hreinn uppspuni, og kenndi því um, hvernig staðið hefði verið að fyrri rannsókn í málinu. Ákærði sagðist ekki hafa neina hugmynd um, hvað orðið hefði af þessum byssusting, sem Kristján Viðar hafði undir höndum, hann hefði einhvern tíma orðið var við hann í herbergi Kristjáns Viðars.

Ákærði sagði, að þegar ljóst var orðið, að Guðmundur Einarsson var látinn, hefðu þeir orðið mjög óttaslegnir. Í fyrstu hefði verið rætt um að kalla á lögreglu eða sjúkrabíl, en af ótta við afleiðingarnar hefði verið horfið frá því. Líka hefði komið til álita að koma líkinu út og skilja það eftir, svo að það myndist, en ekki hefði verið fallist á það vegna þess, að böndin myndu berast að þeim félögum, sem síðast voru með honum um kvöldið, einhver gæti hafa þekkt þá.

Þá sagði ákærði, að komið hefði upp tillaga um að koma líkinu fyrir á öruggum stað, svo að það myndist ekki. Ekki kvaðst ákærði vilja eða geta sagt, hver stungið hefði upp á þessu, en þetta hefði orðið að samkomulagi á milli þeirra allra og hefði Gunnar einnig verið með í ráðum.

Ákærði staðhæfði, að tekin hefði verið ákvörðun um að koma líkinu fyrir einhvers staðar fjarri mannabyggðum, en ekki verið nefndur neinn ákveðinn staður. Það væri rangt, að þeir hefðu tekið lakið úr rúmi þeirra Erlu og vafið utan um líkið. Sannleikurinn væri sá, að þeir hefðu borið líkið á milli sín, eins og það lá á gólfinu. Hann kvað enn fremur rangt, að þeir hefðu borið það fyrst inn í geymsluherbergið, því að farið hefði verið með það beint út í bíl Alberts Klahn. Fyrst hefði verið reynt

að koma því í farangursgeymsluna, en þegar ekki var hægt að loka henni, hefði það verið sett inn í bílinn fyrir aftan framsætin, en eins gæti verið, að þeir hefðu strax sett það inn bílinn.

Ekki kvaðst ákærði hafa tekið eftir neinum blettum á gólfinu í herberginu, þar sem líkið lá, þegar það var tekið upp. Hann hefði læst útidyrhurðinni, eftir að þeir fóru út með líkið. Hann sagði, að eftir að þeir settu líkið í bílinn, hefði hann farið einsamall, að hann minnti, aftur inn í húsið, slökkt ljósinn og lokað hurðum. Ákærði minntist þess ekki að hafa séð Erlu Bolladóttur þarna á staðnum, og sagðist hann ekki hafa hitt hana fyrr en sunnudagskvöldið þann 27. janúar 1974.

Ákærði Sævar Marínó Ciesielski kom fyrir dómþing sakadóms hinn 29. mars 1977 hjá dómurum máls þessa. Hófst yfirheyrslan klukkan 1010 og lauk klukkan 1750, en hlé voru gerð á þinghaldinu frá klukkan 1200 til 1400 og frá klukkan 1545 til 1.610. Ákærði vildi ekki viðurkenna, að það væri rétt, sem honum væri gefið að sök í l. kafla ákæru, dagsettri 8. desember 1976.

Ákærði skýrði frá því, að hann hefði kynnst Kristjáni Viðari, er þeir voru 11-12 ára gamlir. Þeir hefðu hist stundum síðustu árin, en ekki verið mikið saman. Ákærði kynntist Tryggva Rúnari veturinn 1972, en þeir voru lítið saman, hittust aðeins annað slagið heima hjá Kristjáni Viðari og víðar. Ákærði kynntist Albert Klahn, er þeir voru 10 ára að aldri. Hafa þeir verið lítið saman síðustu ár.

Ákærði vissi, að nefndir menn hefðu allir neytt fíkniefna síðustu ár, bæði hass og LSD. Einnig hefðu þeir notað örvandi og róandi lyf og áfengi. Ákærði kvaðst hafa neytt áfengis, bragðað hass, en ekki LSD. Þeir voru aðallega saman að Grettisgötu 82 heima hjá Kristjáni Viðari og heima hjá Albert Klahn að Njálsgötu 44.

Ákærði kynntist Erlu Bolladóttur haustið 1973. Var það í húsi við Framnesveg, og voru Albert Klahn og Kristján Viðar þar staddir. Tókust milli þeirra nán kynni, en ekki heitbundust þau. Þau áttu barn saman, er fæddist í september 1975. Erla bjó að Hamarsbraut 11, er ákærði kynntist henni. Ákærði og Erla voru mikið saman, og dvaldist ákærði heima hjá henni að Hamarsbraut 11 einstöku sinnum, en ekki taldi hann sig eiga þar heimili og var aldrei skráður þar heimilisfastur. Var þannig ekki um sambúð hjá þeim að ræða.

Ákærði kvað Albert Klahn og Kristján Viðar hafa komið að Hamarsbraut 11. Mundi ákærði eftir þeim þar um jólaleytið 1973. Ákærði vissi hins vegar ekki til, að Tryggvi Rúnar hefði nokkurn tíma komið að Hamarsbraut 11.

Ákærði kvað þá Viggó Guðmundsson hafa farið til útlanda í janúar 1974. Kom ákærði úr því ferðalagi 24. janúar sama ár, að hann minnti, en Viggó einhverjum dögum áður. Viggó hafði meðferðis frá Kaupmannahöfn hass, er ákærði átti. Viggó ók ákærða mikið um þessar mundir.

Ákærði minntist þess, að hann kom heim til Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82 að kvöldi laugardagsins 26. janúar 1974, um klukkan 2000 að hann taldi. Eitthvað var þar af fólki auk Kristjáns Viðars, og mundi ákærði eftir því, að þar voru Tryggvi Rúnar Leifsson, Albert Klahn Skaftason og Gunnar Jónsson, Lokastíg 18. Ákærði varð þess var, að þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar voru undir áhrifum einhverra lyfja og sömuleiðis Gunnar Jónsson. Ákærði sá ekki, að Albert Klahn hefði neytt lyfja. Eitthvað var rætt þarna um fíkniefni, og ætlaði Albert Klahn að útvega Kristjáni Viðari LSD.

Ákærði hafði einhverja viðdvöl að Grettisgötu 82, en hann mundi, að um kl. 2200-2230 var hann staddur að Vesturgötu 24 hjá Sigríði Gísladóttur. Þar var margt fólk. Ákærði hitti þarna Albert Klahn,

og var hann að kaupa LSD hjá Sigríði. Ákærði bað Albert Klahn að aka sér suður að starfsmannahúsi Kópavogshælis, en þangað ætlaði ákærði til að hitta Helgu Gísladóttur, sem hann var þá í tygjum við, og vera þar um nóttina. Albert Klahn færðist undan því að aka ákærða, þar sem hann væri að flýta sér. Skildist ákærða, að hann væri búinn að lofa Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari að aka þeim. Ákærði mundi ekki, hvort Gunnar Jónsson hefði verið með Albert Klahn á Vesturgötunni. Albert Klahn fór síðan á brott, en ákærði tók leigubifreið að starfsmannabústað við Kópavogshæli. Ákærði taldi sig hafa verið kominn til Helgu Gísladóttur um kl. 2230-2300. Ákærði mundi eftir því, að auk Helgu ræddi hann við mann að nafni Sæmundur, sem kom til Helgu. Hann veitti Sæmundi whiskylögg.

Um kl. 2400 kom Albert Klahn akandi á bifreið að starfsmannabústaðnum. Með honum í bifreiðinni voru Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og Gunnar Jónsson. Kristján Viðar fór úr bifreiðinni og ræddi við ákærða á ganginum. Kristján Viðar sagði ákærða, að þeir hefðu verið að aka á milli skemmtistaða hér í borginni eða verið í svokölluðu „bíserí“ eða „putterí“, en ekkert orðið ágengt, að ákærða skildist. „Bíserí“ eða „putterí“ sagði ákærði vera veskjaþjófnaði. Kristján Viðar bað ákærða að lána sér 5.000 krónur til kaupa á áfengi. Ákærði kvaðst hafa verið með um 60.000 krónur á sér eða jafnvel meira. Ákærði sagðist ekki geta lánað Kristjáni Viðari neitt og væru peningar sínir geymdir að Hamarsbraut 11. Var ástæðan fyrir neituninni sú, að Tryggvi Rúnar var með Kristjáni Viðari og vissi hann, að ætti einhver peninga, væri hann látinn eyða þeim. Ákærði kvað Kristján Viðar hafa verið bæði drukinn og undir áhrifum fíkniefna. Ákærði mundi ekki betur en Kristján Viðar segði, að þeir væru á leið til Hafnarfjarðar, þar sem þeir ætluðu að vera fyrir utan skemmtistaði. Ákærði hitti ekki að máli aðra, er voru í bifreiðinni. Ákærði fylgdi Kristjáni Viðari til dyra og sá, er hann fór inn í bifreiðina. Gunnar Jónsson sat í framseti, og sá ákærði, að hann opnaði fyrir Kristjáni Viðari. Albert Klahn var á svartri Volkswagen bifreið af eldri gerð.

Ákærði neytti áfengis í starfsmannahúsi Kópavogshælis og varð mikið ölvaður. Hann mundi eftir því, að eftir að Kristján Viðar var farinn, kom stúlka til Helgu, sem hét Lilja. Var hún í einhverri ástarsorg út af pilti, sem hún var með og ekki hefði viljað sinna henni.

Ákærði kvaðst muna óglögg það, sem síðar gerðist þessa nótt vegna ölvunar. Hann mundi, að hann fór frá starfsmannahúsinu að Hamarsbraut 11, en klukkan hvað, mundi hann ekki fyrir víst. Ákærði fór í leigubifreið, sem hann mundi ekki, hvar hann tók. Ákærði fór þangað vegna þess, að íbúðin var oft opin, og hann var hræddur um, að þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar kynnu að fara inn í hana og setjast þar að drykkju. Ákærði átti enga peninga geymda í íbúðinni. Hann sagðist þó hafa verið búinn að segja Kristjáni Viðari annað, eins og áður greinir. Ákærði hafði ekki rætt við hina um að hitta þá aftur síðar um nóttina.

Þegar ákærði kom að Hamarsbraut 11, klukkan um 0200 að því er hann minnti, voru þar ljós í gluggum, og stóð bifreið Alberts Klahn við útidyr, að hann taldi. Húsið var opið, og fór ákærði inn í kjallaraíbúðina. Þegar inn kom, sá hann, að í íbúðinni voru þeir Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar, Albert Klahn, Gunnar Jónsson og einhver maður, sem ákærði þekkti ekki. Ákærði mundi ekkert, hvernig maður þessi leit út. Ákærða var í dóminum sýnd mynd af Guðmundi Einarssyni, og kvað hann það eflaust hafa verið hann, sem var í íbúðinni með hinum. Ákærði var nánar spurður um útlit Guðmundar Einarssonar og klæðaburð, en hann kvaðst ekkert muna um það. Ákærði tók fram, að hann myndi lítið eftir klæðaburði hinna, nema Gunnar hefði verið í úlpu svo og Albert Klahn. Síðar í þinghaldinu skýrði ákærði þó frá því, að þeir Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar hefðu verið í leðurjökkum, Guðmundur Einarsson verið yfirhafnarlaus, dökkklæddur, í stökum jakka og buxum.

Ákærði var um það spurður, hvar hinir hefðu verið, hver fyrir sig, er hann kom inn. Ákærði skýrði frá því, að Guðmundur Einarsson hefði setið við skáp í stofunni. Tryggvi Rúnar hefði setið við skrifborð, Albert Klahn verið í dyrunum milli svefnherbergis og stofu og Gunnar Jónsson inni í svefnherberginu. Ákærði mundi, að Kristján Viðar kom á móti honum, er hann kom inn í stofuna. Ákærði kvað Kristján Viðar hafa verið bæði ölvaðan og undir áhrifum lyfja. Kvaðst ákærði kannast við að hafa fundið að því við Kristján Viðar, að hann léti Tryggva Rúnar vita, hvar hann byggi. Tryggvi Rúnar var einnig ölvaður og undir áhrifum lyfja og mikil ókyrrð í honum. Gunnar virtust og vera drukkinn, en Albert Klahn alsgáður að sjá. Guðmundur Einarsson var drukkinn. Andrúmsloftið var þannig, að mikil spennu virtist ríkja.

Ákærði kvað þá Kristján Viðar og Tryggva Rúnar hafa farið þess á leit við sig, að hann lánaði þeim fyrir flösku, og minnti ákærða, að þeir hafi nefnt 5.000 krónur í því sambandi. Ákærði lét liggja að því, að það gæti komið til greina, ef þeir vildu fara. Ákærði kvaðst þó hafa látið í veðri vaka, að hann hefði enga peninga. Ákærði kvað Guðmund hafa haft hægt um sig, fyrst eftir að ákærði kom inn. Ákærði kvað það kunna að vera, að þess hafi verið farið á leit við Guðmund að kaupa áfengisflösku, en hann mundi ekki, hverju hann svaraði. Ákærði hafði orð á því, fljótlega eftir að hann kom inn, að Bolli Gunnarsson ætti húsnæðið, en Erla fengi að vera þar. Mundi hún ekki vilja hafa ákærða og menn þá, sem með honum voru, í íbúðinni. Ekki leið langur tími, frá því ákærði kom inn í íbúðina, þar til átök hófust.

Í dómskýrslu ákærða frá 11. janúar 1976 sagði hann, að Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hefðu verið við útidyrnar að Hamarsbraut 11 ásamt þriðja manni, er hann kom þangað. Þeir hefðu ruðst inn í íbúðina þrátt fyrir mótmæli ákærða, og þar hafist deilur, sem enduðu með áflogum og maður verið rotaður. Ákærða var kynntur þessi framburður í dómnum og hann beðinn að gefa skýringu á þeirri breytingu, sem hann gerði á honum. Ákærði sagði framburð sinn nú vera hið rétta í málinu. Mundi hann koma fram með skýringar á þessu síðar.

Ákærði skýrði frá því, að átökin við Guðmund hefðu hafist í stofunni að Hamarsbraut 11, við dyrnar inn í svefnherbergið. Byrjuðu þau með því, að Guðmundur Einarsson þreif til ákærða, en ekki mundi ákærði, hvort hann náði taki á honum. Ákærði taldi, að ástæðan fyrir þessu hefði annað hvort verið sú, að Guðmundur hefði haldið, að ákærði hefði tekið veski hans, eða þá, að Guðmundur hefði verið reiður út í ákærða vegna þess, að ákærði hafði vísað þeim út úr íbúðinni. Ákærði neitaði að hafa tekið veskið af Guðmundi, og ekki sá hann heldur neinn annan gera það. Ákærði kallaði ekki á hjálp, þegar Guðmundur veittist að honum. Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar stóðu þarna alveg við. Sá ákærði, að Kristján Viðar sló Guðmund, að hann hélt í andlitið. Ákærði hafði haldið, að Tryggvi Rúnar ætlaði að ráðast á sig, en svo varð ekki, og lagði Tryggvi Rúnar höndum til Guðmundar, eins og ákærði orðaði það. Albert Klahn var þarna við, en ákærði sá hann aldrei taka þátt í átökunum. Gunnar var inni í innra herberginu á þessum tíma, að ákærði áleit, og kom ekki nálægt þessu.

Ákærði kvaðst ekki þora að fara með, hver lamdi hvern, en þarna hefðu hafist allsherjar slagsmáf. Var Guðmundur einn á móti, að ákærði hugði, þeim Tryggva Rúnari, Kristjáni Viðari og ef til vill Albert Klahn. Ákærði kvaðst ekki hafa átt neinn þátt í átökunum, heldur hraðað sér fram á gang í upphafi þeirra og farið inn á snyrtiherbergi. Kvaðst ákærði hafa verið að flýja átökin, enda hefði hann haldið, eins og áður greinir, að Tryggvi Rúnar hefði ætlað að ráðast á sig. Ákærði mundi ekki, hvað hann hefði verið lengi inni á snyrtiherberginu, er hann heyrði dynk. Ákærði heyrði Kristján Viðar kalla til sín, og fór hann þá fram af snyrtiherberginu. Ákærði hélt inn í stofuna og sá, að Guðmundur Einarsson lá á



gólfinu meðvitundarlaus, og sneru fætur hans í átt að dyrum milli stofu og svefnherbergis. Ákærði taldi, að Guðmundur hefði verið rotaður. Ákærði sá ekki blóð á Guðmundi, en mundi eftir, að hann var með sprungna vör. Þeir reyndu að fá Guðmund til að ranka við sér, en komust að raun um, að hann var látinn, er þeir athuguðu hann nánar. Ákærði kvaðst aldrei hafa séð Guðmund rísa upp, eftir að hann var fallinn.

Ákærða var kynntur framburður hans í sakadómi 11. janúar 1976. Ákærði kvað framburðinn eftir sér hafðan, en hann væri rangur. Hann kvaðst nú aldrei hafa sparkað í kjálka Guðmundar, þar sem hann lá á gólfinu. Ekki kvaðst ákærði heldur hafa séð Guðmund velta sér við, svo sem í framburði hans greindi, og hann hefði ekki reynt að standa upp. Sérstaklega aðspurður neitaði ákærði að hafa sparkað í höfuð Guðmundar, þegar hann var að reyna að standa upp.

Þegar hér var komið sögu, óskaði ákærði, að eftirfarandi væri bókað orðrétt eftir sér: „Ég var ekki að Hamarsbraut 11 þessa nótt. Ég var hjá Helgu Gísladóttur í starfsmannabústað Kópavogshælis alla þessa nótt, ræddi við hana um morguninn um að fara að Gljúfurholti í Ölfusi. Ég hitti Erlu einhvern tíma á sunnudagskvöldið 27. janúar 1974 og var þá með Viggó Guðmundssyni. Ég var að hugsa um að fara austur í Gljúfurholt, en hætti við það vegna Erlu. Ég var upphaflega látinn játa á mig sakir, beittur líkamlegu ofbeldi af rannsóknarmönnum, einnig af fangavörðum, hótað af Tryggva Rúnari og Kristjáni Viðari. Erla hótaði að fremja sjálfsmorð í júlímánuði 1976 við samprófun í fangelsinu við Síðumúla. Samprófunin stóð öðru hverju í 8 daga, og lengst í 6 tíma í einu. Var Erla höfð þar til að koma vitinu fyrir mig. Sigurbjörn sagði við mig, að ef ég játaði ekki að hafa verið á Hamarsbraut 11 þessa nótt, myndi ég fá lífstíðaröryggisgæslu. Sigurbjörn Víðir sagði það vera orð „nafngreinds manns, og lét sá maður“ orð falla í maímánuði og sagðist lofa mér því, að ég fengi að tynast í amerísku fangelsi, ef ég játaði ekki á mig sakir í „Guðmundar- og Geirfinnsmáli“. Daginn eftir að ég fór í samprófun með Tryggva Rúnari og Kristjáni Viðari, var höfð samprófun, þar sem Sigurbjörn Víðir lét Tryggva Rúnar Leifsson ráðast á mig, og barði hann mig svolítið til. Síðan, er ég átti að fara inn í fangaklefa, réðst Sigurbjörn Víðir á mig, sló mig í andlitið í viðurvist Ara Ingimundarsonar, fangavarðar, tók mig á loft og fleygði mér í stól í yfirheyrsluherbergi. Í júlímánuði, júlilok, kom fangavörður, Skúli Steinsson að nafni, og biður mig að koma fram með sér. Ég spurði, hvað það væri, og sagði hann mig mundu komast að því og ef ég kæmi ekki með góðu, yrði ég beittur ofbeldi, en það var ávallt þeirra orðatiltæki, þegar ég var látinn fara í yfirheyrslur. Gekk ég fram, og þegar ég kem að sturtuherbergi, segir hann mér að bíða aðeins, tekur mig síðan hálstaki og dregur mig inn í sturtuherbergið og lætur renna í vask og gólfklút í vaskinn, Reyndi hann að dýfa mér ofan í, en tókst það ekki í fyrstu, en fékk þá Jóhann, fyrrverandi lögreglumann, til að aðstoða sig. Skúli spurði, með hverjum ég hefði farið til Keflavíkur og hvert ég hefði farið með Guðmund Einarsson út í hraun. Eftir altar vatnsdýfingarnar var ég orðinn þjakaður og var farinn að hljóða. Þá hætta þeir og fleygja mér inn í klefa, en þetta hafði þá staðið í góða stund. Ekki hafði ég lengi verið í klefanum, er Skúli Steinsson kemur á ný, tekur mig með ofbeldi og heldur áfram lama leikum og áður; þar til ég var allur orðinn blautur og farinn að hljóða. Ekki veit ég, hversu lengi þetta stóð, en loks kom varðstjóri, Guðjón að nafni, og kvað þetta gott í bili. Var ég síðan látinn inn í klefa.

Daginn, sem fjórmeningarnir voru handteknir í Geirfinnsmálinu, sagði ég við einn rannsóknarmannanna, „að ég gæti ekki sagt, að ég hefði farið út á bát og ekki heldur, að ég hefði farið með þessum mönnum til Keflavíkur.“ Hann „sagði þá við mig: „Farðu inn í klefa og hengdu þig“. Við Gunnar Marínósson sagði“ hann: „Lánaðu honum reipi, svo hann geti hengt sig“.

Skýrsla rannsóknarlögreglu 22. desember 1975, skýrslur ákærða 4. janúar, 6. janúar, 30. september og 5. október 1976 sem og skýrsla hans frá 9. mars 1977 voru í heild lesnar í heyranda hljóði í dómnum. Ákærði kannaðist við að hafa gefið skýrslur þessar og undirritað þær, en hann kvað allt rangt, er í þeim greindi um dauða Guðmundar Einarssonar. Ákærði var ítrekað spurður, hvort hann hefði komið að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974. Hann neitaði því eindregið og hélt því fram, að hann hefði ekki komið þangað um nóttina. Ákærði kvaðst alltaf hafa haldið fram sakleysi sínu, en hefði ekki getað annað en gefið þessar skýrslur, þar sem þess hefði verið krafist.

Ákærði neitaði að vita nokkuð um flutning á líki Guðmundar Einarssonar, hvorki þá um nóttina né síðar. Kvaðst hann ekkert vita, hvar líkið væri niður komið.

Ákærði kvað það rétt, sem að framan væri greint um ferðir hans að kvöldi 26. janúar 1976, uns komið var á Kópavogshælið, en aðfaranótt 27. janúar hefði hann dvalist þar hjá Helgu Gísladóttur.

Hinr. 1. apríl 1977 fór fram í dómi samprófun þeirra Erlu Bolladóttur og ákærða Sævars Marinós Ciesielski. Héldu hvort um sig fast við framburði sína, og varð samprófunin árangurslaus. Ákærði Sævar Marinó óskaði í þinghaldi þessu, að Erla yrði spurð að því, hvort Sigurbjörn Víðir rannsóknarlögreglumaður hefði nefnt við hana lífstíðaröryggisgæslu við samprófun þeirra í fangelsinu í Síðumúla 19. júlí 1976. Erla kvað Sigurbjörn Víði

hafa sagt, að ákærði Sævar Marinó fengi lífstíðar öryggisgæslu, þ. e. lífstíðar fangelsi, ef hann játaði ekki að hafa verið að Hamarsbraut 11, er Guðmundur Einarsson beið bana. Loks komu þau Erla og ákærði Sævar Marinó saman fyrir dóm hinn 5. júlí 1977, og krafðist Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður, skipaður verjandi ákærða Sævars Marinós, þess þá, að eftirfarandi spurning yrði lögð fyrir Erlu: „Hittust ákærði og ákærða að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974?“ Svar Erlu var: „J.á“, og fóru frekari yfirheyrslur ekki fram í þinghaldi þessu.

Hinn 1. apríl 1977 fór fram í dómi samprófun ákærðu Kristjáns Viðars Viðarssonar og Sævars Marinós Ciesielski. Var í dómnum lesinn í heyranda hljóði framburður ákærða Kristjáns Viðars um það, er gerðist að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974 og síðar þá nótt. Ákærði Sævar Marinó kvaðst „sér vitandi“ ekki hafa verið að Hamarsbraut 11 þessa nótt. Ákærði Kristján Viðar kvaðst halda fast við framburð sinn. Samræmi náðist ekki milli ákærðu um það, er Kristján Viðar kvað hafa gerst að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974, og það, er gerðist, eftir að farið var þaðan.

Ákærði Kristján Viðar kannaðist við að hafa farið í kirkjugarðinn í Fossvogi með ákærða Sævari Marinó í ágúst 1974 og fleira fólki, er þeir urðu viðskila við. Þetta var að degi til, og voru þeir að leita að leiði Kristins Einar Skarphéðinssonar, en fundu það ekki.

E. Ákærði Tryggvi Rúnar Leifsson var fyrst yfirheyrður vegna máls þessa klukkan 1850 hinn 23. desember 1975 í fangelsinu við Síðumúla, en þar hafði hann verið settur inn klukkan 1415 sama dag. Skýrsla um handtöku hans fylgir ekki gögnum málsins. Við yfirheyrsluna kvaðst ákærði enga hugmynd hafa um, á hvern hátt Guðmundur Einarsson hefði horfið, enda ekki muna til þess, að nokkur maður hefði horfið í Hafnarfirði.

Ákærði Tryggvi Rúnar Leifsson kom fyrir dóm hinn 23. desember 1975, klukkan 1935. Neitaði hann þá alfarið að vera viðriðinn hvarf Guðmundar Einarssonar. Ákærði var á dómþinginu úrskurðaður í gæsluvarðhald.

Rannsóknarlögreglan tók næst skýrslu af ákærða Tryggva Rúnari Leifssyni hinn 9. janúar 1976. Kvaðst hann mikið hafa hugsað um mál þetta, frá því að síðast hefði verið tekin af honum skýrsla hinn 23. desember 1975, og vildi hann nú skýra frá ýmsum atriðum varðandi málið. Skýrsla hans var efnislega á þessa leið: „Ég man eftir því tilviki, að ég var á þeim tíma, sem atburður sá, sem hér um ræðir, á að hafa átt sér stað, staddur einhvers staðar í húsi með þeim Sævari Ciesielski, Kristjáni Viðari Viðarssyni og einhverjum einum enn, sem ég ekki bar kennsl á. Ég get ekki munað, hver húsráðandi var á þessum stað eða hvar þetta húsnæði var. Herbergjaskipan í íbúð þeirri, sem við vorum í, var í aðalatriðum á þann veg, að gengið var inn í tvö íveruherbergi innst af gangi og þá fyrst gengið í gegnum annað, en svo var framfar af ganginum gengið inn í geymsluherbergi, að ég held fyrst í gegnum þvottaherbergi. Nánar man ég ekki eftir herbergjaskipan enn sem komið er.

Eins og fram er komið, veit ég ekki deili á manni þeim, sem þarna var með okkur og ég hef ekki getið um nafn á. Aftur á móti held ég, að Kristján Viðar hafi eitthvað þekkt þennan mann, eða það virtist mér á öllu tali þeirra.

Eitthvað ósamkomulag kom upp, og var það ábyggilega milli þeirra Kristjáns Viðars og þess nafnlausa. Þetta byrjaði með einhverjum fúkyrðum þeirra á milli, en endaði með átökum. Ég held ég megi fullyrða, að þetta hafi byrjað inni í innra íveruherberginu. Leikurinn barst fram í fremra íveruherbergið, og held ég, að þá hafi Sævar Marinó verið kominn í átök við nafnlausa manninn og beðið um hjálp. Hver var þáttur Kristjáns Viðars í átökunum á því stigi, er mér óljós. Ég kom Sævari Marinó til hjálpar og reyndi að ganga á milli hans og þess nafnlausa. Þá fékk ég högg frá þeim síðarnefnda, og held ég, að ég hafi þá slegið hann aftur. Við höggið frá mér féll maðurinn í gólfið, en missti ekki meðvitund við það, heldur dasaðist eitthvað. Hann hálfpartinn lá svo á gólfinu úti í horni fremra íveruherbergisins, og virtist mér hann vera að reyna að standa á fætur. Ekki virtist hann eiga mjög gott með það. Þá sá ég Sævar Marinó ráðast á manninn með því að sparka með fæti í höfuð honum, og kom höggið, að ég held, ofan við annað eyra hans. Við það féll maðurinn fram yfir sig á gólfið og hreyfði sig ekki eftir það. Ég er viss um, að Sævar Marinó var í skóm, er hann sparkaði í manninn, við vorum allir í skónum þarna inni. Ég man svo, að Sævar Marinó fór eitthvað að stumra yfir manninum og hafði á orði, að hann væri dáinn. Ég fór þá einnig að athuga þetta með því að leita eftir hjartslætti eða æðaslætti eða öðru lífsmarki, en fann ekkert. Okkur brá nú nokkuð í brún, því að við vorum þess allir fullvissir, að maðurinn væri látinn. Við ræddum eitthvað okkar á milli, hvað gera skyldi við hann, og á endanum var ákveðið að láta hann til að byrja með fram í geymsluherbergið. Þangað fórum við með manninn og lögðum hann þar á gólfið. Ekki man ég eftir neinum verulegum áverkum á manninum, en ég held það hafi blætt úr munninn hans eitthvað.

Hvað gerðist eða við aðhöfðumst, er við höfðum komið manninum fyrir í geymsluherberginu, get ég alls ekki komið fyrir mig, að minnsta kosti ekki að svo komnu máli. Eitthvað hljótum við þó að hafa gert við látinn manninn, en ég man ekki, hvernig við bárum okkur að.

Ekki man ég heldur aðdragandann að því, að við yfirleitt vorum staddir í þessari íbúð eða húsi, en bæði það og hvað gert var við manninn kann að rifjast upp fyrir mér síðar."

Yfirheyrslan stóð frá klukkan 0850 til klukkan 1005.

Ákærði Tryggvi Rúnar Leifsson kom fyrir dómþing sakadóms hinn 11. janúar 1976. Skýrði hann þar sjálfstætt frá málsatvikum, og var framburður hans í samræmi við skýrslu hans hjá rannsóknarlögreglu hinn 9. sama mánaðar. Ákærði kvaðst ekki muna, hvernig staðið hefði á veru þeirra að Hamarsbraut 11 né hvað þeir hefðu gert við líkið af manningum. Ákærði las fyrirnefnda skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglu í dóminum, kvað þar rétt eftir sér haft og staðfesti undirskrift sína undir skýrslunni. Dómþingið stóð frá klukkan 1501 til klukkan 1618.

Ákærði Tryggvi Rúnar Leifsson kom fyrir dóm hinn 22. mars 1976, og kvaðst hann þá ekki muna neitt frekar um mál þetta en hann hefði þegar skýrt frá.

Hinn 30. apríl 1976 kom ákærði Tryggvi Rúnar Leifsson aftur fyrir sakadóm, og var Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, skipaður réttargæslumaður hans, viðstaddur þinghaldið. Ákærði skýrði á sama hátt frá atvikum málsins og fram kom í skýrslu hans hjá rannsóknarlögreglu hinn 9. janúar 1976. Síðan er eftirfarandi bókað eftir ákærða á dómþinginu:

„Kærði kveðst ekki muna, í hvaða húsi þessi atburður átti sér stað, og ekki heldur, hvernig stóð á ferðum hans þangað. Kærði kveðst muna, að Kristján Viðar var að deila þar við mann, og enduðu þær deilur með átökum. Kærði kveðst hafa slegið manninn niður, og sá kærði þá, að Sævar Marinó sparkaði í höfuð hans. Maðurinn hreyfði sig ekki eftir þetta, og fóru þeir félagar með hann fram í geymsluherbergi og fóru síðan að ræða um, hvað gera skyldi.

Kærði kveðst ekki muna eftir að hafa flutt mann þennan í bifreið Alberts Skaftasonar.

Kærði tekur fram, að hann hafi ætlað að ganga á milli, þegar Kristján Viðar var í átökum við manninn. Kærði heldur, að Sævar hafi beðið sig að skilja þá Kristján".

Hinn 20. júní 1976 kom ákærði Tryggvi Rúnar Leifsson fyrir dóm, en var þá ekkert spurður um efnisatriði málsins.

Á dómþingi hinn 17. september 1976 kvaðst ákærði Tryggvi Rúnar Leifsson ekki muna eftir því, að Kristján Viðar hefði verið með hníf að Hamarsbraut 11 umrætt sinn, né muna frekar, hvert þeir félagar hefðu farið með lík Guðmundar Einarssonar, en kvað sig þó muna eftir að hafa séð fjárborg „og gæti það hafa verið umrætt sinn, en gæti líka hafa verið í annað sinn eða annars staðar".

Ákærði Tryggvi Rúnar Leifsson kom fyrir dómþing sakadóms hinn 30. mars 1977 hjá dómurum máls þessa. Kvaðst hann þá ekki vilja viðurkenna, að það væri rétt, sem honum væri gefið að sök í l. kafla ákæru, dagsettri 8. desember 1976. Ákærði neitaði að hafa ráðist á Guðmund Einarsson að Hamarsbraut 11 ásamt meðákærðu aðfaranótt 27. janúar 1974 og misþyrmt honum svo, að hann hlaut bana af. Ákærði kvaðst aldrei hafa komið að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði, hvorki aðfaranótt 27. janúar 1974 né fyrir þann tíma. Ákærði kvað sér hafa verið sýnt húsið að Hamarsbraut 11 í ársbyrjun 1976 til að vita, hvort hann myndi eftir því. Ákærði kvaðst ekkert hafa kannast við húsið og aldrei hafa komið þar inn.

Ákærði kvaðst ekkert geta sagt um, hvar hann var staddur að kvöldi laugardagsins 26. janúar og aðfaranótt hins 27. árið 1974. Ákærði sagði það óhugsandi, að hann hefði verið með Kristjáni Viðari Viðarssyni og Sævari Marinó Ciesielski í framangreint sinn, að minnsta kosti ekki, er atvik það gerðist, sem ákært er fyrir.

Ákærði þekkti Kristján Viðar, og kvaðst hann hafa kynnst honum, eftir að hann losnaði af Litla-Hrauni 1972. Þeir voru mikið saman fyrst, en síðan minnkaði það og var orðið lítið, þegar komið var fram á árið 1973. Ákærði mundi eftir að hafa verið heima hjá Kristjáni Viðari 10.-12. janúar 1974, en ekki mundi hann eftir að hafa hitt Kristján Viðar aftur í þessum mánuði.

Ákærði kvaðst þekkja Sævar Marinó mjög lítið og aðeins fyrir tilstilli Kristjáns Viðars. Ákærði mundi eftir, að Sævar Marinó kom heim til Kristjáns Viðars í það skipti, sem ákærði var heima hjá Kristjáni Viðari í janúar 1974. Mundi ákærði, að þeir fóru saman á dansleik.

Ákærði þekkti Albert Klahn Skaftason mjög lítið og mundi ekki eftir að hafa hitt hann á þessum tíma.

Ákærði kvaðst ekki hafa þekkt Guðmund Einarsson og mundi ekki eftir að hafa nokkurn tíma hitt hann. Ákærði sá í dóminum mynd af Guðmundi. Kvaðst ákærði ekki kannast við hann.

Ákærði mundi ekki eftir að hafa komið til Hafnarfjarðar í janúar 1974, og hann kannaðist ekki við að hafa verið þar aðfaranótt 27. janúar það ár, hvorki með Kristjáni Viðari né öðrum.

Framburðir ákærða í dómi 11. janúar, 22. mars og 30. apríl 1976 svo og lögregluskýrslur þær, er ákærði þá staðfesti, voru lesnar í heyranda hljóði í dóminum.

Ákærði kannaðist við, að framburðir hans í dómi og fyrir lögreglu væru rétt eftir hafðir, en hann sagði nú, að framburðir þessir væru rangir. Ákærði var beðinn að gefa skýringu á þeirri breytingu, sem hann gerði á framburðum sínum. Var sérstaklega brýnt fyrir ákærða að segja rétt til um þetta.

Ákærði óskaði nú eftirfarandi bókað: „Þegar ég var tekinn fyrst 23. desember 1975 heima hjá mér, var borin upp á mig þessi sök, að ég hefði í samráði við Kristján Viðar Viðarsson og Sævar Marinó Ciesielski orðið Guðmundi Einarssyni að hans. Síðan var ég yfirheyrður. Mér varð mikið um þetta, þar sem ég var saklaus í þessu máli. Ég gat ekki sofið og mér var neitað um svefntöflur. Síðan liðu 2-3 dagar, þar til þurfti að sprauta mig niður, til að ég gæti sofið, enda var ég kominn með óráð. Ég vil taka það fram, að upp úr þessu voru borin á mig tvö önnur stórmál, að ég hafi átt að verða stúlku að bana í Vík í Mýrdal og einhverjum manni í Ólafsvík, átti það að hafa verið haustið 1974. Ég tel mig alts ekki hafa verið kominn í fullt jafnvægi, þegar ég var tekinn í yfirheyrslur dag eftir dag, sem oft vöruðu í 12 tíma. Ekkert kom annað til umræðu en að ég ætti að játa þetta mál, sem upp á mig var borið. Það var alveg lama, hvað ég sagði, þeir tóku ekki mark á því. Ég átti bara að játa að hafa verið með fyrrgreindum mönnum við nefndan verknað. Fyrstu dagana átti ég að skýra frá því sjálfur, hvernig þetta atvikaðist. Sagði „einn rannsóknarmanna“, að ég fengi að rotna í 2 ár í Síðumúla. Það væri hægt að halda mér þann tíma. Í þessum yfirheyrslum voru yfirleitt þrír, Örn Höskuldsson, Sigurbjörn Víðir Eggertsson og Eggert Bjarnason. Áfram héldu hótanirnar, og sögðu þeir, að ég yrði dæmdur fyrir þetta, því það væru allir búnir að játa og bentu á mig. Loks kom að því, að ég sá mér ekki annað fært en að játa á mig þátttöku í verknaðinum, þar sem mér fannst það skynsamlegra, úr því sem komið var. Fannst mér yfirheyrslurnar með þeim hætti, að ég játaði þetta með því hugarfari, að hið sanna kæmi í ljós, þegar málið kæmi fyrir dómara“.

Ákærði var spurður um Gunnar Jónsson, Lokastíg 18, og sýnd mynd af honum. Ákærði kvaðst ekki kannast við mann þennan. Ákærða var bent á lýsingu á herbergjaskipan að Hamarsbraut 11, Hafnarfirði, og skýrsla hans um það atriði frá 9. janúar 1976 lesin í heyranda hljóði. Ákærði kannaðist við að hafa skýrt frá eins og í skýrslunni greinir. Ákærða var sýndur uppdráttur af kjallaraíbúð að Hamarsbraut 11 og um það spurður, hvernig hann hefði vitað svo nákvæmlega um herbergjaskipan

að Hamarsbraut 11, hefði hann aldrei komið þar, eins og hann héldi fram. Ákærði skýrði frá því, að hann hefði í yfirheyrslum hjá rannsóknarlögreglunni fengið að vita, hvernig herbergjaskipan var að Hamarsbraut 11, og væri lýsing sín á henni á því byggð.

Ákærði var enn spurður um það, hvort hann hefði orðið valdur að dauða Guðmundar Einarssonar ásamt meðákærðu, en hann hélt fast við þennan nýja framburð sinn.

Hinn 31. mars 1977 fór fram samprófun þeirra Erlu Bolladóttur og ákærða Tryggva Rúnars Leifssonar fyrir dómi. Var Erlu þá kynnt neitun ákærða Tryggva Rúnars á því, að hann hefði verið að Hamarsbraut 11 umrædda nótt. Erla hélt engu að síður fast við framburð sinn og staðhæfði, að ákærði Tryggvi Rúnar væri maður sá, sem hún hefði séð að Hamarsbraut 11 þessa nótt. Erla hélt því fram, að ákærði Tryggvi Rúnar hefði einnig komið að Hamarsbraut 11 fyrir 27. janúar 1974, en hann neitaði því eindregið. Erla kvaðst hafa dregið upp mynd af ákærða Tryggva Rúnari í tæknideild rannsóknarlögreglu, en slík teikning fylgir ekki gögnum málsins. Enn fremur hefði hún lýst útliti hans, en þá lýsingu er ekki að finna í skýrslum rannsóknarlögreglu.

Samprófun ákærðu Kristjáns Viðars Viðarssonar og Tryggva Rúnars Leifssonar fór og fram í dómi hinn 31. mars 1977. Voru framburðir beggja lesnir í dóminum. Ákærði Kristján Viðar kvað framburð sinn réttan í öllum atriðum, en ákærði Tryggvi Rúnar neitaði því, að hann hefði verið með meðákærðu að kvöldi hins 26. janúar og aðfaranótt 27. janúar 1974, svo sem ákærði Kristján Viðar héldi fram, og kvað hann framburð ákærða Kristjáns Viðars „allan vera lygi“. Héldu ákærðu báðir fast við framburði sína, og náðist ekki samræmi.

Hinn 31. mars 1977 fór fram í dómi samprófun þeirra ákærðu Sævars Marinós Ciesielski og ákærða Tryggva Rúnars Leifssonar.

Ákærði Tryggvi Rúnar kvaðst minnst þess að hafa einhvern tíma verið í bifreið með Viggó Guðmundssyni og Kristjáni Viðari í leit að ákærða Sævari Marinó, en hvort það hefði verið í það skipti, er í framburði ákærða Sævars Marinós greindi, gæti hann ekki fullyrt um.

Aðspurður, hvort ákærði Tryggvi Rúnar hefði verið með Kristjáni Viðari og Albert Klahn að kvöldi 26. janúar 1974, þá svaraði ákærði Tryggvi Rúnar því orðrétt þannig: „Ég get ekki staðfest það svoleiðis. Ég var svo mikið með þessum mönnum, að ég get ekkert fullyrt um það, hvort ég var með þeim þetta sinn. Það er rétt, að við vorum oft að „putta“ eða á „veskjabísirí“, en hvort það var þetta kvöld eða ekki, man ég ekki“.

Ákærði Sævar Marinó sagði, að hann hefði talið, að ákærði Tryggvi Rúnar hefði verið í bifreið hjá Albert Klahn, er Kristján Viðar átti tal við hann í starfsmannabústað við Kópavogshæli um kl. 2400 að kvöldi 26. janúar 1974. Ákærði Sævar Marinó kvað ákærða Tryggva Rúnar hafa verið að Grettisgötu 82 umrætt kvöld svo og Gunnar Jónsson. Ákærði Tryggvi Rúnar kvaðst ekkert geta fullyrt um þetta. Hann var um það spurður, hvort hann neitaði því, og var svar hans á þá leið, að hann gæti ekkert fullyrt um það. Þá skýrði ákærði Tryggvi Rúnar frá því, að hann hefði einu sinni komið að Kópavogshæli, að hann minnti í. bifreið Viggós Guðmundssonar, en það hefði alveg eins getað verið í bifreið Alberts Klahn. Hann mundi eftir svartri Volkswagen bifreið, sem Albert Klahn var með.

Þá skýrði ákærði Tryggvi Rúnar frá því, að hann hefði á þessum tíma lítið verið með meðákærðu, þar sem hann hefði verið farinn að búa með stúlku.

Verjandi ákærða Tryggva Rúnars óskaði þess, að ákærði Sævar Marinó væri spurður um, hvort hann hefði séð ákærða Tryggva Rúnar í bifreið Alberts Klahn fyrir utan starfsmannahús Kópavogshælis umrædda nótt. Ákærði Sævar Marinó svaraði því til, að hann minntist þess ekki að hafa séð hann, en hefði talið það, svo sem fyrr segir.

Frekara samræmi náðist ekki í framburðum "ákærðu.

F. Albert Klahn Skaftason var fyrst yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu hinn 23. desember 1975 og þá sem vitni. Var Albert Klahn gert ljóst, að tilefni yfirheyrslunnar væri hvarf á ungum manni í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974, og jafnframt var honum tjáð, að ákærði Sævar Marinó hefði skýrt rannsóknarlögreglunni frá því, að á þeim tíma hefði maður verið laminn á heimili ákærða að Hamarsbraut 11. Albert Klahn sagðist á þessum tíma hafa verið töluvert mikið í félagsskap þeirra Sævars Marinós, Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars og oftlega ekið þeim í bifreið föður síns, gulri Toyota fólksbifreið.

Albert Klahn kvað það hafa gerst eitt sinn að nóttu til, og gæti það hafa verið aðfaranótt 27. janúar 1974, að hann hefði komið á bifreið föður síns að heimili Sævars Marinós í Hafnarfirði. Ekki mundi Albert Klahn gerla, hvernig á komu hans stóð, hvort hann hefði ekið einhverjum þeirra félaga þangað eða þeir hringt heim til hans og beðið hann um að koma. Hann mundi ekki tímamörk, en verið gæti, að það hefði verið einhvern tíma á milli klukkan 2400 og 0500. Albert Klahn kvaðst muna, að hann hefði setið í bifreiðinni á bifreiðastæðinu Suðurgötumegin við húsið, Sævar Marinó komið frá húsinu að bifreiðinni og beðið sig að opna farangursgeymsluna. Hann hefði orðið við því, en Sævar Marinó horfið aftur inn í húsið. Eftir nokkra bið hefðu þeir Sævar Marinó, Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar komið að bifreiðinni. Hefði afturendi hennar snúið að húsinu, en götulýsing verið bágborin, og hann því aðeins getað fylgst með ferðum þeirra í vinstri baksýnispegli bifreiðarinnar. Þeir hefðu borið á milli sín poka, einn eða fleiri, eða eitthvað pokalaga. Frekar kvaðst Albert Klahn ekki geta borið um, hvers kyns byrði þeirra var, en þeir hefðu komið henni fyrir í farangursgeymslu bifreiðarinnar, sem við það hefði ruggað dálítið til og honum virst það benda til þess, að eitthvað þungt hefði verið sett í farangursgeymsluna. Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hefðu sest í aftursætið, en Sævar Marinó ekki komið strax inn í bifreiðina. Hugði Albert Klahn, að hann hefði farið aftur heim að húsinu, en síðan hefði hann komið og tekið sér sæti við hlið hans. Að fyrirlagi Sævars Marinós kvaðst Albert Klahn hafa ekið suður fyrir Alverið í Straumsvík, þeir hinir farið þar úr bifreiðinni, Sævar Marinó beðið um lykilinn að farangursgeymslunni og opnað hana, en síðan látið sig fá lykilinn aftur. Albert Klahn sagðist ekki hafa farið út sjálfur, en þremmingarnir hefðu staðið nokkra stund aftan við bifreiðina og virst eiga í einhverjum erfiðleikum með að ná einhverju út úr farangursgeymslunni. Hann hefði ekki séð, hvað það var, þótt hann hefði ekki slökkt ljós bifreiðarinnar, en þó sýnst þeir bera á milli sín einn poka, er þeir gengu frá bifreiðinni og hurfu út í myrkrið. Þeir hefðu komið aftur um 15-30 mínútum síðar og þá ekki verið með neitt meðferðis. Albert Klahn áleit, að hann hefði ekið þeim heim til Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82. Á leiðinni hefði borist í tal á milli þeirra Sævars Marinós, hvað í pokanum hefði verið, og Sævar Marinó sagt berum orðum, að það hefði verið lík. Kvað Albert Klahn sér hafa fundist þetta svo fjarstæðukennt, að hann hefði ekkert mark tekið -á því og ekki frekar um það hugsað. Hann hefði hitt þremmingana oftár en einu sinni eftir þetta, en aldrei verið á ferðina minnst.

Hinn 23. desember 1975 var Albert Klahn Skaftason yfirheyrður í dómi sem kærði. Staðfesti hann skýrslu þá, sem hann hafði gefið fyrir um daginn hjá rannsóknarlögreglu, og kannaðist við að hafa ekið þeim Sævari Marinó, Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari suður fyrir Hafnarfjörð umrætt sinn. Þeir hefðu verið með eitthvað, sem þeir hefðu sett í farangursgeymslu bifreiðar hans, og hann ekki vitað,

hver sá flutningur var, en Sævar Marinó sagt honum á heimleiðinni, að lík hefði verið í farangursgeymslunni. Albert Klahn var í þinghaldi þessu úrskurðaður í gæsluvarðhald.

Hinn 11. janúar 1976 skýrði Albert Klahn fyrir dómi sjálfstætt frá málsatvikum umrætt sinn. Var framburður hans í samræmi við skýrslu hans hjá rannsóknarlögreglu hinn 23. desember 1975, sem hann staðfesti að nýju, en frekar var hann ekki inntur eftir efnisatriðum málsins,

Hinn 6. febrúar 1976 kom Albert Klahn fyrir dóm, og var þá einasta eftirfarandi setning skráð eftir honum: „Kærði kveðst nú vera þess fullviss, að hann hafi umrætt sinn ekið veginn að Sædýrasafninu“.

A dómþingi hinn 7. mars 1976 gaf Albert Klahn Skaftason svofellda skýrslu:

„Kærði segist nú vera viss um, að hann hafi farið tvær ferðir með lík fyrir þá félagi Sævar Ciesielski, Kristján Viðar Viðarsson og Tryggva Rúnar Leifsson. Segist kærði ekki hafa vitað í fyrri skiptið, hvað hann var að flytja, en í síðara skiptið hafi honum verið sagt, að það hafi verið lík. Kærði kveðst ekki muna, hvert hann ók, en telur, að í síðara skiptið hafi hann ekið suður í Kúagerði“.

Hinn 19. mars 1976 tók rannsóknarlögreglan skýrslu af Albert Klahn Skaftasyni að eigin ósk hans, og var hann þá yfirheyrður sem vitni í málinu. Skýrði hann frá á þessa lund:

„Þann 23. desember s.l. gaf ég skýrslu, þar sem ég skýrði frá því, að ég hefði flutt lík heiman frá Sævari Ciesielski eitthvað suður fyrir Hafnarfjörð. Ég taldi, að þetta gæti hafa verið aðfaranótt 27. janúar 1974 og ég hefði verið á Toyota bifreið föður míns. Ég hef mikið hugsað um þetta mál og oft verið rætt við mig um það. Það, sem ég skýrði frá í fyrri skriflegri skýrslu minni, er rétt að öðru leyti en því, að sá atburður, sem ég greini þar frá, átti sér ekki stað í janúar, heldur þann 14. september 1974.

Hitt er annað, að í janúar 1974, nánar tiltekið aðfaranótt þess 27., flutti ég einnig eitthvað heiman frá Sævari Marinó í Hafnarfirði. Með honum voru þá þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar. Þetta bar þannig að, að Sævar Marinó hringdi heim til mín um nóttina, ég held um kl. 0100, og bað mig að koma heim til sín suður í Hafnarfjörð. Hann talaði um að gefa mér hassmola, og féllst ég á að koma. Ég hafði á þessum tíma til umráða bifreið föður míns, en faðir minn átti þá Volkswagen fólksbifreið, árgerð 1957. Ég stöðvaði bifreiðina við húsið heima hjá Sævari Marinó. Kom hann út að bifreiðinni til mín og bað mig að bíða aðeins. Hann hvarf aftur inn í húsið, en kom eftir skamma stund og rétt á eftir honum þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar. Þeir síðarnefndu báru á milli sín langan poka eða eitthvað pokalaga úr ljósu efni, að ég held lérefti eða einhverju slíku. Þetta hefur verið vafið innan í eitthvað, og það var bundið fyrir óáða enda, það man ég greinilega. Sævar Marinó kom að bifreiðinni til mín, bað mig að opna farangursgeymsluna, og gerði ég það. Þeir reyndu að koma þessari byrði fyrir í farangursgeymslunni, en hún reyndist ekki nógu stór. Þessi byrði þeirra virtist vera nokkuð þung, eftir því hvernig þeir meðhöndluðu hana. Þeir settu byrðina inn í bifreiðina og lögðu hana á gólfíð milli fram- og aftursætis. Hún var svo löng, að sinn hvor endi bognaði upp á við. Þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar settust í aftursæti bifreiðarinnar, og urðu þeir að hafa fæturna á því, sem á gólfinu lá. Í því sambandi man ég það, að Kristján Viðar virtist eitthvað feiminn við að hafa fæturna ofan á þessu og var í einhverjum vandræðum. Sævar Marinó hafði farið aftur inn í húsið, en kom nú út aftur og settist í framsætið við hlið mér.

Ég ók sem leið lá til suðurs út úr Hafnarfirði og beygði til hægri veginn, sem liggur að Sædýrasafninu, ók hann á enda og stöðvaði bifreiðina við hliðið inn á safnsvæðið, en það var lokað. Þeir Sævar Marinó og Tryggvi Rúnar fóru út úr bifreiðinni og reyndu að opna hliðið, en tókst það ekki. Ég hafði



orð á því við þá að hætta þessari vitleysu, því að mér fannst ekkert vit í því að vera að reyna að fara inn í Sædýrasafnið. Ég sneri nú bifreiðinni við á planinu við hliðið og ók til baka áleiðis á veginn, sem liggur til suðurs úr Hafnarfirði á Reykjanesbraut. A leiðinni til baka voru þeir félagar að reyna að finna stað til þess að losa sig við pokann. Var snúið við aftur og ekið áleiðis til baka að safninu. A þeirri leið stöðvaði ég bifreiðina og sneri henni við á veginum. Þarna fóru þeir Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og Sævar Marinó út úr bifreiðinni og tóku byrði sína -með sér. Þeir gengu vestur yfir veginn og út í hraunið í átt að Álverinu. Dimmt var af nóttu, svo að ég gat ekki fylgst gjörlla með ferðum þeirra. Þó sá ég, að þeir höfðu numið staðar, og ég held lagt frá sér byrðina í hraunbolla nokkuð vestan vegarins. Ég leit af þeim um stund, en þegar ég leit aftur í þá átt, sem ég hafði séð þá, voru þeir horfnir, og gerði ég ráð fyrir, að þeir hefðu farið lengra út í hraunið. Ég beið þó nokkra stund í bifreiðinni og leit við og við út til að vita, hvort ég sæi ekki til þeirra. Allt í einu tók ég eftir þeim, þar sem þeir voru á leið aftur að bifreiðinni og komu úr þeirri átt, sem ég hafði séð þá hverfa. Þeir settust inn í bifreiðina aftur, og ég ók sem leið lá heim til Sævars Marinós, þar sem þeir fóru út úr bifreiðinni, en ég fór heim til mín. Þegar við komum aftur heim til Sævars Marinós, lét hann mig hafa hassmolann, sem hann hafði boðið mér í símanum. Hann reykti ég daginn eftir.

Þegar ég kom heim til Sævars Marinós um nóttina, eftir að hann hafði hringt í mig, talaði hann um, að hann eða þeir félagar þyrftu að losa sig við eitthvað, en aldrei nefndu þeir, hvað það væri, hvorki áður en þeir settu byrði sína í bifreiðina, á leiðinni né eftir það. Þeir hafa ekki einu sinni minnst á það nokkru sinni við mig síðan, hvað ég hefði verið að flytja, og raunar veit ég það ekki enn þann dag í dag fyrir vísit. Lögun þess, sem ég flutti þessa nótt heiman frá Sævari Marinó, gæti vel bent til þess, að þar hefði verið um mann að ræða. Ekki datt mér slíkt í hug á þeim tíma, og ég var ekkert að veita þessu sérstaka athygli. Þá vil ég geta þess, að það var Sævar Marinó, sem sagði algjörlega til um, hvert ekið var og hvar var stöðvað."

Hinn 30. apríl 1976 komu þeir Albert Klahn Skaftason og Tryggvi Rúnar Leifsson fyrir dóm til samprófunar, en ekkert samræmi fékkst á framburðum þeirra.

Albert Klahn Skaftason kom til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu hinn 30. apríl 1976. Rakti hann fyrir Sævari Marinó, sem viðstaddur var yfirheyrsluna, ferðir þeirra hinn 27. janúar 1974 og um haustið það ár. Sævar Marinó kvað þetta allt ósannindi og tóman uppspuna hjá Albert Klahn og neitaði því harðlega, að þetta hefði átt sér stað.

Hinn 21. september 1976 skýrði Albert Klahn Skaftason rannsóknarlögreglunni frá því, að hann hefði ekið bifreiðinni aftur á bak að Hamarsbraut 11 og Guðmundur verið settur inn í hana hægra megin, en sjálfur hefði hann ekki farið út úr bifreiðinni. Einnig hefði Guðmundur verið tekinn út úr bifreiðinni hægra megin, þegar út í hraunið kom.

Hinn 5. október 1976 var Albert Klahn Skaftason yfirheyrður af rannsóknarlögreglu, og var frásögn hans nú á þessa lund: „Svo sem ég hef áður sagt frá, hringdi Sævar Marinó til mín um nótt í janúar 1974. Hann spurði mig í símann, hvort ég vildi koma og aka fyrir sig líki. Ég neitaði því, og talaði hann ekkert meira um lík í þessu sambandi, en lagði að mér að koma heim til sín að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði. Mér skildist, að ég ætti að aka honum eitthvað og fá hass í staðinn, en komið hafði fyrir, að ég æki Sævari Marinó og félögum hans gegn því að fá að reykja hass. Ég féllst á að koma heim til hans, og fór ég á Volkswagen bifreið föður míns. Þegar ég kom að Hamarsbraut 11 nokkru síðar, lagði ég bifreiðinni á planið fyrir ofan húsið. Gekk ég niður fyrir það, fór niður í kjallaratröppurnar og bankaði eða hringdi dyrabjöllunni. Sævar Marinó kom til dyra, og ætlaði ég að fara inn. Hann bannaði

mér það, en sagði mér að koma með bifreiðina að kjallaratröppunum. Ég náði í bifreiðina og ók henni þangað og snéri vinstri hlið bifreiðarinnar að húsinu. Þegar ég hafði beðið nokkra stund, kom Sævar Marinó út og bað mig að opna lok farangursgeymslunnar. Minnir mig, að til þess hafi ég fyrst tekið í handfang inni í bifreiðinni, en svo farið út og tekið í handfang framan á lokinu og opnað þannig. Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar komu út og báru eitthvað á milli sín. Settu þeir það í farangursgeymsluna, en það var svo fyrirferðarmikið, að ekki var hægt að loka með nokkru móti. Var ekki um annað að ræða en setja þetta inn í bifreiðina, og kann að vera, að ég hafi átt uppástunguna að því. Það, sem þeir Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar báru á milli sín, var í laki, sem virtist bundið saman til endanna. Því var vafið utan um innihaldið, og sá ég ekki í það, sem innan undir var.

Ég get ekki lýst, hvað kom þarna yfir mig, eða lýst tilfinning um mínum. Ég mundi, að Sævar Marinó hafði talað um, að ég flytti fyrir hann lík, og ég sá, að það, sem í lakinu var, gæti verið lík. Þessum hugsunum reyndi ég að bægja frá mér, enda hafði ég ævinlega reynt að blanda mér ekki í afbrotamál þeirra. Ég reyndi að telja mér trú um, að það gæti ekki verið, að þeir hefðu verið með lík. Sævar Marinó hafði orð á, að dauður maður væri í lakinu, en ég forðaðist að tala nokkuð um þetta við hann.

Ég tel mig muna fyrir víst, að flutningurinn hafi verið settur inn í bifreiðina vinstra megin og einhver af strákunum hafi farið inn í hann hægra megin og tekið á móti, en hinir tveir hafi lyft undir. Ég lagði ekki hönd að þessu verki, en þó þurfti ég að laga flutninginn eitthvað til, svo að ég gæti lagt sætisbakið í rétta stellingu, áður en ég settist inn.

Ég held, að Sævar Marinó hafi annað hvort farið út úr bifreiðinni aftur eða komið inn í hana nokkuð á eftir hinum. Ég man fyrir víst, að Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar settust aftur í bifreiðina, en Sævar Marinó í framsætið.

Þá tel ég mig muna fyrir víst, að ég hafi beygt Hamarsbrautina til hægri. Síðan ók ég suður úr Hafnarfirði og inn á veginn að Sædýrasafninu. Á leiðinni töluðu þeir um, hvað gera ætti við flutninginn, en ég lagði ekki eyru að því. Ég stöðvaði við hliðið að Sædýrasafninu, og þar fóru Sævar Marinó og Tryggvi Rúnar út úr bifreiðinni og reyndu að opna hliðið. Kristján Viðar talaði um, hvort þeir vær-u orðnir vitlausir að ætla þarna inn. Hætt var við þetta, og komu strákarnir inn í bifreiðina aftur. Snéri ég við, ók út á Keflavíkurveg og beygði til hægri. Á móts við Álverið eða aðalinnkeyrsluna að á því snéri ég við og ók Keflavíkurvegin aftur til baka, en beygði til hægri út af veginum á móts við Álverið. Eftir þessum vegi ók ég um það bil 500 m vegalengd, en snéri þá við og stöðvaði. Þar var flutningurinn tekinn úr bifreiðinni. Strákarnir fóru allir þrír með hann á brott, og sagði Kristján Viðar við mig að vera ekki að horfa á eftir þeim. Ég sá þó á eftir þeim, þar sem ég sat í bílnum, en framendi hans snéri að Álverinu, og fóru strákarnir til vinstri frá bifreiðinni.

Þegar þeir komu aftur, var Sævar Marinó með lakið, og var það sett í farangursgeymsluna. Eftir þetta ókum við til baka. Fóru Sævar Marinó að Hamarsbraut 11, og þar held ég, að hann hafi sett lakið í öskutunnu. Ég held, að ég hafi ekið hinum strákunum heim til Kristjáns Viðars.

Það hefur nú verið að rifjast upp fyrir mér, að verið geti, að ég hafi farið fleiri ferðir líkra erinda fyrir strákana. Mig rámar í, að ég hafi síðar farið með þá suður í hraun og hafðir hafi verið meðferðis svartir, tómir pokar. Þeir Tryggvi Rúnar og Sævar Marinó hafi farið út í hraun og sótt eitthvað í pokana, sem voru látnir hver utan yfir annan. Kristján Viðar var með mér í bifreiðinni. Þá man ég, að farið var út á Álftanes og þar tekin gröf rétt við hliðina á bifreiðinni. Þetta er allt mjög óljóst fyrir mér, en þó getur verið, að þetta geti ég rifjað upp."

Hinn 6. október 1976 gaf Albert Klahn Skaftason svofellda skýrslu hjá rannsóknarlögreglu:

„Í gær, eftir að skýrslutöku lauk, fór ég ásamt rannsóknarlögreglumönnum suður á Álftanes, þar sem ég vísaði á stað niðri í fjöru, þar sem ég hefði tekið þátt í að grafa hlut, sem ég taldi, að gæti hafa verið lík. Ég tel nú, að þetta hafi verið rangt hjá mér og að um ímyndun hafi verið að ræða. Þrátt fyrir það, minnst ég þess, að farið hafi verið með hlut, sem gæti hafa verið lík, og hann grafinn.

Ég man eftir því, að Sævar Marinó kom heim til mín um sumar, en ekki get ég tímasett það nánar. Hann bað mig um að aka sér, og fór ég á Toyota bifreið föður míns. Ég fór fyrst heim til Kristjáns Viðars og fór um undirgang bak við húsið. Þar hafði ég stutta viðvöl, en náð var í tóma, svarta plastpoka heim til Kristjáns Viðars, og einnig var komið með eina eða tvær skóflur. Ekki man ég, hvert ég ók svo eða hvað var náð í. Það næsta, sem ég man, var það, að ég hjálpaði við að bera flutning, sem kominn var í plastpokana, úr bifreiðinni. Þá man ég eftir að hafa tekið þátt í að grafa þetta, en hvar það var, man ég ekki fyrir víst. Mig rámar þó í, að þetta hafi verið flutt í kirkjugarð, og tel ég, að þar komi helst til greina Hafnarfjarðarkirkjugarður, en í þessu sambandi man ég eftir garðvegg. Ég tel, að þarna hafi verið um lík Guðmundar Einarssonar að ræða. Ég man fyrir víst, að Sævar Marinó og Kristján Viðar voru með mér, er ég flutti þetta, og mig minnir, að Tryggvi Rúnar hafi einnig verið með, en ég er þó ekki viss um það.

Ég get ekki gefið neina skýringu á því, hvers vegna þetta hefur farið að rifjast upp fyrir mér nú, en þó tel ég, að aðalorsökin hafi verið, að ég óttaðist refsingu. Ég hef reynt að byrgja þetta inni, og geri ég mér ljóst, að ég hef barist á móti því að segja sannleikann um þetta mál. Mér finnst við þessar síðustu yfirheyrslur, að eitthvað sé að mér í höfðinu. Ég veit, að ég tók þátt í þessu og að ég ætti að geta sagt skýrt frá öllu, en þótt ég reyni að leggja mig fram, á ég erfitt með að greina á milli hugaburðar og veruleika. g hef frá barnsaldri neytt margvíslegra fíkniefna og eiturlyfja. Kann það að eiga sinn þátt í, að ég muni þessi mál óskýrt."

Þennan sama dag, hinn 6. október 1976, var Albert Klahn enn á ný yfirheyrður um málsatvik, og stóð sú yfirheyrsla frá klukkan 1130-1215, en fyrri yfirheyrslan hafði varað frá klukkan 0845 til 0945. Albert Klahn skýrði nú meðal annars svo frá:

„Seinni hluta dags, um kl. 1600 til 1700, nokkrum mánuðum eftir að ég flutti lík Guðmundar í hraunið, komu þeir Sævar Marinó og Kristján Viðar heim til mín. Ég man ekki, hvað okkur fór á milli, en ég fór með þeim á Toyota bifreið föður míns. Minnir mig, að fyrst hafi verið ekið heim til Kristjáns Viðars og sóttir plastpokar, en ég man þetta þó ekki örugglega. Þá held ég og, að ég hafi komið með skóflur, sem faðir minn átti, en þar var um að ræða stunguskóflu og að mig minnir steypuskóflu eða malarskóflu. Ég man þó ekki vel, hvort skóflurnar voru teknar með strax eða sóttar síðar. Eftir þetta var farið í Hafnarfjarðarhraun, og ég man, að það tók okkur nokkurn tíma að finna staðinn. Minnir mig, að Tryggvi Rúnar hafi verið með okkur og hann og Sævar Marinó hafi fundið staðinn, en þetta man ég þó ekki örugglega. Ég var ekki með, er líkamsleifarnar voru sóttar, en beið í bifreiðinni, og ég held, að Kristján Viðar hafi verið hjá mér. Þeir komu með pokann, og var hann settur í farangursgeymsluna. Að mig best minnir, var síðan ekið aftur til Reykjavíkur og haldið heim til Kristjáns Viðars. Ég þori ekki að fullyrða um staðinn í Hafnarfjarðarhrauninu, en held, að þetta hafi verið einhvers staðar á móti Álverinu, nokkuð langt úti í hrauninu. Ég man, að það var komið myrkur, er við vorum þarna, að minnsta kosti var eitthvað farið að skyggja. Það var síðan farið seint um kvöldið eða snemma þessa nótt frá Grettisgötunni í Fossvogskirkjugarð. Ég man, að ég ók fyrst inn á planið við Kapelluna. Síðan minnir mig, að ekið hafi verið út af planinu niður að girðingunni og að hliði. Við

Kristján Viðar tókum pokann úr farangursgeymslunni og bárum hann að hliðinu eða stutt inn í garðinn, en ég man þó óljóst þennan burð. Þó man ég, að ég fár inn í bifreiðina, og minnir mig, að Kristján Viðar kæmi þangað rétt á eftir. Ég man örugglega, að ég sá þá Gævar Marinó og Tryggva Rúnar, þar sem þeir voru að grafa. Sat ég inni í bifreiðinni og fylgdist með þeim út um hliðarrúðu, en bifreiðinni var lagt meðfram girðingunni. Ég man ekki eftir neinni umferð um Reykjanesbrautina, og mig minnir, að það hafi verið einhver rigning.

Sævar Marinó og Tryggvi Rúnar voru ekki lengi, en ég þori þó ekki að slá neinu föstu um tímann, sem þetta tók. Ég var ekki ölváður og ekki undir veins konar áhrifum. Held ég örugglega, að eins hafi verið -ástatt um hina og mig.

Mig minnir, að eftir að þetta var afstaðið, hafi verið farið h.eim til Kristjáns Viðars. Ég hef talað um ferð á Álftanes, og það er rétt, að þangað hef ég farið. Ég man eftir gröf við hlið bifreiðarinnar, en man ekki, hvort eitthvað var sett í þá gröf eða sótt í hana. Í þessari ferð voru þeir Sævar Marinó Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar."

Hinn 11. október 1976 tók rannsóknarlögreglan nánari skýrslu af Albert Klahn Skaftasyni um flutning á líki Guðmundar Einarssonar úr Hafnarfjarðarhrauni í Fossvogskirkjugarð. Skýrði hann þá svo frá:

„Ég hef ekki enn getað komist að fullnaðarniðurstöðu um, hvort ég lagði af stað í umrædda ferð frá Hamarsbraut 11 eða frá heimili Kristjáns Viðars. Eftir því sem ég hugsa meira um þetta, er ég nokkurn veginn alveg viss um, að Tryggvi Rúnar var ekki með í ferðinni. Ég var örugglega á Toyota bifreið föður míns. Það var dagsbirta, þegar við fórum suður eftir. Ég man óljóst eftir, að ég hafi farið með strákunum frá bílnum út í hraunið, en man, að ég sá Guðmund í frekar djúpri gjótu eða laut. Ég held ég muni það rétt, að mosi eða eitthvað því um líkt hafi verið ofan á honum. Ég tel, að þeir hafi velt honum upp í plast eða einhvern svartan dúk, en ekki sett hann í poka. Þegar við vorum komnir í Fossvogsgarðinn, sá ég, að snæri eða band var vafið utan um hann á einum þremur stöðum, en ekki man ég, hvernig það var til komið. Við Kristján Viðar bárum pokann inn í kirkjugarðinn, en Sævar Marinó mun hafa haldið á skóflum. Ég tel, að strax og við komum inn fyrir hliðið, höfum við beygt til vinstri niður eftir, en síðan fljótlega til hægri og þar inn í þrönga götu. Ég tel, að við höfum ekki gengið langt, og ekki man ég til, að við hvíldum okkur á leiðinni. Ég hygg, að ég hafi ekki mokað þarna, en þeir Sævar Marinó og Kristján Viðar grófu aflanga gryfju niður með austurhlið steinveggs eða kants. Ég sat þá á steinvegg rétt fyrir vestan þá, að ég tel, en man ekki, hvort Bata eða stígur var á milli okkar. Ég tel mig vissan um, að þeir hafi grafið fyrir neðan stíginn og ekki hafi verið steinkantur milli stígsins og gryfjunnar. Einnig man ég eftir, að rétt hjá var leiði með slakri keðju. Ég man ekki, þegar mokað var ofan í gryfjuna, og tel því, að ég hafi þá verið kominn upp í bifreiðina utan við hliðið. Finnst mér, að ég hafi séð þá Kristján Viðar og Sævar Marinó í gegnum girðinguna, en það gæti hafa verið, þegar þeir voru að koma að bifreiðinni á eftir. Ég man ekki eftir, þegar verkfærin voru sett í bifreiðina, en tel, að þarna hafi verið um tvær skóflur að ræða og önnur hafi verið brotna skóflan, sem var alltaf í bílnum og ég hef nú afhent lögreglunni. Holan, sem þeir grófu þarna, var ekki djúp, en ég er ekki viss um, að hún hafi verið komin í fulla dýpt, er ég fór frá. Ég tel alveg öruggt, að þetta sé fyrir neðan hliðið, því að ég man greinilega, að ég gekk fyrst í áttina að girðingunni, er ég var á leiðinni í bílinn, og síðan upp með henni og út um hliðið. Eins tel ég, að þetta sé ekki langt inni í garðinum."

Hinn 22. febrúar 1977 tók rannsóknarlögreglan skýrslu af Albert Klahn Skaftasyni. Kvaðst hann þá ekki muna fyrir vísit, hvernig hann hefði ekið bifreiðinni að húsinu Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði umrætt sinn. Hann hefði áður sagt frá því, að hann hefði ekið aftur á bak að húsinu, en héldi nú, að það hefði

ekki verið rétt, líklega hefði hann ekið áfram að húsinu og stöðvað bílinn skammt frá útidyrnum. Hann hefði farið að útidyrum, hringt dyrabjöllu eða bankað og hefði Sævar Marinó komið til dyra. Albert Klahn kvaðst hafa ætlað að ganga inn í húsið, en Sævar Marinó hefði aftrað því og beðið sig um að bíða heldur úti í bíl. Albert Klahn kvaðst þá hafa farið í bílinn, en minntist þess ekki að hafa innt Sævar Marinó eftir því, hvers vegna hann vildi ekki, að hann kæmi inn. Ekki kvaðst hann hafa tekið eftir óeðlilegum viðbrögðum Sævars Marinós, öðrum en þeim, að hann vildi ekki hleypa honum inn. Albert Klahn kvaðst nú hafa Best inn í bílinn, en mundi ekki, hve langan tíma hann beið þar. Hann minnti, að Sævar Marinó hefði komið einn út fyrst og beðið sig um að opna farangursgeymsluna á bílnum, en það var gert með handfangi undir mælaborðinu. Hann hefði verið þarna á bíl föður síns, Volkswagen, árgerð 1957. Síðan hefði Sævar Marinó farið inn aftur. Þeir hefðu svo komið þrír og borið líkið á milli sín og hefði verið vafið utan um það hvítur dúkur eða ljósleitt stykki. Mennirnir hefðu í fyrstu ætlað sér að setja þetta í farangursgeymsluna, en þegar ekki hefði verið unnt að loka henni, hefði verið horfið frá því og líkið lagt á gólfið í bílnum á bak við framsætin. Hann taldi, að líkið hefði verið sett í bílinn hægra megin, en hann hefði ekki aðstoðað við það.

Albert Klahn sagðist ekki hafa heyrt þá félagana hafa orð á því, að um lík var að ræða, og kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir því. Þeir hefðu fyrst haft orð á því við sig, að um slíkt væri að ræða, er þeir voru að flytja það í kirkjugarðinn, en aldrei hefði verið nefnt, hvers lík þetta væri.

Albert Klahn kvaðst ekki hafa séð neitt annað fólk á Hamarsbraut 11 en Tryggva Rúnar, Kristján Viðar og Sævar Marinó og hefðu þeir allir tekið þátt í að flytja líkið út í hraunið. Hann hefði áður lýst því, hvert hann teldi, að farið hefði verið með líkið, og margoft reynt að benda lögreglumönnum á þann stað. Gæti hann engu bætt við þá frásögn sína.

Albert Klahn var beðinn að gefa lýsingu á ástandi þeirra félaga, er þeir komu út í bílinn til hans við Hamarsbraut 11. Hann sagði, að sér hefði virst Tryggvi Rúnar vera langæstastur og engu líkara en hann væri eitthvað ruglaður. Sævar Marinó hefði verið í jafnvægi, en Kristján Viðar verið eins og hann væri undir annarlegum áhrifum, en annars væri mjög erfitt að sjá áhrif á honum. Albert Klahn minnti, að Kristján Viðar hefði verið klæddur í hálsíðan mokkafrakka, en sagðist ekki geta munað eftir klæðnaði hans að öðru leyti. Hann hefði ekki tekið eftir því, hvort tölu vantaði á frakka Kristjáns Viðars, og ekki heyrt þá minnast á neina tölu. Albert Klahn fullyrti, að eftir að þeir höfðu losað sig við líkið í Hafnarfjarðarhrauni og verið að leggja af stað, hefði hann ekki vitað fyrr til en Tryggvi Rúnar, sem sat í aftursæti, hefði tekið sig hálstaki aftan frá, þar sem hann sat undir stýri og var kominn á ferð. Tryggvi Rúnar hefði ekki gefið neina skýringu á þessu háttalagi sínu, en þegar Kristján Viðar skipaði honum að sleppa takinu, hefði hann gert það. Tryggvi Rúnar hefði tekið hálstakið þannig, að hann hefði sett handlegginn fram fyrir hann og hert að, þannig að haka hans var í olnbogabót Tryggva Rúnars.

Albert Klahn minntist þess ekki, að hann sæi blóðbletti á stykkinu, sem var vafið utan um líkið, og ekki hefði hann orðið var við neina blóðbletti eða aðra bletti í bílnum eftir þessa flutninga. Hann hefði ekki heldur fundið neina óvenjulega lykt, hvorki saurlykt né annars konar lykt. Hann mundi ekki eftir því að hafa séð hníf eða eggvopn í fórum Kristjáns Viðars eða hinna. Hins vegar sagðist hann hafa séð byssusting heima hjá Kristjáni Viðari á Grettisgötu 82 og minnti, að það hefði verið, áður en atburður þessi gerðist. Kristján Viðar hefði geymt byssustinginn uppi í skáp í stofu hjá móður sinni. Hann sagðist muna sérstaklega vel eftir þessu, því að hann hefði sjálfur reynt að fala byssustinginn af honum, en Kristján Viðar ekki viljað láta sig hafa hann. Kristján Viðar hefði sagt sér frá því, að hann

hefði stolið byssustingnum frá Bárði Ragnari Jónssyni sumarið 1973. Hann kvaðst ekki muna eftir að hafa séð Kristján Viðar með byssustinginn við belti sitt.

Albert Klahn kveðst ekki hafa fengið neina greiðslu fyrir þessa flutninga. Hann hefði nokkrum sinnum fengið hass í pípu hjá Sævari Marinó, enda gert talsvert að því að reykja hass. Hann hefði einnig tekið mjög oft LSD, en yfirleitt í litlum skömmtum, 1/4 til 1/2 töflu í einu.

Albert Klahn gat ekki munað, hvar hann hefði verið kvöldið áður en þessi atburður gerðist. Hann minnti helst, að hann hefði verið staddur heima hjá sér, þegar hann fékk boðin um að koma á Hamarsbraut 11, en vel gæti verið, að hann hefði verið einhvers staðar annars staðar, þetta gæti hann alts ekki munað.

Albert Klahn kvaðst ekki hafa þekkt Guðmund Einarsson og ekki vita til þess, að hann hefði haft neitt samband áður við þá Sævar Marinó, Kristján Viðar eða Tryggva Rúnar.

Albert Klahn treysti sér ekki til að benda á stað þann, sem líkið væri nú. Hann hélt fast við sinn fyrri framburð um það, að það síðasta, sem hann vissi, væri það, að það hefði verið sett í Fossvogskirkjugarð. Hann hefði sjálfur tekið þátt í að koma líkinu þar fyrir með þeim Kristjáni Viðari, Tryggva Rúnari og Sævari Marinó. Hann væri alveg viss um, að þeir hefðu allir verið við þetta. Albert Klahn mundi ekki fyrir víst, hvort líkið var sótt að nóttu eða degi, en hélt frekar, að það hefði verið að næturlagi. Sömu menn hefðu verið með í bílnum, en nú hefði hann verið á Toyota bíl föður síns. Hann sagði, að ekið hefði verið suður í hraun og þeir Tryggvi Rúnar og Sævar Marinó farið út úr bílnum, en hann og Kristján Viðar beðið þar. Sér hefði fundist biðin eftir þeim löng, um það bil ein klukkustund, og hefðu þeir sett líkið í geymsluhólfið á bílnum, er þeir komu.

Albert Klahn minnti, að ekið hefði verið fyrst heim til Kristjáns Viðars og seinna um kvöldið í kirkjugarðinn. Honum fannst það vera Sævar Marinó, sem stjórnaði þessu. Hann minnti, að þeir hefðu verið með tvær skóflur, önnur hefði verið í bílnum, en hin verið fengin heima hjá Kristjáni Viðari. Hann sagðist ekki muna eftir því, hvað gert hefði verið við skóflurnar.

Ekki kvaðst Albert Klahn hafa fundið neina lykt, þegar verið var að flytja líkið í kirkjugarðinn. Það hefði þá verið í svörtum plastpoka, og sagðist hann ekki hafa orðið var við, að leyst hefði verið frá pokanum og litið ofan í hann, hvorki á meðan hann var í bílnum né þegar verið var að fara með hann út í kirkjugarðinn. Þegar Albert Klahn var ítrekað aðspurður um það, hvort Tryggvi Rúnar hefði verið með við að koma líkinu fyrir í kirkjugarðinum, sagði hann, að hann væri alveg viss um, að hann hefði verið með við að sækja líkið út í hraunið, en hann væri ekki alveg eins viss um það, hvort hann hefði verið með við flutninginn heiman frá Kristjáni Viðari í kirkjugarðinn. Albert Klahn mundi ekki fyrir víst, hvenær þessir flutningar hefðu átt sér stað, en giskaði á júlí til ágúst 1974 og taldi, að þeir hefðu verið við þetta nálægt miðnætti. Hann hélt, að hann hefði verið kominn heim til sín um tvö leytið um nóttina. Ekki minntist hann þess, að aðrir hefðu verið heima hjá Kristjáni Viðari, þegar þeir fóru í þennan leiðangur í kirkjugarðinn. Hann hélt, að þeir hefðu ekki farið heim til Kristjáns Viðars, eftir að þetta var um garð gengið. Hann minnti, að sjálfur hefði hann farið beint heim til sín, en líklega hefði hann þó ekið hinum heim til Kristjáns Viðars.

Albert Klahn kvaðst ekki hafa heyrt neitt minnst á þennan atburð, eftir að hann gerðist. Hann sagði þó, að þeir hefðu allir lagt áherslu á það, Sævar Marinó, Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar, að þagað væri yfir ferðinni með líkið.

Dagana 4. og 5. mars 1977 var Albert Klahn Skaftason yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu og í dómi. Tók hann fram í upphafi yfirheyrslunnar hjá rannsóknarlögreglunni fyrri daginn, að hann hefði nú ákveðið að gera hreint fyrir sínum dyrum og segja allan sannleikann í málinu. Yfirheyrslan hjá rannsóknarlögreglunni hinn 4. mars hófst kl. 1300 og stóð til kl. 0200, en hlé var gert á henni, á meðan ákærði var fyrir dómi, frá kl. 1750-1905 svo og klukkustundar matarhlé. Þar sem skýrslur þessar eru í öllum verulegum atriðum samhljóða, þykir ekki ástæða til að rekja þær hvora fyrir sig, en Albert Klahn skýrir frá málsatvikum á þessa leið:

Hann kvaðst hafa komið til Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82, að hann minnti á milli kl. 2100 og 2200 að kvöldi laugardagsins 26. janúar 1974 með Gunnari Jónssyni, Lokastíg 18. Kristján Viðar var heima og hjá honum hefði verið Tryggvi Rúnar Leifsson. Þeir Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar hefðu haft áfengi um hönd og líka verið með einhvers konar töflur. Komið hefði til tals, að þá langaði að fá LSD töflur, og verið ákveðið, að hann

færi til Sigríðar Gísladóttur að Vesturgötu 24, því að hún mundi eiga þær til. Albert Klahn kvaðst hafa farið þangað og Gunnar Jónsson komið með sér. Sævar Marinó hefði verið staddur að Vesturgötu 24, er þeir komu þangað. Hann minnti, að hann hefði keypt 3-4 LSD töflur af Sigríði eða jafnvel fengið þær að láni.

Sævar Marinó hefði beðið sig um að aka sér að starfsmannahúsi Kópavogshælis, en hann færst undan því, vegna þess að hann hefði lent þar í átökum og væri óvelkominn. Þeir Gunnar hefðu síðan farið aftur að Grettisgötu 82, en Sævar Marinó orðið eftir á Vesturgötu 24. Albert Klahn mundi ekki betur en Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og Gunnar hefðu allir tekið eitthvað inn af þessum töflum, en treysti sér ekki til að segja nánar um það.

Þeir félagarnir hefðu allir verið peningalausir, og taldi Albert Klahn, að það hefði verið eftir uppástungu þeirra Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars sem ákveðið var að fara út að „bísa“, eins og kallað er. Það væri í því fólgandi að fara að skemmtistöðum og komast í samband við náunga, sem ættu peninga, eða stela veskjum.

Albert Klahn sagði, að þeir hefðu síðan farið út í Volkswagen bifreið föður hans, en bifreið þessa hafði hann til umráða. Þeir Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar hefðu setið aftur í, en Gunnar við hlið hans í framsætinu. Hefði hann ekið að samkomuhúsunum Röðli, Þórscafé, Sigtúni og Klúbbnum um það leyti sem skemmtistöðum var lokað, að hann taldi. Hann sjálfur og Gunnar hefðu ekki tekið þátt í „bísinu“, en bæði Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar haft sig í frammi. Ekki hefði orðið neinn árangur af þessu og hefði hann ekið að starfsmannahúsinu við Kópavogshæli í þeim tilgangi að hitta þar Sævar Marinó og reyna að fá lánaða hjá honum peninga.

Albert Klahn kvaðst hafa stöðvað bifreiðina á Kópavogsbrautinni gegnt umræddu húsi og hefði Kristján Viðar farið þar inn. Gunnar hefði farið út úr bifreiðinni til að hleypa honum út. Kristján Viðar hefði verið nokkurn tíma í burtu, um 10 til 15 mínútur eða svo, en borið sig illa, þegar hann kom aftur, því að Sævar Marinó hefði ekki viljað lána honum peninga. Þeir Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar hefðu þá stungið upp á því að fara til Hafnarfjarðar og halda þar áfram að „bísa“. Sævar Marinó hefði orðið eftir á Kópavogshælinu, en hann hefði ekið til Hafnarfjarðar og taldi, að þangað hefðu þeir komið um það leyti sem dansleikjum var að ljúka. Fyrst sagðist hann hafa stansað neðarlega í brekkunni á Reykjavíkurvegi og hefðu þeir

Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar farið þar út. Var ætlun þeirra að reyna að finna einhverja drukknna menn til að taka af þeim veski. Þá kvaðst hann hafa ekið áfram, snúið við, ekið aftur upp í brekkuna og numið staðar við gangstéttarbrún hinum megin á götunni á móts við samkomuhúsið Skiphól.

Þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar voru burtu í nokkra stand, 15-20 mínútur að Albert Klahn taldi, og beið Gunnar hjá honum í bifreiðinni á meðan. Hann hefði ekki veitt þeim Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari neina athygli, frá því þeir fóru úr bifreiðinni, þar til þeir komu aftur. Þá hefði verið með þeim maður, sem hann þekkti ekki, en Kristján Viðar virtist þekkja. Maður þessi hefði verið 18-20 ára að aldri, hár og grannur, með mikið dökkt og sítt, liðað hár. Hann sagðist ekki muna, hvernig hann var klæddur, en hann var í frekar fínnum fötum. Maður þessi hefði verið talsvert drukkin, en ekki slagað. Hann hefði verið stilltur og kurteis. Þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hefðu aldrei nefnt manninn með nafni eða hann myndi ekki til þess. Þeir hefðu spurt sig að því, hvort maðurinn mætti koma með í bifreiðinni, og hann tekið því vel. Þeir hefðu síðan allir komið upp í bifreiðina og sest í aftursæti. Albert Klahn hugði, að það hefði verið Kristján Viðar, sem lagði það til, að þeir færu að Hamarsbraut 11 og reyndu að slá þar upp „partí“. Þangað hefði hann ekið, en enginn verið heima og slökkt í íbúð Sævars Marinós. Kristján Viðar hefði farið fyrst inn, en með hverjum hætti, mundi hann ekki. Hann hefði opnað húsið og hafi þeir allir farið þangað inn. Myrkur var í íbúðinni. Albert Klahn var kunnugt um, að þarna bjuggu Erla Bolladóttir og Sævar Marinó. Hann hefði tvisvar sinnum komið þar áður, í annað skiptið ekið Sævari Marinó þangað, en í hitt skiptið Erlu og fleira fólki.

Þegar inn var komið, hefði verið farið að ræða um að kaupa saman áfengisflösku. Sævar Marinó hefði komið heim stuttu seinna. Ekki kvaðst Albert Klahn hafa séð, að hann væri undir áhrifum áfengis. Sævar Marinó hefði virst hissa á veru þeirra þarna og spurt þá, hvað þeir væru að gera. Ekki hefði hann samt óskað eftir því, að þeir færu í burtu. Síðan hefði einhver meðákærðu spurt manninn, hvort hann ætti peninga til kaupa á áfengisflösku, en hann eins og færst undan því eða svarað því neitandi. Voru þeir staddir í fremri stofu í íbúðinni á þessum tíma. Þetta hefði síðan magnast á milli þeirra og hefðu meðákærðu farið að þreifa fyrir sér hjá manningum, hvort hann væri með veski. Hefði Kristján Viðar byrjað á því að hrinda manningum og rétt á eftir hefði Tryggvi Rúnar hlaupið að honum og slegið til hans. Maðurinn hefði reynt að verja sig, eftir því sem hann gat, og slegið á móti, en verið fljótlega yfirbugaður. Hafði viðureignin þá borist inn í hitt herbergið. Albert Klahn kvað meðákærðu alla þrjá saman hafa ráðist á manninn og barið hann, uns hann féll á gólfið meðvitundarlaus. Var atlagan að manningum hrottafengin, en stóð aðeins skamma stand. Ákærði kveðst ekki hafa séð, hver sló manninn niður, og ekki geta borið um það, en telur, að Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi báðir verið þar að verki. Ekki varð hann var við, að maðurinn reyndi að koma sér út, enda ekki ráðrúm til þess, og virtist sem maðurinn hefði heldur ekki rænu á því. Albert Klahn sá ekki, hvað gerðist, eftir að maðurinn var fallinn, og ekki, að meðákærðu tækju veski af honum. Hann sá ekki, að nein vopn eða barefli væru notuð á manninn, og varð ekki var við, að meðákærðu væru með hníf. Hann sá ekki, að meðákærðu tækju manninn haustaki eða hann einhvern þeirra.

Í lögregluskýrslu skýrði Albert Klahn frá því, að þegar átökin höfðu borist inn í innra herbergið, hefði Sævar Marinó farið að skipta sér af þeim, en hann hefði ekki séð Sævar Marinó slá eða sparka til mannsins.

Maðurinn lá á gólfinu eftir átökin, og hélt Albert Klahn, að hann hefði rotast. Hann sá ekki blóð á manningum, og ekki sá hann heldur blóð á gólfinu eða annars staðar. Albert Klahn varð aldrei var við, að nein verðmæti væru tekin af manningum, hvorki veski, úr né aðrir munir. Hann kvað þá Gunnar



hafa setið í fremri stofunni á einhvers konar bekk, á meðan á viðureigninni stóð, og engan þátt tekið í henni. Þeir Gunnar hefðu ekki nefnt við meðákærðu að hætta árásinni á manninn, enda hefði þetta, svo sem áður greinir, gerst allt svo fljótt, að ekkert ráðrúm hefði verið til þess.

Albert Klahn mundi, að Gunnari var ekkert um að vera þarna. Var það annað hvort, að meðákærðu óáðu hann að fara með Gunnar eða að Gunnar bað um það sjálfur. Þegar Albert Klahn fór á brott, lá maðurinn á gólfinu, en ekkert var minnst á, að hann væri alvarlega slasaður eða látinn. Albert Klahn ók Gunnari heim til hans að Lokastíg 18 hér í borg.

Hann var í burtu í rúman hálf tíma. Þegar hann kom aftur að Hamarsbraut 11, minnti hann, að hann hefði lagt bifreiðinni á bílastæði sunnan við húsið. Síðan hefði hann farið að dyrunum og bankað. Sævar Marinó hefði komið til dyra, beðið hann að færa bifreiðina að tröppunum og bíða í henni. Hann sagðist alveg muna eftir því, að hann hefði ekki farið inn í húsið aftur, og hefði hann gert það, sem Sævar Marinó bað hann um.

Albert Klahn minnti, að Sævar Marinó hefði komið út og beðið sig um að opna farangursgeymsluna. Rétt á eftir hefðu þeir komið út allir þrír og borið lík mannsins á milli sín. Utan um líkið hefði verið vafið hvítu léreftsstykki, sem left út fyrir að geta verið lak. Lakið eða léreftið hefði hulið líkið að öllu leyti. Þeir hefðu í fyrstu reynt að koma líkinu fyrir í farangursgeymslunni, en horfið frá því, þegar ekki var hægt að laka henni. Síðan hefðu þeir sett líkið á gólfið í bifreiðinni á milli sætanna. Hann hefði aldrei orðið var við neitt lífsmark með manninum, eftir að hann var borinn út í bifreiðina.

Þegar líkinu hafði verið komið fyrir í bifreiðinni, hefðu þeir Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar sest aftur í, Tryggvi Rúnar vinstra megin, en Kristján Viðar hægra megin. Hann sagðist runa vel eftir því, að Kristján Viðar virtist vera feiminn við að láta fætur sína hvíla ofan á líki mannsins. Hann taldi, að höf-uð mannsins hefði verið þeim megin í bifreiðinni, sem Kristján Viðar var, þ. e. hægra megin. Þegar búið var að setja líkið í bifreiðina, hefði Sævar Marinó aðeins skroppið inn aftur, en verið fljótur, og síðan sest í framsætið við hlið hans. Hefði að því búnu verið ekið á brott. Hann sá aldrei Erlu Bolladóttur að Hamarsbraut 11 þessa nótt.

Albert Klahn taldi, að Sævar Marinó hefði ráðið ferðinni. Ekið hefði verið suður fyrir Hafnarfjörð, fyrst inn á Sædýrasafnsveginn og hefði verið stansað við Sædýrasafnið. Þar hefðu Tryggvi Rúnar og Sævar Marinó farið út úr bifreiðinni og gengið að hliðinu, sem var læst. Hann kvaðst muna eftir því, að Kristján Viðar hefði kallað til þeirra eitthvað á þá leið, hvort þeir væru brjáláðir. Þá hefðu þeir fljótlega komið aftur inn í bifreiðina.

Að fyrirlagi Sævars Marinós hefði síðan verið ekið að gömlu Reykjanesbrautinni og nokkurn spöl eftir henni. Taldi hann, að á móts við Álverið hefði hann beygt til vinstri inn á afleggjara og ekið eftir honum nokkurn spöl, 2-3 km leið. Þá hefði hann að beiðni Sævars Marinós stöðvað og snúið við. Þarna hefði líkið verið tekið út úr bifreiðinni hægra megin og þeir síðan allir þrír borið það eitthvað út í hraunið. Áður en þeir fóru, varð að ráði að hafa ljós bifreiðarinnar kveikt. Hann minntist þess og, að Kristján Viðar hafði orð á því við sig, áður en þeir fóru af stað með líkið, að horfa ekki á eftir þeim og reyna ekki að fylgjast með ferðum þeirra, það væri honum fyrir bestu. Sjálfur sagðist hann hafa farið eftir þessum ráðum og ekki litið í átt til þeirra, fyrr en þeir voru komnir alllangt frá bifreiðinni og þeir horfið þar út í myrkrið. Albert Klahn sagðist ekki vita, hve langt þeir fóru.

Þeir hefðu verið um hálf klukkustund í burtu og komið saman til baka. Hann hefði ekki orðið var við, að þeir væru með neitt meðferðis, hvorki lak né annað. Hann minntist þess ekki, að þeir hefðu verið með neitt verkfæri til að urða líkið, og þeir ræddu ekkert um líkið eða annað því viðkomandi á eftir í bifreiðinni.

Hann hefði síðan ekið af stað áleiðis til baka. Þá hefði Tryggvi Rúnar tekið sig hálstaki, svo að honum lá við köfnun, en Kristján Viðar sagt við Tryggva Rúnar, að þetta væri óþarfi, og um leið tekið í Tryggva Rúnar, sem þá hefði sleppt takinu. Hann vissi ekki, hvað Tryggvi Rúnar ætlaðist fyrir með þessu, en Kristján Viðar hefði sagt rétt á eftir í tilefni af þessu, að Tryggvi Rúnar væri brjáláður. Hann taldi, að Sævar Marinó hefði síðar beðið sig að þegja yfir því, sem hann hefði orðið vitni að.

Eftir þetta var ekið aftur að Hamarsbraut 11, og mundi Albert Klahn ekki betur en Sævar Marinó hefði farið þar úr bifreiðinni. Hann minnti, að hinir tveir hefðu farið með honum til Reykjavíkur og hann ekið þeim að Grettisgötu 82. Sjálfur hefði hann farið heim til sín að Njálsgötu 44, og giskaði hann á, að þá hefði klukkan verið orðin 0400 um nóttina.

Albert Klahn sagðist ekki hafa orðið var við neinn blóðblett eða neina aðra bletti í bifreiðinni eftir þessa flutninga og ekki hafa séð neina bletti í léreftsstykkinu, sem sveipað hefði verið utan um líkið. Ekki mundi hann heldur eftir því að hafa fundið vonda lykt, hvorki inni á Hamarsbraut 11 né inni í bifreiðinni, þegar verið var að flytja líkið.

Albert Klahn kvað Kristján Viðar og Tryggva Rúnar hafa bæði verið með áfengisáhrifum og undir áhrifum lyfja, en varð ekki var við, að þannig væri ástatt um Sævar Marinó. Sjálfur hefði hann ekki neytt áfengis eða lyfja. Hann mundi ekki til þess, að maðurinn kallaði meðákærðu „dópista“.

Albert Klahn kvaðst breyta fyrri framburði til samræmis við það, er nú hefur verið rakið.

Albert Klahn hefur skýrt frá því, að um miðjan ágúst 1974, hvaða dag mundi hann ekki, hefði Sævar Marinó sagt við sig, að hann vildi láta flytja lík mannsins úr hrauninu, en ekki nefndi hann af hvaða tilefni. Þetta var að Grettisgötu 82, heima hjá Kristjáni Viðari, og var Tryggvi Rúnar viðstaddur. Í lögregluskýrslu greinir Albert Klahn frá því, að Sævar Marinó hafi hringt heim til hans og beðið hann að koma að Grettisgötu 82. Var ákveðið að hefjast handa samdægurs.

Undir kvöldið var lagt af stað í ferðina á bifreið föður ákærða, sem var af Toyota gerð, en skrásetningarnúmer mundi ákærði ekki. Hefði verið reykt hass heima hjá Kristjáni Viðari, áður en farið var þaðan. Með í ferðinni voru Kristján Viðar, Sævar Marinó og Tryggvi Rúnar. Þeir höfðu meðferðis 1 eða 2 skóflur, er Kristján Viðar átti. Einnig var hafður meðferðis stór poki úr svörtu plasti eða strangi úr plasti. Ekið var á stað þann í hrauninu að tilvísan Sævars Marinós, þar sem mannum hafði verið komið fyrir. Fóru Sævar Marinó og Tryggvi Rúnar að sækja líkið, en Kristján Viðar varð eftir í bifreiðinni hjá ákærða. Eftir um 1 klst. eða svo komu þeir Sævar Marinó og Tryggvi Rúnar aftur og höfðu meðferðis plastpoka með einhverju í eða stranga með plasti utan um og bundið um með snæri. -Settu þeir þetta í farangursgeymslu bifreiðarinnar. Biðu þeir síðan í um 2 tíma, uns dimmt var orðið, en þá var ekið til Hafnarfjarðar. Ekki fann Albert Klahn neina lykt koma upp í bifreiðinni af líkinu.

Þegar til Hafnarfjarðar kom, var staðnæmst við kirkjugarðinn. Fóru þeir allir þar inn, og var tekin gröf á milli leiða einhvers staðar í norðausturhorni hans. Gröfin var við leiði, um 2 metra löng, um 40 cm breið og 50-60 cm á dýpt. Þegar lokið var við gröftinn, var líkið sótt í bifreiðina. Var það borið inn í kirkjugarðinn um eystra hlið á norðurvegg, síðan meðfram veggnum og loks smáspöl inn í garðinn,

þar sem gröfin var. Líkið var að því búnu látið í gröfina og mokað yfir. Minnti Albert Klahn, að Kristján Viðar og Sævar Marinó hefðu gert það. Hann taldi, að notaðar hefðu verið tvær skóflur, önnur sennilega úr bifreið föður hans, en hin frá Kristjáni Viðari. Albert Klahn vissi ekki, hvar skóflurnar væru niður komnar. Hann átti að hafa gætur á mannaferðum, á meðan á þessu stóð. Hann vissi ekki, hvernig meðákærðu gengið frá gröfinni, eftir að þeir voru búnir að grafa líkið.

Albert Klahn kvaðst ekki vita, hvað klukkan var, þegar þetta var um garð gengið, en taldi líklegt, að það hefði verið á milli klukkan tvö og þrjú um nóttina. Hann minnti, að hann hefði ekið Tryggva Rúnari heim til hans að Selásbletti 14, en hinum að Grettisgötu 82. Hann veit ekki tii, að hreyft hafi verið við líkinu eftir þetta. Hann staðhæfði rækilega aðspurður, að líkið hefði verið grafið á framangreindum stað.

Albert Klahn kvaðst breyta fyrri framburði sínum til samræmis við það, er að framan greinir. Hann kvað meðákærðu hafa verið búna að gefa honum í skyn, að öruggara væri fyrir hann að skýra ekki frá því, sem hann vissi um m.ál þetta.

Albert Klahn sagðist nú hafa sagt allan sannleikann í málinu, eins og hann gæti best munað. Fyrri framburðir hans, sem ekki komi heim við þessa skýrslu, séu ekki réttir. Hann væri reiðubúinn að gera allt, sem í hans valdi stæði, til að mál þetta upplýstist að öllu leyti.

Hinn 21. mars 1977 kom Albert Klahn Skaftason fyrir dómþing sakadóms hjá dómurum máls þessa. Var skýrsla hans .þá í verulegum atriðum í samræmi við skýrslu hans í dómi og hjá lögreglu dagana 4. og 5. mars sl., og verður því skýrslan í heild ekki rakin, en getið breytinga og viðauka.

Albert Klahn skýrði frá því, að hann hefði kynnst Kristjáni Viðari og Sævari Marinó, er þeir voru saman í barnaskóla, og hefðu kynni þeirra haldist síðan. Hann kynntist Tryggva Rúnari árið 1972. Hefði hann mikil samskipti átt við Kristján Viðar og Sævar Marinó, en lítil við Tryggva Rúnar.

Albert Klahn kvaðst hafa numið staðar við bensinstöð, sem er við Strandgötu, skammt frá Reykjavíkurvegi, þegar komið var til Hafnarfjarðar umrædda nótt um kl. 0200, og hefðu þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar farið þar úr bifreiðinni. Hann minnti, að Kristján Viðar hefði verið með yfirhöfn, en Tryggvi Rúnar eins vegar ekki. Hann minntist þess ekki að hafa séð Kristján Viðar fara úr jakkanum.

Albert Klahn var í dóminum sýnd mynd af Guðmundi Einarssyni. Hann staðfesti, að myndin væri af sama manni og kom í bifreið hans með Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari aðfaranótt 27. janúar 1974 í Hafnarfirði. Honum fannst Kristján Viðar þekkja Guðmund Einarsson, en hins vegar fannst honum Tryggvi Rúnar ekki þekkja hann. Albert Klahn kvaðst ekki geta staðhæft, hvort Guðmundur hefði verið í yfirhöfn, en minnti frekar, að svo hefði verið.

Á leiðinni að Hamarsbraut 11 var rætt um það að halda áfram drykkju, og fannst Albert Klahn Guðmundur fara þangað í boði þeirra Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars. Hann mundi, að þeir Gunnar Jónsson hefðu verið í innra herberginu að Hamarsbraut 11, er átökin byrjuðu. Kvað hann hafa verið um misminni hjá sér að ræða, að þeir hefðu verið í fremri stofunni. Hann, Guðmundur og Gunnar Jónsson hefðu allir verið í sama herbergi, þegar átökin byrjuðu.

Átökin hófust, að sögn Alberts Klahn með því, að meðákærðu fóru þess á leit við Guðmund, að hann legði út fyrir áfengisflösku. Guðmundur var tregur til, en hafði ekki gefið afsvar. Reyndu Kristján Viðar

og Sævar Marinó að ná af honum veski hans. Guðmundur snerist til varnar, og sá Albert Klahn þá aldrei ná af honum veskinu. Hann kvaðst þó telja, að svo hefði verið. Kristján Viðar hefði byrjað átökin með því að hrinda Guðmundi, en síðan ráðist á hann. Þeir hefðu notað þessa aðferð við að ná veskjum af mönnum, að því þeir hefðu sagt honum. Hann kvaðst hafa séð Sævar Marinó reyna að ná veskinu af Guðmundi, en ekki varð hann var við, að hann aðhefðist meira. Albert Klahn varð ekki var við, að Sævar Marinó færi burtu, meðan á átökunum stóð. Hann sá ekki Sævar Marinó sparka í höfuð Guðmundar, eftir að hann var fallinn í gólfið, en verið geti, að svo hafi verið, þótt hann sæi það ekki. Eftir að átökin byrjuðu milli Guðmundar og Kristjáns Viðars, tók Tryggvi Rúnar þátt í þeim. Greiddi hann Guðmundi hnefahögg í andlitið, en hve mörg, gat hann ekki sagt um. Hann minntist þess, að Guðmundur kastaðist upp að vegg við högg frá Tryggva Rúnari. Guðmundur féll í gólfið og lá endilangur í fremra herberginu að átökunum afstöðnum. Sá hann ekki lífsmark með Guðmundi og varð þess ekki var, að hann reyndi að rísa upp.

Albert Klahn var bent á, að nokkurs misræmis gætti í skýrslu hans nú og fyrri dómskýrslum. Hann tók fram af því tilefni, að hann gæti ekki munað nákvæmlega um átökin í öllum smáatriðum, hann hefði ekki séð öll átökin. Hann hefði setið kyrr, á meðan þau fóru fram, og hið sama sé að segja um Gunnar Jónsson. Þeir hafi engan þátt átt í átökunum og ekki hvatt meðákærðu til þeirra.

Albert Klahn kvað Kristján Viðar hafa átt byssusting og stundum verið með hann. Hann kvaðst ekki hafa séð Kristján Viðar stinga Guðmund með byssustingnum og mundi ekki eftir að hafa séð Kristján Viðar með hann að Hamarsbraut 11 umrætt sinn.

Albert Klahn fannst Sævar Marinó hafa forystu um flutninga á líki Guðmundar. Hann staðhæfði, að Sævar Marinó hefði verið með í ferðinni, er lík Guðmundar var flutt aðfaranótt 27. janúar 1974, og að lak hefði verið utan um líkið. Hann mundi eftir því, að á leiðinni suður eftir, er þeir voru að flytja líkið, að meðákærðu ræddu um, hvar þeir ættu að fela líkið, en ekki mundi hann eftir, að annað hefði verið rætt.

Albert Klahn staðhæfði, að Gunnar Jónsson hefði ekki verið með í ferðinni. Hann hefði hitt Gunnar í nokkur skipti eftir framangreindan atburð, en þeir aldrei rætt um það, er gerst hafði. Gunnar fór af landi brott um mitt sumar 1974.

Albert Klahn var beðinn að gefa skýringu á því misræmi, sem er í framburðum hans í máli þessu. Hann kvaðst ekki geta gefið frekari skýringar á því en áður hefur verið gert. Hann kvað þá skoðun hans, að hann gæti átt refsingu í vændum, ef upp kæmist um mál þetta, ekki hafa haft áhrif á framburði sína í málinu. Meðákærðu hefðu aldrei nefnt við hann, hvað hann ætti að segja, ef upp kæmist, hvernig dauða Guðmundar Einarssonar hefði borið að höndum, en búið var að gefa honum í s.kyn, hvað það mundi þýða fyrir hann, ef hann segði frá.

Hinn 28. mars 1977 fór fram í dómi samprófun ákærðu Alberts Klahn Skaftasonar og Kristjáns Viðars Viðarssonar.

Í framburði ákærða Alberts Klahn hafði komið fram, að ákærðu hefðu að kvöldi 26. janúar og aðfaranótt 27. janúar 1974 farið að ýmsum samkomuhúsum í borginni til að sjá út drukkna menn og taka af þeim veski. Albert Klahn kvað þetta kallað að fara á „bísann“, svo sem áður greinir. Albert Klahn kvaðst halda fast við þennan framburð sinn. Kristján Viðar kvað þá hafa ætlað að hitta

kunningja til að komast með þeim í heimahús til að geta verið við drykkju. Frekara samræmi náðist ekki um þetta atriði.

Kristján Viðar hefur haldið því fram, að hann, Tryggvi Rúnar og Guðmundur Einarsson hafi farið fótgangandi frá bifreið Alberts Klahn, er stóð í nánd við Skiphól nótt þá, er að framan greinir, að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði.

Albert Klahn kvað þetta vera rétt og hefði verið um misminni hjá sér að ræða, er hann sagði, að hann hefði ekið þeim. Hann mundi ekki eftir, að hann sæi til ferða þeirra á leiðinni. Nánar aðspurður um þetta sagði Albert Klahn, að hann myndi eftir því, að þeir 3 hefðu komið að bifreiðinni til hans við Skiphól og beðið hann að aka sér, en hann ekki viljað á það fallast. Sagði hann, að sér hefði ekki fundist maðurinn, sem var með Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari, viðkunnanlegur. Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og Guðmundur hefðu beðið hann að aka sér til Reykjavíkur. Þeir hefðu sagst ætla að Hamarsbraut 11, en hann ekki viljað fallast á að aka þeim til Reykjavíkur. Albert Klahn ók til Reykjavíkur, en síðan aftur til Hafnarfjarðar að Hamarsbraut 11. Þegar þeir Gunnar Jónsson, sem með honum var, komu að Hamarsbraut 11, voru Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og Guðmundur komnir þar inn. Albert Klahn mundi ekki, hvort Sævar Marinó var þá kominn, en hann kom alveg um þetta leyti.

Albert Klahn mundi ekki eftir, að hann hefði séð Guðmund Einarsson áður. Hann kvaðst hafa séð Kristján Viðar taka inn svefntöflur að Hamarsbraut 11 og eins Tryggva Rúnar. Kristján Viðar taldi það rétt vera, að Tryggvi Rúnar hefði tekið inn svefntöflur.

Albert Klahn kvað Kristján Viðar og Tryggva Rúnar hafa verið búna að tala um það, að þeir ætluðu að hafa samkvæmi að Hamarsbraut 11. Hefði Sævar Marinó verið búinn að láta liggja að því áður, að hann væri á heimleið. Albert Klahn mundi ekki, hvort hann og meðákærðu voru búnir að ákveða að hittast að Hamarsbraut 11, er hann fór á brott frá þeim við Skiphól. Albert Klahn kvað þá alla hafa Best niður, er þeir voru komnir að Hamarsbraut 11.

Kristján Viðar kvað þetta geta verið, en mundi það ekki fyrir víst.

Framburður Alberts Klahn um átökin að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974, er Guðmundur Einarsson beið bana, var þessu næst lesinn í heyrenda hljóði í dómnum. Kristján Viðar kvaðst nú minnst þess, að Gunnar Jónsson hefði verið í svefnherberginu að Hamarsbraut 11, er átökin byrjuðu, en hvar Albert Klahn var, mundi hann ekki. Kristján Viðar sagði það rétt vera, að hann hefði ýtt við Guðmundi, svo sem Albert Klahn segði. Tilefnið hefði verið það, að hann hefði boðið Guðmundi töflur, en hann ekki þegið þær og ætlað að taka þær af sér. Albert Klahn kvaðst ekki muna eftir þessu. Kristján Viðar sagði það ekki rétt, að þeir hefðu farið að þreifa á Guðmundi til að vita, hvort hann væri með veski. Albert Klahn kvað sér hafa sýnst átökin byrja með því, að meðákærðu hefðu farið að þreifa á Guðmundi til að kanna, hvort hann væri með veski. Hefði Kristján Viðar byrjað að hrinda Guðmundi og rétt á eftir hefði Tryggvi Rúnar hlaupið að honum og slegið til hans.

Kristján Viðar neitaði að hafa verið að sækjast eftir veski Guðmundar, en sagði Tryggva Rúnar hafa slegið hann. Hann minnst þess ekki að hafa tekið þátt í viðureigninni við Guðmund, fyrr en eftir að hann hafði fallið í fyrra skiptið og var staðinn upp aftur. Það væri ekki rétt hjá Albert Klahn, að þeir hefðu ráðist allir 3 saman á Guðmund og barið hann, uns hann féll á gólfið meðvitundarlaus. Kristján Viðar kvaðst halda fast við fyrri framburð sinn um það, sem gerðist, er Guðmundur beið bana.

Framburður Kristjáns Viðars um átökin var nú lesinn í heyranda hljóði í dóminum. Albert Klahn kvaðst ekki geta skýrt nánar frá átökunum en hann hefði áður gert. Hann mundi, að hann sá Kristján Viðar, Sævar Marinó og Tryggva Rúnar í átökum við Guðmund í dyrunum milli svefnherbergis og stofu. Hann hefði ekki séð Guðmund standa á fætur aftur, eftir að hann féll í gólfið. Albert Klahn kvaðst ekki hafa séð ákærða Kristján Viðar slá Guðmund niður, svo sem hann segði. Samræmi náðist ekki í framburðum ákærðu um þetta atriði.

Ákærðu bar saman um, að ekið hefði verið að Hamarsbraut 11 aftur, eftir að lík Guðmundar hafði verið flutt út í Hafnarfjarðarhraun. Sævar Marinó hefði farið smástund inn að Hamarsbraut 11, en komið aftur, og síðan hefði verið ekið áleiðis til Reykjavíkur.

Kristján Viðar hélt því fram, að staðnæmst hefði verið í nánd við höfnina í Hafnarfirði, hann farið þar úr bifreiðinni og hent veski Guðmundar í sjóinn. Albert Klahn kvaðst ekki kannast við þetta, a. m. k. myndi hann ekki eftir þessu.

Albert Klahn taldi, að Sævar Marinó hefði farið úr bifreiðinni við Kópavogshælið á heimleiðinni. Kristján Viðar sagðist ekki viss um þetta. Hann minnti frekar, að Sævar Marinó hefði verið í bifreiðinni, þegar að Grettisgötu 82 kom og þeir Tryggvi Rúnar fóru úr henni. Albert Klahn kvaðst muna eftir því, að numið var staðar í nánd við Kópavogshælið, Sævar Marinó hefði farið þar inn og verið inni langan tíma. Hann kvaðst ekki alveg þora að fullyrða, hvort hann hefði orðið eftir, en var frekar á því. Kristján Viðar kvaðst vilja fullyrða, að Sævar Marinó hefði verið í bifreiðinni, er hann og Tryggvi Rúnar fóru úr henni að Grettisgötu 82, og hefði Sævar Marinó farið á brott með Albert Klahn. Náðst ekki frekara samræmi um þetta.

Lesinn var í dóminum framburður Alberts Klahn um hálstak það, er Tryggvi Rúnar tók á honum, eftir að þeir komu úr hrauninu frá því að flytja lík Guðmundar Einarssonar. Kristján Viðar kvaðst muna eftir þessu, en ekki vita, hvers vegna Tryggvi Rúnar gerði þetta.

Albert Klahn skýrði frá því, að ekið hefði verið að enda Álversins, sem er fjær Hafnarfirði, er lík Guðmundar Einarssonar var flutt í Hafnarfjarðarhraun. Hefði verið ekið þar út fyrir veginn og eftir vegi, sem er samsíða Reykjanesbraut, til baka. Síðan hefði verið beygt inn á afleggjara, sem er um það bil á móts við mitt Álverið, og ekið inn í hraunið beina stefnu, en ekki beygt til vinstri frá því eftir afleggjara, a. m. k. einn kílómetur, uns ekki var hægt að aka lengra með góðu móti. Kristján Viðar kvað þetta rétt.

Framburður Alberts Klahn um flutning á líki Guðmundar Einarssonar úr hrauninu við Hafnarfjörð í kirkjugarðinn í Hafnarfirði í ágúst 1974 var nú lesinn í heyranda hljóði í dóminum. Kvaðst Albert Klahn halda fast við þennan framburð sinn. Kristján Viðar kannaðist ekki við að hafa tekið þátt í flutningi á líki Guðmundar úr Hafnarfjarðarhrauni, svo sem Albert Klahn bæri, og vissi ekki til, að meðákærðu hefðu flutt líkið. Hann kvaðst ekkert hafa hreyft við líki Guðmundar, eftir að því hefði verið komið fyrir í Hafnarfjarðarhrauni aðfaranótt 27. janúar 1974. Kristján Viðar kvaðst ekki geta bent á, hvar lík Guðmundar væri niður komið. Kristján Viðar kvaðst aldrei hafa grafið neitt í kirkjugarðinum í Hafnarfirði og aldrei hafa komið þar inn.

Samprófun þeirra ákærðu Alberbs Klahn Skaftasonar og Sævars Marinós Ciesielski fyrir dómi fór fram hinn 31. mars 1977. Var framburður Alberts Klahn, að því er snerti Sævar Marinó, lesinn í heyranda hljóði í dóminum. Albert Klahn kvaðst halda fast við framburð sinn. Sævar Marinó kvað framburðinn

rangan að öllu leyti, nema að meðákærðu hefðu komið að starfsmannabústaðnum við Kópavogshæli og beðið hann um peningalán. Samræmi náðist ekki, og var samprófun án árangurs.

Hinn 31. mars 1977 fór og fram í dómi samprófun ákærðu Alberts Klahn Skaftasonar og Tryggva Rúnars Leifssonar. Var framburður Alberts Klahn lesinn í heyranda hljóði í dóminum, og kvaðst hann halda fast við framburðinn í öllum atriðum. Albert Klahn var skýrt frá framburði Tryggva Rúnars þess efnis, að Tryggvi Rúnar hefði ekki verið með meðákærðu að kvöldi 26. janúar og aðfaranótt 27. janúar 1974, er Guðmundur Einarsson beið bana í átökum að Hamarsbraut 11. Ákærðu héldu báðir fast við framburði sína, og náðist ekki samræmi.

Hinn 3. maí 1977 staðhæfði ákærði Albert Klahn Skaftason á dómþingi sakadóms, að hann og Gunnar Jónsson hefðu komið að Grettisgötu 82 um kvöldmatarleytið 26. janúar 1974. Voru þeir á Volkswagen bifreið, sem faðir ákærða átti. Ákærði lagði bifreiðinni á Grettisgötu, skammt frá húsinu nr. 82. Þeir fóru heim til Kristjáns Viðars og höfðu þar um klukkutíma viðvöl. Kristján Viðar var heima hjá sér, og Tryggvi Rúnar var þar einnig. Ákærði kvað Gunnar hafa kannast við Kristján Viðar, en taldi, að hann hefði ekki þekkt Tryggva Rúnar. Sævar Marinó var ekki þarna, og sá ákærði hann ekki á Grettisgötu 82 þetta kvöld. Ákærði vissi, að Gunnar Jónsson kannaðist við Sævar Marinó. Gunnar hafði komið þarna áður, og taldi ákærði, að það hefði verið skömmu fyrir jól. Ákærði mundi ekki, hverjir voru þarna þá, að undanskildum Kristjáni Viðari.

Ákærði og Gunnar fóru brott af Grettisgötu 82, er þeir höfðu verið þar í um klukkustund, en komu aftur þangað, og giskaði ákærði á, að klukkan hefði þá verið um 2200. Þeir voru að Grettisgötu 82, þar til um miðnætti, er þeir fóru út saman að aka um borgina. Gunnar sat í framsæti við hlið ákærða, en þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar í aftursæti. Gunnar sat síðan í framsæti bifreiðarinnar, á meðan á akstrinum stóð um nóttina. Ákærða var ekkert sérstakt minnisstætt um Gunnar, á meðan á akstrinum stóð. Gunnar hafði neytt einhvers áfengis, en var ekki ölvaður. Ákærði vissi hins vegar ekki til þess, að hann hefði neytt lyfja.

Ákærði kvað hafa verið ekið fram hjá lögreglustöðinni í Hafnarfirði á leiðinni að Hamarsbraut 11, en þá voru ákærði og Gunnar tveir einir í bifreiðinni. Ákærði mundi ekki eftir að hafa ekið með Gunnari í annað skipti í Hafnarfirði. Erindi þeirra Gunnars á Hamarsbrautina hefði verið að athuga með hass, að því er hann taldi, en hann vissi, að Sævar Marinó hafði haft hass til sölu.

Þeir fóru báðir inn í kjallaraíbúðina að Hamarsbraut 11. Ákærði mundi eftir því, að Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og Guðmundur voru að Hamarsbraut 11, en hvort Sævar Marinó var kominn þá, kvaðst hann ekki muna fyrir víst, en hann hefði komið um svipað leyti. Ákærði man ekki eftir, hvort grammófónmúsik var í íbúðinni. Hann man ekki eftir neinum grammófóni þar. Hann hugði, að þeir hefðu beðið eitthvað í ganginum að Hamarsbraut 11, áður en þeir fóru inn í innri stofuna.

Ákærði kvað átökin hafa hafist, skömmu eftir að þeir komu, og var öruggur um, að Gunnar sá þau. Ákærði vissi ekki til þess, að Gunnar hefði neitt kannast við Guðmund Einarsson.

Þeir Gunnar fóru á brott af Hamarsbraut 11, skömmu eftir að átökunum lauk, og fannst ákærða, að átökin hefðu fengið á Gunnar. Lýsti það sér í því, að Gunnar vildi komast sem fyrst á brott. Ákærði mundi ekki eftir, að þeir hefðu rætt um átökin, hvorki í bifreiðinni á leið til Reykjavíkur né síðar.

G. Laugardaginn 30. apríl 1977 var eftirfarandi skráð í þingbók sakadóms:

„Eins og fram hefur komið í framburðum ákærðu, á Gunnar Jónsson, Lokastíg 18 hér í borg, að hafa verið með ákærðu að kvöldi 26. janúar og aðfaranótt 27. 1974, er Guðmundur Einarsson beið bana að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði í átökum. Undanfarnar vikur hefur verið haldið uppi spurnum um Gunnar, en upplýsingar um dvalarstað hans komu ekki fyrr en í þessum mánuði. Í bréfi, er hann skrifaði móður sinni, sem búsett er hér í borginni, sagðist hann vera staddur í Torremolinos á Spáni. Lét móðir Gunnars dóminum í té upplýsingar um þetta. Af þessu tilefni var ákveðið, að rannsóknarlögreglumennirnir Gísli Guðmundsson og Torfi Jónsson færu til Torremolinos og hefðu tal af Gunnari og bæðu hann að koma hingað til lands og bera vitni í máli þessu. Þeir fóru til Spánar laugardaginn 23. apríl sl. Hittu þeir Gunnar Jónsson, og féllst hann á að koma hingað til lands og bera vitni í máli þessu. Komu rannsóknarlögreglumennirnir með Gunnar hingað til lands í gær. Gisti Gunnar á hóteli hér í borginni í nótt, og var lögreglumaður á vakt yfir honum".

Nefndur Gunnar Jónsson kom fyrir dóm þennan sama dag, en formlegri skýrslutöku var frestað, enda kvaðst Gunnar Jónsson vera eftir sig eftir langa ferð. Var lögregluvakt höfð áfram yfir honum.

Gunnar Jónsson kom aftur fyrir dóm hinn 2. maí 1977. Var honum þá sýnt dagblað frá 30. janúar 1974, þar sem lýst var eftir Guðmundi Einarssyni, og fylgdi mynd af Guðmundi. Gunnar taldi sig muna, að hann hefði séð frétt þessa, en eigi setti hann það í samband við neitt, sem hann hefði orðið sjónarvottur að dagana á undan. Gunnar þekkti ekki Guðmund Einarsson. Hann kvaðst þekkja Albert Klahn Skaftason og hefðu þeir verið saman í gagnfræðaskóla. Eftir að þeir hættu í skóla, hittust þeir annað slagið, en þó gat liðið langur tími á milli.

Gunnari Jónssyni voru í dóminum sýndar myndir úr sakaskrá af 20 mönnum. Hann var beðinn að segja til um, hverja af mönnum þessum hann þekkti. Tók hann viðstöðulaust úr myndunum myndir af þremur ákærðu í máli þessu, þ. e. Kristjáni Viðari Viðarssyni, Sævari Marinó Ciesielski og Tryggva Rúnari Leifssyni. Gunnar mundi eftir nafni Sævars Marinós, en ekki hinna. Hann mundi þó, að Kristján Viðar bjó að Grettisgötu 82. Einnig mundi hann eftir því, að Tryggvi Rúnar hafði komið þar.

Gunnar Jónsson minntist þess, að hann hefði komið að Grettisgötu 82 ásamt Albert Klahn á tímabilinu frá 26. janúar 1974 að degi til. Hann mundi eftir, að Kristján Viðar var þar. Kvaðst Gunnar hafa kannast við hann. Einnig mundi Gunnar eftir því, að Tryggvi Rúnar var þar, en hann hafði ekki kynnst honum áður. Gunnar vissi, hver Sævar Marinó var, en var ekki öruggur um, hvort hann hefði verið þarna umrætt sinn. Gunnar kvaðst hafa haft beyg af þeim Kristjáni Viðari og Sævari Marinó, og taldi hann, að betra væri að vera ekki af nærri þeim. Gunnar mundi, að Sævar Marinó var smávaxinn og að hann gekk svartklæddur, og sagði það geta verið, að hann hefði verið í leðurjakka. Kristján Viðar væri stór og þybbinn, munnstór og geiflaði oft munninn, en Tryggvi Rúnar kraftalegur, með ljóst hár, að hann minnti, og lét hann mjög í veðri vaka, að hann kynni að slást. Gunnari var þetta minnisstætt vegna þess, að hann hafði til umráða 1.2V0 krónur eða svo, og gæti verið, að hann hefði látið Albert Klahn fá peningana. Átti að kaupa hass, og ætlaði Albert Klahn að karna möguleika á því. Gunnar mundi, að þeir Albert Klahn dvöldust nokkra stund að Grettisgötu 82, einn til tvo klukkutíma, að hann taldi. Tveir bræður hefðu komið að Grettisgötu 82 umrætt sinn og unnusta eða eiginkona annars þeirra verið með þeim. Hann mundi eftir, að hann hefði farið í söluturn til að kaupa vindlinga. Hafði hann skamma viðdvöl að Grettisgötu 82, eftir að hann kom aftur. Fóru þeir Albert Klahn saman heim til hans að Lokastíg 18 og borðuðu, en fóru síðan heim til Alberts Klahn og dvöldust þar fram eftir kvöldi. Gunnar fékk ekkert hass að Grettisgötu 82. Hins vegar fékk hann eitthvað, sem hann taldi vera LSD. Eigi mundi hann, hver lét það í té. Henti hann því í salerni, er hann kom heim.



Gunnar Jónsson skýrði frá því, að hann myndi eftir því að hafa komið með Albert Klahn að Grettisgötu 82 einhvern tíma nokkru síðar á bifreið. Hann kvað þetta geta hafa verið 2-3 vikum síðar. Eigi mundi hann, um hvert leyti sólarhringsins þetta var, en minnti frekar, að dimmt hefði verið. Hann fór aldrei inn í húsið. Hann sagði geta verið, að Albert Klahn hefði farið þarna inn.

Gunnar Jónsson mundi ekki, hvort það var í þetta skipti eða einhvern tíma síðar, að hann var að aka með Albert Klahn milli staða hér í borginni. Hann mundi ekki, hvernig bifreið Albert Klahn var á. Hann taldi, að auk þeirra hefðu tveir menn verið í bifreiðinni og þeir setið í aftursæti. Hann minnti, að annar manna þessara hefði verið Kristján Viðar eða Sævar Marinó, en hver hinn maðurinn var, kvaðst hann ekki muna fyrir víst. Hann mundi ekki, í hvaða erindagerðum þeir voru, en var helst á, að þeir hefðu verið að aka milli skemmtistaða til þess að leita að einhverjum manni. Hann mundi ekki, hvar var komið við. Gunnar Jónsson mundi ekki sérstaklega eftir, að komið hefði verið við á Kópavogshæli í þessari ferð.

Einhvern tíma var þó komið þar við, og mundi hann, að hann fór ekki út úr bifreiðinni í það skipti. Minnti hann, að hann hefði þá verið með Albert Klahn, en hvort fleiri voru í bifreiðinni, mundi hann ekki. Hann mundi ekki, að farið væri frá Kópavogshæli til Hafnarfjarðar, en einhvern tíma um þetta leyti, mundi hann eftir því, að -hann var í bifreið með Albert Klahn í Hafnarfirði og að numið var staðar í brekkunni á Reykjavíkurvegi. Gunnar Jónsson gat ekki borið um, hverjir fleiri voru í bifreiðinni, en þetta var að næturlagi. Honum fannst endilega, að fleiri hefðu verið í bifreiðinni og eitthvað hefði verið um að vera. Hann mundi ekki, hvort þeir hefðu hitt einhvern, og ekki mundi hann eftir Guðmundi Einarssyni þarna. Hann rámaði eitthvað í, að Albert Klahn var að amast við því, að fleiri kæmu í bifreiðina. Hann tók þó fram, að það gæti hafa verið í annað skipti, sem Albert Klahn var að amast við þessu.

Gunnar mundi, að framangreinda nótt var ekið fram hjá lögreglustöðinni í Hafnarfirði, sem er við Suðurgötu. Hann mundi ekki, hvort numið var staðar þarna við hús, en hann minnti, að þeir hefðu verið 2 eða 3 í bifreiðinni. Honum fannst, að numið hefði verið staðar við eitthvert hús og þeir Albert Klahn farið þar inn. Hann minnti, að þeir hefðu farið inn í íbúð í kjallara. Hann mundi ekki eftir, að hann hefði sjálfur farið nema inn á ganginn. Honum er minnisstæður stigi upp á loft í húsinu, er blasti við, er inn kom, og eins mundi hann eftir að hafa litið inn í þvottahús og geymslu, er voru opin.

Farið hafði verið með Gunnar Jónsson laugardaginn áður að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði, og fannst honum hann kannast við það, er að framan greinir. Einnig kom honum gangurinn kunnuglega fyrir. Hann mundi ekki eftir herbergjaskipan að öðru leyti. Gunnari voru sýndar myndir frá Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði. Hann rámaði í, að það hefði verið tveggja herbergja íbúð, sem hann kom inn í. Hann tók fram í þessu sambandi, að hann myndi eftir stuttri viðdvöl í 2ja herbergja íbúð með Albert Klahn, þar sem spilað var á grammófón, eða a. m. k. talað um músík. Hann rámaði í einhvern grammófón, sem var í innra herbergi í horni út við gluggann. Hann mundi eftir, að Albert Klahn var örugglega með honum, en hvaða fleira fólk var þar, mundi hann ekki, nema honum fannst, að húsráðandi hefði verið þar. Hann mundi eftir einhverju þrasi þarna, en af hvaða tilefni það var, mundi hann ekki, og ekki mundi hann eftir átökum. Honum fannst þó þrasið tengjast meira við brekkuna á Reykjavíkurvegi. Gunnar kvaðst ekki geta staðhæft, að Kristján Viðar, Sævar Marinó og Tryggvi Rúnar hefðu verið þarna. Hann mundi ekki, hvert erindið var á framangreindan stað og ekki hvert hann fór þaðan.

Gunnar kvaðst aldrei hafa tekið inn LSD, en hins vegar hefði hann reykt hass. Hann kvað það geta verið, að hann hefði reykt hass í janúar 1974. Hann hefði haft grun um, að Sævar Marinó seldi hass.

Hann vissi ekki, hvar Sævar Marinó bjó á þessum tíma. Honum var sýnd mynd af Erlu Bolladóttur. Hann taldi sig einhvern tíma hafa séð hana, en mundi ekki hvar. Ekki vissi hann um samband þeirra Erlu Bolladóttur og Sævars Marinós. Hann vissi ekki til, að Sævar Marinó væri með neinni stúlku, og ekki vissi hann til þess, að hann vendi komur sínar á Kópavogshælið til Helgu Gísladóttur. Sjálfur hefði Gunnar komið til Helgu á Kópavogshælið í tvö skipti. Hann kannaðist við Ingibjörgu, er starfaði einnig á Kópavogshæli. Gunnar Jónsson skýrði frá því, að ákærðu hefðu aldrei neitt minnst á Guðmund Einarsson við sig og ekki hefðu þeir heldur haft orð á því, hvað gerst hefði að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974. Hann mundi eftir því, að hann hitti Kristján Viðar og ef til vill fleiri ákærðu í máli þessu í Vestmannaeyjum í mars 1974, og var þá ekkert minnst á þetta. Einnig mundi hann eftir að hafa hitt Sævar Marinó í húsi við Laugaveg í júní eða júlí 1974.

Gunnar Jónsson kvaðst hafa farið utan í ágúst 1974 og verið erlendis þar til um miðjan desember sama ár. Fór hann síðan utan aftur 27. janúar 1975 og hefur verið erlendis síðan.

Hinn 3. maí 1977 var Gunnar Jónsson enn yfirheyrður í dómi og jafnframt samprófaður við Albert Klahn Skaftason. Var farið yfir framburð hins síðarnefnda og Gunnar Jónsson enn fremur spurður um málsatvik. Gunnar kvað mikið hafa rifjast upp fyrir sér, er gerðist að kvöldi 26. og aðfaranótt hins 27. janúar 1974.

Svo sem í fyrri framburði hans greindi, kvaðst Gunnar hafa kannast við þá Kristján Viðar, Sævar Marinó og Tryggva Rúnar. Tryggva Rúnar þekkti hann þó minnst. Vel gæti verið, að hann hefði komið að Grettisgötu 82 að kvöldi 26. janúar 1974. Hann mundi þetta ekki vel, en verið gæti, að hann hefði farið inn í húsið. Hann væri ekki öruggur um þetta, en mundi, að einhver beygur var í honum, eftir að hann hafði verið að Grettisgötu 82 hjá Kristjáni Viðari dagana 2.-6. janúar 1974. Gunnar hafði neytt einhvers áfengis heima hjá sér, en var ekki drukkinn.

Hann mundi eftir því, að þetta kvöld var hann að aka með Albert Klahn milli skemmtistaða hér í borginni. Hann minnti, að þeir hefðu verið að leita að einhverjum manni. Með þeim í bifreiðinni voru tveir menn, og sátu þeir í aftursæti. Menn þessir voru Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar. Þeir ætluðu að reyna að ná í áfengi með einhverjum hætti, en ekki mundi hann eftir, að veskjapjófnaðir væru nefndir í þessu sambandi. Hann mundi ekki til, að neitt hefðist upp úr krafsinu.

Hann mundi eftir því, að ekið var að Kópavogshæli, en ekki í hvaða tilgangi. Þó var hann á því, að þeir hefðu ef til vill verið að leita að Sævari Marinó til þess að fá hjá honum peninga. Hann minnti fastlega, að Kristján Viðar hefði farið úr bifreiðinni við Kópavogshælið og farið þar inn. Ekki vissi hann, við hvern Kristján Viðar ætlaði að tala, en það gæti hafa verið Sævar Marinó, svo sem áður greinir. Hann, Albert Klahn og Tryggvi Rúnar biðu í bifreiðinni á meðan. Hann mundi, að Tryggvi Rúnar var spenntur og óróf og talaði mikið. Kristján Viðar minntist ekkert á erindi sitt, er hann kom aftur, og hafði ekki orð á því, hvort hann hefði fengið peninga. Þó gæti, verið, að hann hefði nefnt við Tryggva Rúnar eitthvað um þetta atriði.

Gunnar mundi eftir, að í framhaldi af þessu var ekið til Hafnarfjarðar. Staðnæmst var á Reykjavíkurvegi í brekkunni, sem liggur niður í Hafnarfjörð, en ekki vissi hann í hvaða tilgangi, en grunaði þó, að það hefði verið í því skyni að ná í áfengi. Hann og Albert Klahn biðu í bifreiðinni, á meðan þeir voru í burtu. Gunnar mundi ekki, hve lengi þeir biðu, en þegar þeir komu aftur, mundi hann eftir einhverjum manni, er var með þeim. Hann sá manninn ekki vel og gat ekki lýst honum.

Hann tók fram í þessu sambandi, að það hefði frekar verið um það að ræða, að hann hefði orðið mannsins var en beinlínis að hafa séð hann.

Gunnar minnti, að þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hefðu ætlað að reyna að fá far fyrir sig og manninn í bifreiðinni. Albert Klahn vildi það ekki, og upphófst þjark út af þessu. Mundi hann, að Albert Klahn vildi ekki hafa frekari afskipti af þeim og ók á brott ásamt honum. Þeir fóru áleiðis til Reykjavíkur, en sneru síðan við til Hafnarfjarðar. Hann taldi Albert Klahn hafa ráðið ferðinni. Minnti hann, að komið hefði til tals að ná í hass eða jafnvel fara í heimsókn, en eigi var neinn ákveðinn staður nefndur í því sambandi.

Ekið var fram hjá lögreglustöðinni í Hafnarfirði og síðan í nánd við hús skammt frá. Var ekki ekið alveg að húsinu, en bifreiðinni lagt á bílastæði fyrir framan. Hann minnti, að Albert Klahn hefði fyrst farið úr bifreiðinni og haldið að Hamarsbraut 11 til að athuga, hvort einhver væri heima, en hann beðið í bifreiðinni á meðan.

Albert Klahn kom eftir skamma stund, og fóru þeir saman að húsinu. Útihurð á kjallara hefði verið opin og ljós logað inni á gangi íbúðarinnar. Honum var sérstaklega minnisstæður stiginn upp á loft í húsinu, en hann blasti við, þegar inn var komið. Einnig mundi hann eftir, að hurð á þvottahúsi var opin og að hann sá þar inn. Hann mundi ekki, hvern hann hitti fyrst að Hamarsbraut 11, en þar voru Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar. Einnig fannst honum Sævar Marinó hafa komið jafnvel seinna. Gunnar mundi einnig eftir manni, frekar stórum, en grönnum. Hann var vel klæddur og betur klæddur en þeir hinir. Hann gat ekki gefið nánari lýsingu á manni þessum. Honum hafði verið sýnd mynd af Guðmundi Einarssyni. Kvað hann vel geta verið, að um hann hefði verið að ræða, en var ekki alveg viss. Honum fannst vera um sama mann að ræða og komið hafði að bifreiðinni í brekkunni á Reykjavíkurvegi.

Gunnar mundi eftir, að hann fór á snyrtiherbergi, er var á gangi íbúðarinnar, áður en hann fór inn í stofurnar. Hann fór inn í innra herbergi íbúðarinnar, er hann kom af snyrtiherberginu, og settist þar hjá Albert Klahn. Hann minnti, að hann hefði spurt, hvort hægt væri að spila á grammófón, er þarna var, en hvort spilað var, mundi hann ekki.

Eitthvað var talað um að kaupa áfengisflösku og gæti verið, að það hefði verið nefnt við manninn. Gunnar kvaðst ekki hafa verið beinlínis hræddur þarna inni, en hafði á tilfinningunni, að betra væri að fara varlega. Hann hefði sett traust sitt á Albert Klahn. Hann minnti, að Kristján Viðar hefði stjakað við manninum og ýtt honum upp að ísskáp, eins og í því skyni að leggja áherslu á þau orð sín að fá manninn til að leggja peninga í flösku. Hann sá ekki, að farið væri ofan í vasa mannsins til að taka veski hans. Gunnar mundi einnig eftir því, að Tryggvi Rúnar stökk fram eins og tilbúinn til átaka. Hann mundi það, að einhver „hasar“ varð eða átök, en nánar gat hann ekki greint frá þeim. Hann kvað það hljóta að vera, að átökin hefðu borist inn í næsta herbergi, þar sem hann hefði ekki séð þau greinilega. Hann mundi ekki eftir því að hafa séð hníf eða barefli í fótum viðstaddra. Gunnar taldi, að Sævar Marinó hefði verið kominn, er átökin áttu sér stað. Gunnar fór fljótlega á brott ásamt Albert Klahn, eftir að átökin hófust. Var hann ekki viss, hvort þeim var þá lokið. Minnti hann, að hann hefði séð einhverja ruddamennsku út undan sér, um leið og hann fór út, en mundi ekki nánar, hvað það var. Hann kvaðst ekki hafa séð manninn liggja á gólfinu og ekki heyrt hann hrópa á hjálp, svo að hann myndi. Hann var hræddur og leið mjög illa. Hann hafði litla peninga á sér, en taldi, að umræddir menn gætu verið til alls vísir.

Gunnar kvaðst hafa hraðað sér á brott og kallað til Alberts Klahn að koma einnig. Hann hefði flýtt sér út og Albert Klahn komið á eftir honum. Albert Klahn hefði ekið honum rակleitt heim til hans að Lokastíg 18. Þó gæti verið, að þeir hefðu haft viðkomu hjá söluturni á leiðinni. Gunnar fór úr bifreiðinni, er hem til hans kom, en Albert Klahn hélt -á brott.

Eins og áður greinir, mundi Gunnar eftir, að lýst var eftir Guðmundi Einarssyni, en ekki setti Gunnar hvarf hans neitt í samband við það, er gerst hafði að Hamarsbraut 11. Menn þeir, er viðstaddir voru að Hamarsbraut 11 greint sinn, minntust aldrei á atburð þennan við hann. Gunnar kvaðst enga hugmynd hafa haft um, að umræddur maður kynni að hafa beðið bana í átökunum. Hann tók fram í sambandi við það, hvort veski mannsins hefði verið tekið, að hann rámaði í, að eitthvað hefði verið talað um veskið. Hann minnti, að kallað hefði verið upp: „Veskið mitt, veskið mitt" og átökin hafist í framhaldi af því.

Ákærði Albert Klahn var um það spurður, af hverju hann hefði ekki nefnt Gunnar Jónsson fyrr í máli þessu. Hann kvaðst enga skýringu geta á því gefið.

Hinn 4. maí 1977 kom Gunnar Jónsson fyrir dómþing sakadóms og voru þá kynntir framburðir ákærðu Kristjáns Viðars, Tryggva Rúnars og Sævars Marinós.

Gunnar kvaðst halda fast við fyrri framburð sinn um, að hann myndi ekki eftir að hafa farið inn til Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82 að kvöldi 26. janúar, en þó gæti það verið. Framburður Sævars Marinós um komuna að Grettisgötu 82 og síðar að Vesturgötu 24 ætti við, er hann kom að Grettisgötu 82 dagana 2.-6. janúar 1974. Gunnar kvaðst ekkert hafa frekar fram að færa um ferðina milli skemmtistaða í Reykjavík, að Kópavogshæli og síðar til Hafnarfjarðar að kvöldi 26. og aðfaranótt hins 27. janúar 1974. Taldi hann, að Kristján Viðar greindi í öllum atriðum rétt frá ferðinni svo og komunni að Hamarsbraut 11. Gunnar rámaði eitthvað í, að rætt hefði verið um, að Kristján Viðar hefði farið inn um glugga að Hamarsbraut 11 og opnað dyrnar. Hann kvað Sævar Marinó hafa komið á staðinn, rétt eftir að hann og Albert Klahn komu þangað. Verið gæti, að hann hefði verið á snyrtiherberginu, er Sævar Marinó kom. Eitthvað rámaði Gunnar í, að Sævar Marinó hefði ekki verið ánægður með, að þeir hefðu farið inn í íbúðina. Gunnari fannst óvissa ríkja þarna. Hann taldi sig muna eftir að hafa farið inn í innra herbergið og sest niður hjá Albert Klahn. Mundi hann, að Albert Klahn hefði setið nær dyrunum milli stofanna.

Gunnar mundi eftir, að hann sá Kristján Viðar stjaka við manninum og maðurinn ýtti honum frá sér. Fannst honum þetta vera í fremri stofunni og Kristján Viðar gera þetta í því skyni að fá manninn til að leggja út fyrir áfengisflösku. Gunnar mundi eftir frekari átökum í innra herberginu. Taldi hann sig muna, að maðurinn hefði skolið upp að ísskáp eða einhverjum skáp og eins að hann skylli á vegg. Gunnar mundi eftir Tryggva Rúnari tilbúnum til átaka, en sá hann aldrei greiða manninum högg, svo að hann myndi. Gunnar taldi sig muna eftir, að Sævar Marinó hefði beðið um hjálp í þann mund, sem átökin voru að byrja. Gunnar gat ekki greint frá átökunum nánar, en þetta gerðist allt mjög fljótt, og fannst honum manninum vera sýndur hrottaskapur. Gunnar mundi ekki eftir, að maðurinn reyndi að koma sér út, og ekki heldur, að hann hefði kallað á hjálp. Gunnar taldi sig hafa orðið áskynja um, að maðurinn hefði rotast, en gat ekki skýrt nánar, á hverju hann byggði það, hvort hann hefði séð það sjálfur eða heyrt talað um það.

Gunnar rámaði í það, að hann hefði átt tal við Kristján Viðar frammi á ganginum í þann mund, er hann var að fara út. Hefði Kristján Viðar verið að tala um einhver viðskipti, sem ættu að fara fram, sem

hann vildi ekki láta Gunnar fá vitneskju um og því best, að hann færi. Verið gæti, að í framhaldi af því, hefði hann beðið Albert Klahn að aka sér heim eða Albert Klahn boðist til þess. Gunnar taldi, að átökin hefðu staðið stutt, og fannst honum, að þau hefðu farið fram í tveimur lotum. Gunnar taldi sig hafa farið út úr herbergjunum alveg í þann mund, er átökunum var að ljúka. Hann hefði aldrei heyrt um það talað, að maðurinn væri látinn.

Gunnar kvaðst hafa orðið mjög skelfdur við átökin og kunni það að vera skýringin á, hve erfiðlega honum hefði gengið að rifja þetta upp. Hann sagði þetta núna vera orðið ljóst fyrir sér í meginráttum.

Hinn 4. maí 1977 fór fram í dómi sampröfun Gunnars Jónssonar og ákærða Kristjáns Viðars Viðarssonar. Þeir kváðust kannast hvor við annan. Gunnar Jónsson kvaðst ekkert hafa við framburð Kristjáns Viðars að athuga. Kristján Viðar sagðist engar athugasemdir gera við framburð Gunnars Jónssonar. Páll A. Pálsson héraðsdómslögmaður, skipaður verjandi ákærða Kristjáns Viðars, var viðstaddur sampröfunina.

Gunnar Jónsson og ákærði :Sævar Marinó Ciesielski voru samprófaðir fyrir dómi hinn 4. maí 1977. Sævar Marinó kvaðst kannast við Gunnar Jónsson og nefndi nafn hans, og Gunnar kvaðst kannast við Sævar Marinó. Sævar Marinó hélt því fram, að Gunnar Jónsson hefði .komið að Grettisgötu 82 að kvöldi 26. janúar 1974 til Kristjáns Viðars. Gunnar kvaðst vísa til fyrri framburðar síns um þetta. Gunnar Jónsson sagði, að eftir sínu besta minni hefði Sævar Marinó verið að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974. Samræmi náðist ekki í framburðum ákærða Sævars Marinós og Gunnars Jónssonar. Héldu þeir hvor fast við framburð sinn.

Hinn 4. maí 1977 fór fram í dómi sampröfun Gunnars Jónssonar og ákærða Tryggva Rúnars Leifssonar. Gunnar Jónsson kvaðst kannast við Tryggva Rúnar. Tryggvi Rúnar kvaðst hins vegar ekki kannast við Gunnar Jónsson, en sagðist ekki geta fullyrt um það, hvort hann hefði séð hann áður. Framburður Gunnars Jónssonar í málinu var rakinn, og kvaðst hann halda fast við framburð sinn. Tryggvi Rúnar hélt og fast við framburð sinn og neitaði að hafa verið að Hamarsbraut 11 umrætt sinn. Fékkst ekki samræmi í framburði þeirra. Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, skipaður verjandi ákærða Tryggva Rúnars, var viðstaddur sampröfunina.

Gunnar Jónsson kom loks fyrir dóm hinn 5. maí 1977. Voru allir framburðir hans í málinu lesnir í heyranda hljóði í dóminum. Gunnar Jónsson skýrði frá því, að þegar hann hefði rifjað mál þetta upp sl. nótt, minnti hann „mjög fastlega“, að það hefði verið sagt við sig, að maðurinn hefði fallið á borð og rotast í átökunum. Minnti hann, að það hefði annað hvort verið Kristján Viðar, sem sagði honum þetta á gangi íbúðarinnar, eða Albert Klahn í bifreiðinni á leið til Reykjavíkur. Þó gæti hann hafa heyrt þetta út undan sér, um leið og hann fór út. Gunnar Jónsson sagði, að allir framburðir sínir væru gefnir eftir bestu vitund, en sum atriði væru óljós fyrir sér, eins og þeir bæru með sér.

Af hálfu ákærvaldsins var því lýst yfir, að Gunnar Jónsson yrði ekki saksóttur, eins og málið lægi nú fyrir. Gunnar Jónsson vann síðan eið að framburði sínum eftir lögsmæltan undirbúning.

H. Vitnið Elínborg Jóna Rafnsdóttir gjaldkeri, Hvassaleiti 18, Reykjavík, skýrði frá því, að það hefði farið aðfaranótt 27. janúar 1974 með Sigríði Magnúsdóttur til Hafnarfjarðar á Volkswagen bifreið, sem Sigríður var nýbúin að kaupa. Vitnið kvað hafa verið þurr veður, en hvasst. Þær lögðu af stað frá

Reykjavík milli kl. 0100 og 0130 og voru komnar að nætursölunni í Hafnarfirði um kl. 0130, en þar höfðu þær smáviðvöl.

Þær óku síðan um í bænum, þar sem þær hittu tvo pílta, sem þær óku heim. Síðan héldu þær áleiðis til Reykjavíkur, og á leið þeirra um Strandgötu. Þegar þær komu á móts við Bæjarbíó, sáu þær tvo menn koma á móti þeim eftir gangstéttinni, hægra megin miðað við akstursstefnu bifreiðarinnar. Vitnið þekkti annan manninn, og var það Guðmundur Einarsson til heimilis að Hraunprýði í Blesugróf hér í borg. Guðmundur var yfirhafnarlaus, en í köflóttum jakka, dökkbrúnrauðum, sem vitnið hafði séð hann í áður, og dökkum buxum. Vitnið hafði hitt Guðmund á dansleikjum í nokkur skipti og var alveg öruggt um, að þetta hefði verið hann. Að sögn vitnisins var Guðmundur þrúður maður og kom vel fyrir. Vitninu fannst Guðmundur eitthvað með áfengisáhrifum, en ekki mikið. Maðurinn, sem var með Guðmundi, var svipaður á hæð og Guðmundur og með mikið dökkskollitað hár, er virtist liðað. Hann hélt á jakkanum undir hendinni. Maðurinn var í einlitri ljósri skyrtu, en vitnið gat ekki alveg fullyrt um lit hennar. Vitninu virtist maðurinn vera mikið drukkinn. Vitnið taldi, að klukkan hefði verið alveg um eða rétt tæplega 0200, er þær komu auga á Guðmund og umræddan mann, sem vitnið þekkti ekki. Sigríður, er ók bifreiðinni, þekkti einnig Guðmund, og ræddu vitnið og hún saman um, að þetta væri Guðmundur.

Sigríður hægði ferðina, er þær sáu mennina, og bjóst til að nema staðar og taka Guðmund upp í bifreiðina. Þegar til kom, leist þeim ekkert á manninn, sem með honum var, vegna þess hve ölvaður hann var, og hættu við þetta áform sitt. Vitninu fannst Guðmundur draga sig í hlé og verða feiminn, er hann varð þeirra var.

Bæði Guðmundur og maðurinn höfðu gefið þeim merki um að stöðva, er þær nálguðust, og farið aðeins út á akbrautina. Þegar Guðmundur varð þeirra var, færði hann sig upp á gangstéttina og stakk hendinni í vasann. Hinn maðurinn hélt áfram, og var eins og hann ætlaði að kasta sér á bifreiðina. Snerti hann bifreiðina, en í því jók Sigríður ferðina og hélt á brott. Þær vissu síðan ekki um ferðir Guðmundar þessa nótt og héldu til Reykjavíkur. Vitnið kvaðst kannast við Ásgeir Þorsteinsson, sem kallaður er Gilli, og var öruggt um, að hann var ekki með Guðmundi umrætt sinn.

Vitnið heyrði auglýst eftir Guðmundi í útvarpinu í fréttum kl. 1600, að það taldi mánudaginn 28. janúar 1974. Vitnið var þó ekki öruggt um dagsetninguna, en sama dag og það heyrði tilkynninguna hringdi það til rannsóknarlögreglumanns og sagði honum frá vitneskju sinni um ferðir Guðmundar. Skýrsla var ekki tekin af vitninu hjá rannsóknarlögreglunni um það, er að framan greinir, fyrr en 22. janúar 1977. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni þann dag voru því sýndar 8-9 myndir úr myndasafni lögreglunnar. Vitnið benti á mynd af Kristjáni Viðari Viðarssyni og taldi þá mynd líkjast mest manni þeim, er verið hafði með Guðmundi Einarssyni greint sinn.

Við sakbendingu benti vitnið á mann þann, er bar spjald nr. 6, en það var ákærði Kristján Viðar. Vitnið hafði heyrt Sigríði nefna mann, sem bar spjald nr. 4, og taldi vitnið þann mann ekki koma til greina. Vitninu fannst afar líklegt, að maður sá, er bar spjald nr. 6, hefði verið í fylgd með Guðmundi Einarssyni í Hafnarfirði. Það eina, sem vitninu fannst mæla á móti því, var það, að maður sá, sem var með Guðmundi, var grennri, en að öðru leyti hefðu mennirnir verið eins, að því er vitnið minnti. Var vitninu sérstaklega minnistætt andlit mannsins, einkum þykkar varir hans.

Vitnið Sigríður Magnúsdóttir skrifstofustúlka, Hvassaleiti 18, Reykjavík, skýrði frá því, að það hefði farið til Hafnarfjarðar ásamt Elínborgu Rafnsdóttir aðfaranótt 27. janúar 1974 á hvíttri Volkswagen

bifreið, sem vitnið var nýbúið að kaupa. Vitnið ók bifreiðinni. Vitnið mundi ekki, hvenær þær fóru frá Reykjavík, en þær voru í Hafnarfirði á tímanum frá kl. 0100-0200. Þær komu við í nætursölunni í Hafnarfirði, en höfðu þar skamma viðdvöl og óku niður í bæinn. Þær hittu í Hafnarfirði 2 litla drengi, sem þær óku heim.

Eftir það óku þær áleiðis til Reykjavíkur, og lá leið þeirra um Strandgötu. Þegar þær nálgudust hús nr. 6, sáu þær tvo menn á gangstéttinni, hægra megin miðað við akstursstefnu þeirra. Mennirnir stóðu kyrrir, en gengu síðan aðeins út á akbrautina og gáfu þeim merki um að nema staðar með því að lyfta upp þumalfingrinum. Vitnið þekkti annan manninn, og var það Guðmundur Einarsson, Hraunprýði í Blesugróf. Vitnið hafði hitt Guðmund í nokkur skipti áður og var öruggt um, að um hann var að ræða, enda ræddu þær um það í bifreiðinni. Vitnið kvað Guðmund hafa verið þrúðan og kurteisan gilt. Guðmundur var ekki í frakka, en hann var í stökum jakka, að vitnið minnti, köflóttum og rauðlituðum. Nánar um klæðaburð Guðmundar mundi vitnið ekki. Vitninu fannst Guðmundur vera smávegis undir áhrifum áfengis, en ekki mikið. Vitnið minnti, að maður sá, sem var með Guðmundi, hefði verið svipaður á hæð og hann. Vitnið þekkti ekki manninn, en hann var ungur að aldri og mikið drukkinn. Maðurinn hélt á jakka sínum á handleggnum. Vitnið minnti, að maðurinn hefði verið í gulri skyrtu. Maðurinn var fremur dökkhærður og með flaksandi hár.

Þegar þær nálgudust mennina, taldi vitnið, að Guðmundur hefði orðið eirra var, því að hann hörfaði af akbrautinni upp á gangstéttina og virtist hætta við að reyna að stöðva bifreiðina. Vitnið hafði hægt ferð bifreiðarinnar, þegar þær nálgudust mennina, og var ætlunin að nema staðar og bjóða Guðmundi far. Þegar þær sáu, hve maðurinn, er var með Guðmundi, var drukkinn og mikil læti í honum, hættu þær við það, og jók vitnið ferðina. Virtist þá maðurinn, sem var með Guðmundi, ætla að kasta sér á hlið bifreiðarinnar. Af því varð þó ekki, og fann vitnið ekki, að hann snerti bifreiðina.

Vitnið og Elínborg óku brott af staðnum og héldu til Reykjavíkur. Vissu þær ekki um ferðir Guðmundar eftir þetta. Vitnið varð ekki vart við, að neindir aðrir væru í fylgd með Guðmundi og mannum. Það minnti, að eitthvað fólk hefði verið þarna á ferli. Vitnið vissi um, að Elínborg hafði tilkynnt rannsóknarlögreglunni um það, er að framan greinir, þegar lýst hafði verið eftir Guðmundi í fjölmiðlum.

Vitnið mætti til skýrslugjafar hjá rannsóknarlögreglu 22. janúar 1977, en fyrr hafði aldrei verið talað við vitnið um hvarf Guðmundar. Vitnið kvað sér hafa verið sýndar myndir úr safni rannsóknarlögreglunnar. Vitnið mundi ekki, hve myndirnar voru margar, en taldi, að þær hefðu verið milli 5 og 10. Vitnið taldi, að mynd af einum mannanna líktist mest manni þeim, sem það sá með Guðmundi umrætt sinn. Var mynd þessi af Kristjáni Viðari Viðarsyni.

Þá fór fram sakbending, og benti vitnið á mann þann, sem bar spjald nr. 4. Fannst vitninu maður þessi líkjast mest manni þeim, er það sá með Guðmundi í Hafnarfirði. Það, sem vitninu fannst mæla á móti því, að um sama mann væri að ræða, var það, að Kristján Viðar Viðarsson, er vitnið veit nú, að bar spjald nr. 4, var feitari en maður sá, sem það sá með Guðmundi í Hafnarfirði.

Samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglu fór sakbending fram hinn 27. janúar 1977. Voru átta ungir menn úr lögregluskálanum fengnir til að stilla sér upp í tæknideild rannsóknarlögreglunnar við hlið ákærða Kristjáns Viðars og látnir berg númerin 1-9. Þegar Sigríður Magnúsdóttir sá mennina, bar Kristján Viðar númerið 4, og nefndi þá Sigríður þá tölu, og mun Elínborg Jóna Rafnsdóttir hafa heyrt hana nefna töluna. Rannsóknarlögreglan hafði ákveðið að skipta um númeraspjöld á mönnunum,

þegar Elínborg Jóna athugaði mennina, og bar Kristján Viðar þá númerið 6. Nefndi Elínborg Jóna þá tölu, og gat þess við rannsóknarlögreglu, að maður nr. 4, sem Sigríður hefði bent á, væri ekki rétti maðurinn.

A dómþingi hinn 25. mars 1977 var ákærða Kristjáni Viðari kynnt það, sem vitnin Elínborg Jóna Rafnsdóttir og Sigríður Magnúsdóttir höfðu borið í málinu. Lýsti ákærði því þá yfir, að framburður þeirra gæti verið réttur. Hann minntist þess ekki, að Guðmundur hefði nefnt, að hann hefði þekkt stúlku, sem ekið hefði fram hjá þeim.

Vitnið Auður Úlfarsdóttir Jacobsen húsmóðir, Sáleyjargötu 13, Reykjavík, kom fyrir dóm hinn 24. mars 1977. Skýrði vitnið frá því, að það minntist þess að hafa einhvern tíma fyrir nokkrum árum farið með Erlu Bolladóttur í bifreið til Hafnarfjarðar. Vitnið mundi ekki, hver ók bifreiðinni, en Ómar Aðalsteinsson, nú eiginmaður þess, gæti hafa verið með í bifreiðinni. Vitnið hafði verið með Eriu í skóla, en ekki var um nein frekari kynni á milli þeirra að ræða. Vitnið mundi ekki, hvar það hitti Erlu, en minnti, að það hefði annaðhvort verið við Sigtún við Austurvöll eða við Klúbbinn við Lækjarteig. Vitnið kvað það fá staðist, að þau hefðu verið í Mercedes Benz bifreið umrætt sinn. Vitnið minntist þess ekki, að Erla hefði farið með þeim í samkvæmi, og fannst það heldur ólíklegt, en vildi þó ekki alveg neita því, að svo gæti hafa verið. Þetta var að næturlagi, en hvenær ársins, mundi það ekki. Vitnið taldi, að komið hefði verið til Hafnarfjarðar á tímanum milli kl. 0100 og 0300. Vitnið minntist þess, að Erlu var ekið að húsi sunnan við lögreglustöðina, þegar til Hafnarfjarðar kom, en hvaða hús það var, mundi vitnið ekki. Hús það, er staðnæmst var við, stóð nokkuð frá götu. Fór Erla þar úr bifreiðinni og á bak við húsið, þar sem hún hvarf vitninu sjónum. Erla kom ekki aftur í bifreiðina, eða að minnsta kosti mundi vitnið ekki til þess. Eftir þetta fór vitnið á brott og hefur ekki séð Erlu nema í eitt skipti síðan, en þá töluðust þær ekki við. Vitnið kvaðst ekkert geta borið um ástand Erlu Bolladóttur umrætt sinn, og það mundi ekki, hvort ljós voru í gluggum á húsi því, sem hún fór inn í.

Rannsóknarlögreglan hafði tal af Ómari Aðalsteinssyni, eiginmanni vitnisins, en hann minntist ekki fararinnar til Hafnarfjarðar og gat því ekkert um málsatvik borið.

Vitnið Lárus Kristján Pétursson deildarstjóri, Fornhaga 13, Reykjavík, kvaðst hafa handtekið Sævar Marinó á Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði vegna fíkniefnamáls hinn 4. febrúar 1974. Vitninu fannst allt á tjá og tundri í íbúðinni, en sagðist ekki muna eftir neinu sérstöku, sem varpað gæti ljósi á þá atburði, sem þarna eiga að hafa átt sér stað. Vitnið mundi ekki, hvort teppi var á gólfi íbúðarinnar, en taldi líklegra, að svo hefði ekki verið. Vitnið sagði, að Sævar Marinó hefði verið fús til að koma með því. A leiðinni frá Hafnarfirði til Reykjavíkur hefði hann haft orð á því, að hann vissi um mjög stórt mál, og vitnið mundi gefa milljónir króna fyrir vitneskju um það. Vitnið lagði mjög að Sævari Marinó að skýra frá því nánar, hvað hann ætti við, en hann hefði ekki orðið við því. Vitnið tók það fram, að það hefði ekki séð ástæðu til að taka þetta alvarlega, þar sem Sævar Marinó hefði margoft áður látið skína í svipaða hluti, þ. e. vitneskju sína um eitt og annað. Það hefði margreynt Sævar Marinó að því að reyna að gefa upplýsingar um aðra, ef það gæti orðið til þess, að hann slyppi sjálfur úr sínum vanda.

Vitnið Sigríður Gísladóttir, Laugarnesvegi 84, Reykjavík, kvað þá Kristján Viðar, Albert Klahn og Sævar Marinó hafa verið tíða gesti á þeim tíma, sem það bjó að Vesturgötu 24 hér í borg, en það hefði verið þar frá því sumarið 1973 til aprílmánaðar 1974. Vitnið kvaðst ekkert geta borið um atburði hinn 26. janúar 1974.



Vitnið Sæmundur Jóhannsson, Kópavogsbraut 5, Kópavogi, kvaðst kannast við Sævar Marinó og hafa vitað, að kunningskapur var á milli hans og Helgu Gísladóttur. Vitnið gat ekkert fullyrt um, hvort það hefði séð Sævar Marinó í starfsmannahúsi Kópavogshæls laugardagskvöldið 26. janúar 1974, en líklega gæti það þó hafa verið.

Vitnið Viggó Guðmundsson leigubifreiðarstjóri, Gyðufelli 14, Reykjavík, kvaðst hafa ekið ákærðu Sævari Marinó, Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari um það leyti sem Guðmundur Einarsson hvarf. Vitnið staðhæfði, að það gæti ekkert um málsatvik borið.

Vitnið Einar Gunnar Bollason, Heiðvangi 5, Hafnarfirði, skýrði frá því, að Erla Bolladóttir hefði flutt inn í kjallaraíbúðina að Hamarsbraut 11 ásamt Bolla föður þeirra sumarið 1973. Bolli veiktist í nóvember sama ár, og fluttist Sævar Marinó þá til Erlu að Hamarsbraut 11. Vitnið kvaðst ekki geta staðhæft neitt um það, hvort þau Sævar Marinó og Erla voru heitbundin, en þau hefðu búið saman. Vitnið kom einu sinni í íbúðina, er þau voru ekki heima. Virtist umgengni vera mjög ábótavant. Konan á hæðinni fyrir ofan hafði kvartað við vitnið um hávaða og umgang frá íbúðinni. Vitnið kvaðst ekkert vita um ferðir Sævars Marinós og Erlu aðfaranótt 27. janúar 1974. Íbúðin, þar sem Erla bjó, var seld í mars 1974, en Erla fór ekki úr henni fyrr en skömmu fyrir afhendingu. Vitnið tók dóttur þessa, sem skilið hafði verið eftir í íbúðinni, og sá um þrif á henni. Vitnið varð ekki vart við neitt, sem benti til þess, að átök hefðu átt sér stað í íbúðinni. Það mundi ekki eftir að hafa séð blóðbletti og ekki ljósleitt lak.

Vitnið Bárður Ragnar Jónsson, Snekkjuvogi 12, Reykjavík, skýrði frá því, að það hefði dvalist í Kaupmannahöfn um miðjan júlímánuð 1973. Hefði þá horfið úr herbergi þess um 40 cm langur byssustingur. Vissi vitnið ekki, hver tók hann, en margir hefðu komið í heimsókn, þeirra á meðal Kristján Viðar og Sævar Marinó. Vegna þess hve byssustingurinn var stór og þungur, taldi vitnið fremur ólíklegt, að nokkur hefði borið hann á sér eða látið hann hanga við belti.

Vitnið Magnea Jóhanna Matthíasdóttir kennari, Borgarbraut 8, Grundarfirði, kvaðst hafa verið með eiginmanni sínum, Bárði Ragnari Jónssyni, í Kaupmannahöfn sumarið 1973 og þau keypt þar byssusting með um 25 cm blaði. Vitnið skrapp til Íslands þetta sumar, en þegar það kom aftur til Hafnar í júlí 1973, var byssustingur þessi horfinn, og vissi vitnið ekki, hvernig hann hvarf. Vitnið sagði, að eiginmaður þess og Kristján Viðar hefðu verið kunnugir.

Vitnið Ingiríður Finnsdóttir, móðuramma Kristjáns Viðars, Grettisgötu 82, Reykjavík, skýrði frá því, að Kristján Viðar hefði komið með hníf eða byssusting, þegar hann kom frá Kaupmannahöfn síðla sumars 1973. Sá vitnið byssustinginn í ferðatösku Kristjáns Viðars, þar sem hann geymdi hann, en eigi mundi það eftir, að hann hengdi hann upp á vegg. Kristján Viðar hafði orð á því, „að hann ætlaði að eiga þetta sem minjagrip frá Danmörku. Vitnið hafði áhyggjur af byssustingnum vegna óreglu, sem var í kringum Kristján Viðar. Vitnið ræddi þetta við Stellu Esther, dóttur þess, er hún kom eitt sinn í heimsókn, en vitnið hafði þá rekist á byssustinginn í efsta hólfi á eldhússkáp, er það var að gera hreint. Sagði dóttir vitnisins, að það skyldi fleygja byssustingnum. Kvaðst vitnið hafa vafið hann í brúnt bréf og fleygt honum í ruslatunnu. Vitnið kvaðst ekki muna nákvæmlega, hvenær þetta var, en það hefði verið rétt fyrir jólin og skömmu eftir að dóttir þess og tengdasonur fluttust að Asparteigi 2 í Mosfellssveit. Kristján Viðar minntist aldrei á byssustinginn við vitnið eftir þetta. Vitnið kveðst aldrei hafa séð Kristján Viðar hafa byssustinginn meðferðis.

Vitnið Stella Esther Kristjánsdóttir, móðursystir Kristjáns Viðars, Asparteigi 2, Masfellssveit, sagði, að eitt sinn fyrir nokkrum árum hefði það verið statt að Grettisgötu 82 hjá Ingiríði Finnsdóttur, móður

sinni. Sýndi móðir vitnisins því hníf, sem hún sagði, að Kristján Viðar væri með og hafði áhyggjur af vegna óreglu á Kristjáni Viðari og fólki, sem vendi komur sínar til hans. Vitnið mundi ekki, hvar móðir þess náði í hnífinn. Vitnið ræddi mál þetta aldrei við Kristján Viðar sjálfan og sá hann ekki með hnífinn. Vitnið ráðlagði móður sinni að fleygja hnífnum. Það minnti, að hnífurinn hefði fyrst verið settur í bréf, en síðan í plastpoka með rusli, og staðhæfði vitnið, að hann hefði verið settur í ruslatunnu. Vitnið kvaðst hafa flutt að Asparteigi 2 í Mosfellssveit seinast í júlímánuði árið 1973.

Vitnið Helga Gísladóttir, Kelduhvammí 3, Hafnarfirði, kvaðst hafa kynnst Sævari Marinó mjög náið, eftir að hann kom erlendis frá í janúarmánuði árið 1974, og hafi hann verið tíður gestur hjá því á Kópavogshæli, þar sem það starfaði. Hefði hann yfirleitt komið á hverri nóttu til vitnisins, á meðan samband þeirra stóð, eða í viku til tíu daga, en haft stutta viðdvöl.

Vitnið mundi ekki sérstaklega eftir laugardagskvöldinu 26. janúar 1974 eða næstu nótt. Það minntist þess ekki, að Lilja Hjartadóttir hefði þá komið inn í herbergi þess og verið miður sín af ástarsorg, en þetta hefði oft komið fyrir. Vitnið minntist þess heldur ekki, að Sævar Marinó hefði þá verið við whiskydrykkju og boðið Sæmundi Jóhannssyni í glas. Sævar Marinó hefði á þessu tímabili verið mjög undarlegur og stundum þegar hann kom til þess, hefði hann ætt um gólf, en síðan horfið á brott. Vitnið mundi til þess, að Sævar Marinó sagði því í eitt skipti, að hann hefði drepíð mann, en þegar vitnið spurði nánar um það, hefði hann engu svarað, sem mark væri á takandi, en þó tekið fram, að þetta hefði verið erlendis. Vitnið kvaðst hafa frétt af því, að Sævar Marinó hefði verið að stæra sig af því, að hann hefði drepíð mann, og talað um, að auðvelt væri að láta menn hverfa.

Vitnið skýrði frá því, að einu sinni, þegar Sævar Marinó kom til þess síðla vetrar á þessu tímabili, hefði hann verið með svarta skyrtu og beðið vitnið um að þvo hana, en síðar sagt því að henda henni. Vitnið kvaðst hafa skoðað skyrtuna nokkru eftir þetta og séð einhverja dökka bletti á brjóstinu og annarri ermíni, en ekki gat vitnið borið um, hvort um blóðbletti hefði verið að ræða.

Vitnið kvaðst hafa farið með Hinrik Jóni Þórisyni til Erlu Bolladóttur í Hafnarfjörð í febrúar 1974. Hefðu þau drukkið eitthvað hjá Erlu, sem hún hefði sjálf ekki viljað, þetta verið áfengi eða einhvers konar vímugjafi og ólystugt, en nánar mundi vitnið ekki eftir því. Síðar hefði Hinrik Jón Þórisson verið að spyrja það, hvort það myndi ekki eftir blóðinu, og einhver hryllingur verið í honum í þessu sambandi.

Vitnið Jónína Ingibjörg Gísladóttir, Laugavegi 46 A, Reykja vík, kvaðst hafa starfað á Kópavogshæli frá ársbyrjun 1974 til 1. maí það ár, en síðan tekið upp sambúð við Albert Klahn Skaftason. Vitnið kvað Sævar Marinó hafa farið að venja komur sínar til Helgu Gísladóttur, vinkonu vitnisins, eftir áramótin 1973-1974. Vitnið vissi til þess, að þær Erla Bolladóttir og Helga Gísladóttir hefðu gist heima hjá Erlu, sennilega í febrúar 1974, og síðar hefði Hinrik Jón Þórisson sagt vitninu, að þarna hefði verið drukkið blóðte. Vitnið tók fram, að það hefði hætt að umgangast Sævar Marinó hinn 5. september 1974, því að þá hefði hann stolið veski af gesti vitnisins, en að vísu skilað því aftur. Vitnið kvað Helgu Gísladóttur hafa sagt því, að á því tímabili, sem hann hefði heimsótt Helg á Kópavogshælið, hefði hann komið með skyrtu, sem í hefðu verið blóðblettir. Vitnið vissi til þess, að Albert Klahn slasaðist illa á fæti, sennilega í nóvember 1973, í átökum við mann nokkurn á Kópavogshæli.

Vitnið Lilja Hjartadóttir, Æsufelli 2, Reykjavík, kvaðst ekki muna eftir laugardagskvöldinu 26. janúar 1974 né næstu nótt, en það hefði á þessum tíma búið með Helgu Gísladóttur á Kópavogshæli og þá orðið vart við náinn kunningsskap þeirra Helgu og Sævars Marinós. Vitnið kvaðst í nokkra mánuði

hafa verið með pilti, sem Einar hét, en það vissi ekki föðurnafn hans. Hefði hann slitið kunningsskap þeirra eithvert laugardagskvöld á dansleik í Glæsibæ og vera mætti, að þetta hefði átt sér stað hinn 26. janúar 1974.

Vitnið Hinrik Jón Þórisson, Heiðarbæ 9, Reykjavík, skýrði frá því, að það hefði þekkt Sævar Marinó Ciesielski um árabíl og einnig þekkt Erlu Bolladóttur, Kristján Viðar Viðarsson og Albert Klahn Skaftason. Sævar Marinó var mikið í fíkniefnasölu á þessum tíma, og einstaka sinnum kom fyrir, að hann neytti fíkniefna. Albert Klahn og Kristján Viðar neyttu töluvert mikið fíkniefna og Erla eithvað. Vitnið kvaðst sjálft hafa notað fíkniefni. Stöfuðu kynni þeirra Sævars Marinós meðal annars af því. Vitnið mundi til þess, að Sævar Marinó minntist einhvern tíma á að láta menn, sem honum var illa við, hverfa, en einkum var það Kristján Viðar, sem hafði orð á því. Vitnið kvað hafa komið fyrir, að Sævari Marinó sinnaðist við það, og hafði hann á orði að stytta því alder. Vitnið var mikið með Sævari Marinó og Kristjáni Viðari á árunum 1974-1975. Albert Klahn var einnig með þeim, en Gunnar Jónsson kvaðst vitnið ekki hafa hitt fyrr en síðar úti í Kaupmannahöfn, líklega haustið 1975. Tryggvi Rúnar var einnig með þeim á þessum tíma. Vitnið kvaðst hafa tekið eftir því, að eftir mánaðamótin janúar-febrúar 1974 var eins og Tryggvi Rúnar forðaðist að vera með Sævari Marinó og Kristjáni Viðari, og var hann lítið með þeim upp frá því.

Vitnið skýrði frá því, að um mánaðamótin janúar-febrúar 1974 hefði það eitt sinn farið með þeim Sævari Marinó, Kristjáni Viðari og Albert Klahn að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði, en þar bjuggu Sævar Marinó og Erla Bolladóttir um þær mundir. Vitnið kvaðst ekki geta sagt, hvaða dag þetta var, en það hefði verið 1-2 dögum eftir að það kom frá Amsterdam. Vitnið mundi, að þeir hinir vildu ekki, að það færi með þeim til Hafnarfjarðar, en af hvaða ástæðu, vissi það ekki. Það varð þó úr, að vitnið fékk að fara með þeim. Vitnið minnti, að Albert Klahn hefði ekið bifreiðinni, sem hefði verið jeppi. Þegar að Hamarsbraut 11 kom, vildu þeir ekki hleypa vitninu inn, en af hvaða ástæðu, vissi það ekki. Voru þeir með hótanir við vitnið, og mundi vitnið eftir, að Kristján Viðar sagði eithvað á þá leið, hvort leyfa ætti vitninu „að fara með honum.“ Sævar Marinó dró úr þessu, en Kristján sagði við vitnið, að það mætti velja á milli þess að fara í bæinn sjálft eða hann fleygði því fram af hömrinum þarna fyrir neðan. Vitnið kvaðst hafa verið leitt yfir því að fá ekki að fara inn með þeim, þar sem það langaði að vita, hvað þeir væru að aðhafast, en vitninu hafði skilist, að eithvað stæði til, og taldi, að um eithvert gróðabrall væri að ræða. Vitnið hvarf frá Hamarsbraut 11 við svo búíð og hitti hina ekki fyrr en síðar.

Vitnið mundi eftir því, að Sævar Marinó var handtekinn einhvern tíma í byrjun febrúar 1974. Einum til tveimur dögum síðar flutti vitnið inn til Erlu Bolladóttur að Hamarsbraut 11 og bjó þar um hálfmánaðar skeið. Vitnið var þarna í boði Erlu, en Sævar Marinó komst ekki að þessu fyrr en eftir á. Erla var mjög taugaveikluð, og taldi vitnið, að ástæðan fyrir þessu hefði verið sú, að hún vildi ekki vera ein. Óreiða var í íbúðinni, og tók vitnið :þar fljótlega til. Vitnið kvaðst hafa séð blóðbletti í svefnherbergi, sem er inn af stofu. Mundi vitnið sérstaklega eftir tveimur blóðblettum í gólfteppi. Var annar, sem var nokkuð stór, innarlega í herberginu, en hinn, sem var nokkru minni, var nálægt dyrunum fram í stofuna. Vitnið sá einnig blóð víðsvegar um herbergið og var sérstaklega minnisstætt, að það sá blóð á legubekk. Vitnið kvaðst af þessu tilefni hafa spurt Erlu, hvaða blettir þetta væru. Þegar Erla sagði .því, að þetta væri blóð, kvaðst vitnið hafa spurt hana, hvort :átök hefðu orðið þarna inni. Erla neitaði því, en sagði, að Sævar Marinó hefði verið að steikja sér nautakjöt og blóðið væri úr því. Vitnið spurði ekki frekar út í þetta. Vitninu fannst blettirnir það stórir, að þetta væri ekki rétt, og taldi það, að átök hefðu átt sér stað í íbúðinni. Vitnið kvaðst hafa fundið vonda lykt út úr ísskápnum og farið að athuga, af hverju hún stafaði. Vitnið gat ekki fundið það út, en við leit í skápnum fann það tvo taupoka, sem

voru umbúðir utan af hassi. Algenzt er, að slíkar umbúðir séu soðnar, eftir að þær hafa verið tæmdar, og seyðið drukkið. Vitnið mundi, að Helga Gísladóttir var stödd þarna, og voru hún og Erla viðstaddar, er vitnið sauð umbúðirnar. Vitnið tók eftir því, að dökkir blettir voru á umbúðunum, og taldi það, að um blóð væri að ræða. Spurði það Erlu um þetta, og sagði hún, að þetta væri nausblóð. Vitnið og Helga drukku seyðið af umbúðunum, og hafði það áþekk áhrif og þegar hass er reykt. Erla vildi ekki drekka seyðið, en reykti hassköggla, sem voru eftir í umbúðunum. Á meðan vitnið og Helga voru að drekka teið, spurði Erla, hvernig vitninu fyndist að drekka mannsblóð. Hún nefndi þetta einnig síðar við vitnið og fleiri. Erla nefndi ekki þá, úr hverjum þetta blóð væri, en síðar, eftir að „Guðmundarmálið“ kom til rannsóknar, sagði hún vitninu og fleirum, að blóðið hefði verið úr Guðmundi Einarssyni.

Vitnið kvaðst sjálf hafa þrifið íbúðina ásamt Erlu, m. a. eitthvað blóð, en það taldi, að ekki hefði verið unnt að hreinsa blóðið úr teppinu, þar sem það var storknað, og hið lama væri að segja um blóðið á legubekknunum. Vitnið aðstoðaði Erlu við að flytja frá Hamarsbraut 11 og mundi ekki eftir því, að legubekkurinn hefði verið fluttur þangað sem Erla flutti. Vitnið kvað legubekk þennan hafa verið mjóan, en gat að öðru leyti ekki lýst honum. Vitnið taldi, að teppi hefði verið sett yfir hann til þess að hylja blóðið, og einnig var settur renningur yfir teppið, þar sem blóðblettirnir voru.

Hinn 27. september 1977 var ákærða Albert Klahn kynntur framburður Hinriks Jóns Þórissonar frá 16. ágúst 1977 um ferð að Hamarsbraut 11. Ákærði Albert Klahn kvaðst þekkja Hinrik Jón og hafa farið einhvern tíma með honum að Hamarsbraut 11 ásamt Sævari Marinó og Kristjáni Viðari. Ákærði Albert Klahn kvaðst ekkert muna sérstaklega eftir ferð þeirri, sem Hinrik Jón greindi frá í framburði sínum, og ekkert geta borið frekar um þetta.

Framburður Hinriks Jóns Þórissonar var borinn undir ákærða Kristján Viðar Viðarsson. Var eftirfarandi bókað eftir ákærða: „Ég kannast ekki við það, er Hinrik Jón greinir frá í framburði sínum, hvorki varðandi hótanir né ferð til Hafnarfjarðar. Hins vegar hefi ég tekið á þessum manni, en það var af þeirri ástæðu, að hann braust inn heima hjá mér; og ég stóð hann að verki“.

Frásögn Erlu Bolladóttur varðandi fyrrnefndan framburð Hinriks Jóns Þórissonar var á þessa lund:

„Mér hefur verið tjáð, að Hinrik Jón segist hafa í byrjun árs 1974 búið heima hjá mér að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði um hálfsmánaðarskeið í boði mínu. Á þeim tíma á Sævar Marinó að hafa setið í fangelsi. Það er alrangt hjá Hinrik Jóni, að hann hafi búið heima hjá mér, en hitt er rétt, að hann gisti heima hjá mér nótt og nótt á þeim tíma, sem um ræðir. Það er rétt hjá Hinrik Jóni, að ég hafi verið taugaveikluð, og væntanlega hefur ástæðan verið sú, að mér var illa við að vera ein. Ekki man ég til þess, að vein sérstök óreiða hafi verið í íbúðinni eða að Hinrik Jón hafi tekið þar til.“

Hvað snertir blóðbletti, sem Hinrik Jón segist hafa séð á gólfteppinu í svefnherberginu, þá man ég ekki til að hafa tekið eftir þeim. Aftur á móti hitti ég Hinrik Jón einhvern tímann á fyrri hluta árs 1976, og fór hann þá að tala um þessa blóðbletti við mig. Mig rámaði þá í, að hann hefði á sínum tíma, það er snemma árs 1974, er hann var af og til heima hjá mér, talað við mig um blóðbletti í svefnherberginu, en ég hugsaði ekkert nánar um það þá. Í því sambandi vil ég benda á það, að það var aldrei neinn renningur á gólfteppinu í íbúðinni að Hamarsbraut 11, en teppi var á dývaninum í svefnherberginu. Ekki man ég eftir neinum blóðblettum á dývaninum og er reyndar nokkuð viss um, að þar voru engir blóðblettir.“

Erla Bolladóttir kvað það rétt vera, að Hinrik Jón hefði soðið strigagrisjur utan af hassi og drukkið seyðið. A grisjunum hefðu verið rauðleitir blettir, sem hún taldi vera hassolíu. Erla kvaðst ekki muna til þess, að hún hefði sagt við Hinrik Jón eða nokkurn annan, að um blóðbletti væri að ræða.

Reynt var að finna legubekk þann, sem var að Hamarsbraut 11, þegar þetta átti sér stað, en hann fannst ekki.

Vitnið Páll Rúnar Elísson, Heiðardal, Blesugróf, Reykjavík, skýrði frá því, að það hefði verið að afplána refsíðóm á Vinnuhælinu að Litla-Hrauni í ágúst 1976. Tryggvi Rúnar Leifsson var þá í gæsluvarðhaldi þar. Vitnið kvaðst hafa rætt við Tryggva Rúnar um mál þetta í tvö skipti í klefa sínum, sem var nr. 39, og Halldór Fannar Ellertsson verið viðstaddur í annað skiptið. Tryggvi Rúnar talaði mjög frjállega um málið og virtist ekki hafa neinu að leynd. Hann skýrði vitninu frá því, að hann hefði verið staddur í húsi í Hafnarfirði ásamt Sævari Marinó og Kristjáni Viðari nótt þá, er Guðmundur Einarsson hvarf. Hefði Guðmundur Einarsson verið þar og sennilega tvær stúlkur. Ekki minntist Tryggvi Rúnar á, hvar þeir hefðu hitt Guðmund, og ekki nefndi hann nöfn stúlkunnanna. Hann minntist heldur ekki á, að þeir hefðu verið undir áhrifum áfengis eða lyfja, er Guðmundur beið bana.

Tryggvi Rúnar skýrði vitninu frá því, að upphaf átakanna við Guðmund hefði orðið með þeim hætti, að Guðmundur hefði hótad að ljóstra einhverju upp um ákærðu. Hefði Tryggvi Rúnar þá ráðist á Guðmund og slegið hann niður. Síðan hefði Sævar Marinó sparkað í höfuð hans, þar sem hann lá á gólfinu og var að reyna að rísa á fætur. Guðmundur hefði ekki hreyft sig eftir þetta. Þeir hefðu tekið lík Guðmundar og sett það í einhvern skáp. Þeir hefðu orðið skelkaðir eftir þetta og tekið inn LSD töflur og hefði hann alveg orðið ringlaður. Hann kvaðst þó muna, að lík Guðmundar hefði verið sett í einhvern jeppa og ekið Burt í honum, en ekki muna, hvað hefði verið gert við það. Fleira sagði Tryggvi Rúnar ekki um þetta, að vitnið mundi, og hann minntist aldrei á það, að Kristján Viðar hefði tekið þátt í árásinni á Guðmund. Tryggvi Rúnar sagði að það hefði komið sér algerlega á óvart, er hann var tekinn vegna máls þessa. Hann hefði ekkert munað fyrst í stað, en síðan hefði þetta rifjast upp fyrir sér.

Þá skýrði vitnið frá því, að um mánaðamótin september-október 1976 hefði verið -gerð árás á sig að næturlagi á Miðtúni í Keflavík. Hefðu þrír menn staðið að árásinni. Vitnið var slegið til jarðar og missti meðvitund um stund. Hefði það nefbrotnað og tennur brotnað í því. Vitnið vissi ekki tilefni árásarinnar, en grunaði, að hún stæði í sambandi við upplýsingar þær, sem það hefði gefið í máli þessu.

Ákærði Tryggvi Rúnar Leifsson kvað framburð Páls Rúnars Elísonar vera alger ósannindi. Hann hefði aldrei rætt 1nál þetta við Pál Rúnar, hvorki á Litla-Hrauni né annars staðar.

Vitnið Halldór Fannar Ellertsson sjómaður, Snorrabraut 85, Reykjavík, skýrði frá því, að það hefði í júlí og ágúst 1976 verið að afplána refsingu á Vinnuhælinu að Litla-Hrauni. Tryggvi Rúnar var á þessum tíma þar í gæsluvarðhaldi, og ræddi vitnið oft við hann um mál varðandi dauða Guðmundar Einarssonar. Tryggvi Rúnar hafði orð á því, að ekki væru öll kurl komin til grafar í málinu. Hann spurði mikið um, hvað hefði verið skrifað í blöðin um málið, en taldi það hafa litla þýðingu. Tryggvi Rúnar fékk á þessum tíma að lesa dagblöð, svo sem aðrir refsifangar á Litla-Hrauni. Hann hélt því fram, að hann væri saklaus og dómsrannsókn mundi leiða það í ljós. Vitnið mundi eftir því, að Páll Rúnar Elíson var viðstaddur einhverju sinni, er Tryggvi Rúnar var að ræða þetta.

Vitninu var kynntur framburður Páls Rúnars Elísonar um það, er Tryggvi Rúnar átti að hafa sagt í viðurvist Páls Rúnars og vitnisins. Vitnið kvaðst aldrei hafa heyrt Tryggva Rúnar segja það, er í framburði Páls Rúnars greindi, og hefði það ekki heyrt það, er Páll Rúnar sagði, fyrr en nú fyrir skömmu. Vitnið mundi ekki eftir því, að Tryggvi Rúnar hefði nokkurn tíma gefið í skyn, hvernig dauða Guðmundar Einarssonar hefði borið að höndum.

Vitnið Guðmundur Edwin Þór Björnsson, Háagerði 43, Reykjavík, kvaðst þekkja Kristján Viðar og Tryggva Rúnar allvel og talsvert hafa umgengist þá. Það hefði eitt sinn verið í samkvæmi heima hjá Kristjáni Viðari nokkrum dögum eftir hvarf Guðmundar Einarssonar, að því er það minnti best. Sævar Marinó, sem vitnið kannaðist við, hefði verið staddur þarna, en ekki mundi það að nafngreina fleiri. Vitnið staðhæfði, að í samkvæminu hefði hvarf Guðmundar Einarssonar komið til umræðu og Kristján Viðar þá sagt, að hann vissi um mál þetta og hann hefði látið Guðmund hverfa. Kristján Viðar hefði og nefnt einhverja ástæðu fyrir hvarfinu, og minnti vitnið, að hún hefði eitthvað verið í sambandi við eiturlyf. Í samkvæminu var enn fremur verið að tala um einhverja utanferð, sem annað hvort Kristján Viðar eða Sævar Marinó hefðu farið í, og þeir verið nýkomnir til landsins aftur. Vitnið kvaðst minnst þess, að það hefði spurt Kristján Viðar að því, hvað hann hefði gert við líkið af Guðmundi, og sagði hann það hafa verið sett í hraunið við afleggjarann, sem liggur til Grindavíkur af Keflavíkurvegi. Vitnið minnti, að Kristján Viðar hefði eitthvað nefnt Sævar Marinó í sambandi við mál þetta, en mundi ekki til þess, að hann hefði nefnt Tryggva Rúnar. Vitninu fannst tal Kristjáns Viðars svo fjarstæðukennt, að það hefði ekkert mark tekið á því.

Vitnið Hulda Kristin Gissurardóttir, Akraseli 7, Reykjavík, kvaðst hafa hafið sambúð með Tryggva Rúnari Leifssyni sumarið 1973. Þau hefðu eignast son í desember það ár, en slitið samvistir í september 1974 vegna óreglu hans. Vitnið kannaðist við Albert Klahn, Sævar Marinó og Kristján Viðar, en þau Tryggvi Rúnar hefðu oft verið heima hjá hinum síðastnefnda. Vitnið kvaðst ekki muna sérstaklega eftir helginni, þegar Guðmundur Einarsson hvarf, og því ekki geta borið um dvalarstað Tryggva Rúnars þá. Hann hefði stundum lagst í óreglu og vitnið ekki fylgst með ferðum hans.

Vitnið Alfreð Hilmarsson trésmiður, Efstalandi 2, Reykjavík, kvaðst hafa komið nokkrum sinnum heim til Kristjáns Viðars eftir áramótin 1973-1974. Þar hefði verið nokkuð um drykkjuskap og verslað með fíkniefni. Vitnið hitti þar þá Albert Klahn, Tryggva Rúnar, Sævar Marinó og Viggó Guðmundsson. Orð hefði farið af ofbeldishneigð þeirra Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars. Vitnið kannaðist við Guðmund Einarsson, þeir hefðu verið saman í barnaskóla, en aldrei sagðist vitnið hafa séð Guðmund a heimili Kristjáns Viðars.

Við geðrannsókn Ásgeirs Karlssonar lækni á ákærða Tryggva Rúnari skýrði ákærði svo frá málsatvikum samkvæmt skýrslu læknisins:

„Tryggvi Rúnar segir, að það hafi komið flatt upp á sig, þegar hann var settur í gæsluvarðhald h. 23.11.75 í sambandi við hvarf Guðmundar Einarssonar, þar eð hann taldi sig ekkert vera flæktan í það mál eða vita nokkuð um það. Segist hann hafa farið í mikið uppnám, hélt, að það væri verið að beita sig einhverjum bellibrögðum. Missti svefn, gat ekki sofið í eina 4 sólarhringa, fyrst eftir að hann var settur inn, var spenntur, kvíðinn, örvæntingarfullur, fékk ofheyrnir, heyrði raddir kunningja, bæði karla og kvenna. Það, sem hann heyrði, var mast sundurlaust málæði, melt rifrildi eða veisluglaumur, eins og í partýi. Segir, að læknir hafi verið fenginn til sín og gefið sér róandi lyf, telur, að ruglið hafi

runnið af sér á nokkrum dögum. Hann segist síðan hafa verið í yfirheyrslum í sambandi við hvarf Guðmundar, en ekkert fór að rifjast upp fyrir honum um enginn þátt í því máli, fyrr en u. þ. b. 30 dögum eftir að hann var settur í varðhald. Það, sem hann man í því sambandi, er fyrir honum næsta óljóst og sundurlaust, en telur sig þó muna greinilega eftir því núna, að hann hafi lent í átökum við Guðmund ásamt tveimur mönnum og annar þeirra hafi sparkað í andlit Guðmundar, þar sem hann lá á gólfinu. Jafnframt telur hann sig muna, að þeir hafi farið með lík Guðmundar á einhvern stað í nágrenni Hafnarfjarðar, man óljóst eftir þessum stað, en segir að „Fjárnborg“ hafi verið þar nálægt“.

Ákærða Tryggva Rúnari var bent á þessa skýrslu læknisins, er hann kom fyrir dóm hinn 30. mars 1977. Kannaðist hann við að hafa sagt það við lækninn, sem í skýrslu hans greindi. Sagðist hann hafa nefnt fjárnborg við hann, en ekki í sambandi við þetta mál.

I.

Ari Ingimundarson, fangavörður í fangelsinu við Síðumúla, Hamraborg 8, Kópavogi, kom fyrir dóm og var kynnt bókun ákærða Sævars Marinós Ciesielski fyrir dómi hinn 29. mars 1977. Kvaðst Ari Ingimundarson ekki kannast við atriði þau, sem ákærði fjallaði um í bókun þessari. Ari sagðist ekki hafa verið sjónarvottur að því, að Sigurbjörn Víðir Eggertsson hefði slegið ákærða Sævar Marinó í andlit, tekið hann upp og fleygt honum í stól í yfirheyrsluherbergi Síðumúlafangelsis, og ekki vita til, að slíkt hefði átt sér stað. Hann hefði ekki orðið var við, að ákærði Sævar Marinó væri beittur ofbeldi eða hótunum um ofbeldi í fangelsinu.

Ari sagðist ekkert geta borið um það, sem fram kæmi í bókun ákærða Tryggva Rúnars Leifssonar á dómþingi hinn 30. mars 1977, enda ekki verið viðstaddur neinar yfirheyrslur í málinu.

Eggert Norðdahl Bjarnason rannsóknarlögreglumaður, Hverfisgötu 90, Reykjavík, kvaðst í upphafi hafa haft með höndum rannsókn máls þessa ásamt Erni Höskuldssyni fulltrúa og Sgurbirni Víði Eggertssyni rannsóknarlögreglumanni, en síðar hefðu fleiri bæst í hópinn.

Eggert Norðdahl kvaðst ekki kannast við neitt af því, sem fram kæmi í bókun ákærða Sævars Marinós hinn 29. mars 1977 um meðferð þá, sem ákærði taldi sig hafa orðið fyrir í fangelsinu við Síðumúla. Tók hann fram, að honum væri ekki kunnugt um, að ákærði Sævar Marinó hefði verið beittur líkamlegu ofbeldi við rannsókn máls þessa eða hótunum um -það. Ákærði hefði alltaf verið yfirheyrður sjálfstætt og hefði hann skýrt frá af fúsum og frjálsum vilja, en spurningar oft verið endurteknar, svo sem venja sé við rannsóknir. Ákærði var að öllu jöfnu þrúður og viðræðugóður við yfirheyrslur, en það kom þó nokkuð oft fyrir, að hann kallaði rannsóknarmennina öllum illum nöfnum. Ákærði gerði sig líklegan til að hlaupast á brott úr yfirheyrslum í nokkur skipti, og varð þá að taka hann og koma honum aftur í sæti sitt. Í eitt sinn hljóp hann á brott utan dyra. Hljóp Örn Höskuldsson ákærða uppi og felldi hann til jarðar, en síðan var hann færður aftur í fangelsið. Ákærði var ekki með járn, er þetta gerðist, og gekk við hlið rannsóknarmanna. Eggert Norðdahl tók fram, að þeir rannsóknarmennirnir hefðu ekki átt von á, að ákærði hlypist á brott í þetta sinn.

Þá var Eggert Norðdahl kynntur framburður ákærða Tryggva Rúnars Leifssonar. Hann mundi eftir því, að á milli jóla og nýárs árið 1975 var ákærði Tryggvi Rúnar eitthvað miður sín í fangelsinu í Síðumúla. Fór hann að hafa orð á því, hvort þessi líðan gæti verið samviskubit, því að hann hefði aldrei haft samviskubit af neinu, sem hann hefði gert. Eggert Norðdahl kvað ákærða Tryggva Rúnar aldrei hafa

verið beittan neinum hótunum, að því að hann gæti borið um. Hann hefði skýrt sjálfstætt frá málsatvikum og af frjálsum vilja.

Eggert Norðdahl kvaðst hafa tekið skýrslu af ákærða Tryggva Rúnari Leifssyni hinn 9. janúar 1976 og hefði hann þá lýst herbergjaskipan að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði, svo sem í skýrslunni greinir. Eggert Norðdahl var kynnt það, er ákærði sagði í framburði sínum um, að hann hefði í yfirheyrslum hjá rannsóknarlögreglunni fengið að vita, hvernig herbergjaskipan var að Hamarsbraut 11, og að lýsing sín væri á því byggð. Hann sagði þetta ekki rétt og hefði ákærði sjálfstætt lýst herbergjaskipaninni.

Eggert Norðdahl skýrði frá því, að við rannsókn póstsvikamálsins, sbr. IV. kafla ákæru, dags. 8. desember 1976, hefði grunur vaknað um það, að ákærðu kynnu að vera viðriðir dauða Guðmundar Einarssonar, en rannsóknarlögreglumenn höfðu áður heyrt orðróm í þá átt. Við yfirheyrslu 20. desember 1975 yfir Erlu Bolladóttur hefði þessi grunur styrkst og rannsókn málsins haldið áfram í framhaldi af því.

Eggert Norðdahl Bjarnason kom loks fyrir sakadóm hinn 27. september 1977. Tilefni þeirrar yfirheyrslu var bréf Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða Tryggva Rúnars Leifssonar, til dómsins, sem dagsett er hinn 14. september 1977. Óskaði verjandinn þar eftir því, að eftirfarandi spurningar yrðu lagðar fyrir Eggert Norðdahl Bjarnason:

1. Hvers vegna var Tryggvi Rúnar Leifsson - tekinn til yfirheyrslu í ein 30 skipti, án þess að lögreglumenn bókuðu nokkuð um, hvað gerst hafi?

Svar hans var: „Ég dreg það í efa, að hann hafi verið færður í yfirheyrslu svo oft, en ég reingi ekki, að það hafi verið talað við hann jafnvel í ein 30 skipti. Samtölin fóru fram, að því er ég best man, oft að beiðni Tryggva Rúnars sjálfs, en ekki af því, að ég óskaði að tala við hann. Um slík samtöl var ekki gerð sérstök skýrsla“.

2. Hvers vegna voru engir vottar hafðir við skýrslutökurnar? Svar: „Í mínu starfi hefur það ekki verið venja, að vottur sé viðstaddur sjálfa skýrslutökuna, heldur fenginn eftir á og þá ýmist hlustað á, er skýrslan var lesin fyrir skýrslugefanda eða þegar skýrslugefandi hefur verið spurður, hvort ekki sé allt rétt eftir honum haft í skýrslunni. Þar sem Sigurbjörn Víðir Eggertsson er vottur í þessu máli, var hann viðstaddur skýrslutökuna, eftir því sem ég best man. Ég hefi engin bein fyrirmæli fengið frá yfirboðurum mínum um að hafa þennan hátt á, heldur hefur þetta verið starfsvenja“.

3. Hver var tilgangur með ferðum lögreglumanna inn í klefa Tryggva Rúnars og hvað fór þeim og Tryggva Rúnari á milli? Svar: „Ég man ekki eftir því að hafa farið inn í klefa Tryggva Rúnars“.

Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður kvaðst ekki óska eftir því, að frekari spurningar yrðu lagðar fyrir Eggert Norðdahl.

Gunnar Marinó Marinósson, varðstjóri í fangelsinu við Síðumúla, skýrði frá því fyrir dómi, að hann kannaðist ekki við það; sem ákærði Sævar Marinó héldi fram í bókun sinni frá 29. mars 1977. Hann hefði aldrei orðið var við, að ákærði Sævar Marinó sætti illri meðferð í fangelsinu við Síðumúla, á meðan ákærði var þar í gæsluvarðhaldi vegna máls þessa.



Varðandi bókun ákærða Tryggva Rúnars Leifssonar frá 30. mars 1977 tók Gunnar Marinó fram, að hann hefði yfirleitt ekki verið viðstaddur yfirheyrslur í m:álinu. Hann kannaðist við að hafa undirritað sem vottur skýrslu ákærða Tryggva Rúnars hinn 9. janúar 1976. Gunnar Marinó mundi ekki, hvort hann var viðstaddur, er skýrsla Tryggva Rúnars var lesin, en hann hefði örugglega verið viðstaddur, þegar ákærði undirritaði skýrsluna og staðfesti hana rétta.

Högni Ófeigur Einarsson, fangavörður í fangelsinu við Síðumúla, Eyjabakka 16, Reykjavík, hefur ritað sem vottur á skýrslu þá, sem rannsóknarlögreglan tók af ákærða Tryggva Rúnari Leifssyni hinn 9. janúar 1976. Hann kvaðst ekki hafa verið viðstaddur, þegar skýrslan var tekin af ákærða, en skrifaði undir hana sem vottur, þegar yfirheyrslu var lokið. Högni Ófeigur mundi til þess, að ákærði lýsti skýrsluna rétta og undirritaði hana í viðurvist hans.

Jóhanni Gunnari Friðjónssyni, fangaverði í fangelsinu við Síðumúla, Þverbrekku 4, Kópavogi, var kynnt bókun ákærða Sævars Marinós í þinghaldi 29. mars 1977 um meðferðina á sér í fangelsinu við Síðumúla. Jóhann Gunnar kvaðst ekki kannast við neitt það, er ákærði Sævar Marinó rakti í bókuninni. Jóhann Gunnar var ekki viðstaddur yfirheyrslur í málinu. Hann kvað ákærða Sævar Marinó hafa verið þrýðisfanga og gert það, sem hann var beðinn um, en þó hefði þurft að ítreka við hann að þrifa sig og klefa sinn. Jóhann Gunnar kannaðist ekki við, að hann hefði veitt Skúla Steinssyni aðstoð við að dýfa ákærða ofan í vask, svo sem hann héldi fram, og vissi ekki til, að það hefði verið gert. Hann vissi ekki til þess, að nokkurn tíma hefði komið til átaka, er ákærði átti að fara í það. Hann muntii þó eftir, að Skúli Steinsson sótti ákærða eitt sinn inn í klefann til þess að fara í það og hélt utan um hann á leiðinni fram á þaðherbergi. Ekki varð Jóhann Gunnar var við, að ákærði væri beittur neinu ofbeldi.

Kjartan Kjartansson fangavörður, Hrafnhólum 8, Reykjavík, kvaðst hafa verið fangavörður í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg 9, en verið fenginn til að annast fangavarðarstarf í fangelsinu við Síðumúla frá því snemma í janúar og fram í apríl eða maí .rið 1976.

Kjartan kvaðst ekki af eigin raun geta borið um atriði þau, sem fram kæmu í bókun ákærða Sævars Marinós hinn 29. mars 1977, en minntist þess að hafa heyrt talað um, að viðhöfð hefðu verið þau ummæli, sem í niðurlagi bókunarinnar greindi, en gat ekki staðhæft, hvort hann hefði verið viðstaddur.

Kjartan kvaðst ekki hafa verið við yfirheyrslur og því ekki geta borið um af eigin raun, hvort beitt hefði verið líkamlegu ofbeldi við ákærða Sævar Marinó, en heyrt, að yfirheyrslurnar voru „ákaflega hávaðasamar“. Kjartan sagðist ekki vita til, að ákærði Sævar Marinó hefði verið beittur ofbeldi eða hótunum um ofbeldi í fangelsinu, en orðið var við það, að fangaverðir virtust yfirheyra ákærða eða blanda sér að óþörfu í mál hans, og nefndi hann í því sambandi þá Skúla Steinsson og Högna Einarsson. Ekki vissi hann þó til, að þetta hefði verið gert að beiðni rannsóknarmanna. Kjartani fannst ákærði Sævar Marinó sæta að ástæðulausu meira harðræði í fangelsinu en aðrir fangar í sama máli, enda hefði ákærði Sævar Marinó hegðað sér afburðavel frá sjónarmiði fangavarðar. Kjartan varð ekki var við, að ákærði Sævar Marinó sýndi tregðu á að þrifa sig eða klefa sinn.

Kjartani Kjartanssyni fannst vanta eitt atriði inn í málið, og var í því sambandi eftirfarandi orðrétt bókað eftir honum:

„Ég var þarna ásamt fleiri fangavörðum staddur í milliherbergi milli varðstofu og yfirheyrslusals fangelsisins, sem er fyrst til hægri, er inn í fangelsið kemur. Að yfirheyrslu þeirra Eggerts Bjarnasonar og Sigurbjörns Víðis yfir Sævari Marinó liðinni, fannst mér, að yfirheyrslunni ætti að vera lokið. Svo var þó ekki. Gekk Gunnar Guðmundsson yfirfangavörður þá mjög berserkslega inn í yfirheyrsluherbergið og upphófst vægast sagt allmikill hávaði, og ég leit í augu nærstaddra fangavarda. Ég var ekki viss um, hverjum bæri skylda til að opna hurðina og athuga, hvað þarna færi fram. Þegar ég sá ekki, að neinn hefði kjark til að athuga, hvað væri að gerast, opnaði ég hurðina. Ég sá ekki, að Gunnar Guðmundsson væri í hættu staddur, en mér virtist sem Sævar Marinó hefði verið svínbeygður, enda hefði hann ella ekki kallað: „Stilltu þig, stilltu þig, Gunnar, Gunnar“. Gunnar Guðmundsson skipaði mér að loka tafarlaust. Ekki heyrði ég, að fleira gerðist þarna inni“.

Um bókun ákærða Tryggva Rúnars frá 30. mars 1977 kvaðst Kjartan ekkert geta borið, enda hefði honum verið málið algerlega ákunnugt.

Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður, Asparfelli 4, Reykjavík, kannaðist ekki við, að hann hefði nokkurn tíma minnst á það við á-kærða Sævar Marinó, að hann yrði settur í lífstíðaröryggisgæslu. Hins vegar hefði ákærði mikið talað um þetta sjálfur og hefði greinilega óttast þetta.

Sigurbjörn Víðir kannaðist ekki við að hafa nokkurn tíma heyrt þau ummæli, að ákærði fengi að tynast í amerísku fangelsi, ef hann játaði ekki sakir á sig í „Guðmundar- og Geirfinnsmáli“. Kvaðst Sigurbjörn Víðir aldrei hafa haft orð á þessu við ákærða.

Sigurbjörn Víðir skýrði frá því, að eitt sinn, er tilraun var gerð til samprófunar milli ákærðu Sævars Marinós og Tryggva Rúnars, hefðu þeir byrjað að bera sakir hvor á annan. Hefðu þeir lent í orðahnippingum og Tryggvi Rúnar þrifið í skyrtu Sævars Marinós að framan og e. t. v. lyft honum upp. Hann stöðvaði Tryggva Rúnar strax, og meiddist Sævar Marinó ekkert. Var samprófuninni þar með lokið.

Sigurbjörn Víðir kvað það alger ósannindi hjá ákærða Sævari Marinó, að hann hefði ráðist á ákærða, er ákærði átti að fara inn í fangaklefa, og slegið ákærða í andlitið, tekið hann á loft og fleygt honum í stól í yfirheyrsluherbergi. Einu skiptin, sem hann hefði þurft að snerta ákærða væru þau, þegar hann ætlaði að hlaupa út úr yfirheyrslu, og kom það fyrir oft en einu sinni. Sigurbjörn Víðir kannaðist ekkert við það, sem ákærði sagði um Skúla Steinsson. Hann sagði, að ákærði hefði verið mjög misjafn við yfirheyrslur. Stundum hefði hann verið þrúður, en stundum mjög æfur og kallað þá rannsóknarlögreglumennina öllum illum nöfnum. Hann kvað oftast hafa farið vel á með sér og ákærða og hefði hann oft gert ákærða greiða.

Samprófun fór fram milli Sigurbjörns Víðis og ákærða Sævars Marinós, en hvor þeirra hélt fast við sinn framburð.

Sigurbjörn Víðir kvað það ekki rétt, að ákærði Tryggvi Rúnar Leifsson hefði fengið upplýsingar um herbergjaskipan að Hamarsbraut 11 hjá rannsóknarlögreglu. Ákærði hefði skýrt sjálfstætt frá þessu atriði. Minnti Sigurbjörn Víði, að ákærði Tryggvi Rúnar hefði gert „skissu“ af herbergjaskipaninni, en ekki vissi hann, hvort hún væri til.

Í tilefni fyrrnefnds bréfs Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans voru eftirfarandi spurningar lagðar fyrir Sigurbjörn Víði Eggertsson á dómþingi sakadóms hinn 27. september 1977:

1. Hvers vegna var Tryggvi Rúnar Leifsson tekinn til yfirheyrslu í ein 30 skipti, án þess að lögreglumenn bókuðu nokkuð um, hvað gerst hefði?

Svar: „Ég held, að það komi ekki til, að þetta hafi verið yfirheyrslur, heldur var oft um viðtöl við Tryggva Rúnar að hans beiðni að ræða. Það er ekki venja í yfirheyrslum að bóka altar yfirheyrslur og yfirleitt ekki bókað í yfirheyrslu, nema eitthvað nýtt komi fram eða sá, sem er yfirheyrður, vilji bæta einhverju við framburð sinn“.

2. Hvers vegna voru engir vottar við yfirheyrslurnar?

Svar: „Það er ekki venja, að vottar séu við sjálfar yfirheyrslurnar, heldur eru þeir kallaðir til eftir á, ýmist er skýrslan er lesin upp eða þegar sá, sem er yfirheyrður, undirritar hann. Ég hefi engin fyrirmæli um það fengið frá yfirboðurum mínum um, að þessi háttur skuli hafður á“.

3. Hver var tilgangur með ferðum lögreglumanna inn í klefa Tryggva Rúnars Leifssonar og hvað fór þeim og Tryggva Rúnari á milli?

Svar: „Tryggvi Rúnar hafði oft samband við fangaverði og óskaði eftir að fá að tala við mig, bæði um málið og um persónuleg mál“.

Verjandi ákærða Tryggva Rúnars kvaðst ekki vilja leggja fleiri spurningar fyrir Sigurbjörn Víði.

Skúli Ævar Steinsson, fangavörður að Litla-Hrauni, Háeyrarvöllum 32, Eyrarbakka, kvaðst hafa verið fangavörður í fangelsinu við Síðumúla, á meðan ákærði Sævar Marinó var þar í gæsluvarðhaldi á árinu 1976. Skúli Ævar kvað hafa gengið mjög illa að fá ákærða Sævar Marinó til að þrifa sig og eins til að þrifa klefa sinn. Hann mundi eftir því, að einhvern tíma á meðan á gæsluvarðhaldinu stóð, neitaði ákærði að fara í bað og eins að þrifa klefa sinn. Kvaðst hann þá hafa tekið utan um ákærða og farið með hann fram á bað, sett hann þar inn og læst því. Ákærði fór í bað og þreif síðan klefa sinn á eftir. Síðan hlýddi ákærði Skúla Ævari alltaf um að þrifa sjálfan sig og klefa sinn. Ákærði var ekki beittur neinu harðræði í umrætt sinn, og ekki var minnst á mál þetta eða „Geirfinnsmálið“ í því sambandi, enda ekki í verkahring hans. Skúli Ævar taldi, að lýsing sú, sem ákærði gaf á meðferðinni á sér, væri fjarri öllu lagi.

Vegna fyrirnefnds bréfs Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns frá 14. september 1977 hafa verið lögð fram í málinu tvö svarbréf Arnar Höskuldssonar fulltrúa til dómsins.

Hið fyrra er dagsett hinn 22. september 1977 og hljóðar svo: „Ég hefi verið beðinn að skýra, hvernig standi á ferðum mínum inn í klefa til Tryggva Rúnars Leifssonar, á meðan hann var vistaður í fangelsinu að Síðumúla 28. Oftast fór ég inn í klefa að beiðni Tryggva sjálfs, og yfirleitt var erindið, að hann vildi sýna mér myndir þær, sem hann hafði teiknað og/eða málað. Tryggvi vildi líka alltaf gefa mér myndir eftir sig, og á ég nokkrar myndir eftir hann. Ég minnst þess ekki að hafa farið inn í klefa til hans nema samkvæmt hans beiðni, og var erindið oftast það, sem fyrr greinir. Yfirheyrslur fóru ekki fram í klefunum.“

Síðara bréfið, sem dagsett er hinn 27. september 1977, er á þessa leið:

„Í framhaldi af bréfi mínu, dags. 22. september s.l., vil ég taka fram, að ég get ekki upplýst, hvers vegna Tryggvi Rúnar var tekinn til yfirheyrslu í „ein 30 skipti, án þess að þeir bóki nokkuð um það“. Ég sjálfur yfirheyrði ekki Tryggva Rúnar, án þess að það væri bókað, og hafði alltaf votta viðstadda. Ég vil

geta þess, að ekki tíðkast að hafa votta viðstadda lögregluþyrifheyrslur, en þeir eru alltaf kallaðir til til þess að votta undirskrift undir skýrslu. Hvaða erindi lögreglumenn hafa átt við Tryggva Rúnar fram í yfirheyrsluherbergi í ein 30 skipti, get ég ekki sagt til um, en erindin geta verið mýmörg, án þess að um yfirheyrslu hafi verið að ræða, þó ekki væri nema til þess að spyrja hann, hvort hann hefði eitthvað nýtt Fram að færa, sem svo hafi ekki reynst vera neitt. Einnig er rétt að geta þess, að Tryggvi Rúnar bað lögreglumenn oft um viðtal, ef ég man rétt, og gæti verið, að þau viðtöl hafi farið fram í yfirheyrsluherbergi, en Tryggvi átti oft erindi við lögreglumenn, án þess að það kæmi málsrannsókninni beint við, svo sem biðja þá að koma skilaboðum til fjölskyldu sinnar o. s. frv.

Ég vona, að ég hafi svarað öllum spurningum, sem fram koma í bréfi Hilmaris Ingimundarsonar, með „þessu“.

J. Auk leitarferða þeirra að Guðmundi Einarssyni, sem farnar voru í janúar og febrúar 1974 og áður hafa verið raktar, hefur á árunum 1976 og 1977 að minnsta kosti 40 sinnum verið farið til leitar að líkamsleifum hans. Könnuð hafa verið víðlend svæði í hrauninu við Hafnarfjörð, á Álftanesi og víðar. Ákærðu Kristján Víðar, Sævar Marinó, Tryggvi Rúnar og Albert Klahn hafa æði oft verið í fylgd leitarmanna. Hefur ýmist verið leitað á ákveðnum stöðum að tilvísan þeirra eða skipulega á afmörkuðum, stærri svæðum. Rannsóknarlögreglumenn hafa einkum annast leitar þessar, en einnig hafa verið fengnir til liðsinnis fjölmennir leitarflokkar almennra lögreglumanna, skáta, björgunarsveitarmanna og fleiri aðilja. Loks hefur verið kannað eins rækilega og unnt var, hvort lík Guðmundar Einarssonar kynni að hafa verið grafið í Fossvogs- eða Hafnarfjarðarkirkjugörðum, og hafa rannsóknarmenn í þeim efnum notið hjálpsemi starfsmanna garðanna. Hinar víðtæku leitar hafa engan árangur borið til þessa. Starfsmenn sorphauga Hafnarfjarðar töldu leit þar tilgangslausa, jarðýta rótaði daglega í sorpinu, einnig logaði eldur oft í haugunum og brynni þá allt, sem brunnið gæti. Eins og fyrr er rakið, taldi Erla Bolladóttir, að lakinu, sem Guðmundur Einarsson var sveipaður í, hefði verið fleygt í sorptunnu við Hamarsbraut 11.

K. Samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands var Erla Bolladóttir á íbúaskrá að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði frá 15. ágúst 1973 og skráð þar til 29. janúar 1975, en síðan í Danmörku til 30. júní 1976, en þá er hún skráð að Grýtubakka 10, Reykjavík. Samkvæmt vottorði sömu stofnunar var ákærði Sævar Marinó Ciesielski hinn 1. desember 1972 á íbúaskrá að Grýtubakka 10, Reykjavík, og allt fram að 29. janúar 1975, er hann fer til Danmerkur. Hann var skráður aftur að Grýtubakka 10, Reykjavík, hinn 30. júní 1976.

Samkvæmt vottorði Magnúsar Eyjólfssonar, stöðvarstjóra Pósts og síma í Hafnarfirði, sem dagsett er hinn 1. mars 1977, mun Bolli Gunnarsson hafa verið skráður fyrir síma að Hamarsbraut 11 í janúarmánuði árið 1974. Í vottorði stöðvarstjórans segir enn fremur: „Á skuldalista gerðum af Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar 24/10 1973 er skuld á síma þessum að upphæð kr. 6.262.30. Skuld þessi er ennþá ógreidd á sams konar lista gerðum 01/02 1974, en inn á þann lista er fært með bleki, að skuldin sé greidd 6/2 (gjaldkeri DS.).“

Samkvæmt þessu hefði síminn átt að vera lokaður dagana 26. og 27. janúar 1974, en það skal tekið skýrt fram, að alls ekki er hægt að fullyrða, að svo hafi verið. Liggja til þess ýmsar ástæður. Í fyrsta lagi er algengt, að símnotandi fær síma sinn opnaðan gegn loforði um greiðslu á vissum tíma, í öðru lagi gæti sími verið opnaður í misgripum, og í þriðja lagi ganga það margir um þann stað, þar sem opnunin fer fram, og aðeins er um eitt handtak að ræða, að síminn gæti hafa verið opnaður af einhverjum“.

Af lögregluskýrslum, sem lagðar hafa verið fram í málinu og dagsettar eru í febrúar 1974, kemur fram, að ákærði Sævar Marinó Ciesielski hefur farið með flugvél til útlanda hinn 19. janúar 1974 og komið aftur hingað til lands hinn 23. janúar sama ár.

Einnig kemur fram í skýrslum þessum, að nokkrir lögreglumenn fylgdust með ferðum ákærða Sævars Marinós hérlendis frá 30. janúar og fram að 4. febrúar 1974, en þá var hann handtekinn vegna gruns um ólögmeta meðferð fíkniefna. Varð ákærða Sævari Marinó tíðförult að Grettisgötu 82, heimili ákærða Kristjáns Viðars, en einnig kom hann að Njálsgötu 44, heimili ákærða Alberts Klahn, sem og að Kópavogshæli, Vesturgötu 24 og Hamarsbraut 11. Í slagtogi með ákærða Sævari Marinó fyrrnefnda daga voru auk annarra þau Erla Bolladóttir, Helga Gísladóttir, Albert Klahn Skaftason og Hinrik Jón Þórisson.

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu ríkisspítalanna var Helga Gísladóttir við vinnu á Kópavogshæli frá klukkan 0730 til 1530 þann 26. janúar 1974 og frá klukkan 1230 til 2030 næsta dag og Jónína Ingibjörg Gísladóttir á áþekktum tíma.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Tryggva Þorsteinssonar, lækni á Borgarspítalanum, dagsett 2. mars 1977. Segir í vottorði þessu meðal annars:

„ . . . Þann 14/1 1974, kl. 00.15, kom framangreindur Tryggvi hingað á Slysadeild Borgarspítalans. Unnusta Tryggva og þrír piltar með henni komu með hann í einkabíl.

Við komuna var Tryggvi Rúnar meðvitundarlaus og svaraði engum sársaukastimulus. Ljósop voru þröng og svöruðu ekki ljósi, en útlímareflexar voru eðlilegir og öndun var regluleg. Samt sem áður blánaði sjúkl. upp, þannig að nauðsynlegt var að gefa honum súrefni, strax og hann kom.

Skv. upplýsingum stúlkunnar hafði Tryggvi tekið eitthvert ótiltekið magn af svefntöflum, einhvern tíma fyrir kl. 23 þetta kvöld. Sjúkl. var í yfirvofandi lífshættu vegna lyfjæitrunar, og var sett strax upp hjá honum infusion, gefið hjartastimulerandi meðul og honum gefið súrefni. Sérfræðingar af Lyflækn.deild voru tilkallaðir, og tóku þeir piltinn að sér, og var hann lagður inn á Gjörgæsludeild. Nákvæm líkamsskoðun var ekki gerð á sjúkl., þar sem aðalvandamálið var yfirvofandi shock, en í sjúkraskrá Lyfjæildar stendur: „Hefur merki um gamlan áverka á vi. augabrún. Hann er ekki hnakkastífur. Sár er á vi. hendi, o.g virðist það vera brunablöðrur, en engin merki eru um ígerð eða sýkingu í sárinu. Lófamegin á öðrum úlnliðnum er fínlegt, vel gróið ör, þversum“.

Sjúkl. var útskrifaður daginn eftir. Jafnaði hann sig fljótt úr þessu ástandi sínu og viðurkenndi að hafa tekið Mebumal svefntöflur.

Við skoðun við útskrift, í áðurnefndum Journal, stendur: „Ný skoðun leiðir ekkert markvert í ljós, utan brunasár á vi. hendi“. Tryggvi kom einu sinni eftir þetta til eftirlits á Slysadeild Borgarspítalans, og var það þann 21/1 1974.

Í sjúkraskrá hans stendur skrifað: „Mun hafa verið með brunasár á vi. hendi, þegar hann lagðist inn hér á spítalann. Sár þessi eru nú gróin og er sjúkl. útskrifaður . . .“

Í skýrslu rannsóknarlögreglu, dagsettri 13. janúar 1977, kom fram, að fólk það, sem bjó á miðhæð og í risi hússins Hamarsbrautar 11, sem og næstu grannar gátu ekkert um atvik málsins borið. Hjónin, sem bjuggu á miðhæðinni að Hamarsbraut 11, sögðu, að nokkrum sinnum hefði komið fyrir, að upp í íbúð

þeirra hefði borist hávaði úr kjallaraíbúðinni seint að kvöldi eða nóttu. Kvaðst konan þá gjarnan hafa stappað fæti í gólfíð og hávaðinn þá undantekningarlaust hljóðnað.

Rannsóknarlögreglan gerði víðtæka könnun á því í janúarmars 1977 hjá leigubifreiðastöðvum í Reykjavík og nágrenni, hvort unnt væri að tengja akstur einhverra leigubifreiða við atvik máls þessa, svo sem ferðir ákærða Sævars Marinós umrædda helgi, og var fjöldi bifreiðarstjóra yfirheyrður. Afgreiðslubækur margra bifreiðastöðva reyndust glataðar, og varð rannsókn þessi án árangurs.

Svo sem áður er rakið, hafði ákærði Kristján Viðar haldið því fram í yfirheyrslum hinn 7. apríl 1976 og einnig hinn 19. september sama ár, að í átökunum að Hamarsbraut 11 hefði Guðmundur Einarsson slitið tölu úr yfirfrakka hans. Við tæknilega rannsókn á frakkanum kom í ljós, að enginn hnappur hafði verið slitinn af honum.

Við yfirheyrslu hinn 22. október 1976 staðhæfði ákærði Kristján Viðar, að fyrri frásagnir hans um hnappinn væru réttar, en hann hefði misminnt um, af hvaða flík hnappurinn slitnaði. Kvaðst hann nú muna, að efri hnappur á leðurjakka, sem hann hefði verið í innan undir frakkanum, er verið hefði fráhnepptur, hefði ekki verið á eftir atburðinn að Hamarsbraut 11. Leðurjakki þessi komst í vörslur rannsóknarlögreglu, og reyndist þá enn hnappanna á honum vanta.

Rannsóknarlögreglan lagði hald á ýmsa muni, m. a. gólfteppi úr kjallaraíbúðinni að Hamarsbraut 11 sem og hreyfanlega hluti úr bifreið þeirri, sem ákærði Albert Klahn er sakaður um að hafa ekið líki Guðmundar Einarssonar í. Voru munir þessir og fyrrnefndur frakki ákærða Kristjáns Viðars sendir tæknideild rannsóknarlögreglunnar í Wiesbaden í Þýskalandi. Í skýrslu deildarinnar, sem dagsett er hinn 21. september 1976, segir meðal annars:

„ . . . Leit að blóði var gerð í smásjá og með benzidinprófi, sem gefur mjög góða svörun við forprófun. Rannsóknirnar leiddu eftirfarandi í ljós:

„... A dökkgræna frakkanum, sem Kristján Viðar Viðarsson á (4),

fannst á vinstra framstykki rétt við fóðurfaldinn fjórir blóðdropar að innanverðu. Þeir reyndust samkvæmt smásjárrannsókn vera blóð og samkvæmt líffræðilegri eggjahvítugreiningu, Ulenluthprófi, vera mannsblóð. Rannsókn skv. gleypni-skolunaraðferð (Absorptions-Elutions) sýndi blóðflokk A. Vegna þess hve lítið magn var af efninu, reyndist ekki unnt að gera nánari greiningar.

Margir hl.utar úr klæðningunni voru fyrir hendi. Einn hlutinn var með merki, þar sem stóð: Úr VW bifr. Innan af vinstri hurð. Það var úr rífluðu gerfileðri, grænu-grábrúnu-grænu á lit. A nokkrum stöðum fundust svartar leifar, sem gáfu jákvæða svörun við Benzidin blóðforprófi. Ekki var hægt að gera nánari blóðgreiningu, en þó tókst að fá sönnun fyrir eggjahvítuefni úr manni. Það bendir til þess, að um mannsblóð sé að ræða. Nánari rannsóknir leiddu ekki neitt sérstakt í ljós. Hugsanlegt er, að hér sé um að ræða leifar af miklu meira blóðmagni.

Gólfteppið úr íbúðinni að Hamarsbraut 11, Hafnarfirði, var rannsakað mjög nákvæmlega til að leita að sporum, sem gætu bent á verknaðinn. Vegna mikilla óhreininda reyndist mjög erfitt að gera rannsóknirnar. Við teppið voru nokkrar matarleifar fastar, en þær hafa enga þýðingu í þessu máli.

Á hluta teppisins úr forstofu íbúðarinnar fannst þykkur blóðdropi. Blóðvatnspróf sýndi, að hann var mannsblóð. Vegna mikilla óhreininda reyndist ekki unnt að gera nánari greiningu á honum."

Þar sem ekki hafði reynst unnt að grafast fyrir um héraendis, í hvaða blóðflokki Guðmundur Einarsson hafði verið, var hárbursti hans og höfuðhár úr móður hans send fyrirnefndri tæknideild í Þýskalandi, og segir í rannsóknarskýrslu hennar meðal annars:

„ . . . Hárburstinn með stálhárunum var skv. bréfinu eingöngu notaður af þeim myna, á meðan hann lifði. Eftir lát Guðmundar var burstinn ekki hreinsaður og eingöngu notaður af móður hans. Komast átti að því, hvort blóðflokkagreining væri möguleg af hárum, sem loddu við burstann. Höfuðhár móðurinnar voru höfð til samanburðar til þess að finna mismun á þeim og hárunum í burstanum.

U. þ. b. 150 mennsk höfuðhár voru föst við burstann. Í þeim voru ljósar, meðal- og dökkbrúnar einingar með merg, sem voru þéttsetnar litarefnum. Við rannsókn með og án smásjár kom í ljós, að í höfuðhárum móðurinnar voru sams konar einingar. Eini munurinn á þeim og hárunum í burstanum var sá, að minna var í þeim af ljósbrúnum formum.

Af því mátti draga þá ályktun, að í burstanum væru auk höfuðhára móðurinnar höfuðhár af öðrum, hugsanlega syni hennar, Guðmundi. Ekki var hægt að gera greinarmun á byggingu þeirra (morphologische Differenzierung) vegna þess, hve hárin voru lík. Þess vegna varð að gera blóðvatnsprófun (serologisch) á hárunum í burstanum sem heild.

Allt efnið var því hreinsað, skorið í smátt og rannsakað með gleypni og skolunaraðferðum með tilheyrandi samanburði (Absorptions-Elutionsverfahren). Efnið nægði til þess að gera á því 10 prófanir. Í hverri fundust A- og B-efni. Þar sem móðir G. er í B-blóðflokki, geta A-efnin ekki verið frá henni, heldur kemur þar eingöngu til greina fólk, sem hefur blóð, sem inniheldur A-efni, þ. e. a. s. fólk, sem er í A- eða AB-blóðflokki. Ef í burstanum voru örugglega engin önnur hár en þess myrta og móður hans, hefur Guðmundur samkvæmt því verið í A- eða AB-blóðflakki . . ."

Blóðsýni voru tekin úr ákærða Kristjáni Viðari, Sævari Marinó, Tryggva Rúnari og Erlu Bolladóttur á Rannsóknastofu Háskólans við Barónsstíg. Við rannsókn á þeim reyndist ekkert þeirra vera úr A blóðflokki.

K. Á dómþingi sakadóms hinn 21. mars 1977 var eftirfarandi meðal annars bókað um meðferð málsins:

„Dómarar máls þessa fengu það til meðferðar skv. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 74/1974 hinn 15. þ. m. Ákæra var gefin út í málinu 8. desember 1976, og fengu dómarar það í hendur til athugunar 15. s. m., en fyrir þann tíma höfðu þeir engin afskipti haft af því. Við yfirlestur skjala málsins kom í ljós, að rannsókn málsins var í ýmsum atriðum verulega áfátt. Sakarefni í I. kafla ákæru hafði lítils háttar verið rannsakað fyrir dómi, en aðrir þættir ekki, að undanskildum þeim, sem dómstóllinn í málinu út af ávana- og fíkniefnum hafði haft til meðferðar. Hefur að undanförunni verið reynt að bæta úr þessu, áður en fjölskipaður dómur tæki málið til meðferðar. Rannsóknarlögreglumönnum Gísla Guðmundssyni, Kristmundi Sigurðssyni og Hellert Jóhannessyni var falin áframhaldandi rannsókn sakarefnis, er í I. kafla ákæru greinir, hinn 12. janúar s.l., og hafa dómarar málsins fylgst með rannsókninni.

Í gæsluvarðhaldi eru nú ákærðu Kristján Viðar Viðarsson, Sævar Marinó Ciesielski, Tryggvi Rúnar Leifsson og Guðjón Skarphéðinsson. Ákærða Albert Klahn Skaftasyni var sleppt úr gæsluvarðhaldi fyrir útgáfu ákæru, og Erlu Bolladóttur var sleppt úr haldi 22. desember s.l. án vitundar dómaranna. Ákærði Tryggvi Rúnar hefur verið í gæsluvarðhaldi í fangelsinu í Síðumúla að undanskildu því, að frá

17/7-4/8, 9/8-30/8. 11/1116/12 og 17/12 1976 til 14/1 1977 var hann í svokallaðri lausagæslu í Vinnuhælinu að Litla-Hrauni. Virðist gæsluvarðhald hans að Litla-Hrauni hafa verið mjög frjálst og framkvæmd þess í aðalatriðum verið svo sem um venjulegan refsifanga væri að ræða skv. upplýsingum fangavarda að Litla-Hrauni. Ákærði var fluttur að tilhlutan dómara í fangelsið við Síðumúla 14/1 .1. Hinn 31. janúar s.l. var ákærði Sævar Marinó fluttur úr fangelsinu við Síðumúla í Hegningarhúsið við Skólavörðustíg að dómurum málsins fornspurðum og settur í klefa við hliðina á ákærða Tryggva Rúnari. Hafa engar skýringar fengist á tiltæki þessu, en að sögn Valdimars Guðmundssonar, yfirfangavardar, er hljóðbært milli klefa í Hegningarhúsinu. Að tilhlutan dómara hefur þessu verið breytt. Ákærði Kristján Viðar hefur tvisvar gert tilraunir til að svipta sig lífi, og hefur verið höfð sérstök vakt yfir honum."

Dómarar taka fram, að hinn 16. mars 1977 hafi þeir farið í vettvangsskoðun til Hafnarfjarðar. Var þá meðal annars komið að Hamarsbraut 11 þar í bæ og húsakynnin skoðuð.

Niðurstöður. Ákærðu Kristján Viðar Viðarsson, Sævar Marinó Ciesielski og Tryggvi Rúnar Leifsson skýrðu allir frá því, mjög fljótlega eftir að rannsókn máls þessa hófst hinn 20. desember 1975, að þeir hefðu verið staddir saman í húsi einu seint í janúar 1974 ásamt fjórða manni, sem ákærði Kristján Viðar sagði fljótlega, að hefði verið Guðmundur Einarsson, sem hann þekkti. Hefðu þar orðið átök, sem leiddu til dauða Guðmundar. Fyrir miðjan janúar 1976 lágu fyrir afdráttarlausar játningar allra ákærðu bæði hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi um þetta, sem bar saman í veigamiklum atriðum. Ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marinó og Albert Klahn Skaftason skýrðu einnig frá flutningi líks Guðmundar í hraunið fyrir sunnan Hafnarfjörð sömu nótt, en ákærði Tryggvi Rúnar kvaðst ekki muna eftir því.

Lík Guðmundar Einarssonar fannst ekki, og var rannsókn haldið áfram Fram eftir árinu 1976. Voru ákærðu Kristján Viðar og Sævar Marinó sífellt að breyta framburðum sínum um átökin að Hamarsbraut 11 og um flutninga á líki Guðmundar. Þeim bar þó ætíð saman um, að átök hefðu orðið, sem leitt hefðu til dauða Guðmundar, en frásagnir þeirra voru mjög reikular, einkum um eigin þátt þeirra í málinu. Á þessu tímabili breytti ákærði Tryggvi Rúnar engu efnislega frá fyrri framburðum sínum.

Eftir útgáfu ákæru og við meðferð málsins hafa ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marinó og Tryggvi Rúnar hins vegar horfið algerlega frá fyrri framburðum sínum og neita nú með öllu aðild að eða vitneskju um hvarf Guðmundar Einarssonar.

Ákærði Tryggvi Rúnar neitaði þegar í fyrsta þinghaldi, sem hann mætti í við málsmeðferðina hinn 30. mars sl., að hann hefði nokkurn tíma komið að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði eða tekið þátt í átökum við Guðmund Einarsson.

Þegar ákærði Sævar Marinó kom fyrir dóminn hinn 2a. mars sl., skýrði hann í fyrstu frá ferðum sínum að kvöldi 26. janúar 1974, komu sinni að Hamarsbraut 11 næstu nótt og átökum við Guðmund Einarsson. Þegar ákærði var spurður nánar um eigin þátt í átökunum, sneri hann við blaðinu og neitaði með öllu að hafa komið að Hamarsbraut 11 um nóttina eða vita nokkuð um málið.

Ákærði Kristján Viðar gaf rækilega skýrslu fyrir dómnum hinn 25. mars sl., þar sem hann lýsti átökum að Hamarsbraut 11 við Guðmund Einarsson, sem leitt hefðu til dauða hans, og flutningi á líki hans í hraunið við Hafnarfjörð þá um nóttina. Hélt ákærði fast við framburð sinn með minni háttar breyting-



um í síðari sampröfun við meðákærðu og vitni. Hinn 29. september sl, kom hann að eigin ósk fyrir dóminn og kvaðst ekkert vita um hvarf Guðmundar Einarssonar.

Ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marinó og Tryggvi Rúnar halda því fram, að fyrri framburðir þeirra um atvik máls þessa séu komnir frá rannsóknarmönnum og hafi verið fengnir með þvingunum og hótunum af þeirra hálfu. Hafi þeir sætt illri og löglausri meðferð rannsóknarmanna og fangavarða. Rannsókn dómsins á þessum kæruatriðum hefur ekki rennt stoðum undir þessar fullyrðingar. Á hinn bóginn hefur ýmislegt komið fram í gögnum málsins um, að gott samband hafi yfirleitt verið milli ákærðu og rannsóknarmanna.

Ákærði Kristján Viðar kom fyrir dóm 22. mars 1976 að viðstöddum réttargæslumanni sínum og skýrði þá frá þætti sínum í átökunum. Bar hann engar ásakanir fram vegna fyrri yfirheyrslna.

Ákærði Sævar Marinó skýrði fyrst frá aðild sinni að máli þessu hjá rannsóknarlögreglu á allra fyrstu dögum rannsóknarinnar, eða hinn 22. desember 1975. Gaf hann skýrslu í framhaldi af því hinn 4. janúar 1976, og var réttargæslumaður hans viðstaddur í bæði skiptin. Engar kvartanir eða athugasemdir komu Fram vegna þessara yfirheyrslna. Ásakanir ákærða Sævars Marinós á hendur rannsóknarmönnum og fangavörðum lúta að því er virðist að atvikum, sem gerðust löngu síðar, og verður vart séð, að hverju þvinganir hefðu þá átt að miða, þar sem játning ákærða lá fyrir.

Ákærði Tryggvi Rúnar gaf sjálfstæða skýrslu um mál þetta fyrir dómi hinn 30. apríl 1976, þar sem hann skýrði frá þætti sínum í málinu að viðstöddum réttargæslumanni, og hafði þá engar kvartanir Fram að færa.

Ekki verður annað ráðið af skýrslum rannsóknarlögreglu um mál þetta en ákærðu hafi skýrt frá málsatvikum sjálfstætt og hver í sínu lagi.

Eftir að ákærðu breyttu framburðum sínum, héldu þeir því fram, að þeir hefðu verið annars staðar en að Hamarsbraut 11 umrædda nótt, en engar sannanir eða líkur hafa komið fram um það.

Þar sem ákærðu hafa ekki fært fram nein haldbær rök til stuðnings breytingum á fyrri framburðum sínum, verður breytingunum hafnað. Framburðir þeirra í upphafi rannsóknar fyrir dómi verða lagðir til grundvallar við úrlausn málsins og jafnframt höfð hliðsjón af efnislegum framburðum þeirra um málið við meðferð dómsins á því.

Svo sem áður er rakið, fór Guðmundur Einarsson frá heimili sínu að Hraunprýði, Blesugróf, Reykjavík, klukkan um 2000 laugardagskvöldið 26. janúar 1974. Með vættum sex vitna þykir í ljós leitt, að Guðmundur Einarsson hafi verið á dansleik í Alþýðuhúsinu í Hafnarfirði og verið undir áhrifum áfengis um kvöldið og nóttina, en vitnin geta ekki nána borið um, hvenær hann fór á brott af dansleiknum.

Eitt vitni hefur staðhæft, að það hafi séð mikið ölvaðan mann á ferli neðst á Reykjavíkurvegi. litlu eftir lokun samkomuhúsa þessa nótt. Var það ekki í neinum vafa um af mynd, er það sá af Guðmundi í blöðum næstu daga, að um hann hefði verið að ræða. Gat vitnið lýst rétt klæðnaði og útliti Guðmundar. Þá staðhæfa tvö vitni, sem bæði þekktu Guðmund Einarsson, að þau hafi séð hann á gangi um Strandgötu í Hafnarfirði í nánd við Skiphól klukkan um 0200 greinda nótt í fylgd með manni, er þau telja, að hafi verið ákærði Kristján Viðar Viðarsson. Þeir hafi verið ölvaðir og reynt að stöðva bifreiðar, sem fram hjá fóru. Við sabbendingu töldu bæði vitnin ákærða Kristján Viðar líkjast mjög manni þeim, er verið hefði með Guðmundi. Á dómþingi hinn 25. mars 1977 lýsti ákærði Kristján Viðar

því yfir, að framburður vitnanna gæti verið réttur. Verður samkvæmt framansögðu að telja þetta atriði sannað.

Ákærði Kristján Viðar hefur fyrir dómi skýrt frá því, að síðla kvölds hinn 26. janúar 1974 hafi ákærðu Tryggvi Rúnar og Albert Klahn komið heim til hans að Grettisgötu 82 og vitnið Gunnar Jónsson verið í fylgd með þeim. Þeir ákærðu Tryggvi Rúnar hafi neytt áfengis og fíkniefna. Um miðnætti hafi þeir allir farið út saman og ákærði Albert Klahn ekið þeim á milli skemmtistaða hér í borg, en síðan að starfsmannahúsi Kópavogshælis, þar sem hann hafði tal af ákærða Sævari Marinó, og loks að veitingastaðnum Skiphóli í Hafnarfirði, en þangað hafi verið komið klukkan rösklega 0200 um nóttina. Ákærði Kristján Viðar fullyrðir, að þeir ákærði Tryggvi Rúnar hafi stigið þar út úr bifreiðinni og litlu síðar hitt Guðmund Einarsson, sem verið hafi gamall skólabróðir hans. Ákærði Kristján Viðar gat réttilega lýst klæðnaði .Guðmundar. Þeir þrír hafi síðan farið að bifreiðinni til ákærða Alberts Klahn, sem sagst hafi kannast við Guðmund, en þó ekki viljað aka þeim til Reykjavíkur og horfið á brott ásamt Gunnari Jónssyni. Hafi þeir þá farið að veifa bifreiðum í því skyni að fá far til Reykjavíkur, ákærði Tryggvi Rúnar orðið viðskila við þá Guðmund nokkra stund og farið á bak við skúra við Strandgötu, rétt við veitingastaðinn Skiphól, þar sem þeir töldu minni líkur á því, að þeir gætu stöðvað bifreiðar og fengið far, ef þeir væru allir þrír saman. Ekki tókst þeim Guðmundi þó að fá nokkra bifreið til að nema staðar, og gengu þeir þrír því heim til ákærða Sævars Marinós að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði í því skyni að fá hjá honum lán fyrir leigubifreið til Reykjavíkur. Enginn hafi verið heima að Hamarsbraut 1. Þeir ákærði Albert Klahn og Gunnar Jónsson hafi komið þangað litlu síðar, en ákærði Sævar Marinó örskömmu þar á eftir, og gat ákærði Kristján Viðar ekki séð, að hann væri undir áhrifum áfengis eða lyfja.

Framburðir þeirra ákærða Alberts Klahn og Gunnars Jónssonar eru í meginatriðum samhljóða þessari frásögn ákærða Kristjáns Viðars. Ákærði Albert Klahn kveðst ekki hafa kannast við Guðmund Einarsson, en fullyrðir, að það hafi verið hann, sem var í fylgd með ákærðu Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari. Gunnar Jónsson, sem sýnd var mynd af Guðmundi Einarssyni, kveður vel geta verið, að hann hafi verið maður sá, sem kom að bifreiðinni til þeirra ákærða Alberts Klahn við Skiphól, þótt hann væri ekki algerlega öruggur um það. Sagði hann, að sami maður og þeir hittu við bifreiðina hafi síðar komið að Hamarsbraut 11. Gunnar Jónsson kveðst hafa neytt áfengis greint sinn. Ákærði Albert Klahn staðfesti það og einnig, að Guðmundur Einarsson hefði verið drukkinn. Ákærði Albert Klahn sagði ákærðu Kristján Viðar og Tryggva Rúnar hafa verið undir áhrifum áfengis og lyfja, en sjálfur hafi hann verið alsgáður og ekki séð áhrif á ákærða Sævari Marinó.

Ákærði Sævar Marinó hefur fyrir dómi skýrt frá því, að hann hafi komið að Grettisgötu 82 klukkan um 2000 að kvöldi laugardagsins 26. janúar 1974 og þeir Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar, Albert Klahn og Gunnar Jónsson verið þar. Ákærði Sævar Marinó kveðst síðar um kvöldið hafa farið í starfsmannahús við Kópavogshælið og fjórmenningarnir komið þangað um miðnættið á bifreið ákærða Alberts Klahn. Hann hafi hitt þá aftur klukkan um 0200 um nóttina, þegar hann kom heim til sín að Hamarsbraut 11, og þá hafi verið í för með þeim einhver maður, sem hann hefði ekki þekkt, en taldi eflaust eftir að hafa séð mynd af Guðmundi Einarssyni, að u,m hann hefði verið að ræða. Hann lýsti réttilega klæðnaði Guðmundar. Ákærði Sævar Marinó kveðst sjálfur hafa verið mikið undir áhrifum áfengis. Hann taldi, að ákærðu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hefðu verið ölvaðir og undir áhrifum lyfja, Gunnar Jónsson og -Guðmundur Einarsson verið drukkinn, en ákærði Albert Klahn virst alsgáður.

Á dómþingi hinn 11. janúar 1976 kveðst ákærði Tryggvi Rúnar ekki muna, hvernig staðið hafi á veru hans að Hamarsbraut 11 umrætt sinn, og á dómþingi hinn 31. mars 1977 gat hann ekki fullyrt, hvort hann hefði verið fyrr um kvöldið heima hjá ákærða Kristjáni Viðari og síðan farið með honum, ákærða Albert Klahn og Gunnari Jónssyni á ýmsa skemmtistaði og að Kópavogshæli, en þangað sagðist hann einu sinni hafa komið og gæti það hafa verið í bifreið ákærða Alberts Klahn. Ákærði Tryggvi Rúnar lýsti herbergjaskipan réttilega að Hamarsbraut 11 í framburði sínum 9. janúar 1976 hjá rannsóknarlögreglu og staðfesti frásögn sína í dómi hinn 11. sama mánaðar, enda þótt hann hafi síðar haldið því fram, að hann hafi aldrei komið þangað.

Í gögnum málsins kemur ekkert fram um það, að búið hafi verið að taka ákvörðun um að svipta Guðmund Einarsson lífi, áður en komið var að Hamarsbraut 11. Virðist það hafa verið af tilviljun, að ákærðu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hittu Guðmund í Hafnarfirði og að hann fór með þeim þangað.

Ekki er við annað að styðjast um átökin milli ákærðu Kristjáns Viðars, Sævars Marinós og Tryggva Rúnars annars vegar og Guðmundar Einarssonar hins vegar að Hamarsbraut 11 en framburði þeirra, framburð ákærða Alberts Klahn og Gunnars Jónssonar. Framburður Erlu Bolladóttur um það, er hún sá að Hamarsbraut 11 síðar þessa nótt, styður og játningar ákærðu.

Í framburðum ákærðu Kristjáns Viðars, Sævars Marinós, Alberts Klahn og vitnisins Gunnars Jónssonar kemur fram, að tilefnið til átakanna hafi verið það, að ákærðu hafi viljað fá Guðmund til að leggja út peninga fyrir áfengisflösku, en hann hafi ekki viljað á það fallast. Ákærði Tryggvi Rúnar talar hins vegar um ósamkomulag og fúkyrði. Þá greinir ákærði Kristján Viðar frá því, að Guðmundur hafi kallað þá „dópista“ og talað um „dópistabæli“. Einnig kemur fram, að reynt hafi verið að ná veski Guðmundar af honum, en hann snúist til varnar. Ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marinó og Tryggvi Rúnar hafa allir borið, að þeir hafi lent í átökum við Guðmund. Kemur þetta og fram í framburði ákærða Alberts Klahn, og vitnið Gunnar Jónsson greinir frá átökum, sem það getur þó lítið borið um.

Ákærðu ber öllum saman um, að ákærðu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi barið Guðmund með hnefunum, uns hann féll í gólfið. Þá hafa ákærðu Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og Sævar Marinó samhljóða borið, að hinn síðastnefndi hafi sparkað í höfuð Guðmundar, eftir að hann féll. Ekki er unnt að slá föstu, hver ákærðu veitti Guðmundi áverka þá, er leiddu til dauða hans, en þeir beittu hann allir líkamlegu ofbeldi. Ákærðu gerðu ekkert til aðstoðar Guðmundi, eftir að hann var fallinn, né kvöddu aðra til hjálpar honum.

Ákærði Kristján Viðar hefur neitað að hafa stungið Guðmund með hníf eða byssusting, eins og hann hélt fram um tíma við rannsóknina. Meðákærðu kannast ekki við þetta. Var fallið frá þessu ákæruatriði af hálfu ákæruvalds á hendur ákærða Kristjáni Viðari í málflutningi, og kemur það ekki frekar til álita.

Erla Bolladóttir kveðst hafa komið heim til sín að Hamarsbraut 11 umrædda nótt á tímanum frá kl. 03-04, og hefur sá framburður hennar nokkurn stuðning eins vitnis. Hafi enginn verið í íbúðinni, en ummerki bent til, að menn hafi komið þar, eftir að hún fór þaðan, m. a. hefði hellst niður úr sykarpoka og lak verið horfið úr rúmi hennar. Ákærðu hafa sagt, að þeir hafi farið á brott um stund eftir árásina á Guðmund. Skömmu eftir að Erla kom heim, kveðst hún hafa orðið vör við umgang í íbúðinni og séð ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marinó og Tryggva Rúnar vera að fást við mannlíkama, er vafinn var inn í lakið úr rúminu. Ákærðu hafi borið manninn út úr húsinu, en hún hafi ekki orðið vör

við neina bifreið og aldrei séð þá Albert Klahn og Gunnar Jónsson. Framburðir ákærðu og Erlu eru í meginatriðum samhljóða um þetta.

Ákærðu tóku þá ákvörðun að leyna verknaði sínum og flytja Guðmund, er þeir töldu látinn, frá Hamarsbraut 11 í hraunið fyrir sunnan Hafnarfjörð á bifreið Alberts Klahn. Földu þeir hann þar. Eru framburðir ákærðu Kristjáns Viðars, Sævars Marinós og Alberts Klahn í meginatriðum samhljóða um þetta, og þykir verða að leggja þá til grundvallar.

Lík Guðmundar hefur ekki fundist þrátt fyrir mikla leit. Hafa framburðir ákærðu um felustað líksins verið óljósir og reikulir. Tæp tvö ár liðu frá hvarfi Guðmundar, uns grunur beindist

að ákærðu, og hafa engin sýnileg sönnunargögn fundist, er tengi ákærðu óyggjandi við verknaðinn.

Eins og áður er frá greint í málsatvikalýsingu, fundust :blóðdropar í frakka þeim, sem ákærði Kristján Viðar taldi sig hafa verið í umrædda nótt, og reyndust þeir vera af blóðflokki A. Geta þeir ekki verið úr ákærða sjálfum eða meðákærðu, en samkvæmt rannsókn, sem fram fór, getur blóðflokkur Guðmundar heitins Einarssonar hafa verið A eða AB.

Á hluta teppis úr forstofu íbúðarinnar að Hamarsbraut 11 fannst þykkur blóðdropi, sem reyndist mannsblóð, en ekki var unnt að greina, af hvaða flokki það var.

Vitni, er var að Hamarsbraut 11 um mánaðamótin janúar og febrúar 1974, hefur borið, að það hafi séð blóðbletti á gólfteppi í svefnherbergi, á legubekk og víðsvegar um herbergið.

Að lokum fannst blóð, sem líklegt er talið, að sé mannsblóð, innan á klæðningu úr Volkswagen bifreið þeirri, er ákærði Albert Klahn kveðst hafa ekið ákærðu í með lík Guðmundar, en ekki var unnt að greina blóð þetta nánar.

Einkahagir Guðmundar Einarssonar hafa verið kannaðir, en ekki verður séð, að þeir geti á nokkurn hátt skýrt hvarf hans. Hann var að sögn kunnugra heilbrigður og óáleitinn maður.

Fram er komið í málinu, að ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marinó, Tryggvi Rúnar og Albert Klahn þekktust á þessum tíma og höfðu umgengist nokkuð.

Með eigin játningum ákærðu Kristjáns Viðars, Sævars Marinós og Tryggva Rúnars og öðrum gögnum málsins, sem hér að framan hafa verið rakin, telst lögfull sönnun fram komin fyrir því, að ákærðu hafi veist að :Guðmundi Einarssyni með líkamlegu ofbeldi og misþyrmt honum svo, að hann hlaut bana af, en síðan falið lík hans.

Þótt ákærðu vilji ekki viðurkenna, að árásin á Guðmund hafi verið gerð í því skyni að svipta hann lífi, var hún með þeim hætti, að ákærðu mátti vera ljóst, að hún gat leitt til dauða. Verður því að telja, að ásetningur þeirra hafi verið fyrir hendi og að þeir beri sameiginlega ábyrgð á dauða Guðmundar.

Framangreint atferli ákærðu Kristjáns Viðars, Sævars Marinós og Tryggva Rúnars varðar við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Albert Klahn er ákærður fyrir eftirfarandi hlutdeild í fyrrgreindum verknaði ákærðu Kristjáns Viðars, Sævars Marinós og Tryggva Rúnars með því að veita þeim liðsinni við að fjarlægja og koma líki Guðmundar fyrir á ókunnum stað og þannig leitast við að afmá ummerki brotsins bæði þegar fyrr-

greinda nótt og síðar síðla sumars sama ár. Þykir hann hafa gerst brotlegur við 211. gr., sbr. 22. gr., 4. mgr., sbr. 1. mgr., hegningarlaganna svo og við 112. gr., 2. mgr., sömu laga.

Telja verður sannað með eigin játningu ákærða Alberts Klahn og framburðum ákærðu Kristjáns Viðars og Sævars Marinós, að hann hafi aðfaranótt 27. janúar 1974 ekið frá Hamarsbraut 11 í bifreið, sem hann hafði til umráða, með Guðmund Einarsson, sem ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marinó og Tryggvi Rúnar báru út í bifreiðina. Var ekið í hraunið sunnan Hafnarfjarðar, einkum að fyrirlagi ákærða Sævars Marinós, þar sem ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marinó og Tryggvi Rúnar báru Guðmund á brott frá bifreiðinni og komu honum fyrir í hrauninu.

Eins og rakið hefur verið í málsatvikalýsingu hér að framan, kom í ljós eftir útgáfu ákæru og þegar meðferð dómsins á málinu var hafin, að ákærði Albert Klahn og vitnið Gunnar Jónsson voru staddir að Hamarsbraut 11, þegar margumrædd átök áttu sér þar stað, án þess þó að séð verði, að þeir hafi tekið nokkurn þátt í þeim. Fóru þeir af staðnum rétt í þann mund, er átökunum lauk. Ákærði Albert Klahn hefur sagt, að honum hafi ekki verið ljóst, er þeir fóru af staðnum, hvort Guðmundur hafi verið látinn eða ekki, en sá, að hann lá hreyfingarlaus. Ók ákærði Gunnari heim og hélt síðan aftur að Hamarsbraut 11, en fór þá ekki inn í húsið. Fór fyrrgreindur flutningur fram í framhaldi þessa.

Ákæruvaldið gaf ekki út framhaldsákæru á hendur ákærða Albert Klahn vegna hinna nýju upplýsinga um, að hann hafi verið viðstaddur átökin. Við úrlausn á þætti hans verður því að byggja á verknaðarlýsingu í ákæru, en hún nær ekki til annars en þess, er gerðist, eftir að ákærði kom öðru sinni að Hamarsbraut 11.

Kemur þá til álita, hvort brot ákærða, svo sem því er lýst í ákæru, geti varðað við 211. gr., sbr. 4. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga, þ. e. hvort hann hafi með verknaði sínum gerst sekur um svokallaða eftirfarandi hlutdeild í broti meðákærðu. Fyrrgreint lagaákvæði gerir ráð fyrir tveimur skilyrðum til þess, að um þetta geti verið að ræða, þ. e. að maður hafi annað hvort notið hagnaðar af broti eða haldið við ólögmetu ástandi, er skapaðist vegna brotsins. Ekkert er komið fram um, að ákærði hafi notið hagnaðar af brotinu, og kemur ákvæðið því ekki til greina að því leyti um brot hans. Leggja verður þann framburð ákærðu til grundvallar, að Guðmundur hafi verið látinn, er hann var fluttur frá Hamarsbraut 11. Brot meðákærðu var fullframið, þegar þeir höfðu svipt Guðmund lífi, þannig að verknaður og afleiðing féllu saman. Var því ekki fyrir hendi neitt ólögmett ástand, sem ákærði Albert Klahn get breytt nokkru um. Getur verknaður hams því ekki fallið undir lagaákvæði þetta, og ber að sýkna hann af ákæru um brot á því.

Eins og verknaðarlýsing ákæru er háttað, verður ákvæði 2. mgr. 221. gr. hegningarlaga um atferli ákærða ekki beitt.

Hins vegar var ákærði með verknaði sínum að tálma rannsókn á broti meðákærðu, og varðar það atferli hans við 2. mgr. 112. gr. almennra hegningarlaga.

Frásagnir ákærðu Alberts Klahn, Kristjáns Viðars og Sævars Marinós um flutning á líki Guðmundar Einarssonar síðla sumars 1974 á enn annan stað eru svo óljósar, reikular og ósamhljóða og sakaratriði þessu að öðru leyti svo háttað, að ekki þykir unnt að telja slíkan flutning sannaðan. Ber því að sýkna ákærða Albert Klahn að því er það ákæruatriði varðar.

## II.

1. Sunnudaginn 12. mars 1972, kl. 2055, var lögreglunni á Selfossi tilkynnt um eldsvoða í Vinnuhælinu að Litla-Hrauni. Kl. 2140 þá um kvöldið var óskað aðstoðar hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík vegna máls þessa, og fóru rannsóknarlögreglumennirnir Njörður Snæhólm, Haukur Bjarnason og Sævar Jóhannesson strax austur að Litla-Hrauni. Þegar þeir komu þangað um kl. 2330, var búið að ráða niðurlögum eldsins, sem hafði verið í þurrkherbergi og þvottahúsi í risi gamla hælísins. Verið var að flytja fangana til Reykjavíkur, því að allt var ljóslaust. Gamla hælið var hitalaust og gangar þröskuldafullir af vatni, sem rann niður alla stiga og niður í kjallara. Einnig rann vatn niður í gegnum raflagnir í loftum. Ekki var unnt að hefja rannsókn á tildrögum eldsvoðans þegar um kvöldið vegna erfiðra aðstæðna og ljósleysis, en næsta dag var rannsókn hafin.

Haukur Bjarnason rannsóknarlögreglumaður framkvæmdi vettvangsrannsókn á brunastaðnum, og kemur eftirfarandi m. a. fram í skýrslu hans um rannsókn þessa:

Eldurinn hafði verið í risi gamla hússins, en þvottaherbergi austast í því hafði brunnið mest. Herbergi þetta er risbyggt og er byggt þversum á austasta enda hússins. Á sinn hvorum gafli herbergisins eru litlir gluggar, sem eru í 40 cm hæð frá gólfi á miðjum vegg. Var gler í báðum gluggum og hafði ekki sprungið vegna hitans. Loftrásarop (túða) er upp úr herbergi þessu upp úr miðju þakinu. Loftrás þessi er úr járni, en hefur verið klædd að innan með timbri. Öll timburklæðning innan úr loftrásinni var brunnin. Þakið var þannig byggt, að yst var bárujárn, síðan tjörupappi og klæðning þar á sperrur. Innan á sperrur var klætt með timbri og þar fest á vírnet, sem síðan hefur verið múrhúðað á. Brunnið var allt timbur bæði sperrur og klæðning efst í loftinu og brunnið niður eftir þekjunni niður í um 180 cm hæð frá gólfi. Múrhúðun lá öll inni á gólfi, en járneið hafði orðið fyrir miklum hita og því undist og rifnað. „Spíssarnir“ á báðum göflum hafa verið úr tré, og voru þeir báðir brunnicir, en tréklæðning þeirra var nærri metra frá risoddi og niður á steypa veggina. Ofnar, sem voru við sinn hvorn gafli, voru lítills háttar sviðnir efst, en höfðu ekki orðið fyrir miklum hita.

Inni í herberginu var rafmagnshitapottur ásamt tveim rafknúnum þvottavélum, og mums skemmdir hafa orðið á öllum þessum tækjum.

Raflagnir, sem altar voru utanálíggjandi, voru að mestu brunnar, þannig að einangrun þeirra var brunnin af. Haukur fór yfir rafmagnsleiðslurnar ásamt rafvirkja hælísins, Guðjóni Pálssyni, Heiðmörk 52, Hveragerði, og gátu þeir hvergi séð, að sambruni væri á leiðslunum. Guðjón skýrði frá því, að í janúar sama ár hefði hann endurnýjað altar rafleiðslur þarna í húsinu og sett nýjar í stað þeirra gömlu. Hafi hann endurnýjað öll perustæði og tengla og sett rakapétt raf- og tengitæki á öllum stöðum í þvotta- og þurrkherbergi. Auk þess hafi hann sett lekastraumsrofa á rafkerfi hússins.

Næsta herbergi vestan við þvottaherbergið er þurrkherbergi. Hurð þar á milli opnast inn í þvottaherbergið og var nokkuð brunnin að ofanverðu og niður undir miðju á þeirri hlið, er fram sneri, en einungis sviðin á þeirri hlið, er sneri að vegg. Hurðarkarmurinn var lítills háttar brunnicinn efst á þverstykkinu, en lítið niður eftir hliðarstykkjum og ekkert neðst.

Í fyrrgreindu þurrkherbergi var klæðning á súð nokkuð brunnicinn efst uppi og nokkuð niður eftir þekjunni, og timbur innan á loftrás var einnig nokkuð brunnicinn, en þó ekki efst. Í einu horni herbergisins, þar sem eldurinn hafði orðið hvað mestur, var öll klæðning í þekjunni brunnicinn alveg niður að gólfi. Þarna úti við súðina höfðu verið staflar af gömlum dagblöðum, og voru þeir allir

brunnir á jöðrum, en sökum þess, hve þétt saman þeir höfðu legið, hafði miðhluti þeirra ekki brunnið. Þarna hafa einnig verið geymdar skjalamöppur, og voru þær altar brunnar. Í norðvesturhorni herbergisins var hilla, og var hún mikið brunnin. Þil á milli þurrkherbergisins og stigapalls, sem var úr þunnu paneltimbri, var allt brunnið efst og niður undir gólfið næst dyrakarmi.

Þá hafði nokkur eldur komist inn í geymsluherbergi í gegnum þil milli þess og fyrrnefnds þurrkherbergis. Skemmdir af völdum eldsins voru þó óverulegar í þessu herbergi, en þar inni voru geymdir ýmsir munir hælisis, þar á meðal kvikmyndasýningarvél og fleira. Nokkur reykur hafði komist inn í herbergi þetta.

Tveir steinsteyptir stigar liggja að umræddu lofti, en dyr eru fyrir stiganum úr j.árni, læstar að utanverðu með hengilás, en innan á hurðinni var renniloka. Hurð þessi átti ávallt að vera lokuð, annað hvort að utanverðu, ef enginn væri á loftinu, eða með rennilokanum, ef einhver væri uppi að vinna. Lásinn, sem vera átti að hurð þessari, hafði ekki fundist enn þrátt fyrir mikla leit. Einungis þvottamaðurinn, Rafn Svavarsson, hafði lykil að þessu svo og gæsluverðir. Þvottamaðurinn hafði lykil sinn á lyklakippu, og var sá lykill horfinn af henni.

Á hæðinni fyrir neðan risið varð enginn eldur, en hins vegar var mikið vatn bæði á göngum og í klefum. Voru sumir klefanna þröskuldafullir af vatni. Urðu því skemmdir á flestum klefum vegna vatns, en enginn reykur komst þangað niður.

Nokkuð af vatni kom niður á neðstu hæðina í gegnum sprungur á veggjum og loftum, en aðallega með ljósastæðum. Í nýju álmuna komst hins vegar hvorki vatn né eldur.

Að lokum segir í skýrslu Hauks Bjarnasonar, að flestar líkur bendi til þess, að eldurinn hafi komið upp í suðausturhorni þurrkherbergis, enda sé það eini staðurinn, sem brunninn sé alveg niður í gólf.

Um aðdraganda að umræddum eldsvoða, framvindu hans og slökkvistarf kemur eftirfarandi fram í lýsingu Torfa Nikulássonar, varðstjóra á vinnuhælinu, hjá rannsóknarlögreglu hinn 13. mars 1972:

Ný vakt byrjaði á vinnuhælinu kl. 1600 þennan dag, og voru auk Torfa á vakt fangaverðirnir Steindór Guðmundsson, Baldur Oddgeirsson og Sigurjón Einarsson. Borðað var um kl. 1830, og um ll. 1945 fór Torfi fram og upp á efri hæð í gamla húsinu. Sá hann þá ekkert athugavert, en á þeirri hæð í vesturenda er hurð að stiganum upp á risloft, en sú hurð var alltaf læst með hengilás, þegar ekki var verið að vinna uppi. Höfðu fangaverðir lykil að þeim lás ásamt fanganum Rafni Svavarssyni, sem sá um þvott fyrir fangelsið.

Sjónvarp var í setustofu, og komu flestir vistmenn til að horfa á það þetta kvöld, en þó ekki allir. Lítil hreyfing var á mönnum, á meðan fréttirnar voru í sjónvarpinu og dagskrárefni, sem á eftir þeim kom. Baldur Oddgeirsson var staddur í dyrum varðstofunnar, er hann fór að tala við Torfa um, að það væri reykjarlykt. Litu þeir inn í sjónvarpssalinn, en sáu ekkert. Fóru þá út og litu upp eftir húsinu að norðanverðu, þar sem aðaldyr eru. Sá þeir þá reyk út um glugga á stafninum á þvottaloftinu, en sá gluggi er stundum hafður opinn, svo að þorni betur. Datt þeim fyrst í hug að athuga, hvort nokkrir væru lokaðir inni, en svo hittist á, að lögregla-n frá Selfossi var nýkomin með ölvaðan mann, sem var lokaður í klefa. Var farið niður og náð í manninn, en Torfi bað Steindór Guðmundason að fara upp á loft og karma aðstæður. Eftir skamma stund kom fanginn Rafn Svavarsson og bað um slökkvitæki. Sagðist hann sjá í eld og halda, að það væri hægt að slökkva hann. Var hann beðinn að fara með tækið til Steindórs og reyna að slökkva. Jafnframt hringdi Torfi í slökkviliðið á Eyrarbakka og

lögregluna á Selfossi og bað um, að fyrrnefndur maður yrði sáttur, og skýrði frá því um leið, að kviknað væri í. Síðan fékk hann þær fréttir ofan af loftinu, að það væri svo mikill reykur þar uppi, að þeir kæmust ekki inn eftir því. Sendi hann súrefnistæki upp, svo að unnt væri að fara lengra inn til að nota handslökkvitækin, sem þeir höfðu. Það réðst hins vegar ekkert við eldinn, og var hringt aftur í lögregluna á Selfossi og beðið um aðstoð frá slökkviliðinu þaðan. Enn fremur hringdi Torfi á Stokkseyri og bað um aðstoð frá slökkviliðinu þar. Slökkviliðið á Eyrarbakka kom mjög fljótlega, og var rarið með slöngur upp á loft í gegnum húsið.

Torfi kvað það hafa verið um kl. 2045 sem þeir urðu varir við reykinn, eða mjög nálægt þeim tíma. Um kl. 2330 hætti slökkviliðið að dæla, og var þá búið að ráða niðurlögum eldsins, en sem fyrr greinir komu slökkviliðin frá Eyrarbakka, Stokkseyri og Selfossi. Fengin var lögregla bæði frá Selfossi og Reykjavík, og voru vistmenn fluttir til Reykjavíkur.

Torfi kveðst ekki hafa vitað, hverjir af vistmönnum voru í setustofu, en hann mundi eftir því og tók sérstaklega fram í skýrslu sinni, að ákærði Tryggvi Rúnar Leifsson hefði ekki verið niðri, áður en þeir tóku eftir reyknum. Hann kvaðst hafa séð ákærða niðri, eftir að þeir urðu eldsins varir, en ekki séð hann eftir það. Mjög rólegt hefði verið á vaktinni fram að því að kviknaði í og ekkert, sem hefði bent til þess, að neitt sérstakt væri í bígerð. Undanfarið hefði og verið rólegt.

Þrjátíu og fimm fangar munu hafa verið á Vinnuhælinu að Litla-Hrauni hinn 12. mars 1972, þegar eldsvoðinn varð, og fjórir fangaverðir, svo sem fyrr greinir.

Á meðan á eldsvoðanum síóð, höfðu tveir fangar á Vinnuhælinu að Litla-Hrauni strokið þaðan, og var tilkynnt um stök þeirra til lögreglunnar í Reykjavík kl. 2144. Var talið, að þeir væru á leiðinni til Reykjavíkur í bifreiðinni X 127. Lögreglumenn úr Reykjavík fóru að grennslast fyrir um bifreið þessa og fundu hana skammt austan Rauðavatns. Voru þeir, sem lýst var eftir, í henni, þeir ákærði Tryggvi Rúnar Leifsson og Óskar Elías Héðinn Guðmundsson, Öldugötu 42, Reykjavík.

Víðtæk rannsókn fór nú fram hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík vegna eldsvoða þessa, og voru yfirheyrðir bæði fangaverðir vinnuhælisins og flestir fangar, er voru á vinnuhælinu á þessum tíma, m. a. ákærði Tryggvi Rúnar Leifsson. Ákærði kvaðst hafa verið í herbergi sínu umrætt kvöld og ekki farið í mat sökum hálsbólgu, sem hann hefði verið með. Hefði hann verið að leika á plötuspilara, fyrst einn, en síðan hefði óskar Elías komið til sín og þeir verið að leika á plötuspilarann, er þeir heyrðu mikinn umgang. Þeir fóru fram og sáu menn á leið upp á loft, en þá var eldur laus þar. Kvaðst hann hafa farið upp á efri hæðina með þeim, er þangað fóru, en síðan niður aftur. Hann hafi heyrt á tal Markúsar Einarssonar fangelsisstjóra, að sprengingarhætta væri í hælinu, og því hafi hann ákveðið að forða sér. Hafi hann farið út, yfir að fjósinu og þar yfir girðingu, sem liggur niðri að nokkru leyti, og út á þjóðveginn. Hafi hann ekki verið búinn að ganga lengi, er bifreið kom að og hann fengið far með henni á Selfoss. Þar hafi hann farið úr bifreiðinni og hitt fyrr nefndan Óskar Elías og þeir ákveðið að taka leigubíl til Reykjavíkur. Ákærði neitaði allri vitneskju um upptök eldsvoðans að Litla-Hrauni. Sama var að segja um óskar Elías, og bar þeim ákærða Tryggva Rúnari saman um, að þeir hefðu hist á Selfossi.

Við víðtæka rannsókn rannsóknarlögreglu, sem fór fram næstu vikur, kom ekkert frekar fram, sem varpað gat ljósi á orsakir eldsvoðans. Til að meta brunatjónið voru fengnir sem matsmenn þeir Siggeir Ólafsson og Magnús Jóhannesson. Samkvæmt matsgerð þeirra, dagsettri 20. mars 1972, töldu þeir tjónið hæfilega metið á kr. 1.315.000.



Sýslumaðurinn í Árnessýslu sendi saksóknara ríkisins gögn vegna framangreindrar rannsóknar með bréfi, dagsettu 29. maí 1972. Í bréfi saksóknara til sýslumannsins, dagsettu 8. júní s. á., er þess krafist, „að haft verði vakandi auga með því, hvort nokkurt það kemur fram, sem verða mætti til upplýsinga um eldsupptökin eða mál þetta yfirleitt. Komi eitthvað slíkt í ljós, ber að halda rannsókn málsins áfram svo sem efni kunna að gefast til og þér teljið ástæðu til“.

Hinn 1. júní 1976 kom ákærði Tryggvi Rúnar Leifsson, sem þá var gæslufangi vegna máls þess, sem um getur í I. kafla hér að framan, til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík. Kvaðst hann nú vilja skýra frá því, þegar eldur kviknaði í Vinnuhælinu að Litla-Hrauni hinn 12. mars 1972. Hann hefði verið fangi þar og verið valdur að eldsvoðanum ásamt Óskari Elíasi Héðni Guðmundssyni.

Ákærði Tryggvi Rúnar kvað aðdragandann að eldsvoðanum hafa verið þann, að umræddan dag hafi komið í heimsókn til Valgeirs Magnússonar maður, er hét Kristinn Einar Skarphéðinsson og nú er látinn. Nokkru eftir að Kristinn kom í heimsókn til Valgeirs, hafi ákærði farið inn í klefa Valgeirs og Kristinn þá verið þar. Hafi Kristinn Einar verið með 30 lyfjatöflur og gefið þeim. Nokkru síðar, eftir að Kristinn var farinn, hafi Óskar Elías einnig komið inn í klefann til Valgeirs. Hafi þeir skipt töflunum með sér og neytt þeirra og drukkið kaffi með. Þeir hafi fljótlega orðið undir talsverðum áhrifum og m. a. orðið mjög máttfarnir í fótum. Þegar lítið var eftir orðið af töflunum, fóru þeir að ræða um það, er þeir höfðu áður heyrt talað um meðal samfanga sinna, að lyf, sem eftir yrðu, þegar fangar losnuðu úr fangavistinni, væru geymd í herbergi á lofti vinnuhælisins. Valgeir hafi verið sofnaður, en þeir Óskar Elías ákveðið að fara upp á loft og brjótast inn til þess að ná í lyf, er þeir töldu, að þar væru. Fóru þeir upp á efri gang og þar að hurð, sem var fyrir stiganum, er liggur upp á loftið. Hurð þessi var læst með hengilás, og ákvað ákærði Tryggvi Rúnar að spenna hann frá, til að þeir kæmust upp á loftið. Stóð Óskar Elías á stigapallinum við uppganginn til þess að gera ákærða viðvart, ef einhver kæmi að. Kvaðst ákærði hafa haft meðferðis stórt skrufjárn, sem hann notaði til að spenna lásinn af hurðinni með snöggu átaki. Því næst opnaði hann hurðina og setti lásinn og skrufjárnið til hliðar inn fyrir dyrnar, en lokaði þeim síðan aftur, þar eð hann taldi ekki ráðlegt, að þeir færu þá upp, þar eð matartími var kominn og talsverður umgangur um bygginguna. Fóru þeir og borðuðu, en héldu að því loknu í klefa ákærða Tryggva Rúnars, sem var nr. 13. Komu þeir sér saman um, að best væri að óíða, þar til sjónvarp hæfist kl. 20 og fangar væru farnir að horfa á það. Þegar sá tími var kominn, fóru þeir upp á loft. Þar kveðst ákærði hafa spennt upp hurð á herbergi, sem er til hægri, þegar komið er upp stigann á loftið. Var mikið af pappakössum og blaðadrasli í herbergi þessu. Leituðu þeir að lyfjunum í pappakössunum og því dóti, sem þarna var, en án árangurs. Urðu þeir reiðir og vonsviknir og byrjuðu á því að reyna að kveikja í svefnbekk, sem þarna var með rífið áklæði. Ekki tókst að kveikja í honum, og fóru þeir fram á þurrkloftið, sem er við hliðina. Sóttu þeir blöð eða blaðaúrklippur, sem þar voru í pappakössum, fóru með inn í herbergið og kveiktu þar í með eldspýtum, sem Óskar Elías var með. Varð af þessu mjög mikill eldur, og urðu þeir að hörfa niður stigann. Fóru þeir inn í klefa ákærða Tryggva Rúnars, en eftir um það bil 10 mínútur heyrðu þeir, að mikill umgangur varð um ganga hælisins og að menn höfðu orðið varir við eldinn. Fóru þeir -þá fram á gang, en síðan á eftir öðrum upp á efri gang, og var þá verið að reyna að slökkva eldinn. Þessu næst fóru þeir niður, og var þá búið að opna hælið út. Var föngunum sagt að fara út úr hælínu og vera á lóðinni fyrir framan húsið. Söfnuðust fangarnir þar saman, og virtist ákærða Tryggva Rúnari mikill órói vera í mönnum og stjórnleysi ríkjandi. Þegar þeir Óskar Elías höfðu ráfað um lóðina, korn til tals milli þeirra, að best væri að láta sig hverfa. Hafi þeir farið í skjóli reyks frá hælínu út á veg, en síðan gengið eftir veginum að afleggjaranum til Stokkseyrar. Þar hafi þeir stöðvað jeppabifreið og spurt ökumann, hvort hann gæti ekið þeim til Selfoss, og hann orðið við því. Sögðu þeir ökumanni, að þeir væru á bát frá Eyrarbakka.

Tók hann þá trúanlega og ók þeim til Selfoss. Frá Selfossi fóru þeir með leigubifreið áleiðis til Reykjavíkur, uns lögreglan stöðvaði bifreiðina.

Óskar Elías Héðinn Guðmundsson hefur bæði hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi neitað því með öllu að hafa átt þátt í að kveikja í á lofti Vinnuhælisins að Litla-Hrauni umrætt sinn, svo sem ákærði Tryggvi Rúnar hefur lýst.

Ákærði Tryggvi Rúnar kom fyrir dóm vegna máls þessa hinn 18. janúar 1977 og neitaði þá algerlega að hafa kveikt í Vinnuhælinu að Litla-Hrauni að kvöldi 12. mars 1972. Kvað hann skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglu um það, er gerðist framangreint sinn, meira og minna ranga. Hann kannaðist ekki við, að Kristinn Esmar hefði komið í heimsókn til Valgeirs í vinnuhælið þennan dag, heldur hafi það verið í annað skipti. Þá kvað ákærði .það allt rangt, er í skýrslunni greindi um töfluneyslu hans, Valgeirs og Óskars Elíasar umræddan dag. Kvaðst hann engra taflna hafa neytt að Litla-Hrauni þennan dag. Hann hafi verið í herbergi sínu að kvöldi 12. mars, er eldurinn kom upp í vinnuhælinu, en ekki mundi hann, hverjir voru með honum. Kvaðst hann aldrei hafa farið upp á loft í vinnuhælinu og neitaði, að það væri rétt, er hann sagði um ferðir sínar þangað með Óskari Elíasi. Hann hefði farið fram á gang, er honum var gert viðvart um eldinn. Síðan hefði hann farið út úr vinnuhælinu og fljótlega eftir það haldið á brott áleiðis að Selfossi.

Ákærði kannaðist í þinghaldi þessu við að hafa gefið skýrslu þá hjá rannsóknarlögreglu, er áður var rakin, og undirritað hana. Hann skýrði svo frá, að hann hefði verið í gæsluvarðhaldi vegna svonefnds „Guðmundarmáls“ í fangelsinu við Síðumúla, er hann gaf umrædda skýrslu hjá Sigurbirni Víði Eggertssyni rannsóknarlögreglumanni. Hafði hann verið í einangrun allan tímann, frá því hann var úrskurðaður í gæsluvarðhaldið. Nokkru áður en hann gaf skýrsluna, hefði hann verið spurður um, hvort hann hefði framið ýmis brot, er nánar voru tilgreind. Var m. a. minnst á brunann að Litla-Hrauni 12. mars 1972 og borið á ákærða, að hann hefði kveikt í hælinu. Þeir, sem aðallega hafi rætt við ákærða, hafi verið Örn Höskuldsson fulltrúi og Eggert Bjarnason lögreglumaður. Kveðst ákærði hafa játað fyrir þeim að hafa kveikt í Vinnuhælinu að Litla-Hrauni og í framhaldi af því hefði skýrsla verið tekin af honum hinn 1. júní 1976. Hann hefði játað á sig íkveikjuna vegna loforðs frá Erni Höskuldssyni um, að hann yrði fluttur úr fangelsinu í Síðumúla að Litla-Hrauni og leystur úr einangrun. Kvað hann skýrslutökuna af sér hafa gengið greiðlega og hafi hann ekki yfir neinu að kvarta að því er hana sjálfa varðar, en margt hafi verið búið að gerast áður. Kveðst hann ekki hafa beðið um réttargæslumann, áður en skýrslan var tekin, en hann hafi margsinnis áður verið búinn sð biðja um, að réttargæslumaður sinn væri viðstaddur yfirheyrslur, en því hefði ekki verið sinnt.

Vitnið Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður, sem tók skýrslu af ákærða Tryggva Rúnari hinn 1. júní 1976, skýrði svo frá fyrir dómi, að ákærði Tryggvi Rúnar hefði játað, eins og skýrslan beri með sér, að hafa orðið valdur að eldsvoða í Vinnuhælinu að Litla-Hrauni sunnudaginn 12. mars 1972 ásamt Óskari Elíasi Héðni Guðmundssyni. Var játning hans greið og án nokkurs fyrirvara, er skýrslan var tekin af honum. Nokkru áður hafði vitnið byrjað að spyrja hann um þátt hans í ýmsum óupplýstum brotum, svo sem íkveikju að Litla-Hrauni í mars 1972. Í tilefni af því hafi ákærði Tryggvi Rúnar skrifað vitninu bréf, sem er ódagsett, þar sem hann viðurkenndi að hafa kveikt í á Vinnuhælinu að Litla-Hrauni ásamt fyrrgreindum Óskari Elíasi og skýrt frá málsatvikum. Í framhaldi af bréfi þessu gaf Tryggvi Rúnar skýrslu hjá vitninu, þar sem hann viðurkenndi þetta.

Hinn 25. janúar 1977 kom ákærði enn fyrir dóm vegna máls þessa, og kvaðst hann nú vilja breyta fyrri skýrslu sinni í dómi. Kvaðst hann viðurkenna að vera valdur að eldsvoðanum á Litla-Hrauni hinn 12.

mars 1972. Hann kveðst ekki muna, hvort Kristinn Esmar Skarphéðinsson hafi komið í heimsókn að Litla-Hrauni nákvæmlega þennan dag, en hann hafi komið í heimsókn um þetta leyti og haft meðferðis lyfjatöflur. Ákærði kvað þá Óskar Elías Guðmundsson hafa verið undir áhrifum af töflum, sem þeir hefðu komist yfir, en hann mundi ekki, með hvaða hætti það hefði verið. Drukku þeir kaffi með töflunum og komust undir áhrif af þeim. Þegar lítið var orðið eftir, fóru þeir að ræða um það að verða sér úti um meiri lyf. Höfðu þeir heyrt, að lyf væru geymd í herbergi, sem er til hægri á lofti vinnuhælisins, þegar komið er upp stigann á loftið. Ákváðu þeir að brjótast þar inn í leit að lyfjum. Fóru þeir upp á efri gang vinnuhælisins og að hurð, sem er fyrir stiganum upp á loftið. Hurð þessi var læst með hengilás, og sprengdi ákærði hana upp með skrufjárnri, er hann hafði meðferðis. Stóð Óskar Elías á stigapallinum við uppganginn til að gera ákærða viðvart, ef einhver kæmi. Opnaði ákærði því næst hurðina og setti lásinn og skrufjárnin til hliðar inn fyrir dyrnar. Lokaði hann þeim síðan aftur, þar sem hann taldi ekki ráðlegt, að þeir Óskar Elías færu upp strax, vegna þess að matartími var kominn og talsverður umgangur um hélið. Eftir að sjónvarp var byrjað um kvöldið og flestir fanganna farnir að horfa á það, ákváðu þeir að fara upp á loftið til að leita að lyfjum. Neyttu þeir nokkurra taflna og drukku kaffi með, en héldu síðan upp á lofvið, og spennti ákærði upp hurð á herbergi, sem er til hægri, þegar komið er upp stigann. Í herbergi þessu var mikið af pappakössum og blöðum og einnig svefnbekkur eða dívan. Leituðu þeir í pappakössunum og víðar að lyfjum, en fundu engin. Urðu þeir þá reiðir, eða öllu heldur vonsviknir, og byrjuðu að reyna að kveikja í svefnbekknum, sem var með rif-ið áklæði. Kvaðst ákærði sjálfur hafa borið eldinn að með eldspýtum, er Óskar Elías var með. Svefnbekkurinn logaði þó ekki, og fóru þeir þá fram á þurrkloftið og sóttu blöð eða blaðaúrklippur, sem voru þar í pappakössum. Fóru þeir með það inn í herbergið, og kveikti ákærði í því. Kom upp mikill eldur, og hörfuðu þeir niður stigann og fóru niður í klefa ákærða. Frásögn ákærða um það, sem á eftir fór, er síðan í fullu samræmi við það, sem hann hafði áður skýrt frá.

Vitnið Torfi Nikulássson, varðstjóri á Vinnuhælinu að Litla-Hrauni, Túngötu 38, Eyrarbakka, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að það myndi eftir því, að ákærði Tryggvi Rúnar hefði ekki verið niðri í Vinnuhælinu að Litla-Hrauni, er fangaverðirnir urðu þess varir, að eldur væri kominn upp umrætt kvöld. Vitnið mundi eftir því, að það sá ákærða niðri um stand, eftir að eldsins varð vart, en síðan mundi það ekki eftir að hafa séð hann. Vitnið vissi ekki, hvar ákærði var, þegar eldurinn kom upp. Það vissi ekkert um ferðir Óskars Elíasar um kvöldið og mundi ekki eftir að hafa séð hann. Aðrir fangaverðir, sem komu fyrir dóm, mundu ekki, hvort þeir sáu ákærða Tryggva Rúnar á þeim tíma, sem eldsins varð vart.

Niðurstöður. Með skýlausri játningu ákærða Tryggva Rúnar Leifssonar um að hafa valdið eldsvoða að Litla-Hrauni hinn 12. mars 1972 og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins telst sannað, að ákærði, sem var þar refsifangi, hafi valdið eldsvoðanum, svo sem hann hefur lýst.

Telja verður augljóst, að eldsvoða þessum hafi verið samfara mikil almanna hætta og ákærða mátt vera ljóst, að mönnum mundi vera af honum bersýnilegur lífsháski búinn, þar sem í húsinu voru nærri 40 manns og sumir lokaðir inni í klefum.

Einnig hlaut eldsvoðinn að hafa í för með sér hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum. Telst þetta atferli ákærða Tryggva Rúnar því með hliðsjón af framansögðu varða við 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun refsingar ákærða út af broti þessu verður höfð hliðsjón af 73. gr. sömu laga.

2. Aðfaranótt sunnudagsins 27. október 1974, kl. 0400; var beðið um aðstoð lögreglunnar í Reykjavík að Hléskógum við Vatnsveituveg þar í borg. Jóhannes Björgvinsson, varðstjóri í lögreglunni, og

Jónatan Hall, lögregluþjónn nr. 92, fóru á staðinn. Hittu þeir þar fyrir stúlku, sem tjáði þeim, að vinkona sin væri í húsi þarna skammt frá og væri hún í nauðum stödd. Vísaði stúlkan þeim á hús, sem reyndist vera Selásblettur 14. Útidyr hússins voru opnar, er þeir komu að því. Gengu þeir inn og hittu fyrir pilt, sem vísaði þeim á stúlkuna, er var stödd í herbergi beint á móti forstofudyrum. Stúlkan var mjög miður sin, föt hennar rifin og úr lagi færð. Þegar út í lögreglubifreiðina kom, hafði hún á orði, að henni hefði verið nauðgað. Voru stúlkurnar færðar á Árbæjarstöð lögreglunnar. Þar kvaðst stúlka sú, er sagði, að sér hefði verið nauðgað, heita K, til heimilis að . . . vegi . . ., Reykjavík, fædd 1956, en sú, sem hringdi á lögregluna, hét A, . . . vegi . . ., fædd 1957. Sögðu þær lögreglunni, að þær hefðu verið á dansleik að Borg í Grímsnesi og hitt þar hitta, sem sögðust skyldu leyfa þeim að sitja í með þeim til Reykjavíkur eftir dansleikinn. Hefðu þau farið að dansleiknum loknum í leigubifreið frá Hreyfli og ekið sem leið lá heim til annars píltsins að Selásbletti 14. Þar hefðu piltarnir farið úr bifreiðinni og hefði annar þeirra, ákærði Tryggvi Rúnar Leifsson, beðið K um að koma með sér inn og tala við sg. K kvaðst hafa gert það, en þegar inn í herbergið til ákærða var komið, hefði hann tekið á sér hálstak og rifið hana úr buxunum, bæði ytri buxum og nærbuxum, og nauðgað henni. A kvaðst hafa beðið í leigubifreiðinni fyrir utan í um 15-20 mínútur, en þá farið inn til að gá að K. Hefði þá hinn pilturinn reynt að varna henni inngöngu. Hún hefði komist inn og ætlað inn í herbergi það, sem K var í, en ekki komist þangað vegna keðju, sem var fyrir dyrunum. Hefði ákærði þá komið út úr herberginu og slegið hana í andlitið, en síðan farið út til að tala við leigubifreiðarstjóran, sem hefði farið á brott. Hefði K þá verið grátandi í herberginu og föt hennar rifin. Hún hefði þá hlaupið út til að ná í hjálp og farið í Hléskóga, þar sem hún fékk að hringja.

Þegar hér var komið sögu, sótti lögreglan ákærða Tryggva Rúnar og féлага hans, Sigurð Karl P-álsson, Kleppsvegi 132, að Selásbletti 14 og flutti í fangageymslu lögreglunnar. Tók rannsóknarlögreglan í Reykjavík jafnframt við rannsókn málsins, sem hófst þegar um nóttina. Framangreind lýsing á atburðum er byggð á lögregluskýrslu Jónatans Hall. Í skýrslunni kemur einnig fram, að K var með sýnilega áverka á hálsi.

Jónatan Hall lögreglumaður, Hjaltabakka 24, Reykjavík, 34 ára að aldri, hefur komið fyrir dóm í máli þessu og staðfest framangreinda skýrslu sína. Vitnið sagði, að Sigurður Karl Pálsson hefði vísað þeim lögreglumönnum á herbergi það, er stúlkan var í, er þeir komu inn í húsið, en herbergið sé beint á móti forstofudyrum. Hefði herbergið verið lokað með öryggiskeðju og ákærði, er var þar inni, ekki opnað fyrr en eftir nokkra stund. Hefði K verið inni í herberginu og annað hvort setið í sófa eða legið upp við hann. Hún hafði fengið taugaáfall og var grátandi og mjög miður sin. Buxur K voru rifnar, og reyndi hún að halda þeim saman. Lögreglumennirnir töluðu ekkert við hana þarna inni, en fóru með hana út í lögreglubifreiðina. Sagði hún, að ákærði Tryggvi Rúnar hefði nauðgað sér. Hefði hún síðar á lögreglustöðinni í Árbæjarhverfi skýrt frá því, að eftir að komið var úr ferð austan frá Minni-Borg í Grímsnesi, hefði hún farið inn til ákærða samkvæmt beiðni hans. Þegar inn var komið, hefði hann læst herberginu, ráðist á sig og tekið um háls hennar. Síðan hefði hann rifið bæði ytri og innri buxur hennar og nauðgað henni. Vitnið kvað K hafa verið með sýnilegan áverka framan á hálsi, og var hún flutt til Andrésar Ásmundssonar læknis til skoðunar.

Jóhannes Björgvinsson lögregluvarðstjóri, Miklubraut 84, 58 ára að aldri, hefur einnig komið fyrir dóminn sem vitni og skýrt frá aðkomunni að Selásbletti 14 mjög á sama veg og fyrrgreint vitni. Vitnið kvað K hafa setið á divan í herberginu, er þeir lögreglumennirnir komu að. Var hún kjókrandi, mjög miður sin og illa til reika. Síðbuxur, er hún var í, voru rifnar frá buxnastreng niður á læri, og hélt hún þeim saman. Vitnið tók munnlega skýrslu af henni á lögreglustöðinni í Árbæjarhverfi. Kvaðst hún hafa

verið að koma ásamt ákærða Tryggva Rúnari og fleira fólki af dansleik á Minni-Borg í Grímsnesi. Þegar að Selásbletti 14 kom, kvað hún ákærða Tryggva Rúnar hafa beðið sig að koma aðeins inn til sín og tala við sig. Þegar inn í herbergið kom, hefði hann læst og ráðist á sig. Hann hefði tekið sig kverkataki, lagt sig á legubekk, rifið niður um sig buxurnar og nauðgað sér.

Hún hefði engum vörnum getað komið við, þar sem hann hefði haldið um háls hennar, hert að og hótað að drepa hana, ef hún léti ekki að vilja hans. Hann hefði síðan haft fullkomnar samfarir við sig og fellt sæði til sín, að hún taldi. Kvaðst vitnið hafa spurt stúlkuna, hvort hún gerði sér grein fyrir því, að það væri alvarlegt mál að kæra mann fyrir nauðgun, og sagðist hún halda fast við kæru sína. Náði vitnið þá í rannsóknarlögreglumann, er tók málið að sér.

K gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu þegar umræddan dag, þ. e. 27. október 1974. Kom hún fyrir dóm vegna málsins 19. janúar 1977 og skýrði þar frá í meginatriðum á sama veg. Greindi vitnið svo frá, að það hefði þekkt ákærða Tryggva Rúnar og Sigurð Karl Pálsson. Hefði það hitt þá í einhver skipti á dansleikjum og var A þá með því. Eigi var um neinn kunningsskap að ræða, og hafði vitnið t. d. aldrei dansað við þá. Um kl. 2200 að kvöldi 26. október 1974 voru þær A staddar í söluturni við Bústaðaveg. Komu ákærði og Sigurður Karl þangað í leigubifreið. Gáfu þeir sig á tal við þær og sögðust vera á leiðinni á dansleik að Minni-Borg í Grímsnesi. Buðu þeir þeim með í ferðina, og þáðu þær boðið. Áður en lagt var af stað, tóku þær fram, að þær vildu láta aka sér rakleitt heim til sín, er komið væri aftur til Reykjavíkur, og lofuðu ákærði og Sigurður Karl því. Á leiðinni austur neyttu vitnið og A lítills háttar af áfengi, en vitnið kvaðst aldrei hafa fundið til áfengisáhrifa. Á leiðinni til borgarinnar bragðaði vitnið ekki áfengi. Vitnið greiddi ekki sjálft aðgangseyri að dansleiknum og telur, að annað hvort ákærði eða Sigurður Karl hafi gert það. Á leiðinni til Reykjavíkur sat vitnið að mestu leyti í aftursæti bifreiðarinnar hjá A, en var þó frammi í bifreiðinni í byrjun við hlið "alkærða. Vitnið mundi ekki eftir því, að ákærði hefði verið að reyna að kyssa það í bifreiðinni; enda hefði slíkt aldrei komið til greina af þess hálfu. Þegar til Reykjavíkur kom, var ekið heim til ákærða að Selásbletti 14. Fóru ákærði og Sigurður Karl þar úr bifreiðinni og héldu inn í húsið. Vitnið og A urðu eftir í bifreiðinni, er var kyrr á staðnum, og hyggur vitnið, að bifreiðarstjórinn hafi verið að bíða eftir því að fá greiðslu. Sigurður Karl kom fljótlega út í bifreiðina og sagði vitninu, að ákærða langaði að tala við það, þar sem móðir hans væri dáin. Vitnið komst að því síðar, að ekki var um raunverulegan dauðdaga að ræða, heldur hefði móðir ákærða sofnað út frá áfengisdrykkju. Vitnið kvaðst hafa látið til leiðast vegna skilaboðanna frá ákærða að fara inn til hans, en eigi man það eftir því, að A varaði það við því. Vitnið og Sigurður Karl fóru nú inn í húsið, og vísaði Sigurður Karl því á herbergið, þar sem ákærði var. Fór vitnið inn í herbergið, en Sigurður Karl varð eftir fyrir utan. Mundi vitnið ekki eftir því, að þeir Sigurður Karl og ákærði ættu orðaskipti.

Þegar inn í herbergið kom, setti ákærði keðju fyrir hurðina og krækti henni í dyrastafinn. Að því búnu réðst hann fyrirvaralaust á vitnið og henti því upp í rúm. Vitninu varð strax ljóst, hvað verða vildi, og bað ákærða að hætta þessu, en hann skeytti því engu og sagði vitninu að halda kjafti. Ákærði reif síðan bæði ytri og innri buxur vitnisins og lagðist ofan á það. Hann tók um háls vitnisins og herti að, er það reyndi að hrópa á hjálp. Vitnið kveður sér hafa tekist að hrópa í eitt eða tvö skipti, en þá hafi ákærði hert að hálsi þess. Vitnið var grátandi, er þetta gerðist, og hafði fengið taugaáfall. Ákærði tók út getnaðarlim sinn og setti inn í kynfæri vitnisins. Hann lá ofan á því nokkurn tíma og hafði samfarir við það, en eigi er vitninu ljóst, hvort hann felldi sæði til þess. Vitnið varð vart við, að bankað var á hurðina, en það virtist engin áhrif hafa á ákærða. Þegar ákærði hafði haft samfarir við vitnið í nokkurn tíma, hætti hann, en það var ekki vegna ónæðis utan frá. Vitnið kvaðst hafa heyrt, að A hrópaði á

það, og reynt að gefa frá sér hljóð. Ákærði opnaði ekki hurðina fyrr en eftir nokkurn tíma. Eigi mundi vitnið, hvort A og ákærði skiptust á orðum, og ekki varð það vart við, að ákærði slægi hana. Vitnið mundi hins vegar, að ákærði sagði, að hann skyldi drepa þær og setja þær ofan í gröfina.

Vitnið kvaðst ekki vera samt og áður eftir þennan atburð og hafi það orðið fyrir sálrænu áfalli, sem það hefur ekki jafnað sig af. Hefur vitnið fengið martröð í tvö skipti, nú síðast fyrir stuttu, vegna þessa atburðar.

Vitnið kvað þá báða, ákærða Tryggva Rúnar og Sigurð Karl, hafa verið mikið með áfengisáhrifum eftir dansleikinn að Minni-Borg. Þá kom fram hjá vitninu, að það hefði haft samfarir við karlmann, áður en framangreindur atburður gerðist.

Ákærði Tryggvi Rúnar neitaði bæði hjá rannsóknarlögreglu hinn 27. október 1974 og síðar fyrir dómi hinn 19. janúar 1977 að hafa nauðgað K, svo sem hún hefur kært hann fyrir. Hann skýrði frá því, að hann hefði verið í leigubifreið á Bústaðavegi að kvöldi laugardagsins 26. október 1974 ásamt Sigurði Karli Pálssyni. Hefði ökumaður leigubifreiðarinnar verið Sævar Erlendsson, Kúrlandi 29. Við biðskýli á Bústaðavegi hefðu þeir hitt K og A, sem þeir þekktu. Þeir hefðu boðið stúlkunum á dansleik á Minni-Borg í Grímsnesi og þær þegið boðið. Var ekið þangað og verið þar á dansleik um nóttina. Ákærði kvaðst hafa dansað við K og hefði hún og A orðið þeim samferða aftur til Reykjavíkur. Þeir Sigurður Karl hefðu báðir verið með áfengisáhrifum og haft áfengi meðferðis í ferð þessa. Ákærði kvað K hafa setið í framsæti við hlið ökumanns og hann við hlið hennar, en þau Sigurður Karl og A hefðu setið í aftursæti. Þau hefðu öll neytt áfengis í bifreiðinni, bæði á leiðinni austur og eins á leiðinni til Reykjavíkur. Kvaðst hann hafa verið að kyssa K á leiðinni og hefði hún ekki haft á móti því. Hann mundi ekki nú, hvort þau K skiptu um sæti á leiðinni til Reykjavíkur. Kvaðst hann hafa verið talsvert ölvaður, er þau komu til borgarinnar, en muna atburði vel. Ekið var heim til ákærða að Selásbletti 14, og fóru þau ákærði og K þar inn, en þau Sigurður Karl og A biðu í bifreiðinni fyrir utan. Ákærði tók fram, að hann hefði greitt fyrir ferðina um 8.000 krónur af eigin fé.

Þegar inn var komið, fóru þau inn í herbergi bróður ákærða. Lokaði ákærði með krók, sem er innan á hurðinni. Síðan kvaðst ákærði hafa byrjað að kyssa K og þukla hana og spurt hana að því, hvort þau ættu ekki að fá sér einn. K hefði svarað því játandi, og sagði ákærði, að þau skyldu þá fara úr. Ákærði kvaðst síðan hafa farið úr fötunum og K einnig. Ákærði taldi, að þau hefðu ekki slökkt ljósið. Ákærði og K fóru því næst upp í rúm, sem var í herberginu, og lögðust þar fyrir. Höfðu þau að því búnu samfarir. K streittist aldrei neitt á móti, og kvað ákærði samfarirnar hafa farið fram með vilja hennar. Ákærði kvaðst hafa sett getnaðarlim sinn inn í kynfæri K, en eigi veit hann, hvað samfarirnar stóðu langan tíma. Ákærði taldi, að hann hefði fellt sæði til K. Eftir samfarirnar klæddu ákærði og K sig. Fóru þau út úr herberginu, fram í stofu, og kallaði ákærði á þau A og Sigurð Karl. Komu þau inn í húsið, og var sest að drykkju um hríð. Nokkru síðar fór A á brott, en nokkru þar á eftir kom lögreglan. Ákærði taldi ástæðuna fyrir því, að A fór á brott, hafa verið þá, að hann vildi ekki sinna henni neitt. Lögreglumennirnir spurðu eftir K, og sagði ákærði, að hún væri þar. Ákærði kvaðst hafa spurt lögregluna, hvað væri að. Sögðu þeir, að vinkona hennar, sem væri úti í bíl við húsið, væri að spyrja eftir henni. K fór á brott með lögreglumönnum. Rétt á eftir komu lögreglumenn aftur og handtóku ákærða án þess að skýra honum frá tilefninu. Ákærði neitaði að hafa rífið ytri og innri buxur K.

Kvaðst hann aldrei hafa orðið var við, að þær væru rifnar. Þá neitaði ákærði, að marblettir á hálsi K hefðu verið af sínum völdum, enda hefði hann ekki þurft að beita hana harðræði.

Vitnið A húsmóðir, . . . vegi . . . , fædd . . . 1957, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að þær K hefðu hitt ákærða Tryggva Rúnar a. m. k. tvisvar, áður en þær hittu hann og Sigurð Karl á Bústaðavegi að kvöldi 26. október 1974. Í annað skiptið hittust þau á Hressingarskálanum, en í hitt skiptið í veitingahúsinu Röðli. Vitnið kvað þær K hafa verið saman við biðskýli við Bústaðaveg, er þeir ákærði og Sigurður Karl komu þangað í 3eigubifreið umrætt kvöld. Þeir kváðust vera á leið á dansleik að Minni-Borg í Grímsnesi og buðu þeim með. Vitnið sagði, að þær K hefðu neytt lítillga áfengis á leiðinni austur, en einskis á leiðinni til borgarinnar. Kvaðst vitnið hafa fundið aðeins til áfengisáhrifa, er þær komu á dansleikinn. Vitnið og K dönsuðu ekkert við ákærða og Sigurð Karl á dansleiknum. K sat í framsæti við hlið ákærða á leiðinni til borgarinnar. Var ákærði mikið ölvaður og var að reyna að kyssa K, en hún vildi það ekki. Sigurður Karl var heldur minna með áfengisáhrifum. Á leiðinni til Reykjavíkur var numið staðar, og færði K sig þá í aftursæti bifreiðarinnar til vitnisins. Þegar ákærði varð þess var, flutti hann sig þangað og settist við hlið hennar.

Þegar komið var til Reykjavíkur bað ákærði um, að ekið yrði heim til sín að :Selásbletti 14. Kvaðst vitnið hafa verið búíð að biðja bæði bifreiðarstjóran, ákærða og Sigurð Karl, áður en lagt var af stað í ferðina, að þeim yrði ekið beint heim, er komið væri úr ferðalaginu, en því hafi ekki verið sinnt og ekið heim til ákærða. Þegar þangað kom, fóru ákærði og Sigurður Karl inn til ákærða. Skömmu síðar kom Sigurður Karl út og sagði, að ákærða langaði að tala við K og bæði hana að koma inn til sín. Jafnframt sagði hann bifreiðarstjóranum, að hann mætti fara. Vitnið mótmælti því og sagði K, að hún skyldi ekki fara inn til ákærða. Kvað vitnið sér ekki hafa litist á blikuna, enda hefði ljós verið slökkt þeim megin í húsinu, sem bifreiðin stóð. K fór inn með Sigurði Karli, og bað vitnið hana að flýta sér, áður en hún fór. Vitnið beið í bifreiðinni í 15-20 mínútur ásamt bifreiðarstjóranum. Fór því að lengja biðin. Sigurður Karl kom út aftur, einhvern tíma á meðan það beið, og sagði bifreiðarstjóranum að fara, þar sem K ætlaði að vera kyrr hjá ákærða. Vitnið kvaðst ætla að tala við K, áður en það færi, og fór með Sigurði Karli inn í húsið, enda var það farið að gruna, að ekki væri allt með felldu. Þegar vitnið kom inn í húsið, fór það að spyrja eftir K, en eigi man það, hvern það spurði. Vitnið kallaði á K og spurði, hvort hún væri ekki að koma. K svaraði vitninu ekki strax, en eftir nokkra stund svaraði hún og sagðist vera að koma. Vitnið heyrði á rödd hennar, að hún var grátandi. Vitnið heyrði, að ákærði var inni í herberginu hjá K, og öskraði hann á það, er hann heyrði til þess. Sagði hann vitninu að halda kjafti og koma sér burt. Vitnið reyndi að komast inn í herbergið og opnaði hurðina, en keðja var fyrir innan, þannig að hurðin opnaðist einungis lítillga. Eigi var unnt að sjá inn í herbergið, enda minnir vitnið, að slökkt hafi verið þar inni. Á meðan á þessu stóð, kvaðst vitnið hafa beðið Sigurð Karl, föður ákærða og einhvern annan, sem þarna var, að gera eitthvað til hjálpar K. Einhver mannanna svaraði, að vitnið minnir faðir ákærða, og sagði, að ekkert væri hægt að gera, þar sem ákærði væri svo sterkur, að hann gæti drepit þau öll. Á meðan vitnið beið við dyrnar, reyndi það að tala við K, en ákærði öskraði á hana og sagði henni að halda kjafti. Eftir nokkurn tíma opnaði ákærði hurðina, og fór vitnið inn í herbergið. Réðst ákærði þar að því og sló það utanundir. Fékk vitnið högg á höfuðið og lenti á vegg. Þegar vitnið kom inn í herbergið, var K grátandi og mjög niðurbrotin. Sagði hún, að sér hefði verið nauðgað. Buxur hennar voru rifnar. Ákærði var svo reiður, að hann öskraði upp og hafði á orði að koma þeim K í gröfina. Kvaðst vitnið hafa farið fljótlega út og K komið á eftir henni. Sigurður Karl hljóp á eftir henni og stöðvaði hana. Sagðist hann skyldu hringja fyrir hana á leigubifreið. Vitnið fór í nálægt hús og hringdi í lögreglu.

Vitnið sá í dóminum buxur K, sem fylgja málinu, og staðfesti það, að þær hefðu verið þannig, er það kom inn í herbergið, en buxurnar hefðu verið heilar, er K fór inn í húsið.

Vitnið Sigurður Karl Pálsson, sjómaður, Kleppsvegi 132, fæddur 16. ágúst 1954, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði verið með ákærða Tryggva Rúnari í leigubifreið að kvöldi fyrrnefnds dags. Voru þeir báðir undir áhrifum áfengis og höfðu áfengi meðferðis. Hittu þeir þær K og A við biðskýlið við Bústaðaveg. Ákærði Tryggvi Rúnar hefði þekkt þær báðar eitthvað, en vitnið kannaðist við A. Þeir voru að fara austur að Minni-Borg í Grímsnesi á dansleik og spurðu stúlkurnar, hvort þær vildu ekki koma með þeim. Þáðu þær boðið, og var ekið þangað. Voru þau þar á dansleik um nóttina. Taldi vitnið sennilegt, að annar hvor þeirra hefði greitt aðgangseyri fyrir stúlkurnar, en mundi ekki, hvor þeirra gerði það. Vitnið kvaðst ekkert geta staðhæft um, hvort ákærði hefði dansað við aðra stúlkuna, þ. e. K. Það rámaði eitthvað í það, en var alls ekki öruggt. Vitnið kvað þá óáða hafa lent í áflogum á dansleiknum. Stúlkurnar fóru með ákærða og vitninu í leigubifreiðinni til Reykjavíkur, en eigi minntist vitnið þess, að þær hefðu nokkurn tíma haft orð á því, að þeim yrði ekið heim, þegar þau komu aftur þangað. Vitnið rámaði í það, að þau ákærði og K hefðu setið saman í framsæti á leiðinni til Reykjavíkur, en mundi þetta ekki fyrir víst og sagði í því sambandi, að það hefði verið blindfullt. Vitnið sagði öruggt, að þau ákærði og K hefðu kysst í bifreiðinni.

Þegar til Reykjavíkur kom, var ekið heim til ákærða að Selásbletti 14. Vitnið og ákærði fóru fyrst inn í húsið og biðu stúlkurnar í bifreiðinni á meðan. Vitnið kvað ákærða hafa sent sig út að bifreiðinni til að biðja K eða jafnvel báðar stúlkurnar að koma inn til að tala við sig. Nefndi hann ekkert, í hvaða skyni þetta væri, og kvaðst vitnið hafa verið algerlega grunlaust um, hvað hann hefði í hyggju. Vitnið kvaðst ekki minnst þess að hafa sagt við K, að móðir ákærða væri dáiin og hann langaði að tala við hana af þeim sökum, en kvað þetta þó geta verið. Vitnið kvaðst hafa talað við Leif, föður ákærða, en móður hans sá það hvergi. Vitnið kvað K hafa farið inn í herbergið til ákærða, en það hefði farið inn í eldhús og verið að ræða við Leif og annan mann. Mundi vitnið ekki, hvort það fór út að bifreiðinni og sagði bifreiðarstjóranum að fara á brott með A, en vildi ekki mótmæla því.

Vitnið minntist þess ekki að hafa heyrt neitt til ákærða og K, en það mundi eftir því, að A var komin inn og var að spyrja um K. Sagði vitnið A, hvar K væri, og fóru þau að banka á hurð herbergisins. Einhver svaraði inni í herberginu, en eigi man vitnið, hver það var eða hvað hann sagði. Opnaði ákærði dyrnar eftir nokkra stund. Ekki mundi vitnið, hvort ákærði var æstur, og ekki heldur, hvort hann sló A utanundir. K var mjög miður sín og hrædd við vitnið, er það hugðist aðstoða hana við að sauma saman buxur hennar, er höfðu rifnað. Mundi vitnið, að K var í brúnum buxum og að þær voru rifnar eða með saumsprettu upp í klop. Vitnið sá umræddar buxur í dóminum og taldi, að þær væru meira rifnar nú en þá. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort K hefði verið grenjandi, eins og það orðaði það, en eitthvert rugl hefði verið á henni. Vitnið kvað K hafa verið að byrja að gera við buxurnar, þegar lögreglan kom. Buxurnar hennar hefðu verið heilar, er hún fór inn í herbergið til ákærða. Vitnið varð ekki vart við, að þær K og A neyttu áfengis að Selásbletti 14.

Vitnið .Sævar Erlendsson leigubifreiðarstjóri, Kúrlandi 29, fæddur 1. apríl 1947, skýrði svo frá fyrir dómi, að ákærði Tryggvi Rúnar Leifsson hefði hringt til sín að kvöldi 26. október 1974 og beðið sig að aka sér að Minni-Borg í Grímsnesi á dansleik. Vitnið sótti ákærða heim til hans að Selásbletti 14, og kom hann þar í bifreiðina ásamt Sigurði Karli Pálssyni. Ekið var að biðskýlinu við Bústaðaveg, og komu þar í bifreiðina tvær stúlkur, sem vitnið kannaðist ekki við. Vitnið heyrði ekki samtal ákærða og Sigurðar Karls við stúlkurnar, áður en þær komu í bifreiðina. Ekið var síðan að Minni-Borg í Grímsnesi. Sat ákærði fram í hjá vitninu, en stúlkurnar og Sigurður Karl aftur í. Stúlkurnar voru með áfengi meðferðis og voru eitthvað að dreypa á því. Ákærði og Sigurður Karl neyttu og áfengis. Vitnið beið í bifreiðinni, á meðan á dansleiknum að Minni,Borg stóð, og vissi ekki, hvað þar fór fram. Þegar



dansleiknum var lokið, var haldið aftur til Reykjavíkur. Sat ákærði og önnur stúlkan, sem vitnið veit, að heitir K, í framsætinu. Fannst vitninu K og ákærði vera saman, og fannst því, að K líkaði það vel, er ákærði lét vel að henni, en eigi getur vitnið staðhæft, að ákærði og K hafi verið að kyssast. Vitnið nam staðar á Sandskeiði á leiðinni til borgarinnar. Fóru ákærði og Sigurður Karl þar út úr bifreiðinni. Settist þá K í aftursætið við hliðina á hinni stúlkunni. Þegar ákærði kom aftur, bað hann K að setjast aftur í framsætið, og gerði hún það orðalaust. Ekið var heim til ákærða að Selásbletti 14. Fóru ákærði og Sigurður Karl þar inn, en stúlkurnar biðu í bifreiðinni á meðan. Eftir nokkra stand kom Sigurður Karl út og bað K um að koma inn og tala við ákærða. Gerði hún það fúslega og fór á brott úr bifreiðinni. Eftir um tíu mínútur kom Sigurður Karl aftur og bað vitnið að aka stúlkunni, sem var í bifreiðinni, heim og koma síðan aftur. Á það vildi stúlkan ekki fallast og sagðist ekki fara, nema hin stúlkan kæmi með. Eftir skamma stand kom Sigurður Karl aftur og sagði, að stúlkan vildi ekki fara, og fór þá stúlkan inn með honum. Eftir stutta stand kom ákærði út og greiddi fyrir aksturinn. Á meðan kom Sigurður Karl til þeirra, en ákærði bað hann að fara inn til stúlkanna, og gerði hann það. Þegar ákærði hafði greitt aksturinn, ók vitnið á brott. Vitnið kvaðst engin hróp hafa heyrt innan úr húsinu að Selásbletti 14, og ekki varð það vart við nein átök þar. Það kvað ákærða og Sigurð Karl hafa verið eitthvað með áfengisáhrifum, en ekki mjög mikið.

Vitnið Logi Ásgeirsson iðnverkamaður, Urðarbraut 2, Smálöndum, Reykjavík, fæddur 27. september 1947, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði komið að Selásbletti 14 laust eftir hádegi laugardaginn 26. október 1974, en vitnið kannast við húsráðendur, sem eru foreldrar ákærða Tryggva Rúnars. Var vitnið eitthvað undir áhrifum áfengis og hafði áfengi meðferðis. Var vitnið að neyta áfengis ásamt framangreindu fólki fram eftir deginum og fram á nótt. Var verið við drykkju í eldhúsi. Um nóttina kom ákærði heim, en hvenær það var, man vitnið ekki. Vitnið kvaðst sjálft hafa verið mikið undir áhrifum áfengis og ekki treysta sér til að segja um, hvort svo var um ákærða. Með honum var Sigurður Karl Pálsson. Ákærði kom fyrst inn í eldhúsið og dvaldist þar smástund. Vitnið kveður þau ekki hafa viljað ræða við ákærða, þar sem hann sé stundum slæmur, þegar hann er undir áhrifum áfengis. Ákærði fór síðan Burt og inn í annað herbergi í húsinu. Kveðst vitnið ekki hafa tekið eftir því, hvað varð um Sigurð Karl. Vitnið kvað hússkipan að Selásbletti 14 vera þannig, að húsið sé ein hæð og kjallari, og er ekki búíð í kjallaranum. Þegar inn í húsið kemur, er fyrst gangur. Til vinstri í ganginum er eldhús og svefnherbergi, en stofa til hægri. Vitnið kvað sig ráma í, að stúlka, sem það ekki þekkir, kom inn í herbergið til ákærða. Kvaðst vitnið ekki minnast þess að hafa heyrt hávaða úr herberginu. Var það ekki, fyrr en önnur stúlka var komin inn í húsið, sem það heyrði hávaða. Vitnið veit ekkert, hvað ákærða og stúlkunni fór á milli, og það sá ekki stúlkuna, sem fyrst fór inn til ákærða, er hún fór þaðan út, enda var eldhúshurðin lokuð. Vitnið mundi ekki til þess, að Leifur, faðir ákærða, minntist neitt á þetta. Vitnið hafði sofnað og vaknaði, þegar lögreglan kom á vettvang.

Svo sem fyrr er að vikið, var stúlkan K færð til skoðunar hjá Andrési Ásmundssyni lækni að morgni hins 27. október 1974, og samkvæmt vottorði læknisins, sem liggur frammi í málinu, fór sú skoðun fram kl. 0530. Segir svo m. a. í vottorðinu:

„Við skoðun virtist K algjörlega ódrukkinn. Hún kvaðst vera í sömu fötum og við hina meintu nauðgun. Vantaði tölur til að halda saman buxnastreng. Var rifið niður úr buxnaklaufinni og saumspretta í hægri buxnaskálminni innanfótar og náði saumsprettan niður fyrir hné. Nærbuxur voru hnýttar saman í hægri hlið, höfðu verið rifnar sundur um buxnastrenginn. Á hálsi hafði hún, hægra megin, 3 ferska marbletti, hvern fyrir ofan annan, þeir efstu 1 cm á lengd, mjög mjóir, en sá neðsti 5 cm langur og 1 cm breiður. Aðrir áverkar sáust ekki, ekki heldur á úlnliðum. Við skoðun á kynfærum sást enginn

áverki, ekkert blóð og ekki fundust sáðlar í sýni frá fæðingarvegi við smásjárskoðun. Auðvelt var að þreyfa fæðingarveginn með 2 fingrum. Meyjarhaftið var óslitið, en mjög eftirgefanlegt.

Aðspurð kvaðst hún hafa haft samfarir áður. Síðustu tíðir kvað hún hafa byrjað 20/10. Hún kvaðst ekki nota getnaðarvarnar pillur.

Skoðun bendir til líkamsárásar, en ekki er hægt að fullyrða um, hvort fullkomin nauðgun hafi farið fram eða ekki". Andrés Ásmundsson læknir, sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp, Sjafnargötu 14, hefur komið fyrir dóminn og staðfest framangreint vottorð sitt. Kvað vitnið K hafa tjáð því, að sér hefði verið nauðgað, svo sem lýst er í vottorði þess. Þá hafði vitnið bókað hjá sér, að K hefði sagt því, að ákærði Tryggvi Rúnar hefði tekið sig kverkataki og hún ekki þorað að æpa, er hann hafði samfarir við hana, af ótta við, að hann mundi kyrkja sig. Vitnið kvað enga áverka hafa sést á kynfærum K, svo sem vottorði þess greinir. Það tók sýni til rannsóknar á því, hvort sáðlar væru í fæðingarvegi. Rannsakaði vitnið sýnið í smásjá, en fann enga. Ekki sé þó unnt að útiloka þann möguleika, að óhreyfanlegir sáðlar hafi verið í fæðingarvegi K og hefðu fundist við sérfræðilega skoðun. Meyjarhaft K var órofið, en vel eftirgefanlegt. Samfarir við hana hefðu getað farið fram, þótt meyjarhaftið hefði ekki rofnað. Sagði vitnið, að af skoðun á fæðingarvegi K yrði ekkert fullyrt um það, hvort henni hefði verið nauðgað, en marblettir á hálsi og rifnar buxur, bæði ytri og innri, bentu til, að hún hefði orðið fyrir ofbeldisárás í kynferðislegum tilgangi. Þá kvað vitnið K hafa sagt sér, að ákærði Tryggvi Rúnar hefði slegið A vinkonu sína utanundir, er hún kom á vettvang, rétt eftir að nauðgun hafði átt sér stað.

Vegna rannsóknar máls þessa var ákærði Tryggvi Rúnar úrskurðaður í gæsluvarðhald hinn 27. október 1974, og var honum sleppt úr varðhaldinu hinn 6. nóvember 1974.

Samprófun fyrir dómi milli ákærða og vitnanna K og A leiddi ekki til frekara samræmis í framburðum þeirra.

Niðurstöður. Ákærða og K ber saman um, að ákærði hafi haft við hana samfarir. Telur ákærði, að sér hafi orðið sáðfall, en K er það eigi ljóst.

Af framburðum vitnanna A, Sigurðar Karls Pálssonar og lögreglumannanna Jónatans Hall og Jóhannesar Björgvinssonar má telja fyllilega í ljós leitt, að K hafi verið mjög miður sín og óttaslegin, er að henni var komið, eftir að herbergi það hafði verið opnað, er hún var í hjá ákærða. Þá er sannað með framburðum lögreglumannanna og vottorði Andrésar Ásmundssonar læknis, að hún bar áverka á hálsi, og styður það frásögn hennar um, að hún hafi verið tekin kverkataki. Enn verður talið sannað, að buxur hennar, ytri og innri, hafi verið rifnar, þegar að var komið, og styður það frásögn hennar um, að ákærði hafi rífið þær utan af henni.

Samkvæmt framansögðu telst sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi þröngvað K til holdlegs samræðis við sig með ofbeldi, þannig að varði við 1. mgr. 194, gr. almennra hegningarlaga.

Í þinghaldi hinn 20. janúar síðastliðinn gerði K þá kröfu á hendur ákærða Tryggva Rúnari, að hann yrði dæmdur til að greiða sér samtals krónur 255.000 í bætur, sem sundurliðist þannig, að kr. 5.000 séu fyrir fataskemmdir og kr. 250.000 í miskabætur. Þá krafðist hún vaxta af þessum fjárhæðum, þ. e. 9% vaxta frá 26. október 1974 til 23. apríl 1976, en 13 % vaxta frá þeim tíma til greiðsludags. Einnig hefur lögfræðingur hennar, Sigríður Ásgeirsdóttir, krafist málskostnaðar að mati dómsins í bréfi, dags. 4. mars sl.

Ákærði hefur mótmælt kröfum þessum.

Svo sem áður greinir, kvaðst K ekki vera söm og áður eftir þennan atburð og hafi hún orðið fyrir sálrænu áfalli, sem hún hafi ekki jafnað sig af. Kveðst hún hafa fengið martröð í tvö skipti, nú síðast fyrir stuttu, vegna þessa atburðar.

Vitnið A, sem er kunningjakona K, hefur sagt fyrir dómi, að K sé mjög breytt eftir framangreindan atburð, enda hafi hún orðið fyrir miklu áfalli.

Af hálfu K hafa eigi verið lagðir fram reikningar vegna fataskemmda. Hins vegar hafa hin rifnu föt fylgt málinu, og myndir af þeim liggja frammi. Að mati dómsins verður krafa vegna fataskemmda ekki talin ósanngjörn og verður því tekin til greina að fullu.

Varðandi miskabótakröfu, kr. 250.000, hefur ekki verið lagt fram vottorð um andlegt ástand K. Hins vegar verður að telja augljóst, að verknaður eins og sá, sem ákærði hefur verið fundinn sekur um, hlýtur að hafa í för með sér töluverðar andlegar þjáningar og röskun fyrir stúlku, sem fyrir slíku verður. Er hér einkum á það að líta, að K var aðeins 18 ára að aldri, þegar umræddur atburður átti sér stað. Með ofanritað í huga þykir dóminum krafa K um miskabætur ekki ósanngjörn, og verður hún því tekin til greina að fullu. Þá ber að dæma ákærða til að greiða vexti af ofangreindum fjárhæðum, þ. e. 9% ársvexti frá 2•6. október 1974 til 23. apríl 1976, en 13 % ársvexti frá þeim degi til greiðsludags. Hins vegar ber að vísa frá dómi kröfu um greiðslu málskostnaðar, sbr. 145. gr. laga nr. 74/1974.

3. Samkvæmt eigin játningu ákærða Tryggva Rúnars fyrir dómi braust hann inn í verslunina Nesco h/f á Laugavegi hinn 6. desember 1972, en með honum var Óskar Guðmundsson. Braut ákærði rúðu í hurð og fór inn í verslunina og tók þaðan 3 segulbandstæki. Tækin seldi ákærði fyrir kr. 10:000.

4. Ákærði hefur játað fyrir dómi að hafa hinn 3. apríl 1974 stolið peningakassa úr frímerkjaverslun að -Óðinsgötu 3, en þangað hafði hann farið inn að degi til ásamt Einari Sverri Einarssyni, að því er hann minnir. Stóð kassinn á borði í versluninni, og reyndust vera í honum peningar, um það bil kr. 1.000, sem notaðir voru til kaupa á brennivínsflösku, sem þeir Einar Sverrir drukku úr.

5. Af hálfu ákærvalds hefur verið fallið frá ákæru í málinu, að því er varðar innbrot ákærða í leirbrennslu Glits h/f að Höfðabakka 9 í Reykjavík hinn 17. september 1974, enda hafði dómur áður gengið um sakarefni þetta.

6. Að lokum hefur ákærði viðurkennt að hafa stolið veski af Hjálvari Baldurssyni, Þjórsárgötu 7 hér í borg, í veitingahúsinu Röðli hinn 7. nóvember 1974, en í veskinu munu hafa verið kr. 2.200.

Telja verður fyllilega sannað með eigin játningum ákærða og öðrum gögnum málsins, að hann hafi framið verknaði þá, er hér að framan í 3., 4. og 6. tl. hafa verið raktir, og varða þeir við 244. gr. almennra hegningarlaga.

### III.

1. Þriðjudaginn 26. mars 1974 kærði Elín Þórhallsdóttir, eigandi sælgætisverslunarinnar að Vesturgötu 53, þjófnað í versluninni á kr. 31.700 í peningum aðfaranótt mánudagsins 25. mars. Ákærði Sævar Marínó Ciesielski hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi að kvöldi 24. mars 1974,

um kl. 2400, farið að framangreindri sælgætisverslun til að fá að hringja. Dyr verslunarinnar voru ólæstar, og fór hann þar inn. Skall þá hurðin í lás, þannig að hann gat ekki opnað, og varð honum ljóst, að enginn var í versluninni. Þegar hann var að leita að annarri útgönguleið, rakst hann á umslag í hillu bak við afgreiðsluborð. Tók hann umslagið og fór síðan út um afgreiðslulúgu með því að ýta út hlerum, sem voru fyrir henni. Í umslaginu reyndust vera peningar og ávísanir. Ákærði sló eign sinni á peningana, sem voru að fjárhæð um það bil kr. 32.000, og eyddi þeim. Ávísanirnar voru að fjárhæð nokkuð yfir 30.000 kr., og kveðst á.kærði hafa eyðilagð þær.

2. Vorið 1974 kom ákærði Sævar Marinó nokkrum sinnum í skála Eimskipafélags Íslands við Sundahöfn að kvöldi til, þar sem hann þekkti tvo vaktmenn. Varð ákærði þess áskynja, að auðvelt var að ná í áfengi, sem þarna var geymt, þar sem aðeins þurfti að fara yfir girðingu eða net til að komast að því. Kvöld eitt í maí; er hann var staddur þarna ölvaður, fór hann yfir girðinguna og tók 6 koníakspela, 2 vodkaflöskur og 3 whiskyflöskur, sem hann faldi síðan undir segli fyrir utan skálann. Fékk hann Albert Klahn Skaftason til að koma með sér daginn eftir og sælja áfengið. Ákærði neytti sjálfur einhvers af áfenginu. Einnig gaf hann Albert Klahn af því og seldi eitthvað, að því er hann minnti. Einhvern næstu daga, líklega á laugardagskvöldi, fór ákærði aftur í skálann. Hitti ákærði fyrst vaktmann, og um leið og hann kvaddi hann og fór út, gætti hann þess, að lásinn á hurðinni væri opinn, svo að hann kæmist inn aftur. Fór hann síðan aftur inn og tók 60 þriggja pela flöskur af vodka, sem hann setti í 2 ferðatöskur, sem hann tók einnig þarna inni. Fór ákærði með þetta heim til sín í Álfheima og seldi flöskurnar daginn eftir fyrir 60.000 krónur. Næsta kvöld fór ákærði enn í skálann á sama hátt og fyrr og tók nú einn kassa með 12 flöskum af vodka. Seldi hann þær fyrir kr. 12.000.

3. Einhvern tíma um sumarið 1974 kom ákærði Sævar Marinó í Farfuglaheimilið við Baldursgötu hér í borg og ætlaði að hitta kunningja, sem hann hafði verið að drekka með skömmu áður. Enginn var í húsinu. Á leiðinni út sá ákærði umslag með peningum, sem hann tók, og reyndust vera í því kr. 30:000. Ákærði eyddi fé þessu. Einnig tók hann þverflautu, sem hann lét Albert Klahn Skaftason fá. Albert Klahn mun síðar hafa skilað flautunni til lögreglu.

4. Ákærði Sævar Marinó kveðst hafa verið á dansleik í Tjarnarbúð ásamt Erlu Bolladóttur og Kristjáni Viðari Viðarssyni einhvern tíma skömmu áður en hann og ákærða Erla sviku út fé hjá Pósti og síma öðru sinni í október 1974. Hafi hann tekið þar kvenveski. Ákærði kveðst hafa tekið nafn- og ökuskírteini úr veskinu, en fleygt því síðan rétt hjá veitingahúsinu. Hann kveðst lítið muna eftir þessu sökum ölvunar. Telur hann, að peningar hafi ekki verið í veskinu. Nafnskírteinið notaði ákærði, er hann og Erla sviku út fé hjá Pósti og síma.

Eigandi veskisins kveðst hafa saknað þess eftir dansleik í Silfurtunglinu 6. október 1974.

Sannað er með játningum ákærða Sævars Marinós fyrir dómi og öðrum gögnum málsins, að hann hafi gerst sekur um framangreinda þjófnaði í 1.-4. t. Þjófnaðurinn, er í 4. t. greinir, er studdur framburði ákærðu Erlu, og ákærði notaði nafnskírteini, er eigandinn kveður hafa verið í veskinu. Þjófnaður þessi fór fram í veitingahúsi, en skv. framansögðu er eigi hægt að slá því föstu, um hvaða veitingahús var að ræða.

Hefur ákærði með atferli þessu orðið brotlegur gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá telst ákærði með atferli því, er í 2. Cl. greinir, einnig hafa orðið brotlegur gegn 18. gr., sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 8211969.

Elín Þórhallsdóttir, Hlíðarhvammi 4, Kópavogi, eigandi sælgætisverslunarinnar að Vesturgötu 53, hefur gert bótakröfu á hendur ákærða Sævari Marinó að fjárhæð kr. 31.700.

Þá hefur verið gerð krafa af hálfu Farflugladeildar Reykjavíkur á hendur ákærða Sævari Marinó að fjárhæð kr. 30.000. Ákærði hefur ekki mátmælt kröfum þessum, og verða þær teknar til greina.

#### IV.

1. Laugardaginn 6. mars 1974 var ákærði Sævar Marinó staddur í afgreiðslu Flugfélags Íslands og var ölvaður. Hann hafði heyrt, að oft væri auðvelt að ná þar í áfengisþakka, sem lögju í reiðileysi. Rétt fyrir utan afgreiðsluna nálægt þeim stað, sem farþegar ganga út í flugvélar, sá hann hvítan póstpoka, og taldi hann af lögun pokans, að í honum væru hljómplötur. Tók hann pokann undir hendina og hafði hann heim með sér í Álfheima, þar sem hann opnaði hann. Í pokanum voru ýmis konar bréf og umslög. Í einu umslagi var eitthvað af erlendum gjaldeyri, sem ákærði tók. Einnig tók hann tvö ávísanahefti á Búnaðarbankann. Notuðu hann og ákærða Erla Bolladóttir síðan eyðublöð úr þeim til að falska ávísanir á. Að öðru leyti hagnýtti ákærði sér ekki innihald pokans. Ákærði þorði ekki að fara með pokann aftur út á flugvöll og skildi hann eftir í geymslu fjölbýlishúss nálægt heimili sínu, þar sem hann taldi, að hann mundi finnast.

Ákærða, Erla Bolladóttir, hefur skýrt frá því, að í mars 1974 hafi ákærði Sævar Marinó komið með póstpoka á heimili þeirra að Álfheimum 40, sem hann sagðist hafa tekið við afgreiðslu Flugfélags Íslands. Úr poka þessum hafi þau tekið nokkra tugi færeyskra króna, sem ákærða skipti hjá Pósti og síma, þar sem hún starfaði. Einnig hafi þau tekið eitt ávísanahefti, sem Björgúlfur Stefánsson átti, og hafi það verið á banka á Seyðisfirði. Að öðru leyti hafi þau ekki hagnýtt sér innihald pokans.

Atferli ákærðu Sævars Marinós og Erlu, er nú hefur verið rakið, er sannað með játningum þeirra og öðrum gögnum málsins. Hefur ákærði Sævar Marinó með því orðið brotlegur gegn 244. gr, almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ákærða Erla við 1. mgr. 254, gr., sbr. 244. gr. sömu laga.

Af hálfu Pósts og síma hefur verið gerð krafa á hendur ákærðu um greiðslu á kr. 2.700, sem er skaði stofnunarinnar í peningum vegna umrædds þjófnaðar. Ákærðu hafa ekki mótmælt kröfu þessari. Verður hún tekin til greina, og ber að dæma ákærðu til að greiða hana óskipt.

2. Í aprílmánuði 1974 falsaði ákærða Erla Bolladóttir tvær ávísanir á eyðublöð úr ávísanahefti Jóns Sólbergs Nóasonar við Útvegsbanka Íslands, en ávísanahefti þetta hafði ákærði Sævar Marinó komist yfir á veitingahúsinu Röðli. Annars vegar var um að ræða ávísun nr. A 449870, að fjárhæð kr. 2.000, á sparisjóðsreikning nr. 2218, útgefin til handhafa 20. apríl 1974, og er nafn útgefanda Jón Sólberg Nóason. Ákærða Erla framseldi ávísunina með nafninu Sólveig Jónsdóttir, Sólheimum 27, og notuðu ákærðu hana í viðskiptum í söluturninum við Hálogaland. Hins vegar var um að ræða ávísun nr. A 449871, að fjárhæð kr. 3:000, á lama sparisjóðsreikning, útgefin til handhafa 25. apríl 1974, og var nafn útgefanda hið sama svo og framseljanda. Ávísun þessa notuðu ákærðu Erla og Sævar Marinó til greiðslu happdrættismiða hjá Krabbameinsfélagi Reykjavíkur og til matarkaupa.

Með atferli því, sem lýst er undir þessum 1ið og ákærðu hafa játað fyrir dómi, hafa þau gerst brotleg við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

3. Í júní 1974 notuðu ákærðu Erla og Sævar Marinó í viðskiptum þrjár ávísanir, sem ákærða Erla falsaði á eyðublöð úr ávísanahefti Björgólfs Stefánssonar við Útvegsbanka Íslands, Seyðisfirði. Í fyrsta lagi var hér um að ræða ávísun nr. D 11776, að fjárhæð kr. 2:000, á sparisjóðsreikning nr. 5178, útgefna til handhafa 26. júní 1974 með nafni Björgólfs Stefánssonar og framseld með sama nafni. Ávísunina notaði ákærði Sævar Marinó til greiðslu í söluturni við Hlemmtorg. Í öðru lagi ávísun nr. D 11777, að fjárhæð kr. 5.000; á sama sparisjóðsreikning, útgefna til handhafa 28. júní 1974 með sama útgefandanafni. Ávísunina framseldi ákærða Erla með nafninu Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir og notaði til greiðslu í versluninni Útilíf í Glæsibæ, þar sem hún keypti flugulínu fyrir ákærða Sævar Marinó. Að lokum var um að ræða ávísun D 11778, að fjárhæð kr. 5.000; á lama sparisjóðsreikning, útgefna til Silla og Valda hinn 28. júní 1974, með sama útgefandanafni. Ávísun þessa notaði ákærða Erla með vitund ákærða Sævars Marinós í versluninni Glæsibæ við kaup á matvælum, en að sögn ákærðu Erlu fékk ákærði Sævar Marinó afgang peninganna. Ávísunin var framseld með nafninu Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir, Austurbrún 4, Reykjavík.

Atferli ákærðu, sem lýst hefur verið undir þessum lið og sannað er með játningu þeirra fyrir dómi, varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu Silla og Valda hefur verið gerð krafa á hendur ákærðu iun greiðslu á kr. 5.000 vegna fyrrgreindrar ávísunar, D 11778. Ákærðu hafa ekki mótmælt kröfu þessari, og verður hún tekin til greina.

4. Í bréfi Pósts og símamálastjórnar, dags. 5. nóvember 1974, til sakadóms Reykjavíkur, greinir frá því, að hinn 26. ágúst það ár hafi verið gefinn út 475.000 kr. tékki á póstútbúi R 4 að Langholtsvegi 82. Tékki þessi hafi verið greiðsla vegna fimm símapóstávísana, sem samtals hljóðuðu upp á greiðslu á nefndri upphæð frá Hraðfrystihúsi Grindavíkur til Unnar Jökulsdóttur, Sólheimum 25. Fjögur póstávísanaskeytin hafi verið að upphæð kr. 100.000 og eitt kr. 75.000, en samkvæmt reglum er hámarksupphæð slíkra ávísana kr. 100.000. Sem nafn tarfsstúlku póststöðvarinnar í Grindavík var á öllum skeytunum notað nafnið Steinunn Stefánsdóttir. Við afgreiðslu símapóstávísananna á póstútbúinu á Langholtsvegi hafði viðtakandi undirritað með nafni Unnar Jökulsdóttur á öll skeytin og á eitt þeirra einnig nafnnúmerið 8247-9995. Einnig hafði greiðslutékkinn, sem útgefinn var af póstútbúinu á reikning þess í útibúi Landsbankans, verið framseldur með sama nafni og nafnnúmeri.

Þá segir í bréfinu, að við endurskoðun hafi komið í ljós, að ávísanir þessar hafi ekki verið innborgaðar á póststöðinni í Grindavík og við nánari athugun skeytanna hafi hvorki ávísananúmer né skeytanúmer reynst falla inn í númeraraðir sendingardagsins 23. ágúst í Grindavík. Skeytanúmer 23. ágúst í Grindavík voru frá 123 til og með 130, en númer umræddra póstávísana voru frá 1586 til og með 1592. Að öðru leyti hafi verið það vel frá skeytunum gengið, að þau hafi ekki vakið tortryggni.

Í bréfinu er tekið fram, að engin starfsstúlka sé á stöðinni í Grindavík að nafni Steinunn Stefánsdóttir. Nafnnúmerið 82479995 muni ekki vera til og megi því ætla að nafn Unnar Jökulsdóttur sé falsað, en ein stúlka muni vera til á landinu með þessu nafni, en búi þó ekki að Sólheimum 25. Á ritsímastöðinni í Reykjavík séu skeytin skráð móttekin í síma 23. ágúst 1974 og íærð þar inn í bók. Síðan hafa þau verið send á póststofuna í Pósthússtræti og þaðan í póstútbúið við Langholtsveg. Þar sem skeytin eru árituð „post restante“, sé gert ráð fyrir, að þeirra sé vitjað á pósthús. Hinn 26. ágúst, sem var mánudagur, hafi skeytin svo, eins og áður greinir, verið greidd út.

Rannsókn hófst í máli þessu hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík hinn 8. nóvember 1974. Var m. a. í upphafi rætt við starfsstúlku á símsstöðinni í Grindavík, sem verið höfðu starfandi þar á umræddum tíma, svo og við starfsfólk Langholtsútibús Pósts og síma. Við þessa rannsókn kom ekkert fram, sem varpað gæti ljósi á, hver hefði verið hér að verki.

Einnig var yfirheyrð vegna máls þessa stúlka að nafni Unnur Þóra Jökulsdóttir, Lindarbraut 2, Seltjarnarnesi. Kom fram, að hún hafði unnið hjá Hraðfrystihúsi Grindavíkur frá 4.-10. maí 1973. Neitaði hún með öllu að vita nokkuð um mál þetta, en fram kom hjá henni, að fyrir um það bil tveimur árum hefði hún glatað nafnskrifteini sínu.

Hinn 29. nóvember 1974 var tilkynnt til rannsóknarlögreglunnar frá Pósti og síma, að nýtt mál sams konar hefði komið upp. Við endurskoðun þennan dag hefðu komið fram fimm símskeyti, send frá Grindavík hinn 18. október 1974, kl. 1745, en skeytin eru öll sögð móttækin í Grindavík á sama tíma. Hér var um að ræða símskeyti, pósthúsanir nr. 1907-1911, sem sendast áttu á pósthús R 6, sem er á Umferðarmiðstöðinni hér í borg. Þau hljóðuðu öll á kr. 100.000, nema eitt, sem hljóðaði á kr. 75.000. Sendandi samkvæmt skeytunum var Jón Guðmundsson framkvæmdastjóri, en móttakandi átti að vera Guðrún Sigríður Jónsdóttir með nafnnúmeri 3268-2138. Undir skeytin skrifar Steinunn Stefánsdóttir. Skeyti þessi höfðu verið framsend til pósthússins á Selfossi, og þar var öll fjárhæðin greidd út hinn 22. október, og fyrir móttöku hefur kvittað Guðrún S. Jónsdóttir. Við athugun endurskoðunar kom í ljós, að umrædd upphæð hafði aldrei verið greidd inn í Grindavík.

Af hálfu rannsóknarlögreglu var mál þetta þegar tekið til rannsóknar. Var m. a. rætt við starfsfólk pósthússins á Selfossi. Tvær starfsstúlku þar mundu eftir stúlku, sem kom að sækja umrædda peninga, og lýstu þær henni svo, að hún hefði verið um það bil 163 cm á hæð, grönn og með frekar skollitað hár. Hefði þetta verið hugguleg stúlka, 18-20 ára, og minnti þær, að hún hefði verið í rauðri ullarúlpu með hettu. Gefinn var út tékki vegna upphæðar þessarar í pósthúsinu á Landsbanka Íslands, útibúið á Selfossi, og var hann stílaður á nafn Guðrúnar Sigríðar Jónsdóttur. Gjaldkeri þar mundi eftir að hafa greitt umræddan tékka stúlku um tvítugt, sem var lítil og nett, með lítið andlit, í meðallagi á hæð, frekar grönn og skollhærð. Hefði hún verið ein og hann ekki þekkt hana.

Þá var rætt við starfsfólk í pósthúsinu á Umferðarmiðstöðinni í Reykjavík. Mundi það eftir stúlku, sem hefði komið að spyrja um umrædd símskeyti, en þau voru þá ekki komin. Hefði hún sagt, að hún væri að fara austur á Selfoss rétt á eftir, og var því ákveðið að hringja á aðalpósthúsið og biðja um, að ávísanirnar yrðu sendar austur í pósthúsið á Selfossi. Stúlku þessari var lýst svo, að hún væri frekar lítil, grönn, föl í andliti, ljósskollhærð og í kringum 20 ára að aldri.

Svo sem fyrr greinir, var nafn Jóns Guðmundssonar, framkvæmdastjóra í Grindavík, notað sem nafn greiðanda á framangreindri fjárhæð. Við athugun hjá Jóni, sem var framkvæmdastjóri hjá Frystihúsi Grindavíkur, kom í ljós, að Guðrún S. Jónsdóttir hafði ekki, svo að séð yrði, unnið hjá fyrirtæki hans. Stúlka með þessu nafni og tilgreindu nafnnúmeri á skeytunum bjó að Melabraut 3, Seltjarnarnesi, en í ljós kom, að hún var í skóla á Ísafirði. Hafði hún farið þangað hinn 6. október 1974. Hinn 7. desember var tekin af henni skýrsla á Ísafirði. Kom þar fram, að hún hafði farið hinn 5. október að skemmta sér í Silfurtunglinu í R.eykjavík. Eftir það hafði hún orðið vör við, að hún hafði glatað veski, sem hún var með, en í því var m. a. nafnskrifteini hennar. Guðrún neitaði með öllu aðild sinni að máli þessu.

Eftir þetta gerðist ekkert í málinu fyrr en hinn 8. desember 1975, að Unnur Þóra Jökulsdóttir, sem fyrr var nefnd, mætti hjá rannsóknarlögreglunni og skýrði frá því, að henni hefði borist til eyrna, að

ákærði Sævar Marinó Ciesielski hefði staðið að umræddum fjársvikum. Hafði hún það eftir Guðbjörgu Thoroddsen, Vesturbrún 4 hér í borg, að ákærði Sævar Marinó hefði sagt bróður Guðbjargar, Jóni Sigurði Thoroddsen, að hann hefði staðið að þessum svikum. Staðfesti Guðbjörg þetta við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni lama dag, en við yfirheyrslu hinn 9. desember 1975 neitaði Jón Thoroddsen að vita nokkuð um mál þetta. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu hinn 11. desember 1975 skýrði ákærði Kristján Viðar Viðarsson frá því, að ákærði Sævar Marinó hefði komið heim til hans eitt sinn síðari hluta ágústmánaðar 1974 og verið með þykkan bunka af 5.000 kr. seðlum, sem hann talaði um, að hann ætlaði að nota til að afla sér tækja til kvikmyndatöku. Hefði hann talað um að lána Vilhjálm Knudsen kr. 150.000, en auk þess hefðu þeir ákærðu Kristján Viðar og Sævar Marinó keypt bifreið saman skömmu síðar og ákærði Sævar Marinó lagt fram til kaupanna kr. 60.000. Þá sagði ákærði Kristján Viðar, að einhvern tíma eftir þetta hefði ákærði Sævar Marinó sagt sér, að hann hefði sviðið þessa peninga út og fengið stúlku að nafni Guðrún Anna Guðmundsdóttir til að veita þeim viðtöku. Hefði hann greitt henni kr. 100.000 fyrir vikið.

Ákærði Sævar Marinó var yfirheyrður hinn 12. desember 1975 hjá rannsóknarlögreglu vegna máls þessa, en neitaði allri vitneskju um það. Ákærða Erla Bolladóttir var og yfirheyrð hinn 13. desember 1975, og neitaði hún einnig með öllu að hafa átt aðild að máli þessu. Kom fram hjá henni, að hún hefði frá 4. janúar þar til í byrjun októbermánaðar árið 1974 starfað hjá Pósti og síma á ritsímanum við telex, og var starfsheiti hennar fjarritari. Síðari hluta starfstímans hefði hún unnið við skeyta-afgreiðslu innanlands.

Vegna rannsóknar máls þessa var ákærði Sævar Marinó Ciesielski úrskurðaður í gæsluvarðhald hinn 12. desember 1975 í allt að 30 dögum. Ákærða Erla Bolladóttir var úrskurðuð daginn eftir til að sæta gæsluvarðhaldi jafnlangan tíma.

Hinn 18. desember 1975 gaf ákærða Erla skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni, þar sem hún játaði aðild sína að máli þessu og skýrði frá því, hvernig þau ákærði Sævar Marinó hefðu staðið að því að svíkja fé út hjá Pósti og síma í ágúst og október 1974. Við yfirheyrslu hinn 11. janúar 1976 hjá rannsóknarlögreglunni skýrði ákærði Sævar Marinó einnig frá þessum verknaði þeirra í meginatriðum á lama hátt og ákærða Erla.

Fyrir dómi hinn 28. janúar 1977 skýrði ákærða Erla svo frá, að hún hefði hinn 23. ágúst 1974 sviðið kr. 475.000 út í pósthúsinu við Langholtsveg ásamt ákærða Sævari Marinó. Hefði hún á þessum tíma starfað sem fjarritari hjá Pósti og síma. Sagði hún, að ákærði Sævar Marinó hefði beðið sig að ná með einhverju móti út fé hjá Pósti og síma og hefði henni þá hugkvæmst að gera það á þennan hátt. Kvaðst hún einhvern tíma síðdegis umræddan dag hafa hringt frá Hjallavegi 31 í 06 og látist vera starfsstúlka á símsstöðinni í Grindavík. Las hún fyrir skeyti þess efnis, að greiða skyldi til Unnar Jökulsdóttur, Sólheimum 25, samtals kr. 475.000, en greiðandi væri Hraðfrystihús Grindavíkur. Undirskrift á skeytunum var gefin upp Steinunn Stefánsdóttir. Voru skeytin fimm að tölu og hljóðuðu fjögur upp á kr. 100.000, en eitt upp á kr. 75.000. Sagði ákærða, að það hefði verið stúlka að nafni Ragnheiður, sem tekið hefði við skeytunum í 06. Hefði hún ekki látið uppi neinar efasemdir, þegar ákærða las skeytin fyrir, né spurt nokkurs. Þá sagði ákærða, að ákærði Sævar Marinó hefði, á meðan símtalið fór fram, notað hátalara til að suð heyrðist í símanum.

Ákærða kvaðst ekki hafa átt hlut að því að sækja umrætt fé í Langholtsútibú Pósts og síma, en þangað átti að senda skeytin. Kvaðst hún hafa heyrt það síðar hjá ákærða Sævari Marinó, að stúlka að nafni Guðrún Anna hefði náð fénu út. Skeytin hefðu verið send á föstudegi, en féð ekki verið leyst út fyrr en



á mánudegi. Kom ákærði Sævar Marinó heim með kr. 375.000, en hann kvaðst hafa greitt þeim, sem tók féð út, kr. 100.000. Ákærða vissi, að af þessu fé lánaði ákærði Sævar Marinó Vilhjálm Knudsen kr. 300.000 og varði kr. 60.000 til bílakaupa með ákærða Kristjáni Viðari Viðarssyni. Afganginn af fénu muni hann hafa notað í eigin þágu.

Ákærða skýrði þessu næst frá því, að síðar hefði ákærði Sævar Marinó krafist þess af sér, að hún sviki á lama hátt fé út hjá Pósti og síma á ný. Hefði hún neitað þessu í fyrstu, en þar hefði komið, að hún lét undan. Voru þau stödd heima hjá móður ákærða Sævars Marinós að Grýtubakka 10. Hringdi ákærða þá í 06 og kvaðst vera á símsstöðinni í Grindavík og las fyrir skeyti, fimm að tölu, um greiðslu á samtals kr. 475.000 til Guðrúnar Sigríðar Jónsdóttur. Greiðandi var sagður maður að nafni Jón, en ákærða mundi ekki, hvaða föðurnafn hún gaf upp á honum. Undirskriftin á skeytunum var sögð Steinunn Stefánsdóttir. Ákærða kvað nafn móttakanda Guðrúnar Sigríðar Jónsdóttur hafa verið tilgreint að fyrirsögn ákærða Sævars Marinós, svo sem verið hafði einnig um nafn Unnar Jökulsdóttur í framangreindu tilviki. Engar spurningar voru bornar upp við ákærðu, þegar hún las upp skeytin. Kvað hún ákærða Sævar Marinó hafa viðhaft sömu tilfæringar við símtalið og í fyrra tilvikinu.

Ákærða kvað skeytin hafa átt að sendast á pósthúsið í Umferðarmiðstöðinni. Ekki var ætlunin í upphafi, að hún sækti þetta fé, en þar eð Guðjón Skarphéðinsson, sem ákærði Sævar Marinó ætlaði að fá til þessa, brást, hefði hann fengið hana til þess að fara í pósthúsið og hefði hann afhent henni nafnskírteini með nafni Guðrúnar Sigríðar Jónsdóttur. Þegar hún kom á pósthúsið í Umferðarmiðstöðinni, reyndist ekki nægilegt fé þar fyrir hendi til að greiða út umræddar póstávísanir, og var henni vísað á aðalpósthúsið. Þangað vildi hún hins vegar ekki fara af ótta við að þekkjast. Kvaðst hún vera að fara austur á Selfoss og bað um, að skeytin yrðu send þangað. Fór hún að Selfossi ásamt ákærða Sævari Marinó næsta dag. Fékk hún þar á pósthúsinu greidda ofangreinda fjárhæð með ávísun á Landsbanka Íslands, Selfossi, og kvittaði hún fyrir á skeytin með nafni Guðrúnar Sigríðar Jónsdóttur. Ávísunina leysti hún þá þegar út í framangreindum banka og framseldi með lama nafni. Ákærða telur, að ákærði Sævar Marinó hafi notað yfir kr. 300.000 af umræddu fé til eigin þarfa, en hinu hafi þau eytt sameiginlega.

Fyrir dómi hinn 16. febrúar 1977 kannaðist ákærði Sævar Marinó við það, að hann hefði ásamt ákærðu Erlu svikið kr. 475.000 út hjá Pósti og síma í ágúst 1974. Kvað hann ákærðu Erlu hafa starfað hjá Pósti og síma og hefði hún tjáð sér, að hún vissi um aðferðir til þess að ná þar út peningum. Hann hefði um þetta leyti vantað peninga, um 200.000 kr., til að lána kunningja sínum. Ákærða Erla hefði þá stungið upp á því, að hún næði út þessum peningum hjá Pósti og síma. Hefði ákærða Erla hringt frá Hjallavegi í ritsímann, sagst vera á símsstöðinni í Grindavík með skeyti um peningasendingu frá einhverjum ákveðnum útgerðarmanni í Grindavík. Viðtakandi átti að vera Unnur Jökulsdóttir, og átti að senda peningana í Langholtsútibú Pósts og síma. Ekki mundi ákærði, hver ákvað, hvaða nöfn skyldu notuð í þessu sambandi, en heldur, að þau hafi athugað eitthvað með nöfn í Grindavík. Hann telur, að hann hafi stungið upp á nafni Unnar Jökulsdóttur út í bláinn. Hann kvað fjárhæð þá, sem hér um ræðir, hafa verið kr. 475.000 í fimm póstávísunum.

Ákærði skýrði frá því, að á meðan ákærða Erla talaði í símann umrætt sinn, hefði hann útbúið sön á plötuspilara til að halda mætti, að slæmt samband væri, en ákærða Erla hefði sagt, að svo væri um símtöl utan af landi. Hann kvað umrætt símtal hafa átt sér stað á föstudegi, en ekki hefði tekist að ná út peningunum þennan dag. Kvaðst hann hafa beðið Guðrúnu Önnu Guðmundsdóttur að leysa út féð. Hefði hún gert það og fengið kr. 100:000 fyrir. Taldi hann, að ákærða Erla hefði vitað um það. Kvaðst

hann hafa lánað kr. 300:000 af þessu fé Vilhjálmi Knudsen, sem samþykkti víxil fyrir þeirri fjárhæð til um það bil sex mánaða, og hefði ákærða Erla fengið víxilupphæðina greidda að frádregnum kr. 90.000, er hann hefði fengið. Þær kr. 75.000, sem eftir voru, hefðu runnið til bílakaupa, en það fé tapaðist.

Þá sagði ákærði, að í októbermánuði sama ár hefðu þau ákærða Erla verið orðin peningalaus og hann þá stungið upp á því, að þau svikju út peninga á sama hátt hjá Pósti og síma. Varð það úr, að ákærða Erla hringdi í ritsímamann frá heimili móður ákærða að Grýtubakka 10. Hafði ákærða Erla klút yfir símanum til að skapa verra samband. Hann hefði ekki verið viðstaddur símtalið og ekki framkallað són í ,þetta skipti. Þau ræddu um, að þetta yrði lama fjárhæð og fyrr, kr. 475.000, og átti að senda peningana í póstútibúið í Umferðarmiðstöðinni. Ákærða Erla átti að ná í peningana og nota nafn, sem var á nafnskírteini, er ákærði hafði stolið í Tjarnarbúð, en mynd af ákærðu Erlu hafði verið sett í það. Þau hefðu farið í Umferðarmiðstöðina, en þá hefðu peningarnir ekki verið komnir þangað. Bað ákærða Erla um, að þeir yrðu sendir í pósthúsið á Selfossi. Þau fóru síðan þangað austur, og fór ákærða Erla í pósthúsið, þar sem hún leysti út póstávísanirnar. Hún fékk greitt með ávísun, sem hún framseldi og leysti út í Landsbankanum á Selfossi. Ákærði kvað þau ákærðu Erlu hafa eytt þessum peningum sameiginlega, m. a. keypt Land Rover bifreið, dvalist á Hótel Loftleiðum og farið til Kaupmannahafnar.

Með játningum ákærðu Erlu og ákærða Sævars Marinós, sem eru studdar öðrum gögnum málsins, verður talið fyllilega sannað, að þau hafi gerst sek um atferli það, sem lýst er undir þessum 1ið í ákæru. Varðar atferli þeirra beggja við 248. gr. almennra hegningarlaga, en auk þess varðar atferli Erlu við 1. mgr. 155. gr. og 157. gr. sömu laga.

Af hálfu Póst- og símamálastjórnar hefur verið gerð krafa á hendur ákærðu til greiðslu á kr. 950.000 vegna framangreindra brota. Ákærðu hafa ekki mótmælt bótakröfu þessari, og verður hún tekin til greina að öllu leyti.

Í bréfi Póst- og símamálastjórnar er einnig gerð krafa um vexti og kostnað til greiðsludags. Engin nánari lýsing er á vaxtakröfu né rökstuðningur fyrir kostnaðarkröfu. Kröfur þessar eru því vanreifaðar og er vísað frá sakadómi.

## V.

1. Ákærðu Kristján Viðar Viðarsson og Sævar Marinó Ciesielski hafa skýrt svo frá fyrir dómi, að ákærði Sævar Marinó hafi einhvern tíma á árinu 1972 farið inn í bifreið, sem stóð rétt hjá heimili ákærða Kristjáns Viðars í húsasundi milli Grettisgötu og Njálsgötu, og tekið þaðan útvarpsviðtæki. Tækið notuðu báðir ákærðu til greiðslu á ökugjaldsskuld við Viggó Guðmundsson leigubifreiðarstjóra.

2. Einhvern tíma árið 1972 eða í byrjun árs 1973 brutust ákærðu Kristján Viðar og Sævar Marinó inn í verslun á Laugavegi 92. Dýrkuðu þeir fyrst upp aðaldyr að bílasölu, en síðan brutu þeir upp hurð, sem þaðan liggur inn í verslunina. Tóku þeir þar allmikið af tóbaki, pípum og kveikjurum ásamt sælgæti og einnig eitthvað af smámynt.

3. Í ársbyrjun 1973 fóru ákærðu Kristján Viðar og Sævar Marinó ásamt Lárusi Birni Svavarssyni a. m. k. tvívegis inn í húsið Aragötu 3 hér í borg, sem er í eigu Jóns Steffensen prófessors. Úr húsinu hurfu m.

a., að sögn eiganda, minnispeningur í tilefni 100 ára afmælis Þjóðminjasafns, minnispeningur Sigurðar Nordal, gullminnispeningur Jóns Sigurðssonar, 3 alþingishátíðarminnispeningar, 10 50 króna peningar frá 1969, gullkvenúr, 20 karata gullarmband, kassi með ýmiss konar mynt, erlendri og íslenskri, eikarkassi með ýmsum skartgripum, 4 þriggja pela flöskur af lyfjaspíritus, 1 líters flaska af spíritus, nokkrar áfengisflöskur, nokkuð magn lyfja og tvær bankabækur. Kemur þessi lýsing á horfnum munum úr húsinu að langmestu leyti heim við skýrslur ákærðu um það, sem þeir tóku þar.

4. Haustið 1974 fóru ákærðu Kristján Viðar og Sævar Marinó inn í opinn skála Eimskipafélags Íslands við Sundahöfn. Tóku þeir þar niður þrjá ljóskastara, sem ákærði Sævar Marinó hugðist nota við kvikmyndagerð, og fluttu þá heim til hans.

Framangreint atferli ákærðu Kristjáns Viðars og Sævars Marinós, sem lýst er í liðum 1-4 hér að framan, er sannað með játningum þeirra og öðrum gögnum málsins.

Varðar atferli þeirra í liðum 2-4 við 244. gr, almennra hegningarlaga, atferli ákærða Sævars Marinós í i. liði við sömu lagagrein, en atferli ákærða Kristjáns Viðars við 1. mgr. 254. gr., sbr. 244. gr. sömu laga.

## VI.

1. Hinn 12. desember 1975 kom m/s Reykjafoss til landsins frá Antwerpen. Með skipinu kom bifreiðin R 45248, sem er af Citroen gerð, árgerð 1967. Innflytjandi bifreiðarinnar og eigandi var ákærði Guðjón Skarphéðinsson. Við tollleit í bifreiðinni fundust samkvæmt skýrslu tollgæslunnar um 3,750 kg af hassi, sem falið var aðallega í „síunum“ hægra megin og inni í vinstri framhurð og farangursgeymslu. Af þessu heildarmagni var um það bil 2,550 kg ljóst hass og 1,200 kg dökkt.

Í framhaldi þessa var ákærði Guðjón Skarphéðinsson tekinn til yfirheyrslu hjá lögreglunni í Reykjavík að kvöldi þessa lama dags og síðan fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum næsta dag, 13. desember. Þar skýrði ákærði Guðjón frá því, að hann hefði um sumarið, í ágúst, farið utan með konu sína og dóttur með ferjuskipinu Smyrli og hefðu þau haft bifreið hans, R 45248, sem er af Citroen gerð, árgerð 1967, meðferðis. Hefði hér fyrst og fremst verið um skemmtiferð að ræða og þau ætlað að ferðast um Evrópu í um það bil einn mánuð. Þá hefðu þær mæðgur ætlað heim, en hann jafnvel ætlað að leita sér að vinnu. Hann sagði, að einn samferðamanna á skipinu hefði verið ákærði Sævar Marinó Ciesielski, sem hann kannaðist við. Hann hefði þó ekki vitað fyrr en á Seyðisfirði, að ákærði Sævar Marinó var að fara þessa ferð, þó að hann hefði reyndar sagt honum fyrirætlan sína skömmu áður í Reykjavík. Hefði hann ekki vitað annað um ferðir ákærða Sævars Marinós en að hann ætlaði til Kaupmannahafnar. Ákærði Sævar Marinó hefði orðið sér og fjölskyldu hans samferða til Osló og Gautaborgar, en haldið þaðan til Kaupmannahafnar.

Ákærði kvað þau hjón hafa farið eftir ferðaáætlun sinni og hefði kona og barn haldið flugleiðis heim í lok september. Hann kvaðst hafa verið í Frakklandi og starfað við vínuppskeru til 31. október. Hefði hann dvalist hjá kunningja í Aix en Provence. Þangað hefði hann fengið póst að heiman og skeyti frá ákærða Sævari Marinó með ósk um að hringja í ákveðinn síma. Það hefði hann gert nokkrum dögum seinna, en þá var ákærði Sævar Marinó búinn að fréttu, að ákærði hugðist koma heim. Hefði ákærði Sævar Marinó þá stungið upp á, að þeir hittust í Luxemburg um miðjan nóvember, en hann kvaðst þurfa að koma utan vegna leigu á kvikmyndum í Belgíu. Ákærði Guðjón ók til Luxemburgar og dvaldist

þar á farfluglaheimili. Kvaðst hann hafa farið tvisvar eða þrisvar út á flugvöll, eftir að þangað kom, til að vitja ákærða Sævars Marinós. Þegar hann loks kom, var með honum maður, sem kallaður er Geiri, og varð ákærði þess fljótlega áskynja, að hann hygðist kaupa hass og „gras“. Þeir ákærði Sævar Marinó og umræddur Geiri hefðu reyndar báðir ráðgert slíkt og framkvæmt. Kvaðst ákærði hafa sagt þeim, að hann tæki engan þátt í efniskaupum og lýsti fyrir þeim peningaleysi sínu. Hann kvaðst hafa ekið með þeim um Rotterdam og Amsterdam, en ekki vita, á hvorum staðnum efnið var keypt.

Ákærði Ásgeir Ebenezer Þórðarson var tekinn til yfirheyrslu -; egna máls þessa hjá sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum hinn 15. desember 1975, og neitaði hann að eiga nokkurn þátt í innflutningi á umræddu efni. Við samprófun ákærðu Ásgeirs Ebenezers og Guðjóns kvaðst ákærði Guðjón kannast við ákærða Ásgeir Ebenezer sem fyrrnefndan :Geira, en ákærði Ásgeir Ebenezer kvaðst ekki kannast við ákærða Guðjón.

Sama dag var ákærði Sævar Marinó Ciesielski tekinn til yfirheyrslu í fyrrnefndum dómi, en hann sat þá í gæsluvarðhaldi vegna máls þess, er um ræðir í kafla IV, 4. Neitaði hann í fyrstu nokkurri vitneskju um mál þetta. Hann viðurkenndi þó að hafa hitt ákærðu Ásgeir Ebenezer og Guðjón af hendingu á skemmtistað í Amsterdam, þegar hann var á ferðalagi erlendis skömmu áður.

Síðar í sama þinghaldi kvaðst ákærði Sævar Marinó þó vilja skýra nánar og réttilega frá samskiptum sínum við ákærðu Ásgeir Ebenezer og Guðjón. Kvað hann þá ákærða Ásgeir Ebenezer hafa haldið með sömu flugvél til Luxemburgar án samráðs þar um, en þeir tekið tal saman á leiðinni. Í Luxemburg hefði ákærði Guðjón samkvæmt fyrri ráðagerðum tekið á móti ákærða. Samkvæmt beiðni ákærða Ásgeirs Ebenezers hefði verið samþykkt, að hann fengi að vera með ákærðu Sævari Marinó og Guðjóni í bifreið þess síðarnefnda. Hefði förlinni í fyrstu verið heitið til Parísar, en síðar var horfið frá því og haldið til Bruxelles. Þar kvaðst ákærði Sævar Marinó hafa lokið erindum sínum, þ. e. að ræða við forráðamenn sjónvarpsstöðvar um hugsanleg kaup á íslenskum kvikmyndum. Áfangastaður ákærða Ásgeirs Ebenezers hefði að sögn verið Amsterdam, enda hefði hann verið með talsverðan erlendan gjaldeyri handa á milli, að hans sögn til fatnaðarkaupa fyrir tískuverslun. Þeir þrír félagar hefðu því orðið samferða til Amsterdam og dvalist þar þrjá til fjóra daga. Ákærði Sævar Marinó kvað sér ekki hafa tekist að ljúka fyrirhuguðum erindum varðandi sölu kvikmynda þar í borg. Hann kvaðst ekki vita til þess, að ákærði Ásgeir Ebenezer hefði lokið þar fatakaupunum, né hvernig fé hans eyddist. Ákærði Guðjón hefði viljað halda hingað til lands vegna barnsburðar eiginkonu og afráðið að senda bifreið sjóleiðis frá Rotterdam. Loks hefðu þeir þrír félagar orðið samferða þaðan til Amsterdam og flugleiðis til Íslands um Kaupmannahöfn. Neitaði ákærði Sævar að hafa á nokkurn hátt í nefndri för haft með höndum fíkniefni né að hafa séð slíkt til félaga sinna. Að vísu hefði ákærði Ásgeir Ebenezer lauslega rætt slík viðskipti, en nánar um það kvaðst hann ekki vita.

Eftir samprófun í framhaldi þessarar yfirheyrslu við ákærða Guðjón kvaðst "ákærði Sævar Marinó enn vilja bæta við fyrri framburð sinn. Skýrði hann nú frá því, að eftir að til Luxemburgar kom og á leiðinni í bifreiðinni til Bruxelles, hefði ákærði Ásgeir Ebenezer lýst miklum fjárráðum sínum og þeirri fyrirætlan að kaupa fíkniefni. Á þeirri stundu kvaðst ákærði ekki hafa ákveðið að kaupa sjálfur fíkniefni, en hins vegar hefði hann haft handbæra rétt innan við eitt þúsund bandaríska dollara. Kvað hann það fé komið frá frænda sínum, búsettum í Bandaríkjunum, sem var látinn. Fljótlega eftir að ákærði Ásgeir Ebenezer orðaði ráðagerð sína, kvaðst ákærði hafa afráðið að verja sínu fé einnig til kaupa á

fíkniefnum. Hefði ákærði Guðjón samþykkt, að efnun yrði leynt í bifreið hans, enda var hann á förum hingað til lands og hugðist senda bifreiðina þangað sjóleiðis.

Ákærði Sævar Marinó sagði, að ákærði Ásgeir Ebenezer hefði talið sig þekkja sölumann hassefna í Rotterdam. Hefðu þeir félagar haldið til fundar við þann mann. Rak hann smáverslun á jarðhæð, og var þar einkum á boðstólum teiknimyndablöð og amerísk tímarit. Lýsti ákærði Sævar Marinó sölumanninum og kvað hann hafa verið þrekvaxinn með hálsítt, úfið, skollitað hár, greitt aftur, og sennilega nálægt þrjátíu ára að aldri. Hefði sér skilist á samtali ákærða Ásgeirs Ebenezers við mann þennan, að ákærði Ásgeir Ebenezer þekkti hann frá fyrri viðskiptum og einnig að vinir ákærða Ásgeirs Ebenezers hefðu áður átt við hann sams konar viðskipti. Að lokum hefði samist með þeim um verðið, eitt þúsund og sjö hundruð hollensk gyllini fyrir hvert kílógramm. Kvaðst ákærði Sævar Marinó þá hafa afráðið að kaupa eitt kílógramm, enda átt sem næst fé til þeirra kaupa. Hins vegar hefði ákærði Ásgeir keypt eitt og hálf kíló. Efnið hefði verið talið af tegundinni „líbanon“ og verið grænleitt í pressuðum plötum, sem hver um sig vó tvö hundruð grömm. Ákærði kvað efnið hafa verið í bifreið ákærða .Guðjóns, ófalið að kalla, þar til næsta dag, er ákærði hefði ásamt ákærða Ásgeiri Ebenezer falið það í bifreiðinni, nánar tiltekið í gólfbita hægra megin og eingöngu á þeim stað. Hefði þetta verið gert, er bifreiðin var á stóru stæði nálægt höfn. Ákærði kvað það hafa verið ráðgert, að ákærði Ásgeir Ebenezer seldi efni ákærða Sævars Marinós fyrir eitt þúsund krónur grammið.

Í þinghöldum 16. og 19. desember 1975 neitaði ákærði Ásgeir Ebenezer að svara spurningum varðandi mál þetta. Í þinghaldi 22. desember svaraði hann hins vegar spurningum og skýrði þá frá utanferð sinni í nóvember það ár. Hefði erindi hans öðru fremur verið að athuga um innkaup á tískufatnaði. Á Keflavíkurflugvelli hefði hann fyrir tilviljun hitt ákærða Sævar Marinó. Hefði svo skipast, að þeir sátu saman í flugvél á leið til Luxemburgar og sögðu þá m. a. hvor öðrum frá ferðaáætlun og erindi. Hefði ákærði Sævar Marinó tjáð sér, að í Luxemburg mundi ákærði Guðjón taka á móti sér. 7?eir þTír hefðu ákveðið að verða samferða í bifreið ákærða Guðjóns, en ákærði Guðjón hafði beðið félaus í nokkra daga eftir ákærða Sævari Marinó. Eftir ýmsa útúrkróka, m. a. til Bruxelles, þar sem ákærði Sævar Marinó taldi sig hafa erindi varðandi kvikmyndagerð, hefðu þeir komið til Hollands eftir nokkurra daga ferð frá Luxemburg. Nokkru áður kvaðst ákærði Ásgeir Ebenezer hafa orðið þess var, að ákærðu Sævar Marinó og Guðjón greindi á um sendingu bifreiðarinnar hingað til lands. Hefði ákærði Sævar Marinó viljað, að hún yrði send frá Rotterdam, en ákærði Guðjón verið á móti sendingu bifreiðarinnar hingað til lands.

Þegar hér var komið yfirheyrslunni, kvaðst ákærði Ásgeir Ebenezer vilja bæta við öðru meginerindi upphaflegrar utanfarar sinnar, nánar tiltekið hasskaupum. Tildrög þessa hefðu verið þau, að tveir aðiljar, sem hann vildi ekki nafngreina, hefðu leitað til sín. Var milliganga hans rædd á þeim grundvelli, að honum yrði lagt til allt innkaupsverð efna, ferðir .að kostnaðarlausu og auk þess fé til eigin ráðstöfunar. Í ferðina hafði hann meðferðis tvö hundruð bandaríska dollara, sem hann fékk ýmist lánaða sjálfur eða fékk frá öðrum ofangreindra aðilja. Þá hefði hann haft 4.200 danskar krónur, sem hann hafði leyst út með fé, sem hann fékk frá fyrrnefndum aðiljum. Að lokum hefði hann haft 937 hollensk gyllini í ávísun og 100 gyllini í reiðufé.

Ákærði Ásgeir Ebenezer kvað sér hafa orðið það ljóst í Rotterdam af ráðagerðum ákærða Sævars Marinós, að hann hugðist kaupa hassefni, og kvaðst ákærði Ásgeir Ebenezer hafa talið, að áhugi ákærða Sævars fyrir sendingu bifreiðarinnar hingað til lands væri því beinlínis tengdur. Þar sem ákærði Ásgeir Ebenezer hugðist einnig kaupa slík efni og hafði gert ráð fyrir að þurfa að greiða

óákveðnum millilið fyrir flutning efna hingað til lands, kvaðst hann hafa farið að sjá sameiginlegan hag þeirra í sendingu bifreiðarinnar hingað og jafnframt að leyna efnum í henni. Hefðu þeir ákærði Sævar Marinó rætt þetta í bifreiðinni að viðstöddum ákærða Guðjóni, og kvaðst ákærði Ásgeir Ebenezer þá strax hafa sagst fús til að greiða flutningsgjöld bifreiðarinnar og reyndar nokkra upphæð að auki. Ákærði Guðjón hefði lítið til mála lagt og hvorki játað né neitað ráðagerðinni.

Ákærði Ásgeir Ebenezer kvað ákærða Sævar Marinó hafa viljað gera hasskaup í Rotterdam og haft meðferðis nafn og heimilisfang líklegs söluaðilja þar í borg. Hefði hann fyrst og fremst viljað kaupa sem ódýrast hass, en ákærði Ásgeir Ebenezer kvaðst hafa verið á öðru máli. Hefði þetta m. a. valdið því, að þeir félagar fóru oftár til funda og samninga við nefndan söluaðilja. Loks hefði samist um lélega hasstegund, tvö og hálf kíló samtals fyrir eitt þúsund og sjö hundruð hallensk gllini hvert kílógramm. Ekki kvaðst hann muna, hver eða hverjir þeirra félaga fóru á fund sölumannsins í einstök skipti, en samanlagt hefðu þeir allir komið á fund hans oftár en einu sinni. Kvaðst ákærði Ásgeir Ebenezer hafa átt eitt og hálf kíló af efninu, en eitt kíló hefði ákærði Sævar Marinó átt, eða a. m. k. greitt. Þegar afhending efnisins fór fram, kvað ákærði Ásgeir Ebenezer ákærða Guðjón hafa ekið þeim ákærða Sævari Marinó í grennd verslunarinnar, þar sem afhending skyldi fara fram, en sjálfur farið á ölstofu með þeim ummælum, að þar yrði hann, á meðan þeir félagar lykju erindum sínum. Þannig hefðu þeir ákærði Sævar Marinó orðið samferða, og kvaðst ákærði Ásgeir Ebenezer hafa innt af hendi greiðslu fyrir öllu efninu. Þá hefði ákærði Sævar Marinó haldið með efnið að bifreið ákærða Guðjóns, en ákærði Ásgeir Ebenezer orðið eftir í versluninni hjá seljanda. Ákærði Sævar Marinó hefði komið aftur þangað skömmu síðar og enn síðar ákærði Guðjón.

Líklega síðar sama dag kvað ákærði Ásgeir Ebenezer þá hafa farið í bifreiðinni á stæði við höfnina í Rotterdam, en þar hefði ákærði Guðjón yfirgefið þá við bifreiðina. Ákærði Sævar Marinó hafði áður falið efnið á bak við spjald í framhurð bifreiðarstjórægin. Þaðan hefðu þeir nú fjarlæggt efnið og eftir miklar vangaveltur þeirra leynt því í gólfbita bifreiðarinnar hægra megin.

Eftir lýsingu ákærða á seljanda framangreinds efnis og heimilisfangi hans sendi alþjóðalögreglan, Interpol, hingað til lands mynd af manni að nafni Van Der Meer. Allir ákærðu bentu á mynd af manni þessum í hópi mynda og kváðu hann vera seljanda efnisins.

Sýni af ofangreindu efni var sent Rannsóknastofu í lyfjafræði, Háskóla Íslands, og samkvæmt niðurstöðu athugunar, er þar fór fram, reyndist sýnið vera kannabis.

Samkvæmt eigin framburðum ákærðu Sævars Marinós og Ásgeirs Ebenezers svo og framburði ákærða Guðjóns og öðrum gögnum málsins telst fyllilega sannað, að ákærðu Sævar Marinó og Ásgeir Ebenezer hafi, svo sem lýst er í ákæru, keypt 2,5 kílógrömm af hassi síðari hluta nóvember 1975 og greitt fyrir hvert kílógramm 1.700 hollensk gyllini. Jafnframt að þeir hafi undirbúið flutning efnisins til Íslands með því að fela það í bifreiðinni R 45248 í Rotterdam.

2. Svo sem rakið var hér að framan undir 1ið 1, var framangreint hassefni falið í bifreið ákærða Guðjóns, R 45248, sem kom til Reykjavíkur hinn 12. desember 1975 með m/s Reykjafossi. Fannst efnið í bifreiðinni við leit tollvarða.

Ákærði Guðjón hefur haldið því fram, að hann hafi engan þátt átt í kaupum umrædds efnis. Í þinghaldi 13. desember 1975 sagði hann þá ákærðu Sævar Marinó og Ásgeir Ebenezer hafa rætt um að fela efnið í bifreið hans, en hann kvaðst hvorki hafa bannað þeim það né leyft. Þá sagði hann í

sama þinghaldi, að þeir félagar hefðu boðið sér að greiða flutningsgjald bifreiðarinnar heim og kr. 100.000 í peningum, ef efnið yrði selt og hann samþykkti, að það yrði falið í bifreiðinni. Kvaðst hann hafa gengið að þessu, en engan þátt hafa tekið í því að ganga frá efninu og ekki vitað, hvar það var falið. Við yfirheyrslu hjá lögreglu daginn áður hafði hann viðurkennt að hafa samþykkt það, að meðákærðu kæmu efninu fyrir í bifreiðinni.

Fyrir dóminum hinn 16. desember sama ár skýrði ákærði Guðjón frá því, að hann væri næstum viss um, að efnið hefði verið falið í bifreiðinni á bifreiðastæði, þegar hann fór til að ræða við skipamiðlara. Kvaðst hann hafa komið að meðákærðu, þar sem þeir voru búnir að rífa aftursætið úr bifreiðinni og losa plötu yfir bensíntank. Hann hefði spurt þá, hvort þeir ætluðu að setja efnið í tankinn, en þeir sagd nei, enda mætti telja, að þeir hefðu þá þegar verið búnir að fela efnið, þar sem hann sá ekkert slíkt í fórum þeirra. Áður hafði ákærði Sævar Marinó sýnt hvítan plastpoka, sem var undir framsæti, og sagt, að hassið væri í honum.

Nánar aðspurður í dómþingi sama dag skýrði ákærði frá því, að hann hefði ekið bifreiðinni frá hóteli á stórt stæði nærri höfninni. Meðákærðu voru með í bifreiðinni, en hann skilið við þá í bifreiðinni eða við hana og hélt sjálfur til sjómannaheimilis í grenndinni og skömmu síðar á fund skipamiðlara að semja um sendingu bifreiðarinnar til Íslands. Í bakaleiðinni fór hann fram hjá bifreiðinni á fyrrnefndu stæði. Meðákærðu voru þar enn, og var aftursætið úr skorðum og líkast því sem þeir væru að raska bensíngeymi. Hefði hann þá aftekið, að þeir röskuðu neinu viðkomandi geyminum eða gangverki bifreiðarinnar, enda væru hugmyndir þeirra svo fráleitar, að skemmdir kynnu að geta hlotist af. Þrátt fyrir það hefði hann ekki fylgst nánar með bjástri meðákærðu og haldið aftur til sjómannaheimilisins. Þangað komu meðákærðu nokkru síðar og sögðust „vera búnir“ eða eitthvað í þá átt og bættu við glaðlega: „Það finnst aldrei“. Ákærði Guðjón kvaðst ekki hafa talið sig með vissu geta ráðið af tilsvörum þeirra, að efnið hefði þar með verið falið í bifreiðinni. Hann kvað þá féлага síðar á leiðinni til landsins fastlega hafa gefið í skyn, að efnið væri í bifreiðinni, en þó hefði hann talið ólíklegt, að svo væri. Eftir að þeir komu til landsins, hefðu þeir ekki rætt beinlínis um bifreiðina, en hins vegar um skipaferðir.

Þegar ákærði Guðjón kom fyrir dóm í máli þessu hinn 1. apríl 1977, kvaðst hann hafa haft grun um, að hass það, er í bifreiðinni fannst, hefði verið falið þar, en um það kvaðst hann enga vissu hafa haft. Hann tók fram, að ákærði Sævar Marinó hefði sérstaklega rætt það við sig, hve mikinn áhuga fíkniefnalögreglan hefði á málum ákærða Guðjóns og hefði hann undir grun fyrir misferli í þessum málum. Síðar hefði komið Fram í viðtölum við fíkniefnalögreglu, að þetta væri rétt, þeir hefðu fylgst með honum lengi. Af þessum sökum kvað ákærði sér hafa fundist mjög ólíklegt, að meðákærðu kæmu hassinu fyrir í bifreið hans. Að lokum sagði ákærði, að sér hefði ekki verið ljóst í Rotterdam, að hassinu hefði verið komið þar fyrir, en honum var orðið þetta ljóst, áður en bifreiðin kom hingað til lands.

Á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum hinn 15. desember 1975 skýrði ákærði Sævar Marinó svo frá, að ákærði Guðjón hefði samþykkt, að efnun yrði leynt í bifreið hans, enda hefði hann verið á förum hingað til lands og ætlað að fá bifreiðina senda þangað sjóleiðis. Ákærði Ásgeir Ebenezer hefði lofað að greiða ákærða Guðjóni kr. 100.000 fyrir efnisflutninga með bifreiðinni, en auk þess flutningsgjöld hennar til landsins, kr. 50--160.000. Sjálfur kvaðst ákærði ekki hafa átt að greiða neitt fyrir flutning síns hluta efnisins vegna kunningskapar þeirra ákærða Guðjóns. Þá kvað ákærði Sævar Marinó ákærða Guðjón hafa verið viðstaddan, er þeir ákærði Ásgeir Ebenezer földu

efnið. Í þinghaldi 17. desember ítrekaði ákærði Sævar Marinó enn, að ákærði Guðjón hefði séð, er efninu var komið fyrir í gólfbita bifreiðarinnar, en að vísu hefði hann gengið frá um stund, á meðan meðákærðu færðu ummerki endanlega í sama horf.

Í þinghaldinu 22. desember 1975 skýrði ákærði Ásgeir Ebenezer svo frá, að dag þann, er þeir fengu efnið afhent, hefði ákærði Guðjón ekið þeim félögum á stæði við höfnina í Rotterdam og yfirgefið þá þar við bifreiðina. Ákærði Ásgeir Ebenezer kvaðst ekki muna til, að ákærði Guðjón hefði komið að bifreiðinni, á meðan þeir félagar unnu við að koma efnunum þar fyrir. Þegar kaupin á efnunum voru rædd, hefðu þeir ákærði Sævar rætt þessi mál að ákærða Guðjóni viðstöddum, og kvaðst ákærði Ásgeir Ebenezer þá strax hafa tjáð sig fúsan að greiða flutningsgjöld bifreiðarinnar og reyndar nokkra upphæð að auki, ef efnin yrðu flutt í henni til landsins. Ákærði Guðjón hefði lítið til mála lagt og hvorki játað né neitað ráðagerðinni.

Eftir heimkomu þeirra félaga hefði heimflutningur bifreiðarinnar tafist og það valdið þeim félögum áhyggjum. Hefðu þeir stöðugt verið að grennslast eftir bifreiðinni. Á því tímabili hefði ákærði Sævar Marinó ítrekað knúið á fyrir hönd ákærða Guðjóns um aukagreiðslu, og kvaðst ákærði Ásgeir Ebenezer loks hafa stungið upp á því við ákærða Guðjón, að sú upphæð gæti orðið allt að kr. 100.000. Hann kvaðst þó hafa lofað ákærða Guðjóni þessari upphæð gegn betri vitund, enda aldrei nefnt það við fjármagnseigendur né ætlað að efna þetta, heldur eingöngu viljað róa ákærða Guðjón. Þá lýsti ákærði Ásgeir Ebenezer því, þegar ákærði Guðjón kom á heimili hans hinn 12. desember, áður en hann var handtekinn. Skýrði ákærði Guðjón honum frá símtali sínu við ákærða Sævar Marinó nokkru áður, þar sem ákærði Sævar Marinó sagði frá því, að lögreglan væri að handtaka hann á heimili hans í Kópavogi. Hefðu þeir ákærði Guðjón sett það í samband við bifreiðina og hassefnin. Þegar þeir höfðu hugleitt ýmislegt í því sambandi um hríð, hefði einnig verið orðið ljóst, að bifreiðin yrði ekki leyst út þann daginn og því ekki fyrr en mánudaginn þar á eftir. Ákærði Guðjón hefði þá hreyft þeirri hugmynd að vitja bifreiðarinnar undir því yfirskyni, að hann þyrfti að ná í fatnað, en jafnframt athugaði hann möguleika á að taka úr henni hassefnin. Kvaðst ákærði Ásgeir Ebenezer þá hafa að beiðni ákærða Guðjóns lýst nákvæmlega fyrir ákærða felustað hassefnanna í bifreiðinni og ákærði Guðjón samkvæmt því eigi síðar en þá nákvæmlega vitað um felustað þeirra.

Niðurstöður. Svo sem fyrr er rakið, viðurkenndi ákærði Guðjón við fyrstu yfirheyrslur hj á lögreglu og fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum að hafa haft vitneskju um tilvist framangreindra hassefna í bifreið sinni, áður en hún var send frá Rotterdam, og virðist framburður meðákærðu einnig styðja þetta. Í síðasta framburði sínum fyrir dómi dró ákærði Guðjón hins vegar í land með þetta atriði, en kvað sér hafa verið þetta ljóst, áður en bifreiðin kom til landsins. Hér þykir ekki ástæða til að taka afstöðu til þess, hvenær vitneskja um tilvist hassefnisins í bifreiðinni barst ákærða Guðjóni nákvæmlega, heldur verður byggt á þeim framburði hans, að hann hafi um það vitað, áður en bifreiðin kom til landsins. Verður því að telja sannað, að ákærði Guðjón hafi staðið að flutningi bifreiðar sinnar hingað til lands, þrátt fyrir það að honum var ljóst, að í henni voru fann hassefni.

Atferli ákærðu Sævars Marinós, Ásgeirs Ebenezers og Guðjóns, sem lýst er hér að framan undir VI, 1. og 2. lið, varðar við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974 um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.



1. Í byrjun árs 1972 braust ákærði Kristján Viðar Viðarsson ásamt öðrum manni inn í verslun að Laugavegi 92. Stálu þeir þarna um það bil 10 lengjum af vindlingum. Skiptu þeir með sér þýfinu, og neytti ákærði Kristján Viðar sjálfur sins hluta og gaf eitthvað.

2. Fyrri hluta árs 1972 fór ákærði Kristján Viðar ásamt fyrrgreindum manni inn í veitingahúsið Silfurtunglið við Snorrabraut, þar sem þeir biðu þess, að húsinu yrði lokað. Síðan brutu þeir upp hurð að geymslu í kjallara og stálu þar tveimur kössum af áfengi með um það bil 24 flöskum, aðallega whisky og vodka. 1Veyttu þeir þessa áfengis saman.

3. Hinn 15. janúar 1973 brutust ákærði Kristján Viðar og annar maður inn í verslunina Málarann. Fóru þeir fyrst inn í sund við Gamla Bíó og síðan inn um bakdyr verslunarinnar, en ákærði opnaði þar smekklás með hníf. Þeir stálu þarna einhverju af skiptimynt, og telur ákærði, að hann hafi fengið um það bil 1.500 kr. í sinn hlut. Einnig tóku þeir eina rúllu af veggfóðri.

4. Hinn 6. janúar 1974 fór ákærði Kristján Viðar ásamt öðrum manni inn í húsið Borgartúni 29. Tóku þeir úr rúðu, sem er yfir dyrum á bakhlið hússins. Fóru þeir um nokkrar skrifstofur og í einni skrifstofunni fundu þeir í skrifborðsskúffu gamla peninga, bæði seðla og mynt. Fékk ákærði seðlana, en maðurinn, sem var með honum, myntina. Einnig stálu þeir rúmlega kr. 1.000 í peningum.

Telja verður fyllilega sannað með játningum ákærða Kristjáns Viðars fyrir dómi og öðrum gögnum málsins, að hann hafi framið verknaði þá, sem lýst er í tölulíðum 1-4 hér að framan, og varða þeir við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Í málinu hefur verið lögð fram bótakrafa frá Þorgils Axelssyni, sem hafði skrifstofu að Borgartúni 29. Taldi hann, að í fyrrgreindu innbroti í skrifstofur hans hefði verið stolið tölvu, og gerði skaðabótakröfu að fjárhæð kr. 10.000 vegna hennar. Ákærði Kristján Viðar hefur ekki kannast við að hafa tekið umrædda tölvu, og í málinu er eigi ákært vegna þjófnaðar á henni. Ber því að vísa kröfu þessari frá sakadómi.

## VIII.

1. Svo sem greinir hér að framan í kafla III, 2, fór ákærði Sævar Marinó Ciesielski þrívægis í vörugeymslu Eimskipafélags Íslands í Sundahöfn í maí 1974 og stal þaðan áfengi. Ákærði Algert Klahn Skaftason hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa aðstoðað ákærða Sævar Marinó við að flytja burtu frá skála Eimskipafélags Íslands við Sundahöfn þrjá kassa af vodka með 12 flöskum hver, er ákærði Sævar Marinó hafði stolið þar. Var þetta í maímánuði. Ákærði notaði bifreið föður síns við flutninginn, og ók hann áfenginu heim til ákærða Sævars Marinós að Álfheimum 40. Fékk ákærði Albert Klahn þar einn af kössunum fyrir þetta viðvik, en sjálfur hélt ákærði Sævar Marinó eftir 2 kössum.

Um það bil viku síðar fór ákærði Albert Klahn aftur á framangreindan stað að beiðni ákærða Sævars Marinós og sótti tvær ferðatöskur með áfengisflöskum, er ákærði Sævar Marinó hafði stolið. Ekki vissi ákærði Albert Klahn, hve margar áfengisflöskur voru í töskunum, en skildist á ákærða Sævari Marinó, að um 80 flöskur af vodka væri að ræða. Ók ákærði Albert Klahn töskunum heim til ákærða Sævars Marinós að Álfheimum 40. Fékk hann eina flösku fyrir þetta viðvik.

Framangreint atferli ákærða Alberts Klahn, sem telst sannað með játningum hans fyrir dómi og öðrum gögnum málsins, varðar við 1. mgr. 254, gr., sbr. 244. gr. almennra hegningarlaga.

2. Með játningum ákærða Alberts Klahn fyrir dómi og öðrum gögnum málsins teljast eftirtalin brot hans sönnuð:

a) Í apríl 1973 tók ákærði við og neytti tíu gramma af marijuana, sem ákærði Sævar Marinó sendi honum í bréfi frá Kaupmannahöfn.

b) Í maí 1973 keypti ákærði Albert Klahn af Gunnari Inga Ægissyni að Brekkustíg 7 í Reykjavík 10 grömm af morfínbasa fyrir kr. 10.000. Ákærði taldi, að um Psilocybin væri að ræða. Neytti hann sjálfur af efni þessu og gaf kunningjum sínum helminginn af því, en fleygði afganginum, er hann komst að því, um hvers konar efni var að ræða.

c) Í júní 1973 tók ákærði við til geymslu heima hjá sér að Njálsgötu 44 fyrir ákærða Sævar Marinó 150-160 þynnur af LSD og plastbréf með um 50 töflum af LSD, en Sævar Marinó hafði smyglað eða látið smygla þessu inn fyrir sig frá Kaupmannahöfn. Að beiðni Sævars Marinós afhenti ákærði Albert Klahn Agnari Agnarssyni 45 þynnur af framagreindu efni skömmu síðar, og nokkru þar á eftir afhenti hann Agnari 30 þynnur af LSD á Laugavegi í bifreið, sem ákærði hafði til umráða.

Um sama leyti og áður greinir keypti ákærði af Sævari Marinó 5 grömm af hassi fyrir kr. 1.500 að Njálsgötu 44. Þá seldi ákærði Agnari Agnarssyni og um þetta leyti 10 grömm af hassi á kr. 300 hvert gramm að Grettisgötu 82.

Loks keypti ákærði Albert Klahn 11 töflur af LSD af Sævari Marinó á 300-400 kr. hvert stykki. Ákærði seldi töflur þessar manni, sem hann gat ekki tilgreint, fyrir alts kr. 3.500.

d) Í september 1973 keypti ákærði 5 grömm af hassi fyrir kr. 2.500 af Sigurpóri Stefánssyni, Framnesvegi 61 hér í borg, en ákærði neytti hassins ásamt kunningjum sínum.

e) Um miðjan október 1973 keypti ákærði ásamt fleirum 300 grömm af hassi fyrir um 100.000 kr. af Benóný Ægissyni að Vesturgötu 24 í Reykjavík. Ákærði lagði sjálfur fram kr. 20.000 til kaupanna, og komu um 80 grömm í hlut hans. Seldi hann af hluta sínum 40 grömm fyrir kr. 15.000 manni, sem hann gat ekki tilgreint. Það, sem eftir var, notaði hann sjálfur og gaf öðrum.

f) Föstudaginn 26. október 1973 keypti ákærði 23 skammta af LSD af Hinrik Jóni Þórisyni að Vesturgötu 24 í Reykjavík, en Hinrik Jón hafði fengið efnið sent, sennilega frá Amsterdam. Taldi ákærði, að hann hefði neytt ríflega helmings efnisins með kunningjum sínum, en Kristján Viðar Viðarsson hefði fengið afganginn hjá honum án endurgjalds.

g) Í lok janúar 1974 keypti ákærði 120 grömm af hassi á kr. 350 hvert gramm af Sævari Marinó að Grettisgötu 82 í Reykjavík. Ákærði seldi skömmu síðar Kára Sigurðssyni um 20 grömm af hassinu fyrir kr. 13.000 að Njálsgötu 46 og Hákonni Arnari Hákonarsyni 15 grömm af því fyrir kr. 6.000 fyrir utan húsið Njálsgötu 49. Afganginn notaði ákærði sjálfur ásamt kunningjum sínum.

Enn fremur keypti ákærði nokkru síðar ásamt Inga Rafni Bæringssyni 60 grömm af hassi á kr. 400 hvert gramm af Sævari Marinó að Grettisgötu 82. Telur ákærði, að Ingi Rafn hafi lagt fram meiri hluta fjárhæðarinnar til kaupanna. Reyktu þeir saman hluta af hassinu, en afgangurinn lenti hjá Inga Rafni, og telur ákærði, að hann hafi selt það.

h) Hinn 20. mars 1974 keypti ákærði í Kaupmannahöfn hass fyrir rúmar 400 danskar krónur. Notaði ákærði hluta af því í Kaupmannahöfn, en afganginn, 36 grömm, flutti hann hingað til lands 22. sama mánaðar, falið í vindlingapakka. Við tollskoðun á Keflavíkurflugvelli fannst hassið, og var lagt hald á það.

Framangreind brot ákærða Alberts Klahn, sem tilgreind eru í liðum a-g hér að framan, varða við 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970 um tilbúning og verslun með ópíum o. fl., en brot það, sem tilgreint er í h lið, varðar einnig við 1. gr. nefndra laga, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969 um ávana- og fíkniefni, sbr. nú 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974 um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.

Ákæra dagsett 16. mars 1977. I.

A. Fimmtudaginn 21. nóvember 1974, kl. 0900, tilkynnti Ellert Björn Skúlason, Grundarvegi 21 í Njarðvík, rannsóknarlögreglunni í Keflavík, að Geirfinnur Einarsson, starfsmaður sinn, til heimilis að Brekkubraut 15 í Keflavík, hefði farið að heiman um kl. 2230 að kvöldi þriðjudagsins 19. sama mánaðar, en síðan hefði ekkert til hans spurst. Hefði verið haldið uppi spurnum um Geirfinn frá því daginn áður að beiðni eiginkonu hans, Guðnýjar Sigurðardóttur, en án nokkurs árangurs.

Lögreglan hóf eftirgrennslan á ferðum Geirfinns Einarssonar. Þeim Guðlaugu Jónasdóttur, Melteigi 6, Keflavík, sem starfaði í Hafnarbúðinni þar í bænum, og Ástu Elínu Grétarsdóttur, Vesturgötu 15, sem stödd var í Hafnarbúðinni, bar saman um, að Geirfinnur hefði komið þangað um kl. 2200 að kvöldi 19. nóvember til að versla. Hann hefði haft þar skamma viðdvöl, en haldið síðan á brott og hafi þær ekki séð hann eftir það. Lýst var eftir fleira fólki, sem verið hefði í Hafnarbúðinni, og gáfu sig fram Hrefna Óskarsdóttir, Hringbraut 45, Keflavík, Jóhann Pétursson, Sólvallagötu 45 þar í bæ, og Jóhann Guðfinnsson frá Grindavík. Einnig var lýst eftir Geirfinni í fjölmiðlum, leitað með fjörum, kafað í Keflavíkurhöfn og með klettum út að Bergi og í Sandgerðishöfn. Leitað var á afmörkuðum svæðum alla byggðina Keflavík, Njarðvík, Innri-Njarðvík og inn á Stapa, gengnar fjörur allt inn undir Kúagerði, leitað meðfram öllum akfærum vegum og vegaslóðum á afmörkuðu svæði vestan við vegamót Grindavíkurveggar og í nágrenni Njarðvíkur. Loks var haldið uppi eftirgrennslunum um Geirfinn á ýmsum stöðum og hjá kunningjum hans víða um land, en ekkert spurðist til hans.

Geirfinnur Einarsson fæddist 7. september 1942 að Dalalandi í Vopnafirði. Foreldrar hans voru Einar Runólfsson, Baldursheimi í Mývatnssveit, og Anna Guðbjörg Friðriksdóttir, er lést 11. september 1950. Geirfinnur dvaldist framan af árum austanlands, en um 1960 fluttist hann til Keflavíkur.

Guðný Sigurðardóttir, eiginkona Geirfinns, hefur skýrt frá því, að þau Geirfinnur hafi kynnst, er þau unnu í frystihúsi í Keflavík á árinu 1963. Þau gengu í hjúskap 20. desember 1964. Þau bjuggu ætíð í Keflavík, á 3-4 stöðum, en síðustu 2-3 árin bjuggu þau að Brekkubraut 15 þar í bæ. Þau áttu tvö börn saman, Sigurð Jóhann, fæddan 13. ágúst 1964, og stúlku, fædda 1. janúar 1970. Geirfinnur stundaði ýmis störf, en síðustu árin vann hann hjá fyrirtæki Ellerts Björns Skúlasonar í Njarðvík á stórvirkum vinnuvélum. Geirfinnur hafði farið til vinnu á vegum fyrirtækis Ellerts Björns að Búrfelli, þegar framkvæmdir hófust þar. Síðan hefði hann unnið við Sigölduvirkjun á árunum 1973 og 1974. Þegar hann hætti vinnu í Sigöldu, hefði hann farið til vinnu um skamman tíma við Búrfellsvirkjun, en síðan unnið í Keflavík og nágrenni hjá Ellen Birni. Guðný sagði, að Geirfinnur hefði unnið í 10 daga, en síðan átt 4 daga leyfi og hefði hann þá alltaf komið heim. Hann hefði komið heim á fimmtudegi og farið

aftur á sunnudagskvöld eða mánudagsmorgun. Geirfinnur stundaði nám í barnaskóla, en ekki var um frekara nám að ræða.

Guðný kvað Geirfinn hafa haft allgóðar tekjur síðustu árin. Þau hefðu staðið í íbúðarkaupum, en ekki átt í neinum sérstökum fjárhagserfiðleikum. Þau hafi vel komist yfir að greiða þær skuldir, sem á þeim hvíldu. Heilsufar Geirfinns var gott. Hann hefði stundum kvartað um verk fyrir hjarta, en þó ekki viljað fara til læknis af því tilefni.

Guðný lýsti skapferli Geirfinns svo, að hann hefði alla tíð verið rólegur í framkomu og hafi hún aðeins einu sinni séð hann raunverulega reiðan. Hann hafi þagað, ef hann reiddist, og ekki rifst. Hann hafi verið þungur að eðlisfari og birgt inni sín persónulegu málefni, en ekki hafi verið um áeðlilegt þunglyndi að ræða. Geirfinnur var mjög ákveðinn í skoðunum. Ef hún hefði beðið hann einhvers og hann neitað, hefði reynslan verið sú, að ekki hefði þýtt að fá neinu breytt þar um.

Geirfinnur neytti yfirleitt áfengis, þegar hann var heima um helgar. Um óreglu var þó aldrei að ræða og hafi yfirleitt aldrei fallið niður vinnudagur vegna áfengisneyslu hans, nema þá helst þegar honum var boðin vinna um helgar. Undir áfengisáhrifum „fái hann málið“, að sögn Guðnýjar, og hafi verið hinn ræðnasti. Hann drekki yfirleitt mikið í einu og verði drukkinn, en þá hafi hann hljóðlaust dregið sig í hlé. Þau Geirfinnur hafi farið að jafnaði út að skemmta sér einu sinni í mánuði, einkum á dansleiki. Geirfinnur hafi farið mjög sjaldan út af heimilinu og þá helst í kvikmyndahús. Hann hafi átt fáa félag, en besti vinur hans hafi verið Georg Valentínusson. Þeir brugguðu saman áfengi heima hjá þeim Geirfinni, en það var einungis til eigin nota og aldrei selt af því. Guðný veit ekki til, að Geirfinnur hafi staðið í neinu ólöglegu atferli eða haft samband við menn, er slíkt stunduðu.

Geirfinnur hafi ekki rætt við sig um vinnu sína og atburði dagsins. Hafi svo mikið borið á þessu afskiptaleysi, að um 2 mánuðum áður en hann hvarf, hafi þau lent í deilu út af þessu og hún þá sagt honum, að hún mundi ekki búa við þetta lengur og jafnvel að þau ættu að skilja. Eftir þetta hafi framkoma Geirfinns breyst allverulega. Hafi hann haft á orði, að hann skyldi gera allt til að reyna að bæta úr þessu, en hann væri bara svona gerður.

Vitnið Ellert Björn Skúlason hefur skýrt frá því, að Geirfinnur Einarsson hafi verið við störf hjá því, er hann hvarf. Minnir vitnið, að hann hafi verið búinn að vera hjá því í tæp 6 ár. Hafi hann aðallega unnið við stjórn vinnuvéla og verið afbragðsgóður starfsmaður. Hafi hann stundað vinnu sína vel, og minnst vitnið þess ekki, að vinna hafi fallið niður hjá honum vegna áfengisneyslu eða óreglu. Skaphöfn Geirfinns var nokkuð sérstæð, að sögn vitnisins. Gagnvart ókunnugum var hann eins og þurr á manninn og fámáll, en góður vinur vina sinna. Ef hann neytti áfengis, breyttist hann töluvert. Varð hann þá opnari, og ef hann varð ölvaður að ráði, gat hann verið stríðinn. Vitnið telur, að Geirfinnur hafi ekki neytt áfengis meira en gerist og gengur og hafi hann aðallega gert það um helgar. Vitninu virtist Geirfinnur fara vel með fé, og varð það ekki vart við, að hann ætti í neinum umtalsverðum fjárhagskröggum. Ekki gat vitnið merkt neina breytingu á hegðan eða framkomu Geirfinns síðustu daga eða vikur, áður en hann hvarf, en hafi ekki hitt hann oft á þessu tímabili. Vitnið vissi ekki til, að Geirfinnur væri í félagsskap manna, sem stunduðu ólöglegt athæfi, t. d. smygl eða áfengissölu, eða að hann hafi stundað slíkt sjálfur, og telur slíkt fráleitt. Vitnið telur óhugsandi, að Geirfinnur hafi neytt fíknilyfja, enda hafi hann haft óbeit á slíku. Vitnið veit ekki til þess, að Geirfinnur ætti óvildarmenn. Hann hafi verið mjög friðsamur og laus við árárhneigð, en, eins og fyrr segir, getað verið stríðinn undir áhrifum áfengis. Geirfinnur var hraustur, en vitninu er ekki kunnugt um krafta hans.

Guðný Sigurðardóttir skýrir svo frá, að Geirfinnur hafi farið 8 kvöldi sunnudagsins 17. nóvember 1974 á kvikmyndasýningu kl. 1900 ásamt vinnufélögum sínum, þeim Þórði Ingimarssyni, er að framan greinir, og Birni Marteinsyni, Klapparstíg 4, Njarðvík. Eftir sýninguna kom Geirfinnur heim og sagði vitninu, að þeir félagar hefðu hug á að fara á dansleik í veitingahúsið Klúbbinn. Spurði hann vitnið, hvort það væri í lagi, að hann færi og hvort það vildi koma með. Vitnið vildi ekki fara, en kvað sér vera sama, þótt hann færi. Vitnið sá ekki ölvunarmerki á Geirfinni, en það hafði grun um, að Björn hefði verið með áfengi á kvikmyndasýningunni.

Geirfinnur og félagar hans fóru á dansleikinn, en komu aftur um kl. 0200 um nóttina. Vitnið og Geirfinnur ræddu eitthvað saman, eftir að hann kom heim, og bauð vitnið honum að borða. Geirfinnur var eitthvað ölvaður, en þó engan veginn svo, að ekki væri hægt að ræða við hann. Vitnið man ekki til þess, að hann hafi haft orð á neinu óvenjulegu, sem fyrir hann hefði borið í Klúbbnum, og hann nefndi ekki neina menn, sem hann hefði hitt, nema hann sagði, að hann hefði hitt þarna kunningjakonu þeirra að nafni Unnur.

Vitnið Þórður Ingimarsson kveðst hafa kynnst Geirfinni Einarssyni snemma á árinu 1973. Unnu þeir þá á vélum hjá Ellert Birni Skúlasyni. Geirfinnur var mjög góður tækjamaður, og lærði það mikið af honum. Þeir urðu nokkuð nánir félagar og hittust oft utan vinnutíma. Kom vitnið oft á heimili Geirfinns, og skemmtu þeir sér saman, aðallega þar, en stundum fóru þeir á dansleiki.

Vitnið hefur ekki heyrt, að Geirfinnur hafi fengið tilboð um álitlega peningaupphæð fyrir að þegja yfir einhverju leyndarmáli né heldur, að komið hafi ókunnugir menn til hans á vinnustað og átt við hann viðræður. Telur vitnið, að vinnufélagar hans hefðu hlotið að taka eftir, hverjir þar hefðu verið á ferð, ef svo hefði verið. Geirfinnur hafi verið mjög rólegur maður og ekki borið á neinum einkennum taugaveiklunar eða þunglyndis hjá honum. Hann hafi að jafnaði verið fremur dulur og fámáll, talað lítið um sín einkamál og ekki blandað sér í almennar viðræður. Undir áfengisáhrifum gerbreyttist hann að þessu leyti og varð opinn. Hann neytti áfengis eins og gerist og gengur, en vitnið veit ekki til, að hann hafi misst úr vinnu vegna áfengisneyslu. Vitninu er ekki kunnugt um, að Geirfinnur hafi verið í tengslum við menn, er stunduðu ólöglegt atferli eða að hann stundaði slíkt sjálfur. Hann bruggaði þó eitthvað á heimili sínu til eigin nota.

Vitnið kveðst hafa farið með Geirfinni og Birni Marteinsyni í veitingahúsið Klúbbinn að kvöldi 17. nóvember í framhaldi af kvikmyndahúsferð þeirra félaga. Voru þeir í Klúbbnum frá því um kl. 2200 þar til um kl. 0100. Vitnið var með Geirfinni á dansleiknum mest allan tímann, og voru þeir aðallega á efstu hæð hússins. Geirfinnur var ekki með peninga á sér, og lánaði vitnið honum peninga. Vitnið kveðst hafa séð, að Geirfinnur drakk nokkur glös af áfengi. Björn varð viðskila við þá og var aðallega á neðri hæðunum. Þeir hittu ýmsa Keflvíkingsa, sem þeir könnuðust við, og voru með þeim mest allan tímann. Eitt sinn, er þeir voru á rölti um veitingahúsið, hitti Geirfinnur mann í stiganum, sem er af 2. hæð og upp á 3. hæð. Þeir tóku tal saman, og virtist því sem þeir þekktust. Vitninu finnst, að það hafi séð manninn áður, en getur ekki komið honum fyrir sig. Vitnið beið smástund eftir Geirfinni. Hann settist ásamt mannum í stigaprep, og heyrði það ekkert, hvað þeir ræddu. Vitnið fór síðan upp, og sátu þeir þá enn í stiganum. Geirfinnur kom rétt á eftir vitninu. Þeir ræddu ekkert um manninn. Maður þessi kom vitninu þannig fyrir sjónir, að hann væri 25-30 ára að aldri. Hann var grannvaxinn og hávaxinn, að því fannst, þar sem hann sat. Vitnið veitti honum ekki nána athygli í fyrstu. Vitnið kveðst muna, að hann var frekar ljóshærður eða skolhærður, en ekki man það eftir klæðnaði hans. Það man ekki, hvort maður þessi var ölvaður. Það man örugglega, að Geirfinnur var ekki orðinn mikið ölvaður,

og hlýtur þetta því að hafa verið nokkuð snemma kvöldsins. Það telur sig muna þekkja manninn, ef það sjái hann aftur. Vitninu voru sýndar myndir af ákærðu í máli þessu, og kveðst það ekki hafa séð áður fólk það, sem þær eru af. Vitnið varð ekki vart við, að Geirfinnur talaði við neinn annan ókunnan mann en þann, sem áður greinir. Vitnið og Geirfinnur urðu eitthvað viðskila í Klúbbnum, og það telur einnig, að það hafi farið á undan út til að hita upp bifreiðina, sem þeir voru á. Geirfinnur varð þó nokkuð ölvaður í Klúbbnum og var allræðinn. Í bifreiðinni á leið til Keflavíkur talaði hann aðallega um fyrri störf sín. Hann nefndi ekki, að rætt hefði verið við sig í Klúbbnum um áfengissölu eða áfengiskaup. Varð vitnið ekki vart við neitt sérstakt í tali hans eða framkomu um nóttina. Vitnið ók Geirfinni að heimili hans, og skildust þar leiðir þeirra.

Vitnið Björn Marteinsson kveðst hafa kynnst Geirfinni Einarssyni á árinu 1972, þegar þeir unnu saman hjá fyrirtæki Ellerts Björns Skúlasonar. Þeir unnu töluvert saman og kynntust þannig, en höfðu ekki mikil samskipti þess utan. Vitnið hafði þó ekki unnið neitt með honum mánuðina áður en hann hvarf. Geirfinnur var kurteis og rólegur í framkomu og stundaði vinnu sína vel. Varð vitnið aldrei vart neins áeðlilegs í framkomu hans. Vitnið vissi ekki um aðra félagi Geirfinns en vinnufélagi hans.

Vitnið fór í veitingahúsið Klúbbinn hér í borg að kvöldi 17. nóvember ásamt Geirfinni og Þórði Ingimarssyni. Datt þeim í hug að fara þetta eftir ferð í kvikmyndahús kl. 1900. Hafi þeir líklega komið í Klúbbinn um kl. 2200 og verið þar, uns húsinu var lokað. Vitnið og Geirfinnur höfðu neytt einhvers áfengis, áður en þeir komu í Klúbbinn, og telur vitnið, að Geirfinnur hafi verið rétt kenndur.

Þeir urðu viðskila fljótlega, er í veitingahúsið kom, og sáust lítið, á meðan þeir höfðu þar viðdöl. Vitnið veit ekki, við hverja Geirfinnur ræddi í veitingahúsinu, og sá hann ekki á tali við r.eina ókunnuga menn. Vitnið kveðst sjálf hafa orðið nokkuð ölvað.

Eftir dansleikinn hittust þeir þrjú félagarnir aftur í bifreið þeirri, sem Þórður var með, og ók hann þeim til Keflavíkur. Vitnið minnst ekki neins sérstaks úr samræðum þeirra á leiðinni til Keflavíkur. Það man ekki til þess, að Geirfinnur hafi nefnt, að hann hefði hitt menn í Klúbbnum, er voru að falast eftir víni hjá honum, né yfirleitt, að hann hafi rætt um neitt óvenjulegt, sem fyrir hann hefði borið þar. Vitnið fór úr bifreiðinni fyrstur þeirra félagi við heimili sitt í Njarðvík og hitti Geirfinn ekki eftir þetta. Vitnið veit ekki til þess, að Geirfinnur hafi stundað ólöglegt athæfi, svo sem áfengissölu. Milli kunningja var hann kallaður Geiri. Vitnið kannast ekki við mann undir því nafni í Keflavík eða nágrenni, sem orðaður sé við áfengissölu. Vitnið veit ekki til, að Geirfinnur þekkti ákærðu í máli þessu. Vitnið þekkir þá ekki sjálfst og kannast ekki við þá af myndum, sem birtust í blöðunum.

Vitnið Gunnar Svanur Hafdal, Kleppsvegi 68 hér í borg, hefur skýrt frá því, að það hafi kynnst Geirfinni Einarssyni og konu hans árið 1969, þegar það dvaldist í Keflavík. Hafi það komið talsvert á heimili þeirra á Vallargötu 24 þar í bæ um tveggja ára skeið. Kunningsskapurinn eða samgangurinn minnkaði sennilega árið 1971. Hefur vitnið aldrei heimsótt þau að Brekkubraut 15, en hitt þau einu sinni eða tvisvar. Vitnið hitti Geirfinn í Klúbbnum sunnudaginn 17. nóvember 1974 um kl. 2330. Hann var þá staddur á efstu hæð hússins. Vitnið sá ekki áfengisáhrif á honum. Vitnið talaði lítið við Geirfinn, eða í um 5 mínútur. Það spurði hann, með hverjum hann væri, og svaraði hann því þannig: „Ég er með kunningjum mínum“. Vitnið spurði með hverjum, en þá svaraði Geirfinnur: „Skiptir ekki máli“. Þetta svar þótti vitninu undarlegt, en hugsaði ekkert frekar um það. Vitnið spurði Geirfinn síðan venjulegra fréttu um vinnu hans og heimili. Fannst því gott hljóð í honum. Vitnið kveður leiðir þeirra Geirfinns fljótlega hafa skilist. Hafi það aðeins einu sinni séð hann aftur á dansgólfinu, en ekki talað frekar við

hann. Vitninu virtist Geirfinnur vera kaldari í viðmóti en hann átti vanda til áður, en þó beri þess að geta, að langt hafi verið um liðið, síðan það hafði hitt hann, ef til vill eitt ár.

Vitnið Sigríður Malmberg framreiðslumaður kveðst afgreiða á vínbar, sem er á 1. hæð í veitingahúsinu Klúbbnum hér í borg. Vitnið skýrir frá því, að maður hafi komið að vínbarnum, að það heldur sunnudaginn 17. nóvember 1974, og það afgreitt hann. Vitnið man ekki eftir, hvað maðurinn keypti né heldur hvernig hann leit út. Það man ekki, hvort maðurinn var ölvaður. Vitnið sá myndir af Geirfinni Einarssyni og kveður manninn líkjast myndinni af honum frá árinu 1973. Vitnið segist muna, að maðurinn hafi borgað með ávísun. Það man ekki, hvort hann skrifaði sjálfur ávísunina, en það hefði óskað, að hann sannaði, hver hann væri, er hann skrifaði framsal á hana. Vitnið getur ekki alveg staðhæft, hvað maðurinn hét, en hann hét einhverju sjaldgæfu nafni, og gæti það vel hafa verið Geirfinnur. Maðurinn fór eitthvað að minnst á nafn sitt, og man vitnið örugglega, að hann sagði eitthvað á þá leið, að hann væri ekki síðasti geirfuglinn. Vitnið man ekki eftir að hafa séð mann þennan aftur í veitingahúsinu. Vitnið varð ekki vart við, að aðrir væru í fylgd með honum.

Vitnið Guðný Sigurðardóttir kveður Geirfinn hafa farið til vinnu daginn eftir, mánudaginn 18. nóvember, um kl. 1000. Vitnið ræddi eitthvað við hann, áður en hann fór, og var hann eins og hann átt.í að sér, nema hvað hann var eftir sig eftir drykkjuna. Hann kom úr vinnu upp úr kl. 1800, og varð vitnið ekki vart við neitt óvenjulegt í fari hans, nema þá helst það, að hann bölvaði yfir því, að hann næði ekki af sér armband, sem vitnið átti og hann hafði sett á sig annað hvort laugardaginn eða sunnudaginn áður. Vitnið man ekki til þess, að hann hafi rætt um Klúbbferðina, en þó kunni að vera, að hann hafi sagt því, að hann hefði hitt fleiri kunningjakonur þeirra þar.

Vegna framburðar ákærða Sævars Marinós, eins og hér á eftir verður rakið, um, að hann hefði hringt til Geirfinns 18. nóvember 1974, var vitnið spurt um símhringingu þá, er þar greinir. Vitnið kveðst ekki minnst þess eða geta fullyrt, að Sigurður Jóhann hafi svarað í símann 18. nóvember 1974, en hins vegar hafi hann mjög oft svarað í símann, eins og barna væri vani. Minntist það þess stundum, að spurt hafi verið eftir Geirfinni, en hann ekki verið heima. Vitnið minnst þess ekki sérstaklega, að ókunnugir hafi hringt til Geirfinns, það hafi aðallega verið kunningjar og vinnufélagar hans, sem hringdu, og eins vinnuveitandi hans. Þó kom fyrir, að það kannaðist ekki við þá, sem hringdu, en það hefði ekki gert sér neina rellu út af því og ekkert spurt Geirfinn út í það. Það taldi þessi skipti hafa verið sárafá. Vitnið vann ekki úti á þessum tíma og var því oftast heima við. Geirfinnur kom venjulega heim úr vinnu á tímabilinu kl. 1800 til kl. 1900 og borðaði. Vitnið minnst þess ekki að hafa farið út neinna sérstakra erinda hinn 18. nóvember, nema í verslanir til innkaupa fyrir heimilið. Í þeim tilvikum hafi Sigurður Jóhann og systir hans stundum verið ein heima, en þó oftast farið með því í verslanir.

Þriðjudaginn 19. nóvember fór Geirfinnur til vinnu eins og venjulega og kom heim upp úr kl. 1800. Þau borðuðu um kl. 1830 til 1900. Þegar þau höfðu lokið við að borða, 3íklega um kl. 1900, hringdi síminn, og minnir vitnið, að Geirfinnur hafi svarað. Vitnið heyrði ekki, hvað hann sagði í símann. Telur það, að þetta hafi verið stutt símtal. Vitnið spurði Geirfinn ekki, hver hefði hringt, og hann nefndi það ekki við vitnið, enda var slíkt ekki vani hans. Sé öruggt, að ekki hafi verið um annað símtal að ræða, á meðan það var heima. Geirfinnur fór síðan inn á það að þvo sér. Um kl. 1930, þegar vitnið var að ljúka við að þvo upp, en Geirfinnur staddur á baðinu, kom hann skyndilega fram og sagði: „Hvað er að?“ Vitnið segist hafa sagt: „Það er ekkert að“. Hann hafi þá spurt: „Varstu ekki að öskra, eða mér heyrðist þú öskra, eins og verið væri að drepa þig“. Hvorki útvarp né sjónvarp hafi verið í gangi og það

ekki heyrð neitt. Það hafi farið út og aðgætt, hvort hljóð hefði getað borist að utan, og hið sama hafi Geirfinnur gert, en þau hafi einskis orðið vör. Geirfinnur gerði engar frekari athugasemdir við þetta, og var þetta þar með látið niður falla. Taldi vitnið, að hann hefði heyrð þetta inn um opinn glugga á baðherberginu. Sjálfst kveðst vitnið ekki hafa heyrð neitt.

Vitnið ætlaði að fá Geirfinn með sér í heimsókn til Sjafnar Traustadóttur, vinkonu sinnar. Hann vildi ekki koma með, lagðist upp í rúm og kvaðst ætla að lesa. Nokkru síðar fór vitnið á bókasafnið í Keflavík, er var opnað kl. 2000. Úr bókasafninu fór það til Sjafnar Traustadóttur og var þar nokkurn tíma, en hélt síðan aftur heim kl. 2030-2100. Var Þórður Ingimarsson þá kominn heim til þeirra. Sátu þeir Geirfinnur inni í stofu og voru að horfa á sjónvarp. Vitnið gaf þeim kaffi, og sátu þeir fram undir kl. 2200, en fóru þá að sýna á sér fararsnið. Minnir vitnið, að sonar þeirra, Sigurður Jóhann, hafi spurt Geirfinn, hvort hann mætti fara með, en Geirfinnur hafi svarað því neitandi og sagt, að hann ætlaði aðeins að skreppa út stutta stand. Gaf hann enga frekari skýringu á því, hvert hann væri að fara, og datt vitninu helst í hug, að hann ætlaði að skjótast út á verkstæði Ellerts Björns í Ytri-Njarðvík. Þegar þeir voru að ganga út, bað vitnið Geirfinn um að kaupa fyrir sig vindlinga. Hann staldraði við og bað vitnið um peninga fyrir vindlingunum. Vitnið minnst þess að hafa látið hann hafa einn hundrað króna seðil og eitthvað af smápeningum. Þeir -Geirfinnur og Þórður fóru á brott á bifreið Þórðar. Vitnið telur, að Geirfinnur hafi komið heim aftur um kl. 2215. Fór hann úr jakkanum, en rétt í því hringdi síminn. Svaraði sonar þeirra í símann og kallaði síðan í föður sinn. Sagði sonar vitnisins því síðar, að spurt hefði verið um Geirfinn með fullu nafni hans. Vitnið Lá á rúmi inni í svefnherbergi, þegar hringt var, en síminn var frammi á ganginum. Vitnið heyrði, að Geirfinnur sagði í símann: „Ég kom" eða „Ég er búinn að koma", og síðar í samtalinu sagði hann: „Ég kem". Telur vitnið, að þetta samtal hafi verið stutt og hafi það ekki heyrð Geirfinn segja annað í símann. Geirfinnur tók pípu sína og píputóbak þegar eftir samtalið, klæddi sig í úlpuna og fór út. Hann skýrði vitninu ekki frá því, hvert hann væri að fara, enda var hann ekki vanur að gera það. Geirfinnur ók á brott á Cortina bifreið sinni, Ö 1577, sem er rauð að lit. Vitnið kveðst ekki hafa séð Geirfinn eða frétt af honum eftir þetta.

Vitnið hefur gefið svofellda lýsingu á klæðnaði Geirfinns og útliti hans og ýmsu hann varðandi:

„Hann hefði verið í blárri mittisúlpu með áfastri hettu og á hettunni hefði verið grár loðkantur. Innan í hettunni hefði verið gráblátt loðfóður, og hún sagðist halda, að nær öruggt væri, að úlpan hefði verið fóðruð með sams konar fóðri og í hettunni.

Á úlpunni hefði verið rennilás og að skávasar hefðu verið á hliðum úlpunnar. Þá sagði hún, að á v. ermi hefði verið lítill vasi, sem á hefði verið rennilás.

Hann hefði verið í ilöskugrænum flauelsbuxum með rennilás í buxnaklauf og tölu í buxnastreng.

Hann hefði verið í skyrtu, grænköflóttri, hálferma, hnepptri að framan og fall hefði verið í bakstykki skyrtunnar, og sagðist Guðný hafa saumað fallið saman og þrengt þannig skyrtuna.

Þá sagðist hún hafa tekið sauma í skyrtuna undir höndum og þrengt hana þannig.

Hann hefði verið í stuttum nærbuxum, mislitum úr „Crepe". Hann hefði verið í dökkum sokkum úr „Crepe".



Hann hefði verið í millibrúnum leðurskóm, sem hefðu náð upp á miðjan legg, og rennilás hefði verið á þeim innanfótar. Á skónum hefði verið frekar þunnur sóli (um ein tomma) og hællinn hefði verið aðeins hærri en sólinn.

Guðný sagði, að Geirfinnur hefði verið með svart seðlaveski og sagðist ekki hafa vitað til þess, að hann hefði verið með peninga. Í veskinu hefði hann ávallt verið með 3 ökuskírteini, þ. e. gamalt skírteini, nýrra skírteini og skírteini varðandi gröfuréttindi. Þá sagðist hún halda, að í veskinu hefði verið nafnskírteini hans.

Hann hefði verið með reykjarpípu, sem hefði verið með nokkuð stórum haus, aðeins bogin og munnstykki bogið. Munnstykkið hefði verið svart og hausinn svartur eða allavega dökkur á lit.

Hann hefði verið með píputóbak, Raleigh. Hann hefði verið með armbandsúr, stálúr með ljósleitri skífu, úrið hefði verið nokkuð gamalt, en tegund sagðist hún ekki vita.

Á úrinu hefði verið leðuról, svört, sem hefði verið breið og komið undir úrið. Hún sagðist halda, að nær öruggt væri, að á ólinni hefðu verið málmbólur.

Guðný sagði okkur, að Geirfinnur hefði ekki verið nema meðalmaður á hæð, eða um 175 cm. Hann hefði svarað sér vel á vöxt, hvorki verið grannur né feitur og verið um 80 kg á þyngd.

Hann hefði verið skolhærður og hár aðeins liðað og sídd hársins hefði verið um eyru og bartar hefðu einnig verið um eyru. Hár og bartar námu við eyrnasnepla.

Hann hefði verið með nær allar sínar tennur og hefði tannlæknirinn í Keflavík, Garðar Ólafsson, gert við tennur hans. Garðar tannlæknir hefði sent Geirfinn til einhvers sérfræðings í Reykjavík, sem hefði skorið í tannholdið vegna þess, að tennur Geirfinns hefðu losnað. Ekki sagðist Guðný muna, hvenær það hefði verið".

Vitnið veit ekki til, að Geirfinnur hafi átt neina óvildarmenn. Ilafi hann aldrei látið slíkt í ljós við sig. Vitninu er ekki kunnugt um, að Geirfinnur hafi þekkt ákærðu í máli þessu, og heyrði hann aldrei nefna nöfn þeirra. Vitnið heyrði hann heldur ekki nefna nöfn Sigurbjörns Eiríkssonar, Magnúsar Leópoldssonar, Valdimars Olsen og Einars Bollasonar og veit ekki til, að hann hafi þekkt þá. Það kveðst ekki vita til þess, að Geirfinnur hafi þekkt mann, sem kallaður er Maggi, og það man ekki til þess að hafa heyrt Geirfinn tala um mann með því nafni.

Samkvæmt upplýsingum símstöðvarstjórans í Keflavík fékk Geirfinnur Einarsson síma tengdan 7. mars 1974. Var símanúmer hans 3157. Nafn Geirfinns og símanúmer birtist aldrei í símaskrá. Að því er Landssíminn hefur upplýst, er ógerlegt að segja um, hvort spurt hafi verið um símanúmer Geirfinns á framangreindum tíma eða hver hafi gert það, ef svo hefur verið.

Vitnið Sigurður Jóhann Geirfinnsson hefur skýrt frá því, að hann hafi komið inn til sín milli kl. 2100 og 2200 umrætt kvöld og ekkert farið út eftir það. Það hafi heyrt dimma karlmansrödd í símanum, er hringt var til Geirfinns, föður þess, framangreint sinn og hafi því fundist vera um ungan mann að ræða. Maðurinn hafi spurt, hvort Geirfinnur Einarsson væri heima. Það hafi svarað því játandi og maðurinn þá óskað eftir að fá að tala við hann. Hafi hann beðið manninn að bíða og síðan kallað „pabbi, pabbi". Það kveðst ekki hafa fylgst með því, hvað faðir þess talaði í símann, en rétt á eftir hafi hann farið út. Það hafi spurt föður sinn, áður en hann fór út í seinna skiptið, hvert hann væri að fara,

en hann ekki viljað svara því. Þá hafi vitnið spurt, hvort hann mætti koma með, en faðir þess svarað því neitandi.

Vitnið var sérstaklega spurt vegna framburðar ákærða Sævars Marinós um, að ákærði hefði hringt heim til Geirfinns hinn 18. nóvember 1974. Vitnið sagðist ekki muna eftir því að hafa svarað í símann þann dag og sagt, að faðir þess væri ekki heima. Það sagði hins vegar, að alloft hefði komið fyrir, að hringt hefði verið í símann og spurt eftir föður þess, en hann hefði ekki verið heima. Hann hefði annað hvort verið í vinnunni eða eitthvað brugðið sér frá. Það sagðist ekki geta fullyrt neitt um, á hvaða tíma þessi símtöl hefðu verið og því ekki geta sagt neitt um það, hvort hringt hefði verið hinn 18. nóvember 1974. Vitnið kvaðst hafa verið í skólanum alla virka daga frá kl. 0800 til kl. 1200 og stundum í aukatímum eftir hádegið, og telur nokkuð víst, að það hafi oftast á þessum tíma verið kominn inn kl. 1700 til 1800, en upp úr því hafi faðir þess venjulega komið úr vinnu.

Vitnið Þórður Ingimarsson kveður þá Geirfinn hafa hist daginn eftir að þeir fóru í Klúbbinn, enda hafi þeir verið að vinna á sömu vél. Minnst vitnið ekki neins óvenjulegs í fari Geirfinns og hann hafi ekki rætt um, að neitt óvenjulegt hefði fyrir sig borið. Annars ræddust þeir lítið við, þar sem þeir leystu hvor annan af á vélinni. Hið sama er að segja um næsta vinnudag, þriðjudaginn 19. nóvember. Að kvöldi þess dags, rétt fyrir kl. 2100, kom vitnið heim til Geirfinns og ætlaði að fá hann með sér í kvikmyndahús. Geirfinnur var einn heima, að vitnið telur. Þegar það bar upp erindi sitt, kvaðst hann ekki geta komið, þar eð hann væri að fara að hitta einhverja menn kl. 2200. Ætti hann að hitta þá við Hafnarbúðina í einhverri bifreið. Sagðist hann ekki vita, hverjir þessir menn væru og ekki heldur hvaðan þeir væru. Tók vitnið það þannig, að hann vildi ekki láta það vita um þetta. Fannst vitninu, að Geirfinnur ætlaði að hitta einhverja, sem hann þekkti eða hefði hitt áður. Ekkert kom fram hjá honum um það, að þetta stefnumót stæði í sambandi við ferð þeirra í Klúbbinn hinn 17. nóvember. Geirfinnur sagði vitninu, að hann hefði verið boðaður til þessa stefnumóts með símtali. Hann ætti að koma einn og gangandi og að honum þætti þetta dularfullt. Geirfinnur hafi talað um þetta fremur eins og í gríni og m, a. skotið því inn, að hann ætti e. t. v. að hafa með sér barefli. Fannst vitninu á honum hann telja stefnumót þetta vera gabb. Þá hafi hann talað um, að kona sín mætti ekki vita af þessu, og skildist vitninu, að það væri krafa þeirra manna, sem hann ætlaði að hitta, að enginn mætti vita um þetta. Ekkert ræddi hann um það, í hvaða skyni hann ætti að hitta mennina.

Vitnið og Geirfinnur sátu og horfðu á sjónvarp heima hjá Geirfinni fram undir kl. 2200. Þeir ræddu ýmis mál, m. a. tilhögun vinnu þeirra. Guðný, kona Geirfinns, kom heim, stuttu áður en þeir fóru þaðan, og gaf þeim kaffi. Vitnið man vel eftir 8igurði Jóhanni, syni Geirfinns, þarna. Vitnið ók Geirfinni í bifreið sinni Vatnsnesveg í austur og hleypti honum út að beiðni hans rétt hjá bílastöðinni við þá götu, en þaðan eru 100-200 metrar að Hafnarbúðinni. Ekkert kom frekar fram hjá Geirfinni um stefnumótið eða menn þá, sem hann ætlaði að hitta. Geirfinnur bað vitnið, áður en leiðir þeirra skildust, að taka sig með, þegar það færi í vinnuna suður í Sandgerði morguninn eftir. Vitnið sá Geirfinn ekki aftur, eftir að hann fór úr bifreiðinni. Það ók fram hjá Hafnarbúðinni, en síðan racleitt heim til sín.

Geirfinnur var að sögn vitnisins klæddur stuttri, blárrí nylonúlpu með hettu með loðkanti og grænleitum flauelsbuxum. Hann var í vinnuskóm, sem vitnið telur, að hafi verið ljósbrúnir.

Morguninn eftir, hinn 20. nóvember, kom vitnið heim til Geirfinns um kl. 0745, eins og um hafði verið talað milli þeirra kvöldið áður. Vitnið beið fyrst úti og gaf hljóðmerki, en fór síðan og hringdi dyrabjöllunni. Kom Guðný til dyra, og var hún á náttslöpp. Hún sagði vitninu, að Geirfinnur hefði ekki

komið heim um nóttina, og spurði, hvert það hefði ekið honum kvöldið áður og hvort það vissi, hvað hann hefði ætlað. Hún sagði vitninu, að hann hefði komið heim, eftir að það ók honum kvöldið áður, en farið aftur skömmu síðar. Vitnið man ekki, hvað þeim fór meira á milli, en hún hafði miklar áhyggjur af þessu.

Vitnið veit ekki til þess, að Geirfinnur hafi átt nokkra óvildarmenn, og sé það afar ólíklegt. Hann hafi verið mjög friðsamur og ekki líklegur til að stofna til áfloga. Hins vegar hafi hann verið vel byggður og hraustur. Meðal félaga var Geirfinnur kallaður .Geiri. Vitnið heyrði Geirfinn aldrei nefna, a nöfn ákærðu í máli þessu og vissi ekki til þess, að hann þekkti þá. Hann nefndi ekki heldur, að hann ætti kunningja tengda veitingahúsinu Klúbbnum, og það heyrði hann aldrei tala um Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson, Valdimar Olsen eða Einar Bollason.

Vitnið hefur aldrei heyrt neinn mann nefndan í Keflavík eða nágrenni, sem kallast Geiri. Telur það öruggt, að það hefði heyrt mann þennan nefndan á vinnustað, ef hann hefði verið miðlari í sambandi við áfengi. Ekki kannast vitnið heldur við neinn mann, sem kallaður er Maggi, og hafði aldrei heyrt Geirfinn nefna það nafn.

Vitnið kveðst aldrei hafa vitað til þess, að Geirfinnur væri með smyglað áfengi, en hins vegar vissi það, að hann fékkst við að brugga. Drakk vitnið hjá honum eimað áfengi og vissi, að hann var með eimingartæki um tíma heima hjá sér. Það taldi hins vegar, að þau tæki hefðu ekki verið á heimili hans, er hann hvarf.

Vitnið Sjöfn Traustadóttir, Nesvegi 7, Grundarfirði, hefur skýrt frá því, að þær Guðný Sigurðardóttir hafi verið og séu enn nánar vinkonur. Hafi þær trúað hvor annarri fyrir einkamálum sínum. Vitnið kveðst hafa komið á heimili þeirra Guðnýjar og Geirfinns hinn 19. nóvember 1974 milli kl. 1600 og 1700, beint úr vinnu í Hafnarbúðinni í Keflavík, en vitnið starfaði þar um þær mundir. Meðan það var við vinnu þennan dag, hafði dóttir þess verið í gæslu hjá Guðnýju. Þær vinkonurnar fóru um bæinn í innkaupaferð á bifreið þeirra Geirfinns og Guðnýjar. Um kl. 1730 til 1800 ók Guðný vitninu heim til þess, og þar varð dóttir Guðnýjar eftir. Um kl. 2000 eða skömmu eftir þann tíma þetta kvöld kom Guðný heim til vitnisins, og telur það sennilegt, að sonar Guðnýjar hafi verið með henni, því að ærsl hafi verið töluverð í börnunum, en slíkt hafi jafnan verið, þegar Sigurður Jóhann, sonar Guðnýjar, var með þeim telpunum. Guðný var að koma úr bókasafni bæjarins. Vitnið er ekki alveg visst um, hve lengi Guðný dvaldist hjá því, en telur, að hún hafi farið frá því með börn sín um kl. 2200.

Morguninn eftir, um kl. 0930, hringdi Guðný til vitnisins og var greinilega eitthvað miður sín. Hún bað vitnið að koma til sín, því að ,Geirfinnur hefði ekki komið heim um nóttina. Vitnið tók ekki mark á þessu tali Guðnýjar og fór ekki. Um kl. 1000 hringdi Guðný aftur til þess og spurði, hvort það væri ekki að koma. Vitnið kveðst þá hafa spurt Guðnýju að því, hvort þetta væri virkilega alvara, að Geirfinnur hefði ekki komið heim frá því kvöldið áður, en :Guðný sagði sem fyrr, að hann væri ókominn, og fór vitnið þá heim til hennar. Guðný var þá, að því er virtist, í miklu uppnámi, gekk um gólf og virtist ekki geta verið kyrr. Hún sagði vitninu, að hún hefði verið að lesa í bók fram eftir nóttu. Þegar Geirfinnur kom ekki, hefði hún orðið óróleg og ekki getað fest svefn, enda hefði það aldrei komið fyrir áður, að Geirfinnur væri að heiman næturlangt, án þess að vitað væri, hvar hann héldi sig. Vitnið kveðst ekki hafa vitað til :þess, að Geirfinnur hafi nokkurn tíma verið að heiman næturlangt, nema þá að hann hafi verið einhvers staðar í vinnu. Þær Guðný og vitnið ræddu nú um það, hvað gera skyldi, og varð niðurstaðan sú að leita ekki strax til lögreglunnar, heldur hafa samband við vinnuveitanda Geirfinns,

Ellert Björn Skúlason. Þær reyndu að ná tali af Ellert Birni, en tókst það ekki fyrr en einhvern tíma síðari hluta dagsins. Hann muni svo hafa tilkynnt lögreglunni um hvarf Geirfinns.

Vitnið kveðst hafa flutt á heimili Guðnýjar að ósk hennar strax eftir hvarf Geirfinns og búið um nokkurt skeið hjá henni. Þær hefðu mikið rætt sín á milli, hvað hefði getað komið fyrir Geirfynn, en hvorug þeirra getað ímyndað sér neitt um það. Þó voru þær báðar sannærðar um, að Geirfynnur hefði ekki svipt sig lífi, það hefði verið fjarri honum.

Vitnið Guðlaug Konráðs Jónsdóttir, Melteigi 6, Keflavík, kveðst hafa verið við afgreiðslu í Hafnarbúðinni í Keflavík að kvöldi 19. nóvember 1974, en vitnið hafði þá starfað þar í tæp tvö ár. Mikið var að gera framan af kvöldinu, en upp úr kl. 2200 fór umferð að minnka um búðina. Þegar hægjast fór um í búðinni, kom Geirfynnur Einarsson inn, en vitnið getur ekki sagt um, klukkan hvað það hefur verið. Vitnið var að horfa á sjónvarp, þegar Geirfynnur kom inn. Hann keypti einn pakka af vindlingum og var með peninga í höndunum nákvæmlega fyrir þeim, þ. e. 100 kr. og einhverja smáaura. Einhver orðaskipti áttu sér stað milli vitnisins og Geirfinns, sem það þekkti. Kom hann nokkuð oft í búðina, enda vann þar Sjöfn Traustadóttir, kunningjakona hans og konu hans. Var hann oft vanur að setjast niður og rabba við þær. Minnir vitnið, að það hafi spurt hann eitthvað á þá leið, hvað hann væri að flýta sér, því að vitninu fannst eins og hann væri á óvenju hraðri ferð, en það var ólíkt því, sem hans var vani. Vitnið minntist þess ekki, að hann hefði svarað þessu, heldur aðeins glott og farið rակleitt út. Rétt upp úr þessu fór að fjölga aftur í búðinni, og voru það aðallega sjómenn af bátum í höfninni, sem komu inn og vitnið þekkti. Tíu til fimmtán mínútum eftir að Geirfynnur kom í búðina, kom maður nokkur þar inn og hagaði hann sér allundarlega. Gekk hann fram og aftur eftir ganginum, virtist órólegur og horfði mikið í afgreiðsluborðið, sem er úr gleri og þar útstíllt sælgæti o, fl. Vitnið spurði manninn, hvort nokkuð væri hægt að gera fyrir hann, og svaraði hann því þannig: „Ég ætla ekkert að fá, ég ætla að doka við“, eða eitthvað þess háttar. Litlu síðar bað hann um að fá lánaðan síma, og sagði vitnið honum að gera svo vel. Maðurinn fór að símanum, hringdi án þess að nota símaskrá, en talaði stutt í símann. Vitnið kveðst ekki hafa veitt þessu neina sérstaka athygli og ekki heyrt, hvað hann sagði. Eftir símtalið lagði maðurinn peninga á borðið og gekk rակleidis út. Síðar í framburðinum sagði vitnið, að maðurinn hefði verið mjög stutta stund í símanum. Það hafi jafnvel talið líklegt, að hann hafi ekki fengið svar, að minnsta kosti hafi það ekki heyrt hann tala. Vitninu kom maður þessi þannig fyrir sjónir, að það hefði séð hann áður, en gat ekki áttað sig frekar á því. Maðurinn var í leður- eða leðurlíkisjakka, brúndröppuðum að lit, með belti, sem; hékk laust, og í ljósum tweed buxum.

Vitnið hefur lýst manni þessum svo, að hann hafi verið grannur, um 1.80 cm að hæð, fremur þykkur til herðanna, með dökkskollitað hár, ljós yfirlitum, augabrúnir miklar og svolítið sambrýndar og nef frekar stórt. Húð hans hafi vírst heilbrigð, en andlitsfall grófgert og hann rauður í kinnum. Augu mannsins hafi verið frekar innarlega í höfðinu og mjög sterkur augnsvipur. Maðurinn brosti eða glotti, þegar hann talaði. Hann kom vel fyrir, og var ekki að merkja neitt annarlegt við hann, hvorki af völdum áfengis- né lyfjanotkunar.

Vitnið kveðst hafa mætt í sakbendingu hjá rannsóknarlögreglu, en ekki séð neinn mann þar, sem það taldi vera umræddan mann. Það kveðst hafa séð, að ákærði Kristján Viðar var í öðrum hópnum við sakbendingu, en það hafði séð hann áður og vissi, hver hann var, því að vitninu hafði verið bent á hann, þegar hann kom eitt sinn í Hafnarbúðina ásamt ákærða Sævari Marinó, löngu áður en Geirfynnur hvarf. Vitnið segir, að framangreindur maður hafi ekki verið ákærði Kristján Viðar. Hins

vegar kunnir ákærði Kristján Viðar að hafa komið þarna og hringt umrætt kvöld, án þess að það veitti því athygli, enda hafi margir fengið að hringja í Hafnarbúðinni þetta kvöld. Vitninu voru sýndar myndir af ákærðu í máli þessu. Vitnið kannast við myndir af ákærðu Kristjáni Viðari og Sævari Marinó, en það telur sig ekki hafa séð þá í Hafnarbúðinni framangreint kvöld. Vitninu finnst einnig, að það hafi séð ákærða Guðjón, en veit ekki hvar.

Vitnið kveður ekki hafa verið haft neitt samráð við sig við gerð leirmyndar af manni þeim, sem kom í Hafnarbúðina umrætt sinn. Hafi því verið sýndar ýmsar myndir, m. a. af Magnúsi Leópoldssyni. Það hafi sagt lögreglunni, að maðurinn hafi ekki haft ósvipað höfuðlag og svip og Magnús, en það hafi þó engan veginn bent á hann. Vitnið hefur grun um, að við gerð leirmyndarinnar hafi verið miðað við mynd af Magnúsi, án þess að það væri á nokkurn hátt gert eftir ábendingu þess. Hafi það fyrst vitað um styttuna, eftir að hún hafði verið gerð og ekki séð hana, fyrr en mynd birtist af henni í sjónvarpi. Vitninu var lesinn framburður ákærða Kristjáns Viðars fyrir dómi um komu hans í Hafnarbúðina að kvöldi 19. nóvember 1974. Af því tilefni segir vitnið, að það hafi notað tvo sloppa við afgreiðslu í búðinni, blágrænan og hvítan. Telji það líklegast, að það hafi verið í þeim blágræna umrætt sinn.

Vitnið Ásta Elín Grétarsdóttir, Vesturgötu 13, Keflavík, kveðst hafa verið stadd í Hafnarbúðinni í Keflavík að kvöldi þriðjudagsins 19. nóvember 1974. Vitnið kom þangað snemma um kvöldið og sat fram eftir. Lítið var um að vera í búðinni þetta kvöld. Þar var sjónvarp í gangi, en vitnið horfði lítið á það. Vitnið man eftir, að Geirfinnur Einarsson, sem það kannaðist við, kom inn í búðina. Hann keypti eitthvað, og afgreiddi Guðlaug hann. Vitnið getur ekki sagt um, hvenær kvöldsins þetta var né hve lengi hann hafði viðdvöl. Nokkru eftir að Geirfinnur var farinn, veitti það því athygli, að ó-kunnugur maður kom inn í Hafnarbúðina. Þar sem vitnið telur sig kannast við flesta í Keflavík, álitur það, að þetta hafi verið utanbæjarmaður. Vitnið veitti manni þessum nokkra athygli. Hann gekk að símanum, sem er fyrir innan afgreiðsluborð, og fékk að hringja. Hann talaði stutta stund í símann, og heyrði vitnið ekki, hvað hann sagði. Eftir símtalið gekk hann að afgreiðsluborði, að vitnið telur til að greiða símtalið, en hélt síðan rակleitt á brott.

Vitnið kvaðst ekki muna nákvæmlega eftir útliti mannsins eða klæðnaði, er það var yfirheyrt í dómi. Í lögregluskýrslu hefur það lýst klæðnaði hans svo, að hann hafi verið í gulbrúnum leðurjakka, sem var beinn niður í sniði, með belti, sem lafði niður, og hafi jakkinn verið óhnepptur. Þá hafi það séð, að maðurinn var með belti við buxur sínar. Vitnið kveðst hafa séð framan í manninn örstutta stund, þegar hann var að ganga út. Vitnið kveðst ekki hafa getað lýst umræddum manni nema að mjög litlu leyti fyrir lögreglu, þar sem mál þetta hafi fengið mjög á sig og það hafi þurrkað út úr huga sínum allt því viðkomandi. Í lögregluskýrslu lýsir það mannum svo, að hann hafi verið svolítið rauður í kinnum, með skollitað hár og hafi framkoma hans verið örugg. Vitnið man ekki, hvort maðurinn var hávaxinn eða lágvaxinn. Vitnið kveðst eitthvað hafa verið til ráðuneytis við gerð leirmyndarinnar af mannum, en það hafi verið ósátt við munnsvipinn á myndinni og einnig hafi hárið verið af snyrtilegt. Vitnið staðfesti lýsingar þess á mannum fyrir dómi.

Vitnið mætti tvisvar við sakbendingu hjá lögreglu, en ekki sá það neinn í þeim hópum manna, er þar voru, sem það taldi sig geta bent á sem mann þann, er komið hafði í Hafnarbúðina umrætt sinn og hringt. Að því er varðar munnsvip mannsins, sem kom í Hafnarbúðina, kveðst vitnið ekki geta lýst honum, en sér hafi fundist hann vera sérstæður og ekki eins og leirmyndin sýni. Vitninu voru sýndar myndir af ákærðu Kristjáni Viðari, Sævari Marinó og Guðjóni. Getur vitnið ekkert sagt um það, hvort

einhver þessara mynda líkist manni þeim, sem kom í Hafnarbúðina. Það segir, að því hafi fundist ákærða Kristjáni Viðari svipa til leirmyndarinnar, er það sá mynd af honum í Dagblaðinu.

Vitninu var sýnd til samanburðar leirmyndin og myndir af ákærða Kristjáni Viðari. Sagði það, að ef munnsvipur Kristjáns Viðars væri settur á leirmyndina, mundi sá maður líkjast meira manni þeim, sem kom inn í Hafnarbúðina. Hins vegar fannst vitninu maðurinn vera eldri en ákærði Kristján Viðar, eða 20-25 ára.

Vitnið Hrefna Björg Óskarsdóttir, Hringbraut 45, Keflavík, kveðst hafa verið stött í Hafnarbúðinni í Keflavík að kvöldi 19. nóvember 1974 ásamt Jóni Péturssyni og Jóhanni Guðfinnssyni á tímabilinu frá kl. um 2130 til 2330. Hafi þau setið þar við borð úti við glugga. Vitnið þekkti ekki Geirfinn Einarsson í sjón og getur ekkert um það sagt, hvort hann kom inn í Hafnarbúðina á þessu tímabili. Vitnið sá þrjá til fjóra menn koma inn í Hafnarbúðina, hvern í sínu lagi, á fyrrgreindu tímabili til að fá að hringja. Það getur ekki lýst þessum mönnum, nema einn þeirra var ungur, 20-30 ára að aldri, með yfirvaraskegg og í bláum hvítteinóttum jakka. Vitnið minnir, að einn þessara manna hafi verið í brúnum leðurlíkisjakka, en getur ekki lýst honum frekar. Það þekkti engan þessara manna og hefur ekki séð neinn þeirra síðar. Vitnið man ekki eftir að hafa séð tvo menn koma saman inn í Hafnarbúðina, annan hávaxinn, en hinn lágvaxinn. Vitninu voru sýndar myndir af ákærðu Guðjóni, Kristjáni Viðari og Sævari Marinó. Það kveðst ekki geta staðhæft, hvort einhver þeirra hafi komið í Hafnarbúðina umrætt sinn til að hringja.

Vitnið Jóhann Guðfinnsson, Suðurvör 4, Grindavík, hefur skýrt frá því, að það hafi verið vélstjóri á m/b Arney, KE 50. Báturinn lagði upp í Keflavík veturinn 1974 til 1975, og kom vitnið þá oft í Hafnarbúðina þar í bæ. Vitnið var stött í Hafnarbúðinni 19. nóvember 1974 á tímanum frá kl. 2100 til 2300. Vitnið gaf sig fram við lögregluna, þegar auglýst var eftir þeim, sem hefðu verið í Hafnarbúðinni kvöld það, er Geirfinnur Einarsson hvarf. Vitnið kveðst hafa setið við borð í veitingasalnum í Hafnarbúðinni við austurvegg, um það bil fyrir salnum miðjum, og snúið baki að afgreiðsluborði og símanum. Með vitninu voru Hrefna Óskarsdóttir og skipsfélagi þess Jón Guðni Pétursson. Vitnið kannaðist ekki við Geirfinn Einarsson og veit ekki, hvort hann kom í Hafnarbúðina þetta kvöld. Fólk var alltaf að koma þar inn, og kveðst vitnið ekki hafa vent því sérstaka athygli. Vitninu voru sýndar myndir af ákærðu Kristjáni Viðari og Sævari Marinó. Vitnið kveðst ekki geta sagt um, hvort menn þessir hafi komið inn í Hafnarbúðina. Þá voru vitninu sýndar myndir af Geirfinni Einarssyni. Kveðst það ekki minnst þess að hafa nokkurn tíma séð hann. Vitnið veitti ekki neinum mönnum sérstaka athygli, sem hringdu úr Hafnarbúðinni. Vitnið minnir fastlega, að afgreiðslustúlkurnar í Hafnarbúðinni hafi verið í ljósbláum afgreiðslusloppum.

Vitnið Ellert Björn Skúlason kveðst ekki hafa hitt Geirfinn, eftir að hann fór í Klúbbinn 17. nóvember 1974, og vissi ekkert um þá ferð, fyrr en eftir að Geirfinnur hvarf. Einhvern tíma fyrir hvarf Geirfinns var hringt á heimili vitnisins og spurt um símanúmer Geirfinns. Eiginkona vitnisins svaraði í símann og sagði þeim, er hringdi, að hún vissi ekki um númerið. Hafi maðurinn þá orðið ókurteis. Ekki er unnt að tímasetja nákvæmlega, hvenær dags þetta var, en það hafi þó verið síðdegis eða fyrri hluta kvölds einhvern tíma skömmu fyrir hvarf Geirfinns. Vitnið veit ekki til, að Geirfinnur hafi þekkt ákærðu í máli þessu, og sjálft hafði vitnið ekki heyrt nöfn þeirra, fyrr en mál þetta kom til sögunnar. Vitnið veit ekki heldur til, að Geirfinnur hafi þekkt Einar Bollason, Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson eða Valdimar Olsen og heyrði hann ekki ræða um þá. Geirfinnur var oft kallaður Geiri meðal kunningja og vina. Eftir að mál þetta kom upp, kveðst vitnið hafa heyrt orðasveim um, að ákveðinn maður í

Keflavík, sem kallaður er Geiri, hafi stundað spíraviðskipti eða fengist eitthvað við slíkt. Kveðst vitnið hafa gefið rannsóknarlögreglunni upp nafn í þessu sambandi, sem það muni ekki lengur. Vitninu var sýndur blýantur sá, sem ákærði Kristján Viðar kveðst hafa tekið úr vasa Geirfinns. Vitnið kannast ekki við blýanta af þessari gerð og telur, að hann sé ekki frá fyrirtæki sínu. Hafi fyrirtækið eingöngu látið starfsmenn sína fá kúlupenna.

Vitnið Elín Guðnadóttir, eiginkona Ellerts Björns Skúlasonar, hefur skýrt frá því, að það hafi rifjast upp fyrir sér, að einhvern tíma í kringum hinn 19. nóvember 1974 hafi hringt heim til þess maður, sem hafi spurt, hvort það gæti gefið honum upp símanúmer Geirfinns Einarssonar. Vitnið kveðst hafa svarað manningnum því, að það vissi ekki símanúmer Geirfinns. Hafi hann þá orðið hranalegur, látið falla einhver ónot og sagt í framhaldi f því, að það væri óvenjulegt, að vinnuveitandi vissi ekki símanúmer manna sinna. Síðan hafi maðurinn skellt símanum á. Vitnið kveðst halda, að maður þessi hafi fyrst spurt um Geira, en kunningjar og vinnufélagar hafi nefnt Geirfinn Geira. Vitnið man ekki eftir rödd mannsins, en telur, að þetta hafi verið ungur maður, og var hann ekki ölvaður. Vitnið heldur, að þetta hafi verið um kl. 1700 að degi einhverjum dögum fyrir hinn 19. nóvember, en þó ekkert geta fullyrt um það.

Bifreið Geirfinns Einarssonar, Ö 1577, sem er rauð Cortina af árgerð 1970, fannst við verslunina Járn & Skip við Víkurbraut í Keflavík miðvikudaginn 20. nóvember 1974. Vitnið Ellert Björn Skúlason kveðst hafa fundið bifreiðina. Hafi sporhundur rakið slóð Geirfinns frá bifreiðinni að Hafnarbúðinni, en síðan ekki getað fundið hana aftur. Vitnið kveðst hafa athugað bifreið Geirfinns, áður en lögreglan framkvæmdi rannsókn á henni. Lögreglumenn tóku bifreiðina og fluttu hana á slökkvistöðina í Keflavík. Þar var reynt að ná fingraförum af henni bæði utan og innan, en án árangurs. Rækileg leit var gerð í bifreiðinni, en ekkert kom í ljós, sem bent gæti á, hver afdrif Geirfinns hefðu orðið.

Þeir Sigurður Kristinsson, Faxabraut 73, og Sævar Sigurðsson, Smáratúni 18, Keflavík, hafa skýrt frá því, að þeir hafi verið að vinna í húsi Olíusamlags Keflavíkur að kvöldi 19. nóvember 1974. Að vinnu lokinni stimpluðu þeir sig út kl. 2234. Héldu þeir síðan rակleitt frá húsinu á bifreið fyrirtækisins, er Sævar ók.

Sigurður hefur skýrt frá því, að þegar þeir komu að húsi Kaupfélags Suðurnesja, sem er skáhallt á móti húsi Olíusamlagsins við Víkurbraut, hafi þeir séð bifreið Geirfinns Einarssonar, sem þeir þekktu. Stóð bifreiðin á horni við girðingu, sem er við húsið. Var þetta bifreið af Cortina gerð, sem vitnið minnir, að hafi verið dökkgræn. Hafði Sævar orð á því, að þetta væri bifreið Geirfinns. Telur vitnið, að þetta hafi verið um það bil mínútu eftir að þeir stimpluðu sig út. Enginn var í bifreiðinni eða við hana.

Sævar kveðst þá þegar, er þeir óku frá húsinu, hafa veitt athygli bifreið af Cortina gerð, sem stóð við hús Kaupfélagsins á Víkurbraut. Stóð bifreiðin rétt við horn girðingar, sem er við húsið. Þegar þeir óku fram hjá bifreiðinni, þekkti vitnið einkennisnúmer hennar og að þetta væri bifreið Geirfinns Einarssonar, en vitnið kannaðist við hann í sjón. Vitnið minnst þess ekki, að annar hvor þeirra Sigurðar hafi haft orð á því, að þarna væri bifreið Geirfinns. Bifreiðin var, að sögn vitnisins, dökkrauð á lit. Það kveðst enga hreyfingu hafa séð, hvorki við bifreiðina né í henni.

Um veður á Keflavíkurflugvelli að kvöldi 19. nóvember 1974 segir svo í vottorði Veðurstofunnar:

„Kl. 18.00 var SA 5 vindstig, skýjað, 30 km skyggni, hiti 5.3 C° og jörð alauð, en frosin og þurr.

Kl. 21.00 var S 6 vindstig, úði og regn, 11 km skyggni og hiti s.o c°.

Kl. 24.00 var SV 5 vindstig, úði á síðustu klukkustund, 16 km skyggni og hiti 4.8 C°."

Við rannsókn málsins hefur komið fram, að maður, kunnugur Geirfinni, kveðst hafa hringt til hans um kvöldmatarleytið 18. nóvember árið 1974 og spurt hann, hvort hann hefði tök á að eima spíritus, er sjór hefði komist í, en hann hafði heyrt, að Geirfinnur fengist við að brugga. Geirfinnur lofaði að athuga málið. Síðan símtal þetta átti sér stað, kveðst maður þessi ekki hafa haft samband við Geirfinn.

Vitnið Guðný Sigurðardóttir hefur skýrt frá því, að Geirfinnur hafi sagt henni frá símtali við framangreindan mann. Kvað Geirfinnur manninn hafa farið þess á leit við sig, að hann athugaði, hvort unnt væri að eima spíritus, sem sjór hefði komist í. Geirfinnur hefði ætlað að athuga málið, en ekkert orðið úr þessu.

Enn fremur skýrði vitnið Guðný frá því í yfirheyrslu 12. febrúar 1976, að það héldi, að það væru ein 5 ár síðan þau Geirfinnur byrjuðu „að leika sér að því“ að leggja í og búa til vín úr sykri og geri. Fékk Geirfinnur lánuð tæki til að sjóða þetta, en svo voru þau tekin til baka og urðu ónýt. Þá fengu þau lánuð önnur tæki, alveg ný, hjá vinnufélaga Geirfinns, sem býr í Ytri-Njarðvík. Var þetta á að giska 50 lítra mjólkurbrúsi, einhver rör og slöngur tilheyrandi honum. Var hægt að sjóða í þessu. Tækjunum höfðu þau skilað, áður en Geirfinnur hvarf.

Vitnið Sverrir Lúthersson, Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði, gaf sig fram við rannsóknarlögregluna 23. júní 1976 og gaf skýrslu, sem er í megindráttum á þessa leið:

Vitnið kveðst hafa verið að vinna við Sigöldu á tímabilinu september-desember 1973 ásamt Geirfinni Einarssyni. Þeir höfðu ekki þekkt áður, en vitnið kynntist honum vel. Geirfinnur var lipur, prúður og skarpduglegur. Kom hann sér vel hjá verkstjóra þeirra. Einhverju sinni, þegar komið var fram í október, e. t. v. seint í þeim mánuði, varð vitnið vart við, að tveir menn komu að hitta Geirfinn.

Skömmu síðar var vitnið stadd niðri í borðsal og heyrði þá, að einn maður úr starfslöðinu var að tala við Geirfinn. Var þetta á tímabilinu frá kl. 2200-2330 og mennirnir þá nýfarnir. Maðurinn og Geirfinnur voru að tala saman um eitthvað varðandi menn þá, sem heimsótt höfðu Geirfinn. Heyrði vitnið, að Geirfinnur sagði, að hann hefði kafið þá um fjárhæð, sem það minnir, án þess þó að það þori að fullyrða það, að hafi verið þrjú til fjögur hundruð þúsund krónur. Vitninu fannst þetta vera talsverð upphæð fyrir að þegja yfir einhverju, sem það vissi þó ekki, hvað var. Vitnið heldur, að Geirfinnur hafi sagt manningum, yfir hverju hann ætti að þegja. Það telur, að maðurinn hafi eitthvað verið kunnugur hinum mönnum tveimur, hvernig svo sem sá kunnugleiki hefur verið. Vitnið getur enga lýsingu gefið á þessum manni. Það veit ekki um aldur hans og ekki í hvaða starfi hann var. Man það ekki, hvort það sá hann nokkurn tíma eftir þetta. Þetta var Íslendingur, eða a. m. k. var ekki annað að heyra á málfari hans.

Vitnið sá aldrei hina tvo mennina, en vissi, að þeir komu í einhverjum bíl upp eftir. Vitnið man ekki lengur, hvernig það vissi, að þessir menn hefðu komið. Það var eitthvað talað um það, en hverjir voru að tala um það, man það ekki. Vitnið heyrði einnig á tali mannsins og Geirfinns, að tveir menn hefðu komið að hitta hann. Vitnið hefur ekki hugmynd um, hvað menn þessir vildu Geirfinni. Geirfinnur féll mikið í álit hjá vitninu, þegar það heyrði þetta samtal eða slitrur úr samtali, og því festist það í huga þess. Vitnið var ekki mjög langt frá þeim Geirfinni í matsalnum, þegar þeir voru að tala um þetta. Veit vitnið ekki, hvort þeir tóku eftir vitninu eða héldu, að það mundi ekki heyra til þeirra. Vitnið gerði



enga tilraun til að hlusta á samtalið, þar sem því fannst efni þess ekki koma því við og tók því ekki eftir öllu, sem þeim Geirfinni fór á milli. Vitnið man ekki, hvort það fór út á undan mönnum eða þeir á undan því. Það var eitthvað fleira fólk í salnum, en hverjir það voru eða hvort nokkrir voru nær þeim en vitnið, man það ekki. Þetta kom illa við vitnið, þar sem því fannst Geirfinnur svo heilsteyptur og duglegur að hjálpa, ef á þurfti að halda. Vitnið heyrði ekkert um það, hvort Geirfinnur hefði fengið nokkra peninga eða hvort hann ætti að fá þá, enda var það stutta stand í nálægð manna. Geirfinnur nefndi þessa heimsókn aldrei við vitnið, og það heyrði aldrei neitt meira um hann.

Vitnið Einar Jónsson verkstjóri, Litlu-Tungu 2, Holtahreppi í Rangárvallasýslu, kveðst hafa þekkt Geirfinn vel og unnið mikið með honum, fyrst í Búrfelli 1966-1968, síðan við Vatnsfell 1970 og að lokum við Sigöldu 1973-1974. Vitnið kveðst hafa byrjað að vinna við Sigöldu 23. október 1973 og hafi Geirfinnur komið til starfa nokkrum dögum síðar. Það telur einnig víst, að Sverrir Lúthersson hafi byrjað að vinna á svipuðum tíma og Geirfinnur. Vitnið segir, að Geirfinnur hafi verið einstakur véla- maður og félagi, sérstaklega þrúður, en dulur og fámáll. Það hafi aldrei orðið vart við óreglu á honum, þegar hann var að vinna þarna. Hefði slíkt örugglega ekki farið fram hjá því, enda vann Geirfinnur undir stjórn þess. Geirfinnur mætti ávalt vel til vinnu. Vitnið kveðst þó hafa kynnst því, að Geirfinnur varð annar maður, kátur og töluvert stríðinn, þegar hann bragðaði áfengi. Vitnið segist aldrei hafa orðið þess vart, að Geirfinnur væri ruddalegur með víni, og ekki hafa heyrt um slíkt. Vitnið kveðst muna eftir því, að eftir að Geirfinnur var hættur snemma á árinu 1974, hafi hann stundum komið inn að Sigöldu og unnið þar fríhelgar og þá mjög mikið. Vitnið minnst þess ekki, að Geirfinnur hafi fengið heimsókn í Sigöldu haustið 1973, og telur öruggt, að það hefði ekki farið fram hjá því eða öðrum, sem með þeim unnu, ef svo hefði verið, enda hefðu verið þarna á þeim tíma um 40 manns og heimsóknir taldar til tíðinda. Vitnið kveður starfsmennina oftast hafa verið í kaffiskálanum á kvöldin. Hafi menn setið þar og rabbað saman eða þá tekið í tafl og spil.

Vitnið Sverrir Karlsson, Jaðarsbraut 31, Akranesi, kveðst hafa kynnst Geirfinni við Sigöldu árið 1973, en kynni þeirra hafi ekki verið mikil. Vitnið telur ólíklegt, að það hefði farið fram hjá mönnum þarna, hefði Geirfinnur fengið heimsókn, og sjálf muni það ekki eftir neinni heimsókn á þessum tíma. Vitnið kveðst aldrei hafa orðið vart við smyglað áfengi í Sigöldu, hvorki um þessar mundir né síðar. Það viti til þess, að Geirfinnur hafi bragðað áfengi þarna eftir vinnutíma, en örugglega hafi það ekki komið niður á vinnunni. Geirfinnur hafi ekki blandað sér mikið í samræður manna, og telur vitnið, að hann hafi verið mjög dulur og fáskiptinn. Hins vegar kveðst það hafa tekið eftir því, að hann hafi orðið kátari, þegar hann bragðaði vín. Vitnið man vel eftir Sverri Lútherssyni og telur öruggt, að hann hafi ekki komið fyrr en seint í október eins og flestir hinna og unnið þarna í 4-5 vikur.

B. Rannsóknarlögreglan í Keflavík hafði frumrannsókn máls þessa á hendi, svo sem áður greinir. Stóð rannsóknin fram á árið 1975, en leiddi ekki í ljós, hver afdrif Geirfinns Einarssonar hefðu orðið. Þegar komið var fram í nóvember þetta ár, fékk rannsóknarlögreglan í Reykjavík upplýsingar, sem leiddu til þess, að hafin var að nýju rannsókn í svokölluðu „Póst- og símamáli“, sem að framan hefur verið rakið. Voru ákærðu Sævar Marinó Ciesielski og Erla Bolladóttir, þá til heimilis að Þverbrekku 4, Kópavogi, handtekin og síðan úrskurðuð í gæsluvarðhald.

Við rannsókn þess máls kom fram grunur um, eins og áður er rakið, að ákærðu Sævar Marinó, Kristján Viðar Viðarsson, Tryggvi Rúnar Leifsson og Albert Klahn Skaftason væru viðriðnir hvarf Guðmundar Einarssonar, Hraunprýði í Blesugróf hér í borg, í Hafnarfirði 27. janúar 1974, og voru þeir úrskurðaðir í gæsluvarðhald af því tilefni.

Ákærða, Erla Bolladóttir, var látin laus úr gæsluvarðhaldi hinn 20. desember 1975. Samkvæmt skýrslu Eggerts Bjarnasonar rannsóknarlögreglumanns, dags. 10. mars 1976, kom ákærða um miðjan janúar 1976 til rannsóknarlögreglunnar og skýrði frá því, að hún hefði orðið fyrir ónæði af símahringingum og væri hrædd. Af því tilefni kom hún til viðtals að kvöldi hins 21. janúar í fangelsið við Síðumúla. Hún hefði skýrt frá því, að nokkrum sinnum undanfarna daga og nætur hefði verið hringt í síma móður hennar í Stóragarði 29, en þar dvaldist "ákærða um þær mundir. Enginn hefði ansað í símann, er hún talaði, þótt svo virtist sem einhver væri í símanum. Einu sinni hefði þó verið svarað og hefði það verið karlmaður, sem óbeinlínis hefði haft í hótunum við sig. Maðurinn hefði spurt, hvort ákærðu fyndist hún ekki vera búin að gera nóg, og benti henni á að vara sig. Sagði hann, að henni væri þó óhætt fram að ákveðnum degi. Systir ákærðu, sem búsett er á Hawaii, dvaldist hjá móður þeirra um þessar mundir, en ætlaði af landi brott þennan dag. Taldi ákærða fremur ósennilegt, að einhver ókunnugur fjölskyldunni mundi tilgreina þennan ákveðna dag. Ákærða var margspurð, við hvern eða hverja hún teldi sig vera svona hrædda. Ákærða nefndi þá nöfn þriggja manna, þeirra Einars Bollasonar, bráður síns, Sigurbjörns Eiríkssonar og Jóns Ragnarssonar. Þegar ákærða var spurð, hvers vegna hún væri hrædd við þessa enn, sagði hún það vera í sambandi við svokallað „Geirfinnsmál“.

Samkvæmt fyrrgreindri skýrslu Eggerts Bjarnasonar var rætt um þetta við ákærða Sævar Marinó Ciesielski. Honum var skýrt frá því, að Erla væri hrædd við einhverja menn, en honum á engan hátt gefið í skyn, hverjir það væru. Ákærði sagðist halda, að Erla mundi vera hrædd við ákveðna menn og taldi upp þá sömu og hún hafði nafngreint. Þá sagði ákærði, að þetta væri allt í sambandi við „Geirfinnsmálið“, og skýrði frá því mjög á sama veg og Erla hafði gert.

Í framhaldi af þessu var tekin skriflega skýrsla af ákærða hinn 22. janúar og síðan af ákærðu Erlu næsta dag. Þá hafði komið fram, að ákærði Kristján Viðar Viðarsson væri við málið riðinn, og var því einnig tekin af honum skýrsla. Auk fyrrgreindra nafna koma fram í skýrslum ákærðu nöfn þeirra Magnúsar Leópoldssonar og Valdimars Olsen. Þeir Einar Bollason, Magnús Leópoldsson og Valdimar Olsen voru handteknir að morgni hins 26. janúar og úrskurðaðir í 45 daga gæsluvarðhald.

Rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar og smygls á áfengi í sambandi við það var síðan fram haldið. Framangreindir menn svo og ákærðu Sævar Marinó, Kristján Viðar og Erla voru margoft yfirheyrð, og í framhaldi af því var Sigurbjörn Eiríksson handtekinn hinn 10. febrúar og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Þeir Magnús, Valdimar, Einar og Sigurbjörn neituðu staðfastlega allri vitneskju um hvarf Geirfinns Einarssonar svo og vitneskju um áfengissmygl, sem á að hafa átt sér stað í Keflavík, eins og fram hafði komið í skýrslum. Þó viðurkenndu þeir Magnús, Valdimar og Einar að hafa keypt smyglað áfengi og Einar einnig að hafa slt slíkt áfengi.

Fljótlega eftir að rannsóknarlögreglan í Reykjavík hóf rannsóknina, var Haukur Guðmundsson, rannsóknarlögregluumaður í Keflavík, tilkvaddur, þar sem hann hafði aðallega unnið að rannsókn á hvarfi Geirfinns á sínum tíma. Honum var falið að kanna, hvort unnt væri að hafa upp á öikumönnum bifreiða þeirra, sem Erla Bolladóttir sagðist hafa farið með hingað til borgarinnar frá Keflavík. Eins var honum falið að reyna að finna á Suðurnesjum bát þann, sem hugsanlega hefði verið notaður til þess að flytja smyglað áfengi að landi. Ekki tókst að hafa upp á þessum öikumönnum né heldur hvaða bát kynni að hafa verið um að ræða. Haukur kannaði, hvaða hús það hugsanlega gæti verið, sem Erla Bolladóttir sagðist hafa falið sig í um nóttina, svo sem í framburði hennar greinir. Haukur taldi, að sennilegast væri um að ræða húsið „Rauðu Mylluna“, sem stendur við Duusgötu skammt frá Dráttarbrautinni í Keflavík. Þetta er gamalt íbúðarhús úr timbri, sem á sínum tíma var notað sem

verbúð, en er nú notað sem geymsla á ýmsu tilheyrandi útgerð. Haukur sagði, að hús þetta mundi hafa verið ólæst og mannlaust á þeim tíma, sem Geirfinnur hvarf. Farið var með Erlu í þetta hús, og kvaðst hún vera þess fullviss, að hún hefði falið sig í því umrædda nótt. Benti hún á herbergi, sem er fjærst inngöngudyrunum til hægri og innst í húsinu.

Þau ákærðu Erla, Sævar Marinó og Kristján Viðar voru öll látin lýsa sjálfstætt staðháttum á þeim stað, sem þau sögðust hafa farið á og töldu vera í Keflavík. Lýsingar þeirra allra komu heim við staðhætti í og við Dráttarbraut Keflavíkur. Var þetta gert, áður en farið var með hvert þeirra fyrir sig til Keflavíkur og án þess að þeim hefði verið sagt fyrirfram, hvernig lýsing hinna hefði verið.

Rannsókn málsins hélt áfram allt árið 1976. Seinni part sumars það ár var þýski rannsóknarlögreglumaðurinn Karl Schiitz fenginn til aðstoðar við rannsóknina, og vann hann að henni með íslenskum lögreglumönnum, uns henni lauk snemma á þessu ári.

Vegna framburða ákærðu Sævars Marinós og Kristjáns Viðars fyrir dómi síðar við meðferð málsins þykir nauðsyn til bera að rekja framburði ákærðu hjá rannsóknarlögreglu, áður en að dómsframburðum kemur, en framburðirnir hafa verið mjög breytilegir, svo sem þeir bera með sér.

C. Ákærði Sævar Marinó skýrði frá því í yfirheyrslu hinn 22. janúar 1976, að sér væri kunnugt um hvarf Geirfinns Einarssonar. Hann hafi verið á gangi einn á Laugavegi milli kl. 2200 og 2300 að kvöldi, nokkrum dögum áður en Geirfinnur hvarf, þegar bifreið hafi verið stöðvuð hjá sér og kallað til sín með nafni. Hafi þetta verið Einar Bollason, bróðir Erlu, sambýliskonu hans. Undir stýri bifreiðarinnar hafi setið Magnús Leópolddsson og við hlið hans maður, sem þeir kölluðu Geirfinn. Ákærði þekkti ekki þá Magnús og Geirfinn. Komst hann að því, er hann sá myndir af Geirfinni í fjölmiðlum eftir hvarf hans, að um sama mann var að ræða og hann sá í bifreiðinni. Ákærði fór upp í bifreiðina til þeirra. Þeir Einar og Magnús fóru þess á leit við hann, að hann tæki að sér dreifingu á áfengi, sem verið væri að smygla hingað til lands. Ákærði kveðst hafa tekið vel í þetta og lofað að karma það.

Nokkrum dögum síðar hringdi Einar í ákærða að Grýtubakka 10 að kvöldlagi, og var Erla þá þar stödd. Sagðist Einar ætla að koma og ræða við ákærða. Korn hann skömmu síðar á rauðri Fiat bifreið, og voru með honum þeir Magnús Leópolddsson og Valdimar Olsen. Sögðust þeir vera á leið til Keflavíkur til að sækja áfengissendingu og spurðu ákærða, hvort hann vildi koma með. Féllst ákærði á það. Á leiðinni suður eftir var haldið áfram viðræðum við ákærða .um sölu áfengisins. Þegar til Keflavíkur kom, töluðu þeir um að hitta Geirfinn. Skildist ákærða, að hann ætti að taka þátt í að nálgast áfengið, sem sækja þyrfti út á sjó. Staðnæmst var nálægt höfninni í Keflavík. Fóru þeir Magnús og Valdimar þar úr bifreiðinni, en ákærði og Einar urðu eftir, og var talað um að sækja þá Magnús og Valdimar eftir ákveðinn tíma. Sá ákærði þá halda í átt að höfninni. Ákærði og Einar óku því næst á brott. Ákærða skildist, að önnur bifreið hefði og farið til Keflavíkur. Þeir Einar og ákærði óku um í nágrenni Keflavíkur í 1-2 klukkustundir, en héldu síðan aftur inn í Keflavík. Hittu þeir þar Magnús, en Valdimar var ekki með honum. Kom Magnús upp í bifreiðina og sagði, að þetta hefði „reddast“, og átti þá við, að þeir hefðu getað nálgast áfengið, en slys hefði orðið. Hefði Geirfinnur fallið útbyrðis og drukknað. Magnús ræddi þetta ekki nánar, en sagði, að hollara væri fyrir ákærða að nefna þetta ekki við nokkurn mann. Því næst var ekið aftur til Reykjavíkur, og fór ákærði úr bifreiðinni heima hjá móður sinni að Grýtubakka 10. Sögðust þeir Einar og Magnús mundu hafa samband bráðlega við ákærða varðandi áfengisdreifinguna.

Nokkrum dögum eftir þetta hringdi Einar til ákærða og spurði., hvernig gengi að koma áfenginu út. Ákærði sagðist ekki vera búinn að athuga það endanlega, en þá varúið að lýsa eftir Geirfinni í fjölmiðlum, og ákærða leist ekki á að eiga viðskipti við þá félag. Sagðist ákærði mundu hafa samband við Einar síðar, en það hafi hann aldrei gert. Ákærði kveðst ekki hafa látið lögreglunni í té upplýsingar um það, er hann vissi um hvarf Geirfinns, af ótta við hefndarráðstafanir. Þau Erla hafi farið tii Kaupmannahafnar nokkru síðar.

Hinn 25. janúar sagðist ákærði vilja breyta fyrri skýrslu sinni að nokkru og bæta við hana. Kvað hann nú Erlu. er stödd hefði verið hjá Einari, hafa hringt til sín framangreint sinn að Grýtubakka 10 og spurt sig að beiðni Einars, hvort hann væri búinn að kanna möguleikana á dreifingu áfengisins. Þá skýrði ákærði frá því, að Erla hefði verið í bifreiðinni með þeim Einari og Magnúsi, en ekki Valdimar Olsen, þegar þeir komu að sækja hann að Grýtubakka 10 umrætt sinn, svo og ákærði Kristján Viðar Viðarsson. Hafi þau verið að fara á bifreiðinni til Keflavíkur til að sækja áfengi, sem koma ætti þar á land. Þegar til Keflavíkur kom, hafi verið ekið niður að bryggju, sennilega við slippinn. Við hana var trilla, um 10 smálestir. Þarna voru fyrir tvær bifreiðar, fólksbifreið og stór sendibifreið, sem stóð efst á bryggjunni. Við bifreiðarnar eða í þeim hafi verið menn. Erla sagði ákærða síðar, að þarna hefðu verið Geirfinnur Einarsson og Valdimar Olsen. Hafi þau Magnús, Erla og Kristján Viðar farið út á bryggjuna, enda hefði Erla spurt Magnús, hvort ekki væri í lagi, að hún færi með í sjóferðina. Ekkert var því til fyrirstöðu, og fóru þau öll út í bátinn. Þeir ákærði og Einar fóru út úr bifreiðinni rétt á eftir hinum, en héldu ekki út á bryggjuna. Þarna voru fleiri menn, sem bæði virtust vera úr sendibifreiðinni og fólksbifreiðinni. Auk þeirra þriggja fóru þrír karlmenn, sem ákærði bar ekki kennsl á, út í bátinn, og var einn þeirra Geirfinnur. Báturinn sigldi síðan frá bryggjunni. Rétt á eftir fóru þeir Einar aftur inn í bifreiðina og óku á brott.

Þegar þeir komu aftur, var báturinn kominn að bryggjunni. Var verið að skipa upp úr honum og setja inn í sendibifreiðina. Þeir ákærði og Einar fóru út úr bifreiðinni og gengu niður í flæðarmálið. Ákærði sá, að verið var að taka eitthvað úr bátnum og setja í sendibifreiðina, en ekki sá hann, hvað það var. Síðar sagði Erla ákærða, að náð hefði verið í töluvert mikið magn af vodka og spíritus og einnig, að settar hefðu verið í bifreiðina einhverjar netadræsur. Þeir Einar gengu aftur í átt að bifreiðinni, og kom Magnús þá til þeirra. Sagði hann svo sem ákærði hefur áður skýrt frá, að þetta hefði „reddast“, en slys hefði orðið, því að Geirfinnur hefði fallið útbyrðis og drukknað. Þeir settust að því búnu allir þrír inn í bifreiðina, og var ekið áleiðis til Reykjavíkur. Erla kom ekki aftur í bifreiðina, og man ákærði ekki betur en Magnús hafi talað um, að hún kæmi með annarri bifreið. Hitti ákærði hana ekki fyrr en daginn eftir, að hann kom í íbúð þá, sem hún hafði á leigu við Hjallaveg. Ákærði spurði hana, hvernig hún hefði komist hingað til borgarinnar, og sagðist hún hafa komið með Valdimar.

Í niðurlagi skýrslunnar greinir ákærði frá því, að sér hafi verið ekið til Keflavíkur og sýndir þeir tveir staðir, sem komi til greina, þ. e. höfnin sjálf og Dráttarbraut Keflavíkur. Kveðst á. kærði þess fullviss, að framangreindir atburðir hafi átt sér stað við Dráttarbrautina, höfnin komi ekki til greina.

Hinn 27. janúar mætti ákærði hjá rannsóknarlögreglunni að eigin ósk og kvaðst nú vilja skýra rétt frá málsatvikum. Hann sagði nú, að skýrslan frá 25. janúar um ferðalagið til Keflavíkur væri rétt og eins hverjir hefðu verið í bifreiðinni, en verið gæti, að Magnús hefði ekið, en ekki Einar. Þá skýrði ákærði frá því, að þegar til Keflavíkur kom, hefði hann sjálfur, Magnús, Kristján Viðar og þrír aðrir menn farið út í bátinn, sem lá við bryggjuna. Erla hefði sagt sér síðar, að þarna hefði verið Sigurbjörn Eiríkson, en Sigurbjörn þekkti hann ekki. Auk þeirra sex hafi Geirfinnur Einarsson farið út í bátinn. Í landi urðu eftir

Erla, Einar og Valdimar Olsen. Bátinum hafi verið siglt frá bryggjunni út á haf. A útleiðinni hafi komið til átaka á þilfari bátsins. Ákærði, sem var niðri í lúkarnum fram í, heyrði læti uppi á þilfarinu og fór upp að gá, hvað á gengi. Þá sá hann Kristján Viðar slá Geirfynn og einnig að þeir Magnús og Sigurbjörn lögðu til hans. Geirfynnur varð við þetta eitthvað óstöðugur á fótunum, reikaði að borðstokknum og féll útbyrðis. Bátinum var þá snúið við og hann stöðvaður. Ákærði fór aldrei lengra en upp í lúkarsopið, meðan á þessu gekk, og sá því ekki, hvað fór fram utanborðs. Eftir nokkurt vafstur, sá hann þá Kristján Viðar og Sigurbjörn drösla Geirfinni inn fyrir borðstokkinn og leggja hann á þilfarið. Mennirnir stumruðu eitthvað yfir Geirfinni og veltu honum til, en ekki sá hann Geirfynn hreyfa sig neitt af sjálfsdáðun. Báturinn var nú settur á ferð aftur og siglingunni haldið áfram. Eftir nokkra stund var hann stöðvaður, og fór ákærði þá upp á þilfarið. Ákærði getur ekki gert sér grein fyrir, hvort Geirfynnur var þá enn í bátinum. Nú var hafist handa um að ná varningnum, sem var vafinn inn í segl og net utan um og öllu fest við belgi. Varningur þessi var áfengi á stórum plastbrúsum, um 50 lítra hver, og í flöskum, er voru í svörtum plastpokum. Því næst var haldið til lands á ný og lagst að sömu bryggju og lagt hafði verið frá. Þá voru bifreiðarnar þar enn. Varningurinn var settur upp á bryggjuna og í sendibifreiðina. Ákærði getur ekki gert sér grein fyrir, hvort Geirfynnur hafi verið í bátinum, þegar varningurinn var tekinn um borð. Getur hann því ekki um það fullyrt, hvort lík hans hafi einnig verið sett í sendibifreiðina. Ákærði er alveg viss um, að Geirfynnur var látinn, þegar hann lá á þilfari bátsins. Hann heyrði hina tala um það, en athugaði það ekki sjálfur. Strax og búíð var að ferma sendibifreiðina, fór ákærði af stað hingað til borgarinnar í sömu bifreið og hann hafði komið, en nú voru þau Erla og Kristján Viðar ekki í henni. Ákærða skildist, að sendibifreiðin ætti að fara að Klúbbnum með farminn. Ákærði hitti Erlu daginn eftir í íbúðinni við Hjallaveg.

Hinn 10. febrúar mætti ákærði til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni og voru þá sýndar myndir af 16 mönnum, sem rannsóknarlögreglan taldi hugsanlegt, að hefðu verið í Dráttarbraut Keflavíkur og/eða í bátsferðinni þaðan framangreint sinn. Ákærði sagðist þekkja fyrir víst myndir af að minnsta kosti þrem þeirra manna, sem voru í Keflavík á fyrrgreindum tíma. Menn þessir voru Einar Bollason og Valdimar Olsen, sem ákærði kveðst þekkja óáða í sjón, og Sigurbjörn Eiríksson, en hann sagðist ákærði ekkert þekkja. Ákærði taldi, að þeir Einar og Valdimar hefðu ekki farið í bátsferðina, en fullyrti, að Sigurbjörn hefði gert það.

Hinn 1. apríl kom ákærði fyrir dóm hjá Erni Höskuldssyni fulltrúa og var beðinn að skýra sjálfstætt frá málsatvikum. Er framburður hans á þessa leið:

„Mættur kveðst vilja taka fram í upphafi, að skýrslur þær, sem hann hefur gefið í þessu máli, séu ekki byggðar á hans eigin vitneskju eða reynslu, heldur hafi Erla Bolladóttir skýrt sér frá öllum þeim atvikum, sem hann sagði frá í eigin persónu hjá rannsóknarlögreglunni. Þá kveðst mættur hafa heyrt einhvern Elvar hafa rætt mál þetta, er mættur var í Kaupmannahöfn snemma árs 1975. Mættur kveður Erlu Bolladóttur hafa farið á undan sér til Kaupmannahafnar snemma í desember 1974, vegna þess að hún væri hrædd við einhverja fjóra menn, þ. e. Magnús Leópoldsson, Valdimar Olsen, Einar Bollason og Jón Ragnarsson. Mættur kveðst hafa gefið skýrslur þessar, til þess að hægt væri að rannsaka mál þetta, þar sem honum hefði verið sagt, að Erla yrði fyrir ónæði og óttaðist um líf sitt. Mættur segist einnig hafa upplýsingar frá Sigurði nokkrum Þorlákssyni, sem búsettur er í Kaupmannahöfn. Segir mættur, að bæði Sigurður og Elvar hafi sagt sér, að „nafngreindur maður í Keflavík“ hafi fjármagnað og staðið á bak við spírasmygl s.l. 10 ár og væri hann tengdur hinu svokallaða Geirfinnsmáli“.

Hinn 8. maí mætti ákærði enn að eigin ásk til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu og kvaðst nú vilja segja sannleikann í máli þessu, svo sem hann best vissi. Hann sagði nú, að auk þeirra Einars og Magnúsar hefði verið í bifreiðinni á Laugavegi maður, sem hann nafngreindi. Þeir hefðu rætt við sig um dreifingu smyglaðs áfengis og hefði verið ekið að veitingahúsinu Klúbbnum. Þeir hefðu farið þar inn og Sigurbjörn Eiríksson veitingamaður komið til þeirra. Maður þessi og Sigurbjörn hefðu rætt við sig um það, hvort hann gæti ekki dreift einhverju af spíra fyrir þá, og enn fremur hvort hann gæti ekki komið með þeim til Keflavíkur til þess að ná í varninginn. Þeir hefðu og spurt, hvort hann gæti haft með sér aðstoðarmann. Ákærði kveðst hafa sagt þeim, að það væri í lagi, og "ákváðu þeir að hringja til hans og láta hann vita, þegar af þessu yrði. Var ákveðið, að Einar Bollason hefði samband við hann. Minnir ákærða, að þetta hafi verið á föstudegi og hafi verið talað um, að af þessu gæti orðið næsta þriðjudag.

Seinnipart dags á þriðjudag hafi Einar Bollason hringt til hans og látið hann vita, að þá um kvöldið ætti að fara og ná í spírann. Var ákveðið, að Einar kæmi heim til hans á Hjallaveg um kvöldið til þess að sækja hann. Ákærði hringdi til Kristjáns Viðars að Laugavegi 32 og bað hann að koma með sér í þennan leiðangur. Einhver svaraði í símann og náði síðan í Kristján Viðar. Sagði ákærði við Kristján Viðar, að talsverðir peningar yrðu greiddir fyrir þetta.

Einar kom heim til ákærða á rauðri Fiat fólksbifreið á tímabilinu á milli klukkan 2100 og 2200 fyrrgreint kvöld og sótti hann. Með honum var Valdimar Olsen. Var ekið að Klúbbnum og þar fyrir utan sá ákærði Erlu. Kallaði hann til hennar, og kom hún inn í bifreiðina til þeirra. Síðan var ekið niður Laugaveg, og fór ákærði úr bifreiðinni við „sjoppuna“ að Laugavegi 34 og hringdi þaðan til Kristjáns Viðars. Bað ákærði hann að koma niður á Vatnsstíg, þar sem bifreið biði hans. Ákærði fór síðan í bifreiðina. Skömmu seinna kom Kristján Viðar, og kallaði ákærði til hans. Kom hann að bifreiðinni og settist inn í hana í aftursætið. Sat ákærða Erla á milli þeirra, að hann minnir. Ekið var af stað niður Vatnsstíg, og þar nokkru norðar stöðvuðu þeir fyrir aftan bláa sendiferðabifreið, sem hinn nafngreindi maður ók.

Ákærði og Kristján Viðar fóru út úr bifreiðinni og gengu að sendibifreiðinni til þess að ræða við mennina, sem þar voru. Ákærði ræddi við nafngreinda manninn, og sagði hann við menn, sem voru í sendibifreiðinni, að þessir menn, þ. e. ákærðu, yrðu með. Einn mannanna, sem ákærði kannaðist við og er lyftingamaður, en ákærði veit ekki nafn á, sagði, að hann þyrfti að fara hem til sín vestur á Hringbraut, og var haldið þangað. Á leiðinni var Valdimar að tala um, að það þýddi ekkert annað en hafa byssu meðferðis. Ók Einar heim til Valdimars á Framnesveg, þar sem Valdimar fór inn, sótti ríffil og kom með hann í bifreiðina. Þetta var 22 cal. ríffill, án magasíns. Var ríffillinn settur í gluggann aftan í bifreiðinni og breiddur yfir hann frakki, sem þar var. Var nú ekið af stað áleiðis til Keflavíkur.

Þegar í Dráttarbrautina í Keflavík kom, var þar fyrir ljós fólksbifreið, nokkuð stór. Hjá henni stóð maður, sem ákærði nafngreindi, og gekk hann að bifreiðinni til þeirra. Ákærði fór þá út úr bifreiðinni ásamt þeim Kristjáni Viðari og Valdimar, en Valdimar fór með manninum inn í bifreið hans. Kom þá lyftingamaðurinn til þeirra og ræddi við þá Kristján Viðar. Menn þessir og Kristján Viðar fóru síðan niður að bryggjunni. Ákærði settist aftur inn í bifreiðina og ræddi við Erlu, en Einar fór út úr bifreiðinni og talaði eitthvað við Valdimar. Þegar þeir komu í Dráttarbrautina, var bátur að fara frá bryggjunni, og vissi ákærði þá ekki, hverjir voru á honum.

Þegar báturinn var kominn að, komu Sigurbjörn og tveir aðrir menn, sem ákærði þekkti ekki, upp bryggjuna. Var annar þeirra maður sá, sem síðar lét lífið þarna á staðnum. Mennirnir fóru að ræða

saman, og kom Valdimar til þeirra. Þá urðu átök, og sá ákærði þá Valdimar, Sigurbjörn og annan mann að auki ráðast á einn manninn. Maðurinn lá á jörðinni eftir þessi átök, en reisti sig upp. Sá ákærði þá, að Valdimar var kominn með riffilinn. Sigurbjörn tók riffilinn af Valdimar og hleypti skoti af, og sá ákærði manninn falla til jarðar. Ákærði og Erla stóðu þarna skammt frá og horfðu á þennan atburð, en Kristján Viðar hljóp að og fór að deila eitthvað við mennina. Ákærði fór þá til Einars og sagði við hann, að þau skyldu koma sér burtu. Fór hann síðan og náði í Kristján Viðar, sem var í hörkurifriði við mennina. Bað hann Kristján Viðar að koma, og gerði hann það. Ákærði fór að svipast um eftir Erlu, en fann hana ekki. Þeir fóru síðan af stað í bifreiðinni, ákærði, Kristján Viðar og Einar. Þeir leituðu að Erlu við Dráttarbrautina, en án árangurs, og fóru við svo búið til Reykjavíkur. Erla kom einhvern tíma morguninn eftir. Ákærði veit ekki, hvað gert var við manninn, sem varð fyrir árásinni í Dráttarbrautinni.

Hinn 19. ágúst var ákærði Sævar Marinó færður til viðtals og sýndar myndir af ýmsum tegundum sendibifreiða. Var ákærði spurður að því, hvort einhver þessara bifreiða líktist þeirri sendibifreið, sem verið hefði í Dráttarbrautinni í Keflavík hinn 19. nóvember 1974. Ákærði svaraði því til, að hann væri rangi maðurinn í þessu máli. Gæti hann því ekki sagt til um það, hvaða bifreið hefði verið í Dráttarbrautinni framangreint sinn, þar sem hann hefði ekki verið þar.

Hinn 22. október skýrði ákærði frá því, að hann hefði sótt kápu Erlu til Bjarna Þórs Þorvaldssonar að Bergþórugötu 27. Kvaðst hann halda, að hann hefði farið með kápuna heim til móður sinnar að Grýtubakka 10, en væri þó ekki viss um það. Ef hann hefði farið með hana þangað, ætti hún að vera í fataskáp, en til greina gæti komið, að hann hefði sett hann niður í geymslu.

Hinn 22. október var ákærði yfirheyrður og neitaði að hafa verið í Keflavík 19. nóvember 1974 eða vita nokkuð um hvarf Geirfinns.

Ákærði kvaðst kannast við það, að kápa, sem ákærða, Erla bolladóttir, sambýliskona hans, átti, hefði verið hjá Bjarna Þór Þorvaldssyni að Bergþórugötu 27 og að ákærði hefði sjálfur farið með kápuna til hans. Taldi hann, að kápan ætti að vera hjá Bjarna Þór, en hann kvaðst ekki muna eftir því að hafa sótt þessa kápu til hans. Ákærði hefði sjálfur gengið í þessari kápu. Ekki tímasetti hann það, hvenær hann hefði farið með kápu þessa til Bjarna Þórs.

Hinn 27. október kveðst ákærði vilja skýra sjálfstætt frá vitneskju þeirri, sem hann búi yfir varðandi hvarf Geirfinns Einarssonar. Kristján Viðar hafi hringt heim til sín 18. nóvember 1974. Hann hafi spurt sig að því, hvort ákærði væri ekki til í að koma til Keflavíkur að kvöldi næsta dags og taka þátt í áfengissmygli. Ákærði svaraði þessu játandi og spurði, hvort Erla mætti ekki koma með. Sagði Kristján Viðar, að það væri allt í lagi. Ákærði sagði Kristjáni Viðari, að hann mundi tala betur við hann daginn eftir, og bað hann ákærða að hafa samband við sig að Laugavegi 32, en meðákærði bjó þar þá. Ákærði sagði Erlu frá þessu.

Ákærði hafði samband við Kristján Viðar hinn 19. nóvember, þegar ákærði var staddur að Grýtubakka 10 hjá móður sinni. Ákærði skýrði honum frá því, að hann væri búinn að ákveða að fara að Kjarvalsstöðum með móður sinni. Síðar ákváðu þeir, að ákærði yrði kominn að Hjallavegi 31 klukkan rúmlega 2100 um kvöldið og ef Kristján Viðar kæmi ekki sjálfur til ákærða, mundi ökumaður á bifreið þeirri, sem kæmi að sækja hann, gefa hljóðmerki. Kristján Viðar sagði, að bifreiðin mundi koma um kl. 2130 og skyldi ákærði þá koma út. Bifreið kom að Hjallavegi 31 á framangreindum tíma, og var gefið hljóðmerki. Þau Erla fóru út að bifreiðinni. Þegar ákærði opnaði dyr bifreiðarinnar, sagði

ökumaðurinn: „Ert þú Sævar?“ Svaraði ákærði játandi og settist inn í hana. Bifreiðinni var ekið áleiðis að Vatnsstíg. Á leiðinni ræddi ákærði við ökumanninn um áfengissmyglið, og skýrði hann ákærða frá því, hverjir stæðu að því, en nöfn þessara manna kveðst ákærði áður hafa gefið upp í skýrslu. Einnig ræddu þeir um framkvæmdina á smyglinu, og skýrði ökumaðurinn ákærða frá því, að smyglið færi fram á trillubáti, en ákærði kveðst þá hafa fundið inn á, að áfengið væri geymt í einhverju húsi í Keflavík og væri ekki ætlunin að fara neina bátsferð þetta kvöld. Þegar niður á Vatnsstíg kom, fór ákærði að Laugavegi 32 og sótti Kristján Viðar að beiðni bifreiðarstjórans. Fóru ákærðu upp í bifreiðina, og var ekið áleiðis til Keflavíkur. Á leiðinni til Keflavíkur man ákærði, að Kristján Viðar og ökumaðurinn ræddu um það, að þeir þyrftu að hitta einhvern mann í Keflavík og þyrfti það að vera á ákveðnum tíma. Ökumaður bifreiðarinnar ók allgreitt, eins og hann væri að flýta sér. Þegar til Keflavíkur kom, var stöðvað rétt hjá söluturni. Þar afhenti ökumaðurinn Kristjáni Viðari bréfmiða og sagði honum að fara og hringja í Geirfinn. Kristján Viðar fór og kom aftur eftir stutta stund. Sagði hann, að þetta væri allt í lagi. Ökumaður bifreiðarinnar ók síðan eitthvað frá Hafnarbúðinni. Allt í einu kom maður, sem ákærði veit núna, að var Geirfinnur Einarsson, að bifreiðinni og settist í aftursætið við hliðina á Kristjáni Viðari. Bifreiðarstjórinn heilsaði Geirfinni, og Kristján Viðar fór að tala við hann. Geirfinni var sagt, að þetta væri Sævar og þetta væri Erla, sem þarna væru í bifreiðinni líka. Var síðan ekið um bæinn. Man ákærði, að Kristján Viðar, ökumaðurinn og Geirfinnur voru að ræða saman og eitthvað neikvætt kom upp í samræðunum. Ákærða fannst sem þeir vildu ekki ræða eitthvað vegna nærveru þeirra Erlu. Að endingu var ekið að Dráttarbrautinni og stöðvað nokkuð fyrir ofan sjálft húsið. Fannst ákærða smyglið hafa átt sér stað fyrr um kvöldið. Ákærði veitti athygli sendibifreið, sem stóð nokkru neðar í Dráttarbrautinni. Ökumaður bifreiðarinnar gekk að sendibifreiðinni og ræddi við einhvern þar, en fór síðan í yfirbygginguna. Tók hann þaðan tvo stóra plastbrúsa og setti þá í farangursgeymslu bifreiðarinnar, sem þeir voru á. Ökumaður bifreiðarinnar opnaði síðan bifreiðina, og fóru Geirfinnur og Kristján Viðar út úr henni. Gengu þeir allir í áttina að sendibifreiðinni, en þau Erla sátu eftir í fólksbifreiðinni. Skyndilega veittu þau því athygli, að átök voru byrjuð ekki langt frá sendibifreiðinni. Sáu þau Kristján Viðar slá manninn. Einhver maður, sem mun hafa verið í sendibifreiðinni, hélt Geirfinni hálstaki, og ökumaður á bifreiðinni, sem þau voru á, sló Geirfinn einnig. Maður sá, sem hélt Geirfinni hálstaki, var um 40 ára að aldri, herðabreiður, dökkhærður og greiddi hárið beint aftur, með kringlótt andlit og varabykkur. Þegar þau Erla sáu, að átök voru byrjuð, gengu þau út úr bifreiðinni og í áttina að mönnum. Gekk ákærði að þeim og getur því lýst manni þeim, sem hélt Geirfinni. Skyndilega veitti ákærði því athygli, að Erla var horfin í burtu. Ákærði gekk til Kristjáns Viðars og spurði hann, hvað væri um að vera, en hann svaraði því til, að það væri eitthvert ósamkomulag. Ákærði sá Geirfinn liggja á jörðinni hreyfingarlausan, og spurði hann Kristján Viðar, hvort hann hefði lamið hann, en hann svaraði því neitandi. Ákærði kallaði á Erlu, en án árangurs. Ákærði hélt að bifreiðinni aftur, og voru þá Kristján Viðar og ökumaðurinn komnir inn í hana. Þegar ákærði var kominn í bifreiðina, sá hann, að tveir menn tóku Geirfinn og settu hann í sendibifreiðina. Ákærði veit ekki, hvað varð um Geirfinn eftir það.

Síðan var ekið í burtu af staðnum. Þeir óku um næsta nágrenni í leit að Erlu, en hún fannst ekki. Þá var ekið að einhverju húsi, og fór ökumaðurinn ar inn. Á meðan ökumaðurinn var inni í húsinu, ræddi ákærði við Kristján Viðar. Sagði Kristján Viðar, að það hefði átt að ná í miklu meira af áfengi. Geirfinnur hefði átt að fá þessa tvo brúsa, sem voru komnir í bifreiðina, það hefði verið umsamið. Ákærði veit, að samkomulag þetta var gert í Klúbbnum hinn 17. nóvember. Var Geirfinnur þar ölvaður og mun hafa hitt Kristján Viðar og ökumann bifreiðarinnar. Er til átti að taka, gat Geirfinnur ekki staðið við sinn hlut. Ákærði heyrði, að þegar þeir voru að ræða saman í bifreiðinni, Kristján Viðar og



Geirfinnur, var vitnað til samkomulags, sem hafði verið gert í Klúbbnum. Því næst var ekið til Reykjavíkur, og var ákærða ekið heim til hans að Hjallavegi 31. Þegar ákærði fór úr bifreiðinni, gleymdi hann kápu Erlu.

Morguninn eftir vaknaði ákærði við það, að Erla var að koma heim. Sagðist hún hafa komið „á puttanum“. Erla sagðist hafa dvalist í einhverju húsi í Keflavík um nóttina. Ákærði fór til Kristjáns Viðars þennan sama dag og sótti kápu Erlu. Ákærði fór þaðan til Bjarna Þórs Þorvaldssonar að Bergþórugötu 27. Skildi hann kápuna eftir hjá Bjarna Þór. Ákærði sótti kápuna til hans vorið 1975. Kápa þessi var blá með hettu. Skýrslutaka þessi af ákærða fór fram úr 6 klukkustundum.

Hinn 28. október skýrði ákærði frá því, að í nóvember 1974 hefði haft samband við sig maður, sem heitir Guðjón Skarphéðinsson, og innt sig eftir því, hvor ákærði gæti ekki selt fyrir sig spíra, sem hann gæti útvegað hjá einhverjum aðilja. Ákærði svaraði því til, að hann skyldi athuga málið. Hafði hann af þessu tilefni samband við Kristján Viðar Viðarsson, sem kvaðst skyldu athuga þetta. Gaf ákærði honum upp símanúmer hjá Guðjóni.

Hinn 18. nóvember 1974 hafði Kristján Viðar símasamband við ákærða. Skýrði hann ákærða frá manni í Keflavík, sem hétu Geirfinnur og vildi kaupa spíra. Jafnframt gaf hann ákærða upp símanúmerið hjá honum, og skrifaði ákærði þetta hjá sér. Ákærði hafði síðan símasamband við Guðjón og sagði honum frá þessu. Guðjón kvaðst geta útvegað spírann og gat þess, að hann vildi hafa símasamband við manninn. Gaf ákærði honum upp símanúmer Geirfinns.

Hinn 19. nóvember fyrir kl. 2000 hafði Guðjón símasamband við ákærða að Grýtubakka 10. Ákærði sagði Guðjóni, að hann væri á förum að Kjarvalsstöðum á kvikmyndasýningu með móður sinni og Erlu. Guðjón sagði ákærða, að hann væri búinn að hafa símasamband við Geirfinn og væri ákveðið stefnumót við hann kl. 2130 um kvöldið í Keflavík. Það hefði verið um það samið, að sá, sem gæti selt spíra, fengi ákveðnar prósentur, og átti Kristján Viðar að fá þær fyrir það magn, sem Geirfinnur hugðist kaupa, en ákærða minnir, að hann hafi ætlað að kaupa 10 lítra. Guðjón spurði, hvort Kristján Viðar vildi ekki koma með til Keflavíkur. Sagðist ákærði skyldu hafa samband við hann, og gerði hann það frá Kjarvalsstöðum. Kom maður að nafni Páll Konráð Konráðsson í símann, er hann hringdi. Í samtali þeirra Guðjóns hafði verið ákveðið, að hann kæmi að Hjallavegi 31 og sækti þau Erlu um kl. 2100 um kvöldið, en sýningin að Kjarvalsstöðum var búin um kl. 2045. Strax eftir sýninguna að Kjarvalsstöðum ók Erla bifreið þeirra, sem var jeppabifreið af tegundinni Land Rover, að Grýtubakka 10, þar sem móðir hans fór úr bifreiðinni. Síðan fóru þau rակleitt að Hjallavegi 31, en þangað kom Guðjón skömmu seinna. Bað hann þau að flýta sér, þar sem þau væru orðin sein fyrir. Þau fóru út í bifreið, sem Guðjón hafði til umráða, og var ekið niður á Vatnsstíg. Ákærði fór, er þangað kom, að Laugavegi 32, svo sem í skýrslu hans frá 27. október greinir, og sótti Kristján Viðar. Ákærði kveður Pál Konráð Konráðsson hafa komið til dyra, er hann hringdi dyrabjöllunni. Kristján Viðar stóð nokkuð innar á ganginum, og sagði ákærði honum að koma. Því næst var ekið af stað áleiðis til Keflavíkur. Ákærði minnst þess, að Guðjón, sem hóf umræðurnar í bifreiðinni, sagði eitthvað á þá leið, að Geirfinnur hefði verið eitthvað neikvæður, þegar hann ræddi við hann. Rætt var um það, að yrði Geirfinnur ekki eins og maður, skyldi honum sýnd full harka. Samræðurnar snerust einnig um það, að hann gæti verið hættulegur, en ekki kom til tals, að Geirfinnur skyldi drepinn. Kristján Viðar tók þátt í samræðum þessum. Guðjón hafði sagt ákærða frá því, hverjir stæðu bak við þetta smygl, og kveðst ákærði hafa sagt frá þeim mönnum í öðrum lögregluskýrslum. Guðjón gat þess, að hið smyglaða áfengi yrði sótt á báti. Ákærði telur, að klukkan hafi verið 2210 -2215, er þau komu til Keflavíkur. Var

farið beint að Hafnarbúðinni. Stefnumótið hafði verið ákveðið kl. 2130, en sú áætlun hafði farið út um þúfur. Var því ákveðið að hringja aftur til Geirfinns, og stakk ákærði upp á því, að Kristján Viðar færi og hringdi. Guðjón skrifaði á bréfmiða símanúmer Geirfinns og afhenti Kristjáni Viðari hann. Ákærði minnst þess, að Guðjón reif bréfmiðann úr vasabók, sem hann var með. Ákærði sá, þegar Guðjón skrifaði á miðann. Á honum stóð nafn Geirfinns, símanúmer hans, og man ákærði, að tölustafirnir 31 stóðu í því. Þá greinir ákærði frá ferð Kristjáns Viðars í Hafnarbúðina, komu Geirfinns að bifreiðinni, akstri í Dráttarbrautina, umræðum um spíraviðskipti og sendibifreiðinni, sem var í Dráttarbrautinni. Þegar Guðjón hafði stöðvað bifreiðina, fór hann út o.g hélt að sendibifreiðinni. Sá hann Guðjón, vera að ræða við einhvern í henni og telur, að það hafi verið ökumaðurinn. Síðan fór Guðjón inn í sendibifreiðina og tók þar tvo plastbrúsa, sem ákærði telur, að í hafi verið spíri, en þetta voru brúsar undan maurasýru. Ákærði sá, þegar hann setti þá í farangursgeymslu bifreiðar sinnar. Síðan gengu þeir allir að sendibifreiðinni, og var farið að ræða um greiðslu fyrir spírann. Upphaf viðræðnanna var það, að einn mannanna, sem ákærði hefur áður lýst sem þrekvörnum, spurði ákærða, hvort hann hefði verið til sjós. Kristján Viðar svaraði mannum neitandi. Guðjón sagði þá við manninn, sem ákærði kallar þybbna manninn, hvort þeir Geirfinnur þekktust ekki. Þybbni maðurinn kvað nei við, en Geirfinnur svaraði engu. Guðjón sagði þá við Geirfinn: „Ætlar þú ekki að taka þessu?“, en Geirfinnur svaraði ekki. Þá sagði Guðjón: „Hvaða vitleysa er þetta eiginlega?“ og horfði á þá ákærðu Kristján Viðar. Kristján Viðar fór þá að tala við Geirfinn og sagði við hann: „Vorum við ekki búnir að ræða þetta í Klúbbnum?“ Geirfinnur jánkvaði því, en sagðist ekkert vilja með þetta hafa að gera og sagðist þekkja Sigurbjörn í Klúbbnum og okkur hina. Kristján Viðar sagði þá: „Heyrðu sko“, en þybbni maðurinn sagði við Geirfinn: „Þít þegir yfir þessu“. Geirfinnur svaraði þessu engu og gerði sig líklegan til þess að fara. Gekk hann áfram og ýtti Kristjáni Viðari úr vegi, en Kristján Viðar sló þá til hans, og sá ákærði, að höggið lenti á andliti :Geirfinns. Stökk ákærði einnig á Geirfinn og sló hann í andlitið, en Geirfinnur þreif í ákærða og fleygði honum frá sér. Ákærði sá, að Geirfinnur sló Kristján Viðar í kviðinn og andlitið, en ákærði stóð upp aftur, stökk á Geirfinn og sló hann. Þá kom þybbni maðurinn aftan að Geirfinni og tók hann hálstaki. Guðjón var kominn með 50 til 60 cm lurk í hægri hönd, og sló hann Geirfinn fast högg í höfuðið. Heyrði ákærði, að Geirfinnur gaf frá sér sársaukastunu og varð máttlaus. Þybbni maðurinn hélt Geirfinni uppi með hálstaki, dró hann aftur á bak, en sleppti honum síðan, og datt Geirfinnur niður hreyfingarlaus. Í sama mund kom Kristján Viðar með barefli og slá tvö högg, að ákærði heldur, í höfuð hans, þar sem hann lá. Ákærða finnst mjög erfitt að lýsa þessu í samhengi, því að þetta hafi gerst allt á örstuttum tíma. Þeir Kristján Viðar fóru nú að huga að Geirfinni, og var hann algerlega meðvitundarlaus. Kristján Viðar þuklaði á Geirfinni, horfði svo á ákærða og hristi höfuðið. Tók ákærði það þannig, að Geirfinnur væri dáinn. Kristján Viðar og þybbni maðurinn tóku undir sinn hvorn handlegg Geirfinns, drógu hann að sendibifreiðinni og settu hann inn í farangursrými hennar. Þeir -ákærði og Guðjón gengu að bifreið Guðjóns. Þá uppgötvaði ákærði, að Erla var farin. Kristján Viðar kom til þeirra Guðjóns að bifreiðinni. Sagði hann, að ákveðið hefði verið að fara heim til hans að Grettisgötu 82 og mundi sendibifreiðin koma þangað. Ákærðu óku af stað og leituðu að Erlu um nágrennið, en fundu hann ekki. Ákærði veitti því athygli, að kápa hennar og brún hliðartaska lágu í aftursæti bifreiðarinnar. Guðjón ók að einhverju húsi í Keflavík og fór þar inn, en þegar hann kom aftur, var haldið til Reykjavíkur að Grettisgötu 82. Var klukkan rúmlega 0100, er þeir komu þangað. Fóru þeir allir inn hjá Kristjáni Viðari. Þeir sáu, að sendibifreiðin stóð ljóslaus við húsið garðsmegin. Þeir fóru þá út um bakdyrnar að sendibifreiðinni, og settist Guðjón hjá bifreiðarstjóranum. Í farangursrými bifreiðarinnar voru 5 stórir plastbrúsar með spíratus, og hjálpaði þybbni maðurinn þeim Kristjáni Viðari að bera þá inn í kjallarageymslu til Kristjáns Viðars. Geirfinnur var tekinn úr sendibifreiðinni, og báru Kristján Viðar og þybbni maðurinn hann á milli sín. Gerði ákærði sér fyllilega

Ijóst, að hann var dáinn. Geirfinnur var settur í geymslu þá, sem spírinn hafði verið látinn inn í. Ákærði gekk að hægri framhurð sendibifreiðarinnar og sagði við Guðjón, að hann skyldi koma, því að Geirfinnur væri dáinn. Guðjón kom með honum inn í geymsluna, en þar voru þeir Kristján Viðar og Þybbni maðurinn búnir að leggja Geirfinn til. Sá ákærði, að augu Geirfinns voru opin og brostin, áverki á vinstra gagnauga og vanga og að blóð hafði runnið fram eftir enni hans, eins og hann hefði legið á grúfu. Þegar gengið hafði verið frá líkinu, var geymslunni læst. Ákærðu fóru upp í íbúð Kristjáns Viðars, og var þar rætt um, hvað gera skyldi. Fljótlega varð samkomulag um að koma Geirfinni fyrir, og hafði Kristján Viðar orð á því, að hann gæti ekki verið lengi í geymslunni, þar sem koma sín gæti komið þangað hvenær sem væri. Margir staðir voru nefndir, þar sem hægt væri að koma Geirfinni fyrir, svo sem að leggja hann einhvers staðar, þar sem hann fyndist, en þá gætu fingraför fundist, henda honum í sjóinn, fara með hann út í hraun eða í kirkjugarð. Að lokum kom Guðjón með þá uppástungu að fara með hann á afskekktan stað austur í Grafning. Þegar ákveðið hafði verið að fara og grafa Geirfinn, minnst ákærði þess, að Guðjón og Þybbni maðurinn ræddust við varðandi sölu á spíranum.

Um nóttina ók Guðjón ákærða heim á Hjallaveg. Þegar ákærði fór úr bifreiðinni, gleymdi hann kápu Erlu og handtöskunni. Erla kom heim að morgni hins 20. nóvember. Ákærði spurði hana, hvar hún hefði verið, og svaraði hún því sama og hann hefur áður skýrt frá. Ákærði hafði símasamband við Guðjón þennan sama dag, og kom hann með kápuna og handtöskuna til ákærða.

Ákærði kom heim til Kristjáns Viðars um kvöldið, og voru þá þar Guðjón, Þybbni maðurinn og Kristján Viðar. Kristján Viðar og Þybbni maðurinn fóru í geymsluna, þar sem Geirfinnur hafði verið settur. Geirfinnur var „brotinn saman“ og settur í svartan plastpoka. Síðan var sett hvítt nælonband utan um pokann, það vafið og settir á það margir hnútar. Var ákveðið að flytja Geirfinn næsta laugardag austur í Grafning.

Laugardaginn 23. nóvember var lík Geirfinns flutt frá Grettisgötu 82 á Land Rover bifreið ákærða austur í Grafning. Við flutninginn voru ákærði, Kristján Viðar, Guðjón og Þybbni maðurinn. Ekið var sem leið liggur austur á Mosfellsheiði, beygt suður Grafningsveg og ekið nokkuð langan spöl fram hjá bænum Nesjavöllum. Minnst ákærði þess, að vegurinn lá alveg við vatn, og ekki langt þar frá var Geirfinnur grafinn. Ákærði telur, að farið hafi verið með líkið 300-400 metra frá veginum sjálfum og það dysjað þar. Síðan var haldið aftur til Reykjavíkur. Hefur líkið ekki verið hreyft af þeim stað, þar sem það var upphaflega grafið. Yfirheyrsla þessi stóð lengur en 6 klukkustundir.

Hinn 4. nóvember var ákærði yfirheyrður og spurður um, hvort Sigurbjörn Eiríksson hefði farið til Keflavíkur hinn 19. nóvember 1974. Svaraði ákærði því til, að Sigurbjörn þekki Kristján Viðar og hann hafi einu sinni gefið honum hálfan kassa af ákavíti. Þegar ákærða var kynntur framburður Erlu, þar sem hún segist hafa séð hann margberja Geirfinn með lurk eða spýtu, sagðist hann ekki ætla að hlífa þessu fólki lengur. Hann hafi verið heima hjá móður sinni 19. nóvember, er Erla og Kristján Viðar fóru til Keflavíkur og Kristján Viðar lét Erlu skjóta Geirfinn. Þá sagði hann; að Guðjón hefði sótt sig heim 19. nóvember og þá verið á Citroen bifreið. Ákærði kveðst hafa sagt alveg satt í málinu. Guðjón hafi ekið til Keflavíkur og Sigurbjörn Eiríksson tekið þátt í þessu. Rætt hafi verið við Geirfinn um peninga og spíritus í Klúbbnum, en komið hafi síðar í ljós, að hann hafi viljað selja spíritus, en ekki kaupa. Teppið, sem vafið var utan um Geirfinn, hafi orðið eftir í kjallaranum hjá Kristjáni Viðari. Geirfinnur hafi verið fluttur austur fyrir fjall, og kveðst ákærði ekki vera viss um að finna staðinn. Ákærði var nánar spurður um, hvert lík Geirfinns hefði verið flutt, og sagði hann, að það hefði verið flutt austur í Þingvallavatn,

en fyrst hefði það verið grafið einhvers staðar í Grafningnum, hann væri ekki viss á staðnum. Ákærða var á það bent, að ekkert hefði verið á staðnum, sem ákærði hafði bent á, og sagði hann þá, að Guðjón hefði grafið líkið upp, eftir að ákærði lenti í fangelsi, og hent því í vatnið. Ákærða var bent á, að engin ummerki sæjust á staðnum, og sagði hann þá, að þetta hefði ekki verið rétti staðurinn, Geirfinnur hefði verið grafinn einhvers staðar í Grafningnum, en hvar, vissi hann ekki. Ákærði hélt fast við það, að farið hefði verið með lík Geirfinns austur í Grafning.

Ákærði var spurður um, hvort mikið hefði sést á Geirfinni, og svaraði hann því þannig: „Hann var blár á öðrum vanganum og sár eða skrámur á kinnbeininu, og ég held, að annað augað hafi verið blátt og hálfsokkið.“

Hinn 6. nóvember óskaði ákærði eftir að hafa samband við rannsóknarlögregluna. Kvaðst hann vilja gefa upplýsingar um „spíraflutningsbátinn“ í Keflavík. Sagði ákærði, að Ásgeir Ebenezerson (svo) vissi, hvaða bátur þetta væri. Hann hefði sagt sér, að þeir, sem væru með bátinn, væru þeir sömu, sem stolið hefðu laxinum úr eldisstöðinni í „Hafnarósunum“.

Ákærði kvartaði um, að einangrunin væri orðin sér mjög slæm. Honum var bent á, að hann skapaði sér þetta sjálfur. Margt, sem hann hefði sagt í skýrslunni, sem hann gaf 28. október, væri ekki rétt og það tæki langan tíma að rannsaka það nákvæmlega. Á meðan gæti ekki losnað um hann. Hann sagði þá m. a. eftirfarandi: „Megnið af skýrslunni er alveg rétt, bæði það, að Guðjón ók suður eftir, og eins það, sem gerðist í Keflavík. Ég skýrði rangt frá í upphafi. Lág var í Klúbbnum 17. nóvember 1974. Ég man ekki, hvort Erla var með. Við fórum svo oft þangað. Kristján Viðar var þarna með. Þarna inni man ég eftir að hafa talað við Pál Konráðsson og ég held líka Hrein Vilhjálmsson.“

Við Kristján Viðar stálum svörtu peningaveski af manni í einum stiga hússins. Það var þröngt þar, og Kristján tafði fyrir manninum, en ég náði veskinu úr vasa hans. Í því voru nokkur þúsund krónur. Við létum það síðan detta á gólfið við diskotekið á annarri hæð.

Við sáum annan mann, sem við ætluðum að ræna. Það var Geirfinnur, og fórum því að tala við hann og m. a. að þvæla eitthvað við hann um að selja honum áfengi. Páll Konráðsson heyrði þetta. Það varð ekki úr, að við reyndum að ræna hann, og ég fór frá, en rétt á eftir kom Kristján til mín og sagði, að maðurinn væri til í að kaupa áfengi, og var þá með nafn hans og heimilisfang á miða. Við töluðum við Geirfinn á stigaskörinni á annarri hæð.

Ég gaf Guðjóni upp nafn og síma Geirfinns. Hann talaði við hann í síma. Fannst hann eitthvað tortryggilegur. Töluðum í bílnum á leiðinni suður eftir, að ef hann væri að blekkja eða með stæla, þá yrði honum sýnd full harka.

Guðjón kom til okkar á Hjallaveginum í leigubifreið, ég held frá Hreyfli. Erlu leiddist einni heima og bað um að fá að fara með. Guðjón ók, og við fórum suður eftir í Land Rover bifreiðinni. Erla var lélegur ökumaður og sá stundum „sýnir“, er hún var að aka.

Geirfinnur var settur inn í Land Rover bifreiðina að aftan. Hann lá á grúfu á gólfinu á leið til Reykjavíkur. Við Kristján sátum þá báðir fram í hjá Guðjóni. Það var motta eða teppi á gólfinu aftur í. Ég man ekki, hvort það varð blóðugt.

Geirfinnur var aldrei fluttur austur í Grafning eða settur í Þingvallavatn. Guðjón leitaði að stað suður í hrauni, og þangað var Mann fluttur í Land Rover bifreið að næturlagi. Við fórum þrír með hann,

Guðjón, ég og Kristján. Við fórum með hann talsvert suður fyrir Álverið og beygðum til vinstri nokkuð langt út af steypa veginum og gengum síðan um 200 metra. Þar settum við hann í nokkuð djúpa kvos. Settum mikið grjót yfir hann og þar á meðal stóra hellu. Vorum ekki með nein verkfæri. Ég var með hanska, og ég held, að Kristján hafi verið með loðhanska".

„Það er ósatt, að lyftingamaðurinn hafi verið í Keflavík. Ég veit ekki, hvað hann heitir, en hann á heima vestur á Hringbraut og hefur geymt áfengi fyrir Viggó. Kristjáni er illa við þennan mann.

Ég veit, að Guðjón og Sigurbjörn þekkjast. Guðjón hefur sagt mér, að Klúbbmenn væru aðiljar að Keflavíkursmyglinu. Kristján Viðar þekkir Sigurbjörn vel".

„Ég held, að það hafi verið Sigurbjörn, sem var í Keflavík, eða á hann bróður, sem er líkur honum? Þá gæti það verið hann". Hinn 8. nóvember óskaði ákærði eftir samtali við rannsóknarlögreglu. Sagðist hann vilja segja sannleikann um, hvar lík Geirfinns Einarssonar væri niður komið. Það væri grafið úti á Álftanesi. Hann gerði síðan uppdrátt af staðnum og kvaðst örugglega geta vísað á hann.

Lögreglumenn fóru með ákærða út á Álftanes. Var fyrst farið með ákærða á stað þann, sem hann hafði teiknað upp, en kvaðst ekki vera viss um, að þetta væri rétti staðurinn. Þegar lögreglumennirnir gengu frekar á hann, kvaðst hann sjá, að þetta væri skakkt hjá sér. Þeir óku nokkuð um nesið með ákærða, en hann kvaðst ekki kannast við þessa staði, svo öruggt væri. Áð síðustu óku þeir með hann veginn, sem liggur yfir vesturendann á Garðaholti og fram hjá bænum Hausastöðum í áttina niður að sjó. Þar kvaðst hann kannast við sig og telja, að þeir hefðu komið þar með lík Geirfinns og beygt til vinstri meðfram sjónum. Þarna er ekki hægt að aka til vinstri meðfram sjónum, nema nokkra metra. Þar fóru þeir út, og eftir stutta leit bend ákærði á stað efst í fjöruborðinu og sagðist öruggur um, að þarna væri lík Geirfinns grafið. Sagðist hann miða við skúr, sem þarna er, en hann var áður búinn að segja, að líkið væri grafið í um 15 metra frá skúr eða bátaskýli.

Hinn 11. nóvember sýndi ákærði Sævar Marinó að beiðni lögreglunnar, hvernig bifreiðarnar hefðu verið stöðvaðar í nánd við Grettisgötu 82 framangreinda nótt. Ákærði kvað fólksbifreiðinni hafa verið lagt vinstra megin á Grettisgötu við hús nr. 77, en sendibifreiðinni í sundið milli bakgarðanna milli Grettisgötu og Njálsgötu á móts við garðhlið hússins nr. 82.

Hinn 15. nóvember var ákærði spurður sérstaklega um samskipti sín við Guðjón og hvað þeim hefði farið á milli 12. desember 1975, þegar ákærði var handtekinn á heimili sínu í Kópavogi. Ákærði kvaðst fyrr um daginn hafa talað við Guðjón og spurt hann um bifreið hans, sem var að koma til landsins, og hass, er ákærðu og Ásgeir Ebenezer Þórðarson áttu og hafði verið falið í bifreiðinni. Ákærða minnir, að hann hafi verið að borða, er lögreglan kom. Hann neitaði að opna og hringdi strax heim til Guðjóns. Sagði hann honum, að verið væri að handtaka sig. Ákærði kveður Guðjón hafa saga sér að þegja um það, sem hann vissi. Hann hafi sagt: „Ég ætla að halda mig utan við smyglið, þú verður að redda þessu". Þá sé hann alveg viss um, að síðast hafi Guðjón sagt: „Gefðu ekki neitt upp, sem þú veist um Geirfinnsmálið".

Hinn 16. nóvember skýrði ákærði lögreglu frá símtali við Guðjón frá Kaupmannahöfn.

Hinn 17. nóvember fóru lögreglumenn með Sævar Marinó út á Álftanes, en hann hafði við yfirheyrslu sagst skyldu benda á, hvar lík Geirfinns Einarssonar væri grafið. Hann vísaði á tiltekinn stað í fjörunni

neðan við bæinn Hausastaði, sunnanvert á nesinu, og sagði, að lík Geirfinns væri grafið þar. Grafið var á svæðinu með vélskóflu, en án árangurs.

Sama dag skýrði ákærði frá því, að hann hefði hringt „collect“ til ákærða Guðjóns frá Kaupmannahöfn í mars 1975. Erla var viðstödd, er fyrri hluti símtalsins fár fram. Ákærði ræddi símtalið við hana á eftir, og var henni því kunnugt um efni þess. Ákærði kveðst hafa viljað vita, hvernig málin stæðu hér heima, þ. e. „póstmálið“ og „Geirfinnsmálið“, og einnig bað hann Guðjón um peningalán. Guðjón sagði, að óheppilegt væri, að ákærði og Erla kæmu heim. Þeir hafi í símtalinu rætt um það, sem komið hefði í blöðum um „Geirfinnsmálið“, og Guðjón talað um, að það væri á rangri braut. Ákærði gat ekki skilið annað á honum en það væri að renna út í sandinn. Þó væri óráðlegt fyrir þau að koma strax heim.

Ákærði kveðst hafa komið til Íslands nálægt miðjum apríl, en Erla hafði farið nokkuð á undan honum. Ákærði heimsótti Guðjón oft, eftir að heim kom, og ræddu þeir Geirfinnsmálið. Töldu þeir það úr sögunni, þar sem lögreglan hefði alltaf verið á villigötum.

Hinn 25. nóvember lagði lögreglan nokkrar spurningar fyrir ákærða. Var lagt fast að honum að segja satt frá, en svara ekki að öðrum kosti, þar sem röng svör gerðu engum gagn, en lengdu aðeins gæsluvarðhaldsvist hans.

Ákærði vildi ekki svara þeirri spurningu, hver hefði ekið til Keflavíkur, en taldi, að farið hefði verið á dökkrauðblárrí Volvo bifreið. Hann gaf í skyn, að ökumaðurinn hefði verið tiltekinn maður, er hann nafngreindi, en fékkst ekki til að tala hreint út um það. Sagðist hann hafa sagt rangt til, er hann nefndi Guðjón Skarphéðinsson í því sambandi, en það færi ekki á milli mála, að Guðjón hefði verið í Keflavík umrætt kvöld og tekið þátt í því, sem þar gerðist.

Ákærði var spurður, hvert lík Geirfinns hefði verið flutt úr kjallaranum á Grettisgötu 82 og hverjir hefðu gert það. Ákærði svaraði því til, að það hefðu hann og Kristján Viðar gert og Erla hefði ekið þeim á Land Rover bifreiðinni. Þetta hefði verið að kvöldi 21. nóvember. Ekið hafi verið út á Álftanes og líkið grafið þar. Lýsti ákærði staðnum.

Ákærði sagði, að menn þeir, sem fóru í Keflavíkurferðina, hefðu verið óánægðir með staðinn og sagt m. a., að þarna yrði farið að byggja bráðlega og mundi þá líkið finnast. Hann hafi hitt Kristján Viðar í Tjarnarbúð næsta laugardag á eftir og talað um þetta við hann. Kristján Viðar hafi ekki viljað sinna þessu og talið staðinn góðan. Þó hafi hann komið með sér og Albert Klahn Skaftasyni á Toyota bifreið föður Alberts Klahn. Þeir hafi flutt líkið suður í fjöruna á Álftanesi og sé hann búinn að benda á staðinn. Líkið hafi verið grafið þar í sand, en hann finni ekki staðinn. Ákærði var mjög tregur til að svara því, hverjir hefðu viljað láta flytja líkið, en sagði, að tveir menn, sem hann nafngreindi, hefðu vitað um þetta.

Hinn 30. nóvember var ákærði spurður, vegna upplýsinga frá Guðjóni, um afnot hans af sendibifreiðum árið 1974 og til hvaða sendiferðabifreiða hann hefði þekkt. Ákærði nefndi tiltekna menn í þessu sambandi. Sagði hann m. a., að frændi Kristjáns Viðars, Óttar Sigurðsson (svo), hefði ekið sendiferðabifreið. Ákærði taldi sig hafa komið heim til Guðjóns á Ásvallagötuna 17., 18. og 19. nóvember 1974 og hringt þaðan eitthvað í öll skiptin. Ekki kvaðst hann muna, hvert hann var að hringja, og ekki, að hann hefði skrifað númer eða nafn á miða og fengið Guðjóni. Kvaðst ákærði aðeins einu sinni hafa farið með Guðjóni í bifreið til Keflavíkur. Hann var spurður, hvort hann hefði einhvern tíma að kvöldlagi ekið í bifreið um Keflavík og beðið farþegana að láta bera lítið á sér.

Ákærði kvaðst ekki telja, að það kæmi til greina. Hann var spurður um, hvort hann hefði farið að kvöldlagi inn í bensínsölu eða „sjoppu“ við aðalgötuna í Keflavík til að hringja. Hann kvaðst minnst þess að hafa verið einn á ferð í Keflavík með Erlu í blárrí Volkswagen bílaleigubifreið og hringt úr „sjoppu“ við aðalgötuna. Þau hafi þá verið að leita að gjaldeyri.

Þeirri spurningu, hvort hann hefði hitt ákærða Guðjón á Mokka 20. nóvember 1974, svaraði ákærði játandi. Þá var ákærði spurður: „Töluðu þið um það, sem gerst hafði um nóttina?“ Svar: „Já, eitthvað ræddum við um Geirfinn og að flytja þyrfti líkið. Það var þá í kjallaranum hjá Kristjáni“. „Hvenær var Geirfinnur fluttur?“ Svar: „Ég er ekki alveg viss á deginum“. „Er alveg víst, að Kristján Viðar hafi tekið þátt í að flytja líkið aftur Burt úr hrauninu?“ Svar: „Ég vil ekki svara þessari spurningu“.

Hinn 6. desember mætti ákærði í dómi hjá Erni Höskuldssyni fulltrúa. Viðstaddur þinghaldið var Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður, verjandi hans. Skýrsla ákærða fyrir dóminum er svohljóðandi:

„Kærði kveðst nú ekki hafa farið til Keflavíkur hinn 19. nóvember 1974.

Kærði segir, að Guðjón Skarphéðinsson hafi greitt sér kr. 500.000 fyrir að nefna nöfn þeirra fjögurra manna, sem sátu í gæsluvarðhaldi í vetur, og fleiri. Hafi kærði átt að fá kr. 500.000 til viðbótar, er málinu væri lokið“.

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni hinn 9. desember. Skýrði hann þar frá því, þegar þeir Kristján Viðar hittu Geirfinn í veitingahúsinu Klúbbnum, viðræðum þeirra um spíritusviðskipti og að ákærðu hefðu verið að ræða þetta nánar síðar. Þá greindi hann frá viðtölum við Erlu, Kristján Viðar og Guðjón, símtali við Geirfinn og undirbúningi ferðarinnar til Keflavíkur. Fyrst í skýrslunni segir ákærði, að örugglega hafi engin sendiferðabifreið verið á Vatnsstíg, en í niðurlagi hennar greinir frá sendiferðabifreiðinni og að Sigurður Óttar Hreinsson, frændi Kristjáns Viðars, hafi ekið henni. Ákærði skýrir því næst frá ferðinni til Keflavíkur og þegar ákærðu hittu Geirfinn þar. Þá greinir hann frá viðræðunum við Geirfinn og átökum ákærðu við hann í Dráttarbrautinni, þegar hann beið bana. Loks segir hann frá flutningi líksins til Reykjavíkur að Grettisgötu 82, geymslu þess þar og flutningi upp í Rauðhóla 21. nóvember, þar sem það var grafið. Skýrsla þessi er í meginatriðum í samræmi við framburð ákærða fyrir dómi 20. og 21. júní 1977, sem síðar verður rakinn.

Hinn 10. desember var farið upp í Rauðhóla með ákærða og hann beðinn að benda á staðinn, þar sem lík Geirfinns væri grafið. Ákærði kvaðst ekki vera viss um staðinn, þar sem ferðin hefði verið farin í myrkri, en benti á nokkra uppmoksturshóla á tilteknu svaði og kvaðst telja þá líkasta greftrunarstaðnum. Fengin var jarðýta til leitar, en án árangurs.

Hinn 22. desember kom ákærði fyrir dam hjá Erni Höskuldssyni fulltrúa og greinir frá á þessa leið:

„Kærði skýrir sjálfstætt frá málsatvikum greint sinn, og er framburður hans í samræmi við skýrslu þá, er tekin var af honum hjá rannsóknarlögreglu hinn 9. desember s.l.

Kærði telur, að hann hafi heyrt talað um Geira í Keflavík hjá leigubílstjóra, sem ók rauðum Mercedes Benz.

Kærði segir, að áður en þau Erla fóru til Kaupmannahafnar, hafi verið rætt um að blanda öðrum mönnum inn í málið. Kærði segir, að þau Kristján, Erla, Guðjón og hann sjálfur hafi rætt um hið sama

síðar, er þau komu frá Kaupmannahöfn. Segir kærði, að þau hafi alveg fylgst með rannsókninni í blöðunum og spírasmygl hafi verið mikið rætt í blöðunum þá að undanfögnu".

Hinn 28. desember lýsir ákærði því í viðtali við rannsóknarlögreglumenn, hvernig ákærðu hafi borið lík Geirfinns, þegar þeir komu því fyrir í Volkswagen bifreiðinni í Dráttarbrautinni í Keflavík. Hafi Kristján Viðar og Guðjón tekið undir axlir Geirfinns, en hann sjálfur undir fætur hans. Á leiðinni frá Keflavík hafi verið rætt um, hvað gera ætti við líkið. Annað hvort Kristján Viðar eða Guðjón hafi stungið upp á því að fara út á Álftanes, en það hafi ekki verið gert. Þegar þeir voru staddir í Garðahreppi, hafi verið ákveðið að fara með það heim til Kristjáns Viðars. Kristján Viðar hafi tekið undir axlir líksins, þegar það var tekið úr bifreiðinni, en ákærði sjálfur undir fæturna. Guðjón hafi ekki aðstoðað við þetta. Þegar ákærði var nánar um þetta spurður, breytti hann framburðinum og sagði, að Guðjón hefði haldið undir líkið, meðan Kristján Viðar var að opna kjallarahurðina. Hann kveðst ekki muna eftir sendibifreiðinni eða Sigurði óttari Hreinssyni þessa nótt á Grettisgötu. Ákærði kveðst hafa nefnt við Guðjón, að hann telur, er þeir voru staddir á Mokka hinn 20. nóvember, að blanda Klúbbmönnum í málið. Guðjón hafi hlustað á þetta, en ekki átt þátt í ákvörðuninni um það.

Hinn 7. janúar 1977 skýrði ákærði frá því, að þegar Geirfinnur hafði skýrt honum frá nafni sínu í Klúbbnum 17. nóvember 1974, hefði hann tekið upp svarta, nokkuð stóra vasabók, sem hann gekk með, og skrifað nafn Geirfinns á lausan miða, sem var í henni. Kvöldið eftir, þegar hann fékk upplýsingar um símanúmer Geirfinns hjá símanum í 03 heima hjá Guðjóni, hafi hann tekið miðann og skrifaði á hann símanúmerið. Ákærði fékk Guðjóni miðann. Hann man ekki, hvort hann tók aftur við honum eða lagði símanúmerið á minnið, a. m. k. hafði hann númerið, þegar hann hringdi í Geirfinn kvöldið áður en þeir fóru til Keflavíkur. Ákærði kveðst hafa beðið Geirfinn í símtalinu að vera einn síns liðs og einnig sé öruggt, að hann hafi sagt honum að koma fótgangandi. Ákærði man ekki, hvort hann var með miðann í vasanum eða tók við honum hjá Guðjóni, þegar þeir voru staddir fyrir utan Hafnarbúðina hinn 19. nóvember, en hann fékk Kristjáni Viðari miðann þar, þegar hann fór inn til að hringja. Þegar Kristján Viðar fór inn, ámalgaði ákærði við hann að segja Geirfinni að koma einn og fótgangandi. Þegar Kristján Viðar kom út aftur, fór ákærði út úr bifreiðinni til að hleypa Kristjáni Viðari inn í hana. Kristján Viðar fékk honum miðann, og settist ákærði aftur inn í bifreiðina. Þegar ákærði vissi, að Geirfinnur var á leiðinni, reif hann miðann í sundur, kuðlaði honum saman og henti honum út um gluggann.

Ákærði var spurður nánar um kápu Erlu, sem hann kveðst hafa gleymt hjá Bjarna Þór á Bergþórugötu hinn 20. eða 21. nóvember 1974. Skýrði ákærði svo frá:

„Eins og ég er búinn að segja, gleymdi ég kápunni heima hjá Bjarna Þór á Bergþórugötunni 20. eða 21. nóvember 1974". „Hún var þar, uns við Erla komum frá Kaupmannahöfn um vorið. Þá bað hún mig að sækja kápu. g fór heim til Bjarna og spurði hann eftir henni. Hann sagði, að systir sín, Kittý, væri með kápu. Nokkrum dögum síðar kom ég aftur til Bjarna. Þá var kápan komin þarna. Hún hékk í fatahengi eða var í skáp til vinstri, þegar gengið er inn í íbúðina. Bjarni vísaði mér á kápu. Ég vissi, að svartir blettir voru innan í kápunni, og fór ég að skoða þá betur þarna. Ég sá, að blettir voru að innanverðu við hettuna, og einnig voru blettir á annarri erminni. Þar sem ég taldi þetta blóðbletti, sem komið hefðu í ferðinni til Keflavíkur, fleygði ég kápunni í sorptunnu bak við húsið Bergþórugötu 27, þar sem Bjarni Þór á heima. g sagði síðan Erlu, að kápan væri týnd".

Ákærði var spurður um, hve mikla peninga hann hefði haft undir höndum í nóvember 1974 og hvar hann hefði geymt þá. Skýrði ákærði svo frá:



„Í síðara póstsvikamálinu, sem var haustið 1974, komumst við Erla yfir kr. 475 þúsund. Við geymdum þessa peninga heima hjá okkur á Hjallaveginum. 19. nóvember 1974 áttum við eftir nálægt kr. 200 þúsund. Þá voru peningarnir geymdir í filmuboxi í kápuvasa heima í íbúðinni hjá okkur. Það voru 70 þúsund, sem ég tók með til Keflavíkur, í fimm þúsund króna seðlum. Þeir voru í búnti og bréflakemma utan um“.

Hinn 10. janúar var ákærði spurður nánar um símtölin frá Guðjóni hinn 18. nóvember 1974. Hann kvaðst hafa hitt Guðjón á Mokka þennan dag, um kl. 1700. Fór hann með honum heim og var kominn þangað kl. 1730. Hringdi hann fljótlega upp úr því í 03 og fékk uppgefið símanúmer Geirfinns. Hann hringdi síðan heim til Geirfinns. Barn svaraði í símann og sagði, að pabbi sinn væri ekki heima.

Sama dag skýrði ákærði frá því, að hann myndi greinilega, að Geirfinnur hefði verið klæddur í bláa kuldaúlpu og dökkar flauelsbuxur, en mundi ekki litinn á þeim. Ákærði átti orðaskipti við Geirfinn á leiðinni frá Hafnarbúðinni í Dráttarbrautina. Geirfinnur sagði ekki mikið, en virtist aðallega hlusta eftir því, sem ákærði hafði að segja.

Þegar átökin voru byrjuð í Dráttarbrautinni, kveðst hann muna, að rennilásinn á úlpu Geirfinns hafi verið „hálf upprendur“. Ákærði lýsti síðan flutningi líksins úr bifreiðinni inn í kjallarann að Grettisgötu 82 með sama hætti og áður. Líkið var sett inn í geymslu og breitt „tau“ yfir. Ákærði kveður þá Kristján Viðar hafa tekið líkið úr geymslunni. Sagðist hann halda, að Kristján Viðar hefði þá verið búinn að vefja „tauinu“ meira utan um líkið, en muna þetta frekar óljóst. Þeir hefðu bundið band utan um „tauið“ og hafi það verið, að hann telur, ljós trolltvinni eða eitthvað svipað. Þá greindi ákærði frá flutningi líksins á Land Rover bifreiðinni upp í Rauðhóla og greftrun þess þar.

Sama dag endurtók ákærði sögu sína um það, þegar hann ætlaði að hringja til Geirfinns úr „sjoppunni“, sem er við Aðalstöðina í Keflavík, en hætti við það. Hefði verið ekið þaðan að Hafnarbúðinni og Kristján Viðar hringt þar. Ákærði kveðst ekki hafa haft hugmynd um, hvar Geirfinnur vann, og vill ekki kannast við að hafa hringt til Ellerts Björns Skúlasonar og spurt um Geirfinn. Hann veit ekki til þess, að Guðjón hafi hringt þangað.

Hinn 10. janúar var tekin skýrsla af ákærða og hann spurður, hvar hann hefði verið aðfaranótt 20. nóvember, þegar hann kom frá Keflavík, en nokkurs misræmis hefur gætt um það hjá honum. Ákærði skýrði svo frá:

„Er við höfðum komið líki Geirfinns fyrir í kjallaranum á Grettisgötu 82, fórum við þrír saman, þ. e. ég, Guðjón og Kristján Viðar, upp í innri ganginn að íbúð Kristjáns. Þar man ég eftir, að Kristján gaf mér nokkrar róandi töflur, sem ég tók inn, en ekki man ég, hvaða tegund það var. Ég get alls ekki munað fyrir víst, hvort ég fór þarna inn í íbúðina tii Kristjáns og gisti þar um nóttina eða hvar ég svaf þessa nótt, en ég kom ekki heim til mín á Hjallaveginum fyrr en kl. 1000 til 1030 um morguninn og kom þá í leigubifreið. Það, sem ég hefi fullyrt áður, að ég hafi gist hjá Kristjáni, er engan veginn öruggt, þar sem ég man ekki eftir nóttinni, en ég taldi líklegast, að ég hefði gist þar. Ekki varð ég var við Sigurð Óttar Hreinsson þarna á Grettisgötunni.“

Ákærði var spurður um, af hverju hann hefði fengið lánaðar skóflur hjá Guðjóni Skarphéðinssyni, þar sem skóflur munu hafa verið til heima hjá Kristjáni Viðari á Grettisgötu. Hann skýrði svo frá:

„Er ég hitti Guðjón á Mokka 20. nóvember 1974, þá var talað um að fela líkið, og Guðjón sagðist hafa skóflur. Ég man ekki sérstaklega, af hverju skóflur voru ekki teknar hjá Kristjáni. Skóflunum var síðan

skilað nokkrum dögum eftir að við notuðum þær, en ekki man ég, hvaða dag það var. Mig minnir, að við Erla höfum farið með þær vestur á Ásvallagötuna og sett þær við dyr á geymslu, sem er undir kjallaratröppunum. Þá kom ég ekki inn í íbúðina, en talaði eitthvað smávegis við Guðjón í dyrunum".

Hinn 12. janúar skýrði ákærði frá því, að hann hefði ekki séð bát við bryggjuna í slippnum í Keflavík (Dráttarbrautinni) að kvöldi þess 19. nóvember og sögurnar um bátinn væru uppspuni og ósannar.

Í skýrslu hinn 19. janúar kveðst ákærði muna, að sendiferðabifreiðin hafi beðið eftir þeim Reykjavíkurmegin við Keflavík, og telur það vera við „sjoppu", sem er við aðalgötuna, þegar ekið er í gegnum Ytri-Njarðvík. Þeir hafi báðir farið þar út, hann og Kristján Viðar, og sagt Sigurði Óttari, hvert hann ætti að fara, þ. e. í gegnum Keflavíkurbæ, niður að slippnum og óíða þar.

Ákærði var spurður um þann framburð Kristjáns Viðars, að talað hefði verið um í bifreiðinni á leiðinni til Keflavíkur að taka manninn, þ. e. Geirfinn, í gegn. Hann svarar því til, að hann muni ekki, hvort komist hafi verið þannig að orði. Það hafi verið talað um að pressa manninn til að gefa upplýsingar um spíra og hann yrði kannski erfiður, en af sinni hálfu hafi ekki verið átt við líkamlegt ofbeldi og um þannig ofbeldi hafi ekki verið rætt.

Hinn 21. janúar var ákærði spurður sérstaklega um fyrstu samskipti hans og Geirfinns Einarssonar í Klúbbnum að kvöldi þess 17. nóvember 1974 og honum bent á framburð Kristjáns Viðars hjá rannsóknarlögreglunni 14. janúar 1977.

Ákærði segir, að efnislega geti skýrsla Kristjáns Viðars verið rétt um þetta atriði. Þeir hafi notað alls konar aðferðir til að komast í samband við menn, sem þeir ætluðu að ræna, og því sé mjög líklegt, að þarna hafi hann fengið Kristján Viðar til að fara til manns þess, sem þeir ætluðu að ræna, og sagt eitthvað við hann í þá átt, hvort hann vildi viðskipti með áfengi, enda rámaði sig í, að þessi aðferð væri notuð í þetta skiptið. Ákærði sagðist muna, að Kristján Viðar hefði verið með einhverja fýlu við sig í sambandi við þetta og ákærði farið sjálfur til mannsins. Hann hafi farið að tala við manninn og spurt hann að heiti. Sagði ákærði, að þeir þekktust og hefðu verið saman til sjós. Þetta hafi verið ein af mörgum aðferðum til að komast í kynni við menn og þetta lama kvöld hafi þeir verið búnir að ræna einn mann þarna í Klúbbnum á svipaðan hátt.

Þegar maður þessi sagðist heita Geirfinnur og vera frá Keflavík, kveðst ákærði hafa látið sér detta í hug, að þetta væri „Geiri" í Keflavík, sem hann hafði áður heyrt nefndan í sambandi við spíra. Þá hafi hann hætt við hugmyndina að ræna hann, en í þess stað kynnt sig og sagst heita Magnús Leópoldsson. Hafi hann spurt manninn, hvort þeir gætu ekki átt viðskipti saman um áfengi. Síðan hafi þeir rætt saman um það mál, eins og hann sé búinn að greina frá í skýrslunni frá 9. desember 1976.

Hinn 22. janúar var ákærði spurður nánar um skóflur, sem hann hefði áður skýrt frá, að hefðu verið notaðar, þegar lík Geirfinns Einarssonar var grafið. Ákærði kveðst hafa beðið Guðjón um að fá skóflurnar lánaðar, þegar hann hitti hann á Mokka hinn 20. nóvember 1974. Hann hafi sótt skóflurnar heim til Guðjóns með hans leyfi. Ekki kveðst hann muna, hvort Guðjón hafi afhent skóflurnar eða verið viðstaddur, þegar ákærði tók þær. Hann kveðst nokkrum dögum síðar hafa skilað skóflunum. Hann muni ekki, hvort Guðjón hafi tekið við þeim, en hann telur sig hafa skilið þær eftir í horninu við innganginn í íbúð Guðjóns. Þau Erla hafi verið á Land Rover bifreiðinni, bæði er hann sótti skóflurnar og skilaði þeim. Skóflurnar hafi örugglega verið tvær, önnur hafi verið með löngu skafti, en hin með

stuttu og handfangi, eða það sem kallað er stunguskófla. Hann veit ekki, hver á skóflurnar né hvar þær eru niður komnar.

Farið var með ákærða til Keflavíkur hinn 23. janúar og hann beðinn að benda á stað þann, sem Mercedes Benz sendiferðabifreiðin hefði staðið að kvöldi ? 9. nóvember 1974, þegar hann sá hana fyrst í Keflavík. Ákærði benti á Aðalstöðina, sem er í suðurjaðri Keflavíkur, og sagði, að hann væri nokkurn veginn alveg viss um, að bifreiðin hefði verið þar.

Ákærði var beðinn að sýna stað þann, sem þeir hefðu verið á í Keflavík sama kvöld, þegar hann sagði farþegunum í Volkswagen bifreiðinni að beygja sig niður. Hann svaraði því til, að það hefði verið eimhvers staðar á aðalgötunni. Hann gæti ekki nákvæmlega bent á staðinn.

Þá var ákærði beðinn að benda á „sjoppuna“, sem hann hefði farið inn í umrætt kvöld og ætlað að hringja, en hætt við það.

Hann benti á „sjoppuna“, sem er við Aðalstöðina, og sagðist telja það öruggt, að þetta væri sú rétta. Hann hefði í fyrstu talið það vera „sjoppu“ skammt frá lögreglustöðinni, en nú muna betur, að svo hefði ekki verið, heldur hafi hann einu sinni, þegar hann kom með Erlu til Keflavíkur í gjaldeyrisleit, farið inn í þá „sjoppu“ til að hringja. Þessu hafi hann ruglað saman í fyrstu.

Ákærði var spurður enn einu sinni, hvort hann væri öruggur um, að ekki hefði verið tekið bensín í umræddri ferð. Hann sagði sig ráma óljóst í, að tekið væri bensín í Keflavík og þá við Aðalstöðina. Hann sagðist halda, að Guðjón hefði séð um það.

Hinn 24. janúar var ákærði beðinn að skýra nákvæmlega frá atriðum, þegar hann og félagar hans báru lík Geirfinns Einarssonar inn í kjallarann á Grettisgötu 82 aðfaranótt 20. nóvember 1974. Ákærði endurbók, að hann teldi sig örugglega muna, að þeir þrír hafi allir hjálpast að við þetta. Einnig minni sig, að ljóslaust haft verið í þvottahúsinu. Hann hafi á eftir verið á ganginum fyrir framan og horft inn í þvottahúsið. Sá hann féлага sína vera að setja eitthvert dökkleitt efni utan um eða yfir líkið, sem legið hafi á gólfinu. Ekki kveðst hann geta áttað sig á, hvers konar efni þetta hafi verið, hvort það var „tau“ eða annars konar dúkur. Kristján Viðar hafi opnað hurðina á geymslunni. Hafi hann annað hvort sparkað henni upp eða spennt hana upp með því að ýta á hana. Ekki segist hann muna, hvernig líkið var borið inn í geymsluna, en minnst þess að hafa tekið þátt í því. Það hafi verið lagt þar hálfvegis á grúfu upp á drasl til hægri handar, en vinstri vanginn hafi snúið upp og hann séð andlitið. Hann kvaðst hafa séð blóðugar skrámur eða rispur á vinstri vanganum, en ekki aðra áverka.

Þegar ákærði talaði seinna við Kristján Viðar um að flytja líkið, kveðst hann hafa haft orð á því, hvort hann ætti ekki að koma með plast til að setja utan um það. Kristján Viðar hafi sagt það óþarft, þar sem hann hefði efni til þess.

Þegar ákærði kom í geymsluna, var búið að setja eitthvað utan um líkið, og sá ákærði ekki andlitið. Þeir færðu líkið yfir í þvottahúsið. Kristján Viðar kom með eitthvað efni, að ákærða minnir brúnleitt. Í þvottahúsinu settu þeir efni þetta utan um líkið og bundu síðan um með snæri. Ákærði man ekki, hvaðan snæri þetta kom, og ekki getur hann sagt um, hvort það var úr hampi eða næloni.

Hann var sérstaklega spurður um, hvort blætt hefði úr vitum líksins eða það verið mikið blóðugt. Hann svaraði því til, að hann hefði ekki séð blæða úr vitum þess og ekki séð annað blóð en storku á vinstri vanga.

Hinn 1. febrúar var ákærði spurður um nokkur atriði. Ákærði kveðst ekki geta sagt með vissu, hvers vegna Erla fór með þeim til Keflavíkur. Þau hafi alltaf verið saman og hún e. t. v. komið með bara vegna félagsskaparins. Hún hafi ekki átt að gera neitt sérstakt. Henni hafi ekki verið ætlað að vera bílstjóri til vara, ef Guðjón færi ekki. Ákærði kveðst ekki hafa tekið Kristján Viðar með vegna þess t. d., að hann var svo sterkbyggður og hefði líkamlega yfirburði yfir Geirfinn. Hann hefði bara tekið Kristján Viðar með, af því að þeir hafi verið vinir frá barnsaldri, og af því að hann gæti e. t. v. selt áfengi. Ákærði kveðst aldrei hafa sagt í bifreiðinni, að Geirfinnur ætti e. t. v. að hverfa. Sér þætti gott að fá að ræða þetta við þau Guðjón og Erlu. Þar að auki sé þetta ekki „logískt“. Ákærði tók Geirfinn með inn í Dráttarbrautina, af því að hann grunaði, að áfengið gæti verið falið einhvers staðar í nágrenninu. Þarna er einnig bryggja, þar sem hann hélt, að smyglað áfengi væri sett í land. Ákærði kveður það ekki rétt, að Guðjón hafi einungis farið í þessa ferð af forvitni. Guðjón hafi búist við að fá peninga fyrir. Peningunum, sem kæmu úr áfengisviðskiptunum, ætlaði ákærði að skipta með honum, eins og hann hafði talað um við hann. Ákærði hafði ekkert rætt það við Guðjón fyrir ferðina, að þeir ætluðu að pressa Geirfinn, það hafi ekki verið gert fyrr en í bifreiðinni. Það sé hugsanlegt, að Geirfinnur hafi gleymt eða misskilið samkomulag þeirra í Klúbbnum, og þegar hann sé að tala um að „pressa“, þá eigi hann við, að þeir hafi ætlað að gera allt, sem í þeirra valdi stæði, til þess að fá Geirfinn til að segja frá áfenginu. Í samtalinu við Geirfinn hafi þetta ekki tekist og hann hafi ætlað að fara Burt, þegar þeir voru komnir út úr bifreiðinni. Þegar Geirfinnur vildi ekki semja meira við þá, hafi Guðjón gripið í öxlina á honum. Við það .hafi Geirfinnur orðið reiður og ætlað fram hjá Kristjáni Viðari og hrint honum frá. Þá hafi átökin hafist. Auðvitað hafi þeir haft yfirburði, þar sem þeir voru þrír á móti einum, en æsingurinn hafi verið orðinn svo mikill, að þeir hafi gripið til barefla. Á meðan Kristján Viðar hélt Geirfinni með hálstakinu, kveðst ákærði hafa slegið Geirfinn með spýtu á fótleggina eða lærin af æsingi, af því að hann hafi hrint honum. Ákærði lamdi frá hlið, en ekki ofan frá. Ákærði sló Geirfinn ekki í magann, og hann mótmælir því ákveðið, að hann hafi barið hann í fæturna á þessu augnabliki til þess að þvinga hann til þess að tala. Geirfinnur átti að fá peninga, ef hann vísaði á áfengið, sem þeir ætluðu síðan að stela. Ekki var heldur hugsað um manndráp í því tilviki. Auk þess var búið að tala um það greinilega í Klúbbnum, að Geirfinnur ætti að fá peninga.

Ákærði álitur, að Geirfinnur hafi dottið dauður til jarðar strax eftir hálstakið. Ákærði sá ekki, hvort hann var sleginn áfram með spýtu, eftir að hann lá á jörðinni. Kristján Viðar sagði ákærða, eftir að ákærði sneri aftur frá Erlu, að Guðjón hefði slegið hann áfram með spýtu, þar sem hann lá á jörðinni, en Guðjón þrætti fyrir það í samtali við hann. Þegar ákærði kom aftur frá Erlu, sagði Kristján Viðar þar að auki: „Geirfinnur er dauður“. Því sé algerlega rangt, ef einhver skyldi álykta, að Geirfinnur hafi verið drepinn af ásettu ráði til þess að fjarlægja illa særðan mann, sem gæti borið vitni.

Ákærði leggur enn áherslu á það, að hann hafi aldrei haft þann ásetning að drepa Geirfinn. Ákærði trúir því ekki, að það hafi verið ásetningur Kristjáns Viðars. Kristján Viðar taki oft þátt í áflogum og ef hann sláist á annað borð, þá sé það upp á líf og dauða, eftir því sem ákærði hefur séð til hans. Ákærði heldur ekki, að hann hefði getað stöðvað Kristján Viðar í slíku tilviki, og þar að auki hafi hann sjálfur verið orðinn af æstur. Ákærði varð að taka Erlu með í líkflutningana í Rauðhólana, af því að hann átti ekki völ á neinum öðrum bílstjóra. Á þeim tíma höfðu hvorki Kristján Viðar né hann ökuskírteini. Að sínu áliti liggja lík Geirfinns nú eins og áður í Rauðhólum, þar sem þeir grófu það 21. nóvember 1974.

Ákærði kom fyrir dóm hjá dómurum máls þessa 20. og 21. júní sl. Verður nú framburður hans rakinn, en jafnframt getið um það, þar sem verulegt misræmi er á milli framburðarins og skýrslu hans hjá lögreglu 9. desember 1976.

Ákærði kveðst hafa verið staddur í veitingahúsinu Klúbbnum, að hann minnir að kvöldi sunnudagsins 17. nóvember 1974, ásamt Kristjáni Viðari Viðarssyni og Páli Konráði Konráðssyni. Veitti hann athygli ölvuðum manni í stiganum fyrir neðan „diskótekið“ í Klúbbnum á 2. hæð. Ákærði kveðst minnst þess, að Kristján Viðar hafi rætt við mann þennan, en hvort ákærði átti frumkvæðið að því, man hann ekki. Ákærði hafði grun um, að Kristján Viðar væri að reyna að ná í veski mannsins. Ákærði gekk til þeirra og fór að ræða við þá. Ákærði spurði manninn, hvort þeir hefðu ekki verið saman til sjós, en hann neitaði því. Þetta hafi verið aðferð, sem ákærðu notuðu, ef þeir ætluðu að stela veskjum. Ákærði spurði manninn að heiti. Sagðist hann heita Geirfinnur og vera úr Keflavík. Ákærði hafði heyrt, að maður í Keflavík, sem lallaður er „Geiri“, fengist við sölu á spíritus, og taldi hann, að þetta mundi vera hann. Ákærði kveðst hafa heyrt „Geira“ þennan nefndan í samtali við leigubifreiðarstjóra og eins hafi Páll Konráð Konráðsson sagt sér, að hann hefði keypt af honum áfengi. Nánari deili á manni þessum veit ákærði ekki. Ákærði spurði manninn eitthvað um spíritus, og skildi ákærði svar hans þannig, að hann hefði eitthvað með spíritus að gera. Ákærði spurði manninn, hvort þeir ættu ekki að koma í einhver viðskipti, og hafði ákærði þá í huga, að Geirfinnur kæmi sér í samband við mann þann, sem hann skipti við. Þetta hafi þó verið allt í lausu lofti, en ákærði hafði í huga að komast að því, hvar spírinn væri geymdur. Minnir ákærða, að hann hafi nefnt 50.000-70.000 krónur eða einhverja áþekka upphæð, sem ákærði væri tilbúinn til að greiða fyrir upplýsingar. Ákærði skrifaði niður nafn og heimilisfang mannsins, en ekki símanúmer. Ákærði sagði manninum, að hann hétu Magnús Leópoldsson og væri á vegum Klúbbsins. Mundi ákærði ræða við hann eftir helgina. Ákærða minnir, að hann hafi séð manninn aftur í Klúbbnum og hafi hann þá verið við barinn. Ákærði sá í dómnum mynd af Geirfinni Einarssyni, og sagði hann, að um hann hafi verið að ræða. Ákærði varð ekki var við, að neinn væri með Geirfinni. Kristján Viðar heyrði eitthvað af samtalinu, en hvort hann heyrði, þegar rætt var um spíraviðskipti, veit ákærði ekki. Þá telur ákærði hugsanlegt, að Páll Konráð Konráðsson hafi vitað eitthvað um Geirfinn.

Daginn eftir, hinn 18. nóvember, sagði ákærði Erlu frá samtalinu við Geirfinn og væntanlegum viðskiptum. Um kvöldið ók Erla ákærða í Land Rover bifreið, sem þau áttu, heim til Guðjóns, sem þá bjó við Ásvallagötu. Ákærði fór inn til Guðjóns, en minnir, að Erla hafi beðið í bifreiðinni á meðan. Ákærði telur, að Guðrún, kona Guðjóns, hafi verið heima. Ákærði sagði Guðjóni frá væntanlegum spíraviðskiptum í Keflavík og bauð honum að taka þátt í þeim. Sagði hann Guðjóni, að hann hefði hitt mann í Klúbbnum, sem fengist við spíraviðskipti, og hefði hann boðið honum peninga, til þess að hann gæfi sér upplýsingar um, hvar spírinn væri geymdur. Ákærði heldur, að hann hafi spurt Guðjón að því, hvort hann gæti lagt fram peninga í þessu skyni til að greiða Geirfinni. Ákærði man ekki eftir því, að Guðjón hafi lofað að leggja fram peninga í þessu skyni, og hafi hann borið við lélegum fjárhag. Ákærði kveðst álíta, að Guðjóni hafi verið ljóst, að taka átti spírann ófrjálsri hendi, og hafi hann ákveðið að taka þátt í þessu.

Í lögregluskýrslunni frá 9. desember 1976 segir ákærði, að hann hafi ekki vitað, hvort Guðjóni var ljós sú hugmynd sín að stela spíritusnum. Hann hafi ef til vill litið á þetta sem væntanlegt gróðabráll. Guðjón hafi ákveðið að taka þátt í þessu og jafnvel að leggja fram einhverja peninga, ef hann hefði þá handbæra.

Ákærði man, að hann hringdi í nokkra staði úr íbúð Guðjóns. Hann kveðst hafa hringt til Kristjáns Viðars að Laugavegi 32. Einhver maður hafi komið í símann, og telur hann, að það hafi verið Páll Konráð. Kristján Viðar kom síðan í símann, og sagði ákærði honum, hvað til stæði. Kristján Viðar spurði um, hvort ætlunin væri að ræna spíranum, en ákærði telur, að honum hafi þá verið það ljóst.

Í lögregluskýrslunni segir ákærði, að þeir hafi talað um, að Kristján Viðar sæi um að útvega sendibifreið, sem nota ætti til að flytja spírann frá Keflavík til Reykjavíkur. Hafi ákærði talað um það við Kristján Viðar, að hann reyndi að fá frænda sinn til að aka þessa ferð, en ákærði vissi, að hann hafði ekið sendibifreið sumarið 1974. Kristján Viðar féllst á að sjá um þá hlið málsins.

Kristján Viðar sagðist geta útvegað sendibifreiðina og hafa tök á að koma spíranum í umferð. Þá hringdi ákærði í mann nokkurn, sem ákærði kveður hafa fengist við vínsölu. Spurði ákærði manninn um verð á spíritus: Sagði maðurinn, að þriggja þela flaska af 96 % spíritus, blönduðum til helminga með vatni, væri seld á 2.000 krónur.

Ákærði kveðst hafa hringt í Landssímann og fengið upplýsingar um símanúmer Geirfinns. Kveðst hann skv. lögregluskýrslunni hafa skrifað það á miða, sem hann hafi látið Guðjón fá. Ákærði hringdi síðan heim til Geirfinns og spurði eftir honum. Barn kom í símann og sagði, að Geirfinnur væri ekki heima. Ákærði kveðst muna, að hann hafi rætt eitthvað meira við Guðjón um ferðina til Keflavíkur. Hann hafi sagt honum, að Land Rover bifreið hans væri ekki í lagi, og hafi þá verið afráðið að fá bifreið í bílaleigu. Ákveðið hafi verið að fara til Keflavíkur að kvöldi næsta dags. Sagðist Guðjón annað hvort verða heima hjá sér eða á Lambhóli við Starhaga. Ákærði og Erla héldu að því búnu á brott.

Um hádegisbilið hinn 19. nóvember kveður ákærði þau Erlu hafa farið á bílaleiguna Geysi. Hittu þau þar að máli mann þann, sem annaðist reksturinn, en ákærði kveðst ekki muna nafn hans. Þau höfðu áður fengið bifreiðar á leigu hjá manni þessum og þekktu hann. Ákærðu fengu á leigu Volkswagen bifreið, ljósbláa að lit. Enginn skriflegur samningur var gerður, en ákærði lét manninn hafa 5.000 krónur í peningum. Ákærði kveðst hafa stungið upp á því við manninn að hafa þennan hátt á, en ákærði hafði áður fengið bifreið á leigu á bílaleigunni með þessu móti. Erla ók bifreiðinni síðan inn á Hjallaveg, og var bifreiðin skilin þar eftir. Ákærða er ekkert minnisstætt, hvað gerðist þennan dag fram til kl. 1830; þegar þau Erla fóru að Grýtubakka 10, þar sem þau borðuðu kvöldverð hjá móður ákærða. Skömmu áður en ákærði fór að Grýtubakka 10, kveðst hann hafa hringt til Keflavíkur í Geirfinn Einarsson, en þó geti verið, að það hafi verið eftir að hann kom þangað. Ákærða minnir, að einhver annar en Geirfinnur hafi komið í símann og kallað á Geirfinn, en í lögregluskýrslunni segir ákærði, að sig minni, að Geirfinnur hafi sjálfur komið í símann. Ákærði kveðst hafa minnst á samtalið í Klúbbnum við Geirfinn og spurt hann, hvort hann vildi hitta sig við Hafnarbúðina í Keflavík klukkan hálf tíu eða tíu um kvöldið. Ákærði sagðist vera með peningana með sér, en nefndi ekki neina upphæð. Geirfinnur féllst á þetta. Ákærði sagði sem áður, að hann hétí Magnús Leópoldsson.

Um kl. 2000 um kvöldið fóru ákærði, Erla og móðir ákærða á kvikmyndasýningu á Kjarvalsstöðum og voru þar, uns sýningunni lauk. Áður en ákærði fór á brott, talaði hann við Kristján V iðar og sagði Kristján Viðar, að allt væri í lagi með sendibifreiðina. Þegar kvikmyndasýningunni á Kjarvalsstöðum var lokið, óku þau Erla móður ákærða heim til hennar, en síðan ók Erla á Hjallaveg, og var þar skipt um bifreið. Því næst héldu þau rակleitt vestur á Ásvallagötu heim til Guðjóns. Guðjón var ekki heima, og óku þau að Lambhóli við Starhaga. Guðjón var þar og eitthvað fleira fólk, og er ákærða sérstaklega minnisstæður Rafn Guðmundsson. sem hann kannast smávegis við. Guðjón var á gulri Fiat bifreið, og fór ákærði í bifreiðina til hans. Héldu þeir í bifreiðinni á Vatnsstíg, en þar hafði verið ákveðið að hitt-

ast. Erla kom ein á Volkswagen bifreiðinni. Ákærði kveður geta verið, að Guðjón hafi komið við á Ásvallagötu, áður en haldið var á Vatnsstíginn. Erla var komin á staðinn á Volkswagen bifreiðinni, þegar þeir komu á Vatnsstíginn. Guðjón lagði bifreiðinni hægra megin á móts við Dún- og fiðurhrensunina á Vatnsstíg, en Erla hafði lagt hinum megin á götunni. Ákærði fór því næst að Laugavegi 32 og sótti Kristján Viðar. Páll Konráð kom til dyra að Laugavegi 32, er hann knúði þar dyra. Fór hann og sótti Kristján Viðar, en í lögregluskýrslunni hafði ákærði sagt, að Kristján Viðar hafi beðið tilbúinn á ganginum. Kristján Viðar sagðist hafa verið farinn að bíða eftir ákærða. Kristján Viðar var klæddur í leðurjakka, brúnan eða svartan, og var með loðskinnshanska á höndum. Ákærðu fóru rակleitt niður á Vatnsstíg. Þegar þeir komu þangað, hafði Guðjón sest undir stýri í Volkswagen bifreiðinni, en ákveðið hafði verið, að hann æki bifreiðinni til Keflavíkur. Erla sat í aftursætinu, beint fyrir aftan Guðjón. Ákærða minnir, að þeir Kristján Viðar hafi Best inn í Volkswagen bifreiðina, Kristján Viðar í aftursæti, en ákærði í framsæti við hlið ökumanns. Ákærði kveðst hafa séð sendiferðabifreið af Mercedes Benz gerð á Vatnsstígnum, en man ekki alveg, hvenær það var. Ákærði og Kristján Viðar fóru til ökumannsins, sem var Sigurður Óttar Hreinsson, frændi Kristjáns Viðars. Ákærði kveður þá Kristján Viðar hafa rætt við Sigurð óttar um ferðina til Keflavíkur og hvert ætti að aka, þegar þangað kæmi. Ákærði er helst á því, að þeir hafi ætlað að hitta Sigurð Óttar við einhverja „sjoppu“ í Keflavík og hafi jafnvel Hafnarbúðin verið nefnd í því sambandi. Ákærði telur, að ekki hafi verið minnst á Dráttarbrautina, áður en til Keflavíkur kom, en þó kunni það að hafa verið. Sendiferðabifreiðinni hafi verið ekið á brott á undan. Ákærði kveður geta verið, að maður hafi verið með Sigurði Óttari, en er ekki viss um það.

Í lögregluskýrslunni greinir ákærði frá því, að þegar hann var á leið að Volkswagen bifreiðinni á Vatnsstígnum ásamt Kristjáni Viðari, áður en lagt var af stað til Keflavíkur, hafi Sigurður Óttar komið á sendibifreiðinni og stöðvað nokkru neðar á Vatnsstígnum. Sendibifreiðin, sem hann ók, hafi verið gul Mercedes Benz og eigandi hennar verið strákur, sem bjó neðarlega á Rauðalæk, og minnir ákærða, að hann hafi átt þrjá sendibíla.

Af Vatnsstígnum var ekið niður á Skúlagötu, síðan suður Snorrabraut og þaðan inn á Reykjanesbraut áleiðis til Keflavíkur. Verið geti, að bensín hafi verið tekið í Hafnarfirði, en ákærði er þó ekki viss um það. Ákærði kveður aldrei hafa verið minnst á það að beita Geirfinn líkamlegu ofbeldi. Þeir hafi rætt um það að „pressa“ hann, ef hann yrði neikvæður, og eins geti verið, að ákærði hafi sagt, að þeir skyldu sýna Geirfinni fulla hörku, ef hann væri með einhverja „stæla“, en ákærða hafði fundist hann áhugalítill, þegar hann ræddi við hann í símann. Þetta þýddi þó ekki, að ákveðið hefði verið að beita neinu líkamlegu ofbeldi. Ákærði hafði meðferðis 70.000 krónur í peningum, sem hann var reiðubúinn að láta Geirfinn fá, ef hann veitti upplýsingar um geymslustað spírans, en ákærði taldi, að verið gæti, að um nokkur hundruð lítra væri að ræða. Ákærði kveðst ekki vita nákvæmlega um tímann, þegar til Keflavíkur kom, en telur, að klukkan hafi verið orðin vel rúmlega tíu. Ákærði man, að stöðvað var á einhverri bensínafgreiðslustöð í Njarðvíkum eða Keflavík. Var Sigurður Óttar kominn þangað, og ræddu þeir Kristján Viðar við hann. Var Sigurði Óttari sagt að fara í Dráttarbrautina. Sigurður Óttar virtist þekkja til í Keflavík og vita, hvar Dráttarbrautin var. Hann ók á brott á undan þeim. Þau óku síðan eftir aðalgötunni í Keflavík. Ákærði man ekki eftir neinu sérstöku á leiðinni eftir aðalgötunni, en eitthvað fólk var þar á gangi. Ákærði minnst þess ekki að hafa sagt meðákærðu að beygja sig niður af ótta við, að lögreglan stöðvaði þau, þar sem um bílaleigubifreið var að ræða. Þó geti það verið.

Í lögregluskýrslunni segir ákærði, að hann hafi sagt meðákærðu að beygja sig niður, þegar þau óku eftir aðalgötunni, af framangreindri ástæðu og hafi þau gert það.

Þessu næst var ekið að Hafnarbúðinni og nokkuð Fram hjá henni. Var numið þar staðar, og fóru þeir Kristján Viðar úr bifreiðinni. Héldu þeir inn í Hafnarbúðina til að svipast um eftir Geirfinni, en sáu hann ekki. Ákærði keypti eitthvað í búðinni og minnir, að það hafi verið Viceroy vindlingar. Ákærði kveðst muna eftir því, að stúlkurnar, sem afgreiddu í Hafnarbúðinni, voru í bláum sloppum. Ákærðu fóru síðan út úr Hafnarbúðinni. Þeir svipuðust um eftir Geirfinni, en sáu hann ekki og héldu að bifreiðinni. Því næst var ekið í gegnum Keflavík og niður í Dráttarbraut. Var verið að svipast um eftir Sigurði Óttari, sem Kristján Viðar ætlaði að ræða við, og eins töldu ákærðu, að þar mundi spírinn vera geymdur. Numið var staðar ofan við Dráttarbrautina. Þeir Kristján Viðar fóru þar út úr bifreiðinni, en Guðjón sneri henni við á meðan.

Samkvæmt lögregluskýrslu fundu ákærðu Sigurð Óttar, þar sem hann beið neðarlega í Dráttarbrautinni. Kristján Viðar talaði við hann og sagði honum að bíða. Ákærði er ekki viss um, hvort hann hafi talað við Sigurð Óttar þarna.

Engin mannaferð var í Dráttarbrautinni, en bátur var þar við bryggju, að ákærða minnir. Síðan var Best aftur inn í bifreiðina og ekið til baka eftir aðalgötunni. Numið var staðar við „sjoppu“, og fór ákærði úr bifreiðinni til að hringja í Geirfinn. Margt fólk var í „sjoppunni“, og hætti ákærði við að hringja, og var ekið aftur að Hafnarbúðinni. Þar lét ákærði Kristján Viðar hafa miða með nafni Geirfinns og símanúmeri. Bað hann ákærða Kristján Viðar að fara í Hafnarbúðina og hringja þaðan í Geirfinn. Geti verið, að hann hafi sagt við Kristján Viðar að segja Geirfinni að koma einum að Hafnarbúðinni og vera gangandi.

Í lögregluskýrslunni fullyrkti ákærði þetta. Hann hefði verið búinn að segja Geirfinni áður í síma að koma gangandi og einnig að þau mundu verða á ljósblárri Volkswagen bifreið.

Kristján Viðar fór síðan inn í Hafnarbúðina. Hann kom aftur eftir skamma stund. Sagðist hann hafa náð sambandi við Geirfinn og mundi hann koma. Ákærði kveður geta verið, að Kristján Viðar hafi sagt, þegar út kom, að Geirfinnur hafi spurt um, hvort Maggi væri þarna. Kristján Viðar settist inn í bifreiðina á sama stað og áður. Skömmu síðar varð ákærði var við, að Geirfinnur kom að bifreiðinni. Kallaði ákærði til hans „Geiri“, og svaraði Geirfinnur játandi. Ákærði opnaði síðan bifreiðina. Fór Geirfinnur inn í hana og settist í aftursæti fyrir aftan ákærða, eða hægra megin við hliðina á Kristjáni Viðari. Síðan var ekið um bæinn og farið að ræða um viðskiptin. Geirfinnur var þögull og lagði lítið til málanna. Ákærði kveðst hafa orðað það við Geirfinn að fara á kyrrlátan stað og ræða málín. Geirfinnur virtist ekkert hafa á móti því og gerði enga tilraun til að komast út úr bifreiðinni. Geirfinnur virtist ekki gera sér ljóst, um hvað ákærði var að tala. Hafði ákærði þá á tilfinningunni, að hann væri að hugsa málið. Þegar niður í Dráttarbrautina kom, var numið staðar. Sagðist ákærði vera með 70.000 krónur og sýndi Geirfinni peningana. Ákærði bað hann að sýna sér, hvar spírítusinn væri geymdur. Geirfinnur virtist ekki átta sig á þessu eða vera að hugsa málið. Ákærði rétti honum peningana, og tók hann við þeim. Ákærði spurði Geirfinn nánar um spírítusinn. Hann sagðist ekki neitt vilja með þetta hafa. Ákærði minnst þess ekki, að Geirfinnur hafi haft orð á því, að hann vildi kaupa af þeim spírítus, en þó megi það vel vera. Ákærða fannst Geirfinnur snúa út úr því, sem ákærði var að spyrja hann um.

Í lögregluskýrslunni segir ákærði, að Geirfinnur hafi snúið út úr og gefið í skyn, að hann vildi kaupa spírítus, að ákærða skildist. Í lögregluskýrslunni kveðst ákærði hafa sagt Geirfinni, að hann gæti greitt honum meiri peninga; ef hann vildi, og sýnt honum fram á, að þetta væru viðskipti. Hann hafi þá farið að vera með hávaða og hent peningunum á gólfið og viljað komast út úr bifreiðinni. Ákærði Guðjón hafi stöðvað bifreiðina.



Ákærði kveðst nú hafa opnað hurð bifreiðarinnar. Fór ákærði fyrst út ásamt Guðjóni, en síðan Geirfinnur og Kristján Viðar. Minnir ákærða, að hann hafi tekið peningana upp af gólfi bifreiðarinnar, rétt eftir að Kristján Viðar fór út úr henni. Erla varð eftir í bifreiðinni.

Geirfinnur ætlaði nú að ganga burt, en Guðjón hafi þá tekið í öxlina á honum og spurt hann að því, hvort þeir ættu ekki að ræða betur saman. Geirfinnur sagði þá: „Ég þekki Sigurbjörn og ykkur hina í Klúbbnum“. Skildist ákærða á þessu, að Geirfinnur tryði því, að þeir væru í einhverjum tengslum við Klúbbinn. Ákærði og Kristján Viðar voru til hliðar við Geirfinn. Spurði Kristján Viðar hann að því, hvort ekki hefði verið búið að ræða þetta í Klúbbnum. Geirfinnur svaraði því ekki, en hrinti Kristjáni Viðari frá sér. Kristján Viðar sló þá Geirfinn, en ekki veit ákærði, hvar höggið kom. Ákærði sló Geirfinn í andlitið, en hann hratt ákærða frá sér, og datt ákærði aftur fyrir sig. Ákærði stóð strax á fætur og réðst aftur á Geirfinn, en hann stjakaði honum frá. Á meðan hafði Kristján Viðar slegið Geirfinn nokkur högg í magann. Guðjón tók einnig þátt í þessu. Sló hann til Geirfinns, og ákærði sá einnig, að hann tók á Geirfinni hálstak. Kristján Viðar tók því næst Geirfinn haustaki aftan frá með hægri handlegg. Ákærði kveðst því næst hafa gripið spýtu, um 70 cm á lengd, sem lá þarna. Barði hann Geirfinn með henni eitt högg, er lend framan á fótunum um hnén. Ákærði fleygði því næst spýtunni. Ákærði var orðinn hræddur og hætt að lítast á þetta. Hann sá, að Kristján Viðar var búinn að breyta um hálstak á Geirfinni og var kominn til hliðar við hann. Ákærði kveður Guðjón hafa eitthvað tekið þátt í þessu, en nánar um það man ákærði ekki, og hann er ekki viss um, hvort Guðjón barði hann með spýtunni. Ákærði kveðst að þessu leyti breyta skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglu. Ákærði kveðst þó muna, að Guðjón hafi haldið á spýtunni í hendinni og reitt til höggs, en ekki sá hann, hvort hann sló Geirfinn eða hvar höggið lenti, ef svo hefur verið.

Í lögregluskýrslunni segir ákærði: „Er hér var komið, sá ég, að Guðjón var kominn með spýtuna í hendurnar. Ég sá hann slá Geirfinn nokkur högg með henni, fyrst í fætturna og síðan í mjaðmirnar“.

Ákærði man, að einhvern tíma í átökunum var Geirfinnur eitthvað að reyna að rífa í Kristján Viðar með annarri hendinni. Tók þá ákærði í hönd Geirfinns, og man ákærði sérstaklega, að Kristján Viðar sagði eitthvað á þessa leið við Geirfinn: „Vertu rólegur maður“.

Ákærði fór nú til Erlu, sem var komin út úr bifreiðinni. Hún var taugaóstyrk og vildi, að þau færu burtu. Ákærði sagði henni, að hún skyldi fara ein, og fékk henni 5.000 krónur fyrir leigubifreið til Reykjavíkur. Ákærði sagði við Erlu, að maðurinn væri alveg óður eða eitthvað á þá leið, en skv. lögregluskýrslu hafði hann sagt, að það þýddi ekki að róa manninn niður.

Erla fór því næst á brott. Ákærði sá ekkert til Sigurðar Óttars, en telur hugsanlegt, að hann hafi séð átökin. Ákærði sneri sér nú aftur til meðákærðu og Geirfinns. Lá þá Geirfinnur á hliðinni á jörðinni. Guðjón stóð yfir honum og hafði kastað frá sér spýtunni. Kristján Viðar var álútur yfir Geirfinni að þukla á honum og sagði, að hann væri dauður. Ákærði tók á púlси Geirfinns og fann engan æðaslátt og taldi Geirfinn látinn. Ákærði kveðst ekki geta gert sér ljóst, hvað varð Geirfinni að bana. Ákærði sá blóð eða skrámur á vinstra gagnauga og kjálka Geirfinns. Einnig sá hann svartan blett eins og mar á hálsi Geirfinns, sem gæti þó hafa verið mold. Ákærði sá ekki aðra áverka á Geirfinni.

Ákærði kveður átökin við Geirfinn hafa gengið mjög hratt fyrir sig og hafi verið erfitt að átta sig á einstökum atriðum. Ákærði man eftir, að mikill æsingur var, á meðan á átökunum stóð, en ekki man hann eftir því, að Geirfinnur hrópaði á hjálp. Ákærði heyrði stunur frá Geirfinni, og var eins og hann tæki út. Ákærði kveðst ekki geta gert sér ljóst, hvað átökin stóðu lengi, en honum fannst þau standa

stutt. Þegar ákærðu höfðu athugað Geirfinn og þeim virst hann látinn, sagði Guðjón við ákærða: „Náðu í Erlu“. Ákærði kvaðst hafa kallað á Erlu, en hún ekki svarað. Ákærði gekk aftur til Guðjóns, og sagði Guðjón þá við hann: „Finndu hann“. Ákærði leitaði að Erlu, en fann hana ekki. Ákærði man, að Kristján Viðar sagði: „Hvað eigum við að gera?“ Var þá farið að ræða um, hvort skilja ætti lík Geirfinns eftir. Ákærði taldi það ekki óhætt vegna hættu á, að fingraför kynnu að finnast. Ákærðu skoðuðu enn líkið og fullvissuðu sig um, að Geirfinnur væri látinn.

Ákærðu tóku lík Geirfinns og settu það í aftursæti bifreiðarinnar. Ákærðu létu líkið sitja uppi, og hallaðist það aðeins út á hlið. Var kápa Erlu breidd yfir það. Að því búnu héldu ákærðu á brott. Ákærðu skildu spýtuna eftir, sem Geirfinnur hafði verið barinn með. Guðjón ók bifreiðinni, og sat ákærði við hlið hans, en Kristján Viðar sat í aftursætinu hjá líkinu. Erla hafði gleymt kápu og veski í bifreiðinni. Óttuðust þeir, að henni yrði kalt og eins að -hún kynni að lenda í höndum lögreglunnar. Hófu þeir því leit að henni og óku nokkuð um nágrennið. Leitin bar ekki árangur, og héldu þeir áleiðis til Reykjavíkur. Erla sagði ákærða, að hún hefði verið í auðu húsi í Keflavík um nóttina. Ákærði kveðst ekki hafa lagt trúnað á það og telur, að hún hafi verið hjá einhverju fólki. Þegar ákærði var að leita að Erlu í Dráttarbrautinni, sá hann, að Kristján Viðar fór að sendibifreiðinni til Sigurðar Óttars. Sagði Kristján Viðar Sigurði Óttari að aka á brott. Ákærði kveðst ekki hafa fylgst með ferðum Sigurðar Óttars eftir þetta. Ákærði kveður þá Kristján Viðar hafa rætt við Sigurð Óttar að Grettisgötu 82 skömmu eftir ferðina til Keflavíkur. Ákærði man ekki nákvæmlega, hvenær þetta var, en hann man, að þeir lögðu að honum að þegja yfir ferðinni. Ákærði telur, að Sigurður Óttar hafi vitað um átökin við Geirfinn, en ákærði er viss um, að hann átti engan þátt í þeim og kom þar ekki nærri, að því er ákærði skýrir frá í lögregluskýrslu.

Ákærði telur, að Sigurður Óttar hafi vitað um, að lík Geirfinns hafi verið flutt að Grettisgötu 82, og skildist honum á Kristjáni Viðari, að hann hefði aðstoðað hann við að búa um lík Geirfinns.

Í niðurlagi lögregluskýrslunnar, sem ákærði undirritaði, segir svo: „Það skal tekið fram, að missögnin, sem kemur fram í skýrslunni varðandi sendiferðabílinn, er vegna þess, að Sævar Marinó ætlaði að halda honum og öikumanni hans utan við mál þetta“.

Á leiðinni til Reykjavíkur voru ákærðu að tala um, hvað gera ætti við lík Geirfinns. Var rætt um að koma því fyrir einhvers staðar í hrauninu á leiðinni, grafa það úti á Álftanesi eða jafnvel að setja það í hitaveitustokk uppi í Mosfellssveit. Man ákærði, að það var Guðjón, sem nefndi hitaveitustokk. Í þessu sambandi var minnst á það, að varasamt gæti verið að fara með líkið í gegnum Kópavog vegna lögreglueftirlits. Endirinn á þessu varð sá, að líkinu var ekið heim til Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82. Var bifreiðinni ekið inn í sundið á bak við húsið, líkið tekið þar úr henni og borið inn í þvottahús í kjallara. Áður en ákærði fór úr bifreiðinni, tók hann veski og kápu Erlu. Líkið var sett inn í geymslu í kjallaranum. Ákærði man, að geymslan var læst og að Kristján Viðar sprengdi upp læsinguna. Ákærði kveður gólfdragil eða eitthvað þess háttar hafa verið sett yfir líkið.

Geirfinnur var að sögn ákærða klæddur í kuldaúlpu, mittissíða. Hann var dökklæddur, en nánar man ákærði ekki um klæðaburð hans. Ákærði sá ekki, að nein verðmæti væru tekin af líki Geirfinns. Hann hefur þó heyrt, að Kristján Viðar hafi tekið veski Geirfinns og einhvern penna. Ákærði man ekki, hvort Kristján Viðar sagði honum þetta eða hvort hann heyrði þetta síðar.

Þegar líkinu hafði verið komið fyrir, fóru ákærðu upp í íbúð Kristjáns Viðars og ræddu saman um stund. Ákváðu þeir að hittast daginn eftir til að ræða, hvað gera ætti við líkið. Guðjón fór fljótlega á brott, og telur ákærði, að hann hafi farið á Volkswagen bifreiðinni.

Þegar ákærðu voru komnir heim til Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82 um nóttina, var hringt. Ákærði sá ekki, hver hringdi, en telur, að það hafi verið Sigurður Óttar, þar sem hann bjó að Grettisgötu 82 í sama herbergi og Kristján Viðar. Ákærði minnst þess ekki að hafa séð Sigurð Óttar um nóttina að Grettisgötu 82.

Ákærði man ekki nákvæmlega, hvar hann var um nóttina. Hann man þó, að hann var fyrst hjá Kristjáni Viðari, en síðan fór hann út og ráfaði eitthvað um.

Morguninn eftir fór hann heim til sín á Hjallaveg í leigubifreið, og var Erla þá komin heim. Ræddu þau saman um það, sem gerst hafði. Erla sagðist hafa verið í auðu húsi í Keflavík um nóttina, en síðan hafi hún getað náð í bifreið til Reykjavíkur.

Ákærði hitti Guðjón á Mokka við Skólavörðustíg eftir hádegi, en þeir höfðu mælt sér mót þar. Ræddu þeir um, hvað gera ætti við líkið. Nefndi Guðjón ýmislegt, sem kæmi til greina, sem ákærði man ekki nánar um. Ákærði man þó, að hann nefndi enn hitaveitustokk í Mosfellssveit, en Guðjón hafði unnið við hitaveituframkvæmdir þar.

Ákærðu voru einir, þegar þeir ræddu um þetta, og veit ákærði ekki til, að neinn hafi heyrt það, sem þeim fór á milli. Guðjón fékk ákærða lykla að Volkswagen bifreiðinni á Mokka. Um kvöldið ók Erla bifreiðinni, sem stóð á Vatnsstíg, að bílaleigunni Geysi, og var ákærði með henni. Skildi hún lykllana eftir í bifreiðinni.

Síðla dags hinn 21. nóvember fóru þau ákærði og Erla á Land Rover bifreið þeirra að Bergþórugötu 27 til Bjarna Þórs Þorvaldssonar. Fengu þau Bjarna Þór til þess að stilla bensínjölf bifreiðarinnar. Ákærði hafði farið með kápu Erlu heim til þeirra á Hjallaveg. Var ákærði í kápunni, þegar þau fóru til Bjarna Þórs. Ákærði man, að svartir blettir voru í kápunni, en hún hafði verið utan um Geirfinn í bifreiðinni, og telur ákærði, að um blóðbletti hafi verið að ræða. Ákærði gleymdi kápunni heima hjá Bjarna Þór, en sátti hana nokkrum dögum síðar og henti henni í sorptunnu að Bergþórugötu 27. Þau Erla höfðu mælt sér mót við Kristján Viðar og fóru heim til hans á bifreiðinni. Ákærðu höfðu nokkra viðdvöl hjá á meðákærða, en fóru að því búnu heim til Guðjóns vestur á Ásvallagötu. Höfðu þau rætt við hann um það, að hann tæki þátt í að flytja lík Geirfinns. Guðjón kom með skóflu. Ákærði sá skóflu þá, sem fylgir gögnum málsins. Hann kveðst ekki geta staðhæft, að um sömu skóflu sé að ræða, en hún er nokkuð áþekkt skóflu þeirri, sem Guðjón kom með.

Var nú haldið að Grettisgötu 82. Erla ók bifreiðinni inn í sundið á bak við húsið. Fóru þau síðan upp í íbúðina til Kristjáns Viðars. Síðan fóru þau niður í kjallara og inn í geymsluna, þar sem líkið var geymt. Búið var að vefja utan um líkið plastdúk og einhverju fleiru og binda utan um. Þeir settu eitthvað meira utan um líkið, svo að auðveldara væri að bera það út. Ákærðu báru síðan líkið út úr kjallaranum og komu því fyrir í Land Rover bifreiðinni. Hurð er aftan á bifreiðinni, og var líkið sett þar inn í hana. Auk skóflu þeirrar, sem Guðjón lét í té, kom Kristján Viðar með malarskóflu og haka. Kristján Viðar hafði meðferðis plastbrúsa með bensíni. Ákærði kveðst ekki geta sagt um, hvenær var lagt af stað upp í Rauðhóla, en nokkuð var liðið á kvöldið. Ákærði tekur þó fram, að hann álíti, að klukkan hafi verið orðin um 2000. Erla ók bifreiðinni, en ákærði og Guðjón sátu í framsæti, og sat Guðjón næst

Erlu. Ekki var höfð viðkoma á leiðinni og sé það ekki rétt, að bensín hafi verið tekið á plastbrúsann. Þegar upp í Rauðhóla kom, var ekið hægra megin út fyrir veginn og eftir afleggjara. Var staðnæmst, er ekið hafði verið nokkurn spöl. Ákærði kveðst vera margbúinn að benda á stað þann, sem líkið var grafið, og halda fast við framburð sinn um það. Ákærði sá ljós frá bifreiðum á aðalveginum, en hins vegar sá hann ekki ljós frá neinum húsum. Ákærðu hjálpuðust að því að grafa gryfju. Gryfjan var aflöng og gæti ákærði trúað, að hún hafi verið um einn metra að dýpt. Jarðvegurinn var grýttur, og þurfti að nota hakann. Erla tók ekki þátt í greftinum, en horfði á. Þegar gryfjan var tilbúin, tóku þeir lík Geirfinns út úr bifreiðinni og settu það í hana. Var bensíninu úr brúsanum síðan hellt þarna í kring og kveikt í. Ákærði kveðst ekki vera viss um, hvort hann hafi kveikt í líkinu, en það hafi verið gert og hafi Kristján Viðar átt hugmyndina að því að nota bensínið. Ákærði kveðst hafa fundið, að vond lykt gaus upp. Þegar eldurinn var útbrunninn, mokuðu þeir ofan í gryfjuna og sléttuðu yfir. Síðan setti Kristján Viðar steina yfir. Líkið var grafið við hól, sem var mjög brattur.

Ákærði kom þarna aftur í ágúst eða september árið eftir ásamt Erlu. Þau töldu sig finna staðinn, þar sem líkið var grafið, en leituðu ekki nákvæmlega. Ákærði kveður þau hafa farið á staðinn vegna þess, að Erla hafi sagt honum, að hún hefði farið þangað með Kristjáni Viðari og einhverjum öðrum manni, sem hún þekkti ekki. Hafi þau grafið upp lík Geirfinns og flutt það síðan á einhvern stað við vatn inni í Heiðmörk, þar sem þau hafi komið því fyrir. Ákærði kveðst ekki hafa tekið mark á því, sem Erla sagði um flutning þennan. Ákærði tekur Fram, að þau Erla hafi verið hætt að búa saman á þeim tíma. Ákærði kveðst ekki í annan tíma hafa komið á stað þann, sem lík Geirfinns er grafið, fyrr en eftir að mál þetta komst upp, og geti hann ekki gefið frekari upplýsingar um, hvar það sé grafið.

Í lögregluskýrslunni frá 9. desember greinir ákærði í sumum atriðum öðruvísi frá þessu. Hann kveður Kristján Viðar hafa verið að Grettisgötu 82, þegar þau Erla komu þangað framangreindan dag á Land Rover bifreiðinni, enda hafi þeir verið búnir að ákveða að hittast. Muni þetta hafa verið milli kl. 1500 og 1600. Erla hafi farið upp í íbúð Kristjáns Viðars og beðið þar, -neðan þeir færðu lík Geirfinns yfir í þvottahúsið beint á móti geymslunni, þar sem þeir vöfðu einhverju „tau“ utan um það. Þeir hafi síðan borið líkið úti Land Rover bifreiðina. Voru tvær skóflur í bifreiðinni, sem Guðjón var búinn að lána þeim. Þau hafi síðan ekið áleiðis upp í Rauðhóla, en á leiðinni hafi verið tekið bensín á fimm lítra plastbrúsa, sem þau voru með.

Þegar líkið var komið í gröfina, sem þeir tóku, hafi þeir hellt bensíninu yfir það, ákærði síðan kveikt á eldspýtu og hent henni á. Þetta hafi orðið allt eitt eldhaf um leið. Erla stóð þarna rétt hjá og horfði á þetta. Guðjón hafi ekki komið nærri þessum flutningi. Þetta hafi brunnið illa og eldurinn dofnað fljótlega. Mjög vond lykt hafi komið upp og þeir þá farið að moka ofan í og slétta alveg yfir. Sumarið 1975, líklegast í júlilok, fóru þau Erla aftur þarna upp eftir til að vita, hvort þau fyndu staðinn. Töldu þau sig finna hann.

Hinn 12. júlí 1977 ritaði ákærði Sævar Marinó dóminum svohljóðandi bréf:

„Ég undirritaður gæsluvarðhaldsfangi í Síðumúla vil koma eftirfarandi á framfæri við sakadóm Reykjavíkur.

Varðandi svonefnt Geirfinnsmál þá vil ég skýra frá því, að farið var með lík Geirfinns Einarssonar frá Keflavík eftir atburðina þar 19. nóvember 1974 eftir Keflavíkurveginum og beygðum síðan inn á Krýsuvíkurvegin og ókum síðan til vinstri að öskuhaugum Hafnarfjarðar. Líkinu var komið þar fyrir í kanti við öskuhaugana, bíldekk og drasl látið yfir. Af hættusamt þótti að fara með það til Reykjavíkur.

Framburður varðandi Rauðhóla er rangur svo og geymslu á Grettisgötu. Erla nefnir Rauðhólana fyrst í samprófun fyrir ári síðan og gaf mér merki um að tala um stað þar sem við ókum um sumarið 1975. Kristján Viðar átti uppástunguna með öskuhaugana og virtist þekkja þarna til og vissi um hentugan stað þarna. Guðjón ók bílnum og var líkinu komið fyrir á stað, sem ég benti nú nýverið Jónasi Bjarnasyni, rlm. á. Guðjón Skarphéðinsson lagði mikla áherslu á það við mig, að skýra ekki frá staðnum þar sem líkið var falið. Við hittumst á Mokka daginn eftir og talaði Guðjón þá um, að það myndi koma mér illa ef ég myndi kjafta frá málinu. Erla var búin að segja mér að skýra frá Rauðhólunum bæði með miðum sem ég fékk frá henni í Síðumúla og í samprófun í júlí í fyrra. Taldi ég þetta vera samráð hennar og Guðjóns, en ég ímyndaði mér, að þau hefðu mikið samráð meðan Erla var laus og mér gefið það í skyn. Þessu óska ég hér með að koma á framfæri og vil veita alla hugsanlega aðstoð, sem í mínu valdi stendur til þess að lík Geirfinns Einarssonar finnist".

Hinn 5. september sl. barst dóminum skýrsla frá ákærða um nokkra viðburði dagana 15.-21. nóvember 1974.

Ákærði staðfesti fyrir dómi, að hann hefði skrifað skýrslu þessa og að hún væri rétt.

Í skýrslunni greinir svo frá ferðum ákærða eftir kl. 1700 sunnudaginn 17. nóvember og dagana 18.-21. sama mánaðar árið 1974: „Sunnudagur nóvember 17. 1974.

#### Klukkan sirka

Til móður minnar í mat	10.	Grýtubakka	17.
Í sjoppu	11.	Kleppsveg	22.45
Rafn Guðmundsson	12.	Lambhól	23.15
Förum að sofa	13.	Hjallaveg	01.

10. Í kvöldmat hjá mömmu og spiluðu gamlar plötur, sem ég á frá árinu 60 og láum upp í rúmi.

11. Lögreglan að snuðra í kringum bifreiðina. Tók upp númerið af jeppanum að ég held. Köluðu í talstöð.

12.

13. Í heimsókn, drekka te, spjalla saman, förum svo heim.

Mánudagur nóvember 18. 1974.

#### Klukkan sirka

Út í búð kaupa í matinn	1.	Hjallaveg	10
Kvikmynda	2.	Örfisey	13.15
Mokkkaffi	3.	Skólavörðustígur	15.45

Geimir hleðslan	4.	Laugarvegur	16.45
Skila geimi	5.	Bergþórugötu	17.15
Skila ská yfir nagra teip	6.	Kirkjuteig	18.30
Við skila við strákana	7.	Bergþórugötu	19.30
Kokk húsið	8.	Lækjargötu	20.30
Það er efa mál	9.	Ásvallagötu?	
Sænsk bíó mynd	10.	Háskólabíó	21
Forum að sofa	11.	Hjallaveg	01
			02

2. Kvikmynda. Birtan var síbreitleg að mér tókst illa fá það sem mig vantaði.

3. Í kaffi hitti ég Gilfa Gíslason, teinara og málara. Hann hafði mikinn áhuga á nagra teipið. Hann var um tíma með þætti í útvarpinu og tæknimaður varð að hafa teipið. Það leiddist honum.

4. Náðum í geimi ur hleðslu og skiluðum geimi til

5. Bjarna á Bergþórugötu. Þórsteinn hálf bróðir Bjarna og Sigurður Bárðarson ásamt Bjarn fórum að keira um bæinn.

6. Ég skilaði skrá af nagra teipinu til Vilhjálms, sem ég fekk lánað. Á meðan fór Erla og strákarnir í sjoppu voru freka leingi og voru leið að bíða fyrir utan, þega ég var að ræða við Vilhjálmm og foru í sjoppu.

7. Kvöðum strákana.

8. Fengum okkur að borða.

9. Myndin fjallaði um skrifstofu fólk sem heldur skemtun fyrir jolin á skrifstofunni sem verður eitt fillirí. Kona sem starfar á skrifstofuni sem er gift og á börn fer að heiman í veisluna og sefur hjá starfs félaga. (Fó3k sem er inn um kvort annað dags daglega teingist hvor öðru tilfinningalega). Hun kemur heim um dagsbirtu og hún og maðurinn hentar ræðast rólega saman. Bæði óunægð og eftirsjá. Það þarnast tilbreitingu. Myndin endar. Úr bíó heim.

Þriðjudagur nóvember 19. 1974.

Klukkan sirka

Förum á lappir og borðum	1.	Hjallaveg	12
Vilhjálmur Knúdsen	2.	Kirkjuteig	14.30

Karnabær bíla leiga

Geysir	3.	Laugarveg	15.15
Tvær skóbúðir	4.	Laugarveg	15.40
Húsamiðlun	5.	Laugarveg	16
Matvöruvezlun	6.	Klappastíg	17
Mokka kaffi	7.	Skólavörðustíg	17.50
Keira móður mina	8.	Laugarveg	18
Að Grýtubakka	9.	Breiðholt	18.30
Matvæli	10.	Hjallaveg	19.15
Breiðhalt	11.	Grýtubakki	19.45

2. Spjalla við Vilhjálm um filmu sendingu, Teknsk adriði. Hann sagði að seinasta syning væri á myndinni Eldur í Heimaey og væri að hugsa um að sýna myndina vís vegar um landið ásamt öðrum myndum og fá einhvern mann sem mindi treista sér til þess. En hann væri önum kafin í klippingu. Þegar ég var að fara kom Ósval heitin Knúdsen heilsuðumst og ég kvadi.

3. Skoðum plötur hittum Guðmund bíla leianda.

4. Keipti leður sígvel á Erlu fyrir hlið plötu vezlun Fálkan.

5. Maðurinn sem leigði Erlu var ágeingur og Erla vildi að ég útvegaði sér húsnæði. Við rifumst svo við ætluðum að hætta búa saman. En það var ekki einfalt að fá húsnæði.

6. Nátturulækninga búðin. Itölsk epli (ný kominn) hunang, sítronur, brauð, ost, hrisgrjón, hvítlauk, banana, það man ég minsta kosti.

7. Kaffi eða kakó spjalla við vini.

8. Keira móður mína úr vinnu.

9. Borðum að Grýtubakka. Ég vildi gleðja móður mína að bjóða henni á Kjarvalsstaði því hún fer aldrei neitt og það var seinasta sýning á Heymaeyja myndinni.

10. Förum með matvæli á Hjallaveg. 11. Og með mömmu á Kjarvalsstaði. Þriðjudagur nóvember 19. 1974.

Klukkan sirka.

Ill fánlegt bílastæði 1. Að Kjarvalsstöðum 20

Mjög svo þétt lagt.

Á plani hjá Smjörlíkisgerðinni 2. Bílastæði 20:05

Biðröð mikil	3.	Andiri	20.10	
Talsver af fólki	4.	Inn í húsið	20.12	
í litlum sal	5.	Skugamyndir	20.20	
Fyrir framan sýningarsal	6.	Hitti folk	20.30	
Við á sýningu	7.	Önnur sýning	20.50	
Vill ég bjóða mömm í				
kaffi	8.	Að loknu sýningu	21.45	
Töluverður spoti	9.	Út að bíl	22	

1. Það var mikil aðsókn og öll bílastæði full við Kjarvalsstaði, svo við lögðum bílnum á bílastæði.
2. Hjá Smjörlikisgerð og Ofnasmiðju, efst á plani Ölgerðar. 3. Þegar við komum að andiri er mikil biðröð.
4. Þegar við komum inn er sýning hafin. Sýning var í suður sal, sem var skift til helminga og sýnt var í SSV hluta, ég giska á 60 sæti.
5. Við skugamynda sýningu í litlu herbeki í SA. Þar var þétt setið. Það voru landslags myndir í stlæt.
6. Ég hitti Vilhjálmi fyrir raman sýninga sal en sýning fór fram fyrir luktum dirum, eg kinnnti móður mína Vilhjálmi og konu hans og Ósveld heitin Knúdsen. Fyrir aftan Vilhjálmi sá ég Kristján Pétursson. Vilhjálmur var ánægður með aðsQknina sem mér skildist að hann ekki beinlínis búist við.
7. Geingið út og inn um sókmu dir syninga sal. Við vorum nálágt sýningar vélinni.
8. Að loknu sýningu bauð eg mömmu í kaffiteríuna þar sem lá ekkert á, en mamma sagði að hún væri orðinn sein í köldskamptin út af sykursíkinni.

Þriðjudagur nóvember 19. 1974. Sýning á Kjarvalsstöðum.

1. Eldur í Heimaey sýning hefst 8.05
2. Sýnínartími sirka 35 mínódur.
3. Geingið út og inn um sömu dir á sýninga sal.
4. Fullt hús af fólki.

Tíma sírking

1. Sýning hefst klukkan 20.05
2. Firsta sýning lokið 20.40



- 3. Út og inn tími sirka 15 mínódur 20.55
- 4. Önnur sýning lokið 21.30
- 5. Út úr sal spá í kafi 15 mín. 21.45
- 6. Sest upp í jeppan 22.00

Það voru þrjár eða fjórar sýningar um kvöldið frá klukkan 20.05.

Skugamyndir voru fyrir þá sem voru að bíða.

Ég dreg úr tímonum að ég held en ég tel tímasirkun mín sé mjög nálægt að vera rétt.

Þriðjudagur nóvember 19. 1974.

Klukkan sirka

- Í íbúð hjá móður minni 1. Grýtubakka 22.10
- Horfi á sjónvarpið 2. Sjónvarpið 22.40
- Ég og Erla förum heim 3. Hjallaveg 22.55
- Tek leigubíl 4. Langholtsveg 23.05
- Sef í íbúð móðir minnar 5. Grýtubakka 23.20

24

1. Feingum kaffi ég og mamma röbбуðum saman um myndina, móðir mín var ánægð með sýninguna. Erla var í fúlu skapi henni fanst ég ekki bera nóu mikla virðingu fyrir sér.

2. Ég fekk mér í glas .það var frétakvikmynd frá Fraklandi ef ekki erlend málefni í umsjá Soniu Dijékó ég held að það hfi verið sami fréta maður sem talaði vikuna áður um Chile og Alendes, Haraldur ólafsson, sagt var frá rauðvín svindli hjá stóru vín fyrirtæki í Fraklandi. Sýnd var af hvítum tank bílum sem var verið að dæla vín í. Belgar og þjóðverjar sem höfðu keipt stóra vin farma færu í storlegt skaðabóta mál. Svikið var að mig minnir að rauðvínið var ekki látið gerjast og var blandað með alkahóli upp í vissan stirkleika. Aðrir vin framleiðendur voru hrædir að missa sína samninga við erlend ríki sökum þess máls og var spáð að vin framleiðsla minndi dragast saman í Fraklandi. Það má vera að Árni Bergman hafi verið þulur í þætinum einig.

3. Ég og Erla að Hjallaveg við rífumst og ég fer burtu og verðum viðskila.

4. Stoppa leigu bíl og fer upp í Breiðholt til mömmu minnar. 5. Svaf þar um nóttina. Fékk mér to og ristað brauð í morgun mat og fór til Ásgeirs Friðjónssonar.

Miðvikudagur nóvember 20. 1974.

Klukkan sirka

- Fer á lappir fær mér að borða Grýtubakka 9

Ávana- og fíknifja dómstoll	Lögreglustöðin	10
Hitti Erlu og sætast	Hjallaveg	12
Umsóknar eiðublað	Loftleiðum	15
Mokka kaffi	Skólavörðustíg	15.30
Húsamiðlun	Hvervisgötu	16
Á sýningu	Gamla Bíó	17
Rafn og Þurrí	Lambhól	19
Þöll sjoppa	Þíngholtstræti	19.30
Heimilislegt kvöld	Hjallaveg	20

1. Ræða við Ásgeir Friðjonsson dómara hvort þeir hafi hringt í Vilhjálm Knúdsen og verið að spurja um mig.
2. Borða og stlapa af og spila plötur.
3. Erla sækir um vinnu á skrifstofu Loftleiða. 4. Drekka kaffi eða kakó og spjala við kuningja.
5. Íll fáannlegt husnæði. Hús í Kópavogi að vísu gult að lit sem við höfðum ekki áhuga :á.
6. Ég man það ekki greinilega hvaða mynd það var. Gétur verið Billy the Kid, 2001, Norðurskaut svarar ekki.
7. Við stopuðum stutt þau voru tvö heima. Ég var að hugsa um að fá Þurrí einhvern tíman að talc texta inn á nagra teip. Erla sat út í bílá meðan.
8. Vió keiftum finnskan eplasafa og ostkokur í pokum sem er uppblásið eins og pákorn.
9. Það segjir sig sjálft eins og geingur og gerist. Fimmtudagur nóvember 21. 1974.

Klukkan sirka

Förum á lappir og borðum	Hjallaveg	11
Filmu þöntun 1.	Kirkjuteig	14
Í kakki 2.	Grytubakka	14.30
Sjónvarpið 3.	Laugarveg	15.30
Stilla bílinn 4.	Bergþórugötu	16.30
Húsa miðlun 5.	Laugarveg	17.30
Borða	Hjallaveg	18
Í kakki hittum hina 6.	Skólavörðustíg	19.45

Bíllinn var staðsetur

við Hegningarhús	7.	Bergstaðarstræti	
Horól mynd	8.	Hafnar bíó	21
Viðskila við hinna	9.	Miðbær	22.40
Kvikmynda rabb	10.	Kirkjuteig	23
Förum að sofa	11.	Hjallaveg	01
		02	

1. Vilhjálmur að klippa mynd. Ég spurði hann um filmu sendingu sem hann átti von á. Ég stopaði stet.
2. Amma mín var hjá móður minni að ég best man.
3. Erla sótti filmu úr framköpun 200 fet. Þessi var tekin um vorið að Guðrun Gúsladóttur leikkona tók af mér og Guðjóni S. og Ólafi Stefensen við kirkjuna á Kirkjuteig.
4. Ég bað Bjarna að stilla :ganginn í bílnum.
- 5: Það var ekkert húsnaeði að fá Erla bákkaði upp.
6. Eftir mat á Hjallavegi forum við á Mokka kaffi. Hittum þar Hinrik Jón Þórisson sem vildi að við færum saman í bíó. Hinrik sagði að Páll Konráðsson og Kristján V. V. á Laugarvegi 32 hafi pint ofan í hann tvo pakka af blómsturdufti.
8. Mig minnir að það hafi verið Frankistæn en ég géf slíkum myndum frekar lítinn gaum. Hun hét að ég hld Entialok Frankistæn.
9. Keirðum hinna niðrí bæ.
10. Vilhjálmur sagði mér frá mynd sem hann hugðist géra. Frá Vilhjálmi fórum við heim í bólið".

Samkvæmt skýrslu þessari kveðst ákærði hafa farið frá Kjarvalsstöðum um kl. 2200 að kvöldi 19. nóvember 1974. Ákærði var nánar spurður um þetta í dóminum 13, september sl., og kvaðst hann halda fast við það. Ákærða var bent á, að þetta væri ekki í samræmi við framburð hans fyrir dómi svo og bréf, sem hann ritaði dóminum 12. júlí sl.

Ákærði heldur því nú fram, að allur framburður sinn í málinu sé rangur og byggður á srigusögnum rannsóknarlögreglumanna og hafi þróast upp með rannsókn málsins. Hann hafi aldrei farið til Keflavíkur að kvöldi 19. nóvember 1974 og kannist ekki við að eiga þátt í hvarfi Geirfinns Einarssonar. Hann hafi aldrei séð Geirfinn.

E. Ákærði Kristján Viðar Viðarsson var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglunni hinn 23. janúar 1976 vegna gruns um, að hann væri viðriðinn eða vissi um hvarf Geirfinns Einarssonar.

Ákærði skýrði svo frá, að hann teldi sig ekki viðriðinn eða vita um hvarf Geirfinns. Hitt sé annað, að hann hafi eins og fleiri fylgst með því í fjölmiðlum, þegar lýst var eftir Geirfinni og verið var að rannsaka hvarf hans.

Ákærði taldi, að hann hefði ekki komið til Keflavíkur nema tvisvar um ævina, fyrra sinnið þegar hann var um 13 ára gamall, en hitt skiptið gæti hafa verið einhvern tíma um það leyti sem Geirfinnur á að hafa horfið. Á þeim tíma var hann að öllu jöfnu mikið undir áhrifum ýmiss konar lyfja, bæði örvandi og róandi, þó aðallega róandi, en var aftur á móti lítið undir áhrifum áfengis, enda var honum ráðlagt af lækni að láta áfengisdrykkjuna eiga sig. Vegna þessarar óhóflegu lyfjanotkunar sé minni; sitt frá síðari hluta árs 1974 mjög áljóst á köflum. Ákærði kvaðst muna eftir því, að einhvern tíma að kvöldlagi hafi hann farið upp í stóra sendibifreið af þeirri gerð, sem ýmist er notuð til vöru- eða fólksflutninga. Að hann best man, gerðist þetta á hak við samkomuhúsið Klúbbinn við Borgartún hér í borg. Ákærði getur ekki gert sér grein fyrir, hvers vegna hann fór inn í þessa bifreið, en eitt sé hann viss um, að hann hljóti að hafa þekkt einhvern eða einhverja, sem í bifreiðinni voru, annars hefði hann ekki farið inn í hana. Hann geti því ekki, að minnsta kosti ekki enn sem komið er, sagt um, hverjir hafi verið í bifreiðinni auk sín, en fleiri menn hafi verið í henni. Bifreið þessi gæti vel hafa verið af Mercedes Benz tegund með gluggum aftur eftir hliðunum og, að ákærði heldur, fremur dökk að lit. Þessari bifreið var ekið út úr borginni, að ákærði telur til Keflavíkur. Ákærði er ókunnugur í Keflavík og getur því ekki sagt um, hvert þar var ekið, en hann man það, að bifreiðin var stöðvuð rétt við sjó. Ákærði heldur, að bifreiðin hafi verið stöðvuð til hliðar við stórt hús eða skemmu, sem ábyggilega var ekki íbúðarhúsnæði, verslunar- eða skrifstofuhúsnæði. Framan við bygginguna var sjórinn í svolítilli fjarlægð, og man ákærði eftir að hafa séð þar fram á að minnsta kosti eina bryggju úr steinsteypu. Lýsing var ekki góð þarna, engir ljósastaurar, heldur kom birtan frá ljósum á þeirri hlið fyrrnefndrar byggingar, sem að sjónum snýr. Ákærði telur sig hafa séð aftan á nokkuð stóran bát, að hann heldur stálbát, en ekki getur hann gert sér fyllilega grein fyrir, hvort hann var á sjó eða stóð á landi. Við bryggjuna var að minnsta kosti einn bátur, mjög lítill, ekki með neina yfirbyggingu, að ákærði heldur. Ákærða finnst eins og einhver hreyfing hafi verið á þeim báti, eins og hann væri um það bil að koma að bryggjunni eða fara frá henni. Tvær aðrar bifreiðar að minnsta kosti voru þarna á staðnum, og voru það hvort tveggja fólksbifreiðar. Ákærði er ekki viss um tegund eða lit þessara bifreiða, en önnur fannst honum vera Volga, Datsun eða Mercedes Benz. Fólk var við bifreiðarnar, að ákærða minnir nokkrir karlmenn og einn kvenmaður. Sumir karlmannanna voru eldri en ákærði. Ákærði telur sig hafa séð þarna tvo menn að minnsta kosti, sem hann bar kennsl á. Annar var ákærði Sævar Marínó, en hinn Einar Bollason. Sævar Marínó þekkti ákærði vel, en Einar hafði hann oft séð á myndum, en þekkti hann ekki persónulega. Þá telur ákærði sig hafa séð þarna Erlu Bolladóttur, systur Einars. Karlmennirnir virtust vera eitthvað að ræða saman. Ákærði man ekki eftir að hafa farið út úr bifreiðinni. Hann man ekki frekar eftir atvikum þarna á staðnum eða ferðinni aftur til Reykjavíkur. Hann man eftir því, að sjávarmálið beggja vegna bryggjunnar var mól, en ekki steinsteypt eða malbikað. Frekar kveðst ákærði ekki geta tjáð sig um þetta mál, að minnsta kosti ekki að sinni, en hugsast geti, að atvikunni að rifjast betur upp fyrir sér síðar. Ákærði getur ekki fullyrt um, hvort þessi atburður eða ferðalag var um það leyti, sem farið var að lýsa eftir Geirfinni, en telur það vel hugsanlegt.

Í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni hinn 27. janúar kveðst ákærði muna betur eftir málsatvikum, þegar hann kom á framangreindan stað, sem hann telur hafa verið í Keflavík.

Hann kveðst nú hafa farið ásamt fleirum út í bátinn, sem var við bryggjuna. Hann heldur, að þetta hafi verið stærri bátur en hann skýrði frá í fyrri skýrslu, því að þilfar hafi verið á honum. Ákærði man hins vegar ekki fyrir víst, hvort á honum var lítið stýrishús eða lúkar. Bátinum var siglt frá bryggjunni og stefnt á haf út. Ákærði man eftir, að þá voru á bátinum þeir ákærði Sævar Marínó, Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson, Einar Bollason og að minnsta kosti einn enn, sem hann þekkti ekki.

Ákærða var sýnd ljósmynd af manni, sem honum var sagt, að hafi heitið Geirfinnur Einarsson, og telur hann sig vissan um, að hún sé af manni þeim, sem hann þekkti ekki. Ákærði vill ekki fullyrða, hver stjórnaði bátnum. Í landi urðu eftir þau Erla Bolladóttir, Valdimar Olsen og að hann heldur maður, er hann nafngreindi. Ákærði kveðst þekkja Huldu, systur Valdimars Olsen, þau hafi verið bekkjarsystkin eitt sinn í skóla og hafi hann oft komið heim til þeirra að Framnesvegi 61 hér í borginni. Þekkti hann því Valdimar vel í sjón, en ekki persónulega. Ákærði hefur oft komið í veitingahúsið Klúbbinn og séð þar Magnús Leópoldsson. Þekkir ákærði hann því í sjón, en ekki persónulega. Sigurbjörn Eiríksson telur ákærði sig einnig þekkja í sjón, en ekkert frekar, nema hann veit, að hann muni vera eigandi Klúbbsins. Ákærði heldur, að hann þekki mann þann, er hann nafngreindi, í sjón, en er ekki viss um það og getur því ekki sagt um með vissu, hvort hann var þarna. Ákærði heldur við nánari umhugsun, að önnur fólksbifreiðin, sem var við bryggjuna, hafi verið Fiat, en hin Mercedes Benz. Fiat bifreiðin var rauð að lit og ökumaður hennar Einar Bollason, en hver ók hinni fólksbifreiðinni, er hann ekki viss um. Ákærði telur, að Valdimar Olsen hafi ekið sendibifreiðinni.

Ákærði er ekki viss um, -hve langan tíma sjóferðin tók, en giskar á 1 -2 klst. Hann getur ekki gert sér grein fyrir, hvert siglt var, enda er hann ókunnugur, en siglt hafi verið að einhvers konar „bauju“ eða dufli. Við þetta var fest varningi, sem í ljós kom, að var áfengi. Var það á flöskum, sem voru í plastpokum, og í stórum plastbrúsum. Þetta var einhvern veginn bundið saman og segl utan um, en annars sá hann ekki vel fráganginn á þessu eða man ekki betur um það. Þessi varningur var tekinn í bátinn, og heldur ákærði, að flestir hafi hjálpast að við það, m. a. tók hann þátt í því. Að því búnu var haldið til lands á ný.

Meðan á þessari sjóferð stóð, urðu átök í bátnum. Ákærði man ekki fyrir víst, hvort þau urðu á útleiðinni eða á leiðinni í land aftur. Í þessum átökum áttust við annars vegar maður sá, sem hann þekkir sem Geirfinn, og hins vegar þeir Einar, Sigurbjörn og Magnús. Ákærði blandaði sér eitthvað í þessi átök Geirfinni til aðstoðar. Einar ýtti ákærða til hliðar og skipaði honum að skipta sér ekki af þessu. Ákærði veit ekki, hver voru upptök eða ástæðan fyrir þessum átökum. Ákærði getur ekki lýst átökunum náíð, en Geirfinnur var sleginn í höfuðið. Heldur ákærði, að Einar hafi gert það og Sigurbjörn tekið Geirfinn hálstaki. Ákærða minnir, að báturinn hafi hægt ferðina, meðan á átökunum stóð, eða jafnvel stöðvast. Hann varð þess ekki var, að Sævar Marinó tæki þátt í þeim. Eftir átökin lá Geirfinnur á þilfarinu úti við borðstokkinn og bærði ekki á sér. Bátsverjarnir, að ákærðu undanskildum, fóru nú að ræða eitthvað saman, sem ákærði heyrði ekki, enda var honum bersýnilega ekki ætlað að heyra það, sem rætt var. Eftir átökin var ákærða sagt, að hann skyldi þegja yfir þeim, en ella hafa verra af. Man hann ekki betur en það hafi verið Sigurbjörn, sem sagði þetta við hann.

Þegar að landi kom aftur, voru bifreiðarnar þar fyrir og, að hann heldur, það fólk, sem varð eftir í landi. Var nú hafist handa um að setja varninginn upp á bryggjuna og inn í sendibifreiðina, og man ákærði ekki betur en Geirfinnur, sem va innpakkaður í plast, hafi farið sömu leið. Þegar því var lokið, var lagt af stað til Reykjavíkur. Ákærði er ekki viss um, hvaða bifreið lagði af stað fyrst, en minnir þó, að það hafi verið sendibifreiðin, sem hann vat í. Ekið var til Hafnarfjarðar, að ákærði best man, og þar að einhverju húsi, en ákærði getur ekki að svo komnu máli gert sér ákveðið grein fyrir, hvaða hús það vat. Ákærði heldur, að ekki hafi verið staðið þar við nema stutta stund, og fór hann ekki út úr bifreiðinni á meðan. Ákærði minnst þess ekki, að neitt hafi verið tekið þar úr bifreiðinni. Síðan vat ekið hingað til borgarinnar, og heldur ákærði, að ökuferðin hafi endað við samkomuhúsið Klúbbinn við Borgartún. Hann fór strax burt og hélt niður á Laugaveg 32. Ákærði sá ekki Sævar Marinó við Klúbbinn, þegar þeir komu þangað. Hann kveðst ekki geta sagt um, hvað gert vat við farminn í

sendibifreiðinni. Ákærði kveðst ekki hafa rætt ferðalag þetta við neinn þátttakanda í því frá því það var farið, ekki einu sinni við þau Sævar Marínó og Erlu, enda hafi hann haft mjög lítil samskipti við þau síðan.

Í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögrelunni hinn 10. febrúar voru ákærða sýndar ljósmyndir af 16 mönnum, sem rannsóknarlögrelan taldi hugsanlegt, að komið gætu við sögu varðandi förina í Dráttarbraut Keflavíkur og bátsferð þaðan hinn 19. nóvember 1974.

Ákærði telur sig þekkja fyrir víst 5 af þeim mönnum, sem myndir voru af, það er Valdimar Olsen, Einar Bollason, Sigurbjörn Eiríksson og maður að auki, er ákærði nafngreindi. Hinn fimmta þekkti ákærði ekki með nafni, en honum vat sagt, að það væri Geirfinnur Einarsson. Ákærði sagði sem áður, að þeir Valdimar, Einar, Sigurbjörn og Geirfinnur hefðu allir verið í tengslum við ferðina til Keflavíkur og bátsferðina. Geirfinnur hafi farið í bátsferðina og einnig Sigurbjörn, en ákærði er ekki alveg eins viss um, hvar þeir Einar og Valdimar voru, en er þó viss um, að þeir voru í Keflavík þennan dag.

Í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögrelunni hinn 2. mars kvaðst ákærði vilja breyta öllum fyrri framburðum sínum í máli þessu. Lýsi hann því yfir, að þar hafi hann farið með algerlega rangt mál. Hann hafi aldrei farið í þessa Keflavíkurferð og ekki í nokkra bátsferð þaðan. Ákærði tók heldur aldrei þátt í því að flytja nokkurt áfengi þaðan eða annars staðar að hingað til borgarinnar eða varð sjónarvottur að nokkrum átökum, sem hugsanlega gætu verið tengd hvarfi Geirfinns Einarssonar. Ákærði kveðst því í rauninni enga hugmynd hafa um, hvernig hvarf Geirfinns hafi borið að höndum, og sér vitanlega hafi hann aldrei augum litið þann mann. Vitneskja sín um hvarf hans sé eingöngu fengin úr fjölmiðlum frá þeim tíma, sem Geirfinns var saknað, og svo hafi hann vafalaust ekki komist hjá því að heyra kjaftasögur eins og aðrir.

Ákærði kvaðst litlar skýringar geta gefið á því, hvers vegna hann hefði sagt það, sem eftir sér er haft í fyrri framburðum sínum í máli þessu: Þegar hann var spurður um, hvort hann vissi eitthvað um Geirfinnsmálið og hvort hann hefði farið til Keflavíkur, hafði hann verið töluvert miður sín, slappur á taugum, eins og það er kallað, því að allt umtalið um atburðinn í Hafnarfirði varðandi Guðmund Einarsson hefði fengið töluvert á sig. Ákærði kveðst hreinlega hafa búið til í huga sér algerlega söguna um það, hvernig hann hafi farið til Keflavíkur og hvernig „staðhátum þar hefði verið hagað“. Þetta hafi hann gert algerlega á eigin spýtur, en geti ekki, eins og hann hefur fyrr sagt, gert sér grein fyrir hvers vegna. Ákærði kveðst aðeins í upphafi hafa verið spurður um vitneskju sína varðandi „Geirfinnsmálið“ og ferð til Keflavíkur. Ferðinni og staðhátum hafi hann lýst sjálfstætt.

Næst þegar skrifleg skýrsla hafi verið tekin af sér, hafi hann skýrt nánar frá atburðum og nefnt ýmis mannanöfn. Þá hefði honum verið sagt, að fleiri hefðu skýrt frá þessari Keflavíkurferð og hann hefði heyrt ýmis nöfn, án þess þó að þau hefðu „við mig verið sett í samband við þessa ferð“. Ákærði heldur, að það hafi verið ástæðan fyrir því, að hann kom með þessi mannanöfn, en hann þekkti reyndar alla eða flesta þá menn í sjón eða nánar. Ákærði getur ekki frekar gert grein fyrir því, hvaða hvatir lágu að baki því, að hann gaf þessar röngu upplýsingar.

Í þriðja sinn, sem skrifleg skýrsla var tekin af honum, hafi honum verið sýndar ljósmyndir af nokkrum karlmönnum. Ákærði þekkti þar „myndir af 4 mönnum með nafni“. Hann taldi sig þekkja þann fimmta, en þó ekki vita, hvað hann hét. Það sé rétt, að þessa fjóra þekki hann að minnsta kosti í sjón og hafi gert rétta grein fyrir, hvernig hann þekkti þá. Ákærði hafði aldrei séð mann þann, sem fimmta myndin var af, og kveðst hann enga grein geta gert fyrir, hvers vegna hann þóttist þekkja hann, þótt

ekki væri með nafni. Sama sagan var með aðrar þær myndir, sem hann taldi sig kannast við. Hann viti ekkert, af hverjum þær séu, og hafi bent á þær aðeins af handahófi.

Ákærði kveðst að sjálfsgöðu gera sér ljóst, að það sé mjög alvarlegt athæfi, sem hann hafi gerst sekur um með þessum framburðum sínum, en nú hafi hann skýrt algerlega rétt frá atburðum.

Ákærði kveður sér hafa verið tjáð, að Sævar Marinó og Erla hafi borið það, að hann og þau hafi verið í þessari Keflavíkurferð, en á þeim framburðum kunni hann enga skýringu aðra en þá, að þau fari þar með alrangt mál.

Hinn 9. mars mætti ákærði til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni. Ákærði kveðst mjög hafa hugsað málið, síðan skýrslan var tekin af honum 2. mars, og komist að þeirri niðurstöðu, að hún sé ekki með öllu rétt. :Sér hafi hér verið tjáð, að Erla 13olladóttir haft sagt hann hafa kornið í bifreið á Vatnsstíg kvöldið sem hann á að hafa farið til Keflavíkur. Þegar honum hafi verið bent á þetta atriði, hafi rifjast ýmislegt upp fyrir sér. Hann kveðst nú muna greinilega eftir því, að hann, hafi að kvöldi til Best upp í fólksbifreið, sem stóð á Vatnsstíg á milli Laugavegar og Hverfisgötu. Bifreið þessi hafi snúið frá Laugavegi, það er niður brekkuna, og kom ákærði aftan að bifreiðinni. Ákærði settist inn í aftursæti bifreiðarinnar, sem hann minnir, að hafi verið fremur lítil og þröng, en vill þó ekki fullyrða um það. Í framsæti bifreiðarinnar hafi setið Sævar Marinó, kunningi hans, en Erla í aftursætinu; að hann heldur; og hafi hann Best við hlið hennar. Ákærði vill ekki fullyrða um, hver sat undir stýri bifreiðarinnar, en telur sig hafa kannast við hann. Ekið hafi verið út úr borginni og ökuferðin endað í eða við dráttarbraut, sem ákærði er nú algerlega viss um, að er Dráttarbraut Keflavíkur. Það hafi verið farið með sig öðru Sinni í: Dráttarbrautina í Keflavík og þá í myrkri. Sé hann alveg viss um, að það sé staður sá, sem hann fór á í bifreiðinni af Vatnsstígnum. Ákærði fór út úr bifreiðinni í eða við Dráttarbrautina, og það gerði Sævar Marinó einnig. Ökumaðurinn fór og út, en um Erlu er hann ekki viss. Fleiri menn voru þarna fyrir, þegar þau komu á staðinn. Ákærði vill ekki fullyrða, hve margir þeir voru, en heldur, að þeir hafi verið þrír. Ákærði man mjög óljóst eftir atburðum í Dráttarbrautinni og getur ekki munað eftir því að hafa farið á bátsferá eða hafa séð bát þarna við bryggju. Aftur á móti kveðst hann hafa þekkt bryggjuna við Dráttarbrautina aftur, þegar hann sá hana í myrkri, og einnig kannast við, hvernig sjálfst svæðið sé upplýst, þegar hann hafi séð það. Ákærði kveðst muna það orðið greinilega, að einhver maður hafi sagt sér að bíða uppi við bát, sem stóð uppi í Dráttarbrautinni, og hann hafi staðið í skugganum við bátinn. Ákærði kveðst muna, að hann hafi ætlað eitthvað að færa sig úr stað, en þá hafi maður komið á móti honum og sagt honum að vera kyrrum. Þessi bátur var nokkuð ofan við bryggjuna, en hann sá til mannaferða efst á bryggjunni. Hvað frekar gerðist þarna, getur hann ekki enn sem komið er munað, nema -hvað hann man, að um það bil sem hann var að fara af staðnum, hafi hann hlaupið yfir Dráttarbrautina og muni eftir að hafa stokkið yfir lágu, steypu garðana, sem liggja þvert á brautina og bátarnir standa á. ;Bifreiðin hafði verið stöðvuð rétt fyrir ofan og þarna hafi einnig verið önnur bifreið, sem hann man ekki hvernig var. Þá man ákærði það, að um það bil sem farið var úr Dráttarbrautinni, hafi menn dreift sér eitthvað eins og ætti að leita einhvers, og hann man eftir að hafa séð út úr bifreiðinni kletta í sjó fram, eins og eru til hliðar við Dráttarbrautina. Ákærði kveðst ekki geta munað, hvaða fólk fór með honum aftur hingað til borgarinnar. Ákærði kveðst ekki geta gert sér grein fyrir, hvað verið var að aðhafast í Dráttarbrautinni, nema hann er alveg viss um, að það varðaði við lög. Ákærði man eftir því, að þegar ekið var á brott þaðan, sat hann í aftursæti bifreiðar, hallaði sér fram á við og spurði, „hvort okkur yrði nokkuð blandað í þetta“. Ákærða var svarað, að svo yrði ekki. Ákærði er alveg viss um, að honum var mikið í men, að honum yrði ekki blandað í eitthvað, sem hann man ekki, hvað var, en hefur

örugglega varðað við lög. Persónulega heldur ákærði, eða öllu heldur finnst, að þetta ferðalag hafi eitthvað staðið í sambandi við spíritus, þótt hann muni það ekki.

Ákærði treystir sér ekki til þess að segja til um, hverjir voru staddir í Dráttarbrautinni þessa nótt auk hans og Sævars Marinós, en er viss um, að hann þekkti eða kannaðist þar við fleiri, þótt hann geti ekki sem stendur munað, hverjir það voru. Þegar mennirnir dreifðust um það bil sem þau voru að fara, hafi einn mannanna sagt við sig skipandi á þá leið, „að ég skyldi grípa hann, ef hann flygi fram hjá mér“. Kveðst ákærði muna, að honum hafi ekkert fundist þetta skrítið, og hafi því vafalaust vitað, við hvern var átt. Hann man þá ekki, hver þetta átti að vera frekar en hann man eftir öðrum mönnum þarna á staðnum.

Nafnið Geirfinnur segi sér ekkert í þessu sambandi, að minnsta kosti ekki enn sem komið er. Ákærði man ekki eftir að hafa heyrt neinar sögur um það, á hvern hátt Geirfinnur gæti hafa horfið, nema að hann heyrði einu sinni Sighvat Andrés�on, samfanga sinn á Litla-Hrauni, segja, að hann hefði séð Geirfinn og Eirík Sigurbjörnsson ganga eftir gangi á 2. hæð Klúbbsins og vera að tala saman. Eiríkur þessi muni vera sonur eiganda Klúbbsins. Sighvatur sagði ákærða, að Eiríkur hefði síðar lent í einhverjum vandræðum í sambandi við hvarf Geirfinns. Annað hefði hann ekki heyrt um hvarf þessa manns nema það, sem hann las í blöðunum.

Í nóvember 1974 kveður ákærði hafa mátt heita, að hann héldi alveg til í húsinu nr. 32 við Laugaveg hér í borg. Á þeim tíma neytti hann lyfja í miklu óhófi og var minni hans því mjög slæmt með köflum, líkt og eftir mikla áfengisdrykkju. Ákærði man best eftir atvikum, ef hann hugsar sérstaklega um þau, og ef honum er bent á einhver atriði, þá er eins og minnið skýrist.

Hinn 18. mars var ákærði yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglunni að eigin ósk.

Ákærði kvaðst hafa töluvert hugsað um ferðina til Keflavíkur, síðan skýrsla var síðast tekin af honum. Ákærði vill ekki fullyrða það, en sér finnst endilega, að þarna í Dráttarbrautinni hafi verið auk ákærðu Valdimar Olsen og stórvaxinn maður, töluvert mikill á velli. Finnst sér endilega, að maður þessi hafi verið Einar Bollason, þó hann vilji ekki að svo komnu máli fullyrða um það. Ákærði man ekki nánar enn um ferðina sjálfa til Keflavíkur eða aftur hingað til borgarinnar. Hann man, að eitthvað var sett í bifreið þá, sem hann kom með aftur þaðan, en hann telur ekki, að um hafi verið að ræða sömu bifreið og hann fór í suður eftir. Það var ekki lík, sem var sett í bifreiðina, en einhver varningur, og aðstoðaði hann eitthvað við að koma honum fyrir. Hann getur ekki enn áttað sig á, hvaða varningur þetta var. Þá telur hann sig muna eftir Sigurbirni Eiríkssyni í Dráttarbrautinni, en vill ekki fullyrða um návist hans frekar en hinna tveggja, sem hann hefur nafngreint. Maðurinn, sem honum finnst hafa verið Einar Bollason, sagði við hann, að hann ætti ekkert að vita um það, sem gerst hefði þarna í Keflavík. Einnig sagðist maður þessi vita, hvers konar maður ákærði væri og hann ætti að gleyma öllu, sem þarna hefði farið fram.

Ákærði kvað það algerlega víst, svo sem hann hefur áður greint frá, að Sighvatur Andrés�on hefði sagt sér eitt sinn að Litla-Hrauni, að hann hefði séð þá Geirfinn Einarsson og Eirík Sigurbjörnsson saman í Klúbbnum, örfáum dögum áður en sá fyrrnefndi hvarf, þótt honum væri bent á, að Sighvatur vildi ekki kannast við að hafa sagt honum þetta.

Hinn 31. mars kom ákærði fyrir dam hjá Erni Höskuldssyni fulltrúa. Framburður ákærða var á þessa leið:



„Mættur segist muna eftir því, að á þeim tíma, sem hann bjó á Laugavegi 32, að þá hafi hann eitthvert sinn farið upp í bifreið á Vatnsstíg. Mættur segist ekki muna, hvernig bifreið þetta var, og man ekki, hvert bifreiðinni var ekið. Mætta minnir, að er hann settist inn í bifreiðina, að þá hafi hann sest á pels Erlu Bolladóttur, um leið og hann settist hjá henni. Mættur man eftir að hafa gengið niður Vatnsstíg -og sest hægra megin inn í bifreiðina. Mættur segir, að Sævar hafi annað hvort verið þarna í öðrum bíl eða komið úr öðrum bíl yfir þennan. Mættur man ekki, hvert var ekið.

Mættur kveðst muna örugglega eftir sér í Dráttarbrautinni í Keflavík. Kveðst mættur hafa farið út úr bíl ásamt bílstjóranum og gengið niður í móti, og mættu þeir þar manni, sem skipaði mættum að stands undir bát, sem stóð þar á þurru landi niður í slippnum: Mættur kveðst tvisvar hafa ætlað að fara að rölta um, en sér hafi verið skipað að vera kyrr. Mættur kveðst muna eftir að hafa verið að stökkva yfir einhverja búkka, þegar hann var að hraða sér í áttina að bílnum. Mættur kveðst muna eftir, að verið var að setja einhvern varning í farangursgeymslu bifreiðar. Kveðst mættur hafa starfað að þessu, og man mættur eftir að hafa verið ávítaður fyrir ódugnað af manni, sem mættur kveðst vera viss um, að hafi verið Einár Bollason. Mættur segir, að sér finnist, að maðurinn, sem hann gekk með niður í slippinn, hafi verið Valdimar Olsen. Þá kveðst mættur hafa séð tvo menn stands á bryggjunni. Finnst mættum endilega, að annar maðurinn hafi verið Sigurbjörn Eiríksson.

Mættur kveðst mans eftir að hafa séð þarna fleiri menn, sem þó voru dreifðir um svæðið og verið á hlaupum að húsi, sem stendur þarna við slippinn.

Mættur segir, að skýrslur hans frá 23. og 27. janúar og 10. febrúar séu ekki sannleikanum samkvæmar. Hann hafi skáldað þessar skýrslur upp til þess að fá frið fyrir fangavörðum og lög-reglumönnum, en mættur kveðst hafa verið orðinn mjög slæmur á taugum á þessum tíma vegna stöðugra yfirheyrsla og vegna máls Guðmundar Einarssonar.

Mættur kveðst muna eftir því, að er ekið var brott úr Dráttarbrautinni, þá hallaði hann sér yfir framsæti bifreiðarinnar og spurði Sævar, að því er mætti telur, hvort þeim yrði nokkuð blandað í þetta. Kveðst mættur hafa verið æstur, þar sem honum hafi ekki verið ansað strax. Mættur segir ítrekað aðspurður, að hann muni auk Erlu og Sævars örugglega eftir, að umrætt sinn hafi verið í Dráttarbrautinni Einar Bollason, Valdimar Olsen og Sigurbjörn Eiríksson.

Mættur kveðst þó ekki vilja fullyrða, að Erla Bolladóttir hafi verið þarna stödd".

Ákærði kom aftur fyrir dóm hjá Erni Höskuldssyni fulltrúa 1. apríl. Framburður ákærða var á þessa leið:

„Mættur segir, að frá því hann kom síðast fyrir dóm, hafi ýmislegt rifjast upp fyrir sér varðandi atburðina í Dráttarbraut Keflavíkur. Þannig kveðst mættur muna eftir, að einhverjir menn voru að slá einhvern, og var sá maður alblóðugur í framan, og virtist mættum hann vera hálfmáttfarinn. Mættur man eftir að hafa spurt, hvers vegna mennirnir létu mann þennan ekki í friði og hvað hann hefði gert þeim. Var mættum sagt að skipta sér ekki af þessu. Mættur kveðst muna eftir, að maður þessi reyndi að flýja undan mönnum, og minnir mættan, að honum hafi verið sagt að grípa hann, ef hann kæmi þarna fram hjá. Mættur segir, að maðurinn hafi náðst í sjálfum slippnum fyrir ofan fjöruna. Mættur segir, að maðurinn hafi verið dökkhærður og einhvers staðar á milli þrítugs og fertugs. Mættur kveðst muna eftir einhverju vélarskrölti þarna á staðnum, en kveðst ekki geta gert sér grein fyrir því, frá hverju þessi hávaði stafaði".

Hinn 6. apríl kom ákærði fyrir dóm hjá Erni Höskuldssyni. 1?ómarinn bókaði eftirfarandi:

„Dómarinn getur þess, að fram hafi farið sakbending, þar sem Kristján Viðar Viðarsson sá Einar Bollason í hópi manna. Skoðaði Kristján Viðar fyrst baksvip mannanna, en síðan andlit þeirra. Kristján Viðar kvaðst þekkja baksvip Einax Bollasonar sem baksvip :bifreiðarstjóra bifreiðarinnar, sem hann steig upp í á Vatnsstíg. Kristján Viðar kveðst hafa séð Einar Bollason áður".

Ákærði var síðan samprófaður við Einar Gunnar Bollason, og er eftirfarandi bókað um samprófunina:

„Frekara samræmi um framburð Kristjáns Viðars Viðarssonar um bifreiðina og bifreiðarstjóran á Vatnsstíg náðist ekki. Kristján Viðar kveðst vera viss um, að Einar Ballason hafi ekið bifreið þeirri, sem hann steig upp í á Vatnsstíg. Kveðst Kristján hafa togað fast í hurðarhúnninn á bifreiðinni og gekk svo aftur fyrir bifreiðina að hurð hinum megin. Segir Kristján, að einhver hafi orðað það við sig, hvort hann ætlaði að slíta hurðina af bílnum.

Einar Bollason kveðst ekki muna til þess að hafa séð Kristján Viðar áður og kannast ekki við atvik það á Vatnsstíg, sem Kristján Viðar lýsir.

Kristján Viðar segist vera viss um, að Einar hafi verið viðstaddur í Dráttarbrautinni ásamt honum og fleirum. Einar Bollason kveðst aldrei nokkurn tíma hafa komið í Dráttarbrautina í Keflavík.

Frekara samræmi náðist ekki í framburði Einars Bollasonar og Kristjáns Viðars Viðarssonar, og segir Einar Bollason Kristján fara með hreina fantasíu".

Hinn 8. apríl kom ákærði fyrir dóm hjá Erni Höskuldssyni og var samprófaður við Valdimar Olsen. Er þá eftirfarandi bókað: „Dómarinn getur þess, að fram hafi farið sakbending, þar sem

Kristján Viðar sá Valdimar Olsen í hópi manna. Kristján Viðar þekkti Valdimar Olsen".

„Valdimar kveðst aldrei hafa séð Kristján Viðar áður. Kristján Viðar segist hafa verið eitt sinn staddur í Lækjargötu, nánar tiltekið, þar sem verslunin Hagkaup var, með Sævari, þegar þeir hittu Valdimar Olsen og Valdimar og Sævar ræddu um fjárskuld. Þá kveðst Kristján Viðar eitt sinn hafa séð Valdimar, er hann var gestur hjá Huldu, systur Valdimars. Það hafi verið að kvöldlagi í júlí eða ágúst 1973, nánar tiltekið sama dag og Kristjáni Viðari var sleppt úr gæsluvarðhaldi úr Hegningarhúsinu. Kristján Viðar segir, að Valdimar hafi verið að koma úr vinnu á Þingvöllum. Kristján Viðar segir, að með sér hafi verið Albert Klahn Skaftason. Kristján Viðar segir, að er Valdimar kom inn, hafi hann beðið fólkið að fara úr stofunni og inn s herbergi. Valdimar Olsen kveðst vera viss um, að hann hafi aldrei séð Kristján Viðar áður.

Frekara samræmi milli framburða Kristjáns Viðars og Valdimars náðist ekki".

Þegar Valdimar hafði vikið frá, skýrði ákærði frá sem hér segir:

„Kristján Viðar kveðst hafa getað rifjað það upp, að hann hafi verið að flytja varning í stóra sendiferðabifreið í Dráttarbrautinni umrætt sinn. Kristján Viðar man ekki, hvaða varningur þetta var, en segist hafa farið margar ferðir með eitthvað, sem hann tók sitt í hvora hönd.

Kristján Viðar kveðst aðspurður hafa séð Valdimar Olsen í hópi manna í Dráttarbrautinni umrætt kvöld, og segir Kristján Viðar, að sér sé minnisstætt, að Valdimar virti hann fyrir sér, og man Kristján Viðar ekki frekara eftir Valdimar Olsen þetta kvöld".

Hinn 20. apríl mætti ákærði til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni. Ákærði kveður hluti í sambandi við þessa ferð til Keflavíkur hafa skýrst fyrir sér. Hann man eftir því, að Sævar Marinó hringdi til hans um miðjan dag, þar sem hann var staddur að Laugavegi 32, og spurði, hvort ákærði vildi koma með í einhvern leiðangur. Sævar Marinó sagði, að þarna væri um spíraflutning að ræða, og nefndi mikla peninga í því sambandi, en ekki .man hann, hve peningaupphæðin var há. Ákærði sagði Sævari Marinó, að hann gæti ekki sagt til um það, hvort hann kæmi, og sagðist Sævar Marinó þá gefa honum umhugsunarfrest fram til kvölds, en þá mundi hann hringja aftur. Hann sagði ákærða einnig, að hann vissi ekki, hvort þessi ferð yrði farin þá um kvöldið eða næsta kvöld.

Sævar Marinó hringdi aftur um kvöldið, og ákvað ákærði þá að fara með. Sævar Marinó sagði ákærða, að hann hringdi úr „sjoppunni“ við hliðina á Laugavegi 32. og ætti ákærði að koma í bifreið, sem væri á Vatnsstígnum. Ákærði fór upp í herbergi, sem hann hafði að Laugavegi 32, og sótti þar, að hann minnir, svartan leðurjakka, sem hann átti. Hann fór síðan út, gekk norður Vatnsstíginn og leit inn í bifreiðar, sem voru hægra megin á götunni. Þá var kallað til hans og -hann spurður, að hverju hann væri að leitá. Ákærði sá þá bifreið, sem stóð vinstra megin á Vatnsstígnum og sneri til norðurs. Í þessari bifreið, sem hann telur, að hafi verið Fiat fólksbifreið, voru þau Sævar Marinó og Erla, en Einar Bollason stóð fyrir utan bifreiðina, þegar .ákærði kom að henni.

Ákærði Sævar Marinó fór út úr bifreiðinni, þegar ákærði settist inn í hana. Sagðist hann þurfa að tala við einhvern og hljóp suður Vatnsstíginn, en kom aftur fljótlega. Þá var ekið af stað norður Vatnsstíginn og staðnæmst rétt við Skúlagötu að fyrirsögn Sævars Marinós. Þar sagði hann ákærða og Einari að koma út úr bifreiðinni, og gengu þeir að blárri bifreið. Bifreið þessi var með stóru vélarhúsi og var frekar lágt hús fyrir aftan stýrishús bifreiðarinnar, en þó nokkru hærra en stýrishúsið. Húsið eða farangursgeymslan var ekki áföst stýrishúsinu, og virtist ákærða þetta vera einhvers konar sendibifreið eða fyrirtækisbifreið, nýleg og vel með farin. Þegar þeir komu að bifreiðinni, voru tveir menn fyrir framan hana. Hurð var opin á húsi bifreiðarinnar vinstra megin. Inni í bifreiðinni, þ. e. a. s. húsinu, voru nokkrir menn, og telur ákærði sig hafa kannast við einn þeirra sem bróður nafngreinds manns, sem er lyftingamaður, en ákærði man ekki, hvað maðurinn heitir. Maðurinn sagði, að þessir menn væru ekki miklir til vinnu, og var hann þá að tala um ákærðu. Sævar Marinó ræddi við mennina tvo, sem voru fyrir utan bifreiðina. Annar .þeirra var frekar hár vexti, með há kollvik, dökkhærður og greiddi hárið aftur og til hliðar. Hann var klæddur í svartan jakka, dökka peysu, og virtist hann stjórna mönnunum þarna á staðnum. Hinum manningnum getur ákærði ekki komið fyrir sig og því ekki lýst honum.

Var nú ekið af stað, og voru þeir Sævar Marinó í fólksbifreiðinni ásamt Erlu og Einari. Ákærði man ekkert eftir ferðinni, fyrr en hann var staddur í Dráttarbrautinni í Keflavík og var að horfa fram á bryggjuna. Finnst honum eins og hann hafi staðið nokkru hærra en bryggjan er. Þá kom þessi sami maður og Sævar Marinó hafði verið að tala við á Vatnsstígnum og virtist stjórna þessari ferð. Spurði hann þá að því, hvort þeir hefðu verið til sjós. Ákærði svaraði því játandi og sagði honum, að hann hefði verið á „tappatogurum“. Maðurinn sagði ákærða að koma með sér. Gerði ákærði það, og gengu þeir fram á bryggjuna, en það var mjög stutt vegalengd. Þá kom á móti þeim maður, sem var meðalmaður á hæð og frekar þybbinn. Sagði maðurinn, sem var með ákærða, við hinn manninn, að hér kæmi hann með einn, sem gæti farið, og svaraði þá hinn maðurinn, að þess þyrfti ekki, þar sem fullmannað væri á bátinn. Maðurinn, sem kom með ákærða, kvaðst hafa haldið, að 1 til 2 menn vantaði, en hinn sagði, að svo væri ekki, þeir væru frekar af margir. Ákærði sá, að báturinn var að leggja frá bryggjunni, og það, sem hann sá af bátinum, var-hvítt, en þarna var mikið myrkur. Ákærða

var sagt að standa upp við bát, sem var í Dráttarbrautinni: Hann stóð þar nokkra stund, en fór fljótlega að ráfa um. Kom þá til hans maður, sem honum finnst hafa verið Einar Bollason, og sagði honum að vera á þeim stað, sem honum hefði verið sagt. Ákærði man, að hann gekk tvisvar í átt að bryggjunni, en í bæði skiptin kom Einar og sagði honum að vera, þar sem honum hefði verið sagt. Ákærði var þarna talsverðan tíma, að hann heldur tvær klukkustundir, og var honum þá sagt, að kæmi þarna einhver maður, ætti hann að stöðva hann. Enginn korn til hans, þar sem hann stóð, en hann varð var við, að menn voru á hlaupum skammt frá. Ákærði fór þá að huga að því, hvað væri á seyði, og kom hann að, þar sem hópur manna hafði slegið hring um einn mann. Var sá maður mjög skelfdur á svipinn og blóðugur í andliti. Ákærði spurði, hvað þessi maður hefði gert, og var honum þá sagt, að hann ætti ekki að skipta sér af þessu. Ákærði var leiddur Burt af staðnum, og nafngreindi hann manninn, sem hann taldi hafa gert það.

Eftir þetta fór ákærði að bera einhvern varning af bryggjunni að bifreið, sem stóð þar skammt frá. Ákærði man, að fleiri voru að bera varninginn. Við bifreiðina var einn maður, sem tók á móti varningnum og setti hann upp í bifreiðina, og var það Einar Bollason. Inni í bifreiðinni var annar maður, sem kom varningnum fyrir, og finnst ákærða eins og það hafi verið Valdimar Olsen.

Þegar varningurinn hafði verið borinn í bifreiðina og ákærði var að ganga upp frá bryggjunni; man hann eftir því að hafa séð mann liggja þar í hallanum. Þjá honum var annar maður á hnjánnum, og var hann með eitthvað í höndunum, sem ákærði getur ekki gert sér grein fyrir, hvað var. Maðurinn, sem lá, var sami maðurinn og mennirnir höfðu slegið hring um nokkru áður upp við húsin í Dráttarbrautinni, en sá, sem lá á hnjánnum hjá -honum og var eitthvað að eiga við hann, finnst ákærða hafa verið maður, sem hann tilgreindi. Ákærði spurði hann, hvað væri að manninum og hvað hann væri að gera. Hann sagði þá við ákærða: „Hvers konar aumingi ertu, getur þú ekki horft á það, sem ég er að gera?“ Síðan sagði hann einhverjum að koma ákærða í burtu og kallaði ákærða fífl. Ákærða var fylgt að einhverri bifreið, sem þarna var. Var honum sagt að setjast inn í hana. Ákærði settist í aftursæti bifreiðarinnar, og man hann, að hann spurði mann þann, sem sat í framsætinu við hlíð öku-manns, hvort þeim yrði blandað í þetta mál, og sagði hann það ekki vera. Ákærði minnst þess, að eitthvert rifrildi var í bifreiðinni á leiðinni til Reykjavíkur, en man ekki frekar eftir því.

Ákærði er viss um, að Einar Bollason, Valdimar Olsen og Sigurbjörn Eiríksson voru þarna í Dráttarbrautinni, og man hann eftir því að hafa séð Sigurbjörn ásamt öðrum manni á bryggjunni. Magnús Leópoldsson þekkir hann ekki, og þess vegna getur hann ekki sagt til um það, hvort hann hefur verið staddur þarna í Dráttarbrautinni.

Hinn 28. apríl mætti ákærði í dómi hjá Erni Höskuldssyni fulltrúa. Viðstaddur var Páll A. Pálsson héraðsdómslögmaður, réttargæslumaður hans. Framburður ákærða er á þessa leið:

„Mættur skýrir frá því, sem hann telur sig hafa rifjað upp, frá því hann kom síðast fyrir dóm, og er frásögn hans í góðu samræmi við skýrslu þá, sem tekin var af honum hjá rannsóknarlögreglu hinn 20. apríl s.l., áskj. nr. 21.

Mættur kveðst muna eftir því að hafa verið í rifrildi við einhverja menn í slippnum í Keflavík. Þá kveðst mættur muna eftir að hafa verið að rífast við Sævar. Mættur man ekki, vegna hvers rifrildið var, en telur ekki ólíklegt, að það hafi verið eitthvað vegna þessa slasaða manns, sem lá í Dráttarbrautinni.

Mættur kveðst muna eftir að hafa komið að Laugavegi 32 aftur í blárri leigubifreið eins og Viggó Guðmundsson ók stundum. Mættur heldur, að aðeins hafi verið tveir slíkir bílar á Hreyfli á þessum tíma".

Hinn 7. maí kom ákærði til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni að eigin ósk. Kvaðst hann nú vilja gefa skriflega skýrslu um það, sem rifjast hefði upp í huga sínum síðustu daga.

Ákærði kvaðst muna greinilega eftir á því, þegar þeir Sævar Marinó komu að sendibifreiðinni, sem stóð á Vatnsstíg við Skúlagötu. Var hurðin á farangurshúsinu opin, en hún opnaðist aftur með hlið bifreiðarinnar. Hurðin var hvítmáluð að innan. Inni í farangurshúsinu voru nokkrir menn, og þekkti ákærði einn þeirra í sjón. Maður þessi er kunningi manns, er hann nafngreindi.

Í upphafi ferðarinnar var mjög leiðinlegt andrúmsloft í bifreiðinni og ekkert rætt manna á milli, nema Sævar Marinó talaði eitthvað við bifreiðarstjórnann. Ákærði minnst þess ekki að hafa heyrt Erlu ræða við neinn þeirra í bifreiðinni og fannst hún annars hugar.

Ákærða finnst, að hann hafi heyrt skothvell, þar sem hann stóð upp við bátinn í Dráttarbrautinni. Um svipað leyti varð hann var við, að menn voru þar á hlaupum, eins og hann hefur áður skýrt frá. Ákærði fór þá á eftir mönnunum og kom að þeim, þar sem þeir höfðu slegið hring um mann. Virtist ákærða maðurinn vera mjög óttasleginn, blóðugur á höfði og í andliti. Þegar ákærði kom að mönnunum, þekkti hann strax einn þeirra, og reyndi hann að fela andlit sitt með því að bera hönd fyrir höfuð sér og snúa sér frá ákærða. Ákærði kveðst nú vera þess fullviss, að maður þessi hafi verið leigubifreiðarstjóri, er hann nafngreindi.

Þegar ákærði kom að mönnunum, fór hann að spyrja þá að því, hvað þeir væru að gera mannum. Var honum sagt, að honum kæmi það ekki við og hann skyldi tíara koma sér í burtu. Þá kom til hans maður sá, sem Sævar Marinó ræddi við hjá sendiferðabifreiðinni á Vatnsstíg og ákærða fannst stjórnar mönnunum. Sagði hann þá m. a.: „Jæja strákar, þá leggjum við í hann". Maður þessi var, að ákærða finnst, mjög suðrænn í útliti, en talaði alveg íslensku, og er ákærði viss um, að hann er Íslendingur. Hann bað ákærða um að fara að bifreiðinni, og spurði ákærði hann þá að því, hvernig væri með peningagreiðsluna, sem hann ætti að fá. Svaraði maðurinn því til, að ákærði fengi enga peninga. Ákærði spurði manninn fyrst að því, hvort ákærði ætti ekki að vinna eitthvað við flutning á spíra, en hann svaraði, að ákærði ætti ekki að gera neitt og hann ætti að koma sér að bifreiðinni.

Nokkru eftir þetta kom ákærði að þremur mönnum, sem voru að bogra yfir liggjandi manni, og telur hann, að þarna hafi verið sami maðurinn og mennirnir höfðu slegið hring um. Maðurinn lá á grúfu, og var höfuð hans blóðugt. Þessir þrjú menn voru að vinna á mannum með höggum og spörkum. Einnig var búið að leggja til hans með lagvopni eða hníf, þ. e. a. s. skorið hafði verið í fötin á bakhluta mannsins. Ákærði sagði við mennina: „Hvað eruð þið að gera við manninn. Haldið þið, að ég sé eitthvert fífl. Haldið þið, að ég sjái ekki, hvað þið gerið við manninn". Í því kom Sævar Marinó til þeirra. Var þá eitthvað rifist, og kom að maður, sem ætlaði að ráðast á ákærða. Ákærði greip upp grjót og sagði við hann, að hann mundi ekki hika við að beita því, ef hann réðist á sig. Lét maðurinn þá af þessari fyrirætlun sinni, enda kom þá að einn þeirra þriggja manna, sem voru að berja á mannum, og sýndist ákærða hann vera með einhvers konar hníf í hendinni. Maður þessi bað þá að hætta. Sævar Marinó togaði í ákærða og bað hann að koma að bifreiðinni með sér, og gerði ákærði það. Maður sá, sem bað þá að hætta þessu karpi, var aðgangsharðastur í aðförinni að mannum. Var hann kringluleitur, dökkhærður, með mikið hátt enni og stórmynntur. Hann var sjóklæddur eða í

einhvers konar blússu, berhöfðaður, og virtist ákærða hann vera blautur um hárið. Meðal annarra einkenna á þessum manni var það; að ákærða fannst hann stórskorinn í andliti og með miklar augabryr. Hann var meðalmaður á hæð, sterklegur og samanrekinn. Ákærði telur, að maðurinn hafi verið nálægt fertugu. Ákærða finnst einhvern veginn, að þetta gæti hafa verið maður, sem hann nafngreindi og hann kannast lauslega við. Þá vill ákærði enn fremur taka fram, að hann sá umrædda þrjá menn vera að færa til mann þann, sem lá, í því skyni, að ákærði heldur, að varpa honum fram af einhverjum bakka, þar sem þeir stóðu. Áður en þeir héldu á brott í bifreiðinni frá Dráttarbrautinni, sýndi Sævar Marinó honum byssu, sem hann var með. Lyfti hann henni upp með báðum höndum, þegar hann sýndi ákærða hana. Þeir voru þá tveir í bifreiðinni. Kom bifreiðarstjórinn 5--10 .mínútum síðar, og var þá lagt af stað til Reykjavíkur.

Þegar skýrsla var tekin af ákærða Guðjóni Skarphéðinssyni hinn 14. maí 1976, var ákærði Kristján Viðar færður úr klefa sínum í herbergi, sem er við hlið þess, sem yfirheyrslan yfir Guðjóni fór fram í. Ákærða var gert kleift að sjá Guðjón tvívegis, meðan á yfirheyrslunni stóð, og með þeim hætti, að hann gat virt Guðjón vel fyrir sér. Var ákærði inntur eftir því þegar á eftir, hvort hann hefði borið kennsl á Guðjón. Kvaðst ákærði þá þegar hafa borið kennsl á hann og væri hann þess fullviss, að þar væri kominn „útlendingslegi maðurinn“, sem hann hefur rætt um, að hafi verið á Vatnsstíg og síðar í Dráttarbraut Keflavíkur.

Ákærði Kristján Viðar var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglunni 15. maí. Hann skýrði frá því, að hann væri nú þess fullviss, að maður sá, sem hann sá í yfirheyrsluherberginu í Síðumúlafangelsinu daginn áður og honum er tjáð, að heiti Guðjón Skarphéðinsson, sé maður sá, sem hann sá á tali við Sævar Marinó við sendibifreiðina á Vatnsstíg og honum fannst útlendingslegur í útliti. Það hafi verið hann, sem sagði við Sævar Marinó á Vatnsstígnum, hvort ekki væri nægilegt pláss í bifreiðinni, og benti um leið í átt að bifreiðinni, sem þeir ákærði og Sævar Marinó komu inn í. Bifreið þessi var rauðleit. Þessi sami maður hafi sagt á þá leið: „Nú leggjum við í hann, strákar“, og lokað dyrum farmskýlis sendibifreiðarinnar. Maðurinn sagði ákærða og þeim, sem með honum voru í bifreiðinni, að fara á undan, og virtist ákærða maðurinn stjórna því, sem þarna fór fram. Hann stjórnaði því einnig, sem að ákærða sneri síðar í Dráttarbraut Keflavíkur.

Næst minnst ákærði manns þessa, þ. e. ákærða Guðjóns, í Dráttarbraut Keflavíkur. Hann spurði þá Sævar Marinó, hvort þeir hefðu verið eitthvað til sjós. Ákærði sagðist hafa verið á „tappatogara“, en Sævar Marinó svaraði engu. Síðan gekk ákærði með Guðjóni niður á bryggjuna, en Sævar Marinó varð eftir ásamt öikumanni bifreiðar þeirra og einhverjum fleirum. Á bryggjunni kom maður gangandi á móti þeim. Þá sagði Guðjón: „Hérna kem ég með einn“ og átti þar við ákærða. Maðurinn svaraði því til, að báturinn væri fullmannaður og væri að leggja frá. Minnst ákærði þess að hafa séð á eftir hvítleitum báti, sem kominn var nokkuð frá bryggjunni. Bátur þessi var með stýrishúsi, en nánar treystir ákærði sér ekki til þess að lýsa honum. Þá sagði Guðjón: „Nú, mér skildist, að það vantaði einn eða tvo“. Hinn svaraði þá: „Nei, það er eiginlega ofaukið í bátnum og báturinn farinn frá“. Um leið benti hann út á sjóinn, þar sem ákærði grillti í bátinn. Næst gekk Guðjón með ákærða að bát, sem stóð uppi í Dráttarbrautinni, og sagði ákærða að standa þar. Nokkru síðar, eða eftir að ákærði sá menn umkringja einhvern mann þarna, eins og hann hefur áður lýst, sagði Guðjón ákærða að fara að bifreiðinni, ákærði hefði ekkert þarna lengur að gera. Ákærði sagði þá við Guðjón eitthvað á þá leið, að sér hefði skilist, að þarna hefði hann átt verk að vinna. Ákærði telur, að hann hafi staðið upp við bátinn upp undir tvær klukkustundir. Ákærði var nú orðinn reiður yfir því, hvernig málin höfðu þróast, og spurði Guðjón, hvort hann ætti að láta sig fá þá greiðslu, sem Sævar Marinó hafði talað um við

ákærða. Guðjón neitaði því, að ákærði hefði átt að vinna nokkuð, og skildi ákærði því snauta að bifreiðinni. Þetta féll ákærða illa, en gekk þó að bifreiðinni, eins og Guðjón hafði lagt fyrir hann, en þar var enginn. Fór ákærði þá að ganga um í myrkrinu og var að gá að Sævari Marinó. Þá kom hann auga á liggjandi manninn og aðra nærstadda menn, eins og ákærði hefur áður greint frá.

Hinn 16. maí kom ákærði að eigin ósk til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni. Ákærði kveðst nú vera þess fullviss, að maður sá, sem hann sá í yfirheyrsluherberginu í fangelsinu við Síðumúla föstudaginn 14. þ. m. og ræddi lítils háttar við og hann hafði áður nefnt í skýrslum sem lyftingamann, sé maðurinn, sem var inni í farmskýli sendibifreiðarinnar á Vatnsstíg. Maður þessi var þar ásamt fleiri mönnum, sem ákærði bar ekki kennsl á. Það var hann, sem talaði til mannanna og sagði, að þessir væru ekki miklir til vinnu, og átti þar við þá Sævar Marinó.

Hinn 18. maí kom ákærði til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni. Hann kveðst mikið hafa hugsað um mál þetta, sérstaklega hvaða menn hafi verið í sendibifreiðinni á Vatnsstíg. Hann sé þess nú fullviss, að einn þeirra hafi verið maður, sem hann nafngreindi. Ákærði var með manni þessum á sjó fyrir nokkrum árum, og voru þeir á togaranum „Margréti“, sem gerður var út frá Norðfirði. Ákærði man einnig eftir -því, að hann hefur séð mann þennan aka á hvítri Volkswagen bifreið, sennilega fyrirtækisbifreið, og einnig hafi hann hitt hann í Þórscafé. Ákærði er þess fullviss, að maðurinn var þarna í sendibifreiðinni, og það var þess vegna, sem hann sagði við útlendingslega manninn í Dráttarbrautinni, að hann hefði verið á „tappatogara“, þegar hann spurði, hvort þeir hefðu verið til sjós. Einnig man ákærði, að hann sagði við Sævar Marinó, þegar hann Sá manninn í sendibifreiðinni, að hann færi ekki inn í þá bifreið. Maðurinn var þá búinn að vera reiður út í ákærða, þar sem ákærði hafði lamið kunningja hans. Ákærði man líka eftir því, að hann spurði Sævar Marinó að því, hvernig stæði á öllum þessum mannskap, og sagði hann þá, að þetta væri allt í lagi, mennirnir þekktust ekki.

Hinn 19. ágúst var ákærði færður til viðtals og sýndar myndir af ýmsum tegundum sendibifreiða. Var hann spurður að því, hvort einhver þessara bifreiða líktist Sendibifreið þeirri, sem verið hefði í Dráttarbrautinni í Keflavík hinn 19. nóvember 1974.

Ákærði sagði, að hann væri viss um, að engin af þeim bifreiðum, sem væru á myndunum, líktist þeirri sendibifreið, sem þar hefði verið. Ákærði :gaf svipaða lýsingu og áður af sendibifreiðinni og taldi hana hafa verið bláa.

Í viðtali við rannsóknarlögreglumann hinn 30. ágúst lýsir ákærði sendibifreiðinni sem áður og segir hana hafa verið bláa. Hún hafi staðið neðarlega á Vatnsstígnum. Ákærða voru sýndar myndir af sendibifreiðum. Benti hann á eina gerð, sem hann sagði vera sams konar og bifreiðin, sem hann kom að á Vatnsstígnum. Könnun á þessu leiddi ekkert nýtt í ljós.

Hinn 6. september var farið með ákærða í fólksbifreið á Vatnsstíg og hann beðinn að skýra frá því, sem hann vissi um undirbúning ferðarinnar til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Ákærði skýrði frá því, að Sævar Marinó hefði hringt í hann þennan dag um fjögur leytið. Hann hefði spurt, hvort ákærði væri reiðubúinn að taka þátt í áfengismáli. Það væri heilmikinn pening upp úr því að hafa. Um þetta leyti hafi Páll Konráð Konráðsson, vinur sinn, verið hjá sér. Spurði ákærði Sævar Marinó að því, hvort Páll Konráð gæti komið með, en Sævar Marinó hafi svarað því neitandi. Ákærði segist þá hafa sagt, að hann tæki ekki þátt í þessu. Sævar Marinó hafi svarað: „Ég hringi enn einu sinni í þig, hugsaðu um

það". Páll Konráð sagði við ákærða eftir símtalið, að hann skyldi taka þátt í þessu, það gæfi af sér peninga. Um kl. 2000 eða eitthvað seinna hafi Sævar Marinó hringt í annað sinn. Páll Konráð fór í símann og rétti ákærða símtálið. Sævar Marinó hafi spurt aftur, hvort ákærði kæmi með. Þegar ákærði svaraði því játandi, hafi Sævar Marinó sagt honum að koma strax.

Sævar Marinó hafi komið á fólksbifreið inn á Vatnsstíg, og var bifreiðin stöðvuð hægra megin á götunni neðarlega. Hinum megin hafi staðið sendiferðabifreið af þeirri gerð, sem hann benti á 4. september. Í farangursskýli hennar voru nokkrir menn, sem ákærði þekkti ekki. Hann tók eftir því, að einn þeirra var að fela sig fyrir honum. Ákærði taldi, að hér væri um að ræða mann, sem honum fannst líkur manni, sem hafði verið með honum á togaranum „Von" í nóvember eða desember 1971, og tilgreindi nafn hans. Maður þessi hefur neitað með öllu, að þetta sé rétt.

Þeir hafi síðan farið til Keflavíkur. Sendiferðabifreiðin hafi verið á undan. Hún hafi verið komin til Keflavíkur, þegar ákærði, Sævar Marinó, Erla og ókunnugi ökumaðurinn komu að Dráttarbrautinni. Ökumaður bifreiðarinnar hafi litið út eins og útlendingur. Ákærði þekkti ekki tegund bifreiðarinnar, en hún hafi verið rauð að .lit, það muni hann vel.

Ákærði kveðst nú muna vel eftir því, enda hafi hann hugsað vel um það sl. nótt, að Sævar Marinó hafi stöðvað bifreiðina í Keflavík fyrir framan kaffihús eða öllu heldur nokkurs kanar veitingastofu, þar sem sjómenn og annað fólk, sem fer mjög snemma til vinnu, hafi fengið kaffi. Sævar Marinó hafi beðið sig að hringja í ókunnugan mann úr þessari kaffistofu. Hann hafi sagt sér númerið, sem ákærði gat ekki munað. Sævar Marinó hafi þá skrifað það á miða. Hann hafi líka sagt sér nafnið á manninum, en það hafi verið mjög erfitt og einnig óvenjulegt. Þegar hann hugsi sig betur um, geti verið, að nafnið hafi verið Geirfinnur. Sævar Marinó hafi sagt sér, að segja aðeins nokkur ákveðin orð og mundi maðurinn skilja það undir eins, en því næst átti ákærði að leggja strax á. Hann hafi farið inn í kaffihúsið og spurt konu, sem var þar, hvort slíkt nafn væri til. Ákærði man ekki lengur, hvort hann borgaði fyrir símtalið, en þó geti verið, að hann hafi gert það. Hann hafi hringt og sagt „það, sem honum var skipað að segja. Maðurinn hafi sagt til sin, en ákærði man ekki, hvað maðurinn sagði við hann. Hann man ekki heldur, hvað hann sagði við manninn, þ. e. það, sem Sævar Marinó hafði sagt honum að segja. Símanúmerinu sé hann einnig búinn að gleyma og geti ekki sagt, hvað orðið hafi af miðanum. Leðurjakkann, sem hann var í þetta sinn, hafi hann selt og einn ættingi hans, sem um það leyti sat inni, hafi fengið buxurnar, sem hann var í þetta kvöld.

Ákærði segist vera þeirrar skoðunar, að trilla hafi verið í nágrenninu, en þó smáspöl frá hafnarbakkannum. Þegar þangað kom, hafi Erla orðið eftir í bifreiðinni, af því að Sævar Marinó hafi viljað það. Þeir Sævar Marinó og ókunni ökumaðurinn hafi farið út úr bifreiðinni. Þá hafi komið til þeirra maður, sem hafi litið út eins og útlendingur. Þetta hafi verið sami maðurinn og hann sá við sendibifreiðina í Reykjavík. Maðurinn hafi spurt þá Sævar Marinó að því, hvort þeir væru sjómenn. Ákærði kveðst hafa játað því, en Sævar Marinó hafi þagað. Ákærði skildi spurningu þessa þannig, að hann ætti að fara á trilluna. Á meðan hafi lítill maður með breiðar axlir komið í ljós. Maður þessi hafi blandað sér í málið. Sævar Marinó, útlendingurinn, maðurinn með breiðu axlirnar og ákærði hafi þá staðið við efri endann á hafnarbakkannum. Maðurinn með breiðu axlirnar hafi sagt, að það væru þegar komnir nægir sjómenn, ef til vill af margir. Ákærði kveðst ekki geta munað, hvort Sævar Marinó hafi farið út í bátinn. Sér hafi verið skipað að fara upp eftir og bíða þar, þangað til hans væri þörf. Hann hafi staðið við hliðina á skipi, sem stóð á þurru. Litli maðurinn með breiðu axlirnar hafi annars verið í gulri sjómannaþápu.



Ákærði kveðst ekki hafa tekið eftir því, hvort bardagi hafi átt sér stað í Dráttarbrautinni nálægt honum. Það geti hafa gerst á bak við skip það, sem hann stóð við. Hann hafi ekki getað séð það. Hann var spurður að því, hvort hann hefði ekki heyrt neitt. Sagði hann, að hann hefði farið upp eftir til að leita að Sævari Marinó. Þegar hann kom aftur, hefði hann séð mann liggja á jörðinni. Þrír menn, klæddir líkt og sjómenn, hefðu staðið þar álútir hjá. Þrír aðrir sjómenn hafi komið hlaupandi upp frá hafnarbakkanum. Ákærði kveðst hafa spurt, hvað um væri að vera. Einn maðurinn svaraði því til, að honum kæmi það ekkert við. Hann hafi næstum lent í rifrildi við einn af þessum sjómönnum, sem komu hlaupandi. Ákærði var spurður að því, hvert farið hefði verið að lokum með manninn, sem lá á jörðinni, en hann gat ekki svarað því.

Þegar ákærða var bent á, að við fyrri yfirheyrslur hefði hann talað um, að maður, sem var í plastumbúðum, hefði verið lagður í sendiferðabifreiðina, svaraði hann því til, að þetta hefði hann sagt, af því að fangaverðir með barefli hefðu komið inn í klefann til sín. Þeir hefðu umfram allt viljað fá út úr honum, að hann hefði hlotið að þekkja Magnús Leópoldsson, þar sem hann hefði oftlega verið í Klúbbnum. Þeir hefðu samt sem áður ekki slegið hann.

Ákærði kveðst hafa farið aftur með sömu fólksbifreið til Reykjavíkur. Sömu menn hafi verið í bifreiðinni og á leiðinni til Keflavíkur, en þó ekki Erla. Hann hafi verið mjög reiður út í Sævar Marinó, af því að hann hafði enga peninga fengið fyrir þetta. Hann hafi viljað útkljá málin við Sævar Marinó á heimleiðinni. Hann skuldaði Sævari Marinó 60.000 krónur og taldi, að hann hefði greitt skuldina með þessu. Hann sagðist ekki geta munað, hvort hann hefði sagt Sævari Marinó þetta á heimleiðinni eða ekki. Honum hafi við komuna til Reykjavíkur verið ekið að leigubifreið, sem hann hafi tekið heim til sín. Ákærði kveðst ekki vita, hvert Sævar Marinó hafi farið.

Hinn 7. september fóru lögreglumenn með ákærða til Keflavíkur. Tilfni þessarar ferðar var það, að ákærði taldi sig hafa hringt úr kaffiveitingastofu í Keflavík í einhvern mann, sem hann þekkti ekki, þegar hann kom til Keflavíkur ásamt Sævari Marinó, Erlu og óþekkta ökumanninum að kvöldi 19. nóvember. Hann lýsti veitingastofunni þannig, að hún væri í sérbyggðu húsi og hafi bifreiðin, sem hann kom í til Keflavíkur, verið stöðvuð framan við húsið. Sagði ákærði, að inni í veitingastofunni, sem hann áleit vera gerða fyrir verkafólk, hefði verið afgreiðsluborð, líkt og í verslun, og veitingasalur. Afgreiðslustúlkan hafi verið í bláum vinnuslopp, en þó kunni liturinn að hafa verið annar.

Þegar ekið var norður Hafnargötu í Keflavík, benti ákærði á götu, sem lá til hægri, þegar komið er fram hjá Aðalbílastöðinni. Var beygt þar og ekið síðan eftir leiðsögn ákærða, uns komið var að húsi Kaupfélags Suðurnesja, en það hús taldi ákærði sig kannast við. Bifreið Geirfinns Einarssonar fannst við hús þetta, þegar leit hófst að honum, og er Hafnarbúðin þar örskammt frá við sömu götu. Var haldið að Hafnarbúðinni og farið þar inn. Sagði ákærði, að allir staðhættir kæmu sér kunnuglega fyrir sjónir, og sagðist hann álíta, að þetta væri staðurinn, þar sem hann hefði fengið símaafnot umrætt kvöld, enda hefði hann ekki komið til Keflavíkur nema tvisvar fyrir hinn 19. nóvember.

Dvalist var um stund í Hafnarbúðinni, og skýrði ákærði lögreglumönnum ótilkvaddur frá umræddu símtali í meginatriðum á sama veg og hann hafði gert við yfirheyrslu 6. september. Sagðist hann fyrst hafa haldið, að Sævar Marinó hefði verið að fíflast, er hann bað hann að hringja, og hefðu einhver orðaskipti orðið á milli þeirra þar að lútandi. Að lokum hafi annað hvort Sævar Marinó eða ökumaðurinn skrifað nafn og símanúmer á miða og afhent honum, Sagðist ákærði ekki muna, hvor þeirra, Sævar Marinó eða ökumaðurinn, hefði skrifað miðann, en taldi þó, að það hefði verið ökumaðurinn. Sagði ákærði, að honum hefði verið sagt að hringja í númerið og segja ákveðna

setningu eða orð við manninn, sem nafngreindur var á miðanum, og leggja síðan á, en maðurinn mundi skilja, hvað við væri átt. Sagðist ákærði hafa gert þetta. Hann hefði átt einhver orðaskipti við afgreiðslustúlku í veitingastofunni. Taldi hann sig minnst þess, að barn hefði svarað í símann, og kallað, er hann spurði eftir manninum, „pabbi, pabbi“ og rétti maðurinn þá komið í símann. Sagðist ákærði hafa sagt þessi fyrirfram ákveðnu kenniorð og farið síðan aftur út í bifreiðina. Ákærði kvaðst ekki minnst hafnarinnar, en hún er rétt neðan og sunnan við Hafnarbúðina. Hann taldi samt, að Hafnarbúðin væri sá staður, sem hann hefði hringt frá.

Hinn 20. október, mætti ákærði að eigin ásk til yfirheyrslu. Hann kvaðst minnst þess nú, að hann hefði verið beðinn að hringja í Geirfinn, þegar hann, Sævar Marinó, Erla og bifreiðarstjórinn voru stödd við Hafnarbúðina í Keflavík framangreint kvöld. Ákærði kveðst muna það, að hann steig út úr bifreiðinni og ætlaði inn, en fór inn í bifreiðina aftur og sagðist ekki geta munað þetta nafn eða símanúmerið. Hélt ákærði, að verið væri að fíflast með sig. Sævar Marinó hvíslaði einhverju að bifreiðarstjóranum, sem skrifaði á miða nafnið Geirfinnur og eitthvert símanúmer, sem ákærði man ekki lengur. Ákærða var afhentur miðinn og sagt, að þetta væri engin vitleysa. Hann ætti að hringja í númerið og spyrja eftir manninum. Ákærði man ekki setninguna, sem Sævar Marinó sagði honum að segja, en minnir, að í henni hafi verið orðin: „Við erum komnir“.

Ákærði fór síðan inn í Hafnarbúðina og hringdi til Geirfinns, svo sem hann hefur áður skýrt frá.

Ákærði man, að þegar hann hafði borið Geirfinni skilaboðin, hafi hann sagt: „Er Maggi staddur þarna?“ Ákærði svaraði: „Það er enginn hérna, ég er hérna einn“. Ákærði er ekki viss um nafnið „Maggi“ í samtalinu, en minnir það fastlega. Þá spurði Geirfinnur hann að nafni, en ákærði svaraði, að það skipti engu máli, hann hafi átt að segja þetta við hann, og svo sagði hann símann á. Ákærði fór að því búnu aftur út í bifreiðina og sagði frá samtali þeirra Geirfinns. Bifreiðarstjórinn virtist hafa einhvern áhuga á þessu og sagði eitthvað á þessa leið: „Sagði hann þetta?“ Síðan fór bifreiðarstjórinn út úr bifreiðinni og inn í Hafnarbúðina. Finnst ákærða hann hafa farið til að hringja út af þessum orðaskiptum þeirra. Það hafi liðið aðeins örfáar mínútur, frá því að hann fór út úr Hafnarbúðinni, þar til bifreiðarstjórinn fór þar inn og hafi hann verið þar í 5-10 mínútur. Ákærði kveðst hafa það á tilfinningunni, að einhver hafi komið upp í bifreiðina við Hafnarbúðina eða nálægt henni og orðið þeim samferða að Dráttarbrautinni. Ákærða finnst það hafa gerst þannig, að þegar bifreiðarstjórinn kom aftur í bifreiðina, hafi hann fært hana og stöðvað einhvers staðar í nágrenni Hafnarbúðarinnar. Bifreiðarstjórinn hafi sagt eftir skamma bið: „Þarna kemur hann“. Finnst ákærða þá, að maður hafi komið frá bifreið, sem var stöðvuð skammt þarna frá. Maðurinn hafi stöðvað bifreið sína á eins konar malarplani, sem pollar voru á. Ákærði sá þetta ekki vel vegna myrkurs, og einnig var hann undir áhrifum lyfja. Fleiri atriði geti hann ekki munað, nema það, sem hann hafi áður sagt varðandi ferðina til Keflavíkur umrætt kvöld. Hann muni skýra frá þeim jafnóðum og minni hans skýrist.

Sama dag og að framan greinir fór rannsóknarlögreglumaður í fangelsið við Síðumúla að ósk ákærða og ræddi við hann. Eftir stuttar viðræður við lögreglumanninn fór ákærði að tala um mál Geirfinns Einarssonar og skýra frá ýmsu, sem það varðar.

Ákærði var fluttur í Borgartún 7 til viðræðna. Í þeim viðræðum skýrði ákærði frá því, að hann hefði margnefnt kvöld verið að ganga um Dráttarbrautina í Keflavík og farið upp á hæð. Maður hafi gengið í áttina til sín, þegar hann stóð þar uppi, og hafi það verið Geirfinnur. Geti verið, að hann hafi verið í síðri úlpu. Hann sagði við ákærða og var reiður: „Heldurðu, að ég viti ekki, hver þú ert?“ Þú ert bölvað fífl“. Ef til vill var hann reiður við ákærða, af því að ákærði var að ganga þarna upp. Geirfinnur gekk að

ákærða frá hlið og virtist eins og hann ætlaði að slá hann. Þegar hann vatt sér til eins og hann ætlaði að slá, gekk hann lítið skref aftur á bak, en féll þá aftur fyrir sig: Ákærði sló hann ekki, það sé alveg satt, hann hafi dottið af sjálfu sér niður. Ákærði sá ekki, hvort hann veltist í hring, valt fram eða aftur yfir sig, og ekki .heyrði ákærði heldur, hvort hann æpti. Ákærði gekk síðan niður eftir í stórum boga. Geirfinnur lá þar rétt við sjóinn eða ekki langt frá sjónum. Hann gæti hafa verið blóðugur. Ákærði leit til hans, og var hann meðvitundarlaus. Ákærði veit ekki, hvort hann var dáinn. Þegar ákærði kom að Geirfinni, voru 2 menn hjá honum, og voru .það sjámennt, sem ákærði þekkti ekki. Frá bryggjunni komu 4 eða 5 menn, og þekkti ákærði þá ekki heldur. Hjá Geirfinni stóð einnig Guðjón Skaftason (svo). Þeir fóru að rífast við ákærða. Sævar Marinó kom aftan að ákærða, greip í hann og sagði, að hann skyldi fara. Ákærði fór þá ;með Sævari Marinó að bifreið þeirra, sem stóð ofar.

Þá sagði ákærði, að Geirfinnur hefði lest inn í bifreið þeirra í Keflavík, aftur í við hliðina á honum, en hinum megin við hann sat Erla.

Ákærði man eftir því núna, að hann bauð Erlu pillu á leiðinni til Keflavíkur, sem hún aflþakkaði.

Eftir þessar viðræður var farið með ákærða til Keflavíkur að Dráttarbrautinni, og þar lýsti hann því, sem hann hafði sagt frá. Ákærða var sagt að gangs nákvæmlega eins upp á hæðina við Dráttarbrautina og hann hefði gert að kvöldi hins 19. nóvember. Ákærði gekk í vesturátt fyrir ofan skipin, sem stóðu í Dráttarbrautinni, niður lága brekku og þaðan í norður upp á mjög bratta hæð, sem var beint á móti. Um það bil í miðri brekkunni tók hann eftir íbúðarhúsum, sem stóðu þar og sagði: „Þessi hús fara í taugarnar á mér“. Ákærði nam að lokum staðar efst uppi á hæðinni. Augljóst var að sögn lögreglumanna, að hann annað hvort gat eða vildi ekki benda nákvæmlega á staðinn, þar sem Geirfinnur á að hafa ráðist á hann. Ákærði reyndi stöðugt að átta sig á sjávarmálinu, því að hann hélt, að Geirfinnur hefði legið rétt hjá sjónum, eftir að hann datt niður. Ákærði gekk að lokum nokkurn spöl til baka og nam staðar í mjög brattri brekku á hæðinni. Ákærði sagði, að það gæti hafa verið þessi staður. Að svo miklu leyti sem hægt var að átta sig þarna í myrkrinu er hugsanlegt, að maður, sem fellur niður af þessum stað, geti hlotið alvarleg meiðsli.

Vettvangsskoðunin fór fram á tímanum milli kl. 2000 og 2045. Kvöld þetta var háfjara um kl. 2245.

Ákærði var margsinnis spurður að .því, hvort hann gæti sagt frá því, hvert Geirfinnur hefði verið fluttur eftir þennan atburð. Hann endurtók hvað eftir annað, að hann gæti ekki munað það.

Hinn 21. október var tekin skýrsla af ákærða um það, sem hann hafði greint frá daginn áður. Ákærði skýrði frá því, að hann hefði farið úr bifreiðinni, þegar hann kom í Dráttarbrautina, ásamt Sævari Marinó, Geirfinni Einarssyni og bifreiðar stjóranum, en Erla hafi setið eftir í henni. Þeir gengu allir í áttina að bryggjunni. Kom þá til hans maður, sem honum finnst vera svo „útlendingslegur“, og spurði hann, hvort einhver þeirra hefði verið til sjós. Ákærði sagði, að hann hefði verið á tappatogara, en hinir svöruðu engu. Þá sagði maðurinn ákærða að fylgja sér, og gengu þeir út á bryggjuna. Þá kom á móti þeim lágvaxinn, þybbinn maður á aldrinum 40-50 ára, klæddur, að ákærða minnir, í gala sjóblússu, mittissíða, en fleira getur ákærði ekki munað um klæðnað hans. Útlendingslegi maðurinn sagði við þybbna manninn: „Mér kem ég með einn“. Hinn svaraði: „Það vantaði engan, það er frekar ofaukið, og báturinn er meira að segja lagður af stað“. Um leið og maðurinn sagði þetta, bentu hann niður að sjónum, og sá ákærði þá bát vera að leggja af stað frá bryggjunni, en bátinum hefur ákærði áður lýst. Þá sagði útlendingslegi maðurinn ákærða að fylgja sér og gekk með honum að tveimur bátum, sem stóðu hlið við hlið í þurrkví í Dráttarbrautinni. Stóðu þeir hægra megin við bryggjuna,

þegar horft er til sjávar. Fór maðurinn með ákærða milli þessara báta og sagði honum að bíða þar. Var ákærði þar í um 1-1 klst., en á þeim tíma ætlaði hann tvisvar að færa sig, en þá kom maðurinn og sagði honum að vera kyrrum. Ákærði vissi ekki, hver var tilgangurinn með þessari dvöl hans þarna, og var orðinn leiður á biðinni. Þá kom maðurinn til hans og sagði honum að fara að bifreiðinni, og gerði ákærði það. Var enginn við bifreiðina, og gekk ákærði án þess að hafa neitt sérstakt í huga til vinstri frá bifreiðinni upp á :hamar, sem er vinstra megin við Dráttarbrautina, þegar horft er til sjávar. Þegar hann var staddur uppi á hamrinum, kom Geirfinnur til hans. Ákærði man, að hann var dökkklæddur, og finnst honum hann hafa verið í úlpu.

Er ákærði viss um, að hann var ekki sjóklæddur. Geirfinnur var mjög æstur, og fannst ákærða skapofsi hans stafa af því, að ákærði var að ganga þarna á hamrinum. Kallaði hann ákærða ónöfnum og gekk ógnandi að honum. Ákærði hörfaði undan honum, og hafði hann það á tilfinningunni, að hann væri kominn óþægilega nálægt hamarsbrúninni. Geirfinnur fylgdi ákærða eftir og hélt áfram „að ausa úr skálum reiði sinnar“. Ákærði spurði Geirfinn, hvort hann hefði gert honum eitthvað, en Geirfinnur svaraði því engu. Kom hann á hraðri ferð að ákærða, og getur ákærði ekki gert sér grein fyrir því, hvort hann ætlaði að slá hann eða þrífa í hann, en ákærði fleygði sér undan, eins og hann orðar það. Ákærði var þá kominn útá hamarsbrúnina og átti í erfiðleikum með að halda jafnvægi. Hvarf þá Geirfinnur, og gerði ákærði sér ljóst, að hann mundi hafa fallið Fram af brúninni. Ákærði heyrði engin hljóð frá Geirfinni eða hávaða af falli hans. Horfði ákærði fram af brúninni, en gat ekki séð neitt vegna myrkurs. Gekk hann þá til baka fyrir hamarinn og á þann stað, sem hann taldi Geirfinn hafa fallið. Þegar hann kom þangað, voru þar fyrir tveir sjóklæddir menn. Geirfinnur lá á bakinu, endilangur um 3 metra frá hamrinum. Fannst ákærða hann vera blóðugur á höfði, en ekki í andliti. Hann lá þannig, að ákærði sá framan í hann. Varð ákærða litið upp hamarinn, þar sem Geirfinnur féll. Hann getur ekki gert sér grein fyrir því, hvað fallið var hátt, en það voru nokkrir metrar. Ákærði sagði engum frá því, að hann hefði verið uppi á hamrinum með Geirfinni, og hefur ekki gert það fyrr en nú. Ákærði spurði, hvort eitthvað væri að mannum. Þeir svöruðu honum engu, en annar mannanna var að geta sér þess til, að Geirfinnur mundi hafa fallið niður af hamrinum, í þessu komu 4 eða 5 menn, sjóklæddir og blautir, þarna að. Ákærða finnst, þegar hann hugsar um það, að annar mannanna, sem fyrst kom að ;Geirfinni, hafi verið sá, sem kom á móti honum og útlendingslega mannum á bryggjunni. Einnig kom Sævar Marinó þarna að og útlendingslegi maðurinn síðastur. Þeir tveir, sem fyrstir komu að Geirfinni, vildu, að ákærði færi í burtu, en ákærði hlýddi þeim ekki. Þegar þessir 4 eða 5 menn komu, gerði einn þeirra sig líklegan til að ráðast á ákærða, en hætti við það vegna orða annars þeirra, sem fyrstir komu að Geirfinni. Sævar Marinó togaði í ákærða. Gengu þeir saman að bifreiðinni og settust inn í hana. Biðu þeir um stund, en þá kom bifreiðarstjórinn,, og var ekið til Reykjavíkur. Ákærði þekkti engan í Dráttarbrautinni nema Sævar Marinó og Erlu, erg manninn, sem féll fram af hamrinum, þ. e. Geirfinn, sá hann fyrst, þegar hann kom í bifreiðina nálægt Hafnarbúðinni. Man ákærði, að hann settist við hliðina á honum í bifreiðinni, en ákærði átti ekki nein orðaskipti við hann. Ákærði talaði eitthvað við bifreiðarstjóran. Í aftursæti bifreiðarinnar voru ákærði, Erla og Geirfinnur, en í framsæti voru Sævar Marinó og bifreiðarstjórinn. Þegar ákærði fór úr Dráttarbrautinni, lá Geirfinnur í fjörunni, þar sem hann lenti niður, og veit ákærði ekki, hvað varð um hann. Ákærði vill geta þess, að hann tók ekki þátt í neinum flutningi á áfengi. Ákærði var settur úr bifreiðinni, þegar til .Reykjavíkur kom, við áfengisútsöluna við Laugarásveg.

Hinn 1. nóvember var ákærði spurður um ýmis atriði, sem fram koma í framburði Sævars Marinós hinn 27. október. Ákærði minnst þess ekki, að þeir Sævar Marinó hafi haft

samband dagana fyrir 19. nóvember 1974, a. m. k. ekki í síma, en hann man, að Sævar Marinó kom einhvern tíma um það leyti til hans að Laugavegi 32 til að spyrja um eitthvað, sem ákærði man ekki lengur, hvað var.

Ákærði kveður Sævar Marinó hafa hringt til sín fyrr um daginn og minnir, að hann hafi einnig hringt um kvöldið. Það geti þó verið, að hann hafi spurt um sig við dyrnar, og ákærði man, að dyrabjallan hringdi um þetta leyti.

Ákærði kveðst hafa átt hvítan loðskinnshakka, þegar hann bjó á Laugavegi 32. Hann gæti hafa verið í honum, þegar spurt var um hann að kvöldi 19. nóvember, því að hann hafi stundum gengið í honum innandyra og farið oft í honum í nærliggjandi verslanir.

Ákærði kveðst engin orðaskipti hafa átt við bifreiðarstjórnann, en hann hafi sagt við sig: „Gerðu svo vel“, þegar hann hleypti honum inn í bifreiðina á Vatnsstíg. Ákærði kveður hafa verið ekið niður Vatnsstíg, stöðvað við Skúlagötu og beygt til vinstri vestur hana. Farið hafi verið heim til Valdímars Olsen að Framnesvegi 61 og þar hafi Sævar Marinó farið úr bifreiðinni. Ákærði spurði Sævar Marinó, hvað hann ætlaði að gera þar, og hann hafi svarað: „Ég þarf að skreppa hérna aðeins og tala við mann“.

Ákærði kveðst ekkert hafa talað við bifreiðarstjórnann á leiðinni til Keflavíkur. Ákærði kveður ökumanninn hafa ekið rólega í bænum og á leiðinni til Keflavíkur, en hratt á heimleiðinni frá Keflavík.

Ákærði segir, að Geirfinnur hafi talað við ökumanninn, þegar hann kom inn í bifreiðina, en ákærði man ekki, hvað þeir sögðu.

Ákærði kveðst hafa fært sig til í sætinu, svo að Geirfinnur kæmist inn, en ekkert talað við hann. Geirfinnur hafi talað mikið við ökumanninn, en ákærði man ekki orðaskiptin.

Ákærði kveðst ekkert samband hafa haft við Sævar Marinó eftir Keflavíkurferðina, fyrr en hann hitti hann í Tjarnarbúð seint í desember.

Ákærði var spurður um ýmis atriði, sem í framburði Sævars Marinós hinn 28. október greinir.

Ákærði segir, að Sævar Marinó hafi beðið sig einu sinni að selja fyrir sig hass, en það hafi ekki verið í nóvember eða desember 1974. Hann hafi aldrei beðið sig að selja annað.

Ákærði kveðst aldrei hafa talað við Guðjón, nema hann hafi verið útlendingslegi maðurinn í Dráttarbrautinni.

Ákærði kveðst muna, að hann hafi gengið einn að bifreiðinni á Vatnsstíg og þá hafi Sævar Marinó setið í framsætinu. Ákærði minnst þess ekki, að rætt hafi verið um Geirfinn á leiðinni til Keflavíkur, eins og ákærði Sævar Marinó heldur fram, enda hafi hann verið sofandi á leiðinni.

Ákærði segir ökumanninn hafa farið inn á sig, tekið miða og skrifað á hann, rétt hann Sævari Marinó, sem hafi rétt hann til sín. Ákærði sá ekki, þegar ökumaðurinn skrifaði á miðann, því að hann hafi gert það í kjöltu sér.

Ákærði kveðst muna, að ekið hafi verið hægt eftir aðalgötunni í Keflavík eða götunni, sem lögreglustöðin er við. Ákærði vildi fara út úr bifreiðinni, en ökumaðurinn og Sævar Marinó aftóku það

með öllu. Ákærði kveður hvergi hafa verið stöðvað í Keflavík á heimleiðinni. Ákærði segir, að lagt hafi verið af stað til Reykjavíkur eitthvað eftir miðnætti.

Ákærði sagðist mikið hafa hugsað um sendibifreiðina á Vatnsstígnum og nú muna, að hún hafi verið blá að lit, en farmskýlið líkt á litinn, en þó ekki eins.

Hinn 3. nóvember skýrði ákærði frá því í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni, að Sævar Marinó hefði hringt til hans milli kl. 1500 og 1600 hinn 19. nóvember 1974. Spurði ákærði hann, hverjir stæðu á bak við smyglið og hvort það væri maður, er hann nafngreindi. Svvaraði Sævar Marinó því til, að þeir vildu ekki láta nafns síns getið. Ákærði fullyrðir, að Sævar Marinó hafi hringt til sín milli kl. 2000 og 2100 og sagt sér að koma strax í bifreið, sem biði niðri á Vatnsstíg, en hafi ekki spurt eftir sér við dyrnar á Laugavegi 32, enda hafi hann setið við hlið bifreiðarstjórans, þegar ákærði kom að bifreiðinni. Ákærða finnst, að þetta hafi verið Moskivitch bifreið af nýlegri gerð, en ökumaðurinn var honum ókunnur.

Á leiðinni til Keflavíkur, töluðu þeir mikið saman, Sævar Marinó og ökumaðurinn, en ákærði heyrði ekki, hvað þeim fór á milli, þar sem þeir töluðu svo lágt.

Þá skýrir ákærði frá á sama veg og áður, komu þeirra að Hafnarbúðinni, símhringingunni til Geirfinns, komu hans að bifreiðinni og ferðinni í Dráttarbrautina. Þegar þau komu þangað, finnst ákærða eins og annar bíll hafi verið þar fyrir, og man hann, að þeir karlmennirnir stigu allir út úr bifreiðinni samtímis, en Erla sat eftir inni í henni. Guðjón kom til þeirra, þegar þeir voru staddir við norðurgافل skemmunnar í Dráttarbrautinni, og ræddu hann og ökumaðurinn saman. Guðjón spurði þá Sævar Marinó, hvort þeir hefðu verið til sjós, og svvaraði ákærði játandi, en Sævar Marinó engu.

Ákærði varð ekki var við neinn flutning á varningi úr bifreið þeirri, sem fyrir var, yfir í bifreið þá, sem þeir komu í, en ef svo hefur verið, ætti Erla að vita það, þar sem hún sat eftir í bifreiðinni. Allöngu síðar varð ákærði var við það, að átök og rifrildi höfðu hafist, að hann heldur úti í bátnum, sem lá við bryggjuna, milli Sævars Marinós og Geirfinns. Bárust átökin frá borði, upp á bryggjuna og upp hana. Ákærði sá, að Sævar Marinó hélt með báðum höndum um endann. á um 80 cm löngum planka. Ákærði man, að hann blandaði sér í þessi átök, en getur ekki gert sér grein fyrir því, hvort hann sló til Geirfinns eða ekki. Ákærði getur ekki gert sér ljósa grein fyrir því, hvort fleiri menn voru þarna viðstaddir, en þó finnst honum það geta verið. Þegar ákærði fór Burt af staðnum, lá Geirfinnur á jörðinni, og stóðu menn í kringum hann. Ákærði veit ekki, hverjir fjarlægðu hann af staðnum, en hann kom þar hvergi nálægt.

Ákærði telur, að lík Geirfinns hafi verið geymt í þvottahúsi heima hjá sér að Grettisgötu 82, þar sem Sævar Marinó hafi sýnt sér þar fáeinum dögum síðar stóran böggul í svörtum plastumbúðum og sagt, að þetta væri lík Geirfinns. Sævar Marinó sagði, að flytja ætti líkið, en ákærði sagðist ekki vilja koma nálægt þessu. Ákærði veit, að bifreið beið þá eftir Sævari Marinó á Grettisgötu gegnt húsinu, og fékk Sævar Marinó þaðan hjálp til að flytja líkið út úr því. Ákærði veit ekki, hver eða hverjir voru í bifreiðinni, en honum finnst þetta hafa verið blá og hvít sendibifreið. Ákærði veit ekki, hvað varð um lík Geirfinns eftir þetta.

Ákærði man eftir því, að Sævar Marinó hringdi til hans að Laugavegi 32 og spurði hann að því, hvort kápa Erlu væri þar. Svvaraði ákærði því neitandi. Ákærði sagði Sævari Marinó. ósatt, þar sem hann var reiður honum, en kápan hafði komist inn í húsið vegna mistaka.

Ákærði man ekki, hvort hann var í Klúbbnum sunnudaginn 17. nóvember 1974. Hann fullyrðir, að hann hafi aldrei talað við Geirfinn Einarsson, fyrr en hann hringdi til hans úr Hafnarbúðinni, hvað þá átt við hann viðskipti.

Hinn 5. nóvember ólskaði ákærði eftir viðtali við rannsóknarlögreglumann, þar sem hann hefði viðbótarupplýsingar um „Geirfinnsmálið“. Fór lögreglumaðurinn og talaði við ákærða.

Ákærði kvaðst nú muna, að hann hefði verið staddur í veitingahúsinu Klúbbnum einhverja helgi fyrir Keflavíkurferðina hinn 19. nóvember. Ákærði man ekki, hvaða kvöld þetta var, það gæti hafa verið sunnudagskvöldið 17. nóvember 1974, en þó heldur hann, að þetta hafi verið nokkru fyrr. Þeir ákærði Sævar Marinó stóðu á stigapalli á 2. hæð í Klúbbnum, þegar Sævar Marinó benti honum á mann, sem stóð við glervegg, sem skilur vínbar frá stigapallinum. Bað Sævar Marinó hann að fara til manns þessa, sem var að tala við eitthvað fólk, og spyrja hann, hvort hann vildi kaupa spíra. Ákærði sagði Sævari Marinó, að hann gæti :gert þetta sjálfur, en hann hafi haldið áfram að nauða í sér, svo að ákærði hafi látið undan að lokum. Ákærði hefur aldrei vitað til, að Sævar Marinó hafi stundað spírasölu, og taldi því, að þetta væri eitthvert dulmál varðandi hasssölu. Ákærði gekk til mannsins og bað hann að tala við sig einslega og -bað fólkið, sem hann var að tala við, að færa sig. Ákærði man ekki, hvort fólkið færði sig eða þeir gengu afsíðis. Hann lagði spurninguna fyrir manninn, og virtist hann verða mjög undrandi. Spurði hann ákærða, hvers vegna hann spyrði. Sá ákærði þá, að þetta var ekki „á hreinu“, og gekk frá manninum til Sævars Marinós. Ákærði reiddist Sævari Marinó og hélt, að hann væri að fíflast með sig. Spurði hann Sævar Marinó, hvað hann meinti með því að láta sig ganga á ókunnugt fólk og spyrja það um einhverja vitleysu. Sævar Marinó svaraði þessu engu, en spurði ákærða, hverju maðurinn hefði svarað. Ákærði sagði honum það, og sá ákærði, að Sævari Marinó líkaði þetta illa, svo að hann minntist ekki aftur á þetta atvik.

Þegar ákærði hugsar um þetta nú, .þá finnst honum, að maðurinn geti hafa verið Geirfinnur Einarsson, en þó getur hann ekki fullyrt um það. Ákærði man, að maðurinn var klæddur í dökkan jakka og, að hann minnir, í dökkan buxur, en ákærði man ekki, hvort hann var með hálsbindi. Ákærða minnir fastlega, að skyrta hans hafi ekki verið hvít og að hún hafi verið „munstruð“.

Ákærði kveðst ekki muna, hvort hann fór með Sævari Marinó í Klúbbinn þetta kvöld eða hitti hann. Þar, en þó finnst honum frekar, að þeir hafi farið þangað saman. Ákærða finnst líka, að einn eða fleiri hafi verið með þeim í Klúbbnum, en kemur því þó ekki fyrir sig. Ákærði man ekki eftir að hafa hitt neinn ákveðinn .mann þetta kvöld í Klúbbnum, þar sem hann hafi verið mjög ölvaður, en ákærði veill, að hann hlýtur að hafa hitt þar fólk, sem hann þekkir. Ákærði man heldur ekki, hvernig eða hvenær hann skildi við Sævar Marinó um kvöldið eða hvert ákærði fór að skemmtuninni lokinni. Hann minnir fastlega, að viðtalið við manninn á stigapallinum hafi farið fram um miðnættið.

Ákærði kvaðst skömmu fyrir viðtalið hafa tekið inn svefnlyfjaskammt. Sagði hann, að slík lyf verkuðu vímuefandi á sig frekar en svæfandi, en ekki bar á neinum vímuáhrifum á ákærða að sögn lögreglumannsins. Ákærði hefur hvergi, svo að séð verði, staðfest viðtal þetta.

Í skýrslu, sem tekin var af ákærða 9. nóvember, skýrði hann frá því, að hinn 20. nóvember 1974 hefði Sævar Marinó komið að Laugavegi 32 og spurt eftir honum. Bað hann ákærða að koma út í bifreið og tala við sig. Ákærði fór út, en ekki inn í bifreiðina. Þessi bifreið var sama bifreiðin og þeir fóru á til Keflavíkur kvöldið áður, og einnig var ökumaðurinn hinn sami. Þegar ákærði hafði talað við Sævar Marinó og var kominn inn til sín aftur, mundi hann eftir því, að kvöldið áður hafði hann gleymt

brúnum leðurfrakka í bifreiðinni. Ákærði bað kunningja sinn fara út í bifreiðina og ná í frakkann. Hann fór út, en kom aftur með kápu af Erlu, Barn einnig hafði gleymst í bifreiðinni, en frakkinn varð eftir. Með þessum hætti komst kápa Erlu í vörslu ákærða. Síðast þegar ákærði vissi, var kápan sett í geymslu við stiga að Laugavegi 32. Hefur hann ekki séð hana síðan og veit ekki, hvað af henni varð. Verið geti, að Sævar Marinó hafi sótt kápuna.

Nokkrum dögum fyrir Keflavíkurferðina kveður ákærði Sævar Marinó hafa talað við sig í síma. Sagði hann ákærða, að maður kæmi til hans á bifreið og ætti ákærði að fara með honum til Sævars Marinós að Hjallavegi 31. Maður þessi kom til ákærða fyrri hluta kvölds. Hann var á nýlegri Mercedes Benz fólksbifreið, dökkri að lit, og fór ákærði með honum. Á leiðinni ræddi ákærði við ökumanninn. Ákærði þekkti hann ekki, en er viss um, að þarna var ekki um sama mann að ræða og ók þeim síðar til Keflavíkur. Maðurinn spurði ákærða, að hvaða húsi við Hjallaveg þeir væru að fara, en ákærði sagðist þekkja húsið. Maðurinn sagðist vera mágur Sævars Marinós, og spurði ákærði hann þá, hvort hann væri bróðir Erlu, en hann neitaði því. Ákærði spurði hann ekki frekar, hver hann væri. Þegar þeir komu að húsinu, benti ákærði ökumanninum á aðrar af tvennum dyrum hússins og á hvorn dyrabjöllunnappinn af tveim hann ætti að hringja til að ná sambandi við Sævar Marinó, en hann virtist hvorugt vita. Ökumaðurinn kom aftur að bifreiðinni, en Sævar Marinó kom út í dyrnar, sneri þar við, en kom skömmu síðar aftur. Var þá Erla með honum, og voru þau ferðbúin. Þegar Sævar Marinó kom að bifreiðinni, sagði ökumaðurinn út um opinn gluggann: „Ert þú Sævar?“ Sævar Marinó játaði því, en ákærði sagði, að auðvitað væri þetta Sævar. Ákærða fannst þessi spurning undarleg, þar sem hann hélt, að ökumaðurinn þekkti Sævar Marinó, þar eð hann hafði sagst vera mágur hans. Þau Sævar Marinó og Erla komu upp í bifreiðina, og var ekið rակleitt að Klúbbnum. Þar stöðvaði ökumaðurinn og fór inn í húsið. Dvaldist hann þar a. m. k. 15 mínútur. Kom hann út um bakdyrnar, og þegar hann kom í bifreiðina, kom í ljós, að það, sem átti að gera þetta kvöld, hafði eitthvað breyst. Skömmu síðar fór ákærði úr bifreiðinni.

Ákærði kveður það rétt, að Sævar Marinó hafi hringt til sín og spurt, hvort ákærði gæti selt fyrir hann spíra. Ákærði ætlaði að athuga m;álið. Í þessu sambandi gaf Sævar Marinó honum upp nafn Guðjóns Skarphéðinssonar og símanúmer. Ákærði þekkti ekki Guðjón, en skrifaði nafn hans og símanúmer á miða. Ákærði hafði ekki samband við Guðjón og keypti ekki af honum spíra. Ákærði lét einhvern á Laugavegi 32 hafa miðann með þeim orðum, að hægt væri að kaupa spíra hjá þessum manni. Sá, sem tók við miðanum, hafði á orði, að hann ætlaði að koma honum til nafngreinds manns. Ákærði kveðst muna, að maður þessi hafi sagt honum frá manni, sem hann þekkti í Keflavík og vildi kaupa spíra. Maðurinn fékk ákærða miða með símanúmeri á, og kom ákærði honum til Sævars Marinós. Ákærði man ekki eftir nafni í þessu sambandi.

Ákærði kveðst vera viss um, að Guðjón hafi ekki ekið bifreiðinni, sem ákærðu fóru í til Keflavíkur, heldur hafi hann ekið sendibifreiðinni af Vatnsstígnum, og sá ákærði hann um kvöldið í Dráttarbrautinni.

Ákærði kveður geta verið, að Sævar Marinó hafi komið og spurt eftir sér við dyrnar að Laugavegi 32, en farið svo á undan sér, þar sem hann kveðst hafa gengið einn að bifreiðinni á Vatnsstígnum. Það megi vel vera, að Páll Konráð Konráðsson hafi svarað, þegar Sævar Marinó hringdi dyrabjöllunni.

Á leiðinni til Keflavíkur heyrði ákærði ökumanninn og Sævar Marinó ræða um einhvern, sem vandræði væru með. Ákærði tók ekki þátt í þeim umræðum og vissi ekki, um hvern þeir voru að tala. Hann svaf mestan hluta leiðarinnar, en verið geti, að hann hafi talað eitthvað við þau hin.



Ákærði man ekki eftir neinum stöfum úr símanúmeri Geirfinns, sem hann hringdi í úr Hafnarbúðinni. Það geti vel verið, að hann hafi verið beðinn að segja honum að koma gangandi. Ákærði man, að þegar Geirfinnur kom að bifreiðinni, opnaði ákærði hurðina hægra megin að aftan. Færði ákærði sig til, og settist Geirfinnur við hlið hans. Ákærði minnst þess ekki að hafa átt orðaskipti við Geirfinn, en hann hafi aðallega talað við ökumanninn. Frá Hafnarbúðinni var ekið beint í Dráttarbrautina. Ákærði man ekki eftir að hafa séð sendibifreiðina þar, en þar sá hann Guðjón, sem hann taldi vera ökumann sendibifreiðarinnar á Vatnsstígnum. Ákærði minnst þess ekki að hafa séð varning settan í bifreiðina, sem hann fór í til Keflavíkur.

Ákærði veit ekki, við hvaða mann er átt, sem sagður er hafa komið heim til hans einhvern tíma á árinu 1973 og hefur verið lýst sem lágum, þrekvöxnum og þybbnum manni, en telur vera átt við Sigurbjörn Eiríksson, sem hann er næstum fullviss, að hafi verið í Dráttarbrautinni þetta kvöld.

Ákærði kveðst hafa komið þar að, sem Geirfinnur var að rífast við Sævar Marinó og Guðjón Skarphéðinsson, bílstjóran, sem ók þeim til Keflavíkur, og manninn, sem hann álitur vera Sigurbjörn Eiríksson. Ákærði veit ekki, um hvað var rífast, en telur það hafa verið eitthvað varðandi spíraviðskipti. Ákærði blandaði sér í rifrildið, sem endaði með því, að Geirfinnur ætlaði að fara. Ákærði varnaði honum vegar, en hann gerði sig líklegan til að ráðast á ákærða. Þá sló ákærði hann með hnefanum. Ákærði man ekki, hvar hann sló, en er viss um, að hann sló hann ekki í höfuðið. Sævar Marinó sló einnig til Geirfinns, og man ákærði, að Geirfinnur henti Sævari Marinó frá sér. Geirfinnur sló einnig til ákærða, en þá tók maðurinn, sem ákærði telur hafa verið Sigurbjörn Eiríksson, haustak á Geirfinni. Ákærði tók planka og sló Geirfinn allfast með honum, eftir að hann var laus úr haustakinu, og kom höggið á öxlina. Við það hentist hann til jarðar, en eftir þetta kveðst ákærði hafa fleygt frá sér plankanum. Guðjón tók plankann upp og sló Geirfinn með honum, þar sem hann lá á jörðinni, en ekki veit ákærði, hvar né hve oft hann sló.

Daginn eftir, hinn 10. nóvember, var skýrslutökunni haldið áfram.

Ákærði kveður ekki hafa verið stöðvað neins staðar í Keflavík á heimleiðinni, og hann minnst þess ekki, að leitað hafi verið að Erlu. Ákærði man, að ekið var hægt eftir aðalgötunni í Keflavík, og hafði hann á orði, að hann vildi fara til lögreglunnar, en ökumaðurinn og sérstaklega Sævar Marinó vildu það ekki. Kápa og taska Erlu voru í aftursæti bifreiðarinnar, þar sem ákærði sat. Kápuna sótti Sævar Marinó síðan til ákærða að Laugavegi 32, en ákærði hefur áður sagt, hvernig hún komst í vörslu hans.

Sendibifreiðin lagði af stað -á eftir þeim úr Keflavík, en ákærði sá hana ekki á leiðinni. Þetta var dökkblá bifreið með hvítu farmhúsi, tvöfaldri hurð að aftan og einfaldri hurð á vinstri hlið. Ákærði heldur, að bifreið þessi hafi verið af Chervrolet gerð, en hann man ekki, af hvaða tegund sú fólksbifreið var, sem þeir voru í. Ákærði man þá, að hún var rauð að lit, og fannst honum hún líkjast Cortinu eða Vauxhall.

Þegar komið var til Reykjavíkur, var ekið norður Laugarásveg og ákærða skipað að fara úr bifreiðinni við áfengisverslunina. Ákærði fór úr bifreiðinni og gekk af stað vestur Sundlaugaveg, en bifreiðinni var snúið við og ekið til baka. Þegar ákærði var kominn skammt vestur fyrir Sundlaugarnar, kom sendibifreiðin akandi á eftir honum og stöðvaði hjá honum. Ákærði var beðinn að fara inn í farmhúsið, og gerði hann það. Þar voru fyrir tveir menn, þreknir maðurinn, sem hann hefur áður lýst, og annar maður, sem hann getur ekki munað, hver er, en á gólfinu lá Geirfinnur. Ákærði getur ekki gert sér grein fyrir, hvort hann var látinn eða meðvitundarlaus. Þreknir maðurinn hélt á skambbyssu, og

varaði hann þá við, að hann ætlaði að skjóta á Geirfinn. Ákærða stóð ekki á lama og sagðist ætla út. Var þá ökumanni gefið merki um að stöðva, og ók hann inn á stæði leigubifreiða á mótum Sundlaugavegar og Otrateigs og stöðvaði þar. Ákærði fór út úr bifreiðinni og gekk spölkorn frá. Síðan gekk hann aftur að bifreiðinni og fór inn í farmskýlið. Fann hann þá púðurlykt. Spurði ákærði, hvort þeir hefðu hleypt af skoti, en sá, sem hélt á byssunni, svaraði því neitandi. Fór ákærði fram á að þefa úr byssuhlaupinu. Var honum einnig synjað um það, en honum finnst, að skotið hafi verið á Geirfinn. Ákærði man, að hann heyrði annan manninn stinga upp á því að skjóta Geirfinn og skilja hann eftir á almannafæri.

Því næst var ekið vestur Borgartún, suður Snorrabraut og inn í sundið, sem liggur milli húsagarðanna milli Grettisgötu og Njálsgötu. Ákærði fór að aðaldyrum að Grettisgötu 82 og opnaði bakdyrnar innan frá. Sendibifreiðinni hafði þá verið lagt við garðshliðið gegnt dyrunum. Geirfinnur var fluttur úr bifreiðinni og inn í þvottahúsið í kjallaranum, en síðan inn í geymslu gegnt þvottahúsinu. Ákærði minnst þess ekki að hafa aðstoðað við þetta, en hann aðstoðaði við að bera nokkra bláa plastbrúsa, um 30 lítra hvern, sem voru settir í þvottahúsið. Ákærði minnst þess, að einhver setti utan um lík Geirfinns svart plast, þegar búið var að setja það inn í geymsluna. Þegar búið var að koma Geirfinni og spírabrúsunum fyrir, var farið upp í herbergi ákærða og rætt um, hvað gera ætti við lík Geirfinns. Komið var með nokkrar uppástungur, sem ákærði man ekki, hverjar voru, en ákveðið var að láta Geirfinn vera í geymslunni, þangað til annað yrði ákveðið, í þessum umræðum tóku þátt Sævar Marinó, Guðjón, þrekvaxni maðurinn, ökumaður fólksbifreiðarinnar og ákærði.

Hinn 23. nóvember kom Sævar Marinó til ákærða að Laugavegi 32 og sótti kápu Erlu. Bað Sævar Marinó ákærða að fylgja sér heim til ákærða að Grettisgötu 82. Sævar Marinó var í bifreið með Guðjóni. Ákærði vildi ekki fara í bifreiðinni og gekk heim, en þá voru þeir Sævar Marinó og Guðjón komnir þangað. Tóku þeir lík Geirfinns úr geymslunni og settu það í þvottahúsið. Þetta voru síðustu afskipti ákærða af líki Geirfinns Einarssonar, og veit hann ekki, hvað varð um það síðar. Ákærði álitur, að Sævar Marinó vilji ekki, að lík Geirfinns finnist, vegna þess að skotáverki kunnir að vera á því.

Hinn 15. nóvember fóru rannsóknarlögreglumenn með ákærða til Keflavíkur. Tilefni ferðarinnar var það, að ákærði upplýsti, að stöðvað hefði verið framan við hús í Keflavík, þegar ekið var frá Dráttarbrautinni áleiðis til Reykjavíkur aðfaranótt 20. nóvember 1974 og ökumaður bifreiðarinnar hafi farið inn í húsið. Benti ákærði á hverfi í Ytri-Njarðvík og sagðist telja, að húsið væri í því hverfi. Þegar ekið var eftir Holtsgötu þarna í hverfinu, kvaðst ákærði vera viss um, að þetta væri gatan, sem umrætt hús stæði við. Benti hann á tvö samliggjandi hús, sem virtust vera byggð eftir sömu teikningu, og sagðist telja, að um annað hvort húsanna væri að ræða, en það voru hús nr. 34 og 36. Taldi ákærði, að hús nr. 36 væri húsið, en það hefði verið ljósgult á þeim tíma. Við athugun kom í ljós, að húsið var nýmálað. Annar gafl þess virtist vera í viðgerðarástandi. Var hann ljósgulur að lit, og var það sýnilega eldri málning en á öðrum hliðum hússins.

Haft var samband við lögregluna í Keflavík, og höfðu þeir íbúaskrár fyrir árin 1973 og 1975, en íbúaskrá fyrir árið 1974 var ekki fyrir hendi. Var athugað, hverjir hefðu búið í húsum þessum á framangreindum tíma, en ekki kemur fram, að það hafi gefið tilefni til nánari eftirgrennslana.

Hinn 17. nóvember fóru rannsóknarlögreglumenn með ákærða útá Álftanes vegna frásagnar Sævars Marinós um, að ákærðu hefðu grafið lík Geirfinns Einarssonar þar í fjörunni. Ákærði var beðinn að reyna að finna stað þann, þar sem líkið hefði verið grafið. Ekið var með ákærða víðsvegar um nesið, án þess að honum væru gefnar neinar upplýsingar um það, sem fram var komið í málinu. Hann benti

að síðustu á vesturjaðar Gálgahrauns og kvaðst muna eftir, að þeir Sævar Marinó hefðu komið þarna að hraunjaðrinum með lík Geirfinns, vafið inn í svart plast, stuttu eftir dauða hans. Þeir hafi verið á Land Rover bifreið Sævars Marinós og Erla hafi ekið henni. Líkið hafi þeir þorið stuttan spöl inn í hraunið, sem hafi verið með djúpum bollum og hvömmum. Til hliðar utan í -einum hraunbollanum hafi verið gjóta eða sprunga. Þeir hafi hreinsað upp úr henni laust grjót og mold, látið líkið þar ofan í og síðan uppmoksturinn þar yfir. Að því búnu hafi þeir sléttað vel yfir með hraungrjóti og sett eitthvað af mosa yfir. Á eftir hafi ekki verið hægt að sjá, að staðurinn skæri sig neitt úr umhverfinu í kring. Farið var tvisvar aftur með ákærða suður í hraunið til að láta hann benda nákvæmlega á staðinn, en hann gat ekki fundið hann örugglega. Þarna liggja tvær vegaslóðir að hrauninu, og var hann ekki alveg viss um, hvora þeirra þeir hefðu farið. Ákærði kveðst hafa verið með skóflu í umrætt skipti. Lítil not hafi verið að henni, þar sem slæmt hafi verið að grafa. Hann hafi hent henni frá sér í hraunið að verkinu loknu. Hraunsvæði þetta var leitað vandlega hinn 20. nóvember, en leitin bar ekki árangur.

Hinn 26. nóvember var þetta rætt frekar við ákærða. Hann kvaðst þá muna, að stuttu eftir að Geirfinnur var fluttur í hraunið, hafi Sævar Marinó haft samband við sig og sagt sér, að „þessir menn“ væru óánægðir með staðinn og hefðu ákveðið að flytja lík Geirfinns. Ákærði sagðist hafa spurt, hverjir „þessir menn“ væru, en Sævar Marinó þá sagt, að hann vissi það ekki. Ákærði neitaði að taka þátt í þessum flutningi og sagði, að sér fyndist þessi staður nógu góður. Ákærði kvaðst þess fullviss, að lík Geirfinns hefði verið flutt, því að Sævar Marinó hefði sagt, að búið væri að ákveða það.

Það, er nú hefur verið rakið, eru viðtöl rannsóknarlögreglumanns við ákærða.

Hinn 30. nóvember fór fram sakbending í tæknideild rannsóknarlögreglunnar. Var tilgangurinn að karma, hvort ákærði þekkti Guðjón Skarphéðinsson úr hópi 8 manna. Til aðstoðar við sakbendinguna voru fengnir nemandur við Lögregluskóla ríkisins og þeir valdir þannig, að hæð, aldur og útlit svipaði til Guðjóna. Var Guðjóni og nemunum síðan raðað í beina röð og þeim fengin númer frá 1 til 8, en Guðjón :bar nr. 3. Ákærði kveðst þekkja mann nr. 3 sem útlendingslega manninn, sem hann hefur greint frá í skýrslum sínum.

Sama dag voru ákærði Kristján Viðar og Guðjón samprófaðir. Ákærði Kristján Viðar kvaðst hafa séð Guðjón áður og talað við hann 19. nóvember 1974 á Vatnsstíg og í Dráttarbrautinni. Hafi hann spurt þá Sævar Marinó, hvort þeir hefðu verið til sjós, og ákærði svarað því játandi. Ákærði var spurður um, hvort hann myndi eftir einhverju öðru varðandi Guðjón í Dráttarbrautinni. Ákærði kveður hann hafa sagt sér að koma. Þeir hafi farið upp í bát og hann sagt sér að bíða. Ítrekað var við ákærða, hvort það væri alveg rétt, sem hann hefði verið -að segja. Ákærði kveður það vera, nema Guðjón eigi tvífara, sem mundi þurfa að líta nákvæmlega eins út og Guðjón. Guðjón spurði ákærða, hvort hann hefði séð sig einhvern tíma fyrir 19. nóvember 1974. Ákærði kvaðst aðeins hafa talað við Guðjón í síma, þ. e. a. s. maður sá, sem hann talaði við, hafi svarað sem Guðjón Skarphéðinsson.

Ákærði skýrði rannsóknarlögreglumanni frá því hinn 3. desember, að nafngreindur leigubifreiðarstjóri hefði verið í Dráttarbrautinni í Keflavík hinn 19. nóvember 1974 og hefði það verið maðurinn, sem var við sendibifreiðina á Vatnsstíg, en ekki Guðjón, eins og hann hefði áður skýrt frá. Hafi maður þessi einnig verið viðstaddur, þegar lík Geirfinns var flutt í kjallarann að Grettisgötu 82, og verið á fundinum í herbergi ákærða, þegar ráðgast var um, hvað gera ætti við líkið. Hann sagði jafnframt, að Sævar Marinó hefði talað við manninn, þegar numið hafði verið staðar við sendibifreiðina. Ákærði sagði einnig, að annar maður, sem hann nafngreindi, hefði verið í Dráttarbrautinni og hefði hann ekki

viljað láta bera kennsl á sig. Þarna haft einnig verið einn maður til viðbótar, sem ákærði nafngreindi, og kunningi mannsins, sem ákærði sagðist hafa séð .áður, en ekki vita, hvað heitir. Lýsti ákærði kunningja mannsins og tilgreindi, við hvaða götu hann byggði. Ákærði sagðist hafa beðið nafngreinda manninn um far til Reykjavíkur, þegar þeir voru í Dráttarbrautinni, en hann hafi neitað. Hafi hann séð einn framangreindra manna liggja í aftursæti bifreiðarinnar, sem maður þessi var með, og sagðist hann vita, að neitunin hefði byggst á því, að maður þessi vildi ekki láta hann bera kennsl á sig. Bifreiðin, sem þeir voru á, hafi verið ljósgrá eða drapplituð, en um tegund vissi hann ekki. Hér er um viðtal við ákærða að ræða.

Hinn 14. desember mætti ákærði til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni. Hann skýrði frá því, að hann héldi, að það hefði verið 18. nóvember 1974 sem Sævar Marinó hafi hringt til hans og beðið hann að útvega sendiferðabifreið til að fara suður í Keflavík daginn eftir og ná í spíritus.

Að kvöldi 19: nóvember hringdi ákærði í Sigurð Óttar Hreinsson. Bað ákærði hann að koma þá um kvöldið suður í Keflavík og hitta sig í Dráttarbrautinni. Sigurður Óttar sagðist ekki vita, hvar hún væri, en hann hlyti að finna hana. Þegar þeir fóru frá Vatnsstígnum seinna um kvöldið, var Sigurður Óttar kominn á Mercedes Benz bifreiðinni, sem hann hafði áður ekið og fékk stundum lánaða hjá eigandanum. Ákærði talaði eitthvað við hann og sagði honum, hvert hann ætti að fara. Ákærði man ekki, hvort Sævar Marinó talaði við hann. Hann man ekki heldur, hvort hann sá mann frammi í bifreiðinni hjá Sigurði óttari, en það hafi verið önnur sendibifreið á Vatnsstígnum, blá að lit, og stóð hún neðar í götunni. Sigurður Óttar kvaðst ekki vera alveg viss um, að hann kæmist til Keflavíkur, þar sem hann þyrfti að gera eitthvað fyrst. Ákærði vissi síðan ekki neitt um hann, fyrr en hann sá hann koma í Dráttarbrautina í Keflavík, eftir að atburðirnir, sem þar gerðust, voru um garð gengnir, svo að hann geti ekki hafa vitað, hvað gerðist þar. Ákærði fór strax til hans, þegar hann sá hann koma, og sagði honum, að þarna væri ekki neitt fyrir hann að gera. Þá var einhver piltur með honum í bifreiðinni. Veit ákærði ekki, hvað hann heitir, en kannast við hann. Bláa bifreiðin, sem ákærði hafði séð á Klapparstígnum, var fyrir í Dráttarbrautinni, þegar þeir komu þangað. Hún fór í burtu og kom aftur, að ákærði telur, en hann veit ekki frekari deili á bifreið þessari. Mercedes Benz sendiferðabifreiðin var gul að lit og gluggalaus á hliðum. Ákærði man ekki eftir, að hann hafi sagt Sigurði Óttari, hvað hann ætti að gera til Keflavíkur, nema taka þar flutning.

Hinn 13. janúar 1977 ræddu rannsóknarlögreglumenn við ákærða og spurðu hann um „sjoppuna“ í Keflavík, sem Sævar Marinó fór í, og hvort .hann vissi um, hvar „sjoppa“ þessi væri. Ákærði sagði, að Sævar Marinó hefði talað um að hringja, þegar þau höfðu farið í Dráttarbrautina, og sagt Sigurði óttari, hvar hann ætti að bíða. Guðjón hefði þá ekið að einhverri „sjoppu“, sem væri við aðalgötuna í Keflavík. Ákærði sagðist vera ókunnugur í Keflavík og ekki geta staðsett þetta nánar. Sævar Marinó hefði farið þarna inn einn, en þau hin hefðu beðið í bifreiðinni á meðan stutt frá „sjoppunni“. Ákærði sagðist ekki hafa fylgst með Sævari Marinó og ekki séð inn í „sjoppuna“. Sævar Marinó hefði strax komið aftur og talað um, að af margir hefðu verið þarna inni. Guðjón hefði síðan ekið að Hafnarbúðinni, þar sem ákærði hefði farið inn og hringt í Geirfinn.

Sama dag var ákærði beðinn að greina nákvæmlega frá fatnaði Geirfinns Einarssonar. Ákærði sagði, að Geirfinnur hefði verið klæddur dökkri kuldaúlpu og dökkum buxum, þegar hann kom í bifreiðina við Hafnarbúðina. Hann muni þó ekki litina eða hvernig kuldaúlpan var í sniðinu. Eftir skófatnaði hans, kvaðst hann ekki hafa tekið.

Ákærði kvað Sævar Marinó hafa rætt nær eingöngu við Geirfinn í bifreiðinni og umræðuefnið verið spíri. Ákærði sagði, að Sævar Marinó hefði látið Geirfinn fá peninga, en Geirfinnur hefði eitthvað orðið æstur og bent peningunum á gólfið í bifreiðinni, við framsætisbökina, að hann taldi, eða á milli framsæta, þegar komið var í Dráttarbrautina.

Sævar Marinó hefði fyrst farið út úr bifreiðinni og þeir Guðjón, ákærði og Geirfinnur á eftir honum, en Erlu hefði hann ekki séð fara úr bifreiðinni. Átök hefðu þá strax byrjað. Ákærði sagðist ekki muna eftir fatnaði Geirfinns í átökunum eða er þeir settu hann í aftursæti bifreiðarinnar, annað en það, að hann var í dökkri kuldaúlpu. Ákærði kveðst muna eftir því, að blóð var á andliti Geirfinns, þegar hann var settur inn í bifreiðina í Dráttarbrautinni.

Þegar komið var til Reykjavíkur, hefði Guðjón ekið að Grettisgötu 82 og inn á baklóðina við húsið. Þegar þeir hefðu komið að dyrunum, hefði ákærði farið yfir vegg og yfir í port við næsta hús fyrir ofan. Þar hefði hann farið um sund og komist þannig að aðalinngangi Grettisgötu 82. Hefði hann farið inn og opnað kjallarann fyrir meðákærðu. Þeir hefðu borið Geirfinn inn í þvottahúsið og lagt hann þar á rimlabekk við útvegg og sett teppi yfir hann. Ákærði kveðst hafa haldið undir herðar hans, en annað hvort Guðjón eða Sævar Marinó undir fætur. Ekki hefði verið hægt að læsa þvottahúsinu og hefði þá orðið að ráði að fara með Geirfinn inn í geymslu beint á máti því. Þar hefðu ákærði og Guðjón sett eitthvað utan um Geirfinn, að hann taldi plast. Hann væri þó ekki viss um þetta, en sig rámaði í, að skrífa hefði í umbúðunum. Hann sagðist halda, að teppið hefði orðið eftir inni í geymslunni. Ákærði kveðst hafa tekið seðlaveski úr buxnavasa Geirfinns og einnig penna. Hann hefði tekið úr veskinu 5.000 krónur, en rífið það síðan og skolað því niður á salerni að Laugavegi 32 strax daginn eftir. Í veskinu hefðu verið nokkur skilríki og eitthvað af pappírnum, sem hann hefði einnig rífið og fleygt. Ákærði sagðist ekki muna litinn á veskinu, en það hefði örugglega verið dökkt. Pennann afhenti hann rannsóknarlögreglunni. Þegar ákærði og Sævar Marinó tóku líkið úr geymslunni, hefðu þeir bundið einhverju bandi utan um umbúðirnar um það og síðan borið það út í Land Rover bifreiðina. Erla hefði verið uppi í íbúðinni á meðan, en komið að þessu loknu og ekið þeim upp í Rauðhóla. Þar hefðu þeir ákærði og Sævar Marinó grafið gryfju og sett líkið ofan í. Minnir ákærða, að þeir hafi áður tekið umbúðirnar af því. Því næst hefði bensíni verið hellt yfir og Sævar Marinó kveikt í. Fatnaðurinn hefði logað illa. Líkið hefði sigið samara, eftir að eldurinn var borinn að því. Þeir hefðu því ausið sandi á eldinn og mokað yfir. Ákærði sagði, að þarna hefði verið svartamyrkur og lítið sést. Það, er nú hefur verið rakið, eru viðtöl rannsóknarlögreglumanns við ákærða.

Hinn 1. febrúar var ákærði yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglunni. Hann kveðst hafa verið undir áhrifum lyfja að kvöldi hins 19. nóvember 1974. Hann tók ekki aðeins töflur þennan dag, heldur hafði hann tekið inn töflur stanslaust í nokkra mánuði. Ákærði man eftir að hafa tekið eftirfarandi tegundir af töflum hinn 19. nóvember: Mebumal natrium, valium, dextrin og doxicin. Þetta er kallað „kross“, en með því á ákærði við, að lyf séu tekin í einu, sem eru örvandi og róandi. Ákærði getur ekki sagt, hve margar töflur hann tók, en þær voru margar.

Þá staðfesti ákærði, að það væri rétt, að samræður milli þeirra Sævars Marinós og Guðjóns hefðu átt sér stað í bifreiðinni og verið sagt, að sýna ætti einhverjum fulla hörku. Í orðið harka lagði ákærði ekki þann skilning, að það ætti að drepa einhvern.

Ákærði heyrði ekki, að Sævar Marinó segði, að maðurinn ætti „að hverfa“, og ef þau Guðjón og Erla hafi sagt það, hafi þau logið. Ákærði heyrði ekki allt samtalið, en það væri alveg víst, að hann hefði ekki heyrt þetta sagt. Ákærði hefur enga hugmynd um, af hvaða ástæðum Guðjón fór í þessa ferð.

Ákærði segir það rétt, að Geirfinnur hafi eiginlega ekkert gert af sér. Hann hafi sagt eitthvað, sem reitti þá til reiði, en ákærði man ekki nákvæmlega, hvað það var. Ákærði kveðst ekki skilja sjálfur, hvers vegna Geirfinnur hafi verið laminn með barefli, þó að þeir væru þrír saman. Að sínu álitu hafi ekki verið fyrirfram ákveðið að drepa hann. Sævar Marinó hafi heldur ekki sagt það, svo að ákærði heyrði. Ákærði óskaði ekki eftir því, að Geirfinnur léti lífið.

Ákærði álitur, að Geirfinnur hefði fengið að fara heim, ef hann hefði sýnt þeim áfengið. Þeir hefðu þá stolið því, en það var ekki fyrirfram ákveðið að drepa Geirfinn, ef svo hefði farið.

Þá segir ákærði: „Hann“ (þ. e. Geirfinnur) „gat ekki kjaftað frá okkur, af því að hann sjálfur var flæktur í ólöglegt athæfi“. Ákærði kveðst ekki halda, að Guðjón hafi líka lamið með lurk, en hann tók Geirfinn hálstaki; að ákærða minnir. Á meðan ákærði hélt Geirfinni hálstaki, lamdi Sævar Marinó hann með lurk framan á leggina og lærin og, að ákærði heldur, líka í magann. Ákærða fannst ekki, að Sævar Marinó væri að reyna að þvinga Geirfinn með þessari barsmið til þess að :gefa honum upplýsingar um, hvar áfengið væri geymt. Ákærði heldur frekar, að hann hafi reiðst Geirfinni vegna þess, að hann hafði einu sinni eða tvisvar hent honum frá sér. Ákærði getur ekki sagt, hver viðbrögð Geirfinns voru við höggunum, en hann veit bara, að hann reyndi að losa sig. Ákærði lokaði ekki fyrir öndunina hjá Geirfinni með hálstakinu, heldur sleppti hann við og við hægri hendi. Aðeins seinna greiddi ákærði Geirfinni tvö högg vinstra megin á brjóstið, og féll hann við það til jarðar. Síðan sló ákærði hann einu sinni með spýtu á vinstri kinn, þar sem hann lá á jörðinni. Ákærði veitti honum ekki þungt högg á kinnina, því að hann ætlaði ekki að drepa hann. Það blæddi ekki úr Geirfinni eftir höggið, sem ákærði greiddi honum. Ákærði heyrði Geirfinn stynja, þegar hann hafði lamið hann á brjóstið og hann hafði fallið við. Ákærði þreifaði eftir hjarta og púlsi Geirfinns til að aðgæta, hvort hann væri dáinn, en fann ekkert. Hann kveðst hafa verið undir áhrifum lyfja og sé ekki fagmaður til að ákveða slíkt. Síðan gekk ákærði að sendiferðabifreiðinni til Sigurðar Óttars. Þegar ákærði kom aftur, sagði Sævar Marinó, að Geirfinnur væri dauður. Ákærði bað Sævar Marinó að athuga það vel aftur. Ákærði sá þá blóð á hægri kinn Geirfinns, en hann man nákvæmlega, að hann sló hann á vinstri kinnina. Ákærði heldur því, að ekki sé óhugsandi, að í millitíðinni hafi hann verið sleginn meira. Hann varð ekki var við það, þegar hann gekk til Sigurðar Óttars, og veit ekki, hver gæti hafa gert það.

Ákærði heldur, að Sævar Marinó hafi heldur ekki viljað, að Geirfinnur léti lífið. Geirfinnur varði sig, á meðan á átökunum stóð. Ákærði man eftir því, að Geirfinnur ætlaði að ráðast að ákærða með hnefunum, þegar ákærði sleppti hálstakinu, en þá sló ákærði hann með spýtnu í brjóstið.

Ákærði veit ekki nákvæmlega, af hverju bifreiðinni var ekið inn í dimma Dráttarbrautina. Það megi spyrja Guðjón að því, hann hafi stýrt bifreiðinni. Ef til vill hafi áfengið, sem leitað var að, verið nálægt Dráttarbrautinni. Ákærði heldur, að Sævar Marinó hafi ekki verið að hugsa um dráp, heldur spíra. Það hafi ekki átt að drepa neinn.

Ákærða þykir leitt, að þetta skyldi fara svona með Geirfinn. Hann kveðst ekki vita betur en Geirfinnur sé grafinn á Rauðhólasvæðinu, eins og hann hefur lýst.

Hinn 14. janúar gaf ákærði heildarskýrslu um málsatvik hjá rannsóknarlögreglu. Ákærði kom fyrir dóm hjá Erni Höskuldssyni fulltrúa hinn 18. janúar og skýrði þá frá á sama hátt og í skýrslu þessari greinir.

Ákærði kom fyrir dóm hjá dómurum máls þessa dagana 12. og 13. maí og skýrði þar frá málsatvikum á sama hátt í öllum meginatriðum og í framangreindum framburðum greinir. Verður nú sá framburður rakinn, en jafnframt getið um, þar sem misræmi er milli framburðanna og viðaukar.

Ákærði kvaðst viðurkenna atferli það, sem honum er gefið að sök í I. kafla ákæru. Skýrsla ákærða í sakadómi hinn 18. janúar 1977 var því næst lesin í heyranda hljóði, og sagði ákærði hana rétta í meginatriðum. Hann kveðst þó vilja koma að nokkrum athugasemdum.

Ákærði skýrði frá því, að þeir Sævar Marinó hefðu verið saman á dansleik í veitingahúsinu Klúbbnum, sennilega að kvöldi sunnudagsins 17. nóvember 1974. Þegar langt var liðið á dansleikinn, voru þeir staddir saman á stigapalli á 2. hæð, og benti þá Sævar Marinó ákærða á mann, sem síóð upp við glervegg rétt fyrir innan. Ákærði man, að maður þessi hélt á glasi í hendinni, en ekki varð ákærði var við, að hann væri mikið ölvaður. Ákærði þekkti ekki manninn, en telur, að um Geirfinn Einarsson geti hafa verið að ræða. Sævar Marinó bað ákærða að fara til mannsins og spyrja hann, hvort hann vildi kaupa eða selja spíra. Ákærði er þó frekar á því, að hann hafi átt að spyrja manninn, hvort hann vildi kaupa spíra. Ákærði kveðst hafa verið tregur að fara til mannsins og spyrja hann um þetta, en Sævar Marinó hafi þrástagað á þessu, þannig að hann hafi látið undan að lokum. Ákærði gekk til mannsins og spurði hann um þetta. Maðurinn virtist verða undrandi á spurningu ákærða og svaraði honum neitandi. Ákærði sagði þá við manninn, að hann væri að gera að gamni sínu, og varð ekki meira úr samtalinu. Ákærða fannst Sævar Marinó vera að gera sig að fífli með þessu og kveðst hafa verið höstugur við hann vegna þessa. Sævar Marinó nefndi ekki nánar, hvað hann ætlaðist fyrir með þessu, en það hvarflaði að ákærða, að hann væri að flytja einhver skilaboð í sambandi við sölu á hassi. Ákærði gekk á brott frá Sævari Marinó þarna á stigapallinum og veit ekki, hvort hann ræddi við manninn. Ákærði hitti Sævar Marinó síðar um nóttina, en þeir minntust ekkert á þetta frekar, nema ákærði bað hann um að vera ekki að biðja sig um svona lagað.

Rétt eftir hádegi mánudaginn 18. nóvember hringdi Sævar Marinó til ákærða að Laugavegi 32, þar sem ákærði bjó á þeim tíma. Bað hann ákærða að koma með sér suður með sjó í „spíraleiðangur“. Ákærði kveðst hafa spurt Sævar Marinó að því í gamni, hvort hann ætlaði að stela spíra, og hafi hann svarað því játandi. Sævar Marinó spurði ákærða, hvort hann gæti útvegað sendiferðabifreið til þess að flytja spírann. Sagðist ákærði ekki geta það, og fór þá Sævar Marinó að tala um Sigurð Óttar Hreinsson, frænda ákærða, sem hann sagði hafa unnið á sendibifreiðastöð. Sagðist ákærði skyldu athuga málið. Sævar Marinó spurði ákærða einnig, hvort hann vissi um nokkra kaupendur að spíra, og sagðist ákærði skyldu athuga það. Ákærði tekur fram í þessu sambandi, að hann hafi með öllu hafnað þessu fyrst í stað, en látið til leiðast að lokum.

Ákærði kveðst hafa heyrt talað um smygl á spíritus á árinu 1974, en ekki man hann eftir, að nefnt væri, að það væri í Keflavík. Ákærði kveðst ekki kannast við neinn mann, sem er kallaður „Geiri“ og fengist hafi við ólöglega áfengissölu í Keflavík. Sævar Marinó nefndi mann þennan aldrei, svo að ákærði heyrði.

Ákærði hafði tal af Sigurði Óttari í framhaldi af símtalinu við Sævar Marinó. Kom hann til ákærða daginn eftir, hinn 19. nóvember, að Laugavegi 32. Spurði ákærði hann, hvort hann gæti útvegað sendibifreið til flutninga um kvöldið, og sagðist hann skyldu gera það, ef hann gæti. Ákærði nefndi ekki við Sigurð Óttar, hvert ætti að aka eða hvað ætti að flytja, en aðeins var talað um flutning. Ákærði bað Sigurð Óttar að koma um kvöldið í sendibifreið á Vatnsstíg, ef þetta tækist. Ákærði man ekki eftir, á hvaða tíma Sigurður Óttar átti að koma, en telur, að það hafi verið um kl. 2000.

Sævar Marinó kom til ákærða að Laugavegi 32 um kl. 2000 um kvöldið. Sagði hann ákærða að koma að bifreið, sem biði á Vatnsstíg. Ákærði fór í svartan leðurjakka og hélt út. Sævar Marinó var aðeins á undan ákærða, og þegar út á Vatnsstíg kom, var hann sestur inn í bláa Volkswagen bifreið, sem þar stóð. Rétt eftir að ákærði kom á staðinn, kom Sigurður Óttar á sendibifreið. Bifreið þessi var af Mercedes Benz :gerð, gul á lit og frambyggð. Stöðvaði hann nokkru fyrir framan Volkswagen bifreiðina hinum megin á götunni, eða hægra megin. Ákærði kveðst ekki vita um skrásetningarmarkin á framangreindum bifreiðum. Að beiðni Sævars Marinós gengu ákærðu að sendibifreiðinni til Sigurðar óttars og ræddu við hann. Ákærði kveðst hafa verið allmikið undir áhrifum lyfja og því ekki :geta skýrt nákvæmlega frá samtalinu. Hann man, að Sævar Marinó var að gefa leiðbeiningar um, hvert aka ætti, og átti ákærði að segja Sigurði Óttari það. Sigurður Óttar átti erfitt með að skilja ákærða, og gaf Sævar Marinó, sem stóð við hlið ákærða, leiðbeiningar um að aka í átt til Keflavíkur. Ákærði man eftir því, að Sigurður óttar sagði, að hann væri ekki alveg öruggur um, að hann gæti farið á bifreiðinni, og þyrfti hann að ræða málið við eiganda hennar. Sigurður Óttar ók síðan á brott, en ákærðu gengu að Volkswagen bifreiðinni. Undir stýri hennar sat maður, sem ákærði þekkti ekki, en Sævar Marinó sagði, að ákærða minnir, að væri frændi fyrrverandi mágs Guðjóns Skarphéðinssonar. Ákærða var sýnd mynd af Guðjóni hjá rannsóknarlögreglunni, og kveður hann það hafa verið hann, sem ók bifreiðinni. Í aftursætinu vinstra megin sat Erla Bolladóttir, sem ákærði þekkti. Ákærði settist við hlið hennar, en Sævar Marinó settist í framsætið við hlið ökumanns. Var nú ekið vestur á Framnesveg að húsi nr. 60 og eitthvað annað. Þar var numið staðar, og fór Sævar Marinó úr bifreiðinni. Ákærði veit ekki, hvert hann fór og ekki í hvaða erindagerðum hann var. Þegar Sævar Marinó kom aftur í bifreiðina, var ekið í átt til Keflavíkur.

Í lögregluskýrslu segir ákærði, að ekið hafi verið beint til Keflavíkur.

Ákærði man, að logn var, kalt í veðri, dimmt yfir, en þurrt. Ákærði kveðst hafa sofið megnið af leiðinni, en vaknað öðru hverju. Hann man eftir, að þau voru að gá að sendibifreiðinni. Ákærði man og, að þeir Guðjón og Sævar Marinó voru að ræða saman, en þeir töluðu lágt, og fylgdist ákærði ekki með, hvað þeim fór á milli. Ákærði kveðst ekki muna eftir að hafa heyrt þá Sævar Marinó og Guðjón tala um, að einhver gæti orðið erfiður, en í lögregluskýrslunni og dómskýrslunni frá 18. janúar greinir hann frá þessu. Einhvers staðar var tekið bensín á leiðinni, en hvar það var, getur hann ekki staðhæft.

Þegar til Keflavíkur kom, sáu þeir bifreið Sigurðar Óttars, sem stóð við gatnamót nálægt Aðalbílastöðinni. Ákærði kveðst vera ókunnugur í Keflavík, en þetta hafi rifjast upp fyrir sér, þegar honum var sýndur staðurinn síðar. Numið var staðar fyrir aftan sendibifreiðina. Fór ákærði út og hafði tal af Sigurði Óttari. Sagði hann honum að aka í Dráttarbrautina í Keflavík. Sigurður Óttar sagðist ekki vita, hvar Dráttarbrautin væri. Ákærði kvaðst heldur ekki vita það, en Sævar Marinó hafi sagt, að hún væri innst í bænum. Sigurður Óttar ók síðan af stað, en ákærði og fólk það, sem með honum var, ók að Hafnarbúðinni. Telur ákærði, að klukkan hafi verið um 2200, þegar komið var þangað. Fóru þeir Sævar Marinó þar út úr bifreiðinni og héldu inn í Hafnarbúðina. Sævar Marinó var búinn að segja við ákærða, að þeir skyldu láta sem þeir þekktust ekki. Inni í Hafnarbúðinni man ákærði eftir, að Sævar Marinó keypti vindlinga, súkkulaði og flösku af Coca Cola.

Ákærðu fóru síðan aftur út í bifreiðina, og var ekið að Dráttarbrautinni í Keflavík, en ekki veit ákærði, hver átti hugmyndina að því. Þegar þangað kom, var numið staðar einhvers staðar á milli húss Dráttarbrautarinnar og pípugetar, og fór ákærði úr bifreiðinni til að svipast um eftir Sigurði Óttari. Sævar Marinó hafði sagt ákærða að flýta sér, því að þeir hefðu lítinn tíma. Ákærði kveðst hafa hlaupið



nokkurn spöl 17eint í norður, þar til hann fann bifreið Sigurðar Óttars. Ákærða minnir, að bifreiðin hafi staðið vestan eða norðan við Dráttarbrautarhúsið. Sigurður Óttar var ópolinmóður og vildi fá að vita, hvað ætti að flytja og hvort ekki færi að koma að þessu. Ákærði sagði Sigurði óttari að bíða rólegum og hraðaði sér aftur að Volkswagen bifreiðinni. Var því næst ekið að einhverri „sjoppu" eða söluturni, sem ákærði getur ekki tilgreint nákvæmlega, hvar var, en leiðin þangað var nokkuð löng. Ákærði kveður „sjoppu" þessa vera við aðalgötuna í Keflavík. Sævar Marinó fór þar úr bifreiðinni og sagðist ætla að hringja. Hann fór inn í „sjoppuna", en kom brátt aftur. Sagðist hann ekki hafa getað hringt, þar sem svo margt fólk hefði verið þarna.

Var nú ekið aftur að Hafnarbúðinni. Þá sá ákærði ökumanninn, Guðjón Skarphéðinsson, skrifa eitthvað á miða, sem hann rétti Sævari Marinó. Sævar Marinó lét ákærða fá miðann. Ákærði man, að þeir Guðjón og Sævar Marinó ræddu eitthvað saman, þegar Guðjón var að skrifa á miðann, en um samtalið man ákærði ekki nákvæmlega.

Í lögregluskýrslu segir ákærði, að Guðjón hafi skrifað á miðann eftir fyrirsögn Sævars Marinós.

Ákærði man, að símanúmer stóð á miðanum og, að hann heldur, nafnið Geirfinnur, a. m. k. var það nafn nefnt við ákærða, áður en hann fór inn í Hafnarbúðina. Sævar Marinó sagði ákærða að fara inn í Hafnarbúðina og hringja til Geirfinns. Átti ákærði að segja við Geirfinn, að þeir væru komnir og hann ætti að koma einn og vera gangandi. Fór ákærði nú inn í Hafnarbúðina. Bað hann afgreiðslustúlku, sem var í bláum slopp, um að fá að hringja. Ákærði hringdi í símanúmerið, sem var á miðanum, og spurði eftir Geirfinni. Barn kom í símann, og heyrði ákærði, að það kallaði pabbi. Kom þá karlmaður í símann, og spurði ákærði: „Ert þú Geirfinnur?" Maðurinn svaraði því játandi. Ákærði sagði mannum það, sem Sævar Marinó hafði beðið hann um að segja. Geirfinnur spurði þá, að ákærða minnir: „Er Maggi þarna?" Ákærði man, að hann sagði þá við ;Geirfinn: „Það er enginn Maggi hérna, ég er hérna einn". Geirfinnur spurði þá, hvar ákærði væri, og sagðist ákærði vera í einhverri „sjoppu". Geirfinnur spurði ákærða, hver hann væri, en ákærði svaraði, að það skipti ekki máli, og lagði símtólið á. Strax að samtalinu loknu fór ákærði út í Volkswagen bifreiðina. Hleypti Sævar Marinó honum inn í aftursætið, þar sem ákærði hafði setið áður, en sjálfur settist Sævar Marinó í framsætið. Guðjón fór því næst út úr bifreiðinni og hélt í átt að Hafnarbúðinni, en eigi veit ákærði með vissu, hvort hann fór þar inn. Guðjón kom skömmu síðar aftur. Ók hann aðeins frá Hafnarbúðinni, og var beðið um stund. Ákærði veit ekki, hvað varð af miða þeim, sem Sævar Marinó lét hann fá, en telur, að hann hafi látið Sævar Marinó hafa hann.

Í lögregluskýrslunni telur ákærði, að annar hvor þeirra Sævars Marinós hafi eyðilagt miðann.

Ákærðu voru búnir að bíða góða stund í bifreiðinni, þegar Guðjón sagði: „Þarna kemur hann". Ákærði kveður manninn hafa komið gangandi að bifreiðinni, og minnir hann, að hann hafi séð hann koma frá bifreið, en hvernig bifreið, man hann ekki og ekki heldur, hvar hún var. Ákærði þekkti ekki manninn og getur ekki sagt um, hvort um sama mann var að ræða og hann tók tali í Klúbbnum. Maðurinn kynnti sig ekki, og ákærði man ekki, hvort það kom nokkurn tíma fram, hvað maðurinn hét. Þegar maðurinn kom að bifreiðinni, fór Sævar Marinó út og hleypti honum inn í bifreiðina. Maðurinn settist hægra megin í aftursæti, og sat ákærði á milli hans og Erlu. Strax og maðurinn var kominn inn í bifreiðina, var ekið af stað, og fór Sævar Marinó að ræða við manninn. Ákærði tók ekki þátt í samtalinu og man ekki, hvað mannum og Sævari Marinó fór á milli. Ekið var í átt að Dráttarbrautinni. Á leiðinni tók Sævar Marinó upp seðlabúnt. Ákærði veit ekki, um hve háa fjárhæð var að ræða, en í búntinu voru fimm þúsund krónu seðlar. Sævar Marinó rétti mannum

seðlabúntið, en hann var eitthvað tregur til að taka við því. Hann lét þó tilleiðast að lokum og tók við seðlunum. Ákærði veit ekki, í hvaða skyni Sævar Marinó rétti mannum seðlana. Maðurinn fleygði seðlunum fljótlega frá sér, og lentu þeir á gólfinu við aftursæti og á milli framsæta. Ákærði var hálfsofandi og hrökk upp við þetta. Hann kveðst hafa sagt við manninn eitthvað á þessa leið: „Hvaða fíflalæti eru þetta, hvað á þetta að þýða? Ef þú ætlar að láta eins og fífl hérna, skaltu koma þér út“. Ákærði kveður þetta hafa gerst annað hvort rétt áður en komið var í Dráttarbrautina eða rétt eftir að bifreiðin hafði numið staðar. Sævar Marinó hélt áfram að rífast við manninn, en rétt eftir að bifreiðin hafði numið staðar, fóru þau öll út úr henni nema Erla, a. m. k. minntist ákærði þess ekki að hafa séð hana fyrir utan bifreiðina. Sævar Marinó fór fyrstur út úr bifreiðinni, en síðan þeir ákærði og Guðjón. Rifrildið milli mannsins og Sævars Marinós hélt áfram, eftir að komið var út úr bifreiðinni. Ákærði man, að maðurinn sagðist þekkja „þessa Klúbbmenn“. Nefndi hann Magnús í því sambandi og einhverja fleiri.

Þegar þeir voru komnir 3-4 metra frá bifreiðinni, ætlaði maðurinn að fara burtu. Ákærði stóð í vegi fyrir honum. Ákærði man, að hann bað manninn um skýringu á þessu, og sagði maðurinn þá eitthvað á þá leið: „Ég hef ekkert meira við ykkur að tala“. Ákærði man, að Guðjón sagði: „Við skulum taka hann í gegn“. Ákærði kveðst hafa jánkað því. Eftir það hófust átökin við manninn. Átökin fóru fram með miklum ofsa og tóku svo skamman tíma, að ákærði kveður erfitt að átta sig á atburðarásinni. Maðurinn hrinti ákærða frá, þegar hann ætlaði burt. Ákærði sló til mannsins með krepptum hnefa. Lenti höggið í andliti mannsins, að ákærði telur, en þó geti það eins hafa lent á hálsi hams eða brjósti. Ákærði kveður Sævar Marinó hafa veist að mannum og slegið til hans. Ákærði veit ekki, hvar högginn lentu, en hann man, að maðurinn greip í Sævar Marinó og kastaði honum frá sér nokkra metra. Ákærða finnst Guðjón hafa tekið þátt í þessu í byrjun, en hver þáttur hams var, getur hann ekki staðhæft.

Í lögregluskýrslu segir ákærði, að Guðjón hafi blandað sér í átökin. Hafi annað hvort ákærði sjálfur eða Guðjón tekið Geirfinn hálstaki, en hann man ekki, hvernig að því hafi verið staðið.

Ákærði kveðst hafa tekið Geirfinn hálstaki aftan frá. Var það í framhaldi af því, þegar Geirfinnur hafði kastað Sævari Marinó frá sér og snúið gegn ákærða. Í þessu kom Sævar Marinó æðandi að með ferkantaða spýtu, tæpan metra á lengd, en ekki mjög svera. Sló hann manninn með spýttunni nokkuð oft bæði á brjóst, maga og fætur. Maðurinn gat litla mótspyrnu veitt, þar sem ákærði hélt honum hálstaki. Ákærði slepti nú hálstakinu, og hafi þá Sævar Marinó hlaupið frá og hent spýttunni. Maðurinn var mjög reiður. Hann sneri sér að ákærða og sagðist ætla að jafna um hann. Ákærði hörfaði frá mannum. Ákærði gat náð í spýttuna, sem Sævar Marinó hafði verið með. Ákærði sló manninn eitt högg þvert yfir brjóstið með spýttunni. Maðurinn féll aftur á bak við höggið. Lá hann í mölinni á vinstri hliðinni á eftir. Heyrði ákærði hann gefa frá sér sársaukastunur og taka með höndunum um brjóstið. Ákærði kveðst hafa staðið yfir mannum með spýttuna og bankaði í hann með henni bæði á brjóst og kjálka vinstra megin. Ákærði veit ekki nánar um þátt Guðjóns í átökunum, en að þeim loknum sá ákærði hann ganga frá þeim stað, þar sem átökin höfðu verið, í átt að bifreiðinni.

Í lögregluskýrslunni kveðst ákærði hafa verið orðinn mjög reiður og slegið Geirfinn með spýttunni tvisvar í brjóstið og einu sinni í höfuðið, þar sem hann lá, en það hafi ekki verið þung högg. Minnir ákærða, að Guðjón hafi eitthvað veist að Geirfinni 3Íka, en er þó ekki fullviss um það.

Ákærði kveðst ekki muna, hvernig maðurinn lá að átökunum afstöðnum. Ákærða var ekki ljóst, hvort maðurinn var lífs eða liðinn. Ákærði sagði Sævari Marinó að fara til Erlu og segja henni að fara n

burtu, þar sem hann vildi ekki, að hún lenti í vandræðum, ef lögreglan kæmi. Sævar Marinó fór og talaði við Erlu. Þegar hann kom aftur, bað ákærði hann að athuga, hvort „ekki væri í lagi með manninn“. Ákærði fór nú og hitti Sigurð Óttar. Bifreið hans var ekki í sjónmáli, og lá hann sofandi út af í sætinu.

Í lögregluskýrslu getur ákærði ekki um, að Sigurður Óttar hafi verið sofandi.

Ákærði sagði, Sigurði Óttari, að ekkert yrði úr flutningnum og hann skyldi fara burtu. Sigurður Óttar spurði einskis, en var reiður út af þessu öllu og hélt á brott. Ákærði hélt nú aftur á staðinn, þar sem maðurinn lá.

Þegar ákærði kom þar, sem maðurinn lá, sagði Sævar Marinó honum, að hann væri látinn. Ákærði kveðst nú sjálfur hafa athugað, hvort lífsmark væri með manninum. Sá hann, að hann var með áverka á vinstra gagnauga og á vinstri kinn eða kjálka. Ákærði hafði ekki tekið eftir þessu, áður en hann fór að hitta Sigurð Óttar, og er sannfærður um, að blóð var ekki á andliti mannsins. Kveðst hann hafa farið að þjarka um þetta við Sævar Marinó, en hann hélt því fram, að blóðið hefði alltaf verið. Ákærði man ekki vel, hvar Guðjón var, en minnir, að hann hafi annað hvort verið við bifreiðina eða inni í henni. Þegar ákærðu voru sannfærðir um, að maðurinn væri látinn, fóru þeir að ræða um, hvað gera skyldi.

Í dómskýrslunni frá 18. janúar óskaði ákærði að taka fram, að hann hefði verið undir áhrifum lyfja í Keflavík umrætt sinn og ekki getað fundið út sjálfur, hvort Geirfinnur var lífs eða liðinn, þegar átökin voru um garð gengin í Dráttarbrautinni.

Ákærði kveðst fyrst hafa lagt til, að maðurinn yrði skilinn eftir í þeirri von, að hann mundi e. t. v. ranka við sér. Sævar Marinó vildi hins vegar setja hann inn í Volkswagen bifreiðina og flytja hann á brott. Guðjón var viðstaddur umræðurnar, en ákærði man ekki, hvort hann lagði eitthvað til málanna. Það varð úr, að maðurinn var settur inn í bifreiðina og komið fyrir í aftursæti. Hjálpuðust þeir allir að við þetta.

Maðurinn var látinn sitja uppi vinstra megin í aftursæti og halla aftur að hliðarrúðunni. Þegar búið var að koma manninum fyrir í sætinu, var einhver flík breidd yfir höfuð hans, og minnir ákærða, að það hafi verið kápa, sem Erla hafði gleymt í bifreiðinni, þegar hún fór. Þeir fóru nú á brott á bifreiðinni og óku um Keflavík til þess að leita að Erlu, en fundu hana ekki. Var þá ekið áleiðis til Reykjavíkur.

Ákærði kveður þá hafa verið mjög óttaslegna yfir því, sem gerst hafði, þar sem eigi hafði verið búist við þessum málalokum. Voru þeir að ræða um, hvað gera ætti við líkið. Kom til tals að skilja það eftir úti á Álftanesi og einnig að koma því fyrir í hitaveitustakk, og átti Guðjón þá hugmynd. Loks var afráðið að fara með líkið heim til ákærða að Grettisgötu 82 og geyma það í kjallaranum, þar til nánari ákvörðun hefði verið tekin um, hvar ætti að koma því fyrir.

Í lögregluskýrslu segir, að bifreiðinni hafi verið ekið inn í sunnið, sem liggur með húsaörðunum bak við húsið. Ákærði fór þar út úr bifreiðinni, fór yfir tvo garðveggi og út á Grettisgötu, gegnum sund á milli húsa nr. 76 og 78. Ákærði fór inn um aðaldyrnar, hélt niður í kjallarann og opnaði garðdyrnar innan frá. Þeir hjálpuðust allir að því að bera líkið inn í kjallarann.

Í lögreglu- og dómskýrslum segir ákærði, að líkið hafi fyrst verið sett á lágt rimlaborð, sem var undir glugga í þvottahúsinu. Þar breiddi ákærði yfir það grænt teppi, sem hékk uppi við enda gangsins við

þvottahús- og geymsludyrnar. Ekki var hægt að læsa þvottahúsinu, og var því ákveðið að flytja líkið inn í geymsluna. Ákærði hafði ekki lykil að henni og braut hana þín upp með því að spyrna í hurðina. Báru ákærðu líkið síðan inn í geymsluna. Þar inni var mikið af dóti. Þeir lögðu líkið endilangt á gangveg í geymslunni, en háir staflar af dóti voru sitt hvoru megin, og ákærði man, að höfuð þess sneri að glugganum, en fæturnir að dyrunum. Ákærði tók svartan plast- eða leðurlíkisdúk, sem var þarna, og vöfðu ákærði og Guðjón honum utan um líkið og bundu síðan snæri lauslega utan um. Sævar Marinó var hjá þeim, en tók ekki þátt í þessu.

Læsingin á geymslunni hafði ekki bilað, þegar ákærði spyrnti hurðinni fyrir henni upp, heldur hafði dyrastafurinn gefið eftir. Var hægt að koma því í samt lag, og gat ákærði lokað geymslunni.

Ákærði tók seðlaveski af líkinu, og minnir hann, að það hafi verið í brjóstvasa innanverðum. Veski þetta var dökkt á lit, úr leðri eða leðurlíki, í því var einn 5.000 króna seðill og eitthvað af persónuskilríkjum og nótur eða miðar. Ákærða minnir, að maðurinn hafi verið í dökkri úlpu og dökkum buxum, eins og áður greinir, og eins finnst honum, að hann hafi verið í jakka innan undir úlpunni, en er þó ekki viss um það. Ákærði tók fimm þúsund króna seðilinn úr veskinu og sló eign sinni á hann. Veskið geymdi ákærði þangað til daginn eftir, en reif það þá sundur ásamt innihaldi þess og skolaði því niður á salerni að Laugavegi 32. Ákærði kveðst hafa eitthvað litið á persónuskilríkin, og minnst hann sérstaklega ökuskipteinis. Ákærði man ekki eftir nafninu í því, en er ekki í neinum vafa um, að skilríkin hafi tilheyrt Geirfinni Einarssyni. Man ákærði eftir myndinni af Geirfinni í ökuskipteininu og er öruggur, að um hann hafi verið að ræða. Ákærði kveðst og hafa tekið teikniblyánt úr brjóstvasanum á jakka Geirfinns. Ákærði geymdi blyántinn heima hjá sér í skrifborðsskúffu.

Guðjón fór út úr kjallaranum og færði bifreiðina úr sundinu. Fór Sævar Marinó á eftir honum og ræddi við hann, en kom skömmu síðar aftur og dvaldist hjá ákærða.

Í lögregluskýrslu segir ákærði, að þeir hafi farið allir upp í herbergi hans, sem er á hæðinni fyrir ofan, en Guðjón hafi farið skömmu síðar.

Þá skýrði ákærði frá því, að þeir Sævar Marinó hefðu rætt saman nokkra stund, og kveðst ákærði hafa gefið honum eitthvað róandi, valium að hann heldur, að beiðni hans. Einnig kveðst ákærði hafa tekið sjálfur allmikið af lyfjum. Sævar Marinó hafi síðan ætlað heim til sín og farið útá Hlemmtorg til að ná í leigubifreið. Skömmu eftir að Sævar Marinó var farinn á brott, kom Sigurður Óttar til ákærða að Grettisgötu 82. Hann bjó þar um þessar mundir, en ákærði hélt til á Laugavegi 32. Ákærði veit ekki, hvort Sigurður Óttar var á sendibifreiðinni, en minnir, að hann hafi sagt, að hann hefði farið að skila henni. :Sigurður Óttar fór að spyrja ákærða, hvað þeir hefðu verið að gera í Keflavík. Ákærði kveðst ekkert hafa viljað segja honum um það, enda hafi þeir Sævar Marinó verið búnir að ákveða að gera það ekki. Reiddist Sigurður Óttar út af þessu og fór brátt að sofa. Sævar Marinó hætti við að fara heim til sín og kom aftur til ákærða. Sagði hann eitthvað á þá leið við ákærða, að hann treysti sér ekki til að fara heim. Sátu ákærðu í litlum sófa, sem var í herberginu, til morguns og dottuðu, en þá fóru þeir út. Gengu þeir vestur Grettisgötu. Á móts við húsið nr. 74 skildust leiðir þeirra. Sævar Marinó sneri við, en ákærði hélt að Laugavegi 32.

Seinni hluta fimmtudagsins 21. nóvember hringdi Sævar Marinó til ákærða að Laugavegi 32 og sagðist ætla að koma og sækja hann. Ákváðu þeir að hittast heima hjá ákærða að Grettisgötu 82. Ákærði fór þangað fótgangandi, en þau Sævar Marinó og Erla komu þangað á Land Rover bifreið, og ók Erla. 6k

hún bifreiðinni inn í sundið að garðshliði bak við húsið. Erla fór upp í herbergi ákærða. Þeir Sævar Marinó fóru niður í kjallarann. Fluttu þeir lík Geirfinns úr geymslunni fram í þvottahúsið og lögðu það á gólfið framan við rimlaborðið. Þeir bundu betur utan um það með nylonbandi og báru það síðan að bakdyrunum. Ákærði tók líkið þar í fangið og bar það að afturhurð Land Rover bifreiðarinnar. Sævar Marinó opnaði hurðina, og var líkið sett inn í bifreiðina. Ákærði man eftir tveimur skóflum, sem voru í bifreiðinni og stóðu upp við bakið á framsætinu. Ákærði man ekki, hvernig skóflurnar litu út, en þær voru báðar með oddmynduðu blaði. Ákærði sá skóflu þá, sem Guðjón var sagður hafa haft að láni. Kveður ákærði um sams konar skóflur hafa verið að ræða. Erla beið uppi í herbergi ákærða, á meðan ákærðu voru að bera líkið út í bifreiðina og koma því þar fyrir. Ákærði fór og sótti Erlu, og ók hún bifreiðinni áleiðis upp í Rauðhóla.

Í þessu sambandi skýrði ákærði frá því, að svo hafi virst sem Sævar Marinó hafi verið búinn að ákveða, hvað gera skyldi við lík Geirfinns. Ákærði kveðst hafa verið því fegnastur að losna við það úr geymslunni og hafi verið búinn að hafa orð á því, að ekki væri hægt að hafa það þar lengi. Ákærði kveðst hafa mótmælt því að flytja líkið upp í Rauðhóla og bent á, að best væri að fela það í Hafnarfjarðarhrauni. Það hafi Sævar Marinó ekki viljað og fullyrt, að svæðið í Rauðhólunum væri friðað og enginn mundi hrófla við því. Lét ákærði við svo búíð standa.

Í lögregluskýrslunni skýrir ákærði frá því, að numið hafi verið staðar við bensínafgreiðslu á Ártúnshöfða og annað hvort Erla eða Sævar Marinó keypt þar bensín á 45 lítra plastbrúsa. Í dómskýrslu 18. janúar kvaðst ákærði vilja leiðrétta það, að notaðir hafi verið 4-5 lítrar af bensíni til að kveikja í líkinu. Það hafi ekki verið nema einn lítri. Í dómskýrslu 13. maí kveðst ákærði ekki muna eftir, að numið hafi verið staðar til að taka bensín. Sé þetta ekki á rökum reist og komið frá lögreglumönnum. Ákærði minnst þess ekki, að neitt bensín hafi verið haft með í ferðina og það notað til að kveikja í líkinu. Ákærði tekur þó fram, að hann hafi verið mjög drukkinn.

Þegar í Rauðhóla kom, var beygt til hægri af þjóðvegnum og ekið áfram nokkurn spöl, uns numið var staðar við allháan, þverhniptan rauðamalarvegg. Þar hafi þeir Sævar Marinó byrjað að grafa, en hætt við það vegna hættu á grjóthruni úr veggnum. Hafi þeir fært sig til stuttan spöl og grafið þar um 80 cm djúpa gryfju. Lögðu þeir lík Geirfinns í umbúðunum í hana. Áður en þeir mokuðu yfir, kveðst ákærði hafa reytt sinu og látið ofan á líkið, en Sævar Marinó kveikt í. Lítil brunni hafi orðið af þessu og ákærði fljótlega slökkt eldinn. Varð ákærði ekki var við, að neitt bensín væri notað. Land Rover bifreiðin stóð þarna skammt frá og Erla við hana.

Í lögregluskýrslunni skýrir ákærði frá því, að þegar ákærðu höfðu lagt böggulinn, þ. e. líkið, í gryfjuna, hafi annar hvor þeirra tekið bensínbrúsann og hellt úr honum yfir það. Sævar Marinó hafi að því búnu tekið eldspýtu og kveikt í. Upp hafi komið allmikill logi, en fljótlega dregið úr honum og hann logað stutt. Ákærði man eftir, að óþefur gaus upp. Virtist honum líkið hreyfast og hafði orð á þessu við Sævar Marinó. Ákærðu mokuðu síðan yfir líkið og dreifðu úr efni því, er ekki komst í gryfjuna. Gengu þeir þannig frá, að sem minnst ummerki sæjust. Að því búnu var ekið til Reykjavíkur, en ákærði man ekki, hvar hann fór úr bifreiðinni. Ákærði kveður þau hafa verið þarna seinni hluta dags og aðeins verið farið að rökva. Ákærði kveður Sævar Marinó hafa hringt í sig daginn eftir eða svo og sagt sér, að hann hefði grafið líkið upp og grafið það annars staðar í Rauðhólum. Fóru þeir saman upp í Rauðhóla nokkru síðar, og sýndi Sævar Marinó ákærða, hvar hann hefði grafið líkið. Sagðist Sævar Marinó hafa fengið aðstoð manna, sem hann ekki nafngreindi, við að flytja líkið. Ákærði kveðst hafa

sagt lögreglunni frá þessu, en veit ekki, að hve miklu leyti þetta var kannað. Ákærði kveðst ekki vita, hvar lík Geirfinns sé niður komið, umfram það, er að framan greinir.

Hinn 6. júlí var ákærði samprófaður við Erlu um það, sem í milli bar í framburðum þeirra.

Ákærði var spurður að því, hvar hann hefði farið upp í Volkswagen bifreiðina á Vatnsstíg, þegar farið var til Keflavíkur hinn 19. nóvember 1974. Svar ákærða var sem hér segir: „Ég var aldrei staddur á Vatnsstíg ásamt Erlu, Sævari og Guðjóni og fór aldrei inn í neina Volkswagen bifreið á Vatnsstíg. Ég fór ekki til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Ég veit ekkert um þetta mál, ég er saklaus af því að hafa átt þátt í dauða Geirfinns Einarssonar og hættur að taka þátt í þessum skrípalátum“.

Vegna þessa framburðar ákærða þykir rétt, að það komi fram, að hann var fluttur úr gæsluvarðhaldi í Hegningarhúsinu í Reykjavík og settur í svokallaða lausagæslu í Vinnuhælinu að Litla-Hrauni 17. maí sl. Var ákærði þar í gæslu við venjulegt fangaviðurværi til 5. júlí sl.

Fyrir dómi hinn 27. september óskaði ákærði bókað, að hann vildi leiðrétta eftirfarandi atriði í framburði sínum frá 6. júlí 1977. Þar sem segi, að hann sé saklaus af að hafa átt þátt í dauða Geirfinns Einarssonar, eigi að stands, að hann sé saklaus af að hafa átt þátt í hvarfi Geirfinns Einasonar.

Í þinghaldi hinn 29. september sl. óskaði ákærði bókað: „Hinn 19. nóvember 1974 var ég að Laugavegi 32, þar sem ég bjó á þeim tíma. Ég fór þaðan mjög oft út fyrir dyr. Þetta kvöld minnir mig fastlega, að ég hafi farið niður í bæ, labbað niður Laugaveg. Ég tók strætó, leið 1, og fór úr honum á Njálsgötu við Snorrabraut og labbaði síðan heim til mín að Grettisgötu 82. Sævar var búinn að hafa orð á því við mig að bjóða mér að koma á kvikmyndasýningu að Kjarvalsstöðum. Hann var búinn að tala um, að aðgangur yrði ókeypis. Ég fór ekki inn á Kjarvalsstaði og hitti Sævar ekki. Ég var með áfengi með mér. Ég sat við stytta Einars Ben og var að drekka þar. Ég var þarna nokkurn tíma og labbaði síðan niður á Laugaveg 32 og var þar í herbergi nr. 4 um nóttina“.

F. Ákærði Guðjón mætti fyrst til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni hinn 14. maí 1976.

Ákærði kvaðst þekkja ákærða Sævar Marinó og hafa gert um nokkurt skeið. Fyrst man ákærði eftir honum, þegar ákærði var kennari við skólann að Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, og hann var þar nemandi skamman tíma árið 1970 eða 1971, að ákærða minnti. Síðan hefur ákærði hitt Sævar Marinó af og til, oftast einhvers staðar á götu eða í veitingahúsi. Einnig kom fyrir, að ákærði hitti hann einhvers staðar í heimahúsi, og nokkrum sinnum hefur hann heimsótt ákærða.

Sumarið 1974 bjó ákærði að Rauðalæk 67 hér í borg, og minnti hann, að Sævar Marinó hefði heimsótt hann þangað einu sinni eða tvisvar. Af Rauðalæk flutti ákærði um mánaðamótin október og nóvember þetta ár að Ásvallagötu 46. Ákærði kveðst hafa hitt Sævar Marinó öðru hverju sumarið 1974, og man ákærði, að hann færði oftast en einu sinni í tal við hann að taka þátt í að svíkja út fé hjá Pósti og síma. Ákærði hló ætíð að Sævari Marinó, enda taldi hann þetta algera fjarstæðu. Af þessum sökum heldur ákærði, að hann hafi eitthvað móðgast við sig, því að frá því um þjóðhátíð sumarið 1974 og þar til vorið 1975 hitti hann ekki Sævar Marinó. Einu sinni á þessum tíma talaði hann við ákærða símleiðis frá Kaupmannahöfn, að ákærði heldur í marsmánuði 1975. Hann virtist ekki eiga neitt erindi við ákærða og talaði ekki um neitt sérstakt. Spurði hann fréttu af sameiginlegum kunningjum, hvernig veðrið væri og svo framvegis.

Sumarið 1975 áttu þeir ákærði og Sævar Marinó aftur á móti meira saman að sælda. Þeir hittust þá öðru hverju, annað hvort á förnum vegi eða að Sævar Marinó kom til ákærða. Ákærði sóttist ekki eftir félagsskap Sævars Marinós. Upp úr samskiptum þeirra Sævars Marinós slitnaði í byrjun desember 1975 vegna fíkniefnamáls, sem þá komst upp og áður hefur verið rakið.

Ákærði minntist þess, að sumarið 1975 barst eitt sinn hið svokallaða „Geirfinnsmál“ í tal milli þeirra Sævars Marinós, og sagði Sævar Marinó þá sem svo, að um það mál vissi hann allt. Ákærði innti hann eitthvað nánar eftir vitneskju hans, en meira var ekki upp úr honum að hafa. Ákærði man ekki gerla, hvenær þetta var, og ekki heldur tildrögin að því, að þetta bar á góma. Einu sinni sagði Sævar Marinó við ákærða, að hér á landi væri enginn vandi að losna við menn fyrir fullt og allt. Allt, sem þyrfti að gera, væri að kála þeim og urða þá svo suður í hrauni, þar fyndust þeir aldrei. Ákærði man ekki, hvert var tilefni þess, að Sævar Marinó sagði þetta. Það var algengt, að Sævar Marinó færi að tala um einhver málefni eða viðburði, án þess að nokkurt tilefni væri til þess eða það væri í samhengi við annað umræðuefni.

Ákærði var sérstaklega spurður um það, hvar hann hefði haldið sig í nóvember 1974 og hvort hann hafi verið í eða hjá sendiferðabifreið á Vatnsstíg hér í borginni á þeim tíma ásamt Sævari Marinó, Erlu Bolladóttur og Kristjáni Viðari Viðarssyni. Ákærði kannast alls ekki við neitt í sambandi við slíka bifreið veturinn 1974. Hann þekkir Erlu í sjón, en Kristján Viðar kannaðist hann ekki við. Vel geti verið, að ákærði hafi séð Kristján Viðar, án þess að hann viti um -það, en ákærði hefur heyrt, að hann sé kunningi Sævars Marinós.

Það rifjaðist upp fyrir ákærða, að hann hitti Sævar Marinó eitt sinn veturinn 1974, nánar tiltekið síðari hluta október. Ákærði vann þá við lagfæringu húsnæðisins við Ásvallagötu. Sævar Marinó kom í bifreið þangað, þegar ákærði var að vinna í íbúðinni. Hann sagði ákærða, að hann væri búinn að kaupa Land Rover bifreið. Bauð hann ákærða að reyna að aka henni, og gerði ákærði það. Erla var í bifreiðinni með Sævari Marinó, og mun hún hafa verið ökumaðurinn. Þetta var í fyrsta skipti, sem ákærði sá Erlu, svo að hann muni. Hugsanlegt sé, að hann hafi áður séð hana í fylgd Sævars Marinós, en hann muni ekki eftir því.

Hinn 12. nóvember handtóku rannsóknarlögreglumenn ákærða Guðjón á heimili hans að Rauðarárstíg 32 hér í borg. Hann kom með þeim til yfirheyrslu án mótþróa. Ákærði samþykkti, að lögreglumennirnir mættu gera húsleit hjá honum. Ákærði bjó í mjög litlu súðarherbergi í rishæð hússins. Lögreglumennirnir leituðu í öllum hirslum og bókum svo og í fatnaði og rúmfatnaði í herbergi ákærða. Leitin bar ekki annan árangur en þann, að í tösku undir skrifborði fundu þeir litla minnisbók, sem var í opnu umslagi. Í bók þessa voru skrifaðar margs konar upplýsingar og heimilisföng, sem ekki vöktu grunsemdir. Hins vegar var í bókinni laust blað, sem sýnilega hafði verið rifið úr henni, og í miðju hennar var skrifað á tvö blöð. Eftirfarandi er skráð á blöð þessi m. a.:

„Geirfinnsmál fyrst nefnt í Mbl. föstud. 22. nóv. á 2. síðu sagður þar hafa horfið af heimili sínu kl. 22.30.

Laugard. 23. talað um dularfullt mannshvarf. Blá úlpa grænar buxur úr flaeli - grænköflótt skyrtu brúnum skóm.

Villa í frásögn .því þar er talað um ferð Geirfinns frá heimili sínu með kunningja sínum þriðjud.kvöld 18, hlýtur að eiga að vera 19. nóv.

Fyrir liggur nákvæm lýsing á manningnum, sem hringdi í Hafnarbúð kl. 20.00-23". (yfir þessu stendur 22.30).

„Þriðjud. 24. nóv. 3. síða löng grein af hverju hugsanlegt morðmál.

Þórður Ingimarsson vinnufélagi Geirfinns. Ellert Skúlason vinnuveit.

Miðvikud. 27. nóv. Mynd var tekin af Geirfinni í Klúbbnum 17. nóv. hann var þar á dansleik ásamt kunningjum sínum. Mynd af Leirfinni er í því blaði.

Fimmtud. 28. fengin nöfn 70 manna af öllu landinu. Maður á Akureyri á Gbíl kl. 6.20 :þriðjud. 26. nóv. á smurstöð starfsm. þóttust þekkja manninn af leirstyttunni. Hvaða tegund af bíll var þetta.

29. nóv. Hópurinn farinn að þrengjast."

„Þjóðviljinn".

„Þriðjud. 26. nóv. Mannshvarfið í Keflavík".

A fyrstu síðu minnisbókarinnar stendur: „Skrifað á Laugaveg 28, 6. júní með nýkeyptum penna Sævars".

Ákærði var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu í framhaldi af handtökunni.

Honum var bent á, að hann væri undir grun vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar. Ákærði fullyrti, að hann hefði enga vitneskju um hvarfið eða nokkuð í því sambandi umfram það, sem hann hefur lesið í dagblöðum. Ákærði kveðst vera viss um, að hann hafi ekki verið á Vatnsstíg, þar sem þau Sævar Marinó og Erla segjast hafa verið. Það sé alrangt, að hann hafi átt símtal við Geirfinn og á eftir sagt Sævari Marinó, að hann ætti stefnumót við Geirfinn. Ákærði hafði aldrei heyrt Geirfinns getið, fyrr en hann las um málið í blöðum. Ákærði kveðst vera þess alveg fullviss, að hann hafi ekki farið til Keflavíkur hinn 19. nóvember 1974 ásamt þeim Sævari Marinó, Erlu og Kristjáni Viðari. Hann er þess einnig fullviss, að hann var ekki í Keflavík á þessum tíma.

Ákærði kveðst aldrei hafa komið heim til Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82. Ákærði veit ekkert um samtál, sem á að hafa átt sér stað heima hjá Kristjáni Viðari aðfaranótt 20. nóvember 1974. Hann hefur ekki heyrt talað um að flytja lík Geirfinns. Það sé ófyrirleitin lygi að segja, að hann hafi tekið þátt í samræðum, þar sem talað hafi verið um að sýna yrði einhverjum manni fulla hörku. Það sé einnig lygi, að hann hafi látið afhendi miða með nafni og símanúmeri Geirfinns. Einnig sé það lygi, að hann hafi átt nokkurn þátt í átökum í Dráttarbraut Keflavíkur. Allt það, sem ákærða skilst, að hafi komið fram varðandi þátttöku sína í því, sem gerðist í Keflavík, það sé lygi, hann hafi hvergi komið þar nærri. Ákærða er ekki ljóst, hvers vegna því hefur verið haldið fram, að hann sé viðriðinn þetta mál, en hann bendir á, að það muni hafa gerst áður, að saklausum mönnum hafi verið bendlað við það.

Í nóvember 1974 var ákærði nýlega búinn að kaupa íbúð, og var hann flest kvöld að vinna við að lagfæra hana. Ákærði telur, að kvöldið 19. nóvember hafi hann verið að vinna í íbúðinni. Ákærði á ekki gott með að færa ákveðnar sönnur á það.

Þegar ákærði var kallaður til yfirheyrslu 14. maí 1976, var honum ljóst, að farið var að bendla hann við málið. Eftir það fór hann að reyna að finna út, hvar hann hefði verið þetta kvöld. Fór hann af því tilefni á Landsbókasafnið, skoðaði blöð frá þessum tíma, skrifaði hjá sér helstu atriði varðandi málið



og einnig atburði, sem þá gerðust, í því augnamiði að rifja upp þennan tíma. Honum hafi á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar verið sýnt blað úr dagbók hans, þar sem hann hafði skrifað hjá sér þessi atriði.

Sævar Marinó kom einu sinni heim til ákærða í nóvember 1974. Ákærði man ekki nákvæmlega, hvaða dag það var, en hann er viss um, að það var um kvöld á virkum degi á tímanum frá kl. 2100 til 2200. Ákærða finnst, að það kunni að hafa verið að kvöldi 19. nóvember. Erla var nýlega búin að kaupa Land Rover bifreið. Þau voru tvö í bifreiðinni, og var erindi þeirra ekkert annað en að bjóða ákærða að prófa að aka bifreiðinni. Sævar Marinó bað ákærða ekki að aka sér neitt sérstakt, og ekki var talað um nein afbrot. Ákærði fór með þeim í ökuferð á bifreiðinni. Hann heyrði ekki meira frá þeim, fyrr en Sævar Marinó hringdi til hans síðar um veturinn frá Kaupmannahöfn. Síðar sama dag var ákærði aftur í lögregluþyrsefingu.

Ákærði sagði sem áður, að hann væri algerlega saklaus af hvarfi Geirfinns Einarssonar.

Ákærði kveðst enga bifreið hafa átt árið 1974. T-lann man ekki til, að hann hafi fengið bifreiðar að láni þetta ár nema bifreiðar tengdaföður síns, en þær eru af gerðunum Blazer og Cortina. Ákærði keypti Citroen bifreið skömmu fyrir páska árið 1975 og kvaðst eiga bifreið þessa, þegar yfirheyrslan fór fram.

Ákærða var sýnd loftmynd af Dráttarbraut Keflavíkur, og fullyrkti hann, að á þann stað hefði hann aldrei komið. Ákærði neitaði algerlega að hafa tekið þátt í nokkrum átökum þar hinn 19. nóvember 1974. Hann kvaðst sem áður vera saklaus af því að hafa átt þátt í hvarfi Geirfinns Einarssonar og enga vitneskju hafa um það mál. Ákærði kveðst ekki geta fundið nokkra ástæðu fyrir því, að þau Sævar Marinó, Erla og Kristján Viðar skuli vera að bendla hann við mál þetta, og fullyrða enn einu sinni, að þar fari þau með lygi.

Ákærði kom fyrir dóm hjá Birgi Þormar fulltrúa hinn 12. nóvember. Skýrði hann þar frá því, að hann hefði fyrst haft afskipti af Sævari Marinó, þegar hann var kennari hans, að hann telur veturinn 1969-1970. Tveimur til þremur árum síðar hitti hann Sævar Marinó hjá mági sínum, og eftir það hittust þeir af og til. Hann kveðst hafa lánað Sævari Marinó peninga og einnig hafa skrifað upp á víxil fyrir hann.

Ákærði kannast við, að Sævar Marinó hafi nokkrum sinnum komið ti-1 sín í skrifstofu Menningarsjóðs vorið 1975. Stundum hafi hann átt erindi, svo sem að fá skrifað fyrir sig bréf, en stundum hafi hann ekki átt neitt erindi. Ákærði kannast ekki við, að hann hafi viðhaft þau ummæli um Sævar Marinó á skrifstofu Menningarsjóðs, að hann væri þjófur; falsari, smyglari, eiturlyfjasali og manndrápari.

Ákærði man eftir því, að Sævar Marinó hafði orð á því, sennilega um mánaðamótin júlí--ágúst 1974, að auðvelt væri að svíkja fé út úr Pósti og síma. Hann bauð ákærða að taka þátt í svikum þessum með sér, en ákærði tók því víðsfjarri. Þegar póstsvikamálið komst í hámmæli, spurði hann Sævar Marinó, hvort hann hefði átt þátt í því, en hann neitaði.

Ákærði var spurður, hvort Sævar Marinó hefði oft heimsótt hann á Rauðalæk. Ákærði man eftir því, að hann kom þangað í ágúst 1974 og vildi sýna ákærða segulbandstæki, en verið geti að hann hafi komið þangað oft.

Ákærði kveðst ekki hafa hitt Sævar Marinó í 6 mánuði, frá því að hann og Erla komu til hans á Ásvallagötu og sýndu honum Land Rover bifreiðina. Ákærði minnst þess ekki að hafa hitt Sævar Marinó mánuðina júlí-október 1974 á Mokka, en segir, að vera kunni, að hann hafi hitt hann þar í

júní. Hann minnr, að hann hafi fyrst hitt Erlu í júnílok 1974 og hafi það verið í herbergi, sem hún hafði á leigu í kjallara í Álfheimum. Ákærði kveður geta verið, að hann hafi hitt hann að Lambhóli við Starhaga 1973, seint um haustið, en ef svo sé, hafi honum ekki verið sagt nafn hennar. Ákærði kannast ekki við, að þeir ákærði Sævar Marinó hafi tekið lán hjá lama manni. Hins vegar segir hann, að Sævar Marinó hafi haft milligöngu um það, að hann fékk víxillán að fjárhæð kr. 400.000 hjá lögmanni hér í borginni, er hann nafngreindi.

Ákærði fór utan með ferjunni Smyrli ásamt konu sinni og barni í ágúst 1975. Sævar Marinó var einnig með skipinu, en hann var ekki á vegum ákærða. Ákærði fjármagnaði ferðina með ofangreindu láni. Sævar Marinó skildi við þau í Gautaborg.

Ákærði man ekki eftir því, að hann hafi skrifað Sævari Marinó bréf til Íslands en þó .geti verið, að hann hafi sent. bréflappa „poste restante“ til hans til Kaupmannahafnar. Þegar ákærði var í Suður-Frakklandi í byrjun nóvember 1975, fékk hann símskeyti frá Sævari Marinó, þar sem hann bað hann að hringja strax. Sævar Marinó sagðist eiga erindi til Luxemborgar. Hann spurði ákærða, hvort hann væri ekki að koma heim og hvort þeir gætu ekki hist í Luxemborg: Ákærðu töluðu um það, að svo gæti farið, að þeir hittust í Luxemborg, en ákærði gerði Sævari Marinó ljóst, áð hann yrði þar aðeins í tiltekinn tíma. Ákærði kveðst hafa hringt einu sinni frá Suður-Frakklandi og einu sinni eða tvisvar frá Luxemborg til :Sævars Marinós. Hann lafi hringt til hans frá Luxemborg til að vita, hvort hann hefði verið að ljúga eða ekki. Þegar Sævar Marinó kom til Luxemborgar, var með honum piltur, sem hann kvaðst hafa hitt í flugvélinni. Ákærða skildist á tali þeirra, að þeir ætluðu til Niðurlanda til að fá kvikmyndasambönd og til að kaupa hass.

Ákærði greindi frá því, að Erla hefði sagt sér í janúar 1976, að Sævar Marinó hefði oft átt erindi á skrifstofu Klúbbsins, en hún aldrei fengið að fara með honum þar inn.

Ákærði var úrskurðaður í allt að 20 daga gæsluvarðhald hinn 13. nóvember.

Í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögrelgunni 15. nóvember skýrði ákærði frá því, að Sævar Marinó hefði hringt til sín í desember 1975, þegar lögrelgumenn voru að koma til að handtaka Sævar Marinó. Ákærði kveðst ekki hafa sagt Sævari Marinó að segja ekkert um Geirfinnsmálið. Sævar Marinó ljúgi, ef hann haldi því fram. Ákærði segir það einnig lygi, að talað hafi verið um Geirfinnsmálið, þegar Sævar Marinó hringdi til . hans erlendis frá í mars 1975. Sævar Marinó hafi ekki spurt, hvort óhætt væri að koma heim. Þau Erla og Sævar Marinó hafi ekki komið heim til hams, skömmu eftir að þau komu til landsins vorið 1975. Hann hafi ekki heyrt þau tala um Geirfinnsmálið á þeim tíma. Þegar Erla hafi verið búin að segja lögrelgunni frá Geirfinnsmálinu veturinn 1976, hafi hún komið heim til hans og sagt honum og konu hans frá öllu, sem hún væri búin að segja lögrelgunni.

Hinn 19. nóvember var ákærði yfirheyrður í dómi af Birgi Þormar fulltrúa.

Ákærði var beðinn um að skýra frá öllu um samskipti sín við Erlu, frá því hún losnaði úr gæsluvarðhaldi og þar til hún •ar á ný hneppt í gæsluvarðhald. Ákærði sagði, að Erla hefði eitt sinn komið á heimili hans síðari hluta janúar. Hún gat um yfirheyrslur þær, sem hún hafði verið í. Sagði hún margt og fór víða. Hún skýrði frá svonefndu Geirfinnsmáli, ryskingum í fjörunni, bátsferð, hvernig hún hefði flúið í rautt hús og Einar Bollason sótt sig þangað. Hún hafði orð á því, að hún hefði verið í lífshættu af völdum Sigurbjörns Eiríkssonar. Hún hefði verið vernduð af vopnuðum lögrelgumönnum. Hún kvaðst vera á förum til Hawaii, ræddi í löngu máli samskipti sín og Sævars Marinós í gegnum árin.

Hún talaði um, að hann hefði ætlað að drepa sig og ógnað sér. Hún kvaðst hafa verið hrædd um barn þeirra fyrir honum. Kona ákærða var viðstödd viðræðurnar. Ákærði man, að Erla sagði við hann: „Þér verður haldið utan við þetta, ég á við þetta með víxilinn“. Ákærði skildi ekki, við hvað hún átti. Erla ræddi mikið um :Guðmundarmálið.

Ákærði hitti Erlu nokkru síðar á götu. Honum skildist, að hún væri að undirbúa ferðina til Hawai. Hann bauð henni þá í kaffi á veitingahúsið Tröð. Hún talaði um sömu mál og er þau hittust áður. Hann man ekki, að neitt nýtt kæmi fram hjá henni. Síðan hefur hann ekki séð Erlu.

Ákærði kveðst nú muna, að hann hafi skrifað upp á víxla fyrir Sævar Marinó; samtals að fjárhæð kr. 60.000. Víxlarnir höfðu fallið á ákærða. Erla hafi boðið sér bifreið upp í þessa skuld. Honum var ekkert um þetta, en þekktist þó boðið. Þau Erla gengu frá pappírurum í þessu sambandi.

Síðar í þinghaldinu sagði ákærði, að hann myndi nú, að hann spurði Erlu afskaplega mikið um það, hvers vegna Sigurbjörn sæktist eftir lífi hennar. Einnig spurði hann, hvers vegna lögregluþjónar gættu hennar. Hann man, að Erla sagði eitthvað á þá leið, að Sævar Marinó hefði tengst Klúbbmönnum með komum í einhverja skrifstofubyggingu Klúbbsins. Þar hefði verið drukkið. Hún sagði einnig, að Sævar Marinó hefði haft eins konar solumannshlutverk með áfengi á vegum Klúbbmanna.

Ákærði kveðst ekki hafa fengið greinileg svör hjá Erlu varðandi það, hvers vegna Sigurbjörn væri að sækjast eftir lífi hennar. Hún gat ekki gefið skýr svör um samband Sævars Marinós við Klúbbmenn. Hún hafði orð á því, að hringt hefði verið í sig og sér hótað.

Hinn 23 .nóvember var ákærði yfirheyrður hjá lögreglu út af athugasemdum þeim, sem hann skráði um Geirfinnsmálið o. fl. í minnisbók sína. Ákærði kvaðst aðeins einu sinni hafa verið á Landsbókasafninu, þegar hann skráði þessar athugasemdir, og hafi það verið eftir yfirheyrsluna hinn 15. maí 1976. Athugasemdirnar hafi bæði verið úr Morgunblaðinu og Þjóðviljanum. Ákærði kveðst hafa getað búið við, að þau Sævar Marinó og Erla mundu draga hann inn í Geirfinnsmálið eftir yfirheyrsluna 15. maí og einnig að verða tekinn aftur til yfirheyrslu. Ákærða var bent á, að athugasemdirnar veki grun um, að hann sé viðriðinn hvarf Geirfinns og hann hafi viljað safna efni til að útbúa fjarvistarsönnun. Ákærði kveðst hafa viljað vita, hvort hann hefði fjarvistarsönnun, og hafi hugsað þetta sem minnisatriði, af því að hann hefði gleymt öllu varðandi þetta mál. Hann hafi viljað vita nákvæmlega, hvað hefði gerst og hvar hann hefði verið þennan dag.

Ákærða var bent á framburð Kristjáns Viðars um, að hann væri sami maðurinn og Kristján Viðar sá ásamt Sævari Marinó hjá sendiferðabifreiðinni á Vatnsstíg og honum hafi fundist svo útlendingslegur. Ákærði sagðist vera viss um, að hann hefði ekki verið á Vatnsstígnum að kvöldi 19. nóvember, og hann haldi, að þetta sé einhver bölvuð vitleysa. Loks var ákærði spurður, hvort hann væri viðriðinn Geirfinnsmálið eða ekki. Hann svaraði því til, að hann myndi ekki eftir því, þess vegna segi hann nei að svo miklu leyti sem hann viti. Hann hafi ekkert fleira að segja. Þetta komi sér allt spánskt fyrir sjónir.

Hinn 28. nóvember fór lögreglan til Keflavíkur með ákærða með hans samþykki. Skömmu eftir að lagt var af stað frá fangelsinu, óskaði ákærði eftir því, að ekið væri eftir Vatnsstígnum. Var haldið þangað og ekið hægt eftir götunni. Ákærði leit vel í kringum sig. Að lokum sagði hann: „Ég man ekki eftir neinu, þessi Bata minnir mig ekki á neitt“.

Borið var á ákærða, að hann hefði stuttu áður í samtali spurt um Volkswagen bifreið í sambandi við Vatnsstíginn. Ákærði svaraði: „Já, ég fór einu sinni með Volkswagen bifreið til Keflavíkur. Bílnum ók ég sjálfur. Ég get ekki sagt, hvaða dag þetta var, en það var á þessum tíma á árinu 1974. Það var eina ferðin, sem ég fór til Keflavíkur. Það var stuttu eftir reynsluferðina með Sævari Marinó og Erlu á Land Rovernum þeirra. Ég held, að Volkswagen bifreiðin hafi verið full af fólki, en ég er ekki alveg viss”.

A leiðinni til Keflavíkur var ákærði spurður að því, af hvaða ástæðum hann gæti ekki munað eftir atburðum, sem væru svo þungir á metunum. Hann svaraði: „Á árinu 1974 var ég orðinn mjög þunglyndur, þess vegna get ég ekki munað ákveðin atvik skýrt. Þunglyndið lýsti sér þannig, að ég var þreyttur og rólegur. Ástæða þunglyndisins var lát föður míns 517 1974.” Aðspurður frekar sagði ákærði: „Því miður var ég aldrei í meðferð hjá geðlækni”.

Þá sagði ákærði enn fremur aðspurður: „Einu sinni var ég staddur á bóndabænum „Skunkurinn“ (.þ. e. Gljúfurárholt) með Sævari. Þar var gulur Mercedes sendiferðabíll. Sævar vildi ekki, að ég sæi fólkið, sem sat í þessum bíl. Þetta var í júlí 1975”.

Ákærði sagðist aðspurður ekki muna lengur nákvæmlega eftir farþegum í Volkswagen bifreiðinni. Sævar Marinó gæti hafa verið þar, en um Erlu er hann ekki viss. Kristján Viðar þekkti hann ekki persónulega. Þess vegna geti hann ekki sagt, hvort hann hafi farið með í þessa ferð, en það sé alveg víst, að það hafi verið menn í bifreiðinni. Þetta hafi aðeins verið ein ferð, en hún hafi átt sér stað, þegar áliðnara var kvölds en þá var.

Þegar ekið var inn í Keflavík, sagði ákærði: „Mig grunar, að við höfum ekið hér”, og átti hann við aðalgötuna. „Ég hef ekki verið við Hafnarbúðina”.

Þar næst var ákærða ekið að Hafnarbúðinni. Þegar hann hafði litið í kringum sig, sagði hann: „Nei, hér var ég ekki. Ég minnst heldur ekki að hafa lent í slagsmálum í Keflavík með fullorðnum manni”.

Ákærði stjórnaði nú ferð lögreglubifreiðarinnar í gegnum bæinn. Við bæjarmörkin sagði hann: „Hér lögðum við bílnum”. Að beiðni ákærða var bifreiðin stöðvuð fyrir framan „Pípugerð Áhaldahús”, en, þessi staður er í um 200 m fjarlægð frá Dráttarbrautinni í Keflavík.

Ákærði sagði þá: „Nú steig fólkið út úr bílnum. Ég sat kyrr í bílnum og beið í um það bil 10 mínútur. Síðan ók ég aftur inn í bæinn og beið á einhverjum stað, þar sem fjöldi fólks kom allt í einu út. Það gæti hafa verið kvikmyndahús. Þar beið ég í hálf tíma. Síðan stöðvaði ég aftur bifreiðina á mótí bensínstöð.

Einn farþeganna hafði sagt við mig áður: „Láttu ekki sjá þig svona í bænum”. L`g held, að það hafi verið Sævar, það væri nefnilega eftir Sævari. Ekki man ég, hvaða erindi farþegarnir þrír áttu til Keflavíkur. Ég veit ekki, hvað þeir gerðu, eftir að þeir fóru út úr bílnum. Þegar þremmingarnir komu aftur, ókum við aftur til Reykjavíkur, að því er mig minnir. Ég .get heldur ekki munað, hvar þeir stigu út þar. Ég man aðeins, að ég nam staðar eftir það fyrir framan húsið, sem ég átti heima í, og að ég var kominn heim”.

Að ósk ákærða var einnig ekið inn á svæði Dráttarbrautarinnar í Keflavík. Þar vildi ákærði fara út úr bifreiðinni, en var ekki leyft það. Ákærði spurði: „Hvernig var veðrið þetta kvöld? Úr hvaða átt blæs vindurinn núna?”

Þegar komið var að útjaðri Reykjavíkur á heimleiðinni, bað ákærði um, að ekið yrði eftir Grettisgötu. Hann benti fyrst á þann stað, þar sem hann hafði átt heima áður við Grettisgötu. Síðan bað hann um, að numið yrði staðar til þess að sjá undirganginn, -þar sem innkeyrslan er á bak við hús nr. 82. Að lokum sagði ákærði: „Ég hef aldrei komið inn í hús nr. 82, en ég •ar einu sinni gestur í húsinu við hliðina. Þar þjuggu kunningjar“.

Allt, sem ákærði sagði, var skrifað niður, á meðan á ferð inni stóð. Ákærði hefur ekki undirritað framangreinda skýrslu. Hinn 29. nóvember var skýrsla tekin af ákærða hjá rannsóknarlögreglunni.

Tilfni yfirheyrslunnar var að rifja upp atvik frá því daginn áður. Ákærði kvaðst ekki muna eftir neinu í sambandi við Vatnsstíg. Hann kveður það hafa rifjast upp fyrir sér daginn áður, að stuttu eftir að þau Sævar Marinó og Erla höfðu komið til hans til að sýna honum Land Rover bifreiðina, hafi hann ekið til Keflavíkur á Volkswagen fólksbifreið. Ákærði man ekki, hvaða dag þetta var, en þetta gæti hafa verið þriðjudaginn 19. nóvember 1974. Ákærða minnir, að hann hafi lagt upp í þessa ferð frá Lambhóli við Starhaga og að hann hafi verið þar í heimsókn hjá Rafni Guðmundssyni, kunningja sínum, en ekki sé víst, að hann muni þetta rétt. Ákærði heldur, að Sævar Marinó hafi komið að Lambhóli þetta kvöld á Volkswagen bifreið. Hann minnir, að Rafn haft verið heima þetta kvöld, og einnig geti verið, að hjá honum hafi verið staddur maður um 30 ára að aldri, sem heitir Vilhjálmur og kallaður er Villi. Hann hafi verið togarasjómaður, síðast á Breiðdalsvík einu ári áður. Ákærði veit ekki, hvort þeir sáu Sævar Marinó þetta kvöld, enda geti verið, að þarna sé ekki um sama kvöldið að ræða. Hann heldur, að þarna hafi verið ákveðið, að hann færi með í þessa ferð til Keflavíkur. Hann man ekki til að hafa átt að fá neinn ágóða af ferðinni.

Ákærða minnir, að hann hafi ekið bifreiðinni til Keflavíkur og með honum í bifreiðinni hafi verið þrír farþegar. Enn af þeim var Sævar Marinó, sem hann heldur, að hafi setið við hlið sér í framsæti, en hinir tveir gætu hafa verið þau Erla og Kristján Viðar. Ákærði man, að hann var hræddur við einn farþegann, sem hann þekkti ekki. Verið geti, að frá Lambhóli hafi verið ekið á Vatnsstíginn, en ákærði átti sjálfur ekkert erindi þangað, enda var hann ekki skipuleggjandi þessarar ferðar. Ákærði man ekki fyrir víst, hvernig Volkswagen bifreiðin var á litinn, en minnir, að hún hafi verið ljósblá. Hann veit ekki, hver átti þessa bifreið, en þetta gæti hafa verið bílaleigubifreið.

Ákærða minnir, að daginn eftir þessa ferð hafi hann setið inni á Mokka og þar hafi hann séð í einhverju blaði frásögn af jarðarför Þórbergs Þórðarsonar. Hann minnir, að Sævar Marinó hafi komið inn á kaffihúsið og sagt eitthvað á þá leið, að nú væri bara að þegja, en jafnvel á áttaði ákærði sig ekki á, hvað var um að vera.

Þegar ákærði ók eftir aðalgötunni inn í Keflavík, sagði Sævar Marinó við hina farþegana að láta lítið á sér bera, og minnir ákærða, að allir hafi þá beygt sig niður, þannig að farþegar í bifreiðinni hafi ekki sést utan frá. Hann kveðst ekki hafa kannast við sig við Hafnarbúðina daginn áður. Þó geti verið, að hann hafi stöðvað við götuhorn ekki langt frá Hafnarbúðinni og einn maður farið úr bifreiðinni. Ákærði man ekki til, að hann hafi skrifað þarna á miða til að láta manninn hafa. Hins vegar man hann eftir, að Sævar Marinó kom heim til hans daginn áður. Hann hringdi þá eitthvað og skrifaði niður á miða, sem hann bað ákærða að geyma. Varðandi miðann man ákærði ekki glögglega og er ekki viss um, að rétt sé með farið. Ákærði man ekki, hvort hann var með þennan miða eða hvort hann var beðinn um hann í Keflavík.

Ákærða minnir, að einn farþeginn hafi farið út úr bifreiðinni og ekki komið inn í hana aftur. Gæti það hafa verið í grennd við Hafnarbúðina. Ákærði man ekki, hvort nokkur annar kom upp í bifreiðina þarna. Eftir þetta var ekið áleiðis út úr Keflavík, götuna í átt að Garðinum. Þar var ákærða sagt að stöðva við hús, sem hann sýndi daginn áður og merkt er „Pípugerð Áhaldahús“. Ákærða finnst, að þar hafi allir nema hann farið úr bifreiðinni. Það, sem næst gerðist, geti hann ekki rifjað upp, hann muni það ekki. Þó minni sig, að þarna væri eitthvert „vesen“, Sævar Marinó hafi komið aftur að bifreiðinni og þurft hafi að fara á einhvern annan stað í Keflavík. Ákærði heldur, að hann hafi eftir nokkrar mínútur ekið áleiðis inn í bæinn aftur og stöðvað ekki langt frá bíói. Þangað hafi svo Sævar Marinó eða bæði hann og Erla komið og eitthvað hafi þurft að fara til að hringja í síma. Ákærða finnst, að ekið hafi verið að „sjoppu“, þar sem er bensínstöð, og þar hafi Sævar Marinó farið inn til að hringja. Ákærði hefur enga hugmynd um, hvert hann var að hringja eða hvers vegna, og hið sama sé að segja um tilgang fararinnar til Keflavíkur. Hann man ekki, hvert erindið var, en þó finnst sér, að Sævar Marinó hafi ætlað með þessari för að fjármagna utanlandsferð. Ákærði getur ekki rifjað upp það, sem gerðist eftir þetta í Keflavík, þó finnst sér, að ekið hafi verið eitthvað meira um Keflavík og einhver vitleysa hafi verið komin í málið. Ákærði heldur, að þeir Sævar Marinó hafi bara verið tveir í bifreiðinni á leiðinni til Reykjavíkur. Hann minnir, að þeir hafi verið staddir fyrir ofan Hafnarfjörð, þegar Sævar Marinó sló kumpánlega á öxlina á honum og sagði við hann eitthvað á þá leið, að hann væri orðinn samsekur um morð.

Ákærði man næst eftir sér, þegar hann hneig niður í stól heima hjá sér, þar sem honum hafði orðið mikið um það, sem gerst hafði. Ákærði man ekki eftir að hafa farið nema þessa einu ferð til Keflavíkur haustið 1974.

Ákærði kom með Sævari Marinó að Gljúfurárholti í júlí 1975, og þar sá hann gala Mercedes Benz sendibifreið, gluggalausa á hliðum að hann minnir. Ákærði man, að Sævari Marinó varð mikið um að sjá þessa bifreið og vildi helst fara af staðnum. Talaði hann um, að ekki væri óhætt, að mennirnir á bifreiðinni sæju ákærða. Einhvern veginn hafi svo æxlast, að hann hafi ekki séð þá, sem voru á bifreiðinni, og viti hann ekki, hverjir það hafi verið. Ákærði leit á skráningarnúmerið á bifreiðinni, og kom honum í hug bifreiðarnúmer, er hann tilgreindi. Í sambandi við þessa bifreið man ákærði, að þau Sævar Marinó og Erla fengu að geyma dót sitt hjá Rafni í kjallaranum á Lambhóli, þegar þau fóru af landi brott. Þegar Erla kom aftur vorið 1975, sótti hún dótið, og man hún hafa fengið þessa sendibifreið til að flytja það. Ákærða grunar, að þessi bifreið standi í einhverju sambandi við atburðina í Keflavík.

Í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu hinn 30. nóvember kveðst ákærði telja sig geta fullyrt, að mánudaginn 18. nóvember 1974 eftir vinnu, .þ. e. kl. 1700, hafi hann farið á Mokka, þar sem hann hitti þau Sævar Marinó og Erlu. Þau hafi ekið sér hem á Ásvallagötu. Sævar Marinó kom inn til hans, en Erla beið í Land Rover bifreiðinni. Þá vakti Sævar Marinó fyrst máls á að fara til Keflavíkur til að hitta mann. Hann fékk lánaðan síma hjá ákærða og hringdi til að fá uppgefið símanúmer hjá öðrum manni. Hann hringdi aðeins eitt símtal, en ákærði heyrði ekki, hvað hann sagði. Þeir voru tveir í íbúðinni. Ákærða minnir, að Sævar Marinó hafi látið sig hafa bréfmiða og beðið sig að geyma hann. Ákærði man ekki, hvað stóð á miðanum, en heldur, að það hafi aðeins verið símanúmer. Sævar Marinó bað ákærða um að koma með sér til Keflavíkur daginn eftir. Erindið sagði hann ekki, nema að hann ætlaði að hitta mann. Ákærða skildist á honum, að hann ætlaði að „redda“ peningamálum sínum vegna væntanlegrar utanlandsferðar. Hann hafi ekki sagt, á hvern hátt hann ætlaði að gera þetta, en þó hafi mátt skilja, að hann ætlaði að hitta þennan mann og hafa milligöngu um að selja eitthvað. Lét

hann líta svo út sem þetta væri spennandi viðskiptaferðalag, en ákærði skildi, að þetta var utan við lögin. Ákærði lofaði ekki að fara með í þessa ferð, en gaf honum ádrátt um það. Hann hafði stutta viðdvöl heima hjá ákærða í þetta sinn og virtist hafa mikið að gera.

Næsta kvöld milli kl. 2000 og 2030; að ákærða minnir, ók hann vestur að Lambhóli á ,Fiat bifreið tengdamóður sinnar, svo sem hann hefur áður greint frá. Hann hafi hitt Sævar Marinó á Lambhóli, að hann minnir, og það hann ákærða að aka sér til Keflavíkur. Ákærði féllst á það, en ekki var minnst á, að ákærði fengi neinn ágóða af ferðinni. Ákærða minnir, að hann hafi ekið Fiat bifreiðinni heim til sín og tekið þar við stjórn bifreiðarinnar, sem Sævar Marinó hafði til umráða. Ákærði heldur, að það hafi verið Volkswagen fólksbifreið, þó sé það ekki alveg víst. Verið geti, að það hafi verið stór, gömul amerísk bifreið, en það hafi ekki verið Land Rover bifreiðin, sem farið var á til Keflavíkur. Ákærði heldur, að hún hafi verið biluð.

Ákærði kveður það kunna að vera, að hann hafi ekið um Laugaveg og Vatnsstíg, áður en ekið var af stað suður eftir, en hann .man ekki eftir, að svo hafi verið. Auk hans voru í bifreiðinni þau Sævar Marinó og Erla og, að hann rámar í, fjórði maðurinn. Það kunni að vera, að hann hafi verið tekinn upp í bifreiðina, eftir að ákærði tók við akstrinum. Ákærði hafði þennan dag séð Kristján Viðar, en kvaðst ekki þekkja hann sem fjórða manninn í bifreiðinni. Það kunni þó að vera, að það hafi verið hann.

Ákærði man ekki neitt frekar en daginn áður, hvað rætt var um í bifreiðinni á leiðinni til Keflavíkur. Hann er ekki viss um; hvert hlutverk sendibifreiðarinnar var, sem talað var um á leiðinni, en telur líklegt, að hún hafi átt að flytja varning frá Keflavík til Reykjavíkur. Ákærði heldur, að hann hafi ekki séð þessa sendibifreið í Keflavík. Hann er ekki viss um, að sendibifreiðin, sem hann sagði frá daginn áður og hann sá í Gljúfurárholti, hafi verið í þessari ferð.

Ákærði minnst þess ekki að hafa farið úr bifreiðinni, en það geti verið fyrir því; að hann hafi farið úr henni í Dráttarbrautinni. Það geti verið, að hann hafi spurt einhverja, hvort þeir hefðu verið til sjós. Einnig geti verið, að hann hafi verið nærstaddur átök í Dráttarbrautinni, án þess að sjá þau, enda muni hafa verið myrkur, en hann er mjög nærsýnn og sér illa frá sér. Sérstaklega geti þetta átt við, ef atburðirnir hafa gerst á hlaupum. Ákærði man ekki eftir að hafa séð lík, og hann man heldur ekki eftir að hafa tekið ,þátt í átökum.

Á heimleiðinni talaði Sævar Marinó um, að ákærði væri samsekur um morð, og varð ákærði þá hræddur. Sævar Marinó bætti við: „Sástu ekki, þegar við drápum manninn?“

Ákærði kveður það nú vera að rifjast upp fyrir sér, að verið geti, að hann hafi ekið beint heim til sín, þegar til Reykjavíkur kom, og Sævar Marinó hafi fengið lánaða hjá sér skóflu, en ákærði er ekki viss um þetta. .Ákærði er hins vegar viss um, að hann tók ekki þátt í að grafa lík.

Eftir að þau Sævar Marinó og Erla komu til landsins frá Kaupmannahöfn vorið 1975, voru þau eitt sinn stödd heima hjá ákærða. Fór .þá Sævar Marinó að tala um Geirfinnsmálið og sagði, að .það væri einkennilegt með það. Ákærði samþykkti það, en þau munu hafa ætlað að hefja einhverjar umræður um málið. Ákærði var alveg úti á þekju, og mun Erla hafa séð það, þar sem hún sagði: „Hann er búinn að gleyma þessu öllu“. Eftir þetta fór að setja að ákærða illan grun, hvort hann gæti hafa flækst eitthvað í málið.

Ákærði var samprófaður við Kristján Viðar hinn 30. nóvember. Ákærði kvaðst ekki þekkja Kristján Viðar. Ákærði var spurður, hvort hugsanlegt væri, að hann hefði talað við Kristján Viðar í Dráttarbrautinni í Keflavík án þess að þekkja hann. Sagði ákærði, að það gæti verið möguleiki.

Hinn 2. desember var ákærði yfirheyrður í dómi af Birgi Þormar fulltrúa.

Ákærði skýrði svo frá, að hann minnti; að hann hefði hitt þau Sævar Marinó og Erlu á kaffihúsi hér í borg hinn 18. nóvember 1974 og þau ekið honum heim. Hafi annað hvort þeirra eða þau bæði komið inn á heimili hans og Sævar Marinó fengið þar að nota símann. Ákærði veit ekki, hvert Sævar Marinó hringdi, en það kunni að vera, að hann hafi beðið sig að afloknu símtalinu að geyma miða, sem hann hefði skrifað, sennilega með símanúmeri. Komið hafi til tals þennan dag eða sennilega fyrr, að hann yrði samferða Sævari Marinó til Keflavíkur. Var erindi Sævars Marinós að hitta þar mann, sem hann hugðist eiga viðskipti við. Ákærði vissi ekki, hvers eðlis þau viðskipti voru, en hafði þó óljósan grun um, að þau væru utan við lögin. Ekkert hafi þó verið á Sævari Marinó að skilja í þá átt.

Ákærði heldur, að hann hafi þriðjudaginn 19. nóvember 1974 farið að heiman frá sér að Lambhóli við Starhaga á milli kl. 20 og 2030. Þetta muni hann þó ekki fullkomlega. Hann hafi átt það erindi þangað að hitta Rafn Guðmundsson og jafnframt hafi hann farið til þess að losna við að hitta Sævar Marinó. Hann minnir, að maður að nafni Vilhjálmur hafi verið heima hjá Rafni og að hann hafi ekið með þá Rafn og Vilhjálmu á Fiat bifreið tengdamóður sinnar að Norðurbrún til að sækja hljómflytningstæki, sem Vilhjálmur átti og hugðist lána Rafni. Hann telur, að þeir hafi komið að Lambhóli úr þessari ferð um kl. 2200. Hafi hann rekist á Sævar Marinó í kjallara hússins, þegar hann kom aftur, að því er hann minnir. Ákærði telur, að Sævar Marinó hafi haft veður af því, að hann fór að Lambhóli, og sé sennilegt, að hann hafi spurst fyrir um sig á heimili sínu.

Ákærða minnir, að Sævar Marinó hafi ámalgað við sig, að hann skellti sér með til Keflavíkur. Ákærða minnir einnig, að Erla hafi verið stödd í húsinu og einhver þriðji maður, sem hann kannaðist ekki við. Þetta var þó ekki Kristján Viðar. Hann hafi aðeins séð þennan mann í myrkri og ekki geta lýst honum, en hann mundi ef til vill þekkja hann, ef hann sæi hann aftur. Hann telur, að hann hafi verið hræddur við þennan mann og af þeim sökum hafi hann ekki þorað að skorast undan að fara til Keflavíkur. Hann minnir, að bifreiðin, sem hann var á, hafi verið skilin eftir, ekki við Lambhól, heldur sennilega við Snorrabraut, og hann hafi eftir það ekið framangreindum þremur manneskjum til Keflavíkur. Hann man ekki, hvernig bifreiðin var, en hugsanlegt sé, að hún hafi verið amerísk af eldri gerð. Hann getur ekki munað eftir einni einustu setningu, sem sögð var í bifreiðinni á leiðinni til Keflavíkur. Ákærði kveðst ekki muna eftir því, hvort komið hafi verið við á Vatnsstíg, áður en lagt var af stað til Keflavíkur, því að hann muni mjög óljóst eftir allri atburðarásinni, en vill þó ekki þvertaka fyrir það. Ákærða rámar í það, að á hæðinni fyrir ofan Hafnarfjörð á leiðinni suður eftir hafi verið spurt, hvort einhver sæi sendiferðabifreiðina. Ákærði setti þetta ekki neitt í samband við erindi þeirra til Keflavíkur. Ákærði treysti sér ekki til að svara því af eða á, hvort hann hefði séð sendiferðabifreið í Keflavík, sem stæði í sambandi við þetta mál. Hann man það, að ekið var gegnum Keflavíkurbæ að bragga, sem kallast „Pípugerð Áhaldahús“. Þar var bifreiðin stöðvuð, og fóru allir út nema ákærði. Nokkur tími leið, ef til vill 20 mínútur, en þá komu farþegarnir aftur. Ákærði ók bifreiðinni að „sjoppu“ við olíustöð í Keflavík. Hann minnir, að Sævar Marinó hafi hringt þaðan, en ekki vissi hann, hvert hann hringdi. Eftir þetta var ekið á sömu slóðir og fyrr í nágrenni braggans, og fóru farþegar þar út úr bifreiðinni. Hann minnst þess ekki, að hann hafi farið út. Hann segir minni sitt förlast um það, sem kann að hafa gerst, eftir að hann kom í síðara skiptið að bragganum. Hann minnst þess ekki að hafa



tekið þátt í átökum eða verið sjónarvottur að þeim: Hins vegar man hann það, að þegar farið var frá Keflavík, hafði hann það á tilfinningunni, að þarna hefði eitthvað hræðilegt gerst, eitthvað, sem ekki átti að gerast. Hann man einnig óljóst eftir einhverju tilgangslausu hringsóli í Keflavík, eftir að farið var frá bragganum í síðara skiptið. Vel geti verið, að Sævar Marinó hafi verið eini farþegi sinn til Reykjavíkur. A leiðinni þangað, sennilega nálægt Álverinu, hafi Sævar Marinó sagt við hann á þessa leið: „Sástu ekki, að við drápum manninn? Þú ert orðinn samsekur um morð". Ákærði kveðst hafa sagt við Sævar Marinó: „Nei, ég sá ekkert". Ólýsanlega skelfingu setti að ákærða við þetta, og vildi hann ekki trúa því, sem Sævar Marinó sagði. Hann minnst, að hann hafi komið heim um kl. 0130, og hné hann örmagna niður á stól. Hann vissi, að eitthvað hroðalegt hafði komið fyrir. Hann hugsaði með sér, að konan og börnin skyldu aldrei fá að vita þetta. Eftir þetta féll hann í svefn, eins og hann væri rotaður.

Ákærða minnst, að hann hafi komið á kaffihúsið Mokka miðvikudaginn 20. nóvember, svo sem áður greinir. Minnst hann, að þegar hann sat þar inni, hafi Sævar Marinó litið inn og sagt: „Nú er bara að segja ekki neitt".

Um það bil viku eftir að hann fór til Keflavíkur, fóru blöðin að skrifa um hvarf Geirfinns Einarssonar. Ákærði setti mannhvarf þetta ekki neitt í samband við ferðina til Keflavíkur, enda kannaðist hann hvorki við Geirfinn né heldur við lýsingu á þeim manni, sem talinn var hafa hringt úr Hafnarbúðinni. Hann lét sér fyrst til hugar koma, að tengsl væru þarna á milli, þegar hann var yfirheyrður vorið 1976.

Ákærði kveðst sennilega ekki hafa séð Sævar Marinó eftir 20. nóvember árið 1974. Ástæðan fyrir því, að hann spurði Sævar Marinó ekki síðar um atburði þessa kvölds, hafi ef til vill verið sú, að hann óttaðist að fá að vita það, sem hann vildi síður vita. Ákærði minnst þess ekki, að til hefði staðið, að hann hefði fjárhagslegan ávinning af Keflavíkurferðinni.

Ákærði kveðst ekki búa yfir neinni vitneskju um það, að lík hafi verið dysjað eftir þessa ferð.

essar athugasemdir hefur rannsóknarlögreglumaður skráð 6. desember vegna framburðar ákærða:

Ákærði hefur skýrt frá því, svo sem að framan greinir, að daginn eftir Keflavíkurferðina hafi hann verið á kaffihúsinu Mokka og verið að lesa í Þjóðviljanum frásögn af jarðarför Þórbergs Þórðarsonar, sem var neðarlega á innsíðu í blaðinu. Sagt hafi verið frá áletrun, sem Þórbergur vildi hafa á legsteini sínum. Það hafi verið stutt ljóð á esperanto og lag við. Í ljóðinu væri þetta: „fæddur í heimskunnar landi - grafinn í heimskunnar landi".

Lögreglumaðurinn fór á Landsbókasafnið og skoðaði Þjóðviljann frá 20. nóvember 1974. Í skýrslu hans segir: „Á forsíðu er mynd af Þórbergi og vitnað í greinargerð á 3. síðu. Þar á efri hluta síðunnar er grein eftir Þorvald Þórarinsson, þar sem hann vitnar í bókmenntaverk eftir Þórberg, en í því lýsir Þórbergur, hvernig hann vilji láta haga útför sinni. Í lok greinarinnar eru ljóðlínur úr vögguvísu Brahms og tvær línur á esperanto. Í íslenskri þýðingu útleggjast þær: „Liggur hér Þórbergur. Lifði í fátæktarlandi. Dó í forheimskunnarlandinu".

Ákærða var bent á misræmi í framburði hans varðandi komu á Landsbókasafnið. Hann hafi í yfirheyrslu sagt, að hann hafi aðeins komið þar einu sinni og hafi það verið eftir yfirheyrsluna vorið 1976. Við athugun á gestabók Landsbókasafnsins hafi komið í ljós, að hann sé ekki skráður í hana á árinu 1976, heldur hinn 16/7 1975. Ákærði viðurkenndi, að þarna hefði hann sagt rangt til, en það hafi verið af vangá eða öllu heldur misskilningi. Hann hafi átt við, að hann hafi aðeins einu sinni komið

þangað í þeim tilgangi að skoða blöð vegna Geirfinnsmálsins. Það hafi verið rétt eftir yfirheyrsluna vorið 1976, en þá hafi hann ekki ritað nafn sitt í gestabókina.

Í upphafi skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni hinn 8. desember kveðst ákærði ætla að skýra frá sannleikanum í máli þessu eftir því sem hann best muni. Nokkur atriði þessa máls séu óljós í minni hans, en kunni þó að rifjast upp fyrir sér síðar.

Það sé fyrst að segja, að hann geti fullyrt, að Einar Bollason, Magnús Leópoldsson, Valdimar Olsen og Sigurbjörn Eiríksson séu allir saklausir af dauða Geirfinns Einarssonar. Hann hafi engan þátt átt í því að bendla þá saklausa við þetta mál. Verið geti, að eftir að Sævar Marinó kom til landsins aftur í mars 1975, hafi hann látið eitthvað að því liggja, svo að ákærði heyrði, að Klúbbmenn væru við málið riðnir. Það hafi þá verið almannarámur, en alls ekki talað um að flækja málið með því að bendla þá við það, ef ákærðu yrðu handteknir. Ákærða var fullljóst, að þessir menn voru saklausir, þegar þeir voru settir í gæsluvarðhald, og hvíli þetta mjög á samvisku sinni, þótt hann hefði ekki kjark til að segja þá frá málinu.

Ákærði kveðst áður hafa skýrt frá því, að hann hafi farið með þeim Sævari Marinó og Erlu heim til sín úr vinnu hinn 18. nóvember 1974: Sævar Marinó hafi talað um, að hann hefði hitt mann í Klúbbnum og þyrfti að skreppa til Keflavíkur til að athuga með einhvern „bísnis" í sambandi við spíra og jafnvel fleira. Óskaði hann eftir, að ákærði færi með í þessa ferð til að ræða við manninn. Ákærði gaf ekki loforð um að fara þessa ferð, en hafði þau orð um, að hann -mundi athuga það. Ákærði minnst þess, að Sævar Marinó hélt fast að honum að koma með sér.

Hinn 19. nóvember eftir kvöldmat fór ákærði að heiman til Rafns Guðmundssonar að Lambhóli við Starhaga á Fiat bifreið, sem hann hafði til umráða. Sævar Marinó kom þangað á bifreið og bað ákærða að koma með til Keflavíkur. Ákærði var eitthvað tregur til, en féllst þó á að fara. Erla var með Sævari Marinó

og maður, sem ákærði kannaðist ekki við. Sævar Marinó sagði, að hann væri orðinn fullseinn á stefnumót í Keflavík. Ákærða rámar f, að hann hafi ekið bifreiðinni, sem hann hafði til umráða, á einhvern stað til að skilja hana eftir, Eitthvað hafi verið snúist um borgina, og rámar ákærða í sendibifreið í þessu sambandi. Þar kom, að ákærði tók við akstri bifreiðarinnar, sem Sævar Marinó var með. Það var ljósblá Volkswagen fólksbifreið, og heldur ákærði, að hún hafi verið frá Bílaleigunni Geysi.

Þau voru fjögur á leiðinni til Keflavíkur, og kveðst ákærði hafa sagt áður frá þeirri ferð. Ákærði man, að á leiðinni var talað um, hvar sendibifreiðin væri og hvort til hennar sæist. V ar þar átt við sendibifreið, sem var í einhvers konar samfloti með þeim. Einnig man ákærði, að talað var um að sýna manninum, sem þau voru að hitta, fulla hörku, ef hann vildi ekki ganga til samninga. Ákærða minnir, að hann hafi tekið fullan þátt í þessum umræðum, en þó gerði hann sér ekki fulla grein fyrir því, sem til síóð.

Þegar þau komu til Keflavíkur, man ákærði eftir, að margt fólk var í kringum bíóið við aðalgötuna. Sævar Marinó sagði þá farþegunum að beygja sig niður, og gerðu þeir það. Mun annað hvort hafa verið hlé í bíóinu eða, því verið að ljúka. Ákærði telur, að fremur hafi verið hlé, þar sem fólkið var, að hann minnir, framan við bíóið, en ekki að streyma á brott eins og að sýningu lokinni. Ákærði ók í

gegnum bæinn að fyrirlagi Sævars Marinós, beina leið að húsi merkt „Pípugerð Áhaldahús“; þar sem hann; stöðvaði. Farþegarnir fóru út nema ef til vill Erla. Þeir fóru í hvarf við húsið, en ákærði sneri bifreiðinni við, ók niður á hornið við aðalgötuna og beið þar. Farþegarnir komu aftur, og var Sævar Marinó þá kominn í æsing út af því að vera ekki búinn að. hitta manninn. Hann talaði um að komast í síma til að hringja, og var :þá ekið aftur til baka eftir aðalgötunni að bensínstöð, sem er sunnan hennar. Þar ætlaði Sævar Marinó að hringja, en það var ekki hægt, þar sem fullt var af fólki í „sjoppunni“. Þá var ekið áfram í átt að höfninni og stöðvað nokkuð frá Hafnarbúðinni. Farþegi .úr aftursætinu fór út til að hringja, og rámar ákærða í, að hann hafi verið spurður þarna um miða, sem :Sævar Marinó hafði áður látið hann fá og ákærði hefur þegar skýrt frá í skýrslu. Farþeginn kom aftur og sagði, að maðurinn kæmi. Síðan var beðið, þar til maðurinn kom, og settist hann inn í bifreiðina. Hélt ákærði þá af stað og ók eitthvað um bæinn.

Ákærði heyrði nafn þessa manns ekki nefnt, en eftir því sem honum varð síðar ljóst, var þetta Geirfinnur Einarsson. Sævar Marinó talaði við hann í bifreiðinni, og heldur ákærði, að aðrir hafi lítið blandað sér í þær umræður. Ákærði man, að talað var um spíritus, og heldur hann, að í stuttu máli megi segja, að þeir hafi hvor um sig verið að fiska eftir upplýsingum hjá hinum. Sævar Marinó var með peninga og bauð Geirfinni þá gegn því að fá spíritus eða upplýsingar um spíritus. Geirfinnur gat ekki eða vildi ekki veita upplýsingar. Ákærði getur Ekki gert sér fulla grein fyrir, hvert hann ók, eftir að Geirfinnur kom upp í bifreiðina, en þó sé líklegt, að valinn hafi verið staður fyrir þessi „ljósfélau“ viðskipti.

Þegar í Dráttarbrautina kom, var ekki orðið samkomulag með þeim Geirfinni og Sævari Marinó. Ákærði man ekki, hvers vegna hann stöðvaði bifreiðina, en þeir karlmennirnir fóru allir út úr henni. Þeir þrír hefðu lent í átökum við Geirfinn, sem leiddu til dauða hans. Ákærði minnst þess, að Geirfinnur ætlaði brott, en ákærði tók í hann til að stöðva hann. Ákærði man ekki til að hafa slegið með barefli eða hnefum. Hann man ekki heldur til að hafa sparkað í hann, en sig rámi í að hafa tekið hann hálstaki. Ákærða varð mjög mikið um það; sem þarna gerðist, og geti hann ekki sagt um, hver hlutur hinna var í átökunum né heldur hvað leiddi Geirfinn til dauða. Ákærði man ekki eftir áverkum á Geirfinni. Hann kveðst muna, að á eftir var ekkert blóð á honum. Ákærði man ekki eftir, að barefli hafi verið notað.

Ákærði man ekki eftir, er líkið var sett í bifreiðina, en á leiðinni til Reykjavíkur man hann eftir orðum :Sævars Marinós, að ákærði væri samsekur um morð. Ákærði varð mjög óttasleginn vegna ,þess, sem gerst hafði, og þorði ekki að líta aftur í bifreiðina, en um það sé ekki að efast, að líkið hafi verið í bifreiðinni.

Erla fór úr bifreiðinni í Dráttarbrautinni, en ákærði man ekki, með hvaða hætti það bar að. Hún mun hafa gleymt kápu sinni í bifreiðinni. Ákærði man þó ekki sérstaklega eftir því, en vorið 1976 las hann framburð ökumanns, sem hún hafði fengið far með á leið til Reykjavíkur. Ökumaðurinn hafði talað um, að hún hafi verið illa klædd, og dró ákærði þá ályktun af því, að hún hefði gleymt kápunni.

Á leiðinni til Reykjavíkur töluðu þeir þrír um, hvað ætti að gera við líkið, en ekki varð samkomulag. Minnr ákærða, að hann hafi ekið út á Álftanesveg, vestur fyrir Gálgahraun og þar til hægri. Hann minnr, að þeir hafi farið eitthvað upp í hraunjaðarinn til athugunar, en hætt við að setja líkið þar. Einnig minnr hann, að ekið hafi verið upp að hitaveitustokknum hjá Korpu, en þó kunni það að vera rangt.

Ákærði minnst þess ekki að hafa ekið inn í sundið að bakgarðinum við Grettisgötu 82 eða að hafa verið með í að taka 3íkíð úr bifreiðinni. Helst minnir hann, að hann hafi ekið heim til sín vestur á Ásvallagötu og skilið við meðákærðu þar. Minnir hann, að Sævar Marinó hafi þá fengið lánaðar hjá sér skóflur, en þetta er hann ekki viss um.

Þá skýrði ákærði frá því, að maður sá, sem hann hefði talað um sem fjórða manninn í bifreiðinni á leiðinni suður í Keflavík, muni vera Kristján Viðar. Ákærði þekkti hann ekki fyrir þennan tíma og tók lítið eftir honum í ferðinni. Kristján Viðar hafi sagt í samprófun við sig, að hann hafi verið í Dráttarbrautinni umrætt sinn, og kveðst ákærði ekki geta dregið það í efa, enda þótt hann komi honum ekki fyrir sig.

Lagt hefur verið fram handrit ákærða, sem hann afhenti rannsóknarlögreglunni, og er það á þessa leið:

„1) Gjört í Síðumúla 14/12 1976. Til uppfyllingar á -fyrri skýrslu.

Á Lambhóli mun ég hafa verið á Fiatbifreið. „5. mun hafa farið með mér á þeim bíl þaðan og Erla og sá maður sem með þeim var og ég hef ekki borið kennsl á, en er talið að sé Kristján Viðar. Ég ók Fiatinum og mun hafa skilið hann eftir einhvers staðar á Grettisgötu eða Njálsgötu. Mér er ekki ljóst nákvæmlega hvar. Þó mun það hafa verið það nálægt Laugavegi 32 að við S. gengum frá þeim stað er skildum bílinn eftir niður á horn Vatnsstígs og Laugavegar. Þar var á horni Vatnsstígs og Laugavegar gulur sendiferðabíll af gerðinni Mercedes Bens".

Í handritinu er teikning af stöðu bifreiðanna á Vatnsstíg. Sendibifreiðin er skv. teikningunni hægra megin á Vatnsstíg alveg við Laugaveg, þegar ekið er frá síðarnefndri götu, en VY bifreiðin rétt fyrir framan hana sömu megin í götunni.

„Ég má fullyrða að mér hafi þjá ekki verið kunnugt um, að til stæði, að þessi bifreið ætti neitt erindi til Keflavíkur né að hún væri á vegum S. Það má þó vera að þarna hafi það komið í ljós að og hefur hún þá væntanlega átt að flytja farm af áfengi til Rvíkur. Ég mun e. t. v. hafa átt einhver orðaskipti við ökumanninn, þó ég muni ekki eftir neinu sem ég geti haft eftir.

Bifreið þessi mun svo hafa lagt af stað til Keflavíkur á undan okkur, sem fórum á VW: Ég treysti mér heldur ekki til að fullyrða hvert í sendiferðabílnum var aðeins ökumaðurinn eða hvert þar voru farþegar. Einhver bið var síðan á því að við fórum á VW legðum af stað, en eigi man ég hvers vegna. Þar mun ég þó hafa tekið við að aka VW. Orðaskipti sem átt hafa sér stað í bifreið þessari á leið til Keflavíkur man ég fátt að segja. S. mun hafa haft orðið og ég man hann sagði á hæðinni fyrir ofan Hafnarfjörð „sjáið þið sendibílinn?" og svaraði sér sjálfur „þarna er hann". Það munu einnig hafa átt sér stað umræður um mann þann sem finna átti í Keflavík. Nafn hans var þó áreiðanlega ekki nefnt. S. mun hafa talað um að sýna honum fulla hörku ef þessi viðskipti gætu eigi náð Fram að ganga.

Telja verður víst að í Rvík hafi verið ákveðið hvar sendibíll skyldi óíða í Keflavík. Hefur það rifjast upp fyrir mér og má ég segja að það hafi verið við svokallaða Hafnarvog í Keflavík. Ökumaður mun hafa verið það kunnugur í Keflavík, að hann hefur vitað hvaða staður það var; og hvar hann var. Ég hef lengi talið víst að þetta sé sama bifreið og ég síðar sumarið 1975 sá í Gljúfurholti og ef á henni hefur verið sá ökumaður, þá ætti ég að vita hver hann er þótt ég geti ekki komið honum né nafni hans fyrir mig enn. Er við svo síðar ókum í gegnum Keflavík og eftir þá atburði sem þar gerðust, get ég ekki komið fyrir mig að hafa séð þar umræddan sendibíl, þó svo hljóti að hafa verið. Og ég man heldur

ekki til að hafa þar og þá átt viðræður við ökumann bifreiðar. Það má þó vera, þar sem andlegt ástand mitt hefur að öllum líkindum verið mjög annarlegt.

Ökuferðinni til Rvík hef ég áður lýst og hef þar engu við að bæta umfram :það sem áður er fram komið".

Teikning af Snorrabraut, Njálsgötu, Grettisgötu, húsasundi og leið þeirri, sem ekin var um sunðið milli Njálsgötu og Grettisgötu.

„Ég man ekki eftir neinum umræðum um hvað gera ætti til að þagga niður í þessum; bifreiðarstj. ef og þegar hann yrði þess áskynja hvað gerst hefði í þessari ferð. Sú afstöðumynd sem ég hef dregið upp hér, þar sem sendibíl á að hafa verið ekið aftur á bak niður sunðið, má vel hafa átt sér stað án þess ég vissi og yfirleitt gengur mér illa að átta mig á ferðalokum hér í Rvík. Trúlegra er að VW hafi verið ekið niður sunðið en sendibíl lagt við Grettisgötu. Þó get ég ekkert um þetta sagt, Ég man þetta ekki. Það er auðvitað sennilegt að þessum manni hafi verið gerð einhver boð til þess að hann ekki segði frá hvað gerst hefði í þessari ferð þegar hann kæmist á snoðir um það síðar. En ég tel að það hafi ekki gerst þessa umræddu nótt, og hafi honum síðar verið hótad eða lofad einhverju þá minnst ég einskis þar að lútandi. Það kann að virðast undarleg fullyrðing af minni hálfu, en ég hef ekki gert mér grein fyrir því fyrr en nú að þarna var maður sem gat gefið allar upplýsingar, er nauðsynlegar þættu til að upplýsa málið. Sennilega hefur þessi maður fengist eitthvað við hljómlist. 1;g man ég sá um þetta leyti 1975 „moogsyntethiezer" biðst afsökunar ef stafsetn. er ekki rétt, þar austur frá og er ekki ólíklegt að S. hafi haft þar hönd í bagga. Þeim fullyrðingum um að ég hafi verið þar á Grettisg. þessa nótt og tekið þátt í umræðum um hvað gera skyldi við lík Geirfinns get ég ekki svarað. Hafi svo verið ætti ég að muna eitthvað úr þeim umræðum þær eru naumast það hversdagslegar, en því er ekki að heilsa.

1. Sendiferðabíll Mercedes Benz.

Sá ég hann í Rvík áður en lagt var af stað? 2. Hvar átti hann að bíða í Keflavík?

3. Hvað var rætt við þennan sendibílstjóra eftir á? 4. --1. Já, ég sá þennan sendiferðabil í Rvík áður en lagt var af stað.

2. Við Hafnarvogina.

3. Hvað var rætt við þennan sendiferðabílst. eftir á? Þessu get ég ekki svarað. g man ekki eftir neinum viðræðum við hann í það minnsta ekki í Keflavík og við komu til Reykjavíkur og síðar hlýtur að hafa verið rætt við manninn og ég hef e. t. v. verið áheyrandi að þeim umræðum. Hvað honum hefur verið boðið eða hótad get ég ekkert sagt um, aðeins fullyrt fyrir mína hönd að þessum manni hafa ekki áskotnast úr mínum höndum hvorki fjármunir né annað, hvorki fyrr né síðar. Ég get ekki nafngreint hann og man ekki hvernig hann lítur út svo ég myndi tæpast þekkja hann úr hópi manna.

Nánari mynd af dauða Geirfinns Einarssonar hef ég einnig verið beðinn að gefa. Ég viðurkenni að ég er samsekur þeim öðrum aðiljum, er þar koma við sögu, Kristjáni Viðari og Sævari. Nákvæmlega hver minn hlutur er í málinu ég ekki lýst, hef áður vikið að þessu í skýrslu og efast um að ég geti gefið neina nánari lýsingu. Það yrði þá frekar tilbúningur minn og einber skáldskapur, fremur en lýsing staðreynda sem þarna munu hafa átt sér stað. Mér þykir þetta að vísu illt ég mun ekki hafa verið að fullu með sjálfum mér er þetta .gerðist. Það kann að vera skýring. Barefli á ég að hafa haft undir

höndum og notað það gegn Geirfinni. Þess minnst ég ekki. Og ég man aldrei eftir að hafa séð líkið. Ég vil taka það skýrt fram að ég er hér ekki að fara með ósannindi, þó hlýtur þetta að vera ósatt.

Nánar mynd af dauða Geirfinns. Eftir að G. kom inn í bílinn við Hafnarb. og settist í aftursæti, ég man ekki hvort hann sat fyrir aftan mig eða nánar hvar hann sat í bílnum, var ekið um staðinn og treysti ég mér ekki til að rekja það nánar. Vel má vera að farið hafi verið þá þegar út í Dráttarbrautina og ekið að fyrirlagi Sævars út á plan það sem liggur ofan vert við Dr.,br. Viðræður þær sem fram fóru í bílnum treysti ég mér ekki til að rekja, en þær munu hafa leitt í ljós að G. hvorki gat né vildi selja né afhenda S. áfengi, þátt fé væri í boði. Hver ástæðan var veit ég ekki. Líklega sú ein að hann hefur ekki haft aðgang að né vitneskju um slíka hluti. Hvort þá hófust átök milli farþega man ég ekki, en þarna í Dr:br. mun G. hafa viljað gera enda á þessi mál og viljað komast út úr bílnum en S. ekki vilja láta hann sleppa svo vel og helst pynta manninn til sagna.

Er út úr bílnum var komið varð atburðaráð mjög hröð og eins og ég hef áður sagt get ég ekkert um hana borið. Nákvæmlega hver minn þáttur er í ;málinu get ég heldur ekki sagt. Ég veit það eitt að mér sá ekki, hvorki á fötum né höndum né andliti. Blóð var hvergi á fötum mínum svo ég muni. Það má vel vera að ég hafi veitt G. höfuðhögg með spítu eða öðru barefli. Um þetta get ég ekki sagt. Nákvæmlega hvernig og af hvaða völdum hann lét lífið veit ég heldur ekki.

Þannig gæti ég haldið áfram að lýsa atburðarásinni upp aftur og aftur en hvað væri hið sama hver væri sú rétta vissi ég þó að heldur ekki. Ég vil gjarnan gera nokkrar tilraunir enn, þó árangur af þeim, sé eins og ofan. segir, heldur ááreiðanlegur.

Ég man ekki gjörla lok ferðar í Rvík. Þó má vera að ég hafi lagt VW þar við Grettisg. 82 en man ekki eftir að hafa komið þar inn né að hafa tekið þátt í að bera lík þar inn né að hafa átt þar viðræður við bifreiðarstj. sendibifreiðar. Síðan eða næstu daga mun ég hvorki hafa hitt þann mann né átt við hann neinar viðræður. Ég mun hafa gengið frá Grettisg. 82 og tekið bifreið þá sem ég var upphaflega á, Fiat og ekið heim til mín á Ásvallagötu 46.

Ég er þó viss um, að líkið var flutt til Rvíkur og þá hefur það að öllum líkindum verið flutt í VW. Hvað síðar varð get ég það eitt sagt að daginn eftir eða þessa sömu nótt þó fremur daginn eftir man S. hafa fengið lánaðar hjá mér skóflur sem ég hafði þá yfir að ráða vegna ákveðins verks sem ég var að vinna við hús mitt. Ég spurði einskis um það hvort og hvar hann ætlaði sér að grafa lík Geirfinns og hef aldrei síðan fengið um það neina vitneskju. Enda hefði ég ekki, ef ég hefði þar um einhverja vitneskju neina ástæðu til að þegja um ,það heldur þvert á móti. Mig rámar í að Sævar hafi komið á Ásvallag. daginn eftir til að fá lánaðar skóflur e. t. v. á sendiferðabíl, þeim gala. Þarna kann altsvo um Land Rover að ræða. Athuga þetta".

Einnig hefur verið lagt fram handrit ákærða, sem hann skrifaði skömmu eftir jól 1976 og lét rannsóknarlögreglunni í té. Er það á þessa leið:

„1. Lambhóll?

2. Endalok í Rvík.

3. Sagði S. þér hvað hann gerði við líkið?

1. Mig minnir að á Lambhól hafi húsráðandi sagt mér að S. væri hér að spyrja um mig. Ég gekk fram í ganginn eður forstofuna og þar voru S. og Erla lítið fjær. Út við útidyr minnir mig að staðið hafi maður klæddur ljósum leðurjakka og ljósum buxum og var sá í fylgd með þeim. Ég kannast við þennan mann í svip en það fóru held ég engin orð milli okkar, og við gengum öll út í myrkrið. Um það atriði hvort S. hafi farið þaðan með mér í Fiat þori ég ekki að fullyrða.

2. Eins og ég hef áður sagt hefur mér engan veginn tekist að glöggva mig á endalokum ferðar í Rvík. Er ég .um þau efni eiginlega engu nær. Mér þykir það leitt en þessi vist hér innan veggja virðist aðallega hafa þau áhrif á mig að ég verð með degi hverjum sljórri og dauðari.

3. Sagði S. þér hvað hann hefði gert við líkið. Þetta er einkennileg spurning.

1. Ég hef svarað henni áður í öðru formi fyrir rétti. Það var gefið samkv. sannleikanum, minni bestu vitund.

2. En hafi hann nú sagt mér hvað hann hafi gert við líkið, þá hlýtur hann að hafa gert það 20. eða 21/11 74 eða þá á árinu 1975. Væntanlega þá sagt mér og sýnt mér staðinn og sagt hreykinn hér gróf ég nú Geirfinn en Guðmund þarna. Því miður er því ekki að heilsa að hann hafi gert mig að trúnaðarmanni sínum í hvorugu þessara mála.

3. Hann mun hafa haft næga skynsemi til að koma málum svo fyrir að sem fæstir vissu hvar þessi margumræddu lík séu.

4. Herra vararíkissaksóknari og herra Schiiltze hafa í minni áheyrn slegið því föstu að fólk segir ekki ósatt eftir tólf mánaða gæsluvarðhald. Ef þetta er rétt og herra Sævar hefur gert sitt besta til að benda á þann stað þar sem hann kom margumræddu líki fyrir, en það samt ekki fundist, er aðeins hægt að draga af því þær ályktanir að

a) aldrei hafi verið um neitt lík að ræða.

b) líkinu hafi verið stolið af Sævari og hann hafi ekki hugmynd um hvar það sé.

Það er náttúrulega ekki í mínum verkahring að svara þessum spurningum. En báðar vekja þær ýmsar óþægilegar grunsemdir um aðild aðilja að þessu máli, sem aldrei eiga að koma fram í dagsljósið".

Lagt hefur verið fram bréf ákærða til rannsóknarlögreglumanns, dags. 21. janúar 1977.

„Undirritaður átti reyndar von á þér hingað í kvöld, en því var vist ekki slegið föstu. Eftir á að hyggja, þetta er að vísu með formerkjum „creativ Thining“. Þú sem rannsakari hjartna og nýra hefur væntanlega tekið eftir hvað mér varð starsýnt á í vorri ferð í dag. Nei, jæja þá skal ég segja þér það. Það voru tröppurnar út úr húsinu bakdyramegin. Svona tröppur eru ekki algengar. Mér finnst ég hafi farið þarna inn sennilega ekki getað beðið einn í bílnum úti og komið inn að miðstöðvarkötlunum tveim sem þarna standa. Um það atriði hvort ég hafi komið upp í herbergið þori ég ekki að segja neitt, en tröppurnar eru mér minnisstæðar, vegna þess að ég var þannig á mig kominn að ég komst ekki af sjálfsdáðum upp þær. Þ. e. a. s. áttaði mig ekki á svona skarpri hægri beygju, sem :gera varð til að komast leiðar sinnar. Gott ef S. leiddi mig ekki upp þær. Síðan mun ég hafa ekið bílnum út úr sundinu og sennilega lagt honum einhvers staðar við nærliggjandi götur, gott ef ekki í einhverju porti. Síðan mun S. hafa tekið lyklna og fylgt mér að Fiatinum, sem hefur þá sennilega staðið við Vatnsstíg. Ég man óljóst eftir einhverjum huggunarorðum, sem hann var að láta falla við mig um að þetta væri

allt í lagi o. sv. fr. Einhvers staðar í grennd við Úðafoss, ég man ekki við hvaða götu hún er, þar finnst mér Vw hafi verið lagt.

Mér þótti réttara að hripa þetta niður, en þetta er birt án ábyrgðar af hálfu undirritaðs".

Í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu hinn 1. febrúar skýrði ákærði frá því, að hann myndi eftir því, að á leiðinni til Keflavíkur hafi Sævar Marinó talað um hvarf einhvers. Ákærði tók þessu sem .gríni. Erla hafi einnig síðar talað við sig um þetta atriði. Þegar hann hugsi um þetta núna, sé hugsanlegt, að dauði Geirfinns hafi verið fyrirfram ákveðinn, án þess að hann hafi vitað það þá.

Ákærði getur ekki gefið nákvæmar upplýsingar um það, af hvaða ástæðu Sævar Marinó fór með :Geirfinn í Dráttarbrautina. Hann áltí, að áfengi, sem Sævar Marinó hafði grun um, hafi ekki verið í Dráttarbrautinni.

Ákærði kveður tengsl sín við mál þetta stafa að mestu leyti af forvitni. Sér hafi aldrei dottið í hu.g, að eiturlyf kynnu að finnast hjá :þessum manni.

Ákærði kvaðst ekki geta dæmt um það, hvort Kristján Viðar hafi verið þetta kvöld undir áhrifum lyfja, af því að hann þekkti hann ekki áður og hafði raunar aldrei séð hann fyrr. Á leiðinni sat hann fyrir aftan ákærða, og gaf ákærði honum engan gaum.

Ákærði kveðst gera ráð fyrir því, að Geirfinnur hefði fengið að fara heim, ef hann hefði vísað á áfengið; og að honum hefði verið greitt fé fyrir. Hann gat ekki sagt um, hvort það hafi verið afráðið fyrirfram að svipta Geirfinn lífi, þegar hann hefði sagt frá geymslustað áfengisins. Það hafi ekki verið ætlun sín, að átökunum lyki með dauða Geirfinns. Það sé rétt, að hann hafi borið það, að hann hafi orðið reiður. Hann man ekki lengur nákvæmlega af hverju. Þessi reiði hafði ekki þau áhrif á ákærða, að hann hafi óskað eftir dauða Geirfinns. Hann veit ekki, hvort hann lét það viðgangast. Hegðun sín hafi stafað af því, að hann hafi ekki viljað, að Geirfinnur færi til lögreglunnar. Að sínu áltí hafi sér ekki verið kleift að stöðva hættulegar aðgerðir þeirra Sævars Marinós og Kristjáns Viðars gegn Geirfinni, vegna þess að hann vildi ekki eiga það á hættu, að þeir misþyrmdu sér.

Ákærði kveðst ekki hafa verið undir áhrifum áfengis þetta kvöld, það sé e. t. v. hugsanlegt, að hann hafi reykt dálítið hass, en á því séu mjög litlar líkur. Hann hefði auðvitað getað farið til lögreglunnar, áður en hann ók líkinu til Reykjavíkur, en hugsaði ekki út í það, hann hafi alls ekki hugsað neitt. Honum var ómögulegt að hugsa vegna þess, sem gerst hafði. Hann varð að aka bifreiðinni, sem lík Geirfinns var í, til Reykjavíkur.

Ákærði kveðst leggja enn áherslu á, að það hafi verið af forvitni sem hann fór til Keflavíkur, en einnig vegna þess, að Sævar Marinó fékk hann til þess að fara, því að Erla gat ekki ekið, og hann þurfti á betri ökumanni að halda. Ekkert hafi verið talað um, að hann fengi peninga, ef af viðskiptum yrði, en það hafi verið hugsanlegt.

Ákærða var ókunnugt um það, hve þeir Sævar Marinó og Kristján Viðar voru hættulegir í áflogum við fólk. Hann hafi ekki komist að því fyrr en ári síðar í blöðunum.

Hinn 25. janúar sl. gaf ákærði heildarskýrslu um málsatvik hjá rannsóknarlögreglunni. Skýrslu þessa staðfesti hann fyrir dómi hinn 31. sama mánaðar hjá Erni Höskuldssyni fulltrúa. Í dómskýrslunni segir, að ákærði skýri sjálfstætt frá málsatvikum greint sinn og sé framburður hans í samræmi við skýrsluna



hjá rannsóknarlögrelgunni. Í niðurlagi dómskýrslunnar segir, að ákærði hafi lesið yfir lögregluskýrsluna. Kveði hann þar rétt eftir sér haft og staðfesti undirskrift sína. Ákærði kom fyrir dóm dagana 29. og 30. júní sl. hjá dómurum máls þessa. Verða nú framburðir ákærða raktir.

Í dómskýrslunni hinn 29. júní sl. segir, að ákærða sé kynnt sakarefnið, en hann vilji ekki viðurkenna það að svo stöddu. Ákærði man ekki fyrir vísit, hvenær hann kynntist Sævari

Marinó, en það hafi líklegast verið veturinn 1969 til 1970, þegar ákærði var kennari að Reykjanesi við Djúp, en Sævar Marinó var nemandi í skólanum. Ákærði telur, að hann hafi fyrst séð Erlu Bolladóttur haustið 1973. Ákærði hafði ekki séð Kristján Viðat Viðarsson, áður en mál þetta kom til sögunnar. Ákærði hitti Sævar Marinó einstöku sinnum sumarið 1974 og meggi e. t. v. orða það svo, að um kunningsskap þeirra á milli hafi verið að ræða.

Einhvern tíma í nóvember 1974 kom Sævar Marinó á Land Rover bifreið, sem hann var nýbúinn að kaupa, heim til ákærða, en ekki veit ákærði, hver ók bifreiðinni. Ákærði hafði ekki hitt Sævar Marinó næstu tvo mánuðina á undan. Í lögregluskýrslunni kveður ákærði þetta hafa verið hinn 14. nóvember. Ákærði kveðst ekki geta sagt, hvort þetta hafi verið þarm dag. Þá kom Sævar Marinó í einhver skipti til hans í Bókaútgáfu Menningarsjóðs, þar sem ákærði var að vinna. Sævar Marinó var um líkt leyti að ræða við ákærða um utanlandsferð, en ákærði man ekki eftir því, að hann nefndi, hvernig hann ætlaði að afla fjár til ferðarinnar. Ákærði tók fram í þessu sambandi, að utanlandsferð ákærða Sævars Marinós hafi átt að vera að einhverju leyti kostuð af Vilhjálmi Knudsen.

Í lögregluskýrslunni segir ákærði, að svo sem hann hafi sagt, hafi hann ekkert vitað um fyrirhugaða Keflavíkurferð fyrr en hinn 18. nóvember. Þann dag eftir vinnu, kl. 1700, hafi hann farið á Mokka og hitt þar þau Sævar Marinó og Erlu. Þau hafi ekið honum heim á Ásvallagötu 46 á Land Rover bifreiðinni. Sævar Marinó hafi komið inn, en Erla beðið úti, að ákærða minnir. Sævar Marinó hafi beðið um að fá lánaðan síma og ákærði leyft það. Ákærði hlustaði ekki á, hvað Sævar Marinó sagði í símann, enda hafi það verið venja sín að hlusta ekki á símtöl manna eins og Sævars Marinós. Ákærði veit ekki, hvert Sævar Marinó hringdi, en hann rámar í, að hann hafi sagt: „Hvað er símanúmerið hjá honum?“ Þá spurði hann ákærða, hvort hann væri með nokkuð til að skrifa á, og man ákærði, að hann lét Sævar Marinó hafa miða. Ákærða rámar í, að Sævar Marinó hafi látið sig hafa miðann aftur og hafi símanúmer þá verið á honum. Sævar Marinó sagði við ákærða að geyma miðann, og stakk ákærði honum í vasann. Þegar Sævar Marinó hafði hringt a. m. k. 2 símtöl, fór hann að spyrja, hvort ákærði vildi koma með sér til Keflavíkur til að hitta mann. Talaði hann í þessu sambandi um mann, sem hann hefði hitt og þyrfti að hitta aftur í Keflavík. Nefndi hann Klúbbinn í þessu sambandi, og skildist ákærða, að hann hefði hitt manninn þar. Hann minntist ekki á, hvenær þetta hefði verið. Auðskilið var á Sævari Marinó, að gróðabrall lá á bak við þessa ferð. Á þessum tíma nefndi hann ekki spíritus, en þarna var greinilega um pukur að ræða og því auðskilið, að þetta var utan við lögin. Ákærði man ekki til, að Sævar Marinó hafi beðið sig að leggja fram peninga í sambandi við ferðina, en það gæti þó hafa verið, þótt hann muni ekki eftir því. Hann hafi að minnsta kosti enga peninga haft handbæra, ekki reynt að afla þeirra og enga peninga lagt fram í sambandi við ferðina. Sævar Marinó lagði að ákærða að koma með í ferðina. Ákærði lofaði því ekki, en sagðist mundu sjá til. Hann minnir, að þarna hafi verið talað um, að Sævar Marinó gæti hitt ákærða kvöldið eftir á Lambhóli, en Sævar Marinó hafi talað um að fara til Keflavíkur kvöldið eftir hinn 19. nóvember. Ákærði var viss um, að þessar viðræður þeirra Sævars Marinós fóru fram á heimili ákærða að Ásvallagötu 46 á tímabilinu

milli kl. 1700 og 1800. Ákærði telur sig gets fullyrt, að þeir hafi verið aðeins tveir í íbúðinni. Sævar Marinó hafði stutta viðdöl hjá ákærða, varla meira en um 10 mínútur.

Fyrir dómi hinn 29. júní skýrði ákærði frá því, að hann treysti sér ekki til að svara því fyrir vísit, hvenær Sævar Marinó hefði minnst á það fyrst við sig að fara til Keflavíkur. Ákærði var spurður um, hvort það hefði verið hinn 18. nóvember 1974. Ákærði kvaðst ekkert geta sagt um það. Það megi vera, að hann hafi hitt þau Sævar Marinó og Erlu á veitingahúsinu Mokka þennan dag kl. 1700, en hann muni ekki eftir því, að minnst hafi verið á ferðina til Keflavíkur. Þau Erla og Sævar Marinó hafi boðist til að aka honum heim og hann farið með þeim á Land Rover bifreið þeirra. Þegar heim til ákærða kom, hafi Sævar Marinó beðið um að fá lánaðan síma og farið með ákærða inn til hans, en Erla orðið eftir í bifreiðinni. Ákærði tók fram, að hann væri ekki öruggur um, að þetta hafi verið 18. nóvember. Þá sagði hann, að dagsetningin 14. nóvember væri ekki frá sér komin, heldur vera írá rannsóknarmönnum og Erlu Bolladóttur. Ákærði kvaðst aldrei hafa haft neitt undir höndum til þess að glöggva sig á dagsetningum þrátt fyrir beiðni hans í þá veru. Hann kvað Sævar Marinó hafa hringt a. m, k. tvisvar sinnum. Ákærði hlustaði ekki á símtölin og veit ekki, hvað Sævar Marinó sagði. Ákærði þorir ekki að fullyrða fyrir vísit, hvort hann hafi sagt: „Hvað er símanúmerið hjá honum?“ Það megi vel vera, að Sævar Marinó hafi spurt sig, hvort hann hefði nokkuð til að skrifa á, og hann látið Sævar Marinó fá miða. Ákærði kvaðst ekki þora að fara með, hvort Sævar Marinó hafi látið sig fá miðann aftur og þá hafi staðið á honum símanúmer. Ákærða var ekki ljóst, hvort Sævar Marinó hefði beðið hann að geyma miðann og hann stungið honum í vasann. Hann vill ekki fullyrða, hvort Sævar Marinó hafi nefnt við sig þarna ferð til Keflavíkur, en hann hafi einhvern tíma á þessum dögum nefnt ferð þangað og eitthvað „stand“ með spíra í því sambandi. Ákærði man, að Sævar Marinó sagðist þurfa að hitta mann í Keflavík vegna spírans, en hann nefndi ekki, hvað maðurinn hét. Ákærði man ekki eftir því, að Sævar Marinó nefndi Klúbbinn í þessu sambandi. Ákærða var bent á, að hann hefði í fyrri skýrslum sagt, að Sævar Marinó hefði nefnt Klúbbinn og að ákærða hefði skilist, að hann hefði hitt manninn þar. Ákærði kvaðst ekki þora að fara með það, hvort Sævar Marinó hafi nefnt Klúbbinn eða eitthvert annað veitingahús, en hann hafi nefnt einhvern mann, sem hann hefði hitt í veitingahúsi. Ákærði kvaðst ekki halda, að Sævar Marinó hafi nefnt, að maðurinn væri úr Keflavík, og hann hafi ekki nefnt nafn hans. Ákærða var bent á framhurð hans um það, að Sævar Marinó hefði talað um mann, sem hann hefði hitt á framangreindum stað og þyrfti að hitta aftur í Keflavík. Ákærði var spurður um þetta, og kvaðst hann ekki þora að fara með þetta til neinnar hlítar. Sævar Marinó bað ákærða ekki að leggja fram peninga í sambandi við ferðina. Ákærði kvaðst ekki hafa fallist á að fara ferðina með Sævari Marinó, þegar hann nefndi það við hann.

Þeirri spurningu, hvort ákærði hafi sagt :Sævari Marinó, að hann gæti hitt sig að Lambhóli við Starhaga kvöldið eftir, svaraði ákærði, að sig minnti, að hann hefði e. t. v. talað um, að hann mundi skreppa þangað eftir kvöldmat.

Ákærði kveður Sævar Marinó ekki hafa sagt ákveðið við sig, að hann ætlaði til Keflavíkur að kvöldi hins 19. nóvember, eða ákærði minnst þess ekki. Sævar Marinó hafi verið heima hjá ákærða að Ásvallagötu 46 hinn 18. nóvember á tímanum frá kl. 1710 til 1725 eða 1730.

Aðspurður um, hvort ákærði hafi farið að Lambhóli við Starhaga að kvöldi 19. nóvember, svaraði hann, að hann segi, eins og hann hefur áður sagt, að hann hafi ekki fengið tækifæri til að glöggva sig á dagsetningum. Ákærða var bent á, að í rannsóknarlögregluskýrslu hinn 25. janúar 1977 segi orðrétt: „Daginn eftir þann 19111 1974 fór ég“ (ákærði) „að heiman frá mér á Fiat bifreið tengdamóður

minnar að Lambhól við Starhaga til Rafns Guðmundssonar. Kl. mun þá hafa verið 20.00-20.30". Ákærði var spurður um, hvort þetta væri rétt. Hann kvaðst ekki geta svarað spurningunni, þar sem hann hefði ekki fengið í hendur þau gögn, sem hann hafi óskað eftir til þess að geta ákveðið nánar þær dagsetningar og tímasetningar, sem hér beri á góma, svo sem útvarpsdagskrá fyrir nóvembermánuð, staðfestingu á bókamarkaði Menningarsjóðs, höldnum í Grindavík í nóvembermánuði, og sjónvarpsdagskrá fyrir þann sama mánuð. Ákærði kveður skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglu frá 25. janúar í mörgum atriðum ekki rétta, bæði tímasetningar og setningar, sem eftir honum eru hafðar. Ákærða var bent á, að hann hafi í dómi hinn 31. janúar 1977 lýst málsatvikum sjálfstætt og framburður hans verið í samræmi við skýrslu hans hjá rannsóknarlögreglunni hinn 25. sama mánaðar. Þá hafi ákærði lesið skýrsluna yfir, sagt, að þar væri rétt eftir sér haft og staðfest undirskrift sína. Ákærði kannast við að hafa lýst skýrsluna rétta í þinghaldi 31. janúar 1977. Hann var spurður um, hver væri ástæðan til :breytinga hans á skýrslunni nú. Ákærði tók fram, að skýrslan væri ákaflega götött. Hafi hann og rannsóknarlögreglumáðurinn, sem skýrsluna sömdu, ekki talið sig geta gert betur. Vísast til þess, sem ákærði hafði áður æskt, en það var, að samprófað yrði í málinu.

Aflað var að tilhlutan dómsins dagskráa frá útvarpi og sjónvarpi frá því í nóvember 1974. krár þessar lágu frammi, og fékk ákærði þær til athugunar. Ákærði kvaðst vilja fá lengri frest til þess að athuga þær.

Ákærði kveðst kannast við að hafa farið að Lambhóli til Rafns Guðmundssonar á framangreindum tíma, en ekki geta, eins og stendur, sagt um, hvaða dag það hafi verið. Sævar Marinó hafi komið að Lambhóli. Ákærði kveðst ekki geta svarað því að svo stöddu, hve lengi hann hefði dvalist þar, þegar Sævar Marinó kom.

Ákærða var bent á, að í lögregluskýrslu telji hann, að hann hafi verið búinn að dveljast á Lambhóli hjá Rafni í 30-45 mínútur, þegar Sævar Marinó kom þangað. Aðspurður um þetta sagði ákærði, að þetta væri hrein og bein ágiskun. Ákærði taldi víst, að Rafn húsráðandi hefði farið til dyra, þegar Sævar Marinó kom, og hafi trúlega sagt ákærða, hver væri kominn. Ákærði kveðst ekki geta sagt með neinni vissu, hve lengi hann dvaldist að Lambhóli, eftir að Sævar Marinó kom þangað. Hann kveðst ekki muna eftir því, að Erla hafi komið inn í íbúðina að Lambhóli með Sævari Marinó, en vera magi, að hún hafi komið inn í forstofugang. Aðspurður um, hvort einhver maður hafi verið með þeim Erlu og Sævari Marinó, svaraði ákærði, að þetta væri það atriði, sem honum hefði gengið einna erfiðast að átta sig á. Hann minni það nokkuð fastlega, að þarna hafi verið einhver þriðji maður. Ákærði kveðst ekki hafa tekið eftir bifreið þeirri, sem þau Sævar Marinó og Erla komu á. Hann kveðst hafa komið í Fiat bifreið að Lambhóli og farið þaðan á brott á sömu bifreið. Minnir hann, að Sævar Marinó hafi komið með sér, en þorir ekki að fullyrða það. Ákærði ók heim til sín á bifreiðinni. Það kunni að vera, að Sævar Marinó hafi minnst á það við sig einhvers staðar á leiðinni, en þó aðallega á Ásvallagötu 46, að hann færi til Keflavíkur og æki bifreiðinni, sem átti að fara á. Hann muni hafa nefnt það að Ásvallagötu 46; að hann treysti Erlu ekki til þess að aka. Ákærði taldist undan ferðinni. Ákærði nam staðar við Ásvallagötu 46, sem er annað hús frá horni Bræðraborgarstígs, en Erla nam staðar við verslun, sem er á horni Bræðraborgarstígs og Ásvallagötu. Erla var í ljósblárri Volkswagen bifreið. Ákærði minnst þess ekki, að hann hafi farið inn til sín. Ákærði hafði ekki tekið þarna fullkomlega ákvörðun um ferðina til Keflavíkur.

Ákærða var bent á það; sem greinir í lögregluskýrslu um þetta atriði, þ. e. að hann hafi tekið þarna ákvörðun um að fara til Keflavíkur. Ákærði var inntur nánar eftir þessu, og svaraði hann því til, að

hann væri ekki viss um réttmæti þessarar fullyrðingar sinnar og styðji það við það, að hann hélt áfram á bifreið sinni. Ákærði telur sig hafa séð mann fara út úr Volkswagen bifreiðinni, sem Erla ók, og fara inn í „sjoppuna“ á horninu.

Ákærði var spurður, hvert hann hefði ekið frá Ásvallagötu og hvort Sævar Marinó hafi verið með honum í bifreiðinni. Hann kvaðst vísa til lögregluskýrslunnar um þetta atriði. Hann heldur, að Sævar Marinó hafi ekki verið með sér í bifreiðinni.

Vegna þessa framburðar ákærða þykir rétt að rekja það, sem hann skýrir frá um þetta í lögregluskýrslu. Ákærði kveðst hafa farið að heiman frá sér á Fiat bifreið tengdamóður sinnar hinn 19. nóvember að Lambhóli við Starhaga til Rafns Guðmundssonar og muni klukkan hafa verið um 2000 til 2030. Ákærði var búinn að dveljast talsverða stand hjá Rafni, áður en Sævar Marinó kom þangað. Ákærða minnir, að Rafn hafi verið einn heima. Eftir að Geirfinnsmálið komst aftur í hámmæli, hafi hann spurt Rafn, hvort verið geti, að hann hafi komið til hans kvöldið 19. nóvember 1974 og hitt Sævar Marinó þar. Rafn hafi svarað: „hver man það?“ Ákærði telur, að hann hafi verið búinn að dveljast hjá Rafni í 30 til 45 mínútur, þegar barið var að dyrum. Rafn fór til dyra og sagði ákærða, að samtali væri við hann. Ákærði fór fram, og man hann, að Rafn hálfstjakaði honum út, en það lá eitthvað illa á honum. Ákærði man ekki eftir, að talað hafi verið um Keflavíkurferðina innan dyra eða að annað hafi verið rætt. Ákærði kveðst áður hafa sagt, að þarna hafi verið maður með þeim Sævari Marinó og Erlu. Þetta atriði sé hann ekki viss um. Geti verið, að þar rugli hann einhverju saman og þau hafi komið tvö ein. Sævar Marinó bað ákærða að koma með honum í Keflavíkurferðina, en sagði ákærða ekki meira um tilgang fararinnar. Sævar Marinó fór með ákærða í Fiat bifreiðinni, en Erla ók Volkswagen bifreiðinni, sem þau höfðu komið á. Sævar Marinó talaði um í bifreiðinni, að hann treysti ekki Erlu til að aka, og bað ákærða að aka í Keflavíkurferðinni. Ákærði var með úrtölur og sagðist ekki mega vera að því að fara. Ákærði telur sig hafa ekið frá Lambhóli til vinstri vestur Ægisíðu, til hægri norður Hofsvallagötu og inn á Ásvallagötu, þar sem hann stöðvaði við hornið á Bræðraborgarstíg. Hann minnir, að Erla hafi komið á Volkswagen bifreiðinni og stöðvað hinum megin við hornið á Bræðraborgarstíg við „sjoppuna“. Ákærði hafði þarna í huga að taka allt eins ekki þátt í ferðinni. Ákærði man ekki eftir frekari orðaskiptum þeirra Sævars Marinós og hvort hann sagði ákærða nokkuð meira um fyrirætlanir sínar. Hann man ekki, hvað réð ákvörðun hans, en þarna tók hann ákvörðun um að fara með Sævari Marinó í þessa ferð. Muni hafa ráðið að nokkru forvitni ákærða og einnig greiðasemi við Sævar Marinó. Ákærði fór ekki inn heima hjá sér og man ekki til, að annað hafi verið gert. Þarna kom til álitu, hvar ætti að skilja Fiat bifreiðina eftir, þar sem ákærði hafði ákveðið að taka að sér að aka Volkswagen bifreiðinni til Keflavíkur. Ákærða minnir, að Sævar Marinó hafi farið yfir í bifreiðina til Erlu. Það hafi orðið ofan á, að ákærði æki Fiat bifreiðinni á Vatnsstíg eða í grennd við hann.

„Síðan segir áfram í dómskýrslunni, að ákærði muni ekki ljóst, hvort hann hafi skilið bifreiðina eftir á Vatnsstíg, og vísaði hann til lögregluskýrslunnar um þetta atriði.

Aðspurður um, hvort ákærði hafi séð Volkswagen bifreiðina á Vatnsstíg, svaraði hann á þá leið, að í þessu efni hefði hann ekki neinu að bæta við lögregluskýrsluna. Hann svaraði þeirri spurningu neitandi, hvort hann myndi eftir sendibifreið á Vatnsstíg.

Lesið var upp úr lögregluskýrslunni það, sem ákærði hefur greint frá, þegar hann kom á Vatnsstíg, en þar segir ákærði, að hann muni ekki alveg fyrir víst, hvar hann hafi skilið við bifreiðina, þegar þangað kom, en minni helst, að það hafi verið að sjálfum Vatnsstígnum. Þegar ákærði kom á Vatnsstígin, sá

hann Volkswagen bifreiðina, þar sem hún stóð ofarlega í götunni skammt frá Laugavegi. Var hún hægra megin á götunni og sneri framendi til norðurs að sjónum. Hann mundi óljóst eftir sendibifreiðinni á Vatnsstígnum. Framendi hennar sneri einnig til norðurs, en hún stóð vinstra megin á götunni, nokkurn veginn á móts við Volkswagen bifreiðina, að ákærða minnti. Ákærða minnir helst, að hann hafi lagt Fiat bifreiðinni nokkuð framan við Volkswagen bifreiðina sömu megin. Hann hafi gengið upp götuna að Volkswagen bifreiðinni og minnir, að beðið hafi verið eftir sér. Einhverjar tafir hafi orðið á, að þeir færu af stað, og muni hann, að sendibifreiðin hafi farið á undan. Hann hafi tekið þarna við akstri Volkswagen fólksbifreiðarinnar. Hún var ljósblá að lit, og í henni var útvarp og, að ákærða minnir, kassetuhljómburðartæki. Ákærði mundi ekki eftir neinu öðru sérstæðu við bifreið þessa. Hann treystir sér ekki til að nefna skráningarnúmer á bifreiðinni, þar sem það yrði hrein ágiskun. Ákærði kveðst áður hafa sagt, að þetta hafi verið bifreið frá bílalengjunni Geysi, en þetta geti hann þó ekki fullyrt.

Ákærði var spurður um þennan framburð í dóminum, og var svar hans: „Einhvern veginn urðum við að hafa þetta, við, sem settum saman skýrsluna“.

Ákærði var spurður, hvert hann hefði farið, eftir að hann hafði numið staðar á Vatnsstígnum. Svar ákærða var á þessa leið: „Ef þetta er rétt, þá hef ég farið að Volkswagen bifreiðinni og þá tekið við stjórn hennar“.

Nánar aðspurður um sendibifreiðina skýrði ákærði svo frá, að það kunni vel að vera, að þarna hafi verið sendiferðabifreið, jafnvel fleiri en ein. Ákærði man ekki til, að hann hafi veitt athygli neinni sendiferðabifreið, sem tengdist ferðalaginu til Keflavíkur. Hann man ekki eftir, hvað honum viðvíkur, að tafir yrðu á að komast af stað. Hann kveðst telja víst, að Volkswagen bifreiðin hafi verið frá bílaleigu, en þó geti það allt eins hafa verið lánsbifreið. Ákærði hefur stungið upp á bílaleigunni Geysi, en hefur ekkert fyrir sér í því. Ákærði getur ekki fullyrt um, að þetta hafi verið lama bifreiðin og Erla kom á að Lambhóli, en telur, að svo hljóti að vera.

Lesið var úr skýrslu ákærða hjá rannsóknarlögreglu um framangreind atriði og ákærði spurður um þetta. Kvaðst hann enga ástæðu hafa til þess að breyta þessu að svo komnu máli og vísa til þess, sem hann hefði áður sagt um bílaleigubifreiðina.

Þegar lagt var af stað frá Vatnsstíg, hafi Sævar Marinó setið í framsæti hægra megin, Erla í aftursæti og hjá henni einhver maður, sem ákærði þekkti ekki. Ákærða var sýnd mynd í dóminum af Kristjáni Viðari Viðarssyni. Ákærði kveður Kristján Viðar hafa verið sýndur sér í fyrsta skipti í fangelsinu í Síðumúla í maí 1976. Hann kveðst hafa gefið manningum í aftursætinu lítinn gaum og hann hafi lítið eða ekkert talað. Auk þess hafi ákærði ekið bifreiðinni. Það hljóti að hafa verið, að þetta hafi verið Kristján Viðar. Ákærði var spurður um, hvort Kristján Viðar hefði verið undir áhrifum lyfja. Hann svaraði því til, að Kristján Viðar hefði verið þreytulegur og illa fyrirkallaður, en hvað hann hafi látið ofan í sig af pillum, geti hann ekki sagt um. Ákærði kveður hafa verið ekið rakleitt út úr borginni áleiðis til Suðurnesja. Aðspurður um veðrið sagði ákærði, að norð-vestlæg átt hefði verið, svalt og gengið á með skúrum, en hann kvaðst byggja þessar upplýsingar um veðrið á því, sem rannsóknarlögreglumaður hefði sagt honum.

Sem áður sagði, ók ákærði bifreiðinni. Sævar Marinó sat í framsæti, Erla í aftursæti til vinstri, að ákærða minnir, og Kristján Viðar í aftursæti til hægri.

Þegar komið var á Jófríðarstaðahæð við Hafnarfjörð, hafi Sævar Marinó horft út um rúðu bifreiðarinnar og spurt, hvort sæist til sendiferðabifreiðarinnar. Hann hafi síðan svarað sjálfum sér og sagt, að þarna væri hún. Átti hann við einhverja bifreið, sem var fram undan á móts við Álverið. Ákærði sá ekki sjálfur bifreiðina, enda var hann gleraugnalaus. Ákærði heyrði þá fyrst, að sendiferðabifreiðin væri í samfloti með þeim.

Sævar Marinó talaði mjög mikið við ákærða á leiðinni, en ákærði man ekki eftir, að farþegarnir í aftursætinu hafi talað neitt. Ákærði man mjög lítið eftir viðræðum þeirra Sævars Marinós. Sævar Marinó hafi rætt um mann þann, sem hann ætlaði að hitta, og sagt, að beita ætti fullri hörku, ef með þyrfti. Sævar Marinó hafði og orð á því að láta manninn hverfa. Ákærði leit á þetta eins og hvern annan barnaskap og tók það ekki í alvöru. Ákærði man ekki eftir, að hann hafi gert athugasemdir við þetta, nema til að hæðast að því. Ákærði kannast ekki við að hafa heyrt Sævar Marinó segja, að búið væri að bjóða manninum peninga, en hann tæki engum sönsum og því yrði að gera það, sem ákveðið hefði verið. Ákærða var ekki ljóst, hvaða erindi Sævar Marinó átti við manninn, en allt bendi til þess, að það hafi verið spíraviðskipti, sbr. það, sem síðar hefur komið fram í málinu.

Ákærði óskaði eftir að gera athugasemd við eftirfarandi setningu í lögregluskýrslunni: „Síðar áttaði ég mig á, að það, sem Sævar sagði um að sýna manninum fulla hörku og jafnvel að láta hann hverfa, kunni Sævar að hafa meint í fullri alvöru“. Með orðinu síðar hafi hann átt við löngu seinna, þ. e. eftir að ljóst varð, að hliðstæður atburður hafði átt sér stað hjá ákærðu.

Skömmu áður en komið var til Njarðvíkur, að ákærða var sagt við Fitjanesti, stóð sendibifreið sú, sem áður greinir. Ákærði nam staðar stutt frá bifreiðinni að fyrirsögn Sævars Marinós. Sævar Marinó fór út úr bifreiðinni og átti tal við ökumann sendibifreiðarinnar. kærði sá aðeins á höfuð ökumannsins, þegar hann hallaði því út um hliðargluggann. Ákærði sá strax, að hann þekkti ekki mann þennan. Maðurinn hafði sérkennilegt hár, liðað og rauðbleikt, og hann var frekar grannleitur. Ákærði kveðst frekar hallast að því, að maðurinn hafi verið með barta, en getur ekki fullyrt það. Ákærði veit ekki, hvað þeim Sævari Marinó og manninum fór á milli, og ekki minnst ákærði þess, að Sævar Marinó hafi nefnt það, eftir að hann kom aftur í bifreiðina.

Ákærði telur, að sendibifreiðin hafi ekki farið á undan þeim, en á mjög líkum tíma. Ekið var rakleitt gegnum Keflavík og réð Sævar Marinó ferðinni. Ákærði man, að ekið var fram hjá bíóinu, sem er við aðalgötuna. Þar var eitthvað af fólki á ferli, þar sem hlé var í bíóinu, að því er ákærði telur. Minnir ákærða, að Sævar Marinó hafi sagt við farþegana í bifreiðinni að beygja sig niður. Ákærði kveðst ekki geta tímasett þetta, en það gæti hlaupið á klukkutíma til eða frá.

Í lögregluskýrslu segir ákærði, að hann miði við það, að fólkið hafi verið við bíóið, og einnig hitt, að tíminn geti komið heim við, að þau hafi verið þarna klukkan rúmlega 2200.

Ákærði tók fram í þessu sambandi, að hann óskaði eftir, að tímasetningar verði látnar óíða þar til síðar.

Ákærði kveðst vera ókunnugur Keflavík, en man eftir húsi, sem merkt er „Pípugerð Áhaldahús“. Ók hann að því, inn á milli húsa og nam þar staðar. Þar fóru Sævar Marinó og maðurinn, sem ákærði þekkti ekki, úr bifreiðinni. Ákærði beið einhvern tíana, en sneri svo við og ók nokkurn spöl til baka. Ákærða rámar í, að hann hafi þá séð sendibifreiðinni ekið meðfram rauðu löngu húsi, sem er á fjörukantinum, áleiðis inn í Dráttarbrautina, en um hann vissi hann ekki fyrr en síðar.

Eftir nokkra stand komu þeir Kristján Viðar og Sævar Marinó aftur. Var þá einhver æsingur kominn, í Sævar Marinó, vegna þess að tíminn var orðinn af naumur til að hitta manninn og hann e. t. v. farinn af stað þeim, sem ákveðið hafði verið að hitta hann. Þá taldi Sævar Marinó, að þeir væru komnir af nærri lögreglustöðinni. Ákærði er því ekki viss um, að hið síðarnefnda hafi verið nefnt.

Því næst var ekið aftur eftir aðalgötunni og beygt til hægri að bensínsölustöð. Var numið þar staðar, og fór Sævar Marinó inn og keypti eitthvað. Ákærði veit ekki, hvort Sævar Marinó ætlaði að hringja, en hann sagði, að margt fólk hefði verið þarna inni. Eftir þetta var ekið yfir aðalgötuna, eftir götu, sem liggur í átt að höfninni, fram hjá Hafnarbúðinni og kaupfélaginu, í boga að aðal.götunni aftur og að bensínstöð, sem þar er. Numið var staðar þar, og tók ákærði bensín á bifreiðina. Greiddi Sævar Marinó bensínið. Því næst var ekið áleiðis að Hafnarbúðinni og numið staðar í grennd við hana.

Í lögregluskýrslunni segir ákærði, að eftir þetta hafi hann ekið til baka eftir aðalgötunni og beygt svo til vinstri að bensínstöð, sem þar er. Þá hafði komið upp sú spurning, hvort nægjanlegt bensín væri á bifreiðinni. Ákærði man ekki betur en hann hafi sjálfur sett bensínið á bifreiðina. Eftir þetta hafi verið ekið þessa götu áfram í átt að sjóum og beygt til hægri. Hugsanlega hafi verið numið staðar þar til að gá að manninum, sem þau ætluðu að hitta, en þetta atriði muni hann ekki alveg fyrir víst. Ákærði ók áfram og aftur inn á aðalgötuna, en beygði þar til vinstri. Þar ók hann að „sjoppu“, sem bensíndælur eru við. Ákærði hefur þekkt „sjoppu“ þessa aftur sem „sjoppuna“ við aðalstöðina. Sævar Marinó fór þar inn, en þegar hann kom aftur, talaði hann um, að ekki hefði verið hægt að hringja. Ákærði getur ekki fullyrt, hver ástæðan var, en hann man, að í „sjoppunni“ var töluvert af fólki. Í þessari „sjoppu“ keypti Sævar 112arinó vindlinga og ef til vill fleira. Eftir þetta var ekið til baka, aftur beygt til hægri og stöðvað í grennd við Hafnarbúðina.

Ákærði hafði ekki áður heyrt Hafnarbúðina nefnda, og ekki var minnst á hana þarna. Ákærði telur, að hann hafi numið staðar 100--2a0 metra frá Hafnarbúðinni. Hann minnir, að þeir Sævar Marinó og Kristján Viðar hafi farið þar úr bifreiðinni. Ákærði man ekki, að minnst hafi verið á, að Kristján Viðar ætti að hringja í Hafnarbúðinni. Hann man ekki eftir, að Sævar Marinó hafi látið sig fá neinn miða, áður en farið var til Keflavíkur. Hann var þó ekki frá því, að minnst hefði verið á einhvern miða, áður en þeir Kristján Viðar og Sævar Marinó fóru úr bifreiðinni, en hann getur ekki staðhæft, hvort þessi miði hafi fundist hjá sér. Ákærði veit ekki um, hvert þeir Sævar Marinó og Kristján Viðar fóru. Giskar hann á, að þeir hafi verið í burtu í um 10 mínútur. Hvorugur þeirra minntist á, þegar þeir komu aftur, að hringt hefði verið í manninn. Ákærða minnir þó, að annar hvor þeirra hafi sagt eitthvað á þá leið: „Hann kemur“.

Í lögregluskýrslunni segir ákærði þannig frá þessu, að farþegi úr aftursætinu hafi farið út til að hringja, það er að segja Kristján Viðar. Sævar Marinó hafi talað við Kristján Viðar um erindið, sem ákærði man ekki að greina frá. Ákærða rámar í að hafa verið spurður um miða, sem Sævar Marinó hafði áður látið hann fá og hann hefur sagt frá, að hann hafi afhent miðann þarna. Kristján Viðar fór brott, og þegar hann kom aftur, sagði hann, að maðurinn kæmi. Sævar Marinó fór eitthvað frá bifreiðinni, en ákærði veit ekki, hvort hann fór með Kristjáni Viðari alla leið. Ákærða minnir, að hann hafi fært bifreiðina eitthvað til, og þegar hann hafi nú síðar reynt að átta sig á staðháttum :þarna, telji hann, að hún hafi staðið nokkuð nærri kaupfélaginu.

Síðan segir áfram í dómskýrslunni, að ákærði giski á, að aðrar 10 mínútur hafi liðið, þar til maður, sem hann þekkti ekki, kom að bifreiðinni. Sævar Marinó fór út og :hleypti manninum inn. Maðurinn settist í aftursæti, en hvar, getur ákærði ekki sagt um. Þó sé eðlilegast, að hann hafi lest fyrir aftan Sævar

Marinó. Ákærði kveður orðin: „Hann kemur“ geta eins hafa verið sögð, þegar maðurinn var að koma að bifreiðinni, og telur hann, að það hafi verið Sævar Marinó, sem sagði þau.

Ákærða voru sýndar myndir af Geirfinni Einarssyni. Hann kveðst ekki treysta sér til að segja um, hvort myndirnar séu af manni þeim, sem kom upp í bifreið ákærða. Ákærði kveðst ekki hafa tekið eftir, hvernig maðurinn var klæddur. Lýsing sú, sem hann hafi gefið á klæðnaði mannsins, sé eftir frétt í Morgunblaðinu. Ákærði minnst þess ekki, að maðurinn kynnti sig eða að nafn hans væri nokkurn tíma nefnt. Ákærði getur ekki fullyrt um, hvort maður þessi hafi verið Geirfinnur Einarsson, en hafi að svo stöddu ekki ástæðu til að efa það.

Eitthvað var ekið um Keflavík, áður en haldið var í Dráttarbrautina, en um hvaða götur, getur ákærði ekki sagt, þar sem hann er ókunnugur í Keflavík. Sævar Marinó talaði eingöngu við Geirfinn, og minnst ákærði þess ekki, að aðrir hafi tekið þátt í samræðunum. Ákærði kveðst ekki muna nákvæmlega, hvað Sævar Marinó ræddi við Geirfinn, en vísar til skýrslu sinnar hjá rannsóknarlögreglu um það atriði.

Farið var yfir skýrslu rannsóknarlögreglunnar um þetta atriði. Ákærði skýrir þar frá því, að hann muni ekki einstakar setningar úr viðræðum þeirra, en hann muni, að talað hafi verið um spíra, og segja megi, að þeir hafi virst hvor um sig vera að fiska eftir upplýsingum hjá hinum. Ákærði man, að Sævar Marinó var með peninga í höndum og bauð Geirfinni þá gegn því að fá spíra eða upplýsingar um spíra. Geirfinnur gat ekki eða vildi ekki veita þessar upplýsingar. Eitthvert þras varð út af peningunum, en ekki man ákærði, hvað varð um þá.

Í dómskýrslunni segir ákærði það rétt, að þeir hafi rætt um spíra og virst vera að reyna að fá upplýsingar hvor hjá öðrum. Ákærði kveðst hafa sagt, svo sem í skýrslunni greinir, að Sævar Marinó hafi verið með peninga í höndunum og boðið Geirfinni þá gegn því að fá spíra eða upplýsingar um spíra. Ákærði veit ekki, hvað varð af peningunum. Hann tók fram, að hann hefði ekki á þessari stundu haft neina vitneskju um kynni Geirfinns og Sævars Marinós né fyrri samskipti þeirra. Einhver misskilningur var á milli þeirra Sævars Marinós og Geirfinns um spírann. Var það annað hvort, að Geirfinnur taldi Sævar Marinó ekki vera þann mann, sem hann átti að vera, eða vissi ekki um geymslustað spírans. Ákærði man ekki eftir, að nafn Magnúsar Leópoldssonar væri nokkurn tíma nefnt eða nafn neins annars. Eitthvert þjark varð um þetta, en það stóð ekki í langan tíma. Geirfinnur bað ekki um að fá að fara út úr bifreiðinni. Sævar Marinó ákvað, að ekið skyldi í Dráttarbrautina. Það sé nærri lagi, að ekið hafi verið inn á plan norðan við Dráttarbrautarhúsið og síðan niður með því. Þegar numið var staðar í Dráttarbrautinni, var ekki orðið samkomulag milli þeirra Sævars Marinós og Geirfinns. Ákærði veit ekki, hvort þeir hafi strax farið út úr bifreiðinni, þegar numið hafði verið staðar. Hann telur líklegt, að hann hafi slökkt ljósin, þegar hann hafði stöðvað vélina. Ákærði fór vinstra megin út úr bifreiðinni, en farþegarnir hægra megin. Ákærði telur, að Sævar Marinó hafi farið fyrst út úr bifreiðinni og þeir Geirfinnur og Kristján Viðar hafi farið út á undan sér, en Erla orðið eftir inni í henni.

Sæmilegur friður var með þeim, þegar þeir fóru út úr bifreiðinni. Ákærði man ekki eftir neinum orðaskiptum, og engin átök voru byrjuð. Ákærði man ekki eftir, að hann hafi blandað sér í samræður við Geirfinn. Það sé tilgáta frá sér, sem eftir honum er haft í lögregluskýrslu, að Geirfinnur hafi veist að sér með orðum og ákærði orðið ofsalega reiður. Ákærði telur það nú ekki vera rétt hjá sér, að hann hafi reiðst Geirfinni. Hann þorir ekki að staðhæfa, að Geirfinnur hafi ætlað brott, en hann, tekið í öxl hans og stöðvað hann. Ákærði man ekki eftir að hafa sagt um Geirfinn: „Við skulum taka hann í gegn“. Hann man ekki heldur eftir að hafa lent í tuski við Geirfinn og náð á honum hálstaki. Ákærði



kveður Karl Schiitz hafa sagt sér þetta og haft eftir Kristjáni Viðari. Ummæli Schiitz hafi verið sem hér segir: „Der Kristján hat mir gesagt dass er hat von Ihnen einen Halsgriff iibernommen". Ákærði man ekki eftir að hafa fellt Geirfinn til jarðar og hann hafi dasast við það. Ákærði kveðst ekki geta lýst þætti þeirra Kristjáns Viðars og Sævars Marinós í átökunum. Hann man ekki eftir, að barefli hafi verið notað. Orðrétt sagði ákærði: „Ég get ekki lýst þessum atburðum, sem urðu þarna, svo nokkurt lag né vit sé í og hef alltaf haldið mig við það. Í síðustu viðræðum okkar Karls Schiitz sagði hann mér frá .ákveðnum þáttum í átökum, sem þarna hefðu átt sér stað, en ég hef ekki séð". Ákærði telur sig eftir á að hyggja muna eftir því augnabliki, þegar Geirfinnur féll til jarðar, en með hverjum hætti það gerðist, veit hann ekki. Ákærða var ljóst, að Geirfinnur var látinn. Ákærði man ekki eftir, hvernig Geirfinnur lá, og man ekki heldur eftir að hafa séð áverka á honum. Hann man ekki heldur eftir, að hann hafi orðið þess var, að sparkað hafi verið í Geirfinn, eftir að hann var fallinn. Ákærði veit ekki um dánarorsök Geirfinns og getur ekki sagt um, hvort hann hafi beðið bana í átökum við þá þrjá. Ákærði gefur enga grein gert fyrir því, hvort hann vék af staðnum eftir átökin.

Skýrsla ákærða hjá rannsóknarlögreglu um það, sem nú hefur verið rakið, var lesin í heyranda hljóði svo og framburður ákærða í dómi hinn 30. janúar 1977 um átökin. Einnig var lesið úr handriti ákærða 14. desember 1976 um átökin, sem var sagt vera til uppfyllingar á fyrri skýrslum.

Í lögregluskýrslunni segir ákærði, að :átökin hafi ekki hafist, strax og komið var út úr bifreiðinni. Hann man, að Geirfinnur veittist að honum í orðum, þegar hann kom út úr bifreiðinni, og varð ákærði ofsalega reiður. Ákærði man ekki, hvað hann sagði. Þegar hann reiðist svona, man hann lítið eftir því, sem hann segir eða gerir. Hann rámar í, að Geirfinnur hafi ætlað brott og að hann hafi tekið í öxlina á honum utanverða til að stöðva hann. Þeir hafi þá lent í tuski, og minnir ákærða, að hann hafi náð á honum hálstaki. Hélt ákærði honum föstum, en þó örugglega ekki lengi. Hálstakinu hélt ákærði þannig, að hann var með olnbogann undir hökunnunni á Geirfinni. Verið geti, að ákærði hafi skellt honum til jarðar, og minnir hann, að hann hafi dasast við þetta, en það, sem á eftir fór, er svo óljóst í minni ákærða, að það yrði nánast skáldskapur að lýsa því. Ákærði man ekki að lýsa þætti þeirra Sævars Marinós og Kristjáns Viðars í átökunum, og ekki man hann að lýsa sínum þætti nánar. Hann man ekki til, að barefli hafi verið notað, en það kunni þó að vera fyrir því. Ákærði man, að hann skynjaði svo, að Geirfinnur lá á jörðinni og hreyfðist ekki meira. Taldi ákærði þá, að hann væri látinn. Hann lá á bakinu, en hallaðist á vinstri hlið, og sneri höfuð hans að ákærða. Ákærði tók ekki eftir neinum áverkum á honum. Ákærði getur ekki sagt til um dánarorsök, en honum er ljóst, að hann lét lífið í átökum við þá þrjá. Ákærði gekk ekki úr skugga um, hvort Geirfinnur væri látinn. Þegar ákærða varð ljóst, hvað gerst hafði, varð hann miður sín og ráfaði frá.

Í dómskýrslunni frá 31. janúar var einungis þetta bókað eftir ákærða um átökin.

„Er í Dráttarbrautina var komið, fóru þeir allir út úr bifreiðinni. Þar hófust átök. Kærði kveðst ekki muna, hvernig átökin hófust. Kærði kveðst einu sinni hafa tekið manninn hálstaki".

Ákærði var spurður um það, hvort það væri rétt, sem hann hefur skýrt rannsóknarlögreglu frá um átökin og síðan staðfest í dómi, svo og það, er hann hefur skráð hinn 14. desember 1976 í Síðumúlafangelsinu. Svar ákærða var sem hér segir: „Mér var það ljóst frá upphafi, að ég var í þeirri hættulegu aðstöðu að geta játað öllu eða neitað öllu um þessa atburði. Ég mundi ekkert sjálfstætt og gat sjálfur enga grein gert mér fyrir því, hvað gerst hafði, hvorki fyrir mínum þætti né annarra, sem þarna voru".

Ákærði var spurður, hvort það væri rétt eða rangt, sem í framangreindum skýrslum greinir. Svar ákærða var þetta: „Ákærði treystir því, að rannsóknarlögreglumenn og herra Karl Schiitz hafi ekki vísitandi farið með rangt mál við ákærða í ýmsum þeim lýsingum, sem þeir gáfu honum, sem áttu að hafa gerst á umræddum stað og á umræddum tíma”.

Þá var ákærði spurður um það, hvort hann kannaðist við að hafa skrifað skýrsluna 14. desember 1976, sem er til uppfyllingar á fyrri skýrslum. Ákærða var sýnt handritið. Ákærði kannast við að hafa skrifað það. Það hafi þó einungis verið umræðugrundvöllur, en aldrei átt að nota sem dómskjal. Ákærði kveðst hafa afhent rannsóknarlögreglumanni mörg plögg af þessu tagi.

Ákærði var ekki frá því, að hann hefði séð sendibifreið í Dráttarbrautinni, en hvar hún var, veit hann ekki. Ákærða hafði verið sýnd sendibifreiðin, sem talin er, að hafi verið í Dráttarbrautinni. Ákærði getur ekki sagt um, hvort um sömu bifreið var að ræða. Hann tók fram, að væri um sömu bifreið að ræða, hafi ekki verið á henni rauðar rendur á hliðum eða framstuðari rauður og ekki heldur í númer. Telur ákærði, að R númer hafi verið á bifreiðinni.

Í lögregluskýrslunni segir ákærði, að þegar hann ráfaði frá, hafi hann farið fram fyrir stefni bátsins, sem var nyrst í Dráttarbrautinni. Þá sá hann framan á sendibifreiðina, þar sem hún stóð til hliðar við þennan bát að norðanverðu í líkri stöðu og hann sá bifreiðina sunnudaginn 23. janúar 1977, en þá þekkti ákærði bifreiðina aftur. Ákærði tók eftir, að búið var að mála rauðar rendur á hliðar hennar, en þær voru ekki áður. Þá hafði framstuðarinn verið málaður rauður, en ákærða minnir, að hann hafi verið svartur. Einnig man ákærði, að bifreiðin var á R númeri, en var það ekki lengur, þegar hann sá hana framangreindan sunnudag.

Ákærði kveðst ekki muna, hvað gert var við lík Geirfinns Einarssonar. Það sé sér stórlega til efa, að líkið hafi verið sett inn í Volkswagen bifreiðina og flutt til Reykjavíkur. Hann varð ekki var við Erlu eftir átökin, og ekki var minnst á það, hvert hún hefði farið. Ákærði man ekki eftir, að leitað hafi verið að Erlu, og hann kannast ekki við að hafa lagt áherslu á, að það yrði gert. Ákærði kveðst ekki hafa orðið var við lík Geirfinns í bifreiðinni, og ekki varð hann var við kápu Erlu. Ákærði getur ekkert sagt um, hvenær sendibifreiðin fór á brott, en hann sá hana ekki meira. Ákærði ók Volkswagen bifreiðinni til Reykjavíkur. Minnir hann, að Sævar Marinó hafi setið við hlið hans, en Kristján Viðar í aftursætinu. Ákærði vísaði til lögregluskýrslu um það, sem gerðist á leiðinni til Reykjavíkur.

Lesið var úr lögregluskýrslu það, sem fram kemur hjá ákærða um brottförina úr Dráttarbrautinni og ferðina til Reykjavíkur. Ákærði skýrir þar frá því, að sér hafi ekki með nokkru móti tekist að rifja upp það, sem gerðist, fyrr en hann var staddur á hæðinni fyrir ofan Hafnarfjörð. Hann kveðst ekki vita, hvenær Erla fór brott. Hann veit ekki heldur, hvernig líkið var sett í bifreiðina eða hver hlutur hans hefur verið í því. Þegar hann man næst eftir sér, var Sævar Marinó að tala um, að nú væri ákærði samsekur um morð. Ákærði var utan við sig og hváði, en Sævar Marinó sagði þá: „Sástu ekki, hvað við gerðum við manninn?”

Sævar Marinó sat í framsæti, en Kristján Viðar í aftursæti. Um það sé ekki að efast, að lík Geirfinns hafi verið í bifreiðinni, en hvernig því hafi verið fyrir komið, muni hann alls ekki.

Fyrir dómi sagði ákærði, að sér væri til efi, hvort það væri rétt, sem að framan greinir. Ákærði var sérstaklega spurður um, hvort hann minntist þess, að Sævar Marinó hefði slegið á öxl hans, þegar þeir voru staddir á hæðinni fyrir ofan Hafnarfjörð, og sagt, að ákærði væri samsekur um morð, og

bætt við: „Sástu ekki, hvað við gerðum við manninn?“ Ákærði telur sig muna eftir þessum orðaskiptum. Í lögregluskýrslunni segir, að það sé ekki um það að efast, að lík Geirfinns hafi verið í bifreiðinni. Ákærði kveðst ekki vilja breyta þessu, en þó leiki mikill vafi á, að líkið hafi verið í bifreiðinni frá sínu sjónarmiði. Ákærði var spurður um það, hvort þeir hefðu rætt um það, hvað gera ætti við líkið. Hann man ekki eftir, hvort þeir ræddu það þá.

Ákærði var um það spurður, hvort þessi setning væri rétt, sem eftir honum er höfð í lögregluskýrslu: „Ég man, að við töluðum um, hvað ætti að gera við líkið“. Svar ákærða var þetta: „Ég hef ekkert fyrir mér í þessu“. Var nú lesið úr lögregluskýrslu það, sem fram kemur í framburði ákærða hjá lögreglu um þá staði, þar sem ákærðu hygðust koma líkinu fyrir.

Í lögregluskýrslunni sagði ákærði, að sig minnti, að annað hvort hefði verið talað um að koma líkinu fyrir úti á Álftanesi eða aka því eitthvað í áttina þangað, en svo hafi verið fallið frá því. Fleiri staðir hafi verið nefndir í þessu sambandi. Minnti ákærða, að hann hefði nefnt hitaveitustokkinn fyrir ofan Reykjavík og einnig íþróttavöllinn í Kópavogi, en á báðum stöðum hafði hann unnið. Samkomulag hafi ekki orðið um, hvað gera ætti við líkið, og niðurstaðan orðið sú, að ekið var tii Reykjavíkur. Ákærði minnst þess, að þeir höfðu ótta af að aka í gegnum Kópavog, þar sem lögreglan var oft að stöðva þar umferð. Ákærði ók áfram sem leið liggur, og þegar hann kom að mótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar, stakk hann upp á að beygja til hægri og aka austur Miklubraut, en fékk því ekki framgengt. Ákærði man ekki, hver réð ferðinni eða sagði honum fyrir, hvert skyldi aka. Á fyrrgreindum gatnamótum beygði ákærði til vinstri, ók vestur Miklubraut, um Miklatorg, norður Snorrabraut og sem leið liggur inn í sunnið milli Grettisgötu og Njálsgötu. Ákærði man ekki, hver átti uppástunguna að fara með líkið þangað eða hvenær það kom til tals.

Fyrir dómi sagði ákærði geymslustaði þá, sem fram koma í fyrrgreindri skýrslu hans, komna frá sér, en tók fram, að hann gæti ekki gert sér grein fyrir, hvort þessir staðir hefðu nokkurn tíma komið til umræðu framangreint sinn. framburður þessi sé einnig tilkominn vegna breytingar þeirrar, sem varð á rekstri og rannsóknaraðferðum málsins um áramótin 1976-1977. Ákærði getur ekkert sagt um það, hvert ekið var, þegar til Reykjavíkur kom, annað en að ekið hafi verið sem leið liggur að Grettisgötu R2. Ákærði man ekki eftir því, hver átti hugmyndina að fara þangað. Ákærði var spurður um það, hvar hefði verið numið staðar við Grettisgötu 82. Hann kveðst nú ekki geta borið af eigin vitneskju um það, að þangað hafi verið ekið, en hafi felld framburð sinn að því, sem lýst var fyrir honum hinn 12. nóvember 1976. Ákærði man ekki eftir, að hann hafi aðstoðað við að bera líkið úr bifreiðinni niður í kjallarann. Hann man ekki heldur eftir, er hann fór þar inn. Hins vegar telur hann sig ráma í það, þegar hann fór þaðan út. Ákærði man eftir dálítið sérkennilegum tröppum, sem liggja niður í kjallarann. Telur hann sig óljóst muna eftir tveimur miðstöðvarkötlum í kjallaranum. Ákærði treystir sér ekki til að fullyrða um það, hvort hann hafi rekist utan í miðstöðvarkatlana, en katlarnir standi dálítið sérstaklega af sér. Hann átti erfitt með gang í kjallaranum vegna myrkurs, pípulagna og ýmissa aðstæðna. Hann telur sig muna, en áljóst, að hann hafi séð í bakhlutann á þeim Kristjáni Viðari og Sævari Marinó inni í einhverju herbergi í kjallaranum, að ákærða skilst í þvottahúsinu. Ákærði man ekki eftir að hafa séð líkið í kjallaranum, en hann vísar í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu um það, hvað meðákærðu hafi aðhafst.

Var nú lesið úr skýrslu ákærða hjá rannsóknarlögreglu um það, er hann telur sig hafa séð inni í kjallaranum, en þar segir ákærði, að föstudaginn 21. janúar sl. hafi verið farið með sig í kjallarann á Grettisgötu 82 og einnig inn í íbúðina, sem Kristján Viðar bjó í á þessum tíma. Þá hafi rifjast upp fyrir

sér, að hann hafi komið þar aðfaranótt 20. nóvember 1974. Ákærði man ekki til, að hann hafi aðstoðað við að taka líkið úr bifreiðinni eða bera það inn í kjallarann. Þegar ákærði var orðinn einn í bifreiðinni, fór hann út og inn í kjallarann á eftir hinum. Ákærði man eftir að hafa rekið sig utan í miðstöðvarkatlana, sem eru í kjallaranum. Hann kom í dyrnar á þvottahúsinu og sá á bakhluta þeirra Sævars Marinós og Kristjáns Viðars. Þá voru þeir að setja eitthvað utan um líkið, sem lá uppi á bekknum undir glugganum gegnt dyrunum. Ákærði sá líkið ekki greinilega, en það hafi ekki farið á milli mála, að það hafi verið líkið, sem þeir voru að fást við á bekknum. Ákærði var nokkuð viss um, að líkið lá á bakinu á bekknum, og úr dyrunum séð var höfuðið til vinstri, en fætturnir til hægri. Ákærði sá ekki í andlit líksins. Hann minnir, að það, sem breitt var yfir líkið, hafi verið grænt á litinn, en nánari lýsingu á, hvað það var, á hann bággt með að gefa. Ákærði aðstoðaði þá Sævar Marinó og Kristján Viðar ekkert með líkið inni í kjallaranum og varð ekki var við, að það væri fært af bekknum. Ákærði man ekki til að hafa farið upp í íbúðina og heldur, að hann hafi haft viðdvöl þarna mjög stutta stund. Hann fór út bakdyramegin aftur og man þá eftir, að hann gekk á vegginn beint á móti dyrunum. Áttaði hann sig ekki strax á, að tröppurnar voru til hægri. Sævar Marinó fór með ákærða út, og fóru þeir saman í bifreiðinni, en ætlunin var að leggja henni. Ákærði man, að þeir fóru mjög stutt, og minnir, að hann hafi lagt bifreiðinni í porti rétt hjá Úðafossi. Ákærða minnir, að Sævar Marinó hafi gengið með sér eitthvað áleiðis niður á Vatnsstíg, þar sem ákærði tók Fiat bifreiðina og ók heim. Ákærði man, að Sævar Marinó var að tala til hans hughreystingarorðum og sagði, að þetta væri allt í lagi og hann skyldi sjá um það, sem eftir væri. Ákærði man ekki betur en hann hafi látið Sævar Marinó hafa lykllana að bifreiðinni þarna um nóttina, áður en þeir skildu.

Fyrir dómi sagði ákærði, að hann teldi vafasamt, að það væri rétt, sem hann hefur skýrt frá í rannsóknarlögregluskýrslunni, um það, sem hann hafi séð í kjallaranum. Meira kveðst ákærði ekki hafa um þetta að segja. Ákærði kannast ekki við að hafa séð Kristján Viðar taka neina muni af líkinu. Hann man ekki eftir því að hafa farið upp í íbúðina að Grettisgötu 82 eða hvað hann hafði langa viðdvöl þarna, en hann fór út bakdyramegin, eins og áður greinir. Ákærði man eftir að hafa dottið um einhvern vegg, þar sem hann áttaði sig ekki á, að tröppurnar voru til hægri. Ákærði var spurður um, hvort Sævar Marinó eða Kristján Viðar hefðu farið með honum, þegar hann fór á brott. Ákærði man ekki eftir, að Kristján Viðar hafi farið með sér, en þorir ekki að fullyrða með Sævar Marinó. Ákærði veit ekki, hvar hann skildi Volkswagen bifreiðina eftir, en var helst á því, að hann hafi skilið hana eftir við efnalaugina Úðafoss. Ákærði man ekki eftir að hafa ekið Fiat bifreiðinni heim til sín um nóttina, en telur líklegt, að hann hafi ekið henni frá Vatnsstíg að Ásvallagötu 46, þar sem hún stóð við heimili hans morguninn eftir. Ákærði man ekki, hvað varð af lykllum Volkswagen bifreiðarinnar. Hann minnir, að Sævar Marinó hafi verið að tala til sín einhver hughreystingarorð um nóttina og sagt, að þetta væri allt í lagi, hann skyldi sjá um það, sem eftir væri.

Ákærði kveðst hafa farið til vinnu daginn eftir hinn 20. nóvember. Þegar vinnu var lokið kl. 1700, fór hann inn á veitingahúsið Mokka. Sævar Marinó kom þangað. Gekk hann til ákærða og sagði við hann, að nú væri bara að þegja. Sævar Marinó var eitthvað að snúast og settist ekki hjá ákærða. Ákærði síóð upp og fór út. Kom Sævar Marinó á eftir honum. Fór hann að minnast á einhverjar skóflur við ákærða. Spurði hann ákærða, hvort hann mætti taka skóflur, sem væru heima hjá ákærða og ákærði hafði fengið að láni. Aðra skófluna, sem var með löngu skafti og kúptu blaði, hafði ákærði fengið lánaða. Ákærði sá í dóminum skóflu, sem rannsóknarlögreglan lagði hald á. Ákærði gat ekki sagt um, hvort um sömu skóflu væri að ræða, en hún væri sams konar og ákærði fékk lánaða. Hin skóflan var stunguskófla, að ákærða minnir. Ákærði kveður sig einu sinni hafa minnt, að skóflurnar hafi verið í ólæstri geymslu, sem er undir tröppum, en síðar varð hann var við, að þær voru komnar inn í garðinn,

þar sem þær áttu ekki að vera. Ekki sé víst, að Sævar Marinó hafi sett þær þar, heldur að börn hafi getað borið þær til. Ákærði man ekki eftir að hafa afhent Sævari Marinó skóflurnar og ekki heldur að hafa tekið við þeim af honum.

Ákærða var kynnt það, sem Sævar Marinó segir um skóflu þá, sem hann fékk hjá ákærða. Ákærði kannast ekki við það, að Sævar Marinó hafi fengið lánaða hjá honum skóflu, svo sem í framburði Sævars Marinós greinir.

Ákærði neitar að hafa átt nokkurn þátt í að flytja lík Geirfinns Einarssonar frá Grettisgötu 82 og grafa það. Meðákærðu hafi ekki nefnt við sig, hvar líkið sé grafið, svo að hann muni, og kveðst hann ekkert um það vita.

Ákærði kveður það geta verið, að Sævar Marinó hafi einhvern tíma nefnt það við sig að blanda Klúbbmönnum í málið, ef það kæmist upp. Þetta hafi verið í Bankastræti; þegar ákærði var að koma frá veitingastofunni Mokka, og fór Sævar Marinó þá einnig fram á að fá skóflu hjá ákærða. Ákærði man ekki, hvort hann svaraði þessu, en honum fannst hugmyndin fávísleg.

Niðurlag skýrslu ákærða frá 25. janúar var lesið í dóminum. Ákærði tók fram, að breyting sú, sem hann hefði gert á skýrslunni nú, væri árétting þeirra niðurlagsorða, sem þar greinir, en þau eru svohljóðandi:

„Skýrsla sú, sem ég hef hér gefið er rétt eftir því sem ég best man. Mér er ljóst, að frásögnin í þessari skýrslu er ekki ills staðar í fullu samræmi við það, sem ég hef áður sagt í málinu. Þar sem misræmi er, tel ég þessa skýrslu réttari, og það sem ég hefi áður sagt og ekki er rétt, hafi verið vegna rangminnis. Vera má, að mér takist síðar að rifja upp ýmis atriði, sem mér hefur hér ekki tekist að rifja upp enn“.

Ákærða var kynnt upphaf skýrslu Sævars Marinós hjá rannsóknarlögreglu hinn 15. nóvember 1976. Ákærði kveður það rétt, að hann hafi hringt í sig tvisvar 12. desember 1975. Ákærði kannast ekki við að hafa rætt við Sævar Marinó það, er hann greinir frá í skýrslunni. Ekkert hafi verið minnst á Geirfinnsmálið í símtali þessu.

Skýrsla Erlu hjá rannsóknarlögreglu frá 21. nóvember 1976 var lesin í heyranda hljóði. Ákærði kannast ekki við, að Erla hafi nokkurn tíma hringt í sig, og hann hefur aldrei hringt til hennar. Hins vegar kom Erla á heimili ákærða í janúar 1976. >æddi hún þar um ýmis mál, svo sem Guðmundarmálið, póst-ávísanamálið, og einnig nefndi hún lítillaga Geirfinnsmálið: Tveim til þremur dögum seinna hittu ákærði Erlu á veitingahúsinu Tröð og ræddi þar við hana, m. a. allitarlega um Geirfinnsmálið. Sagði hún þá sömu sögu og stóð í dagblöðunum, með nokkrum viðbótum. Eftir þetta kveðst ákærði hvorki hafa heyrt né séð Erlu.

Ákærða var kynntur framburður Sævars Marinós hinn 21. júní sl. um þátttöku ákærða í flutningi á líki Geirfinns Einarssonar hinn 21. nóvember 1974. Ákærði kveður framburð Sævars Marinós alrangan að því er ákærða snertir. Hann hafi engan þátt átt í að flytja lík Geirfinns frá Grettisgötu 82 upp í Rauðhóla og grafa það þar, eins og Sævar Marinó haldi fram.

Samprófun í dómi við ákærða Sævar Marinó fór fram hinn 11. júlí. Lesið var úr framburði ákærða Sævars Marinós um komu hans heim til ákærða Guðjóns að Ásvallagötu 18 (sic) hinn 18. nóvember 1974. Ákærði Guðjón kvaðst vísa í fyrri skýrslu sína, og samræmi náðist ekki um þetta atriði.

Ákærði Guðjón hefur skýrt frá því, að sig minni nokkuð fastlega, að einhver þriðji maður hafi verið með þeim ákærðu Erlu og Sævari Marinó, þegar þau komu að Lambhóli. Ákærði Sævar Marinó kveðst ekki minnst þess.

Í framburði ákærða Guðjóns kemur fram, að ákærði Sævar Marinó hafi haft orð á því á leiðinni til Keflavíkur, að beita þyrfti fullri hörku, ef með þyrfti, og einnig hafi hann talað um að láta manninn hverfa. Ákærði Sævar Marinó kannast við að hafa sagt, að beita þyrfti fullri hörku, en ekki minnst hann þess að hafa haft á orði að láta manninn hverfa.

Ákærði Sævar Marinó kveðst ekki muna, hvor þeirra ákærða Guðjóns hafði miðann, sem Kristján Viðar fékk, áður en hann fór úr bifreiðinni til að hringja í Hafnarbúðinni. Ákærði Guðjón kveðst vísa til fyrri framburðar um þetta atriði.

Ákærði Sævar Marinó telur, að ákærði Guðjón hafi vitað nafn mannsins, áður en komið var til Keflavíkur. Ákærði Guðjón neitar þessu. Af þessu tilefni skýrði ákærði Sævar Marinó frá því, að hann muni hafa nefnt nafn Geirfinns við ákærða Guðjón, þegar þeir ræddu um væntanleg spíraviðskipti í Keflavík heima hjá ákærða Guðjóni hinn 18. nóvember 1974. Ákærði Sævar Marinó kveður rannsóknarlögreglumann hafa sagt sér, hvað ákærði Guðjón hefði sagt um þetta atriði, og þá hafi þetta rifjast betur upp fyrir sér.

Ákærða Guðjóni var kynnt það, sem ákærði Sævar Marinó segir Geirfinn hafa sagt, eftir að komið var í Dráttarbrautina. Ákærði Guðjón kveðst ekki muna eftir þessum orðum Geirfinns.

Lesið var úr framburðum ákærðu um átökin við Geirfinn í Dráttarbrautinni. Kveðst ákærði Sævar Marinó halda fast við framburð sinn. Ákærði Guðjón kveðst engu hafa að bæta við sinn framburð.

Framburðir ákærðu um það, sem gerðist í Dráttarbrautinni, eftir að Geirfinnur var fallinn til jarðar, og eins það, sem gerðist á leiðinni til Reykjavíkur aðfaranótt hins 20. nóvember 1974, voru lesnir í heyrenda hljóði.

Ákærði Sævar Marinó kvað það rétt, sem hann hefur skýrt frá áður í máli þessu um framangreind atriði. Ákærði Guðjón kveðst að svo stöddu engu hafa að bæta við framburð sinn. Ákærði Sævar Marinó kannast ekki við að hafa sagt það við ákærða Guðjón á leiðinni til Reykjavíkur, að hann væri samsekur um morð.

Lesið var úr framburði ákærða Sævar Marinós um flutning á líki Geirfinns frá Grettisgötu 82 upp í Rauðhóla hinn 21. nóvember 1974. Ákærði Sævar Marinó kveðst ekki þora að fullyrða það, hvort ákærði Guðjón hafi þá verið með, en að öðru leyti sé rétt það, sem hann hefur áður greint frá fyrir dómi. Ákærði Guðjón vísaði til fyrri framburðar síns.

Ákærði Sævar Marinó kveðst hafa sagt ákærða Guðjóni; skömmu eftir ferðina til Keflavíkur, að hann hefði sagt Geirfinni, að hann hétí Magnús Leópolðsson. Ákærði Guðjón kveður meðákærða aldrei hafa sagt sér þetta.

Í framburði ákærða Sævars Marinós kemur fram, að ákærði Guðjón hafi gefið í skyn, að heppilegt væri að blanda Klúbbmönnum í málið, þar sem hugsanlegt væri, að Geirfinnur hefði átt viðskipti við Sigurbjörn. Ákærði Guðjón kveðst ekki kannast við þetta og vísar til framburðar síns um þetta.

Ákærði Sævar Marinó tók fram, að þeir ákærði Guðjón hefðu rætt um Geirfinnsmálið sumarið 1975.

Frekari samprófun reyndist árangurslaus.

Ákærði Guðjón kom fyrir dóm hinn 27. september. Kvaðst hann ekkert frekara hafa fram að færa og halda fast við fyrri framburð sinn. Ákærði var samtímis samprófaður við ákærða Kristján Viðar. Lesið var úr framburði ákærða Guðjóns í þinghaldi 12. júlí sl. um átökin við Geirfinn Einarsson. Ákærði Kristján Viðar kvaðst ekkert kannast við þetta, enda hefði hann ekki verið viðstaddur. Að ósk ákærða Kristjáns Viðars var lesinn upp í dóminum framburður ákærða Guðjóns frá 30. júní sl. Í því sambandi óskaði ákærði Kristján Viðar bókað, að Karl Schiitz hefði látið lesa fyrir sér framburði meðákærðu og sagt sér, að þeir væru réttir, uns ákærði hefði fallist á það.

Frekari samprófun var árangurslaus.

G. Skýrsla var tekin af ákærðu, Erlu Bolladóttur, hjá rannsóknarlögreglunni hinn 23. janúar 1976.

Ákærða kvaðst hafa verið stödd að kvöldi dags við samkomuhúsið Klúbbinn í Borgartúni hér í borginni, og var þáverandi sambýlismaður hennar, Sævar Marinó, þar einnig. Á þeim tíma héldu þau Sævar Marinó til ýmist í íbúð, sem þau höfðu á leigu að Hjallavegi 31, eða heima hjá móður Sævars Marinós að Grýtubakka 10. Ákærða man ekki, hvers vegna þau voru stödd saman við Klúbbinn þetta kvöld, en eitt sé hún viss um, að þau hafi ekki verið að skemmta sér. Ákærða veit ekki, hvað klukkan var, en verið var enn að hleypa gestum inn í húsið, svo að klukkan getur ekki hafa verið orðin 2330. Þarna fyrir utan Klúbbinn settust þau Sævar Marinó upp í fólksbifreið, sem ákærðu fannst í fyrstu vera leigubifreið. Ákærða man ekki, hvort maður sat við hlið ökumannsins, en það sé hugsanlegt.

Síðan var ekið af stað, án þess að þau Sævar Marinó segðu neitt til um, hvert halda skyldi, og fannst ákærðu eins og þetta væri allt fyrirfram ákveðið. Ekið var út úr borginni áleiðis til Hafnarfjarðar. Ákærða hugsaði þá ekki neitt sérstaklega um það, hvert væri verið að fara, en ferðinni var heitið til Hafnarfjarðar, þótt hún vissi ekki til, að þau ættu neitt erindi þangað. Þau voru tvö ein í aftursæti bifreiðarinnar, Sævar Marinó sat mjög nálægt hurðinni hægra megin, en ákærða um það bil í miðju sætinu. Ekki var numið staðar í Hafnarfirði, en ekið í gegnum bæinn inn á Reykjanesbraut sunnan við hann og stefnt í átt til Keflavíkur.

A leiðinni til Keflavíkur hélt Sævar Marinó allan tímann í aðra hönd, ákærðu og virtist ekki vilja sleppa henni. Reyndi ákærða oft en einu sinni að draga að sér höndina, en hann sleppti ekki. A leiðinni til Keflavíkur ræddu Sævar Marinó og maðurinn saman, en ekki man ákærða, hvað þeir sögðu orðrétt. Þeir nefndu ekki vein nöfn, en ákærða fékk það fljótlega á tilfinninguna, að það ætti að stytta henni aldur og væri ferðalagið meðal annars farið í þeim tilgangi. Einnig töluðu þeir um, að stytta ætti manni aldur með því að fara með hann út á sjó undir því yfirskini að sækja eitthvað. Nafn þessa manns var ekki nefnt, en talað um, að ökumaðurinn og Einar Bollason, bróðir hennar, hefðu báðir reynt að koma vitinu fyrir manninn með því að bjóða honum peningagreiðslur. Það hefði ekki borið árangur, maðurinn væri bara með „stæla“ og því þyrfti að láta hann hverfa.

Ákærða var ekki íss um tegund bifreiðarinnar, sem þau voru í, en sætin í henni voru mjög mjúk og þægilegt að sitja í þeim. Þá man ákærða eftir því, að hraðamælir bifreiðarinnar var nokkuð sérkennilegur. Var hann kantaður og stóð nokkuð hátt upp úr mælaborðinu framan við ökumanninn. Í mælinum var eins og súla, og steig hún lóðrétt, þegar hraðinn var aukinn. Súlan var græn eða rauð á litinn og efri endi hennar eins og skáskorinn, þannig að hann myndaði odd. Hraðamæli sem þennan

telur ákærða, að hún muni þekkja aftur, ef hún sæi hann. Nánar getur ákærða ekki lýst bifreiðinni með neinni vissu.

Þegar til Keflavíkur kom, var bifreiðin stöðvuð niður undir flæðarmáli. Þar var bryggja og til hliðar við hana skammt frá nokkuð háir klettur eða hamrar í sjó fram. Ákærða getur ekki gert sér grein fyrir, hvaða leið þau óku um Keflavík, áður en þau stöðvuðu á þessum stað. Flæðarmálið til hliðar við bryggjuna var möl eða sandur, en ekki steiptur kantur, eins og venjulega er í höfnum. Ákærða telur sig ekki geta lýst nánar umhverfinu, nema að leiðin að bryggjunni lá dálítið niður í móti, að minnsta kosti var það fyrst í stað á fótinn, er ákærða fór af staðnum rétt á eftir. Þegar bifreiðin hafði verið stöðvuð, fór ökumaðurinn fyrstur út úr henni. Sá ákærða þá fyrst í andlit honum, og var þetta Magnús Leópolðsson, sem er forstjóri eða eitthvað svoleiðis í Klúbbnum. Ákærða var ekki viss um nema hún hafi fyrr á leiðinni verið búin að gera sér grein fyrir, hver ökumaðurinn var. Magnús fór út úr bifreiðinni með þeim ummælum, að Sævar Marinó skyldi gæta ákærðu, og játaði Sævar Marinó því.

Þarna á staðnum voru fyrir aðrar bifreiðar og fleiri menn. Ákærða man fyrir víst eftir rauðri fólksbifreið, sem gæti hafa verið bifreið föður hennar, og hún man eftir stórri sendibifreið, sem stóð á bryggjunni rétt upp undir flæðarmálinu. Þetta var bifreið með sama sniði og Volkswagen sendibifreiðar, svokölluð rúgbrauð, nema miklu stærri. Ákærða heldur, að bifreiðin hafi verið ljós á litinn, en er þó ekki viss um það. Bifreiðin sneri framendanum að landi, og voru framrúðurnar stórar, en hliðarrúðum man hún ekki eftir umfram rúður á móts við framsæti. Ákærðu finnst endilega, að maður hafi verið í bifreiðinni. Þarna var dimmt og því erfitt að greina nákvæmlega nema það, sem skammt var frá. Bátur lá utar við bryggjuna, en ákærða getur ekki gert sér fyllilega grein fyrir, hvernig hann leit út. Heldur hún helst, að þetta hafi verið nokkuð stór trillubátur með stýrishúsi.

Þarna í flæðarmálinu og rétt ofan við það sá ákærða alls 7 menn, það er að segja, þegar þeir Magnús og Sævar Marinó voru báðir komnir út úr bifreiðinni, en Sævar Marinó fór út rétt á eftir Magnúsi. Bifreið sú, sem ákærða kom í, stóð ofan við fjöruna til hliðar við bryggjuna og sneri framenda að henni. Bryggjan var því svolítið á vinstri hönd frá bifreiðinni. Rétt skáhallt framan við bifreiðina til vinstri stóðu þeir Sævar Marinó og Magnús á tali við einhvern þriðja mann, sem ákærða þekkti ekki. Lengra frá og meira til hliðar við bifreiðina var einn maður, sem ákærða bar ekki kennsl á. Þriðja manninn þekkti hún ekki heldur, en hann stóð enn lengra frá bifreiðinni en hinir, í svipaða stefnu og þeir Sævar Marinó, Magnús og sá, sem þeir voru að tala við. Skáhallt framan við bifreiðina í fjörunni til hægri stóð Einar bróðir ákærðu og enn lengra til hægri, en fjær sjávarmálinu, stóð Kristján Viðar Viðarsson. Eftir það, sem ákærða hafði heyrt af samræðunum í bifreiðinni á leiðinni, hafði hún það á tilfinningunni, að það væri Kristján Viðar, sem ætti að sjá um hana, en maðurinn, sem var á tali við þá 1Vagnús og Sævar Marinó, væri sá, sem hefði verið með „stælana“ og ætti að hverfa.

Mennirnir virtust eitthvað uppteknir hver af öðrum eða einhverju og bentu út í loftið. Ákærða varð nú mjög hrædd og fór út úr bifreiðinni. Reyndi hún að gera það þannig, að ekki yrði eftir því tekið. Enginn virtist taka eftir því, að hún var ekki lengur inni í bifreiðinni, eða hafa nokkuð við það að athuga. Ákærða fór nú að fikra sig frá bifreiðinni í átt frá mönnunum og gekk aftur á bak. Þegar hún var komin spölkorn frá þeim, sneri hún sér við og tók til fótanna. Ákærða getur ekki gert sér grein fyrir, hvert hún hljóp, enda hugsaði hún um það eitt að komast sem lengst á brott og fela sig. Fyrst var leiðin aðeins á fótinn, en svo kom hún á jafnsléttu. Fyrir henni varð eitthvert hús, sem var opið, og fór hún þangað inn til þess að leita að felustað. Þarna inni man ákærða, að var eitthvert timburdras,



og faldi hún sig úti í horni. Ákærða getur ekki gert sér ljósa grein fyrir, hvers konar hús þetta var, en þetta gæti hafa verið hús í byggingu eða geymsluhúsnæði. Ákærða veit ekki, hve lengi hún lá þarna í horninu, en það skipti örugglega klukkustundum. Henni leið svo illa, að hún kastaði upp.

Úr þessum felustað fór hún ekki, fyrr en hún varð þess vör, að einhver umferð var byrjuð. Hún getur ekki gert sér grein fyrir, í hvaða átt hún gekk, en henni tókst að stöðva bifreið, sem henni fannst koma úr suðurátt, og var það á malarvegi. Þetta var Moskvitch fólksbifreið af eldri gerð, og var ökumaðurinn fullorðinn maður. Hann var ræðinn, og skildist ákærðu á honum, að hann væri Vestmannaeyingur, sem hefði flust til fastalandsins eftir eldgosíð í Eyjum. Ákærða man ekki nákvæmlega, hvaða skýringu hún gaf manningnum á ferðum sínum eða hvort hún gaf honum skýringu yfirleitt. Þó minnir hana, að hún hafi talað um, að hún starfaði í frystihúsi í Grindavík. Hvernig sem það var, þá fór hún úr bifreiðinni við vegamót Reykjanesbrautar og Grindavíkurveggar. Þar stöðvaði hún stóra vöruflutningabifreið, sem var á leið til Reykjavíkur eða Hafnarfjarðar, að minnsta kosti fékk hún far með þessari bifreið til Hafnarfjarðar, en þaðan tók hún almenningsvagn hingað til borgarinnar. Þegar þangað kom, fór hún heim í íbúð þeirra við Hjallaveg og dvaldist þar um daginn. Sævar Marinó kom heim einhvern tíma síðari hluta dagsins eða um kvöldið. Hann vildi fá að vita, hvar ákærða hefði verið og hvert hún hefði farið. Talaði hann eitthvað um, að ákærða hefði ekki verið heima, þegar hann kom. Ákærða man ekki, hverju hún svaraði honum.

Næsta dag eða þar næsta man ákærða eftir því, að farið var að lýsa eftir Geirfinni Einarssyni, sem horfið hafði í Keflavík. Fyrst í stað setti hún hvarf hans ekki í samband við ferð sína til Keflavíkur, en þegar hún fór að hugsa málið betur, komst hún að þeirri niðurstöðu, að Geirfinnur mundi vera maður sá, sem átti að láta hverfa. Ákærða þekkti hann þó ekki af myndum, sem birtust af honum í fjölmiðlum, sem neinn þeirra manna, sem hún hafði séð niðri við sjóinn í Keflavík. Hitt sé annað, að hann gæti samt sem áður vel hafa verið einn þeirra, þótt hún þekkti hann ekki aftur á mynd, vegna þess hve dimmt var á staðnum. Aldrei töluðu þau Sævar Marinó beinlínis um þessa ferð til Keflavíkur eða hvað þar hefði gerst, en ákærða man eftir því, að Sævar Marinó talaði oft um það, að svona færi fyrir mönnum, sem væru með „stæla“ eða væru að skipta sér af því, sem þeim kæmi ekki við, og átti þar við hvarf Geirfinns.

Um hálfum mánuði eftir ferðina til Keflavíkur fór ákærða til Kaupmannahafnar, og kom Sævar Marinó þangað um 10 dögum síðar. Ákærða var hreinlega orðin svo hrædd, því að hún hafði það einhvern veginn á tilfinningunni, að einhver vildi ryðja sér úr vegi. Hafði henni þó ekki verið hótáð neinu.

Hinn 3. febrúar mætti ákærða aftur til skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglu. Ákærða endurtók sögu sína um bifreiðina, sem þau Sævar Marinó hefðu farið upp í við veitingahúsið Klúbbinn. Hún kvaðst muna, að Magnús Leópoldsson hefði setið undir stýri bifreiðarinnar. Hann hafi ekið þeim niður í bæ og stöðvað bifreiðina á Vatnsstíg. Ákærða þekkir Vatnsstígin frá öðrum götum. Til merkis um það sé það, að Sævar Marinó hafði sýnt henni hús heildverslunar við götuna, sem hann sagði, að verslaði með skotfæri, og hafði því til áréttingar sýnt henni gegnum glugga kassa, sem hann sagði, að skotfæri væru í. Þar sem ákærða vissi ekki um tilgang ferðalagsins í bifreiðinni, datt henni í fyrstu í hug, að verið væri að ná í skotfæri hjá heildversluninni. Þegar bifreiðin hafði rétt verið stöðvuð, kom Kristján Viðar aftan að henni og settist í aftursætið við vinstri hurðina.

Ákærða kveðst muna, að næst var ekið meðfram sjónum að nokkru og að ekið var um Framnesveg, en þá götu þekkir hún vel. Þjó hún þar eitt sinn, og einnig þekkir hún fólk, sem býr við götuna. Ákærða man ekki, hvort verið var að sækja einhvern á Framnesveg, en telur, að svo geti vel hafa

verið. Að minnsta kosti þykir henni líklegt, að einhver hafi setið við hlið bifreiðarstjórans og það hafi verið einhver annar en Sævar Marínó eða Kristján Viðar.

Ákærða hefur þegar skýrt frá því, sem hún heyrði á tal þeirra Sævars Marínós og Magnúsar á leiðinni, en ferðin hafi endað eins og hún hefur áður skýrt frá.

Ákærða kveðst hafa farið í fylgd rannsóknarlögreglumanna til Keflavíkur og skoðað þar staðhætti. Hafi hún þar þekkt aftur staðinn, þar sem hún sá mennina og vélbáturinn var við bryggju. Ákærðu var tjáð, að þar væri um að ræða Dráttarbrautina í Keflavík.

Ákærða man eftir, að vélbáturinn, sem lá bundinn við bryggjuna, var frekar lítill, en aðra lýsingu á honum gat hún ekki gefið. Ákærða man ekki eftir því að hafa farið í sjóferð með þessum báti. Varðandi þá menn, sem þarna voru saman komnir, beri fyrst að telja Magnús Leópoldsson og þá Sævar Marínó og Kristján Viðar. Ákærða kveðst muna, að Sævar Marínó var klæddur svörtum leðurjakka, en eftir klæðnaði Kristjáns Viðars man hún ekki. Ákærða man vel, að Magnús var í jakka úr leðurlíki, með laust hangandi belti um mittið, en ákærða man ekki eftir litnum á jakka hann. Ákærðu minnir, að Magnús hafi verið með höfuðfat, en er ekki alveg viss um það. Ákærða man eftir Einari bróður sínum, og einnig heldur hún, að Valdimar Olsen hafi verið þarna. Eitt sameiginlegt hafi þeir menn átt, sem þarna voru saman komnir, þeir hafi allir verið með hanska á höndum.

Ákærðu voru sýndar ljósmyndir af nokkrum karlmönnum, og kvaðst hún þekkja þar m. a. eina mynd af karlmanni, sem hún var viss um, að hafi verið staddur þarna á bryggjunni. Ákærðu var tjáð, að þetta væri ljósmynd af Geirfinni Einarssyni. Um klæðnað manns þessa kveðst hún ekki geta sagt, en henni fannst maðurinn vera frekar „sveitalegur“. Þá man ákærða eftir manni þarna, sem var eldri en hinir, og gæti hún látið sér detta í hug fimmtugsaldurinn. Ákærða hefur séð hjá rannsóknarlögreglunni mynd, sem henni var tjáð, að væri af Sigurbirni Eiríkssyni veitingamanni. Sýndist henni þar geta verið um sama mann að ræða, en vill ekki fullyrða um það að svo stöddu. Þá vill ákærða geta þess, að hún hafi þekkt ljósmynd af nafngreindum manni, og minnir endilega, að hann hafi verið viðstaddur. Dettur henni í því sambandi í hug, að hann hafi komið inn í bifreiðina á Framnesvegi. Hún þekkir mann þennan og vissi til, að hann bjó um tíma hjá Valdimar Olsen á Framnesvegi.

Hinn 10. febrúar kom ákærða til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni og voru þá sýndar ljósmyndir af 16 mönnum, sem rannsóknarlögreglan taldi hugsanlegt, að hefðu verið viðriðnir atburðina við Dráttarbraut Keflavíkur og bátsferð hinn 19. nóvember 1974. Ákærða kvaðst þekkja eða kannast við 9 af þeim mönnum, sem henni voru sýndar ljósmyndir af. Hún kvaðst þekkja myndir af þeim Magnúsi Leópoldssyni, Einari Bollasyni, Sigurbirni Eiríkssyni og Geirfinni Einarssyni. Allir þessir menn hafi örugglega verið staddir í Dráttarbraut Keflavíkur umrætt kvöld, en hún geti ekki sagt um með vissu, hver þeirra hafi farið um borð í bátinn. Þá kvaðst ákærða þekkja myndir af Valdimar Olsen og tveimur nafngreindum mönnum og kannast við mynd af manni, sem henni var sagt, hver væri.

Ákærða var samprófuð hjá lögreglu við Einar Bollason hinn 3. mars. Sögðust þau bæði halda fast við fyrri framburði sína í máli þessu.

Hinn 30. mars var ákærða yfirheyrð í dómi hjá Erni Höskuldssyni fulltrúa, og var framburður hennar á þessa leið:

„Vitnið skýrir sjálfstætt frá málsatvikum greint sinn. Vitnið kveðst hafa farið til Keflavíkur, skömmu áður en það fór til Kaupmannahafnar veturinn 1974, en það var í byrjun desember. Fór vitnið í ferð þessa með sambýlismanni sínum, Sævari Marinó Ciesielski, og var lagt upp frá veitingahúsinu Klúbbnum hér í borg. Var ekið eitthvað um borgina, m, a. niður Laugaveg og austur Hringbraut, en síðan í átt til Hafnarfjarðar. Þar var ekið í gegnum Hafnarfjörð og inn á Reykjanesbraut fyrir sunnan afleggjarann að Sædýrasafninu. Magnús Leópoldsson ók bifreiðinni. Ekið var rakleiðis til Keflavíkur og þar niður í fjöru. Vitnið segir, að auk þeirra vitnisins, Sævars og Magnúsar hafi Kristján Viðar Viðarsson verið í bifreiðinni til Keflavíkur. Kveðst vitnið gera sér óljósa hugmynd um, að Kristján Viðar hafi komið inn í bílinn á Vatnsstíg. Er staðnæmst hafði verið í fjörunni í Keflavík, fóru Magnús og Kristján Viðar út úr bílnum, Sævar sat eftir. Stuttu seinna fór Sævar út úr bifreiðinni líka. Vitnið kveðst þá hafa læðst út úr bifreiðinni og staðnæmst svolitla stund fyrir utan bifreiðina, áður en það læddist í burtu. Vitnið faldi sig inni í mannláusu húsi, þar til það varð vart mannaferða, en þá fór vitnið úr felustað sínum og fékk far með bifreiðum til Hafnarfjarðar. Vitnið segir, að á leiðinni til Keflavíkur hafi verið rætt um erfiðleika í sambandi við einhvern mann, sem léti sér ekki segjast og væri ekki nothæfur. Hefði Magnús verið búinn að tala við hann og Einar líka, en án árangurs. Vitnið kveðst hafa skynjað á tali þeirra Magnúsar og Sævars á leiðinni, að eitthvað alvarlegt stæði til. Vitnið segir, að Kristján Viðar hafi ekki tekið þátt í samræðunum.

Í fjörunni kveðst vitnið hafa séð Einar Bollason. Vitnið man ekki, hvernig hann var klæddur. Þá sá vitnið þá Magnús og Sævar á tali við mann, sem vitnið man ekki, hvernig var klæddur, en fannst hann sveitamannslegur í klæðaburði. Vitnið segir, að sér hafi fundist maður sá vera Geirfinnur Einarsson, en vitnið sá mynd hans meðal annarra mynda hjá rannsóknarlögreglu. Vitnið segist hafa séð tvo menn aðra. Hafi annar verið áberandi stór, og minnir vitnið, að hann hafi verið að reykja vindil. Vitnið segir, að sá maður geti verið Sigurbjörn Eiríksson, en vitnið segir, að það hafi séð mynd hans í myndabunka hjá rannsóknarlögreglu. Þá man vitnið eftir einum manni enn, sem þarna var staddur, og var hann með ljóst hrokkið hár. Vitnið segir, að einhverjir fleiri menn muni hafa verið staddir þarna umrætt sinn. Vitnið kveðst ekki muna eftir að hafa séð Valdimar Olsen þarna á vettvangi.

Vitnið kveðst ekki muna, hver tildrög þessarar ferðar voru að öðru leyti en því, að vitnið átti að hitta Sævar við Klúbbinn. Vitnið kveðst ekki hafa vitað, til hvers Sævar vildi hitta það þarna, en þegar vitnið kom þangað; lét Sævar vitnið setjast inn í bifreið. Vitnið sá fljótlega, að þetta var ekki leigubifreið. Vitnið segir, að bifreiðin hafi verið af gerðinni Mercedes Benz. Vitnið segist ekki hafa orðið neitt hissa, þó það hafi átt að hitta Sævar við Klúbbinn. Segir vitnið, að Sævar hafi oft átt erindi að Klúbbnum. Ekki kveðst vitnið vita til þess, að Sævar hafi oft farið inn í húsið, en hann hafi, eins og Sævar hafi orðað það, ýmist verið að „tækka á málunum“ eða „redda málunum“.

Vitnið kveðst hafa gert sér fljótlega grein fyrir því, hvað um hafi verið að vera, þegar lýst var eftir Geirfinni Einarssyni í fjölmiðlum eftir þetta. Vitnið kveðst þó ekki hafa farið til lögreglunnar vegna þess, að þegar Sævar og hans félagar væru annars vegar, þá hafi slíkt ekki komið til mála.

Vitnið kveðst muna eftir bát, sem lá við bryggju þarna. Vitnið segir, að bryggjan hafi verið úr tré. Vitnið segist ekki muna örugglega eftir að hafa farið á sjó umrætt sinn, en kveðst þó muna nokkra punkta, sem til þess gætu bent. Kveðst vitnið muna eftir að hafa séð klett, sem þarna er rétt hjá, af sjó. Einnig kveðst vitnið muna eftir að hafa heyrt skvamp og muna eftir yfirborði sjávar. Þá kveðst vitnið muna eftir að hafa séð gárur, eftir að einhverju hafði verið hent í sjóinn.

Vitnið segir, að það hafi farið með Moskwitch bifreið úr Keflavík að Grindavíkurfleggjara. Vitnið kveðst ekki geta skýrt það fyllilega, hvers vegna það fór ekki lengra með þessum lama bíl, en telur, að það hafi verið að villa um fyrir bílstjóranum.

Vitnið segir, að í fjörunni hafi það séð a. m. k. tvær bifreiðar. Var önnur rauð bifreið, sem vitnið getur ekki lýst nánar, en hin var stór sendiferðabifreið með stórum framrúðum og engri vélarhlíf. Í þeirri bifreið sat maður.

Vitnið segir um samband sitt við bróður sinn Einar, að alltaf hafi verið nokkurs konar rígur milli móður hennar og þeirra bræðranna Einars og Bolla. Einar hafi þó iðulega komið í heimsókn, en farið að fækka heimsóknum sínum, þegar þau komust á legg, og nærri því hætt þeim alveg, stuttu áður en foreldrar hennar skildu árið 1970. Hálfu ári síðar flutti vitnið til föður síns, og fór þá Einar aftur að venja komur sínar á heimilið. Vitninu og Einari kom ágætlega saman framan af, eða þar til faðir þeirra keypti hús í Hafnarfirði eftir ráðleggingu Einars, en vitnið vildi ekki flytja til Hafnarfjarðar með föður sínum. Þá fór vitnið að heyra það hjá systur sínum eftir Einari, að vitnið væri latt að hjálpa föður sínum og væri vont við hann. Faðir vitnisins veiktist í nóvember 1973. Skömmu áður hafði vitnið flutt til hans. Segir vitnið, að þá hafi viðmót Einars breyst og þá hafi honum verið orðið illa við sig. Segir vitnið, að Einar hafi fyrst um sinn komið í veg fyrir, að það gæti heimsótt föður sinn á sjúkrahúsið. Vitnið segist hafa reiðst við Einar, en þó hvorki sagt neitt né gert neitt. Segir vitnið, að samband þeirra Einars hafi verið það sama eftir þetta, en nokkur atvik hafi orðið til þess að viðhalda þessu stirða sambandi þeirra systkina. Vitnið segir, að þau Einar hafi þó aðeins rífast tvisvar. Í annað skiptið eftir að Einar hafði látið setja nýja skrá í útidyrhurðina á íbúð vitnisins, svo að vitnið kæmist ekki inn. Vitnið segist þá hafa hringt í Einar og hafi hann þá hellt yfir sig skömmum. Segir vitnið, að þessari deilu hafi lyktað svo, að Einar hafi látið skilja lykil eftir í skránni. Í hitt skiptið var tilefnið það, að faðir vitnisins hafði sagt Einari, að hann vildi búa hjá vitninu.

Vitnið kveðst ekki hafa orðið hissa við að sjá Einar á vettvangi í Keflavík umrætt kvöld. Nánar aðspurt um tegund þeirrar bifreiðar, sem vitnið fékk far með frá Keflavík að Grindavíkurfleggjara, segir vitnið, að mágur föður síns, Ingimundur Magnússon, hafi átt eins bíl fyrir nokkrum árum.

Skýrsla vitnisins hjá rannsóknarlögreglu frá 23. janúar 1976 (á dskj. nr. 1) er lesin fyrir það. Vitnið kveður rétt eftir sér haft í skýrslunni. Vitnið vill þó taka fram, að ekki hafi verið ekið beint til Hafnarfjarðar, heldur hafi eitthvað verið ekið hér um borgina áður. Þá segir vitnið, að auk þeirra Sævars og Magnúsar Leópoldssonar hafi Kristján Viðar Viðarsson verið með í bifreiðinni.

Vitnið staðfestir undirskrift sína.

Fyrir vitnið er lesin skýrsla þess hjá rannsóknarlögreglu frá 3. febrúar 1976 (á dskj. nr. 1). Vitnið kveður rétt eftir sér haft í skýrslunni. Vitnið kveðst þó ekki geta fullyrt, að Valdimar Olsen hafi verið staddur við Dráttarbraut Keflavíkur umrætt sinn, og ekki heldur geta fullyrt, hvort einhver sat í framsæti bifreiðarinnar á leiðinni suður eftir.

Vitnið staðfestir undirskrift sína undir skýrsluna.

Fyrir vitnið er lesin skýrsla þess hjá rannsóknarlögreglu frá 10. febrúar 1976 (á dskj. nr. 1). Vitnið kveður rétt eftir sér haft í skýrslunni og staðfestir undirskrift sína".

Ákærða var samprófuð í dómi við Einar Bollason hinn 7. apríl. Er framburður hennar á þessa leið:

„Vitninu Erlu er bent á, að ósamræmi sé milli framburða hennar og kærða Einars Bollasonar, fyrst og fremst um nærveru hans í Dráttarbraut Keflavíkur umrætt sinn.

Vitnið segist nú ekki vita það, hvort Einar hafi verið þar staddur. Kveðst vitnið vera í vafa um það, hvort það hafi þekkt hann rétt á sínum tíma í Dráttarbraut Keflavíkur, en vitnið segir, að á milli þeirra hafi verið 5--6 metrar og dimmt hafi verið. Vitnið segir, að er það var samprófað við kærða Einar Bollason hjá rannsóknarlögreglunni 3. mars s.l., hafi það verið í vafa um það, að það væri Einar Bollason, sem verið væri að samprófa vitnið við. Vitnið segir aðspurt, að það hafi ekki verið visst um, að um Einar væri að ræða, fyrr en það sá hann skrifa nafn sitt undir skýrslu rannsóknarlögreglunnar, en vitnið kveðst þekkja rithönd Einars. Vitnið segir aðspurt, að þá hafi fjarlægð milli þeirra Einars verið 2.-3 metrar. Vitnið kveðst aðspurt hafa verið í vafa í umrætt sinn, þrátt fyrir að það hafi heyrt rödd Einars".

Einar Bollason vék úr þinghaldinu.

„Vitnið er spurt, hvort nærvera Einars Bollasonar valdi því, að það er nú í vafa um, að hann hafi verið staddur í Dráttarbraut Keflavíkur umrætt kvöld og hvort nærvera hans hafi verið vitninu óþægileg og truflandi. Vitnið segir, að sér hafi fundist nærvera Einars þvingandi, en kveðst samt enn þá í vafa um, að hann hafi verið staddur í Dráttarbraut Keflavíkur umrætt sinn. Segir vitnið, að það sé óneitanlega allt annað að sitja hér ein. Vitnið segir aðspurt, að það muni ekki til þess, að nokkur hafi sagt sér, að Einar hafi verið staddur þarna umrætt sinn. Vitnið kveðst aðspurt vera visst um, að í Dráttarbraut Keflavíkur hafi verið staddir umrætt sinn þeir Magnús Leópoldsson, Sævar Marinó Ciesielski, Kristján Viðar Viðarsson og Geirfinnur Einarsson. Vitnið segir aðspurt, að enginn hafi rætt við sig um för þessa eftir á nema Sævar. Hann hafi rætt förina, en ekki atburðina, sem -þá .gerðust. Vitnið segir, að ekkert hafi verið um það rætt, hvað þau ættu að segja, ef þau yrðu spurð. Vitnið segir aðspurt, að það muni ekki, hvort það hafi verið undir áhrifum fíkniefna þetta kvöld, en þó geti það verið. Vitnið kveðst ekki hafa neytt fíkniefna mikið á þessum tíma. Vitnið kveðst aðspurt ekki muna eftir að hafa .komið oft til Keflavíkur þetta haust en þetta eina sinn, sem um er rætt. Vitnið kveðst þó einu sinni hafa farið með Sævari upp á Keflavíkurflugvöll einhverra erinda.

Vitnið segir aðspurt, að eitt sinn, er það hafi verið í baði í fangelsinu í Síðumúla í gæsluvarðhaldi, þá hafi Sævar komið á hurðina og kallað til vitninsins: „Segðu ekki neitt". Vitnið segir, að Sævar hafi svo endurtekið þessi orð og vitnið svarað neitandi og hafi þeim ekki farið fleira á milli síðan þá.

Vitnið segir aðspurt, að það viti ekki, hvort hugsanlegt sé, að förin til Keflavíkur hafi verið farin í þeim tilgangi að ná í fíkniefni".

Hinn 4. maí var ákærða yfirheyrð hjá rannsóknarlögreglu. Ákærða endurtók fyrri frásögn um ferðina frá veitingahúsinu Klúbbnum að Vatnsstíg. Ákærða var umrætt sinn klædd í bláa kápu, nokkuð víða með belt, síðbuxur og svarta þykka peysu. Á Vatnsstíg kom Kristján Viðar í bifreiðina, og finnst ákærðu eins og hann hafi beðið komu þeirra. Ákærða man síðan ekki eftir ökuferðinni, fyrr en þau voru stödd mjög vestarlega á Hringbraut. Ákærða getur ekki gert sér fulla grein fyrir, hvaða erindi þau áttu þar, en sér finnst mjög sennilegt, að þau hafi farið til þeirra systkina Valdimars Olsen og Huldu Waddel. Þegar þau voru á leið um Hringbrautina, hafði ákærða gert sér ljóst, að þau voru ekki í leigubifreið, heldur að Magnús Leópoldsson var ökumaður bifreiðarinnar. Ákærða gat ekki gert sér fulla grein fyrir, hvort einhver hafi setið í farþegasætinu við hlið hans. Ekið var austur Hringbraut, og man ákærða, að á akbrautina gljádi eins og af bleytu eða hálfu. Myrkur var og kalt í veðri. Ákærða

man lítið eftir samræðum í bifreiðinni, nema að Kristján Viðar sagði eitthvað, þegar hann kom inn í hana. Ekið var suður á Reykjanesbraut og hana til suðurs. Þegar komið var suður fyrir Hafnarfjörð, var farið að tala saman, og voru það þeir Sævar Marinó og Magnús, sem töluðu. Þeir ræddu um einhvern mann, sem væri til vandræða og með „stæla“. Þeir voru auðheyrilega með eitthvað undirbúið og töluðu um að eiga ekki annars kost en gera það, sem búið væri að ákveða. Ákærðu skildist, að það væru aðallega hagsmunir Magnúsar, sem væru í veði varðandi þennan mann. Henni fannst sem Sævar Marinó ætti að vera til aðstoðar, en ætti ekki beinna hagsmuna að gæta. Magnús sagði, að ekki væri neinu tauti við mann þennan komandi. Þeir Einar væru búnir að reyna við hann án árangurs. Ákærða áttaði sig ekki á því þá, um hvaða Einar var verið að tala. Frekar man ákærða ekki eftir ökuferðinni eða hvað var rætt í bifreiðinni.

Þegar komið var til Keflavíkur, var ekið niður í móti, og sjávarmál var fram undan. Dimmt var á svæðinu fram undan og lýsing léleg, en ákærða sá, að eitthvað af mönnum var þarna fyrir. Magnús og Kristján Viðar fóru út úr bifreiðinni, en þau ákærða og Sævar Marinó sátu kyrr um stund, en svo fór Sævar Marinó einnig út. Ákærða fylgdist með því í gegnum framrúðu bifreiðarinnar, að Magnús og Sævar Marinó voru að tala við einhvern mann, sem hún þekkti ekki. Ákærða fór svo sjálf út úr bifreiðinni, en lokaði dyrunum ekki á eftir sér. Þegar þeir Kristján Viðar og Magnús fóru út úr bifreiðinni, sagði Magnús við Sævar Marinó, að hann skyldi gæta ákærðu. Þegar ákærða var komin út úr bifreiðinni, stóð Kristján Viðar rétt hjá henni, og sá ákærða nú Einar bróður sinn þarna skammt frá. Ákærðu fannst maður sá, sem þeir Magnús og Sævar Marinó voru að tala við, vera á einhvern hátt „sveitalegur“ í útliti og ekki eiga heima í þessum félagsskap. Maðurinn virtist ekki sammála þeim Magnúsi og Sævari Marinó, en ákærða heyrði ekki, um hvað þeir töluðu. Þeir voru með eitthvert handapat og bentu niður að sjónum. Þegar hér var komið, finnst ákærðu eins og hún hafi verið ein um stund og síðan hafi hún verið komin hinum megin við bifreiðina. Þar skammt frá stóðu tveir menn. Var annar nokkuð stór og þrekinn með vindil í munninum. Hinn var með hrokkið og fremur ljóst hár. Næst man ákærða það, að Sævar Marinó fór að tala við hana og rétti henni eitthvert þungt áhald, sem ákærða átti að nota á manninn, sem þeir Sævar Marinó og Magnús höfðu verið að tala við í upphafi. Ákærða man ekki, hvernig þetta áhald leit út, en Sævar Marinó var að útskýra fyrir ákærðu, hvernig hún ætti að nota það og hvernig hún skyldi halda á því. Eins sýndi hann ákærðu, hvernig hún ætti að miða þessu áhaldi á manninn. Ákærða telur, að þetta áhald hafi verið ríffill. Þegar hér var komið, var maðurinn orðinn í einhverju slæmu ástandi, eins og þjarmað hefði verið að honum. Hvernig það gerðist, getur ákærða ekki munað, að minnsta kosti ekki að svo stöddu. Maðurinn stóð ekki uppréttur, og virtist ákærðu hann vera eitthvað máttlaus. Sævar Marinó setti ríffilinn í hendurnar á ákærðu og stóð svo hjá henni. Ákærða miðaði ríffilinum á manninn, eins og Sævar Marinó hafði lagt fyrir hana, og hleypti af. Ríffillinn tók kipp í höndunum á ákærðu, og riðaði hún við, en Sævar Marinó varði hana falli. Um leið og ákærða hleypti af, lokaði hún augunum. Ákærða var svo nálægt manninum, að hún sá greinilega svip hans. Hann virtist gera sér grein fyrir, hvað væri að gerast, og var skelfing í svip hans og augnaráði. Ákærða man ekki, hvort maðurinn féll við, en Sævar Marinó tók strax af henni ríffilinn. Ákærðu tókst síðan að læðast í burtu og leynast í mannlausa húsinu, sem var þarna ekki langt frá.

Ákærða kom fyrir dóm sama dag og staðfesti framangreinda skýrslu. Var hún úrskurðuð í allt að 60 daga varðhald.

Hinn 28. maí var ákærða yfirheyrð um kynni hennar og Sævars Marinós af Guðjóni Skarphéðinssyni. Aðalatriði þeirrar yfirheyrslu eru sem hér greinir:

Ákærða kveðst fyrst hafa séð Guðjón í nóvember 1973, þegar hann og eiginkona hans komu í heimsókn til Rafns Guðmundssonar að Lambhóli við Starhaga, en ákærða og Sævar Marinó voru þar þá stödd. Í næsta skipti, sem ákærða man eftir að hafa séð Guðjón, var í júní eða júlí 1974, þegar hann kom ásamt bróður sínum inn í Álfheima til að sækja Sævar Marinó í veiðiferð. Ákærða vissi, að kynni höfðu verið með þeim Sævari Marinó og Guðjóni, áður en hún kynntist Sævari Marinó. Héldust kynni þeirra, frá því hún sá Guðjón fyrst, þar til hún sá hann í Álfheimum. Talaði Sævar Marinó í síma við Guðjón og sagðist oft vera að koma frá honum.

Nokkru eftir veiðiferðina hringdi Guðjón til ákærðu og spurði um Sævar Marinó. Sævar Marinó var ekki heima. Kom Guðjón heim til ákærðu í framhaldi af símtalinu og ætlaði að óíða eftir Sævari Marinó. Hann hafði þar skamma viðdvöl og hélt á brott. Þegar Sævar Marinó kom, skýrði ákærða honum frá komu Guðjóns, og hringdi Sævar Marinó til hans. Þeir töluðu lengi saman, en ákærða gat ekkert samhengi fengið út úr samtali þeirra, sem taut að einhverjum viðskiptum.

Ákærða minnst þess, að á meðan hún bjó í Álfheimum, þ. e. frá 1. mars til 5. ágúst árið 1974, hafi Sævar Marinó farið með Guðjóni í samkvæmi suður í Kópavog eða Hafnarfjörð.

Í október sama ár ók ákærða Sævari Marinó nokkrum sinnum að Rauðalæk, þar sem Guðjón bjó. Fór Sævar Marinó inn til að tala við hann. Hann tók ákærðu aldrei inn með sér, heldur lét hana bíða langtímum saman úti í bifreiðinni, meðan hann dvaldist inni. Þegar ákærða innti hann eftir því, hvað þeir hefðu verið að ræða um svo lengi, svaraði ákærði því einungis, að þeir væru að „ræða málin“.

Í nóvember 1974, þegar ákærða var með Sævari Marinó að leita að jeppabifreið, fóru þau inn á bílaleiguna Geysi við Laugaveg í því skyni að taka bifreið á leigu. Sævar Marinó kannaðist við mann þann, sem afgreiddi þau, og minnti hann á, að hann hefði fengið áður hjá honum bifreið ásamt Guðjóni. Maðurinn virtist kannast við nafn Guðjóns. Mundi hann eftir því, að þeir hefðu komið þarna saman. Sagðist hann kannast við fólk Guðjóns og spurði Sævar Marinó, hvort hann væri skyldur Guðjóni. Ákærða ók Sævari Marinó heim til Guðjóns vestur á Ásvallagötu á bifreið frá bílaleigunni. Fór Sævar Marinó inn til Guðjóns, og beið ákærða lengi í bifreiðinni, á meðan hann var inni hjá honum.

Nokkrum dögum síðar keyptu þau Land Rover bifreið. Fóru þau að kvöldi þess dags heim til Guðjóns á bifreiðinni. Sævar Marinó fór inn til Guðjóns, og beið ákærða, uns þeir komu út til að skoða bifreiðina. Síðan fóru þeir inn aftur, og beið ákærða lengi, uns þeir komu. Settust þeir þá inn í bifreiðina, og ók ákærða af stað. Er henni minnisstætt, að Guðjón ávarpaði hana „kerlingu“. Guðjón fékk að reyna bifreiðina í akstri, en síðan var haldið heim til hans. Eftir þetta ók ákærða Sævari Marinó næstum daglega til að hitta Guðjón, ýmist heim til hans eða á veitingastaðinn Mokka.

Áður en bifreiðin kom til sögunnar, fór Sævar Marinó ferða sinna án ákærðu, en hringdi stundum til að láta hana vita af sér. Sagðist hann oftast vera með Guðjóni, og þegar ákærða spurði, hvað þeir aðhefðust, sagði hann yfirleitt, að þeir væru að „útrétta“, „redda málunum“ eða „tékka á málunum“.

Um það leyti sem Geirfinnsmálsins var fyrst getið í fjölmiðlum, minnst ákærða þess að hafa heyrt á tal þeirra Guðjóns og Sævars Marinós á heimili Guðjóns. Ræddu þeir um Geirfinnsmálið í þeim dúr, að það væri nú meira, hvað neðanjarðarhreyfingin, „undergroundið“, væri orðið framtakssamt og áberandi. Seinna minntust þeir aftur á Geirfinnsmálið í sambandi við líkfund á Seltjarnarnesi, og annar hvor þeirra talaði um, hvort þarna væri „annar Geirfinnur“.

Þegar þau Sævar Marinó voru stödd í Kaupmannahöfn árið 1975, hringdi Sævar Marinó „collect“, sennilega í febrúar, til Íslands til Guðjóns til að spyrja hann um ástandið og hvernig málin stæðu. Hann fékk þau svör hjá Guðjóni, að því er ákærðu skildist, að honum væri alls ekki ráðlegt að koma til Íslands. Ástæðan fyrir því, að Sævar Marinó hringdi, var meðal annars sú, að ákærða vildi fara heim. Sævar Marinó var ákveðinn eftir samtal sitt við Guðjón að fara alls ekki til Íslands þrátt fyrir mjög bágborið ástand þeirra í Kaupmannahöfn. Þrábað hann ákærðu að vera kyrra, og gerði ákærða það fyrst í stað.

Eftir að ákærða kom heim til Íslands ein síns liðs, hitti hún Guðjón á Mokka. Hann spurði hana, hvort Sævar Marinó hefði „flunkað“ öllu ytra. Ákærða vissi ekki, hverju svara skyldi, þar sem hún vissi ekki, við hvað hann átti. Síðan spurði hann, hvort ákærða ætti von á Sævari Marinó heim og hvenær.

Þegar Sævar Marinó kom heim, hélt hann áfram sambandi sínu við Guðjón eins og áður og fór ávallt til hans, án þess að ákærða væri með.

Í júní 1975 fluttist ákærða á Grundarstíg. Fór Sævar Marinó ekki með henni, enda höfðu þau ekki búið saman í fimm vikur. Fyrstu dagana eftir að ákærða kom þangað, hringdi Guðjón til hennar og spurði hana m. a., hvort hann ætti að skila kveðju frá henni til Sævars Marinós. Í júlí 1975 fór Sævar Marinó að venja komur sínar til ákærðu á Grundarstíg. Á þeim tíma var náði samband milli þeirra Sævars Marinós og Guðjóns. Þeir fóru saman í veiðiferðir og á skemmtistaði og höfðu „nokkuð sameiginlegan fjárhag“. Þeir tóku lán hjá sama manni, en sitt í hvoru lagi.

Í janúar 1976 heimsótti ákærða Guðjón og konu hans að Grettisgötu 31 A, en þá hafði hún ekkert heyrt frá honum síðan fyrri hluta desember. Hann spurði mikið, en ákærða sagði honum frá máli því, sem upplýst hafði varðandi hvarf Guðmundar Einarsonar.

Skömmu síðar, eftir að farið var að skýra frá rannsókn Geirfinnsmálsins í fjölmiðlum, mætti ákærða Guðjóni í Austurstræti. Hann spurði, hvort ákærða væri að flýta sér, og þar sem hún var óákveðin í svörum, tók hann undir handlegg hennar og sagðist ætla að bjóða henni í kaffi á veitingahúsið Tröð. Fóru þau þangað, og spurði hann ákærðu mikið um upphaf rannsóknar Geirfinnsmálsins. Ákærða gaf tvíráð og loðin svör við sumum spurningum hans, og hann virtist ekki fyllilega ánægður. Þegar ákærða bjóst til að fara, lagði hann áherslu á, að hún heimsækta sig við fyrsta tækifæri.

Skömmu síðar heimsótti ákærða hann, og vildi hann ákafur ræða um það lama. Fékk hann þá hjá ákærðu greinarbetri upplýsingar og virtist ánægður með þær.

Í samtali við Karl Schiitz hinn 11. ágúst skýrði ákærða frá því, að Magnús Leópoldsson hefði ekki ekið bifreiðinni til Keflavíkur hinn 19. nóvember 1974, heldur annar maður, sem hún nafngreindi og bjó við Bergþórugötu. Kvaðst ákærða þekkja mann þennan persónulega og muna nákvæmlega eftir því, að hann hefði ekið.

Hinn 1. september var ákærða yfirheyrð hj-á rannsóknarlögreglu. Hún kvaðst nú fullviss um, að hún hefði hvergi komið nærri dauða „Geirfinns Einarssonar og ekki s kotið á hann úr byssu, heldur hafi dauða hans borið að með öðrum hætti.

Þau Sævar Marinó hafi farið frá Grýtubakka 10 í leigubifreið að veitingahúsinu Klúbbnum. Ákærða man ekki vel, hvað þau aðhöfðust fyrir utan veitingahúsið, og hún sá ekki, hvort Sævar Marinó fór þar inn, enda var hún ekki að fylgjast neitt sénstaklega með honum. Það næsta, sem hún man, var það,



að þau fóru í leigubifreið frá veitingahúsinu að Grettisgötu við Snorrabraut og héldu þaðan gangandi að húsi við Bergþórugötu, sem hún tilgreindi. Fór Sævar Marinó þar inn til þess að tala við nafngreindan mann, sem er kunningi hans og býr þar. Ákærða beið fyrir utan húsið, þar til Sævar Marinó kom aftur, og var þá maðurinn með honum. Fóru þau í bifreið, sem maðurinn ók, en ákærða man ekki, hvaða bifreið það var. Þau óku um borgina, m. a. vestur á Grandagarð og þaðan á Ásvallagötu, þar sem Guðjón bjó. Sævar Marinó fór þar út úr bifreiðinni og hélt inn í húsið til þess að tala eitthvað við Guðjón, að hún heldur. Ákærða og maðurinn biðu í bifreiðinni á meðan. Sævar Marinó kom aftur eftir skamma stand. Var þá ekið af tað og farið eitthvað um, en síðan var ekið vestur Laugaveg og beygt norður Vatnsstíg, þar sem bifreiðin var stöðvuð. Sævar Marinó fór þar út úr bifreiðinni, og biðu þau á meðan. Hann kom mjög fljótt aftur, og skömmu seinna kom Kristján Viðar. Settist hann inn í bifreiðina vinstra megin að aftan við hliðina á ákærðu, en Sævar Marinó sat í hægra framsæti bifreiðarinnar við hlið ökumannsins. Því næst var ekið áfram norður Vatnsstíg. Nokkru r\_orðar á Vatnsstíg var bifreiðin stöðvuð, og sá ákærða Guðjón, þar sem hann stóð á gangstéttinni hægra megin, eða að austanverðu. Fóru þeir Sævar Marinó og Kristján Viðar út úr bifreiðinni og ræddu eitthvað við Guðjón, en ákærða heyrði ekki, hvað þeim fór á milli. Þeir Sævar Marinó og Kristján Viðar komu síðan aftur, í bifreiðina, og var ekið af stað áleiðis til Hafnarfjarðar. Ákærða vissi ekki, hvert ferðinni var heitið, en ekið var í gegnum Hafnarfjörð, og minnir hana, að numið hafi verið staðar við bensínsöluna við Reykjavíkurveg, þar sem tekið var bensín. Því næst var ekið áleiðis til Keflavíkur. Á leiðinni heyrði ákærða, að Sævar Marinó og nafngreindi maðurinn ræddu um, að maðurinn væri með „stæla“ og búið væri að reyna að tala um fyrir honum, en án árangurs, og yrði þetta bara að vera svona, eins og búið væri að ákveða.

Þegar þau komu til Keflavíkur, var ekið að Dráttarbrautinni, og voru þar fyrir tvær bifreiðar. Var önnur þeirra fólksbifreið, og var hún hægra megin við bifreiðina, sem ákærða var í. Ákærða man ekki, hvernig bifreið þetta var, en hún telur sig nokkuð vissu um, að bifreiðin hafi verið rauð á lit. Hin bifreiðin var sendibifreið, frambyggð, nokkuð stór, með stóra framrúðu og, að ákærðu minnir, drapplituð. Bifreið þessi stóð, þar sem bryggjan byrjaði.

Þegar þau voru komin í Dráttarbrautina, fóru nafngreindi maðurinn og Kristján Viðar út úr bifreiðinni, og stuttu seinna kom Magnús Leópolldsson að bifreiðinni og stakk höfðinu inn um hliðargluggann vinstra megin. Sagði hann við Sævar Marinó að gæta ákærðu, og svaraði Sævar Marinó því játandi. Stuttu eftir þetta fór Sævar Marinó út úr bifreiðinni og gekk í átt að fjörunni hægra megin við bryggjuna, þar sem fyrir voru tveir menn, Magnús Leópolldsson og Geirfinnur Einarsson.

Ákærða fór út úr bifreiðinni. Sá hún, að Magnús, Sævar Marinó og Geirfinnur voru að ræða saman. Gat hún ekki betur séð en þeir væru ekki sammála. Geirfinnur ætlaði að fara í burtu, en þá tók Magnús í vinstri handlegginn á honum, en Sævar Marinó gekk í veg fyrir hann, og urðu einhverjar stimpingar.

Þegar þetta gerðist, sá hún fjóra menn standa við fólksbifreiðina og tvo menn vinstra megin skammt frá henni. Ákærðu fannst hún kannast við einn mannanna, sem stóð við bifreiðina, og fannst henni það vera Einar Bollason, bróðir hennar, en hina mennina þekkti hún ekki. Ákærða þekkti manninn, sem stóð vinstra megin við hann, og nafngreindi hann. Hinn maðurinn var stór og samanrekin, og þekkti ákærða hann ekki.

Þegar átökin eða stimpingarnar byrjuðu, gekk stóri og samanrekin maðurinn til þeirra Magnúsar og Sævars Marinós, þar sem þeir voru að kljást við manninn, og byrjaði þá samanrekin maðurinn að

berja Geirfinn, þangað til hann féll á hnén. Sævar Marinó hóf þá að berja Geirfinn með spýtu, þar til hann seig saman. Í hvert skipti, sem Sævar Marinó lamdi Geirfinn, hljóðaði hann talsvert.

Þegar Geirfinnur var fallinn til jarðar, gengu hinir mennirnir að, þar sem hann lá, en Sævar Marinó kom til ákærðu, þar sem hún stóð skammt frá. Sævar Marinó sagði við ákærðu, að þeir væru þarna allir, og nefndi þá Valdimar Olsen, Sigurbjörn Eiríksson, Magnús Leópoldsson, Einar bróður hennar og þrjá menn til viðbótar, sem hann nefndi með nafni. Sævar Marinó sagði síðan við ákærðu, að hún skyldi fara, því að þetta væri ekki fyrir kvenfólk. Ákærða fór þá í burtu og faldi sig í einhverju húsi, eins og hún hefur áður skýrt frá og er satt og rétt. Hið sama sé að segja um ferð sína til Reykjavíkur.

Ákærða man ekki til þess að hafa séð nafngreinda ökumanninn og Kristján Viðar í Dráttarbrautinni, á meðan á þessum átökum stóð, en þegar hún var að ræða við Sævar Marinó, sá hún Kristján Viðar ganga að, þar sem Geirfinnur lá. Ákærða sá ekki Guðjón í Dráttarbrautinni.

Ákærða tók fram, að hún þekkti ekki Sigurbjörn Eiríksson og einn nafngreinda manninn í sjón, en Sævar Marinó hafi sagt henni, hverjir þeir væru, og einnig að nafngreindi maðurinn væri í félagi við tvo ákveðna menn, sem ákærða tilgreindi.

Hinn 1. september kom ákærða fyrir dóm hjá Erni Höskuldssyni fulltrúa. Framburður ákærðu fyrir dóminum er á þessa leið:

„Kærða kveðst vilja taka til baka framburð sinn þess efnis, að hún hafi skotið úr byssu á Geirfinn Einarsson.

Kærða kveðst hafa borið þetta vegna þess, að hún hafi haldið, að þar með væri málið leyst og hún fengi sinn dóm. Kærða kveðst ekki hafa þorað að segja sannleikann.

Kærða óskar eftir, að tekin verði af sér skýrsla, þar sem hún kveðst nýlega hafa skrifað rannsóknarlögreglumanni bréf, þar sem sannleikurinn kemur fram".

Í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu hinn 15. nóvember skýrði ákærða frá því, að þau Sævar Marinó hefðu farið með móður Sævars Marinós á Kjarvalsstaði hinn 19. nóvember 1974, að ákærða heldur. Voru þau að skoða sýningar, sem þar stóðu yfir, og skoðuðu meðal annars sýningu á steinasafni. Þau keyptu aðgöngumiða að sýningu á kvikmyndina „Eldar í Heimaey" og þeim sýningum, sem þarna voru, og giltu þeir tvisvar sinnum. Er ákærða því viss um, að þau sáu kvikmyndina, þegar hún var sýnd aukalega vegna fjölda áskorana, og hafi það sennilega verið hinn 22. nóvember 1974. Eftir þá sýningu ók ákærða Sævari Marinó heim til Vilhjálms Knudsen, þar sem þau dvöldust nokkuð lengi.

Þegar þau voru á sýningunni á Kjarvalsstöðum hinn 19. nóvember, ók ákærða móður Sævars Marinós heim að Grýtubakka 10. Þaðan ók hún heim til þeirra að Hjallavegi, þar sem þau fóru inn, en ekki man ákærða frekar eftir því, hvað þau aðhöfðust eftir það.

Ákærða kveðst muna eftir því, að hún hafi ekið Land Rover jeppa Sævars Marinós aftur á bak inn í húsasund heima hjá Kristjáni Viðari, gegnum garð og að húsinu. Þar fóru Sævar Marinó og maður, sem ákærða heldur, að hafi verið Guðjón, út úr bifreiðinni. Þeir fóru inn í kjallara hússins. Komu þeir þaðan út aftur eftir skamma stund, og var Kristján Viðar með þeim. Þeir höfðu meðferðis tvo poka, sem voru einhvers konar hveitipokar, settu þá inn í bifreiðina að aftan og komu síðan sjálfir inn í hana. Sævar Marinó sat við hliðina á ákærðu frammi í bifreiðinni, en þeir Guðjón og Kristján Viðar

aftur í. Þau óku sem leið liggur suður á Álftanes og beygðu út af veginum til hægri inn á afleggjara. Þar stöðvaði ákærða bifreiðina, enda var mikil ófærð, og treysti hún sér ekki til þess að aka lengra. Fóru þau öll út úr bifreiðinni. Þeir Sævar Marinó, Kristján Viðar og Guðjón báru pokana, og gengu þau fyrst á jafnsléttu, en síðan stutta vegalengd inn í hraunið. Þar voru pokarnir grafnir, og höfðu þeir meðferðis skóflu, sem þeir notuðu til þess. Þeir töku upp steina, grófu í moldina og settu pokana ofan í. Mokuðu þeir síðan moldinni ofan á og settu steinana þar ofan á, þannig að lítil ummerki sáust. Ákærða sat á lengdar og horfði á, þegar þeir grófu pokana. Ákærða ók síðan aftur, að hún heldur að Grettisgötu 82, þar sem Kristján Viðar fór út úr bifreiðinni, en ákærða man ekki, hvert hún ók eftir það. Þessi ferð var farin skömmu eftir ferðina til Keflavíkur. Heldur ákærða, að þetta hafi verið föstudaginn 22. nóvember 1974 og klukkan hafi verið um það bil 2100, þegar þau komu heim til Kristjáns Viðars á Grettisgötu í upphafi ferðarinnar.

Þá skýrði ákærða frá því, að hún myndi eftir því, að þau hafi verið stödd hjá Guðjóni, þegar lík fannst á Seltjarnarnesi. Spurði Guðjón Sævar Marinó, hvort þarna væri annar Geirfinnur, og endurtók þá Sævar Marinó spurninguna, en virtist svo sammála. Ákærða kvaðst einnig muna, að eitt sinn, skömmu eftir að þau Sævar Marinó komu heim frá Kaupmannahöfn, hafi þau verið stödd heima hjá Guðjóni. Sagði Sævar Marinó þá, að svona færi fyrir mönnum eins og Geirfinni, það væri ekki við öðru að búast. Tók Guðjón undir það og sagði: „Aumingja Geirfinnur“.

Í yfirheyrslu hinn 19. nóvember endurtók ákærða frásögn sína um símtal Sævars Marinós við Guðjón frá Kaupmannahöfn 1975 og frásögn sína um það, þegar hún hitti Guðjón og ræddi við hann um Geirfinnsmálið. Þegar ákærða sagði Guðjóni, að nú væri Geirfinnsmálið komið á dagskrá, varð hann mjög forvitinn. Hann spurði ákærðu, hverjir hefðu verið í Keflavík, þegar Geirfinnur hvarf, og hverjir hún héldi, að það væru, sem hún hefði ekki séð þar. Virtist ákærðu hann hafa mikinn áhuga á því að fá að vita, hvað hún hefði sagt og hvaða menn hún hefði nefnt. Ákærða sagði honum allt, sem hún hafði -sagt lögreglunni, og bað hann ákærðu þá að koma heim til sín seinna um daginn og ræða mál frekar við sig.

Ákærða fór heim til Guðjóns seinni part dagsins, og spurði hann hana þá frekar út í málið. Virtist ákærðu hann aðallega hafa áhuga á því, hvaða menn hún hefði séð í Keflavík. Þegar ákærða sagði Guðjóni, að Geirfinnsmálið væri komið á dagskrá, spurði hann: „Hvað hefur komist upp?“ Hann var mjög áhugasamur um að fá að vita sem mest um vitneskju ákærðu um málið og spurði hann aftur og aftur að því, hverjir hefðu verið í fjörinni í Keflavík hinn 19. nóvember 1974.

Í lok skýrslunnar sagði ákærða, að hún væri nú alveg fullkomlega viss um það, að Guðjón hefði verið með í ferðinni til Keflavíkur og í ferðinni með líkið út á Álftanes.

Hinn 30. nóvember mætti ákærða í dómi hjá Erni Höskuldssyni fulltrúa. Er framburður hennar á þessa leið:

„Kærðu er bent á, að frá því í janúar 1976 og þar til nú hafi verið teknar af henni margar skýrslur um hvarf Geirfinns Einarssonar. Í skýrslum þessum hafi verið nefnd mörg nöfn manna, sem áttu að hafa verið við málið riðnir. Kærða er spurð, hvort hún sé tilbúin til þess að segja sannleikann. Kærða segir, að síðasti framburður sinn sé sannleikur.“

Kærða segir, að Sævar hafi sagt henni að nefna nöfn Magnúsar Leópoldssonar, Sigurbjörns Eiríkssonar, Valdimars Olsen, Einars Bollasonar og fleiri til þess að leiða athyglina frá þeim, sem raunverulega voru við málið riðnir.

Kærða segir, að hún hafi líka skrökvað, er hún sagði, að „tveir nafngreindir menn“ væru við málið riðnir. Kærða kveðst hafa heyrt, að þeir væru bendlaðir við eiturfjasmýgl, og auk þess hafi Sævar þekkt þá.

Kærða kveðst vera viss um, að Guðjón Skarphéðinsson hafi verið staddur í Dráttarbraut Keflavíkur umrætt kvöld. Kærða segir, að í Land Rover bílnum hafi verið Sævar og Kristján Viðar auk sín og bílstjórans, sem hún kveðst ekki vita, hver er. Kærða segir, að Guðjón hafi farið til Keflavíkur í öðrum bíl. Kærða man eftir að hafa séð rauðan fólksbíl í Dráttarbrautinni umrætt kvöld og einnig stóran ljósan sendiferðabíl."

Ákærða var yfirheyrð dagana 3. og 7. desember hjá rannsóknarlögreglunni.

Skýrði hún frá því, að Guðjón hefði ekið bifreiðinni til Keflavíkur. Í skýrslum þessum greinir ákærða frá undirbúningi og aðdraganda ferðarinnar til Keflavíkur, ferðinni sjálfri, átökum þeirra Kristjáns Viðars, Sævars Marinós og Guðjóns við Geirfinn í Dráttarbrautinni og brottför hennar þaðan. Í skýrslunni frá 7. desember skýrir hún og frá flutningi líks Geirfinns á Land Rover bifreiðinni frá Grettisgötu 82 suður á Álfanes, þar sem það var grafið, og að Kristján Viðar, Sævar Marinó og Guðjón hafi tekið þátt í flutningnum.

Hinn 11. desember var farið með ákærðu upp í Rauðhóla vegna framburðar Sævars Marinós hinn 9. lama mánaðar um, að lík Geirfinns hefði verið grafið þar. Ákærða benti á stað um 50 metra frá þeim stað, sem Sævar Marinó hafði bent á. Kvaðst hún halda, að þar hefði lík Geirfinns verið grafið. Rauðamölin þarna var frekar laus í sér og hægt að grafa með vélgröfu. Uppgröftur á staðnum bar ekki árangur.

Hinn 12. desember skýrði ákærða frá því, að þau Sævar Marinó hefðu tekið Volkswagen bifreið á leigu á bílaleigunni Geysi hjá Guðmundi Magnússyni. Þá greindi hún frá aðdraganda ferðarinnar til Keflavíkur, ferðinni sjálfri, því, er gerðist, eftir að til Keflavíkur kom, átökum meðákærðu við Geirfinn í Dráttarbrautinni og atburðum 20. og 21. nóvember 1974.

Hinn 13. desember skýrði ákærða frá flutningnum á líki Geirfinns í Rauðhóla á Land Rover bifreiðinni hinn 21. nóvember og greftrun þess þar. Þá sagði hún frá viðræðum ákærðu og Guðjóns um greftrun líksins og viðræðum ákærðu um að blanda Einari bróður hennar, Valdimar Olsen, Magnúsi Leópoldssyni, Sigurbirni Eiríkssyni o. fl. í málið, ef þau yrðu spurð. Ákærða skýrði og frá sendibifreiðinni, sem kemur við sögu í málinu.

Ákærða kom fyrir dóm hjá Erni Höskuldssyni fulltrúa hinn 22. desember og staðfesti skýrslur sínar hjá rannsóknarlögreglu hinn 12. og 13. sama mánaðar. Ákærða kvað þau Guðjón, Kristján Viðar og Sævar Marinó hafa talað um að bendla aðra við málið, áður en ákærða fór til Kaupmannahafnar. Samtalið hafi átt sér stað heima hjá Kristjáni Viðari. Ákærða sagðist ekki með nákvæmni geta bent á stað þann, sem lík Geirfinns væri grafið á, en það væri örugglega í Rauðhólum.

Hinn 11. janúar 1977 var ákærða spurð hjá lögreglu um fatnað Geirfinns Einarssonar, för Sævars Marinós inn í „sjoppu“ við Aðalstöðina í Keflavík til að hringja og fjárhag þeirra Sævars Marinós.

Þá var ákærða spurð hinn 21. janúar um símhringingu Sævars Marinós frá Grýtubakka 10 milli kl. 1900 og 1930 19. nóvember 1974 og nánar um erindi ákærðu til Keflavíkur, og hinn 31. janúar var hún spurð um samskipti hennar og Sævars Marinós og nánar um ýmis atriði málsins, einkum huglæg atriði.

Ákærða kom fyrir dóm hjá dómurum máls þessa dagana 4. og 5. júlí sl., og eru framangreindir framburðir hennar í flestum meginatriðum í samræmi við framburð hennar þá. Verður nú framburður ákærðu rakinn:

Ákærða hefur skýrt frá því, að hún hafi farið á Mokka á Mokka á milli 1700 mánudaginn 18. nóvember 1974 ásamt Sævari Marinó. Hittu þau þar Guðjón Skarphéðinsson. Sævar Marinó ræddi við Guðjón inni á veitingahúsinu, en ákærða heyrði ekki samtalið og vissi ekki, hvað þeim fór á milli. Ákærða ók þeim Sævari Marinó og Guðjóni frá veitingahúsinu Mokka heim til Guðjóns að Ásvallagötu 46. Þegar þangað kom, fór Sævar Marinó inn með Guðjóni og var þar einhverja stund, en ákærða beið í bifreiðinni á meðan. Sævar Marinó minntist ekkert á það, sem hann hefði verið að ræða við ákærða Guðjón, þegar hann kom aftur.

Ákærða fór með Sævari Marinó einhvern tíma daginn eftir hinn 19. nóvember að beiðni hans á bílaleiguna Geysi til að fá bifreið leigða.

Kveður ákærða í lögregluskýrslu Land Rover bifreið þeirra hafa verið í ólagi, hemlar og bensíngjöf biluð.

Ákærða hafði oft tekið bifreiðar á leigu á bílaleigu þessari haustið 1974. Þegar ákærða tók þar bifreið á leigu, var alltaf gerður leigusamningur, og var hún áður búin að breyta fæðingarárinu í ökuskríteini sínu úr 1955 í 1953 til þess að geta fengið leigða bifreið. Þegar þau komu á bílaleiguna, hittu þau Guðmund Magnússon, sem sá um rekstur hennar. Sævar Marinó þekkti Guðmund, og kynntist ákærða honum fyrir milligöngu hans. Guðmundur fór að biðja ákærðu um að taka til fyrir sig í íbúð sinni að Laugarnesvegi 64. Féllst ákærða á að gera það, og lét Guðmundur hana hafa lykla að ljósblárrí Volkswagen fólksbifreið. Síðan segir áfram í dómsframburðinum, að ákærða geti ekki sagt um skrásetningarmarki bifreiðarinnar. Bifreiðaleigan Geysir hafði eingöngu Volkswagen bifreiðar til leigu, og voru þær allar ljósbláar að lit. Ákærða minnst þess ekki, að skriflegur samningur hafi verið gerður um leiguna. Hún telur, að Sævar Marinó hafi látið Guðmund fá einhverja peninga, en vein ekki, um hve háa fjárhæð var að ræða. Ákærða man ekki til þess, að það hafi borist í tal á milli þeirra Sævars Marinós að fara í ferð út fyrir borgina, þegar hún fékk bifreiðina leigða.

Ákærða segir í lögregluskýrslu, að hún hafi ekið bifreiðinni frá bílaleigunni, sem er við Laugaveg, inn á Laugarnesveg og Sævar Marinó verið með henni. Guðmundur ók í annarri bifreið á undan þeim. Hann opnaði íbúðina, en fór síðan.

Guðmundur kom heim, þegar hann hafði lokað bílaleigunni, og var ákærða þá búin að taka til í íbúð hans. Hann rétti ákærðu 1.000 króna seðil sem greiðslu fyrir tiltektina. Guðmundur bað þau að aka á eftir sér út að Hótel Loftleiðum, þar sem hann þyrfti að fara með bílaleigubifreið þangað, og áttu þau síðan að aka honum aftur á Laugarnesveg. Ákærða ók á eftir Guðmundi að Loftleiðum, en þar bauðst Sá, sem hafði tekið bifreiðina á leigu, til þess að aka honum heim, og fóru þau Sævar Marinó þá á bílaleigubifreiðinni heim til þeirra á Hjallaveg 31. Þau skildu bifreiðina þar eftir og héldu á Land Rover bifreiðinni að Grýtubakka 10 til móður Sævars Marinós. Þar borðuðu þau kvöldverð.

Ákærða kveðst í lögregluskýrslu hafa veitt því athygli, að Sævar Marinó hringdi frá Grýtubakka 10 á milli kl. 1900 og 1930. Hún heyrði ekki, hvað hann sagði í símann, og veit ekki, við hvern hann talaði eða um hvað hann var að tala.

Í dómskýrslunni segir ákærða, að hún muni ekki eftir, að Sævar Marinó hafi hringt, á meðan þau voru stödd að Grýtubakka 10 þetta kvöld, en þó geti það vel verið.

Þau fóru á bifreiðinni um kl. 2000 frá Grýtubakka 10 að Kjarvalsstöðum, og var móðir Sævars Marinós með þeim. Á Kjarvalsstöðum var kvikmyndasýning, og var verið að sýna Heimaeyjarmyndina. Sá þau myndina, og telur ákærða, að sýningin hafi tekið um klukkustund. Strax að sýningu lokinni fóru þau með móður Sævars Marinós að Grýtubakka 10, en héldu síðan rակleitt heim til þeirra á Hjallaveg 31, þar sem þau skiptu um bifreið. Skildu þau Land Rover bifreiðina eftir og héldu á Volkswagen bifreiðinni að Ásvallagötu 46 til Guðjóns Skarphéðinssonar. Ákærða man ekki eftir því, að Sævar Marinó nefndi sérstakt erindi, sem hann ætti við Guðjón. Hann fór inn til Guðjóns, þegar að Ásvallagötu kom. Guðjón var ekki heima, og sagði Sævar Marinó ákærðu að aka að Lambhóli við Starhaga. Þegar þangað kom, fór Sævar Marinó úr bifreiðinni og hélt inn í húsið. Ákærða beið í bifreiðinni á meðan. Eftir skamma stund komu þeir Guðjón og Sævar Marinó út úr húsinu. Sævar Marinó sagði ákærðu að aka heim til Guðjóns að Ásvallagötu 46, en sjálfur fór hann í bifreið með Guðjóni. Ákærða getur ekki sagt um, á hvernig bifreið Guðjón var. Ákærða varð ekki vör við, að neinn maður væri með þeim Guðjóni og Sævari Marinó. Ákærða ók bifreiðinni heim til Guðjóns, og -komu þeir Guðjón og Sævar Marinó skömmu síðar. Þeir fóru saman inn til Guðjóns, en þegar þeir komu út aftur, kom Sævar Marinó í bifreiðina til ákærðu og sagði henni að aka á Vatnsstíg. Ákærða ók bifreiðinni þangað. Hún ók inn í götuna frá Laugavegi, niður hana og nam staðar hægra megin, miðað við akstursstefnu, á móts við húsið nr. 3. Sævar Marinó fór úr bifreiðinni, strax og þau höfðu numið staðar, og sagðist ætla að hringja. Ákærða var í bifreiðinni á meðan og fylgdist ekki með ferðum hans. Sævar Marinó kom eftir stutta stund, og rétt á eftir kom Kristján Viðar gangandi að bifreiðinni frá Laugavegi. Ákærða man ekki, hvernig Kristján Viðar var klæddur, en telur, að hann hafi verið í vínrauðum ullarfrakka, sem hann notaði mjög mikið. Ákærða man eftir, að Kristján Viðar átti svartan leðurjakka, en gat ekki sagt um, hvort hann var í honum.

Kristján Viðar settist í aftursæti bifreiðarinnar hægra megin, en Sævar Marinó í framsæti við hlið ákærðu. Ákærða ók síðan áfram niður Vatnsstíg og staðnæmdest skammt frá Skúlagötu. Þar sá hún stóra sendiferðabifreið, ljósa á lit, að ákærðu finnst drapplitaða, sem stóð vinstra megin í götunni eða að vestan verðu upp við vöruhús. Bifreið þessi var frambyggð með stórri framrúðu og tveimur hliðarrúðum sitt hvorum megin. Ákærða telur sig hafa kannast við þessa bifreið og sé þetta sama bifreiðin og búslóð þeirra Sævars Marinós var ekið í frá húsi við Álfheima að Hjallavegi 31. Sigurður Óttar Hreinsson ók þá bifreiðinni. Ákærða sá ekki, hver var á bifreiðinni. Sigurður Óttar var mikið með þeim Kristjáni Viðari og Sævari Marinó á þessum tíma, að minnsta kosti í október. Ákærða sá Guðjón koma gangandi frá sendiferðabifreiðinni skáhallt yfir Vatnsstíginn og staðnæmast á gangstéttinni austan götunnar. Ákærða nam staðar á móts við Guðjón, og fóru þeir Sævar Marinó og Kristján Viðar út úr bifreiðinni. Ræddu þeir eitthvað við -Guðjón, en ákærða heyrði ekki, hvað þeim fór á milli. Ákærða varð ekki vör við, að þeir Sævar Marinó og Kristján Viðar ræddu við ökumann sendiferðabifreiðarinnar. Ákærða sá ekki, á hvernig bifreið Guðjón hafði komið á staðinn. Þegar Sævar Marinó kom aftur að bifreiðinni, sagði hann, að Guðjón ætti að aka. Flutti ákærða sig undan stýri bifreiðarinnar og settist aftur í vinstra megin. Guðjón settist undir stýri bifreiðarinnar og Sævar Marinó við hlið hans í framsæti.

Var nú ekið austur Skúlagötu. Sendiferðabifreiðin var ófarin af staðnum, þegar haldið var á brott. Ákærða vissi ekkert, hvert ferðinni væri heitið, þegar lagt var af stað. Komst hún ekki að því fyrr en á leiðinni til Keflavíkur. Sævar Marinó hafði ekki nefnt það við ákærðu, að hann þyrfti að hitta einhvern mann og eiga við hann viðskipti. Ákærðu minnir, að staðnæmst hafi verið í Hafnarfirði á Bifreiðastöð Hafnarfjarðar við Reykjavíkurveg og tekið bensín. Ákærða er þó ekki örugg um þetta. Hún minnst þess ekki, að minnst hafi verið á sendibifreiðina á leiðinni. Þeir Sævar Marinó og Guðjón töluðu aðallega saman, en ákærða og Kristján Viðar tóku lítið sem ekkert þátt í samræðunum. Kristján Viðar var undir áhrifum lyfja, en egi veit ákærða til þess, að þeir Sævar Marinó og Guðjón hafi verið það. Kristján Viðar bauð ákærðu á leiðinni róandi lyf, að því er hún telur, en ákærða þáði ekki töfluna, sem hann bauð henni. Ákærða man, að þeir Guðjón og Sævar Marinó ræddu um einhvern mann, sem þeir ætluðu að hitta og væri erfiður. Segir ákærða þá hafa sagt m. a., að því er segir í lögregluskýrslu: „Búið er að bjóða manningnum peninga, en það þýddi ekkert, hann tæki ekki sönum og því yrði að gera það, sem ákveðið hefði verið." Ákærða man, að Sævar Marinó hafði orð á því, að beita þyrfti fullri hörku við manninn og jafnvel að það þyrfti að láta hann hverfa. Ákærðu fannst Guðjón taka undir þetta. Ekki var nefnt erindið við manninn, en einungis, að þyrfti að tala við hann. Ákærðu fannst á samtalinu, að eitthvað alvarlegt stæði til, jafnvel að þyrfti að ráða manninn af dögum. Ákærða hafði aldrei heyrt Sævar Marinó minnst á, að hann hefði hitt neinn mann í Klúbbnum.

Þegar komið var til Keflavíkur, var numið staðar við bensínstöð, og telur ákærða, að það hafi verið Aðalstöðin. Sævar Marinó fór þar inn til að fá að hringja, en kom brátt aftur og sagðist ekki hafa fengið aðgang að síma. Því næst var ekið að Hafnarhúðinni. Var numið staðar, og fóru þeir Sævar Marinó og Kristján Viðar þar inn. Ákærða heldur, að erindi þeirra haft verið að fá að hringja, en hvert, veit hún ekki. Sævar Marinó keypti pakka af Viceroy vindlingum og eitthvað fleira í Hafnarbúðinni. Ákærða man ekki eftir því, hvort Sævar Marinó sagði, að hann hefði hringt, þegar hann kom aftur. Frá Hafnarbúðinni var ekið í Dráttarbrautina. Ákærða man eftir því, að Sævar Marinó sagði þeim einhvern tíma, þegar þau voru að aka um Keflavík, að beygja sig niður og láta ekki sjá sig, en hún getur ekki fullyrt, hvort það var þarna á leiðinni í Dráttarbrautina. Eitthvað var af fólki á ferli á götunni, þegar Sævar Marinó sagði þetta. Sævar Marinó hafði ekki orð á, af hverju þau þyrftu að gera þetta. Sævar Marinó réð ferðinni og sagði Guðjóni að aka í Dráttarbrautina. Þegar þangað kom, fóru ákærða, Sævar Marinó og Kristján Viðar úr bifreiðinni, en Guðjón varð eftir. Þau gengu niður í Dráttarbrautina og skoðuðu sig um. Ekki nefndi Sævar Marinó neitt, í hvaða tilgangi þetta væri. Ákærða sá ekki neitt fólk á ferli í Dráttarbrautinni og varð ekki vör við sendibifreiðina. Ákærðu héldu aftur að bifreiðinni, og hafði þá Guðjón snúið henni við. Var nú ekið að „sjoppu", og fór Sævar Marinó þar inn. Sá ákærða, að hann stóð við afgreiðsluborðið og var að tala í símann, en ekki veit hún, við hvern hann talaði.

Í lögregluskýrslu segir ákærða, að Sævar Marinó hafi farið inn í „sjoppu", sem er við hliðina á Aðalstöðinni í Keflavík, og talað um að hringja þar. Ákærða man ekki, hvort það var, eftir að þau voru búin að fara í Dráttarbrautina í fyrra skiptið eða þegar þau komu til Keflavíkur. Sævar Marinó var mjög stuttan tíma inni í „sjoppunni" og talaði um, þegar hann kom í bifreiðina, að af margt fólk hefði verið þar og hann hefði því ekki hringt. Ákærða kveður bifreiðina hafa staðið á plani við „sjoppuna", en ákærða minnst þess ekki, að hún hafi séð þangað inn.

Síðan segir áfram í dómskýrslunni, að þegar Sævar Marinó kom aftur, hafi verið ekið að Hafnarbúðinni og staðnæmst þar á móts við vigt. Ákærða man þar eftir gulu skilti með áletrun, sem hún var að reyna að lesa. Sævar Marinó bað Kristján Viðar að fara inn í Hafnarbúðina til að hringja. Lét Sævar Marinó hann fá einhvern miða með símanúmeri, en ákærða kveðst eigi hafa heyrt, að hann

nefndi neitt mannsnafn. Ákærða man ekki eftir, að Guðjón hafi látið Sævar Marinó fá miða. Kristján Viðar fór á brott, en ákærða sá ekki, hvert hann fór, og veit ekki, hvort hann fór inn í Hafnarbúðina. Kristján Viðar var í burtu í nokkra stund. Þegar hann kom aftur, settist hann inn í bifreiðina, og var beðið um stund. Eftir nokkurn tíma kom maður, og var honum hleypt inn í bifreiðina.

Í lögregluskýrslu segir ákærða, að maður, sem hún þekkti ekki, hafi verið með Kristjáni Viðari, þegar hann kom aftur að bifreiðinni. Ákærða man ekki eftir því, að maðurinn kynnti sig eða hún heyrði nafn hans nefnt. Maðurinn settist inn í bifreiðina í aftursæti hægra megin fyrir aftan Sævar Marinó. Ákærða man ekki, hvort hún sat við hlið mannsins eða hvort Kristján Viðar sat á milli þeirra. Ákærða þekkti ekki manninn.

Ákærða sá myndir af Geirfinni Einarssyni og segir, að það hafi verið hann, sem kom í bifreiðina.

Þegar Geirfinnur var kominn inn í bifreiðina, var ekið um Keflavík og rætt við hann. Var það aðallega Sævar Marinó, sem ræddi við Geirfinn. Ákærða man eftir því, að Sævar Marinó og að einhverju leyti Guðjón fóru fram á það við hann að selja sér upplýsingar um, hvar smyglaður spíritus væri geymdur. Geirfinnur sagðist ekkert geta hjálpað þeim í þeim efnum. Kvaðst hann ekki vita um neinn slíkan geymslustað. Sævar Marinó bauð Geirfinni peninga, ef hann vildi vísa á geymslustaðinn, en ákærða man ekki, að vein upphæð væri nefnd í því sambandi. Var rætt um þetta fram og aftur, og færðist hiti í umræðurnar. Ákærðu rámar í, að Geirfinnur hafi viljað komast út úr bifreiðinni og gert einhverjar tilraunir í þá átt, en verið hindraður í því. Hafi byrjað sviptingar í bifreiðinni, en ekki getur ákærða skýrt frá því nánar. Ákærða man ekki, hvort Geirfinnur hafði orð á því að kalla á lögregluna. Ákærða getur ekki sagt frekar um það, sem gerðist í bifreiðinni, en ekið var áleiðis í Dráttarbrautina. Ákærða man ekki, hvort það var Sævar Marinó, sem sagði, að aka ætti þangað, eða hvort Guðjón gerði það átilkvaddur. Þegar í Dráttarbrautina kom, nam Guðjón staðar til hliðar við bryggju, en nokkuð fyrir ofan hana.

Í lögregluskýrslu kveður ákærða sendibifreiðina, sem var á Vatnsstíg, hafa verið þarna fyrir, og einnig man hún eftir því að hafa séð lítinn bát eða trillu við bryggjuna. Ákærða sá ekki ökumann sendibifreiðarinnar og varð ekki vör við neinar mannaferðir, hvorki við bátinn né sendibifreiðina. Þessi sendibifreið var mjög svipuð þeirri bifreið, sem frændi Kristjáns Viðars var á, þegar hann flutti fyrir ákærðu húsgögn frá Álfheimum að Hjallavegi í ágúst árið 1974, en ákærða veit ekki, hvort þetta var sama bifreiðin.

Síðan segir áfram í dómsframburði ákærðu, að Sævar Marinó hafi opnað skjalatösku, sem hann var með, þegar numið hafði verið staðar, og tekið fram búnt af 5.000 króna seðlum. Ákærða veit ekki, hve margir seðlarnir voru. Hann rétti Geirfinni seðlabúntið. Geirfinnur tók við því, en henti því að því búnu frá sér. Lentu seðlarnir á gólfinu frammi í bifreiðinni, þar sem Sævar Marinó sat. Annað hvort Sævar Marinó eða Guðjón fór fyrst út úr bifreiðinni, en síðan Geirfinnur og Kristján Viðar. Ákærða sat eftir inni í bifreiðinni. Hún kveðst, að því er greinir í lögregluskýrslu, hafa farið út skömmu á eftir meðákærðu og Geirfinni og staðið við bifreiðina, þegar átökin hófust. Þjarkið við Geirfinn hélt áfram, eftir að út úr bifreiðinni kom. Ákærða varð þess vör, að Geirfinnur var orðinn óttasleginn, áður en hann fór út úr bifreiðinni. Meðákærðu og Geirfinnur gengu nokkurn spöl í átt að sjónum. Ákærða heyrði ekki, hvað þeir ræddu um, en veitti því athygli, að Geirfinnur ætlaði að reyna að fara burtu fram hjá meðákærðu, sem stóðu andspænis honum. Þegar hann ætlaði að ganga brott milli þeirra Sævars Marinós og Kristjáns Viðars, greip Guðjón í vinstri handlegg hans og stöðvaði hann. Alveg í því réðust þeir Kristján Viðar og Sævar Marinó á Geirfinn. Hófust nú :átök, sem ákærða kveðst ekki geta



greint frá í einstökum atriðum. Ákærða sá, að meðákærðu börðu Geirfinn. Þeir Kristján Viðar og Guðjón notuðu hnefana, en Sævar Marinó eitthvert barefli, sem ákærða sá ekki, hvað var. Átökin verkuðu þannig á ákærðu, að svipta ætti Geirfinn lífi, en ekki að pynta hann til sagna. Geirfinnur hrópaði aldrei á hjálp, á meðan á átökunum stóð. Ákærða kveður Geirfinn hafa verið barinn, uns hann féll til jarðar og lá hreyfingarlaus. Sævar Marinó :kom þá til ákærðu og sagði henni að fara heim. Hann lét ákærðu fá peninga, 5.000 krónur að hún telur. Ákærða man ekki, hvort Sævar Marinó nefndi það, hvernig hún ætti að koma sér heim. Hann sagði við hana eitthvað á þá leið, að það væri ekki gott fyrir kvenfólk að sjá það, sem þarna væri að gerast. Ákærða hélt strax brott úr Dráttarbrautinni.

Í lögregluskýrslu segir ákærða, að Geirfinnur hafi verið kominn á hnén í átökunum, þegar ákærði Sævar Marinó kom til hennar og hún fór á brott.

Ákærða kveðst ekki muna eftir fatnaði Geirfinns, þegar hann kom upp í bifreiðina, en í Dráttarbrautinni man hún eftir, að hann var í dökkri kuldaúlpu. Nánar um fatnað hans man hún ekki.

Ákærða hélt úr Dráttarbrautinni að rauðu húsi, sem var þar skammt frá. Hún var mjög óttaslegin og hrædd um líf sitt. Húsið var opið og mannlaust. Ákærða fór inn í húsið og út í eitt horn þess, en hvaða horn það var, getur hún ekki sagt um. Ákærða settist á eitthvert dót, sem var inni í húsinu. Hún reykti marga vindlinga, á meðan hún dvaldist í húsinu. Ákærða hefur enga hugmynd um, hvað klukkan var, þegar hún fór inn í húsið. Ákærða veit ekki, hvort meðákærðu leituðu að henni. Hún hafði gleymt dökkblárrí terelinekápu í bifreiðinni. Var hún yfirhafnarlaus, og henni var kalt. Ákærða man ekki, hvort veski hennar varð eftir í bifreiðinni. Ákærða dvaldist í húsinu, þar til kominn var dagur. Hún man ekki, hvað klukkan var, þegar hún fór á brott. Ákærða man ekki eftir veðrinu að öðru leyti en því, að kalt var og snjór á jörðu. Ákærða hélt gangandi frá húsinu í átt til Reykjavíkur. Þegar hún hafði gengið í nokkrar mínútur, kom bifreið, og gaf hún ökumanni bendingu um að nema staðar. Bifreið þessi var annað hvort af Moskvitch eða Skoda gerð, en um litinn getur ákærða ekki sagt. Ökumaður bifreiðarinnar nam staðar strax. Ákærða sagði ökumanninum, að hún væri að fara til Grindavíkur, og bað hann um far. Hana minnir, að maðurinn hafi sagst vera að fara til Reykjavíkur. Ákærða sá hjá rannsóknarlögreglu Guðmund Sigurð Jónsson, sem telur sig hafa verið þarna á ferðinni og tekið hann upp í bifreiðina. Hún telur, að það hafi verið hann, sem ók bifreiðinni. Ákærða man, að hún ræddi eitthvað við ökumanninn. Spurði hann ákærðu um starf hennar í Grindavík. Ákærða sagðist vera að vinna þar í fiski. Ákærða man, að maðurinn sagðist vera frá Vestmannaeyjum. Eitthvað spjölluðu þau meira, sem ákærða man ekki nánar um. Að ósk ákærðu hleypti ökumaðurinn henni út úr bifreiðinni á Reykjanesbrautinni við mót vegarins til Grindavíkur. Ákærðu var kynntur framburður Guðmundar Sigurðar Jónssonar. Hún kveðst ekki efast um, að það sé rétt, sem Guðmundur Sigurður Jónsson segir, en hún man ekki betur eftir þessu en hún hefur skýrt frá.

Ákærða hafði verið örstutt á vegamótunum, þegar maður á „trukki“ kom akandi í átt til Reykjavíkur. Ákærða gaf mannum bendingu um að nema staðar, og fékk hún far með honum til Hafnarfjarðar. Ákærða fór úr bifreiðinni við strætisvagnabiðstöð á Strandgötu. Ákærða telur, að hún hafi sagt mannum, að hún byggi í Hafnarfirði. Ákærða fór frá Hafnarfirði til Reykjavíkur í strætisvagni og tók einnig. strætisvagn heim til sín að Hjallavegi 31, en þangað var hún komin um kl. 1200.

Í lögregluskýrslu skýrir ákærða frá því, að Sævar Marinó hafi sagt sér eftir atburðinn í Keflavík, að hann hefði talað við Geirfinn í Klúbbnum hinn 17. nóvember 1974, en ekki nefnt neitt, hvað þeir hefðu rætt saman. Ákærða var fullkomlega viss um, að Sævar Marinó hafi vitað fyrirfram, hvað átti að

eiga sér stað í Keflavíkurferðinni, og þegar hann sagði ákærðu að fara til Reykjavíkur „á puttanum“, hafi hann ekki viljað láta hana sjá, hvað þarna átti að gerast.

Ákærða kveðst ekki geta svarað því ákveðið, af hverju Sævar Marinó vildi hafa hana með til Keflavíkur, en hún kvað það alveg víst, að hún hafi ekki átt að hjálpa til við það, sem til stóð þar. Það hafi aldrei verið talað um, að hún kæmi til greina sem ökumaður, ef svo færi, að Guðjón vildi ekki taka þátt í þessu. Sævar Marinó hafi einungis sagt ákærðu, að hún ætti að koma með í stutta ferð.

Ákærða gat ekki heldur sagt til um, af hverju Sævar Marinó hafi viljað hafa Kristján Viðar með. Hún veit ekki, hvort það var einkum vegna þess, að til stóð að svipta Geirfinn lífi. Ákærða heldur frekar, að Kristján Viðar hafi átt að hjálpa til við að flytja spírann.

Ákærða hafði sjálf engra hagsmuna að gæta í sambandi við viðskipti Sævars Marinós í Keflavík. Það var ekki fyrr en eftir á, að hún komst að því, að samtalið, sem hafði átt sér stað í Klúbbnum, stóð í sambandi við þessa ferð.

Ákærða kvaðst ekki geta munað lengur nákvæmlega, hvort talað hafi verið um á leiðinni til Keflavíkur, „að hann ætti að hverfa“. Henni finnst hún frekar muna eftir því, að talað hafi verið um, að „það ætti þá að gera það, sem ákveðið hefði verið“. Ákærða sjálf hugsaði þá, að hugsanlega ætti að svipta manninn lífi.

Ákærða gat ekki sagt alveg með vissu; hvort eða hvað Geirfinnur gerði rangt, svo að hann var barinn í Dráttarbrautinni. Hún heldur, að ástæðan hafi verið sú, að hann hafi ekki viljað vera samvinnuþýður.

Ákærða kveðst auðvitað hafa fundið til með Geirfinni. Það hefði verið unnt fyrir sig að koma í veg fyrir átökin með því að hlaupa í burtu og ná í lögregluna, en hún hafi bara ekki hugsað um það. Það sé af sömu ástæðu sem hún stóð þarna við bifreiðina, þangað til Sævar Marinó kom og sendi hana í burtu. Ákærðu kom ekki heldur til hugar að kalla í lögregluna, þegar hún hljóp í burtu og fór inn í rauða húsið. Það eina, sem henni hafi komið til hugar, hafi verið að hlaupa burtu. Ákærða var á þessari stundu heldur ekki hrædd um, að Geirfinnur gæti beðið bana, enda hugsaði hún ekki um það.

Síðan segir í dómsframburði ákærðu, að Sævar Marinó hafi komið heim stuttu á eftir henni. Hann minntist ekki á það við hana, sem gerst hafði, að öðru leyti en því, að hann sagði henni að hafa ekki orð á þessu. Seinni part dags fóru þau Sævar Marinó sennilega á Land Rover bifreiðinni og sóttu Volkswagen bifreiðina heim til Guðjóns að Ásvallagötu 46, en Sævar Marinó hafði sagt ákærðu, að bifreiðin væri þar. Sævar Marinó var með lyklana að bifreiðinni, og heldur ákærða, að hann hafi ekki hitt Guðjón. Kápa ákærðu var ekki í bifreiðinni, og sagði Sævar Marinó, að hún væri hjá Bjarna Þór á Bergþórugötu 27. Ákærðu þrifu bifreiðina upp, en síðan skiluðu þau henni á bílaleiguna. Ákærða afhenti Guðmundi Magnússyni lyklana. Ákærða sá ekki blóðbletti í bifreiðinni eða annað, sem benti til átaka.

Ákærða kveðst kannast við Pál Konráð Konráðsson. Hún man ekki eftir, að hann hafi stöðvað sig í akstri á Laugavegi hinn 20. nóvember til að ná í yfirhöfn Kristjáns Viðars.

Ákærðu komu Land Rover bifreiðinni til Bjarna Þórs hinn 20. eða 21. nóvember, og hann gerði við bensínjök og hemla. Ákærða minnst þess ekki að hafa séð kápu sína heima hjá Bjarna Þór, en Sævar Marinó hafi sagt sér, að hann hafi farið í henni til Bjarna Þórs og gleymt henni þar. Sævar Marinó var oft í kápunni, en ákærða man ekki, hvort hann var í henni í þetta skipti.

Í lögregluskýrslunni 13. desember sagði ákærða, að hún hefði ekið Land Rover bifreiðinni að Bergþórugötu, þar sem Bjarni Þór hafi gert við bensíngjöfina. Man ákærða, að Sævar Marinó var þá í kápunni, sem hún hafði gleymt í Volksvagen bifreiðinni í Keflavík að kvöldi 19. nóvember 1974. Ákærða heldur, að Sævar Marinó hafi skilið kápu eftir heima hjá Bjarna Þór, þegar þau voru þar, en það var eftir kvöldmat, og heldur ákærða, að það hafi verið á fimmtudagskvöldi frekar en á föstudagskvöldi, en í sömu viku og þau fóru til Keflavíkur.

Síðan segir í framburði ákærðu í dómi, að hún hafi farið á Land Rover bifreiðinni beint frá Bjarna Þór að Grettisgötu 82 og Sævar Marinó verið með henni. Þó geti verið, að þau hafi sótt Guðjón. Ákærða kveðst ekki alveg geta staðhæft, hvaða dag þetta var, hvort það hafi verið 20. eða 21. nóvember. Sævar Marinó sagði ákærðu ekki, hvert erindið væri. Hann sagði henni að aka bifreiðinni á bak við húsið og þar aftur á bak inn í húsasund að kjallaradyrunum að Grettisgötu 82. Þau Sævar Marinó fóru inn í kjallarann og síðan upp á hæðina til Kristjáns Viðars. Guðjón Skarphéðinsson var staddur hjá Kristjáni Viðari. Ákærða man eftir, að hún fann vonda lykt, þegar hún fór í gegnum kjallarann, og var lyktin svipuð og var í Land Rover bifreiðinni síðar. Ákærða sá ekki í kjallaranum neitt, sem vakti sérstaka athygli hennar. Þegar upp í íbúðina til Kristjáns Viðars kom, var ráðgast um, hvað gera ætti við lík Geirfinns, en ákærða vissi þá ekki, að það væri geymt í kjallaranum að Grettisgötu 82. Rætt var um, hvar grafa ætti líkið, og komu ýmsir staðir til tals, svo sem Hafnarfjarðarhraun, Vífilsstaðahraun og úti á Álftanesi. Endirinn varð sá, að ákveðið var að flytja líkið upp í Rauðhóla og grafa það þar. Ákærða var ein inni í herbergi Kristjáns Viðars, á meðan meðákærðu fóru niður í kjallarann. Þeir voru þarna nokkra stund, og var ákærðu farin að leiðast biðin. Sævar Marinó kom upp í íbúðina og sótti ákærðu. Þegar ákærða kom að bifreiðinni, var búið að bera lík Geirfinns út í hana. Tveir pakkar voru í bifreiðinni og var vafið um þá plasti og einhvers konar fatnaði. Annar pakkinn var stærri og gæti stærð hans samsvarað því, að í honum hafi verið lík af manni. Hinn pakkinn var um 1/3 af lengd stærri pakkans, en jafn breiður. Band var hnýtt utan um pakkana. Ákærða kveðst hafa ekið bifreiðinni. Sævar Marinó hafi setið í framsæti við hlið hennar og Guðjón við hlið hans, en Kristján Viðar í aftursæti.

Í lögregluskýrslu hinn 13. desember getur ákærða þess ekki, að Guðjón hafi verið með. Ákærða kveður Sævar Marinó hafa sagt sér að aka eitthvað austur og fara varlega. Ákærða farin mjög vonda lykt í bifreiðinni, eins og af úldnu kjöti, og spurði hún Sævar Marinó að því, af hverju þessi lykt væri. Hann svaraði því ekki á annan hátt en að snúa út úr fyrir henni.

Á leiðinni upp í Rauðhóla var staðnæmst við Nesti á Ártúnshöfða, og Sævar Marinó tók bensínbrúsa, sem var í bifreiðinni. Sagðist hann ætla að taka bensín á hann. Brúsi þessi, sem var úr blikki og með einhverri áletrun, tók 5 lítra. Þeir Sævar Marinó og Guðjón fóru og tóku bensín á brúsann, og var að því búnu ekið áfram áleiðis upp í Rauðhóla.

Í lögregluskýrslu segir, að þegar kom að afleggjaranum, sem liggur að Rauðhólum, hafi Sævar Marinó sagt henni að aka inn á afleggjarann. Ákærða ók síðan samkvæmt fyrirsögn Sævars Marinós, og heldur hún, að hún hafi farið fyrsta afleggjara til hægri inn í Rauðhólana. Ákærða ók yfir einhverjar ójöfnur, og stöðvaði hún síðan bifreiðina, þar sem Sævar Marinó sagði henni.

Síðan segir áfram í dómsframburði ákærðu, að þeir Sævar Marinó, Kristján Viðar og Guðjón hafi farið út úr bifreiðinni og byrjað að grafa gryfju. Ákærða var fyrst í stað í bifreiðinni, en þorði ekki að vera þar og fór út, þar sem hún var viss um, að lík væri í bifreiðinni. Ákærða man ekki eftir nema einni skóflu, sem notuð var við gröftinn, en þó geti verið, að um tvær rafi verið að ræða. Ákærða kveðst

ekkert vita, hvaðan skóflan eða skóflurnar voru. Man hún ekki eftir, að haki hafi verið hafður meðferðis. Hún kannast ekki við að hafa sótt skóflur til Guðjóns, og ekki kannast hún við að hafa verið með, þegar skóflum var skilað til hans. Vissi hún ekkert um skófluna eða skóflurnar, fyrr en hún sá hana eða þær í bifreiðinni. Ákærða sá skóflu þá, sem rannsóknarlögreglan lagði hald á. Hún kveðst ekki geta sagt um, hvort skófla þessi var notuð við gröftinn, en skófla sú, sem var notuð, var alveg sams konar. Þegar búið var að grafa gryfjuna, sem var um 2 metrar á lengd og hnédjúp, voru báðir pakkarnir sóttir og settir ofan í hana. Sævar Marinó kom með brúsann og hellti bensíni yfir. Kveikt var síðan í, en ákærða veit ekki, hver gerði það.

Í lögregluskýrslu segir ákærða, að það hafi verið Sævar Marinó, sem kveikti í. Mikill eldur gaus upp, og kom upp vond lykt, eins og af úldnu kjöti, sem brennt er. Líkið, sem henni hafði virst vera í eðlilegri stærð, hafi herpst saman.

Þegar eldurinn var um það bil að slokkna, var mokað ofan í gryfjuna. Ákærða fór þá inn í bifreiðina, og sá hún, að þeir Sævar Marinó og Kristján Viðar voru að velta stórum steini ofan í gröfina. Ákærða kveður þetta hafa gerst skömmu fyrir miðnætti. Meðá.kærðu komu að þessu loknu í bifreiðina. Sagði Sævar Marinó, að nú væru þeir lausir við þetta. Átti hann þar við líkið og málið allt saman, og tók Kristján Viðar undir það. Ákærða ók síðan af stað til Reykjavíkur. Sögðu bæði Sævar Marinó og Kristján Viðar, að hún mætti ekki segja frá þessu, alveg sama hver spyrði. Kristjáni Viðari var fyrst ekið heim, síðan Guðjóni, en að því búnu héldu þau Sævar Marinó heim til sín á Hjallaveg, og var þá klukkan um 0100 eða 0200. Þegar þau komu þangað, ítrekaði Sævar Marinó það við ákærðu, að hún mætti ekki skýra frá þessu, og ef einhver spyrði hana, ætti hún að segja, að Klúbbmenn og Einar bróðir hennar væru við þetta riðnir, en Sævari Marinó var mjög illa við Einar, og ákærða var einnig reið út í hann. Þegar líkflutningurinn átti sér stað, var mikið myrkur, en þurrt veður.

Ákærða kveðst hafa verið heitbundin ákærða Sævari Marinó á þessum tíma.

Hún bauðst ekki til þess að aka líkinu í Rauðhólana og gerði það ekki af fúsum vilja. Sævar Marinó hafi krafist þess af sér og hún engum andmælum hreyft við því. Ef ákærða hefði neitað, hefði hann ef til vill barið hana og hún getað átt von á hverju sem var. Ákærða kveðst ekki geta greint nánar frá felustað líksins en hún hefur gert

Ákærða hefur skýrt frá því hjá lögreglu, að nokkrum dögum síðar, að ákærða heldur næstu helgi á eftir, hafi þau Sævar Marinó verið stödd að Grýtubakka 10. Sævar Marinó lagði þá enn áherslu á það við hana, að hún mætti ekki segja frá því, sem gerst hefði, og átti þar við atburðinn í Keflavík og í Rauðhólum. Hann tók fram, að það væri alveg sama, hver spyrði hana um það, hún ætti alltaf að segja, að það væru Klúbbmennirnir, sem stæðu á bak við þetta. Sævar Marinó sagði einnig, að þetta hefði allt farið út um þúfur, þar sem hann hefði tekið vitlausan mann. Þá mundi ákærða eftir því, að Sævar Marinó hafði, áður en þau fóru til Keflavíkur, talað um einhvern Geira, og er ákærða viss um, að það var í sambandi við atburðinn í Keflavík. Þegar Sævar Marinó sagði, að allt hefði farið út um þúfur og hann hefði tekið vitlausan mann, var ákærða viss um, að Geiri, sem Sævar Marinó hafði talað um, var einhver annar en Geirfinnur.

Þá segir áfram í skýrslunni, að þennan sama dag hafi ákærðu öll hist að Grettisgötu 82. Sögðu þeir Sævar Marinó og Kristján Viðar Guðjóni þar frá því, að þeir hefðu brennt lík Geirfinns, en ákærða man ekki, hvort þeir töluðu um, að það væri í Rauðhólunum. Ákærðu virtist Guðjón taka því sem sjálfsögðum hlut. Þá komu þeir Kristján Viðar, Sævar Marinó og Guðjón sér saman um það, að þeir

skyldu nefna Klúbbmennina, ef þeir yrðu spurðir um Geirfinnsmálið. Sævar Marinó spurði ákærðu þá að því, hverjir væru í þessari Klúbbklíku, og sagði ákærða honum, að það væru Valdimar Olsen, Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson, Einar Bollason og tveir nafngreindir menn.

Ákærða greindi frá því í dómsframburði, að hún myndi, að einhvern tíma hefði verið rætt um það, að lík Geirfinns mundi ekki finnast, og sagði Sævar Marinó í því sambandi, að það væri eina sönnunargagnið í málinu. Var rætt um að benda á hina og þessa staði til að villa um fyrir lögreglunni, ef málið kæmist upp.

Ákærða kveðst hafa verið stödd að Grýtubakka 10 í lok nóvember eða byrjun desember 1974 ásamt Sævari Marinó. Ákærða man eftir því, að Sævar Marinó átti þarna símtal við einhvern mann, sem hún veit ekki hver var. Í símtalinu sagði Sævar Marinó að flytja þyrfti „þetta“. Hann tilgreindi ekki nánar, hvað „þetta“ væri, en seinna áttaði hún sig á því, að um lík Geirfinns væri að ræða. Sagði Sævar Marinó í símtalinu, að ekki væri hægt að hafa „þetta“, þar sem það væri. Sævar Marinó minntist aldrei á það við ákærðu, hvort líkið hefði verið flutt.

Ákærða hefur skýrt frá því í lögregluskýrslu, að þegar hún kom heim frá Kaupmannahöfn vorið 1975, hafi hún ekið Sævari Marinó í Rauðhóla. Telur hún víst, að hann hafi verið að karma, hvort nokkur ummerki sæjust eftir verknað hans og Kristjáns Viðars. Ákærða kveðst hafa skýrt lögreglunni frá því, hvert hún ók þá í Rauðhóla, og sé það satt og rétt. Telur ákærða, að þau hafi ekið sömu leið þá og þegar þau fóru með líkið, en hún treystir sér ekki til að benda nákvæmlega á staðinn, þar sem þá var myrkur. Gröfin var grafin í jaðri á stórum hól, og voru stórir steinar þar nálægt, fleiri heldur en meðákærðu höfðu velt yfir gröfina.

Í einum af framburðum ákærðu skýrði ákærða frá því, að hún hefði skotið Geirfinn Einarsson í Dráttarbrautinni. Í síðari framburði sagði hún, að þetta væri ekki rétt. Ástæðuna fyrir þessum framburði kvað ákærða vera þá, að hún hafi kvalist af samviskubiti, þar sem hún hafði „logið upp sök á tvo menn“, sem sátu í gæsluvarðhaldi vegna máls þessa. Hafi hún viljað taka á sig sökina til að losa um mennina.

Ákærða var samprófuð 5. júlí sl. við ákærða Sævar Marinó um það, sem á milli ber í framburðum þeirra.

Ákærða kveðst ekki muna eftir því, sem ákærði Sævar Marinó segir, að hann hafi sagt henni hinn 18. nóvember 1974 frá samtalinu við Geirfinn og væntanlegum viðskiptum. Sig rámi í, að ákærði hafi sagt sér þennan dag, að hann ætlaði að eiga einhver viðskipti við mann, sem hann hefði hitt í Klúbbnum með Kristjáni Viðari.

Ákærðu segja bæði, að þau hafi farið á bílaleiguna Geysi hinn 19. nóvember 1974, seinni part dags, og fengið Volkswagen bifreið leigða hjá forstöðumanni bílaleigunnar, Guðmundi Magnússyni, án þess að um það væri gerður skriflegur samningur. Þeim var kynnt það, sem Guðmundur Magnússon segir um þetta, en þau segja framburð sinn réttan um þetta engu að síður.

Ákærðu halda því bæði fram, að þau hafi verið á kvikmyndasýningu á Kjarvalsstöðum að kvöldi 19. nóvember 1974, svo sem í framburðum þeirra greinir.

Ákærði Sævar Marinó heldur fast við framburð sinn um það, hvernig Kristján Viðar hafi verið klæddur. Ákærða kveðst ekki muna þetta fyrir víst. Geti verið, að Kristján Viðar hafi verið öðruvísi klæddur en hún hefur skýrt frá.

Ákærðu Erlu var kynnt það, sem ákærði Sævar Marinó hefur skýrt frá, að Guðjón hafi verið sestur undir stýri á Volkswagen bifreiðinni á Vatnsstíg, þegar ákærðu Sævar Marinó og Kristján Viðar komu þangað. Ákærða kveðst halda fast við það, sem hún hefur skýrt frá um þetta atriði. Ákærði Sævar Marinó segir eftir nánari athugun, að það geti verið rétt, sem ákærða Erla segir, að Guðjón hafi komið upp í Volkswagen bifreiðina neðar á Vatnastígnum, á móts við sendibifreiðina. Ákærði Sævar Marinó kveðst muna greinilega eftir því, að Guðjón hafi setið undir stýri Volkswagen bifreiðarinnar, þegar ákærði og Kristján Viðar töluðu við Sigurð óttar. Élkærðu héldu fast við framburð sinn um það, hvar bifreiðunum hefði verið lagt, þegar niður á Vatnsstíg kom, og náðist ekki samræmi.

Lesið var upp úr framburðum ákærðu um það, sem talað var í bifreiðinni á leiðinni til Keflavíkur. Vísuðu þau til framburða sinna um þetta, og náðist ekki samræmi.

Ákærða Erla kveðst ekkert muna, hvað Kristján Viðar sagði, þegar hann kom í bifreiðina aftur við Hafnarbúðina í seinna skiptið.

Lesnir voru framburðir ákærðu um það, sem gerðist í bifreiðinni í Keflavík, eftir að Geirfinnur kom inn í hana. Sagði ákærði Sævar Marinó framburð ákærðu Erlu réttan að undanskildu því, að engar ryskingar hefðu átt sér stað í bifreiðinni, og einnig að ekið hefði verið rakleitt í Dráttarbrautina, en ekki um Keflavík.

Framburðir ákærðu um átökin í Dráttarbrautinni voru lesnir í dóminum. Hélt hvort þeirra fast við framburð sinn um átökin, og náðist ekki samræmi.

Ákærðu var kynntur framburður ákærða Sævars Marinós um skil á Volkswagen bifreiðinni. Hún kveðst, svo sem hún hefur áður skýrt frá, hafa afhent Guðmundi Magnússyni lykllana að bifreiðinni. Ákærði kannast ekki við að hafa verið með ákærðu Erlu, þegar hún skilaði Guðmundi Magnússyni lykklunum.

Ákærði Sævar Marinó heldur fram sem áður, að þau hafi sótt Guðjón vestur á Ásvallagötu 46 og hafi hann haft a. m. k. eina skóflu meðferðis. Ákærða Erla kveðst ekki muna um þetta fyrir víst, en ekki vilja mótmæla því. Ákærðu ber saman um, að Guðjón hafi verið að Grettisgötu 82 að kvöldi hins 21. nóvember 1974 að ákærði Sævar Marinó segir, þegar lík Geirfinns var flutt þaðan upp í Rauðhóla, en annað hvort 20. eða 21. nóvember að því er ákærða Erla segir. Ákærði Sævar Marinó kveður Guðjón hafa aðstoðað við að bera líkið ú í bifreiðina. Ákærða Erla kveðst hafa verið inni í herbergi Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82, þegar líkið var borið út. Ákærði Sævar Marinó heldur því fram, að tvær skóflur hafi verið hafðar með í ferðina svo og haki. Ákærða Erla man ekki eftir nema einni skóflu.

Ákærða Erla kveður tvo pakka hafa verið í bifreiðinni, þegar lík Geirfinns var flutt upp í Rauðhóla, svo sem í framburði hennar greinir. Ákærði neitar að hafa séð nema einn pakka, sem var lík Geirfinns.

Ákærðu staðfesta framburði sína um, hvar þeir ákærðu Sævar Marinó og Guðjón hafi setið í bifreiðinni á leiðinni upp í Rauðhóla, en þeim ber samara um, að Guðjón hafi verið með í ferðinni. Ákærði kveðst hafa verið ölvaður og ekki muna þetta greinilega. Ákærða kveður það ekki rétt, að ákærði Sævar Marinó hafi verið ölvaður.

Ákærða Erla segir, að tekið hafi verið bensín í Nesti á Ártúnshöfða. Ákærði Sævar Marinó .man ekki eftir því, en brúsi, sem Kristján Viðar átti, hafi verið hafður meðferðis.

Ákærði Sævar 1Vlarinó kveður þá Kristján Viðar og Guðjón hafa hjálpast að því að grafa gróf fyrir líkið. Ákærða kveðst ekki hafa fylgst með þessu. Ákærði Sævar Marinó telur, að hann hafi hellt bensíni yfir líkið og kveikt í. Ákærðu neita bæði að hafa hreyft við líkinu eftir 21. nóvember 1974.

Ákærða Sævari Marinó var kynnt það, sem ákærða Erla segir um símtal, sem hann átti að Grýtubakka 10 í lok nóvember eða byrjun desember, þar sem rætt hafi verið um flutning á líki Geirfinns, að hún heldur. Ákærði kannast ekki við símtal þetta.

Ákærðu Erlu var kynntur framburður ákærða um það, að hún hafi sagt við hann, að hún hefði ásamt Kristjáni Viðari og einhverjum óþekktum manni flutt lík Geirfinns úr Rauðhólum. Ákærða kannast ekki við að hafa sagt þetta.

Ákærða Sævari Marinó var kynntur framburður ákærðu um, að hann hafi sagt, að fela þyrfti lík Geirfinns vel, því að það æri eina sönnunargagnið í málinu. Ákærði kannast ekki við að hafa sagt þetta.

Ákærða Erla var samprófuð við ákærða Kristján Viðar 6. júlí sl., svo sem áður greinir.

Ákærða kveðst halda fast við framburð sinn í málinu. Ákærði Kristján Viðar hafi verið með í ferðinni til Keflavíkur hinn 19. nóvember 1974 og átt þátt í átökunum við Geirfinn Einarsson.

Framburður ákærðu um átökin var lesinn upp. Ákærði Kristján Viðar kveður framburðinn rangan, hann hafi ekki verið staddur í Dráttarbrautinni í Keflavík hinn 19. nóvember 1974.

Samræmi náðist ekki í fram:burðum ákærðu, og hélt hvort fast við framburð sinn.

Ákærðu Erla og Guðjón voru samprófuð hinn 12. júlí sl. Ákærða Guðjóni var kynntur framburður ákærðu Erlu frá 4. júlí sl. um það, er hún og ákærði Sævar Marinó hittu hann á veitingahúsinu Mokka hinn 18. nóvember 1974, kl. 1700.

Ákærði Guðjón kvaðst vísa til fyrri framburðar.

Lesið var úr framburði ákærðu Erlu um komuna að Lambhóli við Starhaga að kvöldi 19. nóvember 1974. Ákærða man ekki eftir að hafa farið þar inn umrætt sinn, en ákærði Guðjón kveðst halda fast við framburð sinn um þetta atriði. Ákærða Erla neitar því, að einhver þriðji maður hafi verið með þeim Sævari Marinó, en ákærða Guðjón minnir fastlega, að svo hafi verið. Ákærða telur sig hafa numið staðar við :heimili ákærða Guðjóns á Ásvallagötu, þegar hún kom frá Lambhóli. Ákærða man ekki, hvort hún hafi ekið sömu leið og ákærðu Guðjón og Sævar Marinó fóru.

Ákærða Erla kvaðst staðfesta þann framburð sinn, að ákærðu Guðjón og Sævar Marinó hafi farið inn til ákærða Guðjóns, þegar að Ásvallagötu 46 kom, en ákærði Guðjón kvað þetta ekki rétt. Ákærða Erla kannast ekki við, að neinn þriðji maður hafi farið úr bifreið hennar í nánd við heimili ákærða Guðjóns að Ásvallagötu 46 umrætt sinn. Ákærðu staðfestu framburði sína um komuna á Vatnsstíg og brottför þaðan. Á.kærði Guðjón gerði engar sérstakar athugasemdir við framburði ákærðu Erlu um þetta.

Ákærða Erla kveðst staðfesta það, sem hún hefur greint frá um ferðina til Keflavíkur. Ákærði Guðjón vísaði til framburðar síns um þetta atriði. :Hann er ekki öruggur um, hvort staðnæmst hafi verið á bensínstöð í Hafnarfirði á leiðinni, en það megi vel vera.

Ákærði Guðjón segir, að hann telji, að þau hafi verið við bíóið í Keflavík frá kl. 2200 til kl. 2210.

Ákærðu staðfestu bæði framburði sína um það, sem gerðist í Keflavík eftir komuna þangað hinn 19. nóvember 1974.

Lesið var úr framburðum ákærðu um það, sem gerðist í bifreiðinni, eftir að Geirfinnur kom í hana. Ákærði Guðjón minnst þess ekki, að ekið hafi verið um Keflavík á leiðinni í Dráttarbrautina. Hann segir það mega vera rétt hjá ákærðu, að eitthvert orðaskak hafi orðið. Ákærði man ekki til þess, að Geirfinnur hafi farið fram á að fá að fara úr bifreiðinni. Tók hann Fram í því sambandi, að leiðin frá Hafnarbúðinni í Dráttarbrautina væri örstutt. Ákærði varð þess ekki var, að sviptingar yrðu í bifreiðinni, en þorir ekki að taka fyrir það. Ákærðu vísa til fyrri framburða sinna um það, sem gerðist á leiðinni í Dráttarbrautina.

Lesið var úr skýrslum ákærðu Erlu um átökin við Geirfinn Einarsson í Dráttarbrautinni. Ákærði Guðjón kveður það vera rétt hjá ákærðu Erlu, sem hún segir um peningana, sem ákærði Sævar Marinó bauð Geirfinni, og það, sem gerðist í framhaldi af því. Það sé rétt, að hann hafi farið síðastur út úr bifreiðinni að ákærðu Erlu frátalinni. Hafi peningarnir þá legið á dreif um bifreiðina. Ákærði kveður það rétt hjá ákærðu, að hann hafi tekið í upphandlegg Geirfinns, en telur það misskilning, að Geirfinnur hafi verið að fara á brott. Ákærði ætlaði að fá Geirfinn á brott með sér. Sér hafi verið ljóst, að einhver hafði logið að Geirfinni og eitthvað var bogið við þetta allt saman. Var ætlun ákærða, að Geirfinnur færi ááreittur á brott og ekkert yrði meira úr þessu. Ákærði taldi sig eiga persónulega of mikið á hættu, ef einhver vandræði kæmu upp eða átök yrðu. Ákærði taldi, að Geirfinnur hefði misskilið það, þegar hann tók í handlegg hans. Geirfinnur hafi þó ekki brugðist illa við þessu, en þeim Sævari Marinó og Kristjáni Viðari hafi verið af lausar hendur og eins og neista væri hleypt í púður. Ákærði þorir ekki að fullyrða um nákvæman gang mála eftir þetta. Hann minnst þess ekki að hafa bent hnefunum, a. m. k. hafi ekkert séð á honum á eftir. Persónulega hafi það ekki vakað fyrir honum að lenda í átökum við Geirfinn. Ákærði getur ekki greint nánar frá átökunum en hann hefur þegar gert.

Ákærða Erla staðfesti framburð sinn um átökin.

Ákærði Guðjón man ekki eftir, að barefli eða byssa hafi verið notað í átökunum við Geirfinn, og ekki minnst hann þess að hafa bent hnefunum.

Ákærði kveðst ekkert frekar hafa að athuga við framburð ákærðu Erlu um átökin. Hann minnst þess ekki að hafa séð Sævar Marinó ganga til ákærðu og fá henni peninga. Varð hann ekki var við, þegar ákærða Erla fór á brott.

Ákærða var kynntur framburður á-kærðu Erlu um flutninginn á líki Geirfinns frá Grettisgötu 82 upp í R,auðhóla og greftrun þess þar. Ákærða kvaðst ekki vera örugg um, hvort ákærði Guðjón hafi verið með í ferð þessari, en að öðru leyti staðfesti hún framburð sinn. Ákærði Guðjón neitaði með öllu að hafa átt nokkurn þátt í flutningi á líki Geirfinns.



Ákærða Erla man ekki betur en Volkswagen bifreiðin hafi verið á Ásvallagötu 46, þegar þau ákærðu Sævar Marinó sóttu hana hinn 20. nóvember 1974. Ákærði Guðjón kveðst ekki alveg geta komið þessu heim og saman og telja þetta mikið vafamál. Hann telur sig hafa farið heim til sín um nóttina á Fiat bifreiðinni.

Ákærða var kynntur framburður ákærðu Erlu um það, þegar ákærðu hittust að Grettisgötu 82 stuttu eftir 19. nóvember 1974 og ræddu, hvað gera skyldi, ef upp kæmist um þátt þeirra í dauða Geirfinns Einarssonar. Ákærða kveðst staðfesta framburð sinn. Ákærði Guðjón neitar með öllu að hafa hitt meðákærðu að Grettisgötu 82, svo sem hún greinir frá, til að ræða, hvað gera skyldi, ef kæmist upp um þátt þeirra í dauða Geirfinns.

Ákærði kveður það rétt hjá ákærðu, að hann hafi hitt hana, eftir að henni var sleppt úr gæsluvarðhaldi 20. desember 1975. Þau hafi hist einu sinni á kaffihúsinu Tröð og einu sinni eða tvisvar á heimili hans. Það sé hins vegar rangt hjá ákærðu, að hann hafi hringt til hennar, eins og hún heldur fram, til að leita fréttu af yfirheyrslum. Ákærða kveðst halda fast við framburð sinn um þetta. Frekara samræmi náðist ekki í framburðum ákærðu.

H. Svo sem áður er rakið, greinir Sævar Marinó frá því í niðurlagi lögregluskýrslu hinn 9. desember 1976, að Sigurður Óttar Hreinsson, þá til heimilis að Kleppsvegi 4 hér í borg, hafi ekið sendibifreiðinni, er í framburðum ákærðu greinir, til Keflavíkur að kvöldi hins 19. nóvember 1974. Ákærði Kristján Viðar var yfirheyrður um þetta hinn 14. sama mánaðar, og staðfesti hann, að þetta væri rétt.

Vitnið Sigurður Óttar Hreinsson var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu hinn 13. desember 1976. Í skýrslu rannsóknarlögreglunnar segir, að þegar vitninu hafi verið gerð ljós vitnaskyldan og tilefni yfirheyrslunnar, en það eru athafnir þess síðari hluta árs 1974, skýri það frá því, að það hafi starfað sumarið 1974 við akstur sendibifreiðar af Sendibílastöðinni h/f hér í borginni. Eigandi bifreiðarinnar var Jón Þorvaldur Waltersson, Hjarðarhaga 17 hér í borg. Þetta var sendibifreið af tegundinni Mercedes Benz, að vitnið minnr af árgerð 1971, gul að lit og frambyggð. Vitnið man ekki fyrir víst, hve lengi það ók þessari bifreið, en það heldur, að það hafi verið við akstur hennar í júní og júlí 1974.

Vitnið starfaði ekkert frá því það hætti akstri sendibifreiðarinnar fram undir jól, að það best man. Var það lasið um skeið á þessum tíma, lá rúmfast og var undir læknishendi.

Vitnið telur, að það hafi flust í ágúst mánuði heim til frænda síns Kristjáns Viðars Viðarssonar og ömmu þeirra að Grettisgötu 82. Þar hélt það til, að það minnr fram undir eða fram yfir jól.

Í ágúst fór vitnið nokkrum sinnum með þeim Kristjáni Viðari og Sævari Marinó í veiðiferðir. Töluverð óregla var á Kristjáni Viðari, á meðan vitnið dvaldist hjá honum, og alls konar lausungarlýður lagði lag sitt við hann. Á þessu tímabili var Kristján Viðar um tíma að mestu að Laugavegi 32 sem einhvers konar húsvörður, en kom þó oftast heim á Grettisgötu á nóttunni.

Vitnið kveðst hafa farið í september 1974 í þriggja vikna skemmtiferð til Mallorca og komið heim um miðjan október. Í ferðinni kynntist það Guðmundi Magnússyni, sem hafði með höndum rekstur bílaleigunnar Geysis. Eftir að vitnið kom úr ferðinni, fór það að hafa töluverð samskipti við Guðmund. Það hjálpaði honum við eitt og annað á bílaleigunni og fékk í staðinn lánaðar bifreiðar hjá honum endurgjaldslaust. Vitnið heimsótti Guðmund einnig nokkuð oft.

Vitnið var spurt um, hvað það hefði aðhafst hinn 19. nóvember og aðfaranótt hins 20. árið 1974. Vitnið man ekki sérstaklega eftir þessum degi eða nóttinni eftir, en eitt kveðst það vera alveg vissst um, að það hafi ekki farið til Keflavíkur. Vitnið hefur sennilega um það bil 10 sinnum komið til Keflavíkur, en aldrei í Dráttarbrautina, enda hefur það ekki átt þangað erindi. Vitnið minnst þess ekki, að það hafi nokkurn tíma ekið einu eða öðru í sendibifreið fyrir Kristján Viðar, Sævar Marinó eða Erlu Bolladóttur. Það rámar í, þegar það hefur verið minnt á það, að það hafi einhvern tíma flutt eitthvert dót fyrir Erlu í hús við Hjallaveg. Heldur vitnið, að hún hafi verið að flytja búferlum, en búslóðin var ekki mikil. Vitnið man ekki, hvort það annaðist flutninginn á sendibifreið eða á Ford Mustang fólksbifreið, sem það átti, en þó sé sennilegra, að það hafi verið Ford Mustang bifreiðin. Vitnið fékk oftast en einu sinni lánaða sendibifreið hjá Jóni Þorvaldi, eftir að það hætti að aka fyrir hann, en minnst þess ekki að hafa notað slíka bifreið í þágu ákærðu.

Vitninu var bent á, að Sævar Marinó haldi því fram í lögregluskýrslu, að það hafi verið með sendibifreið í Dráttarbrautinni í Keflavík seint að kvöldi hinn 19. nóvember eða aðfaranótt hins 20. árið 1974. Vitnið kveður þetta helber ósannindi, það hafi aldrei komið í Dráttarbraut Keflavíkur og hafi aldrei ekið einu eða neinu í sendibifreið fyrir þá Kristján Viðar og Sævar Marinó.

Vitnið var haft í haldi þar til daginn eftir. Kom það þá til skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglunni kl. 1100. Segir vitnið í upphafi skýrslunnar, að eftir langar samræður ætli það nú að segja sannleikann. Vakinn var athygli þess á ákv. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974.

Vitnið kvaðst hafa vitað um, að Kristján Viðar hafi átt símtal í nóvember 1974 við einhvern mann í kaffihúsinu Mokka. Það man ekki, hvaða dag þetta var, en það gæti hafa verið í kringum hinn 19. nóvember. Vitnið veit ekki, um hvað samtalið fjallaði. Um kvöldið spurði Kristján Viðar vitnið, hvort það gæti ekið sendiferðabifreið fyrir sig til Keflavíkur. Vitnið veit ekki nákvæmlega, hvert var erindið þangað, ákærði sagði aðeins, að hann ætti að sækja eitthvað. Vitnið hafði þennan dag verið að stilla kúplinguna á gulri Mercedes Benz sendiferðabifreið, sem Jón Þorvaldur Waltersson átti. Vitnið féllst á að fara þessa ferð.

Vitnið kom á bifreiðinni nokkru eftir kl. 2100 á Vatnsstíg og lagði henni vinstra megin í götunni í átt að sjónum. Vitnið var eitt síns liðs í bifreiðinni. Skömmu síðar kom Kristján Viðar að bifreiðinni og talaði við vitnið. Hann sagði því, að það ætti að aka til Keflavíkur og bíða suð-vestan við bæinn. Sævar Marinó var ekki viðstaddur samtalið þetta.

Vitnið ók af stað og stöðvaði hvergi á leiðinni. Það sá enga aðra bifreið, sem var ekið á undan því eða á eftir. Þegar komið var út fyrir Keflavík, beið vitnið um 20 mínútur. Þá kom Kristján Viðar að bifreiðinni og sagði, að það skyldi aka neðar. Vitnið ók þá bifreiðinni inn í Dráttarbrautina og nam staðar í 10-12 metra fjarlægð frá bryggjunni. Sneri það bifreiðinni við, stöðvaði vélina og slökkti ljósin.

Eftir um hálf tíma bið kom Kristján Viðar aftur að bifreiðinni og sagði: „Þetta er allt í lagi, það verður ekkert úr þessu, þú getur farið, þú veist ekkert um málið". Vitnið sá engan í Dráttarbrautinni nema Kristján Viðar. Rifa var á glugganum, og heyrði vitnið mannamál. Það tók ekki eftir því, hvort átök áttu sér stað ofar í Dráttarbrautinni. Vitnið tók fram, að það hefði sjálfst ekki tekið þátt í neinum átökum.

Vitnið ók bifreiðinni síðan burt úr Dráttarbrautinni áleiðis til Reykjavíkur. Það varð ekki vart við mannaferðir eða sá bifreið, þegar það ók í gegnum Dráttarbrautina. Vitnið nam aldrei staðar á leiðinni til Reykjavíkur, en þangað kom það um kl. 2400. Það ók heim til sín að Grettisgötu 82 og lagði

bifreiðinni. Vitnið hélt strax inn í húsið og fór að sofa. Vitnið heldur, að komið hafi verið undir morgun, þegar það vaknaði við það, að Kristján Viðar kom inn í herbergið, sem það svaf í. Hann sagði „halló“ við vitnið. Þegar vitnið spurði, hvað hefði gerst, sagði hann, að ekkert hefði skeð, það væri hans mál og vitnið ætti ekki að skipta sér af því. Vitnið og Kristján Viðar sváfu á þessum tíma oftast í sama herbergi. Vitnið heyrði ekki í bifreið um nóttina. Það varð ekki vart við, að neitt væri flutt inn í kjallarann að Grettisgötu 82, og Kristján Viðar nefndi það ekki við vitnið síðar. Vitnið fór eitt ferð þessa á sendiferðabifreiðinni. Það kveðst geta svarið, að engir aðrir hafi verið með og ekki heldur nafngreindur maður.

Vitnið kvaðst ekki geta sagt með vissu, hvort það hafi verið hinn 19. nóvember 1974 sem það fór til Keflavíkur, en það er visst um, að það fór um það leyti. Vitnið hugsaði ekki út í fyrr en síðar, þegar búið var að taka Kristján Viðar fastan og blöðin höfðu skrifað um málið, að þetta kvöld hefðu átt sér stað atburðir í sambandi við Geirfynn. Vitnið kveðst taka skýrt fram, að því hafi ekki verið kunnugt um neitt áfengissmygl eða að Geirfynnur ætti hlut að slíku máli, áður en það fór þessa ferð. Það kveðst ekki hafa vitað um neitt slíkt, því hafi aðeins verið sagt að fara. Vitnið fór ferðina ekki vegna peninga, heldur í vináttuskyni við Kristján Viðar.

Vitnið tók ekki eftir, að neitt væri falið í kjallara hússins Grettisgötu 82 á þessum tíma, og það veit heldur ekki til þess, að neitt hafi verið flutt úr kjallaranum nokkrum dögum síðar. Vitninu var ekki kunnugt um, að Sævar Marinó hefði sofið í íbúð Kristjáns Viðars um nóttina, a. m. k. ekki í herbergi þess, en hugsanlega gæti hann hafa verið í öðru herbergi.

Vitnið kvaðst hafa sagt allan sannleikann.

Vitnið kom fyrir dóm framangreindan dag hjá Erni Höskuldssyni fulltrúa. Það var yfirheyrt sem kærði og gætt ákv. 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974. Framburður hans er á þessa leið:

„Kærði kveðst hafa ekið sendiferðabifreiðinni R 40045 til Keflavíkur hinn 19. nóvember 1974 og þar niður í Dráttarbraut Keflavíkur. Kærði kveðst hafa farið ferð þessa fyrir frænda sinn Kristján Viðar Viðarsson. Kærði kveðst hafa beðið í um það bil 30 mínútur á staðnum, eða þar til Kristján Viðar kom til hans og sagði, að hann gæti farið“.

Í lok skýrslunnar er bókað, að dómari muni ákveða innan sólarhrings, hvort kærði verði látinn laus eða settur í gæsluvarðhald.

Vitnið var flutt í fangelsið við Síðumúla. Þar skráði það eftirfarandi skýrslu, sem það afhenti lögreglunni:

„Kristján biður mig um að fá sendiferðabíl til þess að flytja fyrir sig einhvern hlut sem hann nefndi ekki hvað væri. Ég spurði hvað það muni vera. Hann svaraði að ég skildi sjá það þegar að því kæmi. Hann nefndi ekki hvert þetta skildi flytjast né það væri fyrir sig einan eða einhver kunningja. Ég býð Jón um að lána mér bílinn þegar hann væri ekki í notkun, daginn eftir. Hann svarar því játandi svo framarlega hann sé ekki í notkun. Daginn eftir um það bil kl. 8-8.30 tek ég bílinn þar sem hann stóð hér-um-bil á horni grettisgötu og skólavörðustígs og notaði lykilinn sem ég hafði sjálfur, ég ek síðan niður grettisgötu niður frakkastíg og niður laugaveg niður fyrri Laug. 32 begi niður Vassstíg stöðva bílinn v. megin rétt fyrir ofan 1001. Þar kemur Kristján og segir mér að ég skuli fara til Keflavíkur. Ég spyr hvað ég egi að gera þangað og hvert ég egi fara í Keflavíkina. Hann svarar að ég sjái það þegar ég kæmi þangað, hann sagði einnig að ég ætti að keira Kvík út á enda (þar bíð ég í sirk. 10-20 mín). Þá

kemur Kristján og segir að ég egi að keyra niðurundir briggju eða bátalón og snúa bílnum undan sjó. ég drep á mótör og ljósum og ég gerði það og beið um það bil 30 mín. Þá kemur Kristján og segir að það verði ekkert úr þessu og ég geti bara farið og með það fór ég.

Ég kem í bæin um það bil 12 að miðnætti til Reykjavíkur. Mg minnir að ég hafi tekið olú á umferðarmiðstöðinni er ég kem í bæinn. Ég fer síðan heim og fer að sofa. ég vakna við að Kristján kemur inn í herbergi. ég spyr hann af hverju það hafi ekkert orðið úr þessum flutningi. Þá svaraði hann að það skipti ekki máli og það væri hans mál. ég fór með bílin á sama stað kl 8 um morgunin".

Vitnið kom aftur til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni um kvöldið.

Vitnið kveðst áður hafa skýrt frá því eins náði og það getur, hvaða dag Kristján Viðar hafi beðið það að útvega sendibifreið til ferðarinnar til Keflavíkur. Það muni nú, að þeir Kristján Viðar hafi báðir verið staddir að Laugavegi 32, þegar hann færði þetta í tal við það, en þangað kom það nokkrum sinnum fyrri hluta vetrar 1974.

Vitnið kvaðst engu vilja breyta um tilgang ferðarinnar eða um hvaða leyti kvöldsins það hafi komið á sendibifreiðinni á Vatnsstíg, en það sé ekki rétt, að það hafi verið að stilla kúplinguna í bifreiðinni. Það kvaðst hafa farið til Jóns Þorvalds Walterssonar í verslunina Húsmuni á horni Vitastígs og Hverfisgötu og beðið hann um að lána sér bifreiðina. Hann hafi fallist á það, svo framarlega sem hún væri ekki í notkun. Heldur vitnið, að það hafi rætt við Jón Þorvald daginn áður en það þurfti á bifreiðinni að halda. Um aðra bifreið hafi ekki verið að ræða en þá, sem vitnið hafði ekið sumarið áður. Vitninu var kunnugt um, að fangavörður væri að aka bifreiðinni, og sagði Jón Þorvaldur því, að bifreiðin stæði einhvers staðar í grennd við Hegningarhúsið. Vitnið fór þangað kvöldið eftir samtalið við Jón Þorvald, og stóð bifreiðin í götunni milli Hegningarhússins og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis. Vitnið þurfti ekki að hafa samband við ökumanninn, því að sjálf hafði það lykil til að gangsetja bifreiðina. Dyr bifreiðarinnar voru ólæstar, og vissi vitnið, að þeim var ekki hægt að læsa. Vitnið ók bifreiðinni frá þessum stað beinustu leið á Vatnsstíg. Þegar þangað kom, kom Kristján Viðar til vitnisins og talaði við það. Vitnið man eftir, að eitthvert fólk var þarna í grenndinni, en það man ekki, hvort það þekkti það. Vitnið man ekki eftir neinni sérstakri bifreið á staðnum. Kristján Viðar sagði því að aka til Keflavíkur, eins og áður er fram komið. Kristján Viðar kom til vitnisins, þegar komið var til Keflavíkur, og sagði því að aka í Dráttarbrautina niður undir bryggjuna, snúa afturenda bifreiðarinnar að bryggjunni, slökkva ljósin, stöðva vélina og bíða. Gerði vitnið eins og hann lagði fyrir það. Vitnið man ekki sérstaklega, hvernig þarna var umhorfs, nema að lítill trébátur var á landi. Vitnið man ekki, hvort fleiri bátar voru þarna og tók ekki eftir neinum bát á sjó. Vitnið sat í bifreiðinni og beið í um 30 mínútur. Þá kom Kristján Viðar til þess, og virtist því hann vera eitthvað miður sín og móður, eins og hann væri að koma af hlaupum. Hann sagði vitninu, að ekkert yrði úr neinu og það gæti farið heim. Vitnið sá ekki mannaferðir í Dráttarbrautinni, en heyrði áljóst mannamál, eins og nokkrir menn væru eitthvað að tala. Vitnið heyrði ekki orðaskil, því að svo virtist sem -margir töluðu í einu, en annan hávaða man það ekki eftir að hafa heyrt.

Vitnið ók hingað til borgarinnar beinustu leið, og man það ekki betur en það hafi komið við á Umferðarmiðstöðinni og sett eitthvað af hrálúu á bifreiðina. Síðan ók það að Grettisgötu 82 og lagði henni gegnt húsinu. Vitnið fór að sofa, en undir morgun vaknaði það við, að Kristján Viðar var kominn, og spurði vitnið hann, hvers vegna hefði ekki orðið neitt úr þessu í Keflavík. Sagði hann þá, að það skyldi ekki skipta sér af því, það væri hans mál. Rétt fyrir kl. 0800 fór vitnið með bifreiðina á sama stað og það hafði tekið hana.

Eins og vitnið hefur áður sagt, kveðst það ekkert samband hafa haft við Guðmund Valdimarsson, sem ók bifreiðinni á þessum tíma. Man vitnið ekki til þess, að Jón Þorvaldur hafi beðið sig að gera það, þegar hann lánaði því bifreiðina, en þó geti það verið. Vitnið kvaðst vilja taka það skýrt fram, að Kristján Viðar hafi aldrei nefnt neitt nánar en það hefur þegar skýrt frá, hvert erindið væri til Keflavíkur. Vitnið man ekki heldur eftir öðrum mönnum í þeirri ferð.

Vitnið var enn yfirheyrð hjá rannsóknarlögreglunni 24. janúar sl. Er framburður þess í meginatriðum á lama veg og skýrslurnar frá 14. desember sl. og fyrir dómi hinn 25. maí sl. hjá dómurum máls þessa, þegar það vann eið að framburði sínum. Verður efni lögregluskýrslunnar því ekki rakið sérstaklega, nema þar sem á milli ber eða um viðauka er að ræða.

Vitnið skýrði frá því, að þeir Kristján Viðar væru systrasynir og þekkti það hann mjög vel. Vitnið og Sævar Marinó hafa þekkt frá því þeir voru börn. Vitnið þekkir Erlu Bolladóttur, sem var með Sævari Marinó á árunum 1974 og 1975. Vitnið þekkir hins vegar ekki Guðjón Skarphéðinsson og hafði aldrei heyrt hann nefndan.

Vitnið bjó að Grettisgötu 82 árið 1974. Kristján Viðar var þar á þeim tíma, en einnig að Laugavegi 32, þar sem hann var að vinna. Þau Sævar Marinó og Erla komu mjög oft að Grettisgötu 82. Kom þangað margt fólk, og var þar mikil óregla.

Sumarið 1974 vann vitnið við akstur fyrir Jón Þorvald Waltersson á Sendibílastöðinni h/f við Borgartún. Vitnið ók bifreiðinni R 40045, sem er Mercedes Benz sendibifreið af árgerðinni 1971, gul að lit með svarta höggvara. Gluggar voru ekki aðrir á bifreiðinni en að framan og á báðum hliðarhurðum fremst á bifreiðinni. Baksýnispeglar voru báðum megin. Vitnið starfaði á sendibílastöðinni mánuðina júní og júlí. Kveðst það hafa haldið eftir lykli að bifreiðinni, eftir að það hætti þar. Fékk það bifreiðina stundum lánaða hjá Jóni Þorvaldi, og það þá hann um bifreiðina í hvert skipti, sem það fékk hana lánaða. Vitnið man ekki nákvæmlega, hvenær það fluttist að Grettisgötu 82, en telur, að það hafi verið í ágúst. Síðast í september fór vitnið í ferð til Mallorca og kom aftur seinni partinn í október. Í ferð þessari kynntist það Guðmundi Magnússyni, sem vann á bílaleigunni Geysi. Þegar heim kom, fór vitnið að starfa á bílaleigunni og var þar fram undir áramót. Vitnið man eftir, að þau Erla og Sævar Marinó komu á bílaleiguna í a. m. k, eitt til tvö skipti. Vitnið varð ekki vart við, að þau fengju bifreið lánaða hjá Guðmundi Magnússyni, en þó geti það verið. Kristján Viðar var í fylgd með þeim, þegar þau komu á bílaleiguna.

Vitnið kveðst hafa verið stadd að Laugavegi 32 hjá Kristjáni Viðari, skömmu áður en -það fór til Keflavíkur á sendibifreiðinni. Þar var einnig staddur Páll Konráð Konráðsson. Þeir Kristján Viðar og Páll voru að ræða símtal, sem Kristján Viðar hafði átt skömmu áður við Sævar Marinó. Kristján Viðar nefndi ekki, um hvað símtalið hefði fjallað, og minntist ekki á, að það hefði verið í sambandi við ferð til Keflavíkur. Vitninu finnst þó einhvern veginn, að símtal þetta hafi verið í sambandi við ferðina.

Vitnið man, að það var stadd á Laugavegi 32 hjá Kristjáni Viðari kvöldið áður en farið var til Keflavíkur. Fór Kristján Viðar að orða það við vitnið að flytja fyrir sig eitthvað á sendibifreiðinni, en hann vissi, að það átti kost á að fá bifreiðina lánaða. Vitnið spurði Kristján Viðar, hvað það ætti að flytja, en hann sagði, að það kæmi í ljás, þegar þar að kæmi. Hann nefndi ekki, hvert ætti að fara eða hverjir stæðu að flutningnum. Vitnið var tregt til að gera þetta fyrir Kristján Viðar, en féllst þó á það og lofaði að athuga, hvort það gæti fengið sendibifreiðina lánaða hjá Jóni Þorvaldi. Í lögregluskýrslu telur vitnið, að þetta hafi verið 18. nóvember. Um hádegisdaginn eftir fór vitnið til Jóns Þorvalds í verslunina

Húsmuni á horni Vitastígs og Hverfisgötu. Það vitnið hann að lána sér sendibifreiðina til flutninga, og féllst hann á það, svo framarlega sem hún væri ekki í notkun. Jón Þorvaldur sagði vitninu, að Guðmundur Valdimarsson, sem starfaði í Hegningarhúsinu, væri með bifreiðina og mundi hún vera einhvers staðar þar í nánd.

Í lögregluskýrslu segir vitnið, að það muni ekki eftir, að Jón Þorvaldur hafi sett því nokkur skilyrði fyrir láni á bifreiðinni, en vafalaust hafi hann sagt því að láta Guðmund vita, ef það tæki bifreiðina.

Vitnið veit ekki nákvæmlega, hvaða dag þetta var, en það hafi verið fyrri part vetrar og gæti vel verið, að það hafi verið hinn 19. nóvember.

Vitnið man ekki fyrir víst, hvernig veður var, en minnir, að það hafi verið þungbúið og logn og jafnvel rigning. Vitnið telur, að það hafi hitt Kristján Viðar einhvern tíma skömmu eftir að það talaði við Jón Þorvald og sagt honum, að það gæti fengið bifreiðina lánaða. Það var ákveðið, að vitnið kæmi á sendi-bifreiðinni að Laugavegi 32 um kvöldið á tímanum frá kl. 2000 til 2100, en vitnið kveðst ekki geta sagt alveg nákvæmlega um tímann.

Vitnið fór eitt síns liðs að sækja bifreiðina R 40045, sem stóð á horninu milli Hegningarhússins og Sparisjóðs Reykjavíkur við Skólavörðustíg. Vitnið hafði ekki samband við Guðmund Valdimarsson, áður en það tók bifreiðina. Bifreiðin var ólæst, enda ekki hægt að læsa henni. Vitnið gangsetti bifreiðina og ók henni að Laugavegi 32, þar sem það taldi víst, að Kristján Viðar væri. Vitnið gat ekki lagt bifreiðinni þar og ók því niður á Vatnsstíg. Það nam staðar vinstra megin á Vatnsstíg um það bil miðja vegu á milli Laugavegar og Hverfisgötu, og var klukkan þá á milli 2100 og 2130, að því er vitnið segir í lögregluskýrslu. Vitnið fór aðeins út úr bifreiðinni, eftir að það hafði numið staðar, en fór ekkert frá henni. Í lögregluskýrslu kveðst vitnið ekki hafa farið út úr bifreiðinni. Rétt eftir að vitnið var komið á staðinn, sá það Kristján Viðar koma hlaupandi niður Vatnsstíg að bifreiðinni. Kom hann til vitnisins og hafði tal af því, þar sem það stóð fyrir utan bifreiðina. Hann sagði vitninu að aka til Keflavíkur, en nefndi ekki, hvert erindið væri, það mundi sjálft sjá það, ef af einhverju yrði. Skyldi það aka, þegar til Keflavíkur kæmi, í gegnum bæinn, nema staðar, þar sem malbikið endaði, og bíða eftir sér. Ákærði sagðist koma í annarri bifreið, og lá ljóst fyrir, að eitthvert fólk yrði með honum, enda þótt hann nefndi það ekki sérstaklega. Vitnið kveðst enn hafa spurt Kristján Viðar, hvað ætti að flytja, en hann hafi svarað á sömu leið og áður. Þegar Kristján Viðar hafði talað við vitnið, gekk hann upp Vatnsstíg í átt að Laugavegi. Nokkur umferð var um götuna, en vitnið veitti ekki neinni bifreið sérstaka athygli. Það sá ekki fólk með Kristjáni Viðari og varð ekki vart við neina bifreið, sem hann færi upp í. Vitnið kveðst að þessu búnu hafa ekið á brott áleiðis til Keflavíkur. Vitnið minnir, að það hafi ekið inn Hverfisgötu, um Laugaveg og suður Kringlumýrarbraut og síðan áfram í átt til Keflavíkur.

Vitninu voru kynntir framburðir ákærðu í málinu. Það kveðst ekki muna eftir því, sem fram kemur í framburðum þeir ra, umfram það, sem það hefur nú skýrt frá. Vitnið man ekki eftir að hafa talað við Sævar Marínó á Vatnsstíg. Það geti þó vel verið, en það komi því ekki fyrir sig. Kristján Viðar var mikið undir áhrifum lyfja á þessum tíma, en ekki man vitnið sérstaklega eftir, hvort hann var með lyfjaáhrifum umrætt sinn.

Vitnið ók til Keflavíkur án viðkomu og hélt í gegnum bæinn. Telur það í lögregluskýrslu, að klukkan hafi verið um 2200, þegar þangað kom. Það sá ekki neina bifreið á eftir sér. Það nam staðar á aðalgötunni í Keflavík, þar sem malbikið endar. Vitnið man ekki eftir að hafa numið staðar við „sjoppu“ eða bensínstöð. Vitnið var búð að bíða nokkra stund, á að giska 10-20 mínútur, þar sem það

hafði stöðvað, þegar það varð þess vart, að bifreið var stöðvuð fyrir aftan bifreið þess. Vitnið veit ekki, um hvernig bifreið var að ræða, þar sem það fór ekki út úr bifreiðinni.

Í lögregluskýrslu kveðst vitnið ekki muna að hafa orðið vart við neina bifreið, sem Kristján Viðar hafi komið með. Aftur á móti gæti slík bifreið vel hafa verið stöðvuð fyrir aftan bifreið þess, án þess að það tæki eftir því.

Kristján Viðar kom til vitnisins og ræddi við það. Vitnið sat undir stýri bifreiðarinnar, á meðan samtalið fór fram, og ýtti rúðunni til hliðar. Kristján Viðar ræddi stuttlega við vitnið. Hann vísaði því leiðina, sem ætti að aka niður í Dráttarbrautina. Skyldi það aka áfram og til vinstri, þar væri autt svæði eða plan ofan við nokkuð stórar byggingar. Hann sagði vitninu að aka niður með byggingunum, hægra megin, eins langt og það treysti sér. Ætti það að snúa bifreiðinni þar við, þannig að afturendinn sneri að sjónum, stöðva vélina, slökkva ljósin og bíða. Kristján Viðar fór að því búnu á brott frá vitninu og hélt að bifreiðinni, sem hann hafði komið með. Vitnið ók, eins og Kristján Viðar hafði sagt því, niður með byggingunni, en aðeins hálf leið eða 100-150 metra inn í Dráttarbrautina. Sneri það bifreiðinni þá við og ók aðeins aftur á bak. Vitnið opnaði aðeins rife á gluggann ökumannsmegin. Vitnið kveðst vera ókunnugt í Keflavík og hafa ekið alveg eftir leiðbeiningum Kristjáns Viðars.

Vitnið man ekki eftir neinu sérstöku í Dráttarbrautinni og man ekki eftir að hafa séð bát þar.

Vitninu voru kynntir framburðir ákærðu um það, sem gerðist, fyrst eftir að komið var til Keflavíkur. Vitnið kveðst ekki muna eftir því, sem ákærðu segja, að þeir hafi hitt það við „sjoppu“ eða bensínstöð, rétt áður en ekið var inn í Keflavík. Það man ekki eftir að hafa talað við Sævar Marinó á neinum slíkum stað, eftir að til Keflavíkur kom, en þó ekki treysta sér til að fullyrða um þetta, vegna þess hve langt sé um liðið.

Í lögregluskýrslunni segir vitnið, að það hafi séð glitta í skip, sjó og bryggju í ljósum bifreiðarinnar, þegar það ók niður með byggingunni, en lengra niður eftir treysti það sér ekki að aka. Þá virtist því enn vera nokkur spölur niður að bryggjunni og sjónum.

Vitnið hafði beðið nokkra stund í Dráttarbrautinni, þegar Kristján Viðar kom til þess, að það minnir. Sagði hann því að bíða rólegu. Vitnið sá enga bifreið í Dráttarbrautinni og man ekki eftir að hafa heyrt í bifreið. Kristján Viðar fór aftur á brott frá vitninu, og hélt það áfram að bíða í bifreiðinni. Það ýtti rúðunni til hliðar og lagðist aftur á bak í sætið. Vitnið man eftir því, að það heyrði mannamál í Dráttarbrautinni, og fannst eins og rifrildi ætti sér stað. Vitnið veit ekki, um hve marga menn var að ræða, en þeir gætu vel hafa verið 5 til 6. Vitnið telur, að mennirnir hafi verið í 10-20 metra fjarlægð, en er ekki alveg öruggt um það. Það telur sig hafa þekkt málróm þeirra Kristjáns Viðars og Sævars Marinós, en sá ekkert, hvað fram fór.

Í lögregluskýrslunni nefnir vitnið þetta ekki. Kveðst það ekki hafa heyrt orðaskil, en því hafi fundist talað hærra en í venjulegum samræðum og einhver verið í röddunum.

Vitnið heyrði, að mannamálið kom úr átt frá sjónum. Það fór ekki út úr bifreiðinni. Það hafi ekkert séð, hvað fram fór, vegna myrkurs og eins vegna þess, hvernig bifreiðin sneri. Vitnið gat ekki greint, hvað sagt var. Það hafi ekki beinlínis orðið vart við átök, en einhvern óróa. Vitnið var ekki frá því, að það hafi litið í baksýnispegil bifreiðarinnar, en ekkert séð í honum fyrir myrkri. Á meðan á þessu orðaskvaldri stóð, kom Kristján Viðar hlaupandi fram með bifreiðinni til vitnisins og sagði við það eitthvað á þessa leið: „Það verður ekkert úr þessu, þú getur bara farið, þú veist ekkert um málið“.

Kristján Viðar var móður og virtist í æstu skapi. Hann útskýrði þetta ekki nánar, en fór þegar á brott frá vitninu, og spurði það hann einskis. Vitnið telur, að það hafi beðið alls í Dráttarbrautinni um hálf tíma. Það ók þaðan rակleitt til Reykjavíkur. Þegar til Reykjavíkur kom um kl. 2400, ók það fyrst á Umferðarmiðstöðina og tók eldsneyti. Ók það síðan að Grettisgötu 82 og lagði bifreiðinni vinstra megin í stæði miðað við akstursstefnu.

Í lögregluskýrslu kveðst vitnið hafa tekið eldsneyti á bifreiðina í stað þess, sem það hafði eytt.

Vitnið fór að sofa, þegar að Grettisgötu 82 kom. Það vaknaði einhvern tíma seint um nóttina, þegar Kristján Viðar kom inn til þess, en þeir sváfu í sama herbergi. Fór vitnið enn að spyrja hann um ferðina og hvers vegna ekkert hefði orðið úr flutningnum. Hann sagði, að það skipti ekki máli, það væri hans mál, og var ekki frekar minnst á ferðina. Hefur aldrei verið á hann minnst síðar og vitnið ekki verið beðið að þegja yfir henni. Vitnið skilaði bifreiðinni um kl. 8 morguninn eftir á sama stað og það hafði tekið hana. Telur það vafasamt, að ökumaður hafi orðið var við, að henni hafði verið ekið um nóttina. Vitnið varð aldrei vart við, að neitt væri falið í kjallaranum að Grettisgötu 82 á þessum tíma.

Eins og áður greinir, sá vitnið enga menn með Kristjáni Viðari í ferðinni, en því var ljóst, að einhverjir voru með honum. Vitnið sá ekki heldur bifreiðina, sem hann kom í, en er þó ekki alveg öruggt með það. Vitninu fannst ferðalag þetta grunsamlegt og hafi Kristján Viðar aldrei viljað gefa neina skýringu á því, hvað gerst hefði. Vitnið kveðst ekki hafa sett ferðina í samband við hvarf Geirfinns Einarssonar eða smygl á spíritus. Það var aldrei nefnt við vitnið, að það ætti að fá þóknun fyrir ferðina, og hafi ferðin verið farin í greiðaskyni við Kristján Viðar. Vitnið kveðst ekki hafa farið nema þessa einu ferð til Keflavíkur á sendiferðabifreið árið 1974. Það kveðst einu sinni áður hafa farið í Njarðvíkurnar á eigin bifreið, sem er fólksbifreið, og var það fyrri part þessa árs.

Vitnið lýsti því yfir, að það staðfesti skýrslur sínar hjá rannsóknarlögreglu með áorðnum breytingum.

Vitnið staðfesti, að bifreiðin R 40045 hefði staðið í Dráttarbrautinni, svo sem það greindi frá við sviðsetningu þar hinn 23. janúar 1977 og síðar verður rakið.

Hinn 12. október sl. var vitnið Sigurður Óttar Hreinsson yfirheyrt að nýju hjá rannsóknarlögreglunni. Tilefni yfirheyrslunnar var það, að Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður hafði skýrt tveimur af dómurum máls þessa frá því, að vitnið hefði sagt í viðtali mánudaginn 10. lama mánaðar á skrifstofu Róberts Árna Hreiðarssonar lögfræðings í viðurvist sinni og Páls A. Pálssonar héraðsdómslögmanns, að það hefði aldrei farið til Keflavíkur framangreint sinn. Væri framburður þess um þetta ekki réttur og tilkominn vegna hótana um gæsluvarðhald og annarra ógnana.

Í skýrslu þeirri, sem tekin var af vitninu framangreindan dag, skýrði það frá því, að fyrsta skýrslan, sem tekin var af því hinn 13. desember 1976, væri sú eina rétta, en aðrar skýrslur þess væru rangar og hið sama væri að segja um framburð þess fyrir dómi hinn 25. maí sl. Vitnið kveðst hafa verið lengi í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni, þegar það var fyrst yfirheyrt, og verið haft í haldi nóttina eftir. Því hafi verið hótad gæsluvarðhaldi, ef ekki kæmi réttur framburður. Síðan segir í skýrslu vitnisins: „Rannsóknarmenn voru þá búnir að leiða mig inn í málið, og ég skáldaði eða glósaði í eyðurnar. Er ég ætlaði að halda mig við fyrstu skýrslu mína, var mér ávallt borið á brýn, að ég segði ósatt, og af ótta við lögreglumennina og við gæsluvarðhald þá tók ég til þess ráðs að skálda í eyðurnar. Ég vil því greina hér frá því, að ég hefi aldrei ekið sendibifreið til Keflavíkur, hvorki þann 19. nóv. 1974 né nokkru sinni áður eða eftir þann tíma“.



Vitnið kveður sér hafa verið sleppt úr Síðumúlafangelsinu um miðnætti hinn 14. desember 1976. Morguninn eftir hafi það farið til Róberts Árna Hreiðarssonar lögfræðings, sem þá hafði aðsetur í Túngötu 5. Kveðst það hafa sagt honum, að það hefði verið látið játa þessa ferð til Keflavíkur hinn 19. nóvember 1974, sem það hefði aldrei farið. Það hafi leitað ráða hjá honum í þessu sambandi og látið hann vita, hvers konar meðferð það hefði fengið. Hafi ráð hans verið þau, að það leiðrétti þetta þegar í stað. Vitnið vildi ekki gera það strax bæði vegna þess efa, sem það var í, hvort það kynni að hafa farið ferðina, og eins vegna ótta við lögregluna.

Í febrúar sl., þegar fjölmiðlar greindu frá nafni vitnisins í sambandi við mál þetta, kveðst það hafa farið aftur til Róberts Árna og beðið hann að taka upp málið fyrir sig. Hafi hann þá skrifað grein, sem birst hafi í öllum dagblöðum til leiðréttingar á þætti þess í málinu. Vitnið kveðst þá hafa endurtekið við Róbert Árna, að það hefði aldrei farið umrædda ferð til Keflavíkur og vissi ekki neitt um málið. Það hafi ekki beðið hann að leiðrétta það atriði í skýrslum þess, að það hefði farið til Keflavíkur, heldur að það væri ekkert viðriðið það fólk, sem greint væri frá í sambandi við málið.

Vitnið hafði ekkí samband við Róbert Árna um mál þetta, þegar það var kvatt fyrir dóm hinn 25. maí sl., og ekki heldur eftir þinghaldið. Það kveðst hafa haft mikla eftirþanka af þessu eftir þinghaldið og síðan og rætt þetta við sína nánustu og eins vinnuveitanda sinn og vinnufélaga. Hafi það ávallt haldið því fram, að það hafi ekki farið ferðina til Keflavíkur.

Þegar fjölmiðlar fóru að skýra frá málinu, eftir að málflutningur hófst, kveðst vitnið enn hafa farið til Róberts Árna. Hafi það beðið hann að fara þess á leit við fjölmiðla, að nafn sitt yrði ekki birt í frásögnum af málinu. Einnig skýrði vitnið Róbert Árna frá því, að það vildi afturkalla framburð sinn, og fór þess á leit við hann, að hann skrifaði fyrir sig bréf þar að lútandi. Vitnið kom á skrifstofuna til Róberts Árna síðdegis mánudaginn 10. október sl. Róbert Árni hafði samband við lögmenninga Pál A. Pálsson og Jón Oddsson, og komu þeir á skrifstofuna til hans. Þeir hafi spurt sig um málið og það hafi sagt þeim, að það hefði ekki farið ferðina til Keflavíkur hinn 19. nóvember 1974 og hefði verið beitt þvingunum hjá rannsóknarlögreglunni.

Rannsóknarlögreglan hélt áfram rannsókn málsins, og var vitnið haft í haldi til næsta dags, en var þá yfirheyrð í dómi hjá dómurum máls þessa. Vitnið var úrskurðað í gæsluvarðhald hinn 14. október sl., en þó eigi lengur en til 9. nóvember, og var úrskurðurinn staðfestur í Hæstarétti hinn 24. sama mánaðar.

Vitnið hefur skýrt frá því í framburði sínum fyrir dómi, að fyrri framburður þess í málinu sé ekki réttur. Það hafi ekki farið ferð þá til Keflavíkur, sem í framburðinum greinir. Kveður vitnið sögu þess, sem þar er greint frá, „hafa spunnist við yfirheyrslur hjá lögreglunni og skýrslutökur“. Framburður þess í dómi hinn 25. maí sé eingöngu tilkominn vegna ótta við lögregluna. Eina rétta skýrslan, sem það hafi gefið í málinu, sé fyrsta skýrsla þess hjá lögreglunni. Vitnið kveðst hafa verið beitt hótunum af lögreglunni. Man það eftir því, að einhvern tíma, þegar það var í yfirheyrslu, hafi það heyrt Eggert Bjarnason rannsóknarlögreglumann segja eftir Erni Höskuldssyni, sem það taldi, að Eggert væri að tala við, að það yrði látið sæta 30 daga gæsluvarðhaldi, ef það samþykkti ekki skýrsluna og yrði þægt. Vitninu var bent á, að engin lögregla hefði verið viðstödd, þegar það var yfirheyrð í dómi, heldur einungis dómvörður.

Vitnið kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir þessu. Það kveður framburð sinn að öllu leyti rangan að undanskildu því, að það hefði getað fengið sendibifreiðina lánaða, sem þar greinir, og enn fremur sé

réttur framburður þess um símtal að Laugavegi 32 milli Sævars Marinós og Kristjáns Viðars, en um efni þess var vitninu ekki kunnugt.

Vitnið kveður sér hafa verið ljóst, þegar það gaf skýrslu sína í dómi hinn 25. maí sl., að hún væri röng, og bar sem áður við ótta við lögregluna. Það sé búið að átta sig á þessu núna og hafi kjark til að segja sannleikann. Vitnið hefur rætt mál þetta við alla ættingja sína, vini og vinnufélaga og Róbert Árna Hreiðarsson lögfræðing. Það hafi og rætt málið við Jón Oddsson hæstaréttarlögmann og Pál A. Pálsson héraðsdómslögmann mánudaginn áður í skrifstofu Róberts Árna. Kveðst það hafa spurt þá, hvaða viðurlögum það gæti varðað, ef það drægi framburð sinn til baka, og hafi þeir nefnt, að það gæti orðið í hæsta lagi allt að 4 ára fangelsi.

Vitnið ræddi málið fyrst við Róbert Árna daginn eftir að lögreglan sleppti því, eða hinn 15. desember 1976. Vitninu leið mjög illa og var orðið á báðum áttum um, hvort það hefði „gert þessa hluti“. Fyrir um 2 mánuðum hafi það verið orðið alveg visst í sinni sök og beðið Róbert Árna að birta yfirlýsingar í blöðum til að verja nafn þess.

Vitnið lýsti svo yfirheyrslunum í desember 1976: „Það var ýtt á eftir mér, ég var látinn geta í eyður og ennfremur þvinganir og gæsluvarðhald nefnt“.

Um sviðsetningu í Dráttarbrautinni í Keflavík sagði vitnið: „Sviðsetningin fór þannig fram, að það var hægt að fara tvær leiðir. Leiðina frá Keflavík er ekki hægt að fara í Dráttarbrautina. Hin leiðin var að beygja upp með húsinu. Ég setti bílinn, þar sem ég hélt, að hann ætti að vera. Ég hafði ekki áður farið á þennan stað“.

Af sérstöku tilefni kveðst vitnið telja litlar eða engar líkur á því, að þeir Sævar Marinó og Kristján Viðar hafi talast við í nóvember 1974, þar sem þeir hafi verið hörkuóvinir á þessum tíma vegna bílaviðskipta, sem þeir ætluðu að eiga við það.

Vitnið kveðst fyrst hafa sagt Róbert Árna frá því mánudaginn áður, að það hefði sagt ósatt fyrir dómi í maí sl.

Vitnið svaraði þeirri spurningu játandi, hvort Róbert Árni hefði einhvern tíma á tímabilinu reynt að hafa áhrif á það og reynt að fá það til að skýra rétt frá. Vitnið kveðst hafa haft mikil áþægindi af flutningi málsins vegna blaðaskrifa. Um aðdragandann að fundinum, sem vitnið átti með þremur lögfræðingum mánudaginn áður, sagði vitnið: „Róbert Árni hringdi í mig í vinnuna og spurði mig, hvort ég hefði lesið grein í Tímanum, sem hann hefði skrifað fyrir mig. Ég svaraði því neitandi, og bað hann mig þá að koma. Þegar ég kom til Róberts Árna, fórum við að ræða þetta mál. Síðan hringdi Róbert Árni í annað hvort Jón Oddsson eða Pál A. Pálsson, og komu þeir nokkru síðar í skrifstofu Róberts Árna.“

Vitnið svaraði því neitandi, hvort einhverjir aðrir en Róbert Árni hefðu hvatt það til að breyta framburði þess.

Aðspurt um það, hvað vitnið hafi óttast hjá lögreglu, sagði það: „Einungis gæsluvarðhald vegna innilokunarkenndar. Ég óttaðist ekki barsmíðar og hef ekki neinn almennan beyg af lögreglunni“.

Vitnið skýrði frá því aðspurt, að það minni, að yfirheyrslan 14. desember 1976 hafi staðið í 10 klukkustundir samfleytt án matarhlés, en það hafi fengið kaffi.

Rétt þykir að rekja helstu atriði úr lögreglurannsókn, sem fór fram vegna breytingar vitnisins á framburði sínum. Auk vitnisins voru yfirheyrð eiginkona þess, ýmsir starfsfélagar og kunningjar, lögreglumenn, túlkar við yfirheyrslu vitnisins hjá Karli Schiitz og loks Róbert Árni Hreiðarsson lögfræðingur og lögmennirnir Páll A. Pálsson og Jón Oddsson.

Róbert Árni Hreiðarsson kveður vitnið Sigurð Óttar hafa komið til sín hinn 15. desember 1976 og sagt sér frá yfirheyrslum í Geirfinnsmálinu. Vitnið hafi verið í miklu uppnámi og hugaræsingi. Það sagðist hafa gefið þrjár skýrslur hjá rannsóknarlögreglu og hefði það gefið fyrstu skýrsluna eftir .bestu samvisku. Fyrir þann tíma kvaðst vitnið ekki á neinn hátt hafa talið sig tengdan við mál þetta. Síðan hefði vitnið skýrt honum frá lögreglu yfirheyrslunum, og er sú saga, sem hann hefur eftir vitninu, áþekk því, sem það hefur skýrt frá. Kvaðst vitnið eftir yfirheyrslunar hafa verið hætt að trúá fyrri sannfæringu sinni um, að það hefði engin afskipti haft af Geirfinnsmálinu, en talið rannsóknarlögreglumennina vita betur. Róbert Árni kveðst hafa spurt vitnið, hvort það vildi, að hann gerði eitthvað í málinu og hlutaðist til um, að skýrslurnar yrðu afturkallaðar. Vitnið óskaði ekki eftir því og sagði, að það hlyti að vera rétt, sem haldið væri fram af rannsóknarlögreglumönnum um þátt þess í málinu. Kveðst Róbert Árni hafa spurt vitnið að því, hvort það hefði farið umrædda ferð til Keflavíkur, og kveðst hann muna það svar þess, að það sagðist ekki gera sér grein fyrir því eftir yfirheyrslunar, hvað væri raunveruleiki og hvað ekki, og sagði, að þetta væri allt sem vondur draumur. Gæti það ekki gert sér ljósa grein fyrir atburðarásinni og þætti þess í henni.

Næstu afskipti Róberts Árna af málinu voru í febrúar sl., þegar vitnið kom til hans og kvartaði yfir því, að nafn þess hefði verið nefnt í öllum fjölmiðlum í tengslum við Geirfinnsmálið og bornar á það sakir, sem væru í engu samræmi við skýrslugjöf þess. Því hafi verið lofað, að nafn þess yrði ekki birt opinberlega í tengslum við málið. Spurði vitnið, hvort hann vildi hlutast til um, að fjölmiðlum yrði send leiðrétting, þar sem fram kæmi, að það hefði ekki haft neina vitneskju um það, sem flytja átti til eða frá Keflavík kvöldið, sem Geirfinnur var sagður hafa verið myrtur. Róbert Árni kveðst hafa haft samband við rannsóknarlögregluna til að ganga úr skugga um þetta og að því búnu sent fjölmiðlum leiðréttingu. Önnur afskipti hafi hann ekki haft af málinu fyrr en við flutning þess í október sl.

Í yfirheyrslu hinn 21. október sagði vitnið Sigurður Óttar, að það hefði farið á skrifstofu Róberts Árna til að biðja hann um að leiðrétta frásögn, sem birst hafði í dagblaðinu Tímanum, þar sem það var orðað við Geirfinnsmálið. Hann hafi þá spurt það, hvort hann ætti ekki að aðstoða það við að afturkalla framburðinn, en það hafi þá ekki verið tilbúið að gera það. Róbert Árni hafi oft áður verið búinn að spyrja það, hvort hann ætti ekki að aðstoða það við þetta.

Mánudaginn 10. október sl. kveður vitnið Róbert Árni hafa hringt til þess og beðið það að koma á skrifstofu sína kl. 1600. Kom vitnið þangað, og ræddu þeir um málið. Vitnið kvaðst vilja leiðrétta framburð sinn. Róbert Árni hafði samband við lögmennina Pál A. Pálsson og Jón Oddsson. Þeir komu síðan til Róberts Árna og spurðu vitnið um málið. Endurtók það frásögn sína um, að það hefði ekki farið til Keflavíkur hinn 19. nóvember 1974 og að lögreglumenn hefðu beitt það þvingunum. Hinn 11. október kveðst vitnið hafa verið orðið ákveðið í þessu og beðið Robert Árna að skrifa bréf og afturkalla framburðinn.

Róbert Árni Hreiðarsson hefur skýrt frá því, að vitnið Sigurður Óttar hafi komið til sín mánudaginn 10. október sl. Hafi vitnið sagt, að efasemdir þess hefðu magnast svo mjög um réttmæti fyrri framburðar þess, að því myndist rétt, að það kæmi fram. Róbert Árni kveðst hafa spurt vitnið, hvort það hefði komið fyrir dóm til skýrslugjafar, og hafi það svarað því neitandi. Hann kveðst hafa sagt vitninu, að

hann skyldi karna málið nánar og hafa samband við það síðar um daginn. Hann hafi haft símasamband við Pál Arnór Pálsson og spurt hann um þetta. Hafi Páll Arnór sagt honum, að vitnið hefði komið fyrir dóm og unnið eið að framburði sínum.

Páll Arnór Pálsson hefur skýrt frá því, að Róbert Árni hafi í símtali þessu sagt sér, að hann væri lögmaður vitnisins Sigurðar Óttars. Héldi vitnið því nú fram, að það hefði aldrei farið til Keflavíkur hinn 19. nóvember 1974 og framburður þess hjá lögreglu væri ekki réttur. Hann kveðst hafa sagt Róbert Árna, að vitnið væri búið að gefa skýrslu fyrir dómi og heitfest hana. Hafi þetta virst koma Róbert Árna nokkuð á óvart. Kveðst Páll Arnór hafa boðist til að lána Róbert Árna skýrslurnar. Páll Arnór kveðst hafa farið á skrifstofu Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns síðdegis þennan dag og skýrt honum lítillega frá símtali Róberts Árna við sig. Páll Arnór hringdi þaðan til Róberts Árna. Vitnið Sigurður Óttar var þá hjá Róbert Árna, og varð að ráði, að þeir Páll Arnór og Jón kæmu þangað báðir.

Þegar í skrifstofu Róberts Árna kom, skýrði vitnið þeim Páli Arnóri og Jóni frá málsatvikum, og var frásögn þess í samræmi við það, sem það skýrði frá í dómi hinn 13. október sl. Rætt hafi verið um efnisatriði framburðar vitnisins og síðan það, sem það hélt fram, að væri sannleikur í málinu. Þá hafi ákvæði XV. kafla almennra hegningarlaga verið rædd og sú refsing, sem vitnið kynni að eiga yfir höfði sér, og hafi það helst verið Róbert Árni, er það gerði. Einnig hafi verið rætt um hugsanlegt gæsluvarðhald, sem vitnið yrði látið sæta. Vitnið Sigurður Óttar hafi ekki verið hvatt til að breyta framburði sínum.

Vitnið Sigurður Óttar hefur sjálf skýrt svo frá þessu, að enginn hafi hvatt sig til að breyta framburðinum á fundinum með lögmonnum og Róbert Árna nema þá helst Róbert Árni, sem hafi talað um, að það væri vitninu og öllum fyrir bestu að losa það við þann bagga og nú væri „síðasti sjens“ fyrir það að leiðrétta þetta, þar sem verið væri að ljúka málinu, ef það vildi ekki, að þetta hvíldi á því alla ævi.

Róbert Árni hafi sagt á þessum fundi, þegar vitnið spurði, að ef það yrði sett í fangelsi, þá skyldi hann kæra það og þá gætu þeir ekki haldið því inni. Hann hafi gefið vitninu í skyn, að ef það fengi einhverja refsingu, þá yrði hún mjög lítil. Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður og Páll A. Pálsson héraðsdómslögmaður hafi heyrt þetta og ekkert mælt gegn því. Vitnið kveðst ekki á þess um fundi hafa tekið ákvörðun um, hvað það gerði í málinu. Þá hafi verið rætt um, hvernig ætti að koma þessu á framfæri við sakadóm Reykjavíkur. Hafi Jón Oddsson viljað láta skrifa bréf. Þeir Páll Arnór og Jón kveða það hafa orðið að ráði, að Róbert Árni skrifaði dóminum bréf fyrir vitnið, og kveðst Jón Oddsson hafa ætlað að koma morguninn eftir til að líta á það. Róbert Árni segir hins vegar, að engin endanleg ákvörðun hafi verið tekin um, hvað gera ætti í málinu, enda ekki um fullharðnaðan vilja vitnisins að ræða. Málið hafi verið á könnunarstigi, hvað hann snerti, og glapræði að aðhafast eitthvað í fljótræði. Vitnið hafi ekki falið neinum á fundinum ákvörðunarvald í málinu.

Þegar vitnið Sigurður Óttar kom til Róberts Árna að kvöldi hins 11. október sl., kveður það eiginkonu þess, Hrefnu Sigurðardóttur, hafa verið með því. Hafi Róbert Árni greint henni frá málavöxtum og afstaða hennar verið sú, að hið rétta ætti að koma fram. Kveðst vitnið þá hafa falið Róbert Árna að afturkalla framburðinn.

Vitnið Hrefna Sigurðardóttir kveðst hafa farið með Sigurði Óttari, eiginmanni sínum, á fund Róberts Árna þriðjudaginn 11. október sl. Hafi Róbert Árni viljað hafa hana með í ráðum um þá ákvörðun Sigurðar óttars að taka aftur fyrri framburð í málinu. Vitnið kveður Róbert Árna hafa útskýrt fyrir sér,

að Sigurður Óttar væri viss um, að hann hefði aldrei farið umrædda ferð til Keflavíkur, og að hann hafi því mikið á samviskuni. Róbert Árni talaði um, að honum fyndist Sigurður Óttar ætti að taka framburð sinn til baka, þar sem það væri nokkuð alvarlegt fyrir hann að hafa það á samviskuni, að menn yrðu í og með dæmdir vegna framburðar hans, sem væri rangur. Róbert Árni hafi talað um, að það yrði „ofsaleg sprenging“.

Sigurður Óttar hafði orð á því, að hann yrði settur í fangelsi vegna þessa. Vitnið man fyrir víst, að Róbert Árni sagði, að sér fyndist ólíklegt, að Sigurður Óttar yrði settur í gæsluvarðhald, en ef svo færi, mundi hann sjá um að kæra það. Vitnið man ekki til, að talað hafi verið um, að Sigurður Óttar ætti á hættu refsingu fyrir að taka framburð sinn til baka. Samkomulag varð um það, að Róbert Árni skrifaði bréf til að afturkalla framburð Sigurðar Óttars. Átti Sigurður Óttar að koma aftur til hans daginn eftir, um kl. 1130, til að undirskrifa bréfið, og samþykkti vitnið þessa lausn málsins.

Róbert Árni Hreiðarsson hefur skýrt frá því, að vitnið Sigurður Óttar og eiginkona þess, Hrefna Sigurðardóttir, hafi komið til fundar við sig einhvern tíma eftir kl. 1700 þriðjudaginn 11. október. Hafi vitnið Sigurður Óttar sagt eiginkonu þess alla afstöðu sína í málinu og skýrt henni frá þeim vilja þess að koma að breyttum framburði. Hafi hún virst fallast á þetta. Róbert Árni kveðst þá hafa gert henni og vitninu -grein fyrir því, að með því að breyta framburði sínum gerðist vitnið brotlegt gegn XV. kafla almennra hegningarlaga, nánar tiltekið 142. gr., 2. mgr., og lýst refsiramma. Auk þess hafi hann bent vitninu á, að það ætti yfir höfði sér gæsluvarðhaldsúrskurð.

Viðbrögð þeirra hafi verið á eina lund. Þau hafi verið einhuga um, að vitnið breytti framburði sínum vegna þess, að þau töldu, að á þann hátt einan gæti það létt af sér því þunga fargi, sem á því hvíldi. Róbert Árni neitar að hafa hvatt vitnið til að breyta framburði sínum, eins og það heldur fram. Þá neitar hann og að hafa sagt í sambandi við kæru á gæsluvarðhaldi, að þá væri ekki hægt að halda vitninu inni.

Í framhaldi af þessu leitaði Róbert Árni ráða hjá Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni.

Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður kveður afskipti sín af máli þessu hafa verið þau, að Róbert Árni Hreiðarsson hafi hringt í sig að morgni 12. október sl. og sagt, að hann þyrfti að bera undir hann „erfitt mál“, án þess að skýra það nánar. Skömmu síðar hafi Róbert Árni komið til sín og fært sér tvær málamöppur, sem hann hafði fengið að láni hjá Páli A. Pálssyni héraðsdómslögmanni. Málið væri varðandi manni, sem komið hefði fyrir dóm í svokölluðu Geirfinnsmáli. Hefði maður þessi fyrst haft samband við sig í desember sl. og teldi hann nú, að maður þessi væri mjög miður sín vegna framburðar síns í málinu. Róbert Árni hafi beðið sig að less skjöl þau, sem hann hafði meðferðis, og karma málið. Jón kveðst hafa tekið við möppunum og lesið þær yfir mjög snögglega. Hugmynd sín hafi verið að lesa skjöl þessi niður í kjölinn og tala við mann þennan einslega til að gera sér grein fyrir persónuleika hans og trúverðugleika, áður en hann léti uppi nokkurt álit. Jón kveðst svo ekki hafa vitað um mál þetta, fyrr en rannsókn í því var hafin. Hann hafi ekki tekið þátt í fundum neinna aðilja um mál þetta og geti varla sagt, að hann þekkti málavexti. Sigurð Óttar Hreinsson hafi hann ekki haft samband við.

Vegna framburðar Róberts Árna Hreiðarssonar þykir rétt að geta tveggja yfirlýsinga, sem hann birti í dagblöðunum. Fyrri yfirlýsingin, sem er ódagsett, birtist m, a. í Morgunblaðinu 12. febrúar sl., og er fyri sögn hennar: „Yfirlýsing vegna nafnbirtingar í Geirfinnsmáli“. Í upphafi yfirlýsingarinnar segir á þessa leið:

„Vegna nafngreiningar skjólstæðings míns Sigurðar Óttars Hreinssonar í dagblöðum, útvarpi og sjónvarpi, þegar sagt var frá niðurstöðum rannsóknar í svonefndu „Geirfinnsmáli“, skal tekið fram eftirfarandi:"

Síðan koma sex tölusettir liðir, og eru 3. og 4. liður á þessa leið:

„ 3. Við rannsókn „Geirfinnsmálsins“ kom ekkert fram, sem leiddi í ljós eða benti til, að skjólstæðingur minn hafi vitað, hvað átti að sækja eða flytja frá Keflavík kvöld það, sem Kristján Viðar sendi hann þangað.

4. Við rannsókn „Geirfinnsmálsins“ kom ekkert fram, sem leiddi í ljós eða benti til, að skjólstæðingur minn hafi haft hina minnstu hugmynd um þá atburði, sem áttu sér stað í dráttarbrautinni umrætt kvöld".

Loks segir í niðurlagi yfirlýsingarinnar:

„Einnig er það von undirritaðs, að yfirlýsing þessi nægi til þess, að skjólstæðingur minn geti lifað eftirleiðis án þess að skuggi og harmur „Geirfinnsmálsins“ hvíli yfir höfði hans um aldur og ævi".

Síðari yfirlýsingin birtist í dagblaðinu Tímanum 6. október sl. og er dagsett hinn 5. sama mánaðar. Segir á þessa leið m. a. í upphafi yfirlýsingarinnar:

„f gær, 5. október birtust í Tímanum gáleysisleg og villandi skrif um „tengsl“ skjólstæðings míns, Sigurðar Óttars Hreinssonar við „Geirfinnsmálið“. Tíminn, eitt blaða, birti nafn skjólstæðings míns í frétttaflutningi um málið og gerði sig öðru sinni sekt um óábyrgan frétttaflutning og brot á lögum um meðferð opinberra mála varðandi skjólstæðing minn, sbr. 161. gr. laga".

„Frétttaflutningur Tímans í gær um „þátt“ skjólstæðings míns í málinu er beinlínis rangur og andstæður gögnum málsins. Að gefnu tilefni eru því þessar staðreyndir leiddar fram:"

Síðan koma þrjú tölusettir liðir, og eru tveir þeir fyrstu á þessa leið:

„1. Við rannsókn „Geirfinnsmálsins“ kom ekkert Fram, sem leiddi í ljós eða benti til, að skjólstæðingur minn hafi vitað, hvað átti að sækja eða flytja frá Keflavík kvöld það, sem Geirfinnur er sagður myrtur. En í frétttaflutningi Tímans í gær er því haldið fram, að tilgangur fararinnar hafi verið að leita að eða stela áfengi.

2. Ekkert kom fram við rannsókn málsins, sem leiddi í ljós eða benti til, að skjólstæðingur minn hafi vitað um þá atburði, sem áttu sér stað í Dráttarbraut Keflavíkur umrætt kvöld".

Þá segir á þessa leið:

„Nafnbirting skjólstæðings míns í fjölmiðlum fyrr á þessu ári og í Tímanum í gær hefur raskað mjög stöðu og högum skjólstæðings míns. Hefur hann sætt aðkasti frá fólki, sem telur hann „viðriðinn“ málið. Má rekja það til óábyrgs frétttaflutnings fjölmiðla af málinu, hvað hann varðar".

Vitnið Sigurður Óttar kveðst ekkert vita, hvar það hafi verið statt að kvöldi 19. nóvember 1974, en mestar líkur séu á, að það hafi verið hjá einhverju af kunningjafólki sínu.

Vitninu var bent á, að í þinghaldi hinn 25. maí 1977 auki það við framburð þess varðandi það, sem það hafi heyrt í Dráttarbraut Keflavíkur hinn 19. nóvember 1974 frá því, sem það hafði sagt í lögregluskýrslum. Vitnið kveður ástæðuna fyrir þessu hafa verið ímyndun þess.

Vitnið kveðst hafa sótt miðilsfund, þar sem mál þetta hafi borið á góma. Það hafi ekki verið í sama vafanum og áður eftir fundinn, það hafi fengið smástyrk. Hafi það fengið vísbendingu um, að það væri saklaust í málinu.

Samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglunnar hófst yfirheyrsla vitnisins kl. 1100 hinn 14. desember 1978; en ekki er skráð hvenær henni lauk.

Vitnið Sigurður Óttar kveður yfirheyrsluna hafa staðið framundir það, að það var sett inn aftur, en það var samkvæmt dagbók fangelsisins við Síðumúla kl. 2004. Því var færður matur í hádeginu og kaffi í kaffitímanum og gert smáhlé á meðan. Það minnir, að þrjú tilgreindir rannsóknarlögreglumenn hafi byrjað yfirheyrsluna, en undir hádegisdag hafi Karl Schiitz komið og tekið þátt í henni fram eftir degi. Vitnið heldur, að allt að 10 menn hafi tekið þátt í þessari yfirheyrslu, þó ekki allir í senn, heldur hafi þeir skipst á, en verið þó stundum margir inni í einu. Menn þessir spurðu og spurðu. Þeir komu með einhver plögg og lásu upp úr þeim, þannig að þeir sannfærðu vitnið að lokum um, að það hefði farið þessa ferð. Í þessu sambandi vill vitnið geta þess, að einn rannsóknarmanna hafi komið inn í herbergið með herðatré í höndum og slegið því í lófa sér og á lær. Hann hafi gengið að vitninu og spurt það um málið, og fannst því hann vera ógnandi. Einnig man það, að annar hafi verið með „bendipinna“, sem hann sló í lófa sér, meðan hann yfirheyrði það.

Vitnið kveðst ekki geta fullyrt, að yfirheyrslan hinn 14. desember yfir því hafi staðið nákvæmlega 10 klst., en um það bil. Á fundinum með lögmönnunum hjá Róbert Árna hafi ábyggilega eitthvað verið á þetta minnst. Vitnið telur sennilegt, að það hafi átt frumkvæðið að því, að þetta var rætt. Lögmennirnir hafi sagt því, að ekki mætti hafa menn svo lengi í yfirheyrslum. Reyndar hafi Róbert Árni verið búinn að segja sér þetta hinn 15. desember 1976, og man vitnið, að hann tók upp bók og las upp úr henni um þetta.

Vitnið Auður Gestsdóttir túlkur, Álftamýri 21, hefur skýrt frá því, að það hafi verið viðstatt yfirheyrslu yfir Sigurði Óttari Hreinssyni hinn 14. desember 1976.

Yfirheyrslan hófst fyrir hádegi, en klukkan hvað, man það ekki nákvæmlega. Hlé var gert á yfirheyrslunni í 20-30 mínútur á hádeginu. Stjórnandi yfirheyrslunnar var Karl Schiitz, en hlutverk vitnisins var að vélrita skýrsluna og túlka yfirheyrsluna í fyrstu, en það minnir, að Pétur Eggerz hafi komið um eða eftir hádegið og tekið við túlkun.

Vitnið telur, að það hafi vélritað alla skýrsluna. Fylgdist það bæði með því, sem Karl Schiitz spurði, og hverju Sigurður Óttar svaraði. Sigurður Óttar var spurður ýmissa spurninga um sendibifreiðina, hvort hann hefði ekið henni til Keflavíkur og hvort hann hefði verið staddur á Vatnsstíg. Vitnið man, að Sigurður Óttar kvaðst í fyrstu ekki muna, en neitaði ekki að hafa tekið þátt í þessu. Hann sagði, að hann vissi ekki, hvar Vatnsstígur væri, en þegar honum var bent á það, kannaðist hann við götu þessa. Eftir hádegishléið fór hann að rifja meira upp. Hann byrjaði ótilkvaddur að segja frá símtali á Mokka. Eftir þetta skýrði hann sjálfstætt frá, og var það vélritað niður. Ef hann var spurður sérstaklega, gat vitnið um það í skýrslunni og skráði svar hans.

Við yfirheyrsluna var Sigurður Óttar rólegur og eðlilegur, hvorki æstur né niðurdreginn. Vitnið man ekki til, að lesið hafi verið fyrir hann upp úr skýrslum eða að honum hafi verið sagt frá því, sem aðrir höfðu sagt um málið. Verið geti, að útskýrt hafi verið fyrir honum, að hann væri kominn til yfirheyrslunnar, þar sem aðrir hefðu bendlað hann við málið.

Vitnið telur sig geta fullyrt, að enginn hafi spurt Sigurð Óttar í þessari yfirheyrslu nema Karl Schiitz. Það man ekki til, að aðrir hafi komið inn í herbergið vegna yfirheyrslunnar en þeir, sem að henni stóðu. Vitnið kveðst geta fullyrt, að Sigurði Óttari hafi ekki verið hóttað neinu við þessa yfirheyrslu, hvorki gæsluvarðhaldi né öðru. Hann hafi spurt eitthvað um sakaskrá og hvort þetta kæmi á sakavottorð hjá honum. Vitnið kveðst halda, að það megi segja, að við því hafi ekki verið gefið neitt ákveðið svar. Vitnið man ekki nákvæmlega, hvenær skýrslutöku lauk, en telur, að það hafi verið upp úr kl. 1500. Vitnið kveðst geta fullyrt, að frásögn Sigurðar Óttars umrætt sinn hafi komið án allrar þvingunar af hálfu þeirra, sem yfirheyrðu hann.

Vitnið Pétur Eggerz sendiherra kveðst muna glögg eftir að hafa verið viðstatt yfirheyrslu yfir Sigurði Óttari Hreinssyni hinn 14. desember 1976, en muni ekki eftir að hafa verið við upphaf yfirheyrslunnar. Samkvæmt dagbók þess hafi það umræddan morgun verið statt í dómsmálaráðuneytinu. Vitnið telur, að það hafi borðað hádegisverð í mótuneyti sakadóms ásamt Karl Schiitz, en eftir það kom það inn í yfirheyrsluna og tók við að túlka af Auði Gestsdóttur.

Vitnið man, að áður en byrjað var að bóka framburð Sigurðar Óttars, fór fram almennt samtal milli hans og Karl Schiitz. Hafði vitnið á tilfinningunni, að þá væri að brjótast um í huga Sigurðar Óttars, hvort hann ætti að segja frá eða ekki. Í þessu sambandi man vitnið glögg, að hann spurði, hvort hann kæmist á sakaskrá, ef hann segði frá ferðinni til Keflavíkur. Vitnið man hins vegar ekki, hvort þessari spurningu hans hafi verið svarað. Karl Schiitz stjórnaði yfirheyrslunni, og voru ekki aðrir, sem spurðu Sigurð Óttar. Við yfirheyrsluna var Auður Gestsdóttir og einnig Sigurbjörn Víðir Eggertsson, að vitnið minnst, auk vitnisins. Vitnið minnst þess alls ekki, að Sigurði Óttari hafi verið kynntur framburður annarra aðilja við þessa yfirheyrslu eða sýnd nokkur skjöl.

Vitnið var að því spurt, hvort gengið hefði verið hart að Sigurði Óttari Hreinssyni við þessa yfirheyrslu. Þessu kveðst það vilja svara þannig: „Karl Schiitz sýndi öllum, sem hann yfirheyrði, fyllstu kurteisi og beitti aðallega rökum við yfirheyrslur. Hann gerði enga undantekningu á þessari framkomu sinni, er hann yfirheyrði Sigurð Óttar Hreinsson“.

Spurningu um það, hvort hótunum eða einhvers konar þvingunum hafi verið beitt við þessa yfirheyrslu, kveðst vitnið vilja svara þannig: „Karl Schiitz beitti aldrei hótunum eða þvingunum og ekki heldur við yfirheyrslu yfir Sigurði Óttari Hreinssyni“. Vitnið minnst þess ekki, að minnst hafi verið á gæsluvarðhald við þessa yfirheyrslu. Vitninu fannst Sigurður Óttar vera rólegur og eðlilegur við yfirheyrsluna. Vitnið kveðst ekki geta fullyrt um með öruggri vissu, hvenær yfirheyrslunni yfir Sigurði Óttari lauk.

Vitninu .Sigurði Óttari voru kynntar skýrslur þeirra Auðar Gestsdóttur og Péturs Eggerz, sem að framan hafa verið raktar. Vitnið kvað það hárrétt hjá þeim Auði Gestsdóttur og Pétri Eggerz, að því hafi aldrei verið hóttað neinu við yfirheyrsluna, sem Karl Schiitz stjórnaði, og yfirheyrslan hafi farið fram eins og þau lýsa.



Lögreglumennirnir Sigurbjörn Víðir Eggertsson og Haraldur Árnason hafa skýrt frá því, að þeir hafi farið með Sigurð Óttar Hreinsson til sprautugjafar á lækningastofu Jóns Guðgeirssonar hinn 14. desember 1976 milli kl. 1600 og 1700. Vitnið Sigurbjörn Víðir telur, að klukkan hafi verið um 1715 til 1730, þó frekar nær síðari tímasetningunni, þegar þeir fóru frá læknum.

Jón Guðgeirsson húðsjúkdómalæknir, Domus Medica, hefur staðfest með vottorði, að Sigurður Óttar hafi komið á stofuna til hans 14. desember 1976 milli kl. 17 og 19. Tvær starfsstúlkur á stofunni hafa og staðfest, að rannsóknarlögreglumenn hafi komið þangað um kl. 1700 með mann, sem átti að fá ofnæmissprautu, og önnur nefnir í því sambandi Sigurð.

Vitninu var bent á vottorð Jóns Guðgeirssonar læknis, vitnaframburði og endurrit úr sakadómsbók Reykjavíkur, en samkvæmt endurritinu kom vitnið fyrir dóm kl. 1800 og vék frá kl. 1810. Vitnið var í tilefni af þessu spurt, hvernig standi á fullyrðingum þess um lengd skýrslutökunnar. Það svaraði þessu á þá leið, að því finnist þetta hafa verið svo langur tími, og eftir að það kom úr sprautunni frá Jóni Guðgeirssyni „gekk dælan áfram, áður en ég var settur inn“. Þá skýrir vitnið frá því, að Karl Schiitz hafi ekki yfirheyrt það, eftir að það kom úr sprautunni, heldur aðrir.

Rannsóknarlögreglumenn höfðu tat af vitninu Jóni Þorvaldi Walterssyni, Hjarðarhaga 17 hér í borg, hinn 14. desember 1976. Vitnið er starfsmaður verslunarinnar Húsmuna við Hverfisgötu. Vitnið staðfesti, að það hefði verið eigandi sendibifreiðarinnar R 40045 og að Sigurður Óttar Hreinsson hefði ekið henni af Sendibílastöðinni h/f sumarið 1974. Bifreið þessi er af tegundinni Mercedes Benz, árgerð 1971, gul að lit og mjög ljós. Vitnið kvað Guðmund Valdimarsson, Skólavörðustíg 9, hafa tekið við akstri bifreiðarinnar af Sigurði Óttari og verið ökumaður hennar allan nóvember árið 1974. Vitnið sagðist oftast en einu sinni hafa lánað :Sigurði Óttari sendibifreið, eftir að hann hætti akstri hjá því, aðallega vegna þess að hann vann ýmislegt fyrir það í sambandi við viðhald sendibifreiða þess. Vitnið gat ekki sagt til um, hve oft það hefði lánað Sigurði Óttari bifreiðina eða hvenær það hefði verið. Það gæti allt eins hafa verið hinn 19. nóvember 1974 eins og á öðrum tíma. Að Sögn vitnisins voru ekki til lykjar að dyrum bifreiðarinnar, meðan hún var í eigu þess, og hægt var að gangsetja hana með ýmsu öðru en lykli. Dyrum bifreiðarinnar var læst innan frá og opnaðar með því að teygja hönd inn um hliðarglugga.

Í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu hinn 24: október sl. kveðst vitnið muna, að komið hafi í ljós við athugun árið 1976, að Guðmundur Valdimarsson hafi verið með bifreiðina í fastri vinnu hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkur í nóvember 1974.

Vitnið kveðst hafa hitt Sigurð Óttar að máli á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar að lögreglumönnum viðstöddum milli kl. 1900 og 1930, að það minnir, hinn 14. desember 1976. Hafi það spurt hann að því, hvort hann hefði tekið bifreiðina framangreint sinn, og man það ekki betur en hann hafi Svarað því játandi. Það spurði og Sigurð Óttar að því, hvort hann hefði sett olíu á bifreiðina, og sagðist hann hafa gert það á Umferðarmiðstöðinni. Vitnið kveður Sigurð Óttar hafa komið til þess á skrifstofuna daginn eftir og hafi það spurt hann um málið, m. a. hvort hann hefði farið umrædda ferð til Keflavíkur, en hann hafi neitað því. Sagðist hann ekki hafa farið, en hafði þó áður verið á báðum áttum með það.

Vitnið Guðmundur Valdimarsson fangavörður var yfirheyrt hjá rannsóknarlögreglunni hinn 14. desember 1976. Vitnið kvaðst hafa ekið sendibifreiðinni R 40045 á Sendibílastöðinni h/f frá því um mánaðamótin september-október árið 1974 fram undir næstu áramót. Bifreið þessi var af gerðinni

Mercedes Benz, gul að lit og frambyggð. Bifreiðin hafði aðeins framrúður og .glugga á hliðarhurðum. Eigandi bifreiðarinnar var Jón Þorvaldur Waltersson. Vitnið kannaðist ekkert við Sigurð Óttar Hreinsson.

Þegar vitnið tók við bifreiðinni, sagði það Jóni, að það vildi ekki, að aðrir ækju bifreiðinni, meðan það væri með hana, og veit það ekki til þess, að það hafi komið fyrir. Á kvöldin og nóttunni og öðrum tíma, sem það var ekki við akstur bifreiðarinnar, lagði það henni fyrir framan húsið heima hjá sér eða gegnt því. Það man aldrei eftir því, að nokkur hafi farið fram á það við það að fá bifreiðina lánaða, nema eigandinn ætlaði einu inni að skipta við það á bifreið, en það þverneitaði. Það sé hugsanlegt, að bifreiðinni hafi verið stolið fyrir utan heima hjá því og skilað þangað aftur, án þess að það tæki eftir því, en ekki var hægt að læsa dyrum bifreiðarinnar.

Vitnið neitaði því afdráttarlaust, að það hefði verið á bifreiðinni í Keflavík að kvöldi hins 19. nóvember 1974 eða nóttina á eftir, og var því ekki kunnugt um, að bifreiðin hefði getað verið þar á ferð á þeim tíma. Hafi bifreiðinni verið ekið til Keflavíkur fyrrnefnt kvöld eða nótt, hafi hún hreinlega verið tekin í heimildarleysi og algerlega án sinnar vitundar, en það sé afar ólíklegt, að það hefði getað átt sér stað.

Vitnið skýrði frá því í yfirheyrslu hinn 26. október sl., að eftir yfirheyrsluna hinn 14. desember 1976 hefði rifjast upp fyrir sér, að eitt sinn haustið 1974 hafi því fundist sem olía hefði verið tekin af bifreiðinni, þar sem olúmælir hefði sýnt minna einn morguninn en það -taldi eiga að vera. Ekki var vein föst regla á því, hvernig vitnið setti olíu á bifreiðina. Það fyllti sjaldnast geyminn og tók olíu á ýmsum stöðum. Olúmælirinn var í lagi, þannig að það gat fylgst með olíubirgðum bifreiðarinnar. Lok á olúgeymi var ekki læst, heldur „lúga“ yfir því, og var notaður laus hún með ferköntuðu járn, sem stungið var í þar til gert gat á lúgunni til að opna. Einnig var hægt að nota skrufjárn í stað húnsins til þess.

Dagana 19. og 20. nóvember 1974 var vitnið að aka fyrir Félagsmálastofnun Reykjavíkur. Það getur ekki fullyrt um, hvenær það fór að heiman hinn 20. nóvember, en telur líklegast, að það hafi verið á tímanum frá kl. 0800 til 0900. Vitnið telur, að það hefði ekki tekið eftir, þótt bifreiðin væri nýkomin úr akstri þennan morgun, nema þá að verið hefði því kaldara í veðri.

Lykil þurfti ekki til að gangsetja bifreiðina, en það var gert með því að stinga þar til gerðum lykli í gat, og síðan var stutt á hnapp til að ræsa hana. Hægt var að nota nagla í þessu skyni. Lykillinn var einnig notaður til að kveikja ljós á bifreiðinni, en þótt nagli eða eitthvað álíka væri notað til að tengja rafmagn á kveikjulásinn, var hægt að setja ljós á með því að nota skrufjárn jafnframt.

Bifreiðin var gul að lit, eins og í fyrri skýrslu vitnisins greinir, með svörtu „grilli“ svo og framstuðara og stuðarahornum að aftan. Fullyrðir vitnið, að hún hafi hvergi verið rauðmáluð.

Á þeim tíma, sem vitnið var með bifreiðina, lagði það henni að kvöldi oft upp á stéttina framan við Skólavörðustíg 9 eða í stæði við verslun KRON, sem var beint á móti. Það fullyrðir, að það hafi aldrei skilið bifreiðina eftir í sundinu milli Hegningarhússins og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

Rannsóknarlögreglan spurðist fyrir um gasolíusölu hjá Bifreiðastöð Íslands í Umferðarmiðstöðinni við Hringbraut dagana 19. og 20. nóvember 1974. Í svari bifreiðarstöðvarinnar, dags. 20. október sl., segir svo:

„Á þeim tíma, sem fyrirspurnin snýst um, var hér tvenns konar afgreiðslumáti:

Annars vegar var notuð sérstök mynt, sem sett var í dæurnar, og var sú aðferð í gangi allan sólarhringinn. Jafnframt var á kvöldin, þegar ös var mest, maður á vakt, sem afgreiddi á venjulegan hátt, og var það á tímabilinu kl. 21--12. Ég læt fylgja hér með ljósrit af söluskýrslum dagana 19. og 20. nóv. 1974, og kemur þar fram, að sala á gasolíu hefur aðeins verið 53 1. þann 19. en 16 1. þann 20. Ekki verður séð, hvort sú sala fer fram gegn mynt eða með venjulegri dælingu."

Sigurður Óttar Hreinsson er fæddur 25. mars 1956. Samkvæmt vottorði frá sakaskrá hefur hann hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

I,

Vitnið Guðmundur Magnússon matsveinn, Laugarnesvegi 61, hefur skýrt frá því, að það hafi hafið störf hjá bifreiðaleigunni Geysi vorið 1973 og unnið þar til um áramótin 1975-1976. Vitnið var framkvæmdastjóri bifreiðaleigumar. Þegar vitnið hóf störf, voru þar 34 Volkswagen bifreiðar, og vorið 1974 bættust 15 bifreiðar við af sömu tegund. Bifreiðar þessar voru allar ljósbláar að lit. Bifreiðarnar voru kaskótryggðar hjá Samvinnutryggingum þar til vorið 1975, en þá var hætt að -kaskótryggja þær.

Vitninu voru sýndar myndir af ákærðu í máli þessu, og kvaðst það kannast við þau. Vitnið kveðst minnst þess, að þau hafi komið á bílaleiguna, sérstaklega Sævar Marinó og Erla Bolladóttir, sem voru þar oft. Erla skipti töluvert við bílaleiguna, og eins man vitnið eftir því, að Guðjón Skarphéðinsson fékk þar bifreið á leigu. Þeir Sævar Marinó og Kristján Viðar fengu ekki bifreið á leigu, enda munu þeir ekki hafa haft ökuréttindi.

Í lögregluskýrslu segir vitnið, að það muni fyrst eftir Sævari Marinó, þegar hann kom á bifreiðaleiguna snemma sumars 1974 með Guðjóni Skarphéðinssyni og bróður Guðjóns. Fékk Guðjón þá leigða bifreið. Þegar samningurinn var gerður, kom í ljós, að vitnið þekkti föður Guðjóns af afspurn. Sævar Marinó kom eftir þetta, og þá fyrst .man vitnið eftir Erlu, en hún var í fylgd með honum. Vitnið man ekki, hvenær það var, sem það sá Erlu fyrst, en það man vel eftir henni sumarið 1975, og var hún þá ófrísk. Leigði hún nokkrar bifreiðar hjá vitninu. Vitnið kveður stundum hafa komið fyrir, að Erla þreif rúður á bifreið fyrir það, og eins kom það fyrir, að hún fór heim í íbúð þess og tak þar til. Vitnið man t. d. eftir því, að sumarið 1975 þreif hún fyrir það íbúðina og var ein við það. Var hún þá á einhverjum flóttu undan Sævari Marinó eða sagði vitninu, að hún væri hrædd við hann og ekki mætti segja honum, að hún væri á bifreið frá bifreiðaleigunni. Það kom fyrir í að minnsta kosti eitt sinn, að vitnið gaf Erlu 1:000 krónur, þegar hún þreif heima hjá því, en ekki man það þó, hvenær það var. Vitnið vill ekki neita, að það geti hafa komið fyrir, að það hafi lánað Erlu bifreið, þegar hún þreif heima hjá því, en það man þó ekki eftir tilteknu skipti. Hún geti þá hafa haft bifreiðina þann dag allan og skilað henni daginn eftir. Vitnið vill geta þess, að það hafi komið fyrir, að fólk, sem starfsfólkið þekkti, skilaði bifreiðum eftir lokun. Var þá hafður sá háttur á, að kveikjulaslyklar voru settir í :hanskahólf, bifreiðunum lokað og þær skildar eftir á bifreiðastæðinu við bifreiðaleiguna. Erla kynni að hafa skilað bifreið á þennan hátt, en um það getur vitnið ekkert fullyrt.

Síðan segir í dómskýrslunni, að vitnið minnst þess ekki, að þau Erla og -Guðjón hafi fengið bifreiðar á leigu á árinu 1974, án þess að um það væri gerður skriflegur samningur. Hins vegar man vitnið eftir því, að Erla fékk bifreiðar að láni án endurgjalds á árinu 1975, eftir að hætt var að kaskótryggja þær, og gerði vitnið þetta í greiðaskyni við hana.

Vitninu var kynnt það, sem kemur fram í framburðum þeirra Sævars Marinós og Erlu hjá rannsóknarlögreglu um, að þau hafi fengið bifreiðar leigðar hjá bílaleigunni Geysi, án þess að um það væri gerður samningur. Vitnið kveðst ekkert geta staðhæft um þetta, en þykir þetta ólíklegt. Það hafi ekki verið fyrr en á árinu 1975 sem Erla fékk bifreiðar hjá bílaleigunni til afnota án samnings. Vitnið kveðst ekki muna eftir, að Sævar Marinó hafi borgað því 5.000 krónur fyrir bifreið, sem hann fékk leigða án þess að gerður væri um það samningur. Vitnið minnst þess ekki að hafa þekkt Erlu í nóvember 1974 og geti því ekki verið, að hún hafi verið farin að taka til hjá því á þeim tíma.

Í lögregluskýrslu sagði vitnið, að það gæti ekki með neinni vissu slegið því föstu, að Erla hafi tekið til í íbúð þess í nóvember 1974, en það væri ekki óhugsandi. Vitnið heldur, að það hafi ávallt opnað íbúð þess fyrir Erlu og stundum skilið hana eftir þar, enda hafi það verið í vinnu. Sævar Marinó hefur komið heim til vitnisins. Það man ekki, hvort Erla var þá með honum, en minnst það fastlega. Vitnið man ekki, hvenær þetta var.

Vitnið kveðst ekki neita því að hafa lánað þeim Erlu og Sævari Marinó bifreið án samnings, en það hefur örugglega ekki gerst, fyrr en eftir að bifreiðarnar voru teknar úr kaskótryggingu, enda hafi ábyrgðin verið það mikil í sambandi við trygginguna, að þetta hafi ekki hvarflað að sér.

Vitnið kannast við Kristján Viðar í sambandi við það, að hann kom þarna eitt sinn og var undir einhverjum áhrifum. Hann var með einhvern æsing, og það hótaði honum lögreglunni. Sigurður Óttar Hreinsson, frændi Kristjáns Viðars, var þarna hjá vitninu í smátíma við þrif á bifreiðum.

Nánar aðspurt í dómi kveðst vitnið ekkert vilja fullyrða um það, hvort það hafi lánað þeim Erlu og Sævari Marinó bifreið frá bílaleigunni Geysi í nóvember 1974, svo sem þau hafi haldið fram. Kveðst vitnið geta ímyndað sér, að þau hafi stolið bifreið á bílaleigunni, en það hafi verið mjög auðvelt og gert með þeim hætti að stinga læsinguna á bifreiðinni upp og tengja beint. Hafi borið nokkuð á þessu, á meðan það starfaði á bílaleigunni, aðallega úti á landi, en þetta hafi yfirleitt ekki verið kært. Þetta hafi helst getað gerst að vetri, en þá stóðu bifreiðar oft að næturlagi við bílaleiguna.

Vitnið man ekki eftir því, að þau Erla og Sævar Marinó hafi ekið á eftir því, svo sem þau halda fram, þegar það á að hafa farið með leigubifreið að Hótel Loftleiðum, en slíkt hafi eðlilega oft komið fyrir og venjan verið sú að fá einhvern til að sækja það.

Vitnið kveður ástæðurnar fyrir því, að það hætti hjá bifreiðaleigunni, hafa verið þær, að það hafði slæmt eksem og eins að það þótti ekki nógu heiðarlegt. Vitnið hafði mjög lág laun. Hafi það gripið til þess ráðs að lána bifreiðar án leigusamnings og greiðslan runnið til þess.

Vitnið Sigurbjörg ólöf Guðjónsdóttir, Grýtubakka 10, móðir Sævars Marinós, hefur skýrt frá því, að Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður hafi minnst á það við sig í október 1976, að fram hefði komið í máli þessu, að það hefði verið að Kjarvalsstöðum að kvöldi 19. nóvember 1974 ásamt þeim Sævari Marinó og Erlu Bolladóttur. Vitnið kveðst hafa farið að rifja þetta upp. Þetta sé sér minnisstætt, þar sem það hafi farið mjög sjaldan út á kvöldin.

Vitnið hefur skýrt frá því, að Sævar Marinó hafi sagt sér frá því, að verið væri að sýna myndina „Eldur í Heimaey“ að Kjarvalsstöðum og það mundi hafa gaman af að sjá myndina. Þau Sævar Marinó og Erla hafi komið að sækja vitnið um kl. 1800 að Laugavegi 70, en vitnið vinnur aðeins þar á þriðjudögum. Fóru þau ásamt vitninu heim til þess á jeppabifreið, sem þau áttu, og var borðaður kvöldverður. Rétt fyrir kl. 2000, að því er vitnið minnst, fóru þau heiman að frá því áleiðis að Kjarvalsstöðum. Var komið

við í leiðinni á Hjallavegi, þar sem þau Erla og Sævar Marinó bjuggu um þessar mundir. Þegar að Kjarvalsstöðum kom, tók nokkurn tíma að finna bílastæði. Var klukkan farin að ganga níu, þegar þau komu inn á Kjarvalsstaði og fyrsta sýning kvikmyndarinnar byrjuð. Þau fóru fyrst í stað ekki inn á kvikmyndasýninguna, en skoðuðu um stund sýningu, sem var á Kjarvalsstöðum. Fóru þau ekki fyrr en á íðari sýningu kvikmyndarinnar, en vitnið getur ekki staðhæft, hvenær hún hófst. Sýningin tók um hálf tíma. Þegar henni var lokið, hittu þau Vilhjálm Knudsen, konu hams og föður, og kynnti Sævar Marinó vitnið fyrir þeim. Þau ræddu saman um stund, en að því búnu fóru þau að skoða ljósmyndasýningu. Eftir það voru þau um hríð í kaffistofunni, og bauð Sævar Marinó því kaffi. Vitnið kvaðst ekki mega vera að því að fá sér kaffi, og var ekið frá Kjarvalsstöðum eftir nokkra stund áleiðis hem til þess að Grýtubakka 10. Var klukkan 2210, þegar þangað kom, og skildist það þar við þau Sævar Marinó og Erlu. Vitnið varð ekki vart við, að þau væru á hraðri ferð. Vitnið kveðst hins vegar hafa verið að flýta sér, þar sem það er sykursýkissjúklingur og verður að hafa ákveðið mataræði. Vitnið vissi ekki um ferðir þeirra Erlu og Sævars Marinós, eftir að það skildi við þau fyrir utan heimili þess. Erla var að sögn vitnisins í síðri peysu, en ekki í kápu.

Vitnið Anna Björg Ciesielski, Grýtubakka 10, systir Sævars Marinós, hefur skýrt frá því, að það muni eftir því, þegar móðir þess fór með þeim Sævari Marinó og Erlu á kvikmyndasýningu á Kjarvalsstöðum. Vitnið kveðst ekki geta tilgreint, hvaða dag þetta var, en þetta var að kvöldi, og var verið að sýna mynd frá eldgosinu í Vestmannaeyjum. Vitnið man, að þau Sævar Marinó og Erla borðuðu heima hjá því kvöldmat, áður en þau fóru að Kjarvalsstöðum ásamt móður þess. Vitnið telur, að þau hafi farið að heiman um kl. 2000 og komið aftur um kl. 2200. Byggir vitnið þetta á því, að móðir þess hafði ekki borðað kvöldskammt vegna sykursýki, sem hún er haldin. Þau Sævar Marinó og Erla voru á jeppa. Þau komu ekki inn með móður þess, þegar þau komu aftur frá Kjarvalsstöðum. Vitnið kveðst ekki vita um ferðir þeirra Sævars Marinós og Erlu eftir þetta.

Vitnið Vilhjálmur Ósvaldsson Knudsen kvikmyndagerðarmaður, Hellusundi 6 A hér í borg, mætti hjá rannsóknarlögreglunni hinn 15. maí 1976. Vitnið skýrði frá því, að það hefði lesið í dagblöðunum fyrir skömmu um Geirfinnsmálið og hafi þá farið að rifja upp fyrir sér samskipti þeirra Sævars Marinós á þeim tíma, sem Geirfinnur Einarsson hvarf.

Vitnið kveðst hafa kynnst Sævari Marinó vorið 1974. Hann hafði áhuga á kvikmyndagerð, og tókust því kynni með honum og vitninu. Vitnið bjó á þessum tíma að Kirkjuteigi 16. Kom Sævar Marinó nokkrum sinnum til vitnisins mánuðina október, nóvember og desember 1974 og var með því, þegar það var að kvikmynda. Þá var hann oft með að láni frá vitninu tæki til kvikmyndagerðar og var að skila tækjum eða sækja önnur. Vitnið þekkti Sævar Marinó mjög lítið persónulega.

Vitnið kveðst hafa haldið dagbók, sem það skráði í vinnustundir sínar og ef það aðhafðist eitthvað sérstakt. Hinn 19. nóvember 1974 hefur vitnið skráð vinnustundafjölda sinn við Fiskvinnsluskólann, og hefur það skv. dagbókinni lokið vinnu kl. 1930. Neðst á blaðsíðunni í dagbókinni er skráð: „MEMO Fór á Kjarvalsstaði um kvöldið. Mynd var sýnd 4 sinnum“. Vitnið afhenti rannsóknarlögreglunni dagbókina. Lá dagbókin frammi, þegar vitnið kom fyrir dóm, og kveðst það staðfesta það, sem að framan greinir.

Um þessar mundir stóð yfir sögusýning að Kjarvalsstöðum, og var verið að sýna þar kvikmyndina „Eldur í Heimaey“. Vitnið og faðir þess, Ósvaldur Knudsen, sem nú er látinn, höfðu gert kvikmynd þessa. Sýningar myndarinnar voru að öllu jöfnu þrjár á kvöldi, en þegar aðsókn var mikil, gátu þær orðið fjórar. Fyrsta sýning hófst kl. 2000, en gat þó dregist um það bil 10 mínútur, og var sýningartími

myndarinnar 30 mínútur. Vitnið kveðst hafa farið að Kjarvalsstöðum; að sjá sýningu þessa að kvöldi 19. nóvember 1974 og hafi faðir þess og eiginkona farið með því. Er kvöld þetta vitninu sérstaklega minnisstætt. Það telur öruggt, að það hafi verið komið að Kjarvalsstöðum um kl. 2000 og sýning myndarinnar hafi hafist þá, en hún var sýnd fjórum sinnum um kvöldið. Var um 15 mínútna hlé milli sýninganna, á meðan fólkið var að fara inn og út. Þau fóru ekki á fyrstu sýninguna, heldur á aðra. Sáu þau hluta af henni og eins upphafið að þriðju sýningu.

Í lögregluskýrslu hinn 10. nóvember 1976 skýrði vitnið frá því, að það muni ekki betur en fyrstu sýningunni hafi seinkað eitthvað lítils háttar, að það gæti trúað um 10 mínútur. Hafi fyrstu sýningu því lokið kl. 2040 og sú næsta hafist um kl. 2050.

Vitnið kveðst hafa hitt Sævar Marinó þetta kvöld að Kjarvalsstöðum um kl. 2100, að það telur. Móðir Sævars Marinós var með honum, og kynnti hann hana fyrir þeim. Erla Bolladóttir var ekki með Sævari Marinó og móður hans. Vitnið kveðst ekki geta slegið því föstu, að það hafi séð hana, en finnst þó, að það hafi veitt henni athygli einhvers staðar í mannþrönginni. Vitnið skiptist aðeins á orðum við Sævar Marinó. Spurði það hann, hvort hann hefði farið á sýninguna, og skildist því honum, að svo væri ekki, en hins vegar sagði hann, að -móðir sín væri búin að sjá sýninguna: Vitnið telur, að það hafi rætt örstutta stand við Sævar Marinó, en að því búnu skildust leiðir þeirra, og sá vitnið hann ekki meira þetta kvöld, að það best veit. Vitnið gat ekki merkt, að Sævar Marinó væri neitt að flýta sér, en því fannst á honum, að hann væri að fara eitthvað. Finnst vitninu einhvern veginn, að hann hafi látið þau orð fafla, að hann væri að fara til Keflavíkur, a. m. k. sagði hann það einhvern tíma við vitnið um þessar mundir. Vitnið kveðst hafa furðað sig á því, hvaða erindi hann gæti átt til Keflavíkur. Vitnið tók fram, að þetta hefði verið eina kvöldið, sem það fór á framangreinda sýningu.

Í lögregluskýrslunni frá 1.0. nóvember 1976 greinir vitnið frá því, að það hafi hitt Sævar Marinó í enda gangs eða veitingastofu inn af anddyri hússins um kl. 2040, þegar það var að koma út af fyrstu sýningunni. Með honum hafi verið kona, sem hann kynnti fyrir vitninu sem móður sína. Tóku þeir tal saman, eins og áður greinir. Vitnið telur, að klukkan hafi verið um 2100, þegar þeir slitu talinu og leiðir þeirra skildust, því að það heldur, að önnur sýning myndarinnar hafi verið byrjuð.

Þá skýrði vitnið frá því í lögregluskýrslunni, að það muni eftir því, að Sævar Marinó hafi komið einu sinni nokkuð seint að kvöldi til þess, eða milli kl. 2300 og 2330. Var það ekki af neinu sérstöku tilefni, heldur meira eins og af tilviljun. Hann hafi talað við það um gerð kvikmyndar, sem hann hafði á þrjónunum, og minnst á eitthvað við vitnið varðandi myndina, en hún átti að fjalla um fanga í fangelsi. Í því sambandi muni Sævar Marinó hafa tekið einhverja filmubúta (senur) í Fossvogskirkjugarðinum, við nýbyggingu vöruskála SÍS skammt frá Kleppsspítalanum og í fjörunni við Laugarnestanga. Þegar hann hafði dvalist hjá vitninu í um 45 mínútur, kom í ljós, að stúlka beiði hans úti í bifreið. Honum var sagt að sækja hana, og gerði hann það. Stúlka þessi var Erla Bolladóttir. Vitnið hafði áður orðið þess vart, að stúlka beið í bifreiðinni, þegar Sævar Marinó kom til þess að kvöldi. Þetta var í eina skiptið, sem Sævar Marinó kom svona síðla heim til vitnisins á þessum tíma. Vitnið var ekki viss um, hvaða dag heimsókn þessi átti sér stað, en heldur, að það hafi verið að kvöldi hins 22. nóvember 1974.

Vitnið kvaðst vilja taka það fram, að samkvæmt vinnudagbók þess, sem það hafi verið að glugga í, hafi það skráð, að kvikmyndin „Eldur í Heimaey“ hafi síðast verið sýnd á Kjarvalsstöðum að kvöldi hins 22. nóvember 1974. Það sé þess vegna, sem það telji þau Erlu og Sævar Marinó hafa komið heim til þess síðla að kvöldi þess dags, því að vitninu hafði verið tjáð, að Sævar Marinó hefði sagst hafa komið heim til þess eftir sýningu myndarinnar. Þó vilji það ekki girða fyrir, að þau Sævar Marinó eða Erla hafi

komið á heimili þess kvöldið, sem það fór með konu þess og föður á Kjarvalsstaði, það er hinn 19. nóvember 1974.

Skýrsla vitnisins hjá rannsóknarlögreglunni frá 15. maí 1976 var lesin í dóminum, og kvaðst það staðfesta hana með þeim breytingum, sem fram koma í framburði þess. Skýrsla vitnisins hjá rannsóknarlögreglu frá 10. nóvember 1976 var einnig lesin. Vitnið segir skýrsluna rétta í öllum atriðum og eins nákvæma og því sé unnt að skýra frá, þar á meðal hvenær það hitti Sævar Marinó að Kjarvalsstöðum og skildi við hann.

Vitnið Páll Konráð Konráðsson Þormar, Óðinsgötu 8 A, hefur skýrt frá því, að það hafi dvalist að Laugavegi 32 haustið og fyrri part vetrar árið 1974 ásamt Huldu Björk Ingibergsdóttur. Vitnið var á herbergi nr. 9 í húsinu. Kristján Viðar Viðarsson dvaldist mikið hjá vitninu um þessar mundir og svaf þar flestar nætur. Vitnið man, að einhvern tíma dags á þessum tíma, sennilega um kl. 1600, var hringt í síma, sem er niðri á ganginum. Vitnið telur öruggt, að þetta hafi verið 19. nóvember 1974 eða sama dag og Geirfinnur Einarsson hvarf í Keflavík. Vitnið fór í símann, og var Sævar Marinó Ciesielski, sem vitnið þekkir, í símanum. Sævar Marinó sagði vitninu, hver hann væri, og einnig þekkti vitnið rödd hans. Hann spurði eftir Kristjáni Viðari, og fór vitnið upp í herbergi og sótti Kristján Viðar. Kristján Viðar fór í símann, en ekki heyrði vitnið, hvað hann sagði. Þegar Kristján Viðar kom upp í herbergið aftur, sagði hann, að Sævar Marinó hefði verið að biðja sig um að koma með sér í sjóferð frá Hafnarfirði til að sækja spíra. Vitnið var öruggt um, að Kristján Viðar hafi nefnt Hafnarfjörð, en ekki Keflavík, og einnig að hann hafi nefnt sjóferð.

Í lögregluskýrslum 14. apríl og 7. maí 1976 talar vitnið um Keflavík, en í skýrslu 9. september lama ár um Hafnarfjörð. Vitnið og Kristján Viðar ræddu þetta um stund. Sagðist vitnið vilja koma með til að ná í spírann. Kristján Viðar tók vel í það og bauð vitninu að koma með. Hann taldi, að smygla ætti spíranum, og kveðst vitnið ekki hafa efast neitt um það, en álitnið þó, að um lítilræði væri að ræða. Kristján Viðar minntist ekki á neinn annan en Sævar Marinó, sem ætlaði að taka þátt í þessu.

Í lögregluskýrslunni 9. september segir vitnið, að daginn, sem Sævar Marinó hringdi í Kristján Viðar og það fór í símann, haldi það, að Kristján Viðar hafi verið að tala um, að hann ætti von á manni á laugavegin klukkan hálf níu til níu um kvöldið. Þegar vitnið hugsar betur um þetta, muni það, að Kristján Viðar hafi verið orðinn óþolinmóður þetta kvöld og farinn að tala um, hvort þeir ætluðu ekki að fara að koma.

Á tímanum frá kl. 2000 til 2100 var dyrabjöllunni hringt, og fór Kristján Viðar til dyra. Vitnið kveðst ekki vita, hver hringdi. Kristján Viðar skipti um jakka, áður en hann fór á brott, og man það, að hann fór í svörtum leðurjakka, sem vitnið hafði áður átt, og utan yfir í hvítan gærujakka. Vitnið man að öðru leyti ekki eftir, hvernig hann var klæddur. Um leið og Kristján Viðar var að fara út úr húsinu, kveðst vitnið hafa farið út í glugga, sem er á vesturgafli þess, en þaðan sést niður á Vatnsstíg. Gerði vitnið þetta til þess að forvitnast nánar um, hvaða maður væri með Kristjáni Viðari. Vitnið kveðst hafa séð Kristján Viðar út um gluggann og mann, sem var í fylgd með honum. Vitnið þekkti ekki manninn. Maðurinn var meðalmaður á vöxt og á að giska 20 til 30 ára. Vitnið sá á -bak manninum, en man ekki, hvernig hann var klæddur. Vitnið var öruggt um, að þetta var ekki Sævar Marinó. Mennirnir gengu norður yfir Laugavegin og niður Vatnsstíg, uns þeir komu á móts við Dún- og fiðurhreinsunina, en þar námu þeir staðar við bifreið, sem stóð að vestanverðu í götunni. Bifreið þessi var fólksbifreið, en vitnið getur ekki sagt, af hvaða tegund, og ekki heldur, hvernig hún var á litinn. Í lögregluskýrslu kveður vitnið sér hafa virst þetta vera rauð-brún fólksbifreið. Bifreiðin var ekki stór. Vitnið sá, að fólk

var inni í bifreiðinni, en ekki veit það, hve margt það var. Það sá, að maður sat undir stýri bifreiðarinnar. Vitnið veitti ekki athygli neinu fólki á gangstéttinni. Vitnið sá, að Kristján Viðar og maðurinn fóru inn í bifreiðina. Í því fór vitnið úr glugganum, og sá það ekki meira til bifreiðarinnar. Það var afráðið, áður en Kristján Viðar fór á brott, að vitnið færi ekki með í ferðina. Vitnið og Hulda Björk fóru stuttu síðar út og héldu á dansleik í Tjarnarbúð. Vitnið og Kristján Viðar neyttu báðir lyfja þetta kvöld. Höfðu þeir neytt lyfja um mánaðarskeið fyrir framangreindan atburð, og kveðst vitnið ekki muna þetta eins vel vegna þess. Kristján Viðar neytti einhverra lyfja, áður en hann fór á brott, og telur vitnið, að um róandi lyf hafi verið að ræða.

Kristján Viðar kom aftur annað hvort um nóttina eða daginn eftir. Vitnið man, að hann vantaði einhver föt. Vitnið man ekki, hvernig það atvikaðist, en það fór út að bifreið, sem Kristján Viðar hafði komið í, til að sækja gærjakka hans. Það veitti bifreiðinni eftirför og náði henni við umferðarljósinn við Klapparstíg. Vitnið man ekki, hvernig bifreið þetta var. Karlmaður og kona voru í bifreiðinni, og telur vitnið, að konan hafi ekið, en er ekki alveg öruggt um þetta. Vitnið spurði um gærjakkann, og rétti konan honum hann. Vitnið telur sig hafa kannast við fólk það, sem var í bifreiðinni, en getur ekki komið því fyrir sig. Fólk þetta var ungt, á að .giska um tvítugt. Geti verið, að maðurinn hafi verið Sævar Marinó, en vitnið er ekki alveg öruggt um það. Vitnið þekkti ekki Erlu Bolladóttur á þessum tíma og getur ekki sagt um, hvort um hana hafi verið að ræða. Vitnið sá myndir af þeim Sævari Marinó og Erlu. Vitnið þekkir Sævar Marinó. Það telur geta verið, að það hafi verið Erla, sem ók bifreiðinni.

Vitninu virtist verða breyting á Kristjáni Viðari eftir framangreinda ferð. Hann var meira inn í sjálfan sig og jók neyslu á róandi lyfjum. Virtist því hann helst vilja vera í vímu. Vitnið spurði um spírann og var að gera grín að ferðalaginu, en Kristján Viðar virtist hafa komið alveg slyppur úr því. Kristján Viðar vildi ekkert ræða ferðalagið við vitnið, og spurði það hann ekkert meira um það. Vitnið miðar tímasetningu þá, sem að framan greinir, við það, að auglýst var eftir Geirfinni, skömmu eftir að Kristján Viðar fór í ferðina.

Vitnið man eftir því, að það var í veitingahúsinu Klúbbnum um helgi með þeim Kristjáni Viðari og Sævari Marinó, rétt áður en Geirfinnur hvarf. Þeir voru að reyna að stela veskjum af fólki í veitingahúsinu. Telur vitnið, að Kristján Viðar hafi tekið eitt veski. Það kveður þá Sævar Marinó og Kristján Viðar hafa rætt við fleiri en einn mann, svo að það sæi, og var tilgangurinn að reyna að ná veskjum af þeim. Vitnið sá myndir af Geirfinni Einarssyni. Vitnið kveðst ekkert geta sagt um, hvort þeir Kristján Viðar og Sævar Marinó hafi talað við hann. Þeir minntust ekkert á, að þeir hefðu hitt Geirfinn eða mann úr Keflavík í veitingahúsinu.

Vitnið man, að Sigurður Óttar Hreinsson, frændi Kristjáns Viðars, kom að Laugavegi 32, einhvern tíma eftir að Sævar Marinó hringdi hinn 19. nóvember 1974, og ræddi við Kristján Viðar. Vitnið veit ekkert, hvað þeim fór á milli.

Vitnið kveðst staðfesta skýrslur sínar hjá rannsóknarlögreglu með áorðnum breytingum. Misræmi það, sem sé á milli skýrslu vitnisins hjá rannsóknarlögreglunni og framburðar þess nú, stafi af því, að rannsóknarlögreglumenn þeir, sem yfirheyrðu það, hafi sett inn í skýrsluna atriði, sem vitnið hafði alls ekki sagt.



Vitnið man ekki til, að það þekki neinn í Keflavík, og það kannast ekki við neinn mann þar, sem kallaður er Geiri og hefur fengist við ólöglega áfengissölu eða spírasmygl. Vitnið kannast ekki við að hafa rætt við Sævar Marinó um neinn Geira.

Vitnið Hulda Björk Ingibergsdóttir, Krummahólum 6 hér í borg, hefur skýrt frá því, að það hafi dvalist mikið að Laugavegi 32 haustið 1974. Vitnið var í herbergi nr. 9 í húsinu hjá Páli Konráð Konráðssyni Þormar. Kristján Viðar Viðarsson var þarna mikið og svaf oft þarna. Vitnið kveður þau Pál Konráð hafa farið af Laugavegi 32 rétt eftir 20. nóvember. Það man eftir, að einhvern tíma seinni part dags, skömmu áður en þau fóru, var hringt til Kristjáns Viðars. Vitnið kveðst ekki geta alveg staðhæft, hvenær þetta var, en það sé afar líklegt, að það hafi verið 19. nóvember. Páll Konráð svaraði í símann og kallaði síðan á Kristján Viðar. Sagði hann, að Sævar Marinó, sem vitnið kannast við, væri í símanum. Kristján Viðar fór í símann, en vitnið heyrði ekki, hvað hann sagði, enda er síminn á næstu hæð fyrir neðan. Þegar Kristján Viðar kom aftur upp í herbergi, sagði hann, að Sævar Marina hefði verið að biðja sig að koma til Keflavíkur til að ná í spíra, en ekki greindi hann nánar frá þessu. Kristján Viðar bað Pál Konráð um að koma með í ferðina. Páll Konráð virtist ekki hafa mikinn áhuga á að fara, en talaði þó um, að hann hefði áhuga á spíranum. Vitnið og Páll Konráð héldu, að einungis væri um lítið magn að ræða, jafnvel 2-3 flöskur. Einhvern tíma um kvöldið var dyrabjöllunni hringt, en ekki veit vitnið, hver hringdi. Það getur ekki staðhæft, hvenær kvöldsins þetta var, en telur, að það hafi verið frekar snemma, a. m. k. ekki seint og miðar þá við það, að þau Páll Konráð fóru eitthvað út saman að skemmta sér. Kristján Viðar hafði verið að bíða eftir, að einhver maður kæmi að sækja sig. Hann nefndi ekki, hvaða máður það væri, en þetta var í sambandi við ferðina til Keflavíkur. Kristján Viðar fór sjálfur til dyra, að vitnið telur, og hélt síðan fljótlega á brott með manningum. Vitnið heldur, að Kristján Viðar hafi verið í svörtum leðurjakka, en kveðst ekki muna nánar um klæðnað hans.

Kristján Viðar kom aftur að Laugavegi 32 um hádegi daginn eftir. Sagðist hann hafa farið að Grettisgötu 82 um nóttina. Hann var ekki í sömu fötunum og hann hafði verið í kvöldið áður. Hann sagðist hafa haft fataskipti og farið í það. Vitnið minnir, að Kristján Viðar hafi verið í ljósum gærupelsi. Hann var ýmist í honum eða leðurjakkanum. ;Geti verið, að hann hafi eins verið í gærupelsinum, þegar hann fór á brott, og í leðurjakkanum, þegar hann kom daginn eftir. Vitnið er þó frekar á því, að þetta hafi verið á hinn veginn. Kristján Viðar minntist ekki á ferðina til Keflavíkur, en það lá ljóst fyrir, að hann hafði engan spíritus fengið í ferðinni. Ferð þessi var ekki sett í samband við hvarf Geirfinns Einarssonar, og var ekki minnst á hana meira.

Vitnið Sighvatur Andrésen hefur skýrt frá því í lögregluskýrslu, að það hafi verið fangi að Litla-Hrauni árið 1975 ásamt Kristjáni Viðari. Þeir Kristján Viðar, Einar Sverrir Einarsson og vitnið héldu mikið hópinn, meðan á fangavistinni stóð, og þekkir það því Kristján Viðar þó nokkuð.

Vitninu var skýrt frá því, sem Kristján Viðar hefur eftir því í framburði sínum, að það hafi séð Eirík, son Sigurbjörns, eiganda Klúbbsins, á tali við Geirfinn Einarsson í Klúbbnum, skömmu áður en Geirfinnur hvarf. Vitnið neitar algerlega að hafa sagt þetta, að minnsta kosti reki það ekki minni til þess og finnst það mjög ólíklegt, þar sem það þekki Eirík ekki einu sinni í sjón. Það hefur heyrt minnst á einhvern Eika son Sigurbjörns í Klúbbnum, en getur ekki munað hvar eða í hvaða sambandi. Hitt sé annað, að það hafi þekkt Geirfinn Einarsson töluvert. Vitnið kveðst ekki vita, hvað fengið hafi Kristján Viðar til þess að segja, að það hafi séð Geirfinn, skömmu áður en hann hvarf.

Vitnið Þórdís Bára Hannesdóttir, starfsstúlka á ritsímanum, þá til heimilis að Háaleitisbraut 113 hér í borg, mætti hjá rannsóknarlögreglunni hinn 10. apríl 1976. Vitnið skýrði svo frá, að það hafi byrjað að

vinna á ritsímanum í maímánuði árið 1971. Um haustið sama ár hóf Erla Bolladóttir einnig störf þar í lausavinnu, og unnu þær á sömu vakt. Erla hætti störfum einhvern tíma á árinu 1974. Vitninu líkaði vel við Erlu. Hún talaði mikið, og fannst vitninu hún hressileg. Hún hafði fjörukt ímyndunarafl, án þess þó að vitnið vissi til, að hún segði ósatt.

Erla nefndi aldrei, að hún væri heitbundin, en sagðist vera með strák, sem hétu Sævar, og fyndist sér hann vera mjög gáfaður. Vitnið vissi aldrei til, að Erla neytti lyfja, á meðan hún vann á ritsímanum, en það vissi, að hún hafði eitthvað neytt af hassi, áður en hún kynntist Sævari. Hann hafi því ekki komið henni á að neyta þess.

Erla kom niður á símsstöð í nokkur skipti, eftir að hún hætti að vinna þar, og talaði vitnið þá við hana. Tók það ekki eftir, að hún væri öðruvísi en hún átti að sér að vera. Vitnið kveðst muna eftir, að Erla kom stuttu eftir að rannsókn Geirfinnsmálsins hófst. Fór það að tala við hana um, hvað þetta væri allt skrýtið eða undarlegt, en hún gaf lítið út á það. Vitninu fannst hún ekki vilja tala um þetta, eins og allir aðrir gerðu. Vitnið sagði við Erlu, hvort hún héldi, að þeir mundu finna Geirfinn. Svaraði hún eitthvað á þá leið, að þeir fyndu hann aldrei. Vitninu fannst Erla ekkert öðruvísi í þetta sinn en vanalega.

Vitnið man eftir því, að á þessu tímabili um haustið kom Erla eitt sinn og sagði því, að hún hefði verið hrædd. Kvaðst hún hafa verið í mannlausu húsi í Keflavík að flýja undan Sævari, að vitnið minni eða það heldur, að það hafi tekið það þannig. Vitnið spurði einskis, en hélt áfram að vinna. Erla sagðist hafa verið með hálfan pakka af vindlingum í húsinu um nóttina, en farið í bæinn næsta morgun „á puttanum“, að vitnið minni. Vitnið kvaðst ekki geta munað nákvæmlega, -hvenær Erla sagði því þessa sögu, hvort það hafi verið áður en farið var að tala um Geirfinn eða á eftir, en það hafi verið á því tímabili. Vitninu skildist, að þetta atvik hefði verið „nýskeð“, þegar Erla sagði því frá þessu, og hefði það átt sér stað daginn áður, en vitnið sagðist einskis hafa spurt.

Vitnið var yfirheyrt í dómi hinn 12. apríl 1976 og staðfesti þá framburð sinn með eiði. Vitnið skýrði þá frá því, að það hefði hitt Erlu í vikunni áður, líklega 6. apríl. Þær hafi rætt mál þetta lítilla og umræður þeirra hafist á því, að Erla hefði sagt, að bifreiðarstjóri hefði gefið sig fram. Vitnið kvaðst hafa sagt Erlu, að það myndi eftir, að hún hefði skýrt því frá dvöl hennar í mannlausu húsinu í Keflavík. Það hefði komið henni á óvart, að vitnið skyldi muna eftir því. Vitnið tók fram aðspurt, að það væri ekki visst um, að Erla hafi sagt, að mannlausu húsið væri í Keflavík, en þó minni sig það örugglega. Vitninu fannst Erla stundum hafa frjótt ímyndunarafl og ef til vill draumórakennt.

Vitnið :Guðmundur Sigurður Jónsson, Tjarnarstíg 8, Seltjarnarnesi, hafði samband við rannsóknarlögregluna hinn 30. mars 1976 vegna auglýsingar eftir öikumanni bifreiðar, sem ekið hefði stúlku frá Keflavík að vegamótum Grindavíkurveggar hinn 20. nóvember 1974. Þegar vitnið sá þessa auglýsingu, kveðst það strax hafa munað eftir því, að það hefði tekið stúlku upp í bifreið í Keflavík haustið 1974 og ekið henni að mótum Grindavíkurveggar.

Vitnið hefur skýrt frá því í dómi, að einhvern tíma haustið eða veturinn 1974 hafi það ekið bifreið frá Sandgerði til Reykjavíkur og á leiðinni tekið stúlku upp í bifreið sína í Keflavík. Nánar aðspurt skýrði vitnið frá því, að það hefði verið í afmæli fóstru sinnar, Kristínar Jóhannesdóttur, Grenilundi 8, Garðabæ, að kvöldi hins 19. nóvember 1974. Snemma næsta morgun muni það hafa farið suður í Sandgerði til að hitta dóttur sína, sem þar býr. Hafi það haft þar skamma viðdvöl og telur, að það hafi verið um kl. 1000 í Keflavík á leið aftur til Reykjavíkur. Það hafi verið eitt í bifreiðinni.

Vitnið var spurt að því, hvar það hefði tekið stúlkuna upp í bifreið þess. Það skýrði frá því, að það hefði minnt í fyrstu, að þetta hafi verið við afleggjarann úr Njarðvíkunum upp á Keflavíkflugvöll, eins og það greindi rannsóknarlögreglu frá, en við nánari umhugsun telji það, að þetta hafi verið vestast á Hafnargötu í Keflavík, en það kveðst hafa beygt niður á þá götu, þegar það kom að bænum frá Sandgerði. Vitnið sá kort af þessu svæði í Keflavík og telur, að þetta hafi verið nálægt mótum Hafnargötu og Aðalgötu.

Stúlkan hafi veifað því og það stöðvað. Stúlka þessi var grönn, frekar lágvaxin, skohlærð með frekar sítt hár og gæti hafa verið um tvítugt. Hún var í bláum snjádum nankinsbuxum, en ekki í kápu. Vitninu fannst ekkert sérstakt athugasvert við ástand stúlkunnar, t. d. að hún væri sjúskuð eða henni væri kalt. Stúlkan bað í fyrstu um að fá far til Reykjavíkur. Vitnið kveðst þó við nánari athugun ekki vera viss um, að stúlkan hafi strax beðið um far til Reykjavíkur, heldur að hún hafi spurt það, hvert það væri að fara. Vitnið svaraði henni, að það væri að fara til Reykjavíkur, og hafi stúlkan þá gefið í skyn að það hentaði sér. Skildi vitnið það svo, að hún ætlaði til Reykjavíkur, uns hún sagði því, að hún væri að vinna í Grindavík.

Þegar komið var inn undir Stapa, spurði vitnið stúlkuna, hvar hún ynni, og sagði hún, að hún starfaði í fiskverkunarstöð í Grindavík. Vitnið fékk ekki neitt fullnægjandi svar við því, um hvaða fiskverkunarstöð væri að ræða, þegar það spurði nánar um þetta, og fannst þetta dálítið undarlegt. Vitnið sagði stúlkunni, að það ynni sjálft í Grindavík og ætti að fara þangað til vinnu eftir hádegið, en þyrfti þó að fara heim áður. Stúlkan sagði, að hún gæti fengið far til Grindavíkur á vegamótunum. Vitnið man ekki eftir, að þau hafi rætt neitt sérstakt annað í bifreiðinni.

Stúlkan fór úr bifreið vitnisins við vegamót Grindavíkurveggar. Vitnið ók rólega af stað, en rétt á eftir mætti það vörubifreið, sem það sá, að beygt var inn á veginn til Grindavíkur. Bifreið þessi hægði á sér, þegar henni var ekið fram hjá stúlkunni. Vitnið varð undrandi á því, að stúlkan varð eftir og þáði ekki far með bifreiðinni, en það taldi, að bifreiðarstjórinn hefði boðið henni það.

Þegar vitnið var að aka niður af Stapanum að norðan, ók fram úr því vörubifreið, brúnleit að því er það minnir. Sýndist vitninu stúlkan sitja við hlið ökumanns, og var það undrandi á þessu. Vitnið fylgdist ekki með bifreið þessari, og hvarf hún því sjónum.

Vitnið átti rauða Skoda bifreið á þessum tíma, og var skrásetningamerki hennar G 9093. Vitnið er þó ekki viss um, að það hafi verið á þeirri bifreið. Það hafi eitt sinn um þetta leyti fengið lánaða bifreið hjá vinnufélaga sínum í Grindavík og hafi þetta verið gömul Moskwitch bifreið, gulgræn að lit að vitnið minnir, og frekar illa farin. Telur það jafnvel sennilegt, að það hafi verið á þessari bifreið umrætt sinn. Eigandi bifreiðarinnar er nefndur Lilli og bjó í Grindavík. Störfuðu hann og vitnið á pramma með dýpkunarskipinu Gretti í Grindavíkurhöfn um þetta leyti, og var vitnið stýrimaður á skipinu.

Vitnið mætti í sakbendingu hjá rannsóknarlögreglu hinn 30. mars 1976 og benti þar á Erlu Bolladóttur í hópi stúlkna, sem líkasta stúlku þeirri, sem kom í bifreiðina. Kveðst vitnið telja, að það hafi verið Erla, sem kom umrætt sinn í bifreið þess. Vitninu var sýnd mynd af Erlu og telur, að um hana sé að ræða, en tekur fram, að hún hafi ekki verið með gleraugu.

Strax og vitnið kom til vinnu sinnar í Grindavík þennan dag, nefndi það þetta atvik með stúlkuna við vinnufélaga sinn, Sigurvin Hannibalsson, 2. vélstjóra á Gretti, Blesugróf 21, Reykjavík.

Vitnið Sigurvin Hannibalsson var yfirheyrt hjá rannsóknarlögreglunni hinn 1. júní sl. Vitnið kveðst þekkja Guðmund Sigurð Jónsson. Kynntist það honum árið 1969, þegar þeir voru að vinna á dýpkunarskipinu Gretti, og vinna þeir saman enn. Haustið 1974 á tímabilinu frá október til desember, vitnið man ekki nákvæmlega hvenær, man það eftir því, að Guðmundur Sigurður kom til vinnu á dýpkunarskipinu Gretti dag einn, þegar þeir voru að vinna í Grindavíkurhöfn, að það minnir á hádegi. Hann sagði vitninu frá því, að hann hefði tekið stúlku upp í bifreiðina í Keflavík og ekið henni að mótum Grindavíkurveggar og Reykjanesbrautar, þar sem hún hefði farið úr bifreiðinni, en hann haldið til Reykjavíkur. Vitnið man ekki, hvort Guðmundur Sigurður sagði nokkuð um það, hvað stúlkan hefði sagt við hann, eða hann hafi minnst á það að hafa séð hana fara í annarri bifreið til Reykjavíkur. Hann hafi hins vegar talað um það, að sér hefði fundist stúlkan skrýtin, en ekki man vitnið, hvað hann sagði í því sambandi. Vitnið veit ekki, í hvaða bifreið Guðmundur Sigurður var, en minnir, að hann hafi þá átt Skoda fólksbifreið. Vitnið veit til, að Guðmundur fékk lánaða Moskwitch fólksbifreið nokkrum sinnum hjá vinnufélaga þeirra, sem kallaður er Lilli, til þess að fara á til Reykjavíkur. Maður þessi er frá Vestmannaeyjum. Moskwitch bifreið hans var gömul, og minnir vitnið, að hún hafi verið með V númeri.

Vitnið Ingvar Georg Engilbertsson, Skúlaskeiði 3, Hafnarfirði, hefur skýrt frá því hjá rannsóknarlögreglu, að það hafi byrjað að vinna á dýpkunarskipinu Gretti í Grindavík annað hvort seinni hluta ágústmánaðar eða í september 1974. Unnu -þar með því þeir Guðmundur Sigurður Jónsson og Sigurvin Hannibalsson, en þeir voru byrjaðir á undan vitninu.

Árið 1974, að vitnið minnir í maí, keypti það bifreiðina R 22570. Þetta var Moskwitch bifreið af árgerð 1966. Bifreiðin var alveg hvít, og breytti það ekki um lit á henni. Það losaði sig við hana um áramótin 1974 og 1975. Vorið 1975 var bifreiðinni hent á öskuhaugana í Grindavík.

Vitnið man eftir því, að það lánaði Guðmundi Sigurði Jónssyni bifreiðina einhvern tíma haustið 1974, en veit ekki, af hvaða tilefni það var eða hvert hann fór á henni. Það geti verið, að það hafi lánað Guðmundi Sigurði bifreiðina oftár en einu sinni þetta haust, þó að það muni það ekki. Vitnið man ekki, hvort það lánaði Guðmundi Sigurði bifreiðina dagana 19. eða 20. nóvember 1974. Bifreiðin var aldrei á V númeri. Vitnið getur ekki gengið úr skugga um, hvort það hafi sjálft verið með bifreiðina .hinn 19. eða 20. nóvember 1974.

Vitnið minnst þess ekki, að Guðmundur Sigurður hafi talað við sig um, hvert hann fór á bifreiðinni, eða hann hafi talað um, að hann hefði einhvern tímann tekið upp í bifreiðina stúlku í Keflavík og sleppt henni út við Grindavíkurafleggjarann.

Vitnið Pálína Jóna Guðmundsdóttir, Suðurgötu 25, Sandgerði, dóttir Guðmundar Sigurðar Jónssonar, skýrði frá því hjá rannsóknarlögreglu, að það hefði kvöldið 19. nóvember 1974 verið í afmæli frænku sinnar, Kristínar Jóhannesdóttur, að Grenilundi 8, Garðabæ. Þar var fjöldi fólks, þar á meðal faðir þess. Vitnið var nýlega flutt til Sandgerðis, og hafði faðir þess ekki komið þangað. Þarna í afmælinu talaði hann um að koma í heimsókn til vitnisins, jafnvél morguninn eftir, en á þessum tíma var hann á dýpkunarskipinu Gretti, sem var í Grindavík. Vitnið heldur, að hann hafi unnið á vöktum, en vill þó ekki fullyrða um það.

Vitnið og eiginmaður þess, Þórarinn Reynisson, fóru úr afmælinu um kl. 2330. Héldu þau beint heim til þeirra að Þóroddsstöðum, sem er sveitabær norðan Sandgerðis.

Faðir vitnisins kom snemma morguninn eftir. Telur vitnið, að klukkan hafi verið 0900 eða þar um bil, en getur þó ekki slegið þessu föstu eftir þetta langan tíma. Hann sagðist hafa farið fyrst í smiðjuna til eiginmanns þess, Þórarins, og fengið hjá honum lýsingu á leiðinni heim til þeirra. Faðir vitnisins hafði ekki langa viðdvöl hjá því, líklega 30 til 40 mínútur, og þegar hann fór, heldur vitnið, að hann hafi talað um, að hann ætti ekki að mæta til vinnu fyrr en seinna þennan dag. Vitnið sá aldrei bifreiðina, sem hann kom á, og hann talaði ekkert um hann við það. Vitnið heldur, að faðir þess hafi þá átt Skoda bifreið, og man, að sú bifreið var stundum í lamasessi, en hvort svo var þetta sinn, getur það ekki sagt um.

Vitnið Þórarinn Gunnar Reynisson, Suðurgötu 25, Sandgerði, kveðst hafa verið í framangreindu afmæli Kristínar Jóhannesdóttur, Grenilundi 8, Garðabæ. Þar hitti það tengdafaður sinn, Guðmund Sigurð Jónsson. Hann talaði um að koma í heimsókn til þeirra hjónanna, en þau voru nýflutt til Sandgerðis. Þessu var þó ekki slegið föstu, og um miðnættið eða nokkru fyrr fóru þau hjónin heim. Morguninn eftir eða um kl. 0830 kom tengdafaðir þess á verkstæðið, þar sem það vinnur, og spurði um leiðina heim til þeirra. Vitnið vísaði honum leiðina, en fór ekki út úr húsinu. Vitnið man, að það var myrkur, og sá það aldrei bifreiðina, sem tengdafaðir þess var á. Vitnið vissi, að hann átti rauða Skoda bifreið og að bilanir höfðu orðið á þessari bifreið, en hvort það var á þessum tíma, veit það ekki. Hann var á dýpkunarskipinu Gretti, og var skipið í Grindavík við dýpkun. Eiginkona vitnisins sagði vitninu, að tengdafaðir þess hefði haft mjög skamma viðdvöl hjá henni.

Samkvæmt vottorði frá Þjóðskrá er Kristín Jóhannesdóttir, sem að framan greinir, fædd hinn 19. nóvember 1889.

Vitnið Ámundi Rögnvaldsson, Hörpugötu 12 hér í borg, kom til rannsóknarlögreglunnar af eigin hvötum hinn 11. apríl 1976 til þess að bera vitni í máli þessu.

Vitnið hefur skýrt frá því, að í nóvembermánuði 1974 hafi það starfað við flutninga á tónum síldartunnnum frá Siglufirði, fyrst til Reykjavíkur, en svo til Keflavíkur. Þeir voru tveir, sem önnuðust þessa flutninga og óku sin hvorri vörubifreiðinni. Vitnið ók vörubifreið af tegundinni Bedford, rauðri að lit með svörtum aurbrettum. Á palli bifreiðarinnar voru háar grindur. Þeir lögðu venjulega af stað frá Siglufirði síðari hluta dags eða að kvöldi og óku þá oftast að Varmahlíð eða á Blönduós og gistu. Næsta dag óku þeir til Reykjavíkur og gistu þar. Þriðja daginn óku þeir til Keflavíkur og lögðu af stað um kl. 0600. Í Keflavík voru alltaf starfsmenn til taks til þess að losa bifreiðarnar, en losunin tók um hálfu klukkustund. Strax eftir losun lögðu þeir aftur af stað áleiðis til Siglufjarðar og óku þá leið venjulega í einum áfanga.

Vitnið tók eftir því, þegar rannsóknarlögreglan lýsti í fjölmiðlum eftir ökumanni flutningabifreiðar, sem hugsanlega hefði tekið stúlku upp í bifreið sína við vegamót Grindavíkurvegjar og Reykjanesbrautar að morgni 20. nóvember 1974 og ekið henni til Hafnarfjarðar. Lýst var eftir malar- eða grjóttflutningabifreið, en vitnið mundi allt í einu eftir því, að það hafði verið að aka þessa leið á fyrrnefndum tíma. Það skræði hjá sér allar ferðirnar frá Siglufirði og einnig, hvaða daga og hvar það losaði farminn hverju sinni. Samkvæmt þessu bókhaldi sínu hafi það losað farm í Keflavík að morgni hins 20. nóvember 1974 og hafi það því verið í akstri á leið til Reykjavíkur um Reykjanesbraut þann morgun og lagt af stað um kl. 0930.

Í einni af þessum ferðum man vitnið eftir því, að það tók upp í bifreiðina stúlku á Reykjanesbraut um 4a0 metra austan móta Grindavíkurvegjar. Stúlka þessi var ein síns liðs, og fannst vitninu hún vera illa

búin, því að kalsaveður var, en þó ekki frost eða snjór. Vitnið minnir, að einhver rigningsuddi hafi verið, að minnsta kosti öðru hverju, og nokkur vindur, en ekki man það, af hvaða átt blés. Vitnið treystir sér ekki til þess að lýsa klæðnaði stúlkunnar nánar, en því fannst hún ekki nógu vel búin til þess að vera á ferð fátgangandi í svona veðri. Það spurði stúlkuna, hvaðan hún væri, og kvaðst hún eiga heima í Njarðvíkunum. Það spurði þá, hvort hún væri búin að ganga þaðan, og játaði hún því. Hún sagði, að hún væri á leið til Reykjavíkur, en bifreið hennar hefði ekki farið í gang og þess vegna hefði hún lagt af stað fótgangandi. Vitnið man ekki til þess, að stúlkan segði því meira um sína hagi, enda heldur það, að þau hafi lítið rætt saman á leiðinni. Stúlkan ætlaði ekki beinustu leið til Reykjavíkur, heldur ætlaði hún fyrst til Hafnarfjarðar, að vitninu skildist til þess að heimsækja eitthvert skyldfólk. Venja vitnisins var sú að aka ætíð Reykjanesbrautina ofan við Hafnarfjörð á þessum ferðum sínum, en nú ók það inn í bæinn að sunnanverðu og gerði það beinlínis til hægðarauka fyrir stúlkuna. Hún fór úr bifreiðinni á Strandgötu rétt á móts við kirkjuna. Stúlkan þakkaði því kærlega fyrir aksturinn, og það ók svo af stað.

Hinn 11. apríl 1976 sá Ámundi Rögnvaldsson Erlu Bolladóttur ásamt fjórum öðrum stúlkum í skrifstofu rannsóknarlögreglunnar. Ekki þekkti hann neina þessara stúlkna sem stúlku þá, sem hann tók upp í bifreið sína á Reykjanesbraut skammt frá mótum Grindavíkurveggar að morgni dags í nóvember 1974. Hann sagði, að samt gæti stúlkan hugsanlega hafa verið í hópi þessara stúlkna, þótt hann þekkti hana ekki.

Vitnið lést hinn 18. apríl 1977.

Vitnið Guðrún Unnur Ægisdóttir, Freyjugötu 10 hér í borg, fyrrverandi eiginkona ákærða Guðjóns Skarphéðinssonar, hefur skýrt frá því hjá rannsóknarlögreglu, að þau Guðjón hafi kennt við Reykjanesskóla við Ísafjarðardjúp á árunum 1968-1972. Annað hvort síðasta eða næst síðasta veturinn, sem þau kenndu við skólann, var Sævar Marinó þar nemandi, og kenndi Guðjón honum. Þau Guðjón fluttust til Reykjavíkur árið 1972. Sumrin 1973 og 1974 vann Guðjón hjá byggingafyrirtækinu Brún, fyrst við hitaveituframkvæmdir í Mosfellssveit, en síðan við byggingar í Kópavogi.

Í júnímánuði 1974 festu þau Guðjón kaup á íbúð að Ásvallagötu 46. Tóku þau við íbúðinni 1. október það ár og fluttu í hana dagana 8. eða 9. nóvember, eftir því sem vitnið best man. Þau bjuggu í íbúðinni að Ásvallagötu 46 veturinn 1974-1975 og fram á sumar, en þá seldu þau íbúðina og keyptu íbúð að Grettisgötu 31 A. Skömmu síðar skildu þau að borði og sæng.

Vitnið getur ekki fullyrt um, hvar það sá Sævar Marinó fyrst, eftir að þau komu til Reykjavíkur. Það kveðst hafa séð hann hér og þar í húsum, sem þau Guðjón komu í. Hann hafi átt það til að reka þar inn andlitið; en verið fljótt farinn aftur og virst aldrei eiga neitt sérstakt erindi. Vitnið vissi, að hann hafði átt erfitt uppdráttar, og leit á hann sem smælingja, sem stæði höllum fæti. Hann átti erfitt með að koma orðum að hugsun sinni. Vitnið man það helst af tali hans, að hann vék að heilsufari sínu eða var með skýjaborgir í sambandi við kvikmyndagerð. Vitnið telur, að Guðjón hafi haft sömu afstöðu til Sævars Marinós og það. Vitnið vissi ekki um það, að Sævar Marinó stæði í afbrotum. Það heyrði ekki Guðjón. hafa orð á því, að Sævar Marinó hefði svikið fé út hjá Pósti og síma. Vitnið veit ekki til þess; að Sævar Marinó hafi útvegað Guðjóni hass. Sævar Marinó kom nokkrum sinnum í heimsókn til þeirra Guðjóns á Ásvallagötu. Vitnið heldur, að það hafi verið sjaldan veturinn 1974-1975: Þó man vitnið eftir einu atviki, sem það heldur, að hafi gerst þann vetur. Þá kom Sævar Marinó heim til þeirra síðari hluta dags og bað Guðjón um að reynsluaka Land Rover bifreið, sem hann kvaðst eiga. Guðjón fór

með Sævari Marinó og var burtu í um 10 mínútur. Erla mun hafa verið í bifreiðinni með Sævari Marinó í þetta skipti.

Vitnið kveðst ekki geta sagt með neinni vissu, hvað gerðist hinn 19. nóvember 1974. Það telur, að það hefði munað, ef eitthvað sérstakt hefði gerst þá um kvöldið eða nóttina eftir. Vitnið man ekki betur en Guðjón hafi verið heima þetta kvöld, þótt það geti ekki fullyrt um það algerlega. Hann fór aldrei neitt út á kvöldin eða um nætur á þessum tíma. Vitnið man ekki eftir því, að Sævar Marinó hafi hringt til Guðjóns í mars 1975. Hins vegar man vitnið, að einhvern tíma á því ári kom reikningur vegna einhvers símtals Sævars Marinós. Þau Guðjón töldu sig ekki eiga að borga þann reikning.

Vitnið sá fyrst Erlu Bolladóttur, eftir að þau Guðjón fluttu á Ásvallagötu. Það telur, að hún hafi komið tvisvar til þrisvar á heimili þeirra sumarið 1975. Eftir að vitnið kom frá útlöndum, hafði Erla nokkuð oft samband við það. Hún var þá nýbúin að eignast barn, og snerist tal þeirra einkum um börn. Vitnið kveðst hafa átt uppástunguna að utanlandsferð þeirra Guðjóns haustið 1975.

Þegar hann fannst í bifreið Guðjóns í desember 1975, var hann úrskurðaður í gæsluvarðhald. Eftir það var hann ekki samur maður og fannst þetta fíkniefnasmyglmál hafa hreinlega eyðilaggt framtíð sína. Hann skammaðist sín mjög fyrir að hafa blandast inn í það. Hann var þó alltaf rólegur þar til vorið 1976. Þá var hann orðinn eitthvað svo æstur í skapi, að vitnið fór að heiman, og hafa þau ekki búið saman síðan. Vitnið dvaldist á sjúkrahúsi meiri hluta sumarsins 1976, en Guðjón fór norður í land. Vitnið minnir, að Erla hafi komið tvisvar til þrisvar sinnum á heimili þeirra, eftir að hún slapp úr varðhaldi. Vitnið man, að hún kom eitt sinn í vondu veðri til þeirra Guðjóns, skömmu eftir að henni var sleppt úr gæslu, og sagði þá m. a., að hún hefði alltaf verið hrædd við Sævar Marinó. Hún sagði þeim einnig frá morðinu á Guðmundi Einarssyni. Sú saga breyttist í þau tvö skipti, sem hún kom á heimili þeirra. Vitninu virtist Erla stöðugt verða ruglaðri. Það hélt, að hún væri á mjög sterkum deyfilyfjum. Það man, að þegar Erla kom í síðasta skiptið, hafði Guðjón hitt hana áður á einhverju kaffihúsi. Hún sagði honum þá sögu um Geirfinnsmálið og hverjir hefðu verið þar að verki. Vitnið kveður Guðjóni hafa verið mikið niðri fyrir vegna þessarar sögu og strax sagt vitninu hana, þegar hann kom heim. Þau hafi rætt um það, hvort hún væri ekki „uppdópuð og vitlaus“.

Um það bil klukkutíma eftir að Guðjón kom heim, kom Erla til þeirra. Hún endurtók þá söguna um Geirfinn, sem hún hafði sagt Guðjóni. Hún nafngreindi þá fjóra menn, sem sátu í gæsluvarðhaldi. Hún sagði, að fleiri hefðu verið í fjörunni í Keflavík og væru það háttsettir menn, en vildi ekki nafngreina þá.

Vitnið telur, að þau Guðjón hafi litið frásagnir Erlu svipuðum augum. Þegar hún sagði fyrst frá morði Guðmundar Einarssonar, trúðu þau henni, en þegar leið á og frásagnirnar breyttust og Erla varð ruglaðri, voru þau hætt að trúa henni.

Vitnið Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri Menningarsjóðs, Auðbrekku 31, Kópavogi, kveðst hafa þekkt Guðjón frá bernsku. Þeir hafi orðið stúdentar sama ár, átt sameiginlega vini og kynni þeirra orðið allnán. Eftir stúdentspróf stunduðu þeir nám í Háskóla Íslands. Vitnið kveðst hafa hitt Guðjón af og til veturinn 1974-1975, en ekki tekið eftir neinu sérstöku í fari hans.

Vitnið réðst til starfa sem framkvæmdastjóri Menningarsjóðs 1. maí 1975, en þá hafði Guðjón verið starfsmaður þar frá haustinu 1974. Vitnið frétti, að hann hefði haft óeðlilegar fjarvistir og það hefði farið versnandi, þegar leið á veturinn 1974-1975. Hann náði ekki tókum á starfinu, og mætingar hjá

honum versnuðu mjög um sumarið. Þegar honum var sagt upp starfi 20. ágúst eftir aðvaranir, hafi hann verið hættur að mæta til vinnu, nema ef til vill í mat og kaffi. Þegar vitnið hafði unnið hjá Menningarsjóði í 1 til 1 1/2 mánuð, ályktaði það, að Guðjón væri í sálarkreppu. Til þess taldi vitnið vera margar ástæður. Hann náði ekki tökum á starfi sínu, þótt hann hefði gengið á námskeið í bókfærslu, og hjónaband hans var í upplausn. Vitnið telur einnig, að sukk hafi verið í einkalífi hans og óregla. Faðir Guðjóns hafði skömmu áður dáið á voveiflegan hátt, og dóttir hans hafði stórslasast í sama skipti. Móðir hans var mjög ills á sig komin vegna þessa atburðar, og hið sama var að segja um bróður hans. Guðjón hafði að nafninu til verið að fást við nám um þessar mundir, en var dottinn út úr því. Framkoma hans á þessum tíma einkenndist af kæruleysi meira en nokkru sinni fyrr og ábyrgðarleysi. Honum virtist standa á lama um allt, nánast vera búinn að gefast upp. Hann hafði orð á því, að ástandið hér á landi væri vonlaust og að hann vildi fara á brott og koma ekki aftur. Einhvern tíma sagði hann eitthvað á þessa leið: „Þetta er vonlaust hér, þetta er ekkert þjóðfélag. Glæpamennirnir eru þeir einu, sem eitthvað fá, og þeir stóru sleppa, en þeir litlu eru teknir. Það eina, sem vit er í, er að flytja inn fíkniefni og græða á því“. Vitnið tók þetta tal ekki alvarlega, taldi það aðeins bera vott um almenna óánægju. Guðjón var í fjárhagskröggum á þessum tíma. Hann varð að selja íbúð vegna skilnaðar og skuldaði skatta frá fyrri tíma. Sumarið 1975 skrifaði vitnið upp á um 50 þúsund króna víxil fyrir Guðjón. Hann greiddi ekki víxilin á gjalddaga, og féll hann á vitnið. Eftir mikla eftirgangsmuni greiddi Guðjón víxilin, rétt áður en hann fór til útlanda. Vitninu skildist á Guðjóni í sambandi við utanlandsferð hans, að hann ætlaði framvegis að lifa og starfa erlendis. Vitnið var nokkuð undrandi á því, að eiginkona hans, sem hann var þá ;skilinn við, skyldi verða samferða honum úr landi með ferjunni Smyrli. Skildist vitninu á Guðjóni, að þetta væri tilraun til, að þau gætu skilið sem þokkalegir vinir, og einnig gerði hann þetta vegna barns þeirra.

Guðjón fór af landi brott, rétt eftir að honum var sagt upp störfum hjá Menningarsjóði. Um það bil einum og hálfum mánuði áður hafði maður, sem vitnið þekkti þá ekki, farið að venja komur sínar á skrifstofu Menningarsjóðs og spyrja eftir Guðjóni. Hann spurði með nokkrum þjosti, þegar Guðjón var ekki við. Komur þessa manns urðu tíðari eftir því sem tími utanferðarinnar nálgast. Einhverju sinni spurði vitnið Guðjón um manninn. Hann sagði hann -heita Sævar Ciesielski og hafa verið nemanda sinn fyrir vestan. Hann hefði verið hálf umkomulaus og hann vorkennt honum og haldið hlífskildi yfir honum. Sævar Marinó gaf sig ekki á tal við aðra hjá Menningarsjóði en Guðjón. Hann beið stundum eftir honum þar. Hann hafði gjarnan skjalatösku meðferðis og var valdsmannslegur í fasi, einkanlega þegar hann spurði um Guðjón. Vitnið fregnaði fljótlega, sennilega hjá Guðjóni, eftir að þessi maður fór að venja komur sínar til Menningarsjóðs, að þeir Sævar Marinó og Guðjón ætluðu að verða samferða til útlanda. Einhverju sinni, þegar vitnið var í kaffi ásamt Sævari Marinó, Guðjóni og fleirum, m. a. Ásdís Halldórsdóttir, beindi vitnið orðum til Sævars Marinós. Guðjón sagði þá eitthvað á þessa leið upp í opið geðið á Sævari Marinó: „Passaðu þig á þessum manni, þetta er ættlaust kvikindi, morðingi, skepna, smyglari, lygari og fjárkúgari“. Guðjón sagði þetta í hálfkæringi. Sævar Marinó lét orðbragðið ekkert á sig fá. Guðjón var vanur að viðhafa orð af þessu tagi við menn og einkanlega kunningja sína. Vitnið minnst þess að hafa heyrt Guðjón segja í mestu vinsemd við skólafélaga: „Best gæti ég trúað, að þú værir morðingi“. Það kom þó vitninu á óvart að vera kynnt fyrir mannum formálalaust með þessum orðum. Af þessu dró vitnið þá ályktun, að þeir Guðjón og Sævar Marinó væru góðir kunningjar.

Vitnið Ásdís Gígja Halldórsdóttir, Vesturgötu 6, Keflavík, kveðst hafa hafið störf hjá Menningarsjóði hinn 21. ágúst 1974. Vitnið minnst, að Guðjón hafi hafið þar störf í september eða október sama ár. Vitninu fannst hann vera furðulegur í framkomu og fólk hafi ekki vitað, hvernig það átti að taka hann.



Hann hafi sagt hluti, sem taka mátti á tvo vegu, en aldrei brugðið svip. Vitnið vann í herbergi við hliðina á því herbergi, sem Guðjón vann í, og var opið á milli. Fljótlega fór að berg á fjarvistum hjá Guðjóni, og ágerðist það, þegar á leið. Hann kom í mat og kaffi, en að því kom eftir nokkurn tíma, að hann sást stundum ekki í 3-5 daga. Vitnið minnst þess ekki, að liðið hafi 1-2 heilir dagar í nóvember 1974, án þess að hann léti heyra frá sér, en mjög mikið er að gera hjá Menningarsjóði í þeim mánuði.

Vitnið man, að Sævar Marinó Ciesielski kom oft til Guðjóns sumarið 1975. Hann var fámáll og rólegur í framkomu. Hann talaði við Guðjón inni á skrifstofu Guðjóns, og veit vitnið ekki, hvað þeim fór á milli. Sævar Marinó drakk einu sinni til tvisvar, jafnvel oft, kaffi með starfsfólkinu. Eitt sinn kynnti Guðjón Sævar Marinó fyrir vitninu og Jóni Sigurðssyni. Lýsti hann Sævari Marinó þá með orðum í þá veru, að hann væri morðingi, glæpamaður, smyglari og eiturlyfjasali. Engin svipbrigði sáust á Sævari Marinó, þegar þessi orð voru sögð. Þetta orðbragð kom vitninu ekkert á óvart. Það tók þessu sem gríni og taldi, að við öllu mætti búast af Guðjóni. Vitnið kveðst ekki geta fullyrt, hvenær það hafi fyrst séð Sævar Marinó. Það segist hafa veitt honum athygli sumarið 1975, vegna þess hve oft hann kom, en annars hafi alls konar skríll og furðulegir menn vanið komur sínar til Guðjóns. Vitnið segir, að það hafi legið í loftinu hjá starfsfólki Menningarsjóðs, að Guðjón ætlaði af landi brott, jafnvel til lengri tíma. Vitnið heyrði ekkert um það, að Sævar Marinó ætlaði með honum.

Guðjón var almennilegur í umgengni við vitnið og notaði ekki stóryrði við samstarfsfólk sitt. Vitnið tók ekki eftir neinni breytingu á hegðun eða skapgerð Guðjóns á þeim tíma, sem hann vann hjá Menningarsjóði.

Vitnið Hinrik Jón Þórisson, Heiðarbæ 9 hér í borg, hefur skýrt frá því fyrir dómi hinn 16. ágúst sl., að það hafi dvalist heima hjá Kristjáni Viðari um hálfsmánaðar skeið sumarið 1975. Fór Kristján Viðar eitt sinn að ræða við það um Geirfinnsmálið, þegar þeir sátu að drykkju, og sagðist vita allt um það. Spurði vitnið hann þá, hvers vegna hann léti ekki í té upplýsingar um málið, þar sem hann fengi hálf milljón fyrir. Sagði Kristján Viðar, að þeir, sem væru við málið riðnir, væru af góðir vinir sínir, til þess að hann vildi koma upp um þá. Nánar var ekki rætt um þetta, en vitnið var vantrúað á það, sem Kristján Viðar sagði.

Hinn 26. apríl 1976 hringdi maður, sem ekki vildi láta nafns síns getið, en sagðist vera í Vestmannaeyjum, til rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík. Sagðist hann hafa það eftir Sólrúnu Elídóttur, Heiðardal í Blesugróf hér í borg, fyrrverandi unnustu Tryggva Rúnars Leifssonar, að Geirfinnur hefði verið brenndur og Tryggvi Rúnar hefði ekki farið sjóferðina frá Keflavík og ekki drepíð Geirfinn. Geirfinnur hefði verið látinn hverfa, en Sólrún hefði ekki viljað láta uppi, hverjir hefðu staðið að verknaðinum.

Hinn 6. maí lama ár hringdi Leifur Vilhjálmsson, Miðstræti 22, Vestmannaeyjum, til rannsóknarlögreglunnar. Kvaðst hann vera maður sá, sem hefði hringt hinn 26. apríl sl. og þá ekki viljað láta nafns síns getið. Hann sagðist nú vilja standa við það, sem hann hefði sagt.

Vitnið Leifur Vilhjálmsson hefur mætt hjá rannsóknarlögreglunni og skýrt frá því, að það hafi hitt Sólrúnu Elídóttur í samkomuhúsinu Óðali í Reykjavík í janúar 1976, og var eiginkona þess með því. Sólrún var ölvuð. Hún sagði þeim frá því, að hún hefði lengi vitað, að Guðmundur Einarsson hefði verið myrtur og hverjir þar hefðu verið að verki, en gaf ekkert annað í skyn. Hún nefndi þá ekki nöfn á neinum mannanna, sem fjölmiðlar hafa greint frá í sambandi við það mál. Minnir vitnið, að hún hafi talað um, að Páll Elíson, bróðir hennar, væri heimildarmaður hennar.

Vitnið kveður Sólrúnu hafa verið í Vestmannaeyjum um tíma í marsmánuði 1976 og komið í heimsókn til þess. Hún var þá mikið ölvuð. Vitnið var eitt heima, þegar hún kom. Geirfinnsmálið hafi borið á góma. Sólrún sagðist vita mikið um það mál, og voru þau eitthvað að bollaleggja um það, hvernig Geirfinnur hefði horfið. Sagðist vitnið telja, að hann hefði druknað, en í fjölmiðlum hefði verið sagt, að farin hefði verið bátsferð. Sólrún sagði þá, að hún vissi, að Geirfinnur hefði verið myrtur. Vitnið spurði þá, hvort hún vissi, hver hefði gert það, og svaraði hún því einungis, að Tryggvi Rúnar hefði ekki verið viðriðinn það mál. Í framhaldi af þessu hafi hún sagt, þegar hann spurði hana, af hverju líkið fyndist ekki, að Geirfinnur hefði verið brenndur til ösku einhvers staðar fyrir utan Reykjavík. Sagði hún í því sambandi, að ekki væri neinn vandi að láta mann hverfa með því að hella olíu á líkið í heila viku og brenna það til ösku. Annað vildi hún ekki segja um þetta. Hún lét í það skína, að hún vissi, hverjir hefðu verið að verki, þegar morðið var framið og líkið brennt, en nefndi þó engin nöfn.

Sólrún skýrði vitninu frá því, að hún hefði farið með Tryggva Rúnari til Keflavíkur nokkru fyrir hvarf Geirfinns. Hefðu þau hitt Geirfinn, og minnir vitnið, að hún segði, að hún hefði talað við hann eða að minnsta kosti séð hann. Vitnið spurði hana, hverra erinda þau hefðu verið í Keflavík, en hún hafi ekkert meira talað um þetta.

Vitnið kveðst ekki hafa lagt trúnað á það, sem Sólrún sagði, en þegar síðar hafi komið í fjölmiðlum, að Tryggvi Rúnar væri ekki viðriðinn hvarf Geirfinns og að Geirfinnur hefði verið myrtur, hafi því fundist margt í sögu hennar vera þannig, að það ætti að láta vita af því. Vitnið kveðst þekkja þá Tryggva Rúnar, Sævar Marinó, Kristján Viðar og Albert Klahn. Hafi það verið mikið með þeim framan af árinu 1973, en ekkert að ágústmánuði liðnum það ár. Það hafi þó hitt suma þeirra á þrettándanum 1974. Vitnið kveðst hafa verið búsett í Vestmannaeyjum síðan um mánaðamótin janúar-febrúar 1974.

Vitnið Sólrún Elíðóttir, Heiðardal í Blesugróf, mætti hjá rannsóknarlögreglunni 2. desember 1976. Vitnið kannaðist við að hafa komið heim til Leifs Vilhjálmssonar í Vestmannaeyjum veturinn áður, þegar það var að vinna þar. Leifur var einn heima. Það kveðst hafa verið ölvuð. Það minnst þess að hafa farið að þvæla um Geirfinnsmálið og logið því að Leifi, að það vissi allt um það. Vitnið minnir, að Leifur hafi verið að tala um það, að hann héldi, að Geirfinnur hefði druknað. Vitnið sagðist þá telja, að hann hefði verið brenndur, enda fyndist líkið ekki. Það kveðst ekki muna, hvað það hafi sagt fleira í því sambandi, en minnst þess ekki að hafa látið í það skína, að það vissi, hverjir væru viðriðnir málið, enda hefði það enga hugmynd haft um það. Vitnið kveðst muna, að það hafi sagt, að Tryggvi Rúnar væri ekkert við þetta riðinn, og eins minnst það þess að hafa logið því, að það hefði farið með Tryggva Rúnari til Keflavíkur og hitt Geirfinn. Þessar sögur séu uppspuni frá rótum, en það eigi það til að segja miklar lygasögur, einkum þegar það er drukkið. Svo hafi verið í þetta sinn, enda hafi verið mikið rætt um Geirfinnsmálið og það á allra vörum. Vitnið kveðst ekki hafa vitað þá og ekki vita nú annað en það, sem fram hafi komið í fjölmiðlum.

J. 1. Svo sem í skýrslu Sævars Marinós hinn 9. desember 1976 greinir, kveðst hann í byrjun nóvember 1974 hafa heyrt nafnið „Geiri í Keflavík“ nefnt í sambandi við spíra, áfengi eða þess háttar. Þegar Geirfinnur kynnti sig fyrir honum og sagðist vera úr Keflavík, kveðst hann hafa talið, að þarna væri kominn þessi „Geiri í Keflavík“. Var af þessum sökum gerð rækileg leit að manni þessum og haft samband við rannsóknarlögreglumenn í Keflavík og lögreglumann í Grindavík. Þeir kváðust ekki kannast við neinn mann, sem þetta gæti átt við. Sögðust rannsóknarlögreglumennirnir í Keflavík hafa haft til meðferðar marga menn vegna áfengissölu, áfengissmygls og fíkniefnamála, en ekki kannast við neinn, sem þetta gæti komið heim við, nema Ásgeir Ebenezer Þórðarson, en hann hefði nær ein-

göngu verið nefndur í sambandi við fíkniefni. Rannsóknarlögreglumenn í Keflavík tóku niður nöfn allra í Keflavík og nágrenni, þar sem Geir eða Geiri kom fyrir, alls 47 nöfn. Flesta menn þessa töldu þeir ekki koma til greina. Þó geti þeir ekki fullyrt, að átt væri við einhvern þessara manna, en það sé mjög ólíklegt. Nokkur nöfn á listanum þekktu þeir ekki, en töldu, að þeim væri óhætt að fullyrða, að menn þessir hefðu ekki -komið við sögu hjá lögreglunni í Keflavík vegna ólöglegrar áfengissölu eða áfengissmygls.

Svo sem í skýrslu Sævars Marinós frá 9. desember 1976 greinir, telur hann, að nafngreindur leigubifreiðarstjóri hafi sagt við sig haustið 1974, að maður í Keflavíli, sem kallaður er Geiri, væri viðriðinn ólöglega áfengissölu eða væri milliliður með smyglaðan spíritus. Var leigubifreiðarstjórinn yfirheyrður af þessu tilefni. Kveður hann alveg öruggt, að hann hafi aldrei þekkt neinn mann í Keflavík, sem kallaður er Geiri, og kannist ekki við neinn mann þar, sem haft hefur spíritus með höndum eða til sölu. Hann kveðst ekki þekkja Sævar Marinó í sjón, en það kunni að vera, að hann hafi verið farþegi hjá sér, án þess að hann hafi tekið sérstaklega eftir honum.

2. Samkvæmt upplýsingum frá rannsóknarlögreglumanni í Keflavík 6. desember 1976 var kvikmyndin „FRENCH CONNECTION“ sýnd í Nýja Bíói þar í bænum hinn 19. nóvember 1974. Sýningin hófst kl. 2100 og lauk kl. 2300 til 2305. Hlé var gert á sýningunni kl. 2200 eða 2202, og stóð það í um 10 mínútur. Nýja Bíó er við sömu götu og lögreglustöðin í Keflavík. Þegar ekið er í gegnum Keflavík, er bíóið á hægri hönd, rétt áður en komið er að lögreglustöðinni, og þegar ekið er frá Hafnarbúðinni skemmstu leið í Dráttarbrautina, er ekið fram hjá bíóinu.

3. Svo sem í framburðum ákærðu greinir, var ekið að „sjoppu“ eða bensínsölu í Keflavík, þegar þau komu úr Dráttarbrautinni frá því að karma aðstæður. Kveðst Sævar Marinó hafa farið inn til að hringja í Geirfinn, en hætt við það, vegna þess að mannmargt hafi verið þar.

Hinn 11. nóvember 1977 ræddu lögreglumenn við Magnús Jónsson, Framnesvegi 18, Keflavík, sem er afgreiðslumaður í „sjoppunni“ og bensínafgreiðslunni við Aðalstöðina í Keflavík. Hann sagði þeim; að þar væri opið til kl. 2300 á hverju kvöldi og töluvert sé um það, að fólk komi og fái afnot af síma gegn borgun. Hann kvaðst hafa verið að vinna til kl. 2300 hinn 19. nóvember 1974 og lagði fram því til sönnunar dagatal, sem hann kveðst hafa merkt á vinnudaga sína. Hann sagðist ekki muna neitt frá umræddu kvöldi og alls ekki geta sagt til um það, hverjir hefðu þá komið þarna inn. „Sjoppa“ þessi er lítil, og er afgreiðsluborðið á vinstri hönd, þegar komið er inn, og sími uppi á vegg yfir enda afgreiðsluborðsins andspænis inngöngudyrum.

4. Hinn 11. janúar 1977 mældu rannsóknarlögreglumennirnir Sigurbjörn Víðir Eggertsson og Ívar Hannesson tímamál, sem tekur að aka vegalengdir á milli staða þeirra, sem um getur í rannsókn framangreinds máls og aðilar viðriðnir það hafa gefið rannsóknarmönnum upp. Við þetta verkefni voru þeir á bifreiðinni R 1400; sem er Volvo fólksbifreið í eigu rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík. Við tímamælinguna notuðu þeir tvær skeiðklukkur og stillanlegan vegmæli bifreiðarinnar til mælinga á vegalengdum milli staða. Þeir stilltu klukkur og vegmæli við brottför af hverjum stað og lásu af við komu á næsta stað. Þeir völdu þær akstursleiðir milli staða, sem voru eðlilegastar að þeirra mati, þar sem ekki lá fyrir, hvaða leiðir hefði verið ekið. 1 tímamælingunni var ekki gert ráð fyrir þeim tíma, sem farið hefur í bíð á hverjum stað. Verkefni þetta framkvæmdu þeir á tímabilinu frá kl. 2030 til kl. 2400. Skýrsla þeirra yfir vega og tímalengd milli staða og akstursleiðir er á þessa leið:

„Frá Kjarvalsstöðum að Grýtubakka 10. Vegalengd f.9 km. Aksturstími 9 min. 57 sek.

Akstursleiðir: Austur Flókagötu, suður Lönguhlíð, austur Miklubraut, suður Reykjanesbraut, austur Álfabakka og Arnarbakka, vestur Grýtubakka og að húsi nr. 10.

Frá Grýtubakka að Hjallavegi 31.

Vegalengd 5:6 km. Aksturstími 7 mín. 54 sek.

Akstursleiðir: Austur Grýtubakka, vestur Arnarbakka og Álfabakka, norður Reykjanesbraut og Elliðavog, suður Skeiðarvog, norður Langholtsveg, vestur Dyngjuveg, norður Hjallaveg og að húsi nr. 31.

Frá Hjallavegi 31 að Ásvallagötu 46. Vegalengd 5.5 km. Aksturstími 7 mín. 27 sek.

Akstursleiðir: Norður Hjallaveg, suður Ásveg, norður Kamsveg, suður Dragaveg, vestur Austurbrún, Brúnaveg, Sundlaugaveg, Borgartún og Skúlagötu, suður Kalkofnsveg, vestur Tryggvagötu, suður Ægisgötu, vestur Túngötu, suður Hofsvallagötu, vestur Ásvallagötu að húsi nr. 46.

Frá Ásvallagötu 46 að Lambhóli v/Starhaga. Vegalengd 2.00 km. Aksturstími 3 mín. 29 sek.

Akstursleiðir: Vestur Ásvallagötu, suður Bræðraborgarstíg, austur Hringbraut, suður Hofsvallagötu, austur Ægisíðu og að Lambhóli.

Frá Lambhóli v/Starhaga að Ásvallagötu. Vegalengd 1.7 km. Aksturstími 2 mín. 29 sek.

Akstursleiðir: Frá Lambhóli, vestur Ægisíðu, norður Hofsvallagötu, vestur Ásvallagötu og að húsi nr. 46.

Frá Ásvallagötu 46 að Vatnsstíg 3.

Vegalengd 3.3 km. Aksturstími 5 mín. 21 sek.

Akstursleiðir: Vestur Ásvallagötu, suður Bræðraborgarstíg, austur Hringbraut, vestur Laufásveg, norður Barónsstíg, vestur Laugaveg og norður Vatnsstíg að húsi nr. 3.

Frá Vatnsstíg 3 að sjoppu við Aðalstöðina í Keflavík. Vegalengd 47.3 km. Aksturstími 33 mín. 15. sek.

Akstursleiðir: Norður Vatnsstíg, austur Skúlagötu, suður Snorrabraut, austur og suður Reykjanesbraut, suður Hafnarfjarðarveg og Reykjanesbraut og að Aðalstöðinni í Keflavík.

Frá Aðalstöðinni að Hafnarbúðinni. Vegalengd 500 m. Aksturstími 1 mín. 8 sek.

Akstursleiðir: Norður Hafnargötu, austur Víkurbraut og að Hafnarbúðinni.

Frá Hafnarbúðinni að Pípugerðinni, Vesturbraut 10. Vegalengd 1.6 km. Aksturstími 2 mín. 56 sek.

Akstursleiðir: Austur Víkurbraut, norður Hrannargötu, vestur Vatnsnesveg, norður Hafnargötu, vestur Vesturbraut og að Pípugerðinni.

Þarna fórum við úr bifreiðinni og gengum sem leið lá og niður á athafnasvæði Dráttarbrautarinnar, fyrir vestan og norðan húsin og alveg niður á bryggju og aftur þaðan til baka, og þá fórum við, sem leið lá, en nú fyrir austan húsin og að gatnamótum Vesturbrautar og Hafnargötu, þar sem talið er að VW. bifr. hafi þá staðið.

Göngutíminn frá Pípugerðinni og niður á bryggju 3 mín. 15 sek. Göngutíminn frá bryggju og að gatnamótunum 2 mín. 15 sek. Frá gatnamótum Vesturbrautar og Hafnarg. að Aðalstöðinni. Vegalengd 1.4 km. Aksturstími 2 mín. 4 sek.

Akstursleið: Suður Hafnargötu. Frá Aðalstöðinni að Hafnarbúðinni. Vegalengd 500 m. Aksturstími 1 mín. 8 sek.

Akstursleiðir: Norður Hafnargötu, austur Víkurbraut og að Hafnarbúðinni.

Frá Hafnarbúðinni í Dráttarbrautina. Vegalengd 1.8 km. Aksturstími 3 mín. 9 sek.

Akstursleiðir: Austur Víkurbraut, norður Hrannargötu, vestur Vatnsnesveg, norður Hafnargötu og í Dráttarbraut. Við ókum beint að húsunum við Dráttarbrautina, upp með húsunum að sunnanverðu fyrir vestan og norðan húsin og stöðvuðum á opnu svæði við norðurenda húsanna.

Fram hefur komið í skýrslu (G. S.) að hugsanlega hafi verið ekið beint frá Lambhóli v/Starhaga og að Vatnsstíg 3. Þessa vegalengd mældum við sérstaklega, og reyndist hún vera:

Frá Lambhóli v/Starhaga að Vatnsstíg 3. Vegalengd 3.9 km. Aksturstími 6 mín. 6 sek.

Akstursleiðir: Frá Lambhóli, austur Starhaga, suður Suðurgötu og að Flugvallarafleggjara, norður Suðurgötu, austur Hringbraut, vestur Laufásveg, norður Barónsstíg, vestur Laugaveg, norður Vatnsstíg og að húsi nr. 3".

Í framhaldi af framangreindum mælingum gerðu lögreglumennirnir töflu um áætlaðan komu- og brottfarartíma á hvern stað, og var þá einnig reiknað með biðtíma á þeim stöðum, þar sem aðilar viðriðnir málið hafa borið, að numið hafi verið staðar. Tekið var tillit til þess, sem fram hefur komið í málinu, að aðilar hafi verið orðnir af seinir á stefnumótið í Keflavík, og því reiknað með stuttum biðtíma á hverjum stað. Miðað var við, að áætlaður brottfarartími frá Kjarvalsstöðum hafi verið um kl. 2040. Segir svo í skýrslunni:

„Kl. 20.40 frá Kjarvalsstöðum að Grýtubakka 10. Komutími kl. 20.50. (Ekki er þar reiknað með biðtíma, þar sem viðdvöl hefur verið mjög stutt).

Kl. 20.50 frá Grýtubakka að Hjallavegi 31. Komutími kl. 20.58. (Þar er ekki reiknað með biðtíma, þar sem ætla má, að viðdvöl hafi verið stutt).

Kl. 20.58 frá Hjallavegi að Ásvallagötu 46. Komutími kl. 21:08. (Þar er reiknað með biðtíma í 1 mín.).

Kl. 21.09 frá Ásvallagötu að Lambhóli. Komutími kl. 21.13. (Þar er reiknað með biðtíma í 3 mín.).

Kl. 21.16 frá Lambhól að Ásvallagötu 46. Komutími kl. 21.19. (Þar er reiknað með biðtíma í 2 mín.).

Kl. 21.21 frá Ásvallagötu á Vatnsstíg. Komutími kl. 21.27. (Þar er reiknað með biðtíma í 5 mín.).

Kl. 21.32 frá Vatnsstíg að Aðalstöð í Keflavík. Komutími kl. 22.07. (Á leiðinni frá Vatnsstíg til Keflavíkur er reiknað með 2 mín., sem farið hafa í að taka bensín á bifreiðina. Ekki er reiknað með biðtíma við Aðalstöðina).

Kl. 22.07 frá Aðalstöð að Hafnarbúðinni. Komutími kl. 22.08. (Reiknað er með biðtíma í 3 mín. í Hafnarbúðinni).

Kl. 22.11 frá Hafnarbúðinni og Pípugerðinni. Komutími kl. 22.14 (hér verður reiknað með skemmri tíma heldur en fram kom við tímamælingu, þar sem fram hefur komið, að vegalengdin, sem farin var, er talsvert styttri heldur en sú vegalengd, sem mæld var. Einnig hefur komið fram, að þessi vegalengd, þ. e. frá bifreiðinni í Dráttarbraut og að bifr. aftur, var hlaupin, og styttr það einnig tímann. Reiknað er með biðtíma í 2 mín. og 5 sek.).

Kl. 22.16 frá Hafnargötunni að Aðalstöðinni. Komutími kl. 22.18. (Þar er reiknað með biðtíma í 1 mín.).

Kl: 22.19 frá Aðalstöð að Hafnarbúðinni. Komutími kl. 22.20." Í niðurlagi skýrslunnar segir, að hafa beri það í huga, „að sekúndur hafi ýmist verið gerðar að mínútu, þ. e., ef þar er um að ræða 30 sek. eða meira og eins, ef þær hafa verið undir 30 sek., hafi þeim verið sleppt".

Vitnin Ívar Hannesson og Sigurbjörn Víðir Eggertsson hafa mætt í dómi og staðfest skýrslur þessar í öllum atriðum.

Vitnið Ívar hefur skýrt frá því aðspurt, að ekki hafi verið fylgst sérstaklega með hraðamæli bifreiðarinnar. Ekið hafi verið allhratt og trúlega yfir löglegan hraða. Hafi þessi háttur verið hafður á, þar sem grunaðir í málinu töldu sig hafa verið í tímahraki og því ekið hraðar en ella.

Vitnið Sigurbjörn Víðir hefur skýrt svo frá veðri og færð kvöld það, sem mælingarnar fóru fram, að dimmt hafi verið og gola eða strekkingsvindur, en þurrt. Snjór var ekki á jörð. Vitnið fylgdist ekki með hraðamæli bifreiðarinnar, en á leiðinni til Keflavíkur hafi verið ekið með meiri hraða en löglegum. Var haft í huga, að fram var komið í málinu, að tíminn hefði verið orðinn af naumur í ferðinni til Keflavíkur hinn 19. nóvember 1974. Vitnið kveðst telja, að unnt hafi verið að fara þessa sömu leið og greinir í skýrslunni á Volkswagen bifreið þeirri, sem ákærðu eru talin hafa farið á til Keflavíkur, á jafnskömmum tíma og vitnið og Ívar fóru hana í Volvo bifreið rannsóknarlögreglunnar. Tímarannsóknin var gerð aðeins einu sinni.

5. Hinn 2S. janúar 1977 hafði rannsóknarlögreglan samband við rannsóknarlögreglumann í Keflavík og bað hann að kanna, hvað langan tíma tæki að fara fátgangandi frá Hafnarbúðinni þar í bæ að heimili Geirfinns Einarssonar, Brekkubraut 15 þar í bæ. Rannsóknarmaðurinn kannaði þetta sjálfur og mældi tímann með skeiðklukku. Hann sagðist hafa gengið frá dyrum Hafnarbúðarinnar að dyrum kjallaraíbúðarinnar á Brekkubraut 15 og hafi það tekið 6 mínútur og 36 sekúndur. Leiðin, sem hann gekk, var: Víkurbraut, Faxabraut og Brekkubraut. Hann sagðist hafa gengið frekar greitt.

6. Í framburðum ákærðu kemur fram, að Geirfinni hafi verið greidd högg með spýtu í Dráttarbrautinni. Þá hefur komið fram í framburðum sumra þeirra, að trilla hafi legið þar við bryggjuna aðfaranótt 20. nóvember 1974:

Hinn 11. janúar 1977 fóru tveir rannsóknarlögreglumenn til Keflavíkur til nánari rannsóknar í Dráttarbrautinni, svo sem á því, hvort bátur eða trilla hafi verið við bryggjuna 19. nóvember 1974, hvort hægt sé að geyma þar bát eða trillu næturlangt með tilliti til flóðs og fjöru, hvernig hreinsun á umráðasvæði Dráttarbrautarinnar sé háttað og hvenær hafi verið hreinsað þar árið 1974.

Þeir ræddu við tvo starfsmenn Dráttarbrautarinnar, þá Kristin Gunnlaugsson yfirverkstjóra, Ásgarði 11, Keflavík, og Nikulás N. Brynjólfsson, .Smáratúni 25 þar í bæ, en hinn síðarnefndi sá um að taka báta upp í Dráttarbrautinni og sjósetja þá.

Þeir Kristinn og Nikulás sögðu það óhugsandi, að bátar (trillur) væru geymdir við bryggjuna næturlangt, vegna þess að þar væri mikill munur á flóði og fjöru og alltaf væri einhver hreyfing við bryggjuna vegna sjávarstrauma. Þeir sögðust ekki muna til þess, að bátar hefðu verið geymdir við bryggjuna, nema rétt á meðan verið væri að undirbúa þá fyrir upptöku í brautina, og starfsmenn þar hefðu aldrei geymt bát við bryggjuna næturlangt. Um hreinsun í Dráttarbrautinni sögðu þeir Kristinn og Nikulás, að öðru hverju væri safnað saman spýtnadrasli, það oft borið niður í fjöru og kveikt í því, en flesta daga væri þó eitthvað þar af spýtum, þar sem fram færi viðgerð á trébátum, og væru það aðallega eikarspýtur. Einstaka sinnum væri þó gerð allsherjar hreinsun og þá væri draslinu ekið burtu af staðnum.

Samkvæmt upplýsingum frá Árna Björgvinsyni, starfsmanni á skrifstofu Dráttarbrautarinnar, Kirkjuteigi 49, Keflavík, var hreinsað til í Dráttarbrautinni í maí 1974 og síðan ekki fyrir en í maí 1975, en þess á milli var tekið til og rusl brennt. Árni kvaðst hafa þessar upplýsingar af vinnukortum þeirra manna, sem hefðu unnið við hreinsunina í umrædd skipti.

Árni sagði, að samkvæmt bókhaldi fyrirtækisins hefðu eftirtalin skip verið í Dráttarbrautinni hinn 19. nóvember 1974:

Á efri brautinni næst húsunum: m/b Sigurpáll, GK 375, m/b Manni, KE 99, og m/b Muninn, GK 342. Á neðri braut fjær húsunum: m/b Gullþór, KE 85. Á efri braut fjærst húsunum: m/b Jón Oddsson, sem væri ónýtur, og m/b Sigurbjörg, KE 14.

Árni sagði, að skv. bókhaldinu hefði enginn bátur verið tekinn upp í Dráttarbrautina í nóvembermánuði 1974, en m/b Glaður, KE 67, hefði verið sjósettur 2. nóvember. Síðan hefði ekki verið nein hreyfing, fyrir en 14. desember 1974, þegar m/b Gunnar Hámundarson var tekinn upp í Dráttarbrautina.

Í skýrslu frá 25. maí 1976 segir, að allir starfsmenn Dráttarbrautarinnar hafi hætt vinnu hinn 19. nóvember 1974 kl. 1815.

Í skýrslu frá 26. janúar 1977 skýrði Árni frá því, að tveir ljóskastarar væru á verkstæðishúsinu, sem er vestan við athafnasvæði Dráttarbrautarinnar, og væru þeir á járngrind, litlu hærrí en þakbrún hússins. Annar kastarinn lýsti á skrifstofuhúsnæði Dráttarbrautarinnar, sem er sunnan athafnasvæðisins, en hinn á svæðið norðanvert, einkum á garðana, sem bátar eru á. Ljóskastarar þessir hefðu verið settir upp haustið 1971 eða árið 1972. Hefði ávallt logað á þeim um nætur og hefði svo örugglega verið 19. nóvember 1974. Ívar Hannesson rannsóknarlögreglumáður, sem hefur gert skýrslu þessa, kveðst hafa komið í Dráttarbrautina í nóvembermánuði 1976 seint að kvöldi og séð umrædda ljóskastara. Þeir hafi þá ekki gefið mikla birtu á athafnasvæðið.

7. Í skýrslu Eggerts Bjarnasonar rannsóknarlögreglumanns frá 10. mars 1976 segir, að vegna framburðar Erlu um dvöl í „rauða húsinu“ í nánd við Dráttarbraut Keflavíkur aðfaranótt 20. nóvember 1974 hafi Haukur Guðmundsson, rannsóknarlögreglumáður í Keflavík, kannað, hvaða hús það hugsanlega gæti verið, sem Erla Bolladóttir segist hafa falið sig í nótt þessa, svo sem í framburði hennar greinir. Haukur taldi, að sennilega væri um að ræða húsið „Rauðu Mylluna“, sem stendur við Duusgötu skammt frá Dráttarbrautinni í Keflavík. Þetta er gamalt íbúðarhús úr timbri, sem á sínum tíma var notað sem verbúð, en nú geymsla á ýmsu tilheyrandi útgerð. Haukur sagði, að húsið mundi hafa verið ólæst og mannlaust á þeim tíma, sem Geirfinnur hvarf. Fóru rannsóknarlögreglumenn í

Reykjavík og Haukur með Erlu í þetta hús, og kvaðst hún vera þess fullviss, að hún hefði falið sig í því umrædda nótt. Benti hún á herbergi, sem er fjærst inngöngudyrunum til hægri og innst í húsinu.

Þá fóru hinn 11. janúar 1977 rannsóknarlögreglumenn til Keflavíkur og ræddu við Þorkel Indriðason verkstjóra, Melteigi 4 þar í bæ. Þorkell er verkstjóri hjá Keflavík hf og umsjónarmaður með fyrrnefndu húsi. Þorkell sagðist næstum einn ganga um þetta hús. Þar væru einungis geymd veiðarfæri á fyrstu hæðinni og hefði svo verið í um það bil 10 undanfarin ár. Engin breyting hefði farið fram á húsinu þau 10 ár, sem hann hefði unnið hjá fyrirtækinu. Hann kæmi þarna oft og sæi ávallt um að afhenda sjómönnunum veiðarfæri. Það væri mjög algengt, að húsið stæði opið, enda væri því ekki læst og frágangurinn á dyrum þannig, að þær væru negldar aftur. Húsið væri venjulega opnað með því að draga út naglana eða spyrna hurðunum upp. Hann sagðist oft hafa komið að húsinu opnu og væri því mjög líklegt, að húsið kynni að hafa verið opið 19. nóvember 1974. Hann hefði komið þarna oft haustið 1974 og veturinn 1975 og ekki minnst þess að hafa séð þar neitt óvenjulegt eins og vindlingastubba eða spýju.

Í niðurlagi skýrslunnar frá 23. janúar sl. um endursviðsetningu atburðanna í Dráttarbraut Keflavíkur aðfaranótt 20. nóvember 1974 segir:

„Í rauða húsinu:

Húsið er veiðarfærageymsla. Yfir gluggana eru negldar krossveiðarplötur að utan. Á jarðhæð, fyrsta herbergi til hægri, fannst á gólfinu við hliðina á garðbekk, 50x30 cm stór timburplata með stuttum fótum, sem virðist vera sæti. Undir fremri rönd sætisins liggja 5 sígarettustubbar. Engin spýja finnst. Í litlu herbergi hægra megin í afturenda hússins - þar sem Erla segist hafa haldið sig aðfaranótt 20. - finnst ekkert, (sígarettustubbar, spýja), sem sannar framburð kærðu".

8. Vegna framburðar ákærðu um, að þeir hafi þreifað inn á brjóst Geirfinns Einarssonar, tekið á púlsi hans og talið hann látinn, og flutning ákærðu á líki hans, fór lögreglan þess á leit, að prófessor Ólafur Bjarnason svaraði eftirfarandi:

1. Hvert er öruggt merki þess, að maður sé látinn?
2. Hverju gætu menn tengdir Geirfinnsmálinu örugglega hafa komist að við rannsókn á líki Geirfinns?
3. Hvenær hefst stirðnun, hvenær losnar lík úr stirðnun og hvenær byrja líkblettir að myndast?
4. Óskað er álits um, hvort hægt sé að svipta mann lífi með hálstaki, og beðið um álit á hálstaki.

Svör prófessors Ólafs Bjarnasonar, eru sem hér segir:

„Ad 1) Skilgreining örugggra andlátsmerkja er ef til vill eitthvað mismunandi eftir löndum. Í Danmörku, svo dæmi sé nefnt, eru örugg andlátsmerki talin: 1. Líkstirðnun, 2. líkblettir, 3. rotnun. Úrskurður læknis um það, hvort maður hafi andast, byggist hins vegar að öllum jafnaði á því, hvort hjartsláttur hafi stöðvast og öndun hætt. Fljótlega eftir andlátíð byrjar líkamshiti að lækka, uns hiti hefur náð umhverfis hitastigi. Að öllum jafnaði sannreynir læknir einnig, að ósjálfráð viðbrögð við ýmis konar ertingu (sársauka, ljósi) séu upphafin. Ákvörðun heiladauða hjá manni, sem liggur í öndunarvél á sjúkrahúsi, verður ekki rædd hér, enda mun það falla utan þess sviðs, sem hér um ræðir.



Ad 2) Sé átt við það, hvort maðurinn væri látinn, er vafasamt, að menn þeir, sem hér um ræðir, hefðu getað sannreynt með öruggri vissu, að hjartsláttur væri hættur. Þó er það ekki útilokað. Hafi þeir aldrei séð líkbletti áður, er óvíst, að þeir hefðu áttað sig á útliti þeirra. Hins vegar hefðu þeir átt að geta sannreynt líkstirðnun í útlimum, ef þeir kannast við það ástand. Lykt vegna rotnunar hefði heldur ekki leynt sér, ef svo langt væri liðið frá andláti, að hún væri komin fram, þegar viðkomandi aðilar voru að fást við lík Geirfinns. Ólíklegt er, að viðkomandi menn hefðu getað áttað sig á minniháttar ytri áverkum, enda þótt þeir gætu haft mikla þýðingu við athugun sérfræðings á mögulegum orsökum á dauða Geirfinns (t. d. merki á hálsi um, að kyrking hafi átt sér stað). Hafi hins vegar verið um að ræða meiri háttar áverka, t. d. á höfði eftir barsmíð, ekki átt að leyna sér, enda þótt vafasamt sé, að mennirnir hefðu getað gert sér grein fyrir því, hvort áverkarnir í raun og veru hefðu leitt til dauða, nema þá að þeir hafi verið mjög miklir, eins og t. d. opið höfuðkúpabrot.

Ad 3) Líkstirðnun byrjar venjulega að myndast 2-5 klukkustundum eftir andlát. Stirðnunin byrjar fyrst í augnlokum og kjálkavöðvum. Stirðnunin færir sig síðan smátt og smátt yfir á aðra andlitsvöðva, hálsvöðva, efri hluta búks, efri útlimi, neðri hluta búks og ganglimi. Stirðnun er að venju fullmynduð 8-12 tímum eftir andlát og helst í 1-3 dægur. Síðan hverfur líkstirðnun í sömu röð og hún myndaðist.

Ad 4) Kverkatak er alþekkt sem orsök að dauða (kyrking). Hvort kverkatak leiðir til dauða, er að sjálfsögðu undir ýmsum aðstæðum komið. Sé kverkatak það öflugt, að öndun sé algjörlega hindruð, er talið að 2-3 mín. líði frá því öndun hindrast algjörlega og þar til viðkomandi missir meðvitund, en 4-15 mín. þar til dauða ber að höndum. Sé um að ræða kröftugan mann, sem getur veitt verulega mótspyrnu, getur að sjálfsögðu líðið mun lengri tími frá því að kverkatak er beitt og þar til köfnun á sér stað. Þekkt er, að slíkt kverkatak getur í einstöku tilfellum valdið skyndidauða vegna ósjálfráða viðbragða taugakerfisins".

9. Samkvæmt grunnteikningu af kjallara hússins Grettisgötu 82 frá 7. desember 1976 og ljósmyndum, sem þar voru teknar, eru aðstæður í meginatriðum sem hér segir:

Inn í kjallarann er hægt að komast bæði frá Grettisgötu og frá baklóð hússins. Þegar farið er inn frá Grettisgötu, er komið fyrst inn á ytri gang, og liggur þaðan stigi niður í kjallarann. Frá baklóð hússins er gengið niður útitröppur, sem liggja þvert á innganginn frá vinstri, og er grindverk við þær. Þegar komið er inn í húsið, tekur við gangur, og inn af honum eru tveir kyndikatlar. Þar er beygt til hægri eftir ganginum á leiðinni inn í þvottahúsið, sem hefur glugga út að Grettisgötu. Fyrir enda gangs þessa er hengi stutt frá vegg. Í þvottahúsinu er rimlaborð undir glugga, og fundust þar blóðblettir, en við vegg til hægri hliðar er annað borð. Í horni til vinstri, þegar inn í þvottahúsið kemur, er kolakynntur þvottapottur. Geymsla Ingiríðar Finnsdóttur, föðurömmu Kristjáns Víðars, er á ganginum andspænis þvottahúsi. Var geymslan full af ýmiss konar dóti, þegar athugun og ljósmyndataka fór fram.

Vegna framburðar Kristjáns Víðars 14. janúar 1977 spurði rannsóknarlögreglan Ingiríði Finnsdóttur hinn 24. sama mánaðar um leðurlíkisdúk eða annað álíka, sem geymt á að hafa verið í geymslu hennar. Hún kvaðst ekki muna eftir, að dúkur eða annað efni hafi verið í geymslunni í kjallaranum, en þó geti það vel verið. Geymslan sé full af dóti, sem hafi safnast á mörg.m árum, og hún muni ekki lengur eftir öllu, sem þar sé geymt. Hún sagðist ekki muna sérstaklega eftir nylonsnæri, sem geymt hefði verið í kjallaranum, en þó minnti hann, að afgangur hafi einu sinni verið af þvottasúrum úr nyloni, sem settar voru í þurrkhúsið. Hún hélt yfirleitt til haga öllum snærisspottum, sem hún fann, og geymdi þá í plastpoka í geymslunni.

Rannsóknarlögreglan skoðaði dyrabúnað á geymslu Ingiríðar Finnsdóttur. Var þetta gert vegna framburðar Kristjáns Viðars um, að hann hefði spyrnt upp geymsluhurðinni, þegar hann og þeir Sævar Marínó og Guðjón komu með lík Geirfinns Einarssonar í kjallarann. Hurð og dyrakarmur voru mjög illa farin og erfitt að greina eina skemmd frá annarri. Við athugun kom í ljós, að greinileg sprunga er í dyrakarmi, þar sem lokjárn er fest í hann. Nær sprunga þessi um það bil 40 cm upp og niður fyrir lokjárnið, og bendir allt til þess, að hún hafi myndast við, að hurðinni hafi verið spyrnt upp. Ingiríður sagði það oft hafa komið fyrir, að Kristján Viðar hafi spyrnt upp hurðinni, þótt hann vissi, hvar lykkillinn væri, og hafi hún oft orðið að lagfæra hurðina. Sagði hún, að þegar hún lét lagfæra hurðina síðast, hafi hurðin verið búin að vera lengi þannig, að ekki hafi þurft nema að ýta þétt á hana, til að hún opnaðist. Hún sagðist ekki muna, hvenær viðgerð fór síðast fram á dýraumbúnaðinum.

Þriðjudaginn 7. desember 1976 gerðu rannsóknarlögreglumenn athugun á kjallara hússins Grettisgötu 82. Leitað var í geymsluherbergi Ingiríðar Finnsdóttur í suðausturenda kjallarans. Þá athuguðu rannsóknarmenn þvottaherbergi hússins, sem er í norðausturendanum, leituðu að blóðblettum og gerðu prófanir með þar til gerðum efnum. Leit þessari héldu þeir áfram miðvikudaginn 8. desember 1976. Á 46 cm háum rimlabekk úr tré, 2 metra löngum, við gluggavegg þvottaherbergisins fundu þeir efni á einum trérimli bekkisins, sem gaf svörun fyrir blóði. Var efni þetta á um 25 x 30 mm kafla á bekknum þeim megin, sem snýr að veggnum og 60 cm frá vesturenda hans. Sex rimlar eru á efsta -borði bekkisins, og eru þeir úr 2.6 x 7 cm borðum. Trérimilinn, sem efnið fannst á, tóku rannsóknarmenn með sér til nánari athugunar. Einnig tóku þeir bút í þessu skyni úr þverstykki bekkisins fyrir neðan nefndan stað. Var einn trébútur úr setu trébekkisins og nokkur trésýni, sem tekin voru úr setu hans, send til „Bundes Kriminalamt“ í Þýskalandi til tæknilegrar rannsóknar. Í skýrslu stofnunar þessarar segir svo um rannsóknina:

„Á einni hlið trébútsins sást með berum augum (makroskopískt) storknuð skán, sem míkröspektroskopískt var greind sem blóð og serologískt sem mannsblóð. Eftir absorptionselutionsrannsóknaraðferð reyndist þetta vera blóð af flokknunum A. Þar með útilokast, að um blóð Geirfinns Einarssonar hafi verið að ræða, þar sem hann var af blóðflokki O. Trébútarnir af bekknum voru óhreinir mjög. Við smásjárskoðun (mikroskopíska) sáust í óhreinindunum smáagnir, sem færðu nákvæmar sönnur á, að um blóð var að ræða. Ekki reyndist unnt að ná svo stóru sýni, að ákveða mætti, af hvaða tegund blóð þetta var“.

10. Laugardaginn 8. janúar 1977 rannsökuðu rannsóknarlögreglumenn sendiferðabifreiðina Í 840, sem er af gerðinni Mercedes Benz, T. 608 D., smíðað 1971. Skv. ljásmyndum eru tvær hurðir fremst á hliðum bifreiðarinnar og hurð að farangursgeymslu þar fyrir aftan, og aftan á bifreiðinni eru einnig dyr að farangursgeymslu. Bifreiðin hafði áður verið í eigu Jóns Þorvalds Walterssonar og haft þá skrásetningamerkið R 40045, svo sem áður greinir. Sagðist vitnið Sigurður Óttar Hreinsson hafa ekið henni til Keflavíkur 19, nóvember 1974. Bifreiðin var í eigu Jóns Friðriks Jóhannssonar á Ísafirði við skoðunina. Jón Friðrik sagðist hafa málað alla farangursgeymslu bifreiðarinnar í hólf og gólf snemma haustið áður, þegar hann hóf kjöt- og sláturflutninga með henni.

Rannsóknin var fólgin í því, að samskeyti milli gólfs og hliða bifreiðarinnar í innanverðri farangursgeymslu voru skröpuð upp og það, sem skafið var upp, sett í plastpoka, sem jafnóðum voru merktir. Var bifreiðinni skipt niður í hluta, þannig að hvorri hlið var skipt í 3 hluta. Vinstri hlið 1-3 og hægri hlið í 1-3 talið frá stýrishúsi og síðan fram- og afturendi. Þegar þessari athugun á bifreiðinni var lokið, var farið með plastpokana í tæknideild rannsóknarlögreglunnar, þar sem innihald þeirra var

þurrkað. Þá voru tekin sýni úr hverjum plastpoka og prófað með efnameðferð (benzidin), hvort þau sýndu blóðsvörun. Kom í ljós við þessa athugun, að sýni úr 6 pokum sýndu blóðsvörun og sýni úr poka, sem merktur var H.Hl. 1, en það hafði verið skafið upp við hliðarhurð fremst í farangurshúsi hægra megin, sýnái áberandi mesta blóðsvörun við benzidin prófun þessa.

Allir plastpokarnir 6, sem að ofan getur, voru síðan iokaðir og farið með þá til nánari rannsóknar hjá fyrrnefndri stofnun í Þýskalandi. Varð niðurstaða rannsóknarinnar sem hér segir:

„Aursýnin sex úr Mercedes Benz bifreiðinni reyndust jákvæð með tilliti til blóðs við benzidinformprófun. Sterkasta svörun kom fram hj á efninu, sem merkt er HHL 1.

Einnig er það þetta efni, sem sýndi við smásjárskoðun flestar blóðskyldar agnir. Þetta sýni var af þessum sökum tekið til nánari athugunar. Vegna tímaskorts varð að falla frá að rannsaka hin sýnin.

Niðurstöðurnar sýndu, að hér var án efa um mannsblóð að ræða. Vegna þess hve efnið var gegnumskýrt af óhreinindum, reyndist ekki unnt að framkvæma frekari rannsóknir á því. Einnig vegna vöntunar á hlutlausum substratsamanburði".

11. Þau Sævar Marina og Erla eignuðust Land Rover bifreið samkvæmt bifreiðaskrá hinn 14. nóvember 1974. Á meðan bifreiðin var í eigu þeirra, hafði hún skrásetningamerkið R 42679. Hinn 7. júlí 1975 eru þau talin hafa selt bifreiðina, og fékk hún þá skrásetningamerkið L 1096, sem hún hefur enn. Bifreiðin er með hurðum á hliðum og að aftan, í framsæti eru 2 sæti fyrir farþega, en aftur í eru tveir bekkir meðfram hliðum. Rannsóknarlögreglan rannsakaði bifreiðina að innan hinn 9. janúar 1977 með tilliti til hugsanlegra ummerkja eftir blóð. Aftur í bifreiðinni innan á báðum hliðum var rautt teppi, en gólfið sjálft bert járn. Teppin voru fjarlægð innan af hliðunum og tekin til rannsóknar. Í skýrslu „Bundes Kriminalamt", sem fékk teppabút til nánari rannsóknar, segir á þessa leið:

„Teppabúturinn úr Land Rover bifreiðinni sýndi marga óhreina bletti. Á nokkrum stöðum komu einkennin seint fram og sýndu þess vegna ekki ótvíráð viðbrögð gagnvart blóðforprófun. Ekki reyndist unnt að sanna, að um blóð hafi verið að ræða`.

Fyrri eigandi, sem keypt hafði bifreiðina af Sævari Marinó og Erlu, skýrði frá því, að teppi hefði einnig verið á gólfinu aftur í bifreiðinni, þegar hann keypti hana. Það hefði verið mjög óþrifalegt. Hefði hann því fleygt því fyrir löngu og væri ekki unnt að segja um, hvar það kynni að vera niður komið. Hann sagði,

að á um það bil miðju teppinu hefði verið blettur um 40 cm í þvermál. Hann vissi ekki, hvers konar blettur þetta var, en hann hefði verið heldur dekkri en teppið sjálft, sem var rautt.

12. Í framburði Guðjóns Skarphéðinssonar kemur fram, að hann hafi í nóvember 1974 fengið lánaðar skóflur hjá Einari Jónssyni, Grænuhlíð 17. Einar hefur skýrt lögreglu svo frá, að síðari hluta árs 1974 hafi Guðjón fengið lánaða hjá sér eina skóflu. Hann segist minnst þess, að um þetta leyti hafi Guðjón verið að flytja úr íbúð í Laugarneshverfi í aðra íbúð. Í nýju íbúðinni hefði verið einhvers konar leki og hafi hann fengið skófluna til að grafa eitthvað í því sambandi. Nokkru seinna hafi hann hitt Guðjón og spurt hann um skófluna. Guðjón hafi þá sagt, að hann væri búinn að nota hana. Skóflan hefði verið hjá honum í um tvær vikur, uns hann skilaði henni aftur. Einar afhenti rannsóknarlögreglunni skófluna. Þarna var um að ræða skóflu með kúptu blaði og löngu skafti. Einar sagði, að hann hefði sjálfur notað þessa skóflu talsvert bæði sumarið 1975 og 1976.

Svo sem fram er komið, kveðst S.ævar Marinó hafa fengið skóflu að láni hjá Guðjóni, og kveður Guðjón um hafa verið að ræða skófluna frá Einari Jónssyni.

Jón Sigurjónsson, Ásvallagötu 46, og Guðrún Ægisdóttir, fyrrverandi kona Guðjóns, hafa bæði skýrt frá því, að Guðjón hafi grafið skurð í lóðina að Ásvallagötu 46 haustið 1974, en viti ekki, hvar hann fékk lánaðar skóflur til að vinna verkið.

13. Í vottorði Veðurstofu Íslands, dags. 24. janúar sl., um lík       ur á frosti í jörð í Rauðhólum hinn 21. nóvember 1974 segir svo:       „Jarðvegshiti er mældur við hús Veðurstofu Íslands á Bústaðavegi 9. Þar var hiti yfir frostmarki í öllum mældum dýptum“, „fram til 16. nóvember, en þá fer hiti aðeins niður fyrir frostmark á 5 cm dýpt.

Samanburður á hitamælingum á Hólmi og í Reykjavík sýnir, að meðalhiti í skýli í 2 m hæð var rösklega einu stigi lægri á Hólmi dagana 17.-21. nóvember. Hann var 1.6° í Reykjavík, en 0.4° á Hólmi.

Lágmarksmælingar við jörð voru sem hér greinir dagana 17.21. nóvember.

Dag. Reykjavík Hólmur 17. -10.1 -12.0 18. -2.5 -3.5 19. -2.5 -4.0

Dag. Reykjavík Hólmur 20. -28 -4.7 21. -4.6 -10.0

Með hliðsjón af þessum athugunum verður að teljast líklegt, að frost hafi komið í jörð á þessu tímabili í Rauðhólum".

14. Hinn 23. janúar sl. gerði rannsóknarlögreglan tilraun til endursviðsetningar atburðanna í Dráttarbrautinni að kvöldi 19. nóvember eða aðfaranótt hins 20. 1974 með þeim ákærðu Sævari Marinó, Kristjáni Viðari, Erlu, Guðjóni Skarphéðinssyni og vitninu Sigurði Óttari Hreinssyni. Segir svo um þetta í skýrslu lögreglunnar:

„Með því var reynt að:

- a) Rannsaka framburð varðandi afstöðu á vettvangi til þess að geta metið gildi framburðarins yfirleitt,
- b) til þess að ná frekara samræmi, þar sem frásögnum ber ekki saman.

Hér kom aftur greinilega í ljós ásamræmi varðandi smáatriði í frásögnum kærðu af atburðunum, sem áttu sér stað fyrir 2 árum - einkum þá varðandi högg, sem Geirfinni voru veitt. Af þessum ástæðum voru eingöngu sviðsettar „staðarákvarðanir“ viðkomandi bifreiða og sakborninga.

Þar á meðal:

- a) Staða ljósbláu VW-bifreiðarinnar.
  - b) Staða Mercedes Benz sendiferðabifreiðarinnar. c) Staða Geirfinns og sakborninganna.
- aa) Stig, strax eftir að stigið var út úr bílnum.
  - bb) Stig, hálstak Kristján.
  - cc) Stig, þegar ;G. var drepinn.

Hætt var við ítarlega sviðsetningu, eins og t. d. þegar verknaðarmenn beittu fórnarlambið valdi með hnefahöggum eða barsmíð með spýtu, þar sem slíkt þótti ekki bera árangur. Því varð að ganga út frá fyrirbyggjandi framburði, hvað þetta atriði snertir.

Sviðsetning verknaðar. 1. Erla.

1. Hún lætur VW aka í þá stöðu, að framendi snýr að sjó, skv. mælingu og mynd. Hún lýsir afstöðunni þvert á dráttarbrautina rétt við hana skv. ljósmynd. Hún segist hafa staðið hægra megin við VW bifreiðina.

2. Hálstakið: Hún man ekkert um það.

3. Stig: Líkið lá á maganum skv. ljósmynd. Hún stóð ennþá kyrr við bílinn. Yfir líkinu stóðu S. G. og K. skv. ljósmynd. Hún veit ekkert um, hvernig andlátíð bar að.

2. Sævar.

1. Sævar segir bifreiðina (VW) hafa staðið um 3 m vestar. Afstaða S. G. og K. eins og á mynd.

2. Stig: Hálstakið.

Verknaðarmenn stóðu eins og á ljósmyndinni. Kristján hélt með vinstri hendinni um háls Geirfinns. Skv. skeiðklukku hélt hann takinu í ca. 7 sekúndur. Því næst beygði hann hann niður og hélt hálstakinu áfram í boginni stellingu. Á því augnabliki gekk Sævar aftur að VW bifreiðinni, þar sem Erla beið. Þegar hann kom aftur á vettvang, lá Geirfinnur á maganum skv. ljósmynd. Kristján kraup niður vinstra megin við hann og teygði höndina undir frakkann (úlpuna?) til þess að þreifa á hjartanu. Hann sagði við Sævar: „Hann er dáinn“. Sævar þreifaði á púlsinum, en fann enga hreyfingu. Hann hélt einnig, að Geirfinnur væri dáinn.

Hann breytir stöðu sendiferðabílsins um ca. 5 m til vesturs. Sævar álitur, að Óttar hafi e. t. v. getað séð eitthvað.

Á meðan hafði Erla farið burt á milli tveggja bygginga í Dráttarbrautinni.

Kristján. I. Kristján breytir staðsetningu bifreiðarinnar og færir hana nokkru sunnar, þvert á venjulega akstursstefnu skv. ljósmynd. 2. -Stig: Hálstakið.

Hann tók við hálstakinu af Guðjóni. Hann greip um hálsinn aftan frá, beygði Geirfinn við það aftur á bak og ýtti með hnénu á hné hans. Hann sýndi hálstakið, og skv. skeiðklukku gaf hann upp tímann ca. 10 sek. Á meðan á hálstakinu stóð, sló Sævar með lurk í fæturna.

3. Stig:

Líkið lá á vinstri hlið, höfuðið sneri til austurs. Hann kraup á kné og reyndi að finna hjartaslögin, en fann enga hreyfingu. Hann leggur þó áherslu á, að hann sé enginn fagmaður. Hann sagði við Sævar: „Ég held, að hann sé dáinn“. Síðan gekk hann að sendiferðabifreiðinni og talaði við Óttar, eins og hann hefur borið áður. Sævar sagði honum, þegar hann kom til baka, að hann hafi þreifað á púlsinum og haldi, að hann sé dáinn.

Staða sendiferðabifreiðarinnar:

Hann er ekki viss um, að bíllinn hafi staðið þarna. Hann hafi ekki getað séð hann í myrkrinu og heldur, að Óttar hafi því ekki séð neitt.

#### 4. Guðjón.

Kærði lætur VW bifreiðina aka til nokkurn veginn lama staðar og Erla. Sjá ljósmynd. Því næst lýsir hann því yfir, að :hann geti ekki lýst því, hvernig átökin hafi byrjað og hvar einstakir aðilar hafi staðið. Það hafi verið mjög dimmt þessa nótt og ef hann segi eitthvað núna, geti það bara orðið einhver vitleysa. Aðspurður gengur hann lengra til norðurs að dráttarbrautinni, sem liggur þversum, og segir: „Hér á þessu svæði gæti það verið“. Guðjón neitaði aftur að gefa upp nokkrar staðarákvarðanir. Hann sagði: „Ég verð að hugsa mig betur um, og ég held, að það komi, það kemur áreiðanlega“.

#### 2. Stig: Hálstakið.

Aðspurður lýsir Guðjón því yfir, að Kristján hafi tekið við hálstakinu af sér. Hann var beðinn að sýna það, en neitaði því. Þegar honum voru sýnd ýmiss konar hálstök, svaraði hann því til, að hann gæti ekkert munað.

#### 3. Stig:

Hann getur ekki gefið neina staðarákvörðun, ekki heldur hvernig Geirfinnur hefur legið. Hann sjálfur hafi ekki kannað, hvort hann væri látinn. Hann viti heldur ekki, hver hafi gert það. Aðspurður hvort líkið hafi verið borið til fólksbifreiðarinnar eða hvort bifreiðinni hafi verið ekið að líkinu, svaraði hann, að hann myndi það ekki.

Staða sendiferðabifreiðarinnar:

Bifreiðin standi á nokkurn veginn réttum stað, þó kunni hann ekki við rauðan „stuðara“, sem sé nú á bílnum. Þar að auki sé númerið ekki rétt. Ef ökumaðurinn hefur setið í bílnum, sé hugsanlegt, að hann hafi ekki séð átökin.

#### Sigurður Óttar. 1. Stig:

Hann lætur sendiferðabifreiðina aka að þeirri stöðu, sem sést á myndinni. Aðspurður segist hann vera alveg viss um að hafa ekki ekið bílnum neðar, einkum sé hann alveg viss um að hafa ekki ekið honum að bryggjunni. Kristján hafi komið að bílnum og sagi sér, að hann skyldi óíða enn. En hann hafi ekki komið framán að honum, heldur aftan að honum. Hann hafi aldrei farið úr bílnum allan tímann og mannamálið, sem hann hefur áður sagt frá, hafi hann heyrt vinstra megin fyrir aftan sig.

Hann er alveg viss um, að bifreið, sem kom úr vesturátt, hafi ekki ekið fram hjá sér.

Kærða var sagt, hvað aðrir hlutdeildarmenn höfðu sagt og einkum, að þeir héldu því fram, að bíllinn hefði staðið a. m. k. 30 m fyrir austan (sjá ljósmynd). Þrátt fyrir það hélt Óttar við framburð sinn.

Aðspurður sagði hann, að bifreiðin hefði áður hvorki verið með rauðan „stuðara“ né rauðar rákir á hliðunum. Þær hefðu verið svartar og verið breytt, þegar hún var seld“.

Þegar sviðsetningin fór fram í Dráttarbrautinni í Keflavík, sá Guðjón Skarphéðinsson sendibifreiðina og hafði strax orð á því, svo sem í skýrslu hans frá 25. janúar sl. greinir, að hann þekkti þar aftur sendibifreiðina, sem hefði verið í Dráttarbrautinni í Keflavík 19. nóvember 1974. Sagði hann

jafnframt, að nú væri „stuðari“ bifreiðarinnar rauður og rauðar rendur væru á hliðum bifreiðarinnar, en þær rendur hefðu ekki verið á bifreiðinni hinn 19. nóvember 1974 og þá hefði „stuðarinn“ verið svartur. Einnig sagðist hann muna, að þá hefði verið á bifreiðinni R númer.

Rannsóknarlögreglan hafði af þessu tilefni tal af Jóni Þorvaldi Walterssyni. Jón Þorvaldur staðfesti, að þegar bifreiðin var í hans eigu, hefðu „stuðarar“ á henni verið svartir og engar rendur málaðar á hliðar hennar. Bifreiðina hefði hann ekki selt fyrr en í maí árið 1975 og skrásetningarkerki hennar hefði verið allan tímann R 40U45.

15. Kristján Viðar hefur skýrt frá því, að hann hafi tekið penna af líki Geirfinns Einarssonar í kjallaranum að Grettisgötu 82 aðfaranótt 20. nóvember 1974. Pennann afhenti hann rannsóknarlögreglunni. Penni þessi er teikniblyántur með lausu blýi í, svartur að lit og úr plastefni.

Guðný Sigurðardóttir, kona Geirfinns, og Sigurður Jóhann, sonur hans, voru spurð um teikniblyántinn og þeim sýndur hann ásamt tveimur öðrum svipuðum. Þau könnuðust ekki við, að slíkir teikniblyántar hefðu verið í eigu Geirfinns, og sögðust vera viss um, að þau hefðu aldrei áður séð neinn þeirra. Þórði Ingimarssyni voru og sýndir framangreindir teikniblyántar, og sagðist hann vera viss um, að hann hefði engan þeirra séð áður. Ellert Björn Skúlason var og spurður um teikniblyántinn. Hann sagðist ekki vita til þess, að starfsmenn sínir hefðu fengið slíka blyánta, og ekki minnst þess að hafa séð þá hjá fyrirtæki hans.

Jakob .Sigvaldi Sigurðsson, rekstrarstjóri hjá Ellert -Birni Skúlasyni, kannast ekki við, að Geirfinnur hafi fengið teikniblyánta hjá fyrirtækinu, og sagðist ekki hafa séð áður teikniblyánt þann, sem Kristján Viðar afhenti rannsóknarlögreglunni.

16. Í skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni hinn 11. ágúst 1976 greindi Erla Bolladóttir frá rauðri kápu, sem hún hefði týnt í Keflavík hinn 19. nóvember 1974 og væri nú í eigu Bjarna Þórs Þorvaldssonar, Bergþórugötu 27. Sævar Marinó hefur skýrt frá því, að kápan hafi verið notuð til að breiða yfir höfuð Geirfinns á leiðinni frá Keflavík. Hann hefði gleymt henni hjá Bjarna Þór, en sótt hana vegna þess, að svartir blettir, að hann taldi blóðblettir, hefðu verið í henni, og fleygt henni í sorptunnu heima hjá Bjarna Þór.

Erla hefur síðar skýrt frá því, að kápan hafi verið úr „berelyn“ eða einhverju álíka efni, blá að lit, og gaf hún á henni nánari lýsingu. Erla kvað Huldu Margréti Waddel, Framnesvegi 61, hafa gefið sér kápu þessa árið 1973 og hefðu þess konar kápur verið kallaðar flugfreyjukápur. Hún kveðst alveg örugg um, að Sævar Marinó hafi verið í kápunni á leiðinni til Keflavíkur og hafi hún ekki séð hana eftir þá ferð. Sævar Marinó hafi sagt sér, að kápan væri heima hjá Bjarna Þór, en ekki nefnt, hvernig hún hefði komist þangað. Hún hefði oft beðið Sævar Marinó að sækja kápuna.

Þóra Erla Ólafsdóttir, móðir Erlu Bolladóttur, kveðst muna eftir blárri kápu, sem hún haldi, að Erla hafi fengið hjá .Huldu Margréti Waddel. Hún kveðst ekki muna vel eftir kápu þessari og ekki geta lýst henni.

Hulda Margrét Waddel kveðst hafa gefið Erlu talsvert af fatnaði og þar á meðal dökkbláa „poplin“ kápu eða kápu úr einhverju álíka efni. Hún sagði, að langt væri síðan hún hefði gefið Erlu kápu þessa.

Bjarni Þór Þorvaldsson kveðst muna eftir að hafa séð kápu, sem :Sævar Marinó hafi skilið eftir heima hjá sér, og telur sennilegt, að það hafi verið haustið 1974, a. m. k. hafi það ekki verið veturinn 1975-

1976. Hann man ekki eftir, hvernig kápan var á litinn. Minnir hann, að Sævar Marinó hafi sótt kápuna nokkuð löngu síðar.

Þorsteinn Sigurðsson, bróðir Bjarna Þórs, kveðst ekki muna eftir framangreindri kápu heima hjá sér að Bergþórugötu 27. Hins vegar man hann eftir því að hafa séð Erlu Bolladóttur í blárrí þunnri kápu.

Vitnið Helga Ágústa Vigfúsdóttir, Bergþórugötu 27, móðir Bjarna Þórs Þorvaldssonar og Þorsteins Sigurðssonar, hefur skýrt frá því hjá rannsóknarlögreglunni, að rifjast hafi upp fyrir sér, að kápa, sem hún kannaðist ekki við, hafi verið í herbergi sona sinna. Kápa þessi var dökkblá að lit, úr „poplin“ eða einhverju áþekku efni. Vitnið sá kápuna fyrst með fötum af sonum þess og var sagt, að Sævar Marinó ætti hana. Spurði vitnið þá, hvort ekki mætti fleygja kápunni, en fékk það svar, að Sævar Marinó mundi örugglega sækja hana. Vitnið getur ekki með nokkru móti munað, hvenær það varð fyrst vart við kápuna, en telur, að hún hafi þá verið búin að vera heima hjá því nokkurn tíma. Þegar það reyni að tímasetja þetta nánar, virðist sér líklegt, að þetta hafi verið í nóvember eða desember 1974.

Vitnið man eftir því, að Sævar Marinó var staddur heima hjá því, talsvert löngu eftir að það sá kápuna fyrst, og spurði þá annar sona þess um það, hvar kápan væri. Sótti vitnið kápuna, og minnir það, að það hafi fengið Bjarna Þór hana, en Sævar Marinó var í þeim erindum að sækja hana. Vitnið var spurt, hvort það hefði orðið vart við bletti í kápunni, t. d. blóðbletti. Það sagði, að kápa þessi hefði verið dökk að lit og því gæti það ekki svarað þessu með neinni vissu. Það hafi ekki tekið eftir neinum blettum á kápunni.

17. Vitnið Hinrik Jón Þórisson, er að framan greinir, hefur skýrt frá því, að það hafi fengið úr frá Sævari Marinó til að setja að veði síðla haustið 1975, en þó geti þetta hafa verið á árinu 1974. Vitnið vantaði peninga um þessar mundir, og þar sem Sævar Marinó skuldaði því, fór það þess á leit við hann, að hann léti sig fá eitthvað til að nota í þessu skyni. Sævar Marinó lét vitnið fá karlmansúr. Hann var mjög tregur til að láta það af hendi, en af hvaða ástæðu, veit vitnið ekki. Vitnið er á því, að hann hafi verið búinn að eiga þetta úr lengi. Úrið var úr stáli, í meðallagi stórt, með dökkri skífu og án tölustafa. Vitnið veit ekki um tegundina, en þetta var sæmilega gott úr. Það var með nýrri breiðri svartri leðuról, og voru málmtakkar á henni. Vitnið lét Ingiberg Sigurðsson, Bíldudal, fá úrið að veði fyrir andvirði einnar áfengisflösku eða ríflega það. Úrið var aldrei leyst út, að vitnið vissi til, og minnir það, að Ingibergur hafi síðar sagt, að hann væri bara ánægður með það. Vitnið veit ekki, hvað varð af úrinu.

Vitnið Ingibergur Sigurðsson, til heimilis að Mariubakka 26 hér í borg, kveðst ekki hafa fengið armbandsúr hjá Hinrik Jóni, heldur hjá Sævari Marinó vorið 1975 til tryggingar á greiðslu peningaláns, að hann minnir um kr. 2.000, sem hann fékk hjá vitninu. Telur vitnið þetta hafa gerst vorið 1975 og Hinrik Jón hafi verið viðstaddur. Úr þetta var stálúr í hringlaga kassa með ljósri (hvíttri) skífu. Vitnið man ekki, hvort tölustafir voru á skífunni eða aðeins strik í þeirra stað. Úrið var ekki sjálftrekkjandi og virtist nokkuð gamalt. Á því var breið leðuról, svört að lit og stállitar málmbólur eða nánast gaddar á henni, þó sléttir að ofan. Ólin var töluvert breiðari en sjálfst úrið og kom undir það og utan við. Hún var fest saman með tveimur mjóum ólum. Vitnið man ekki fyrir vís, hve margar málmbólurnar voru, en minnir, að þær hafi verið fjórar hvorum megin við úrið. Sævar Marinó gaf þá skýringu á úri þessu, að það hefði áður verið í eigu nafngreinds læknis, en sagði ekki, hvernig hann hefði fengið það. Um verslunarmannahelgina árið 1975 lét vitnið Sævar Marinó fá úrið aftur og fékk annað í staðinn. Var það úr allt öðruvísi og kassinn gullhúðaður. Vitnið týndi því úri.



Sævar Marinó var yfirheyrður í dómi um úr það, sem greinir í framburði þeirra Hinriks Jóns Þórissonar og Ingibergs Sigurðssonar. Hann sagðist hafa átt líkt úr og fram kemur í framburðum þeirra Ingibergs og Hinriks Jóns. Hefði hann komst yfir úr þetta árið 1972 í innbroti hjá Jóni Steffensen prófessor. Úr þetta var hringlaga stálúr með hvítleitri skífu, en eigi man hann, hvort tölustafir voru á henni. Hann veit ekki, af hvaða gerð úrið var. Úrið var með breiðri leðuról, en hvort málmtakkar eða bólur voru á henni, getur hann ekki staðhæft. Sævar Marinó telur, að hann hafi látið Ingiberg Sigurðsson fá úrið vorið 1975. Var tilefni þess það, að Hinrik Jón fékk lán hjá Ingibergi að fjárhæð kr. 3.000 til að kaupa áfengisflösku, og af greiðasemi við Hinrik Jón lét hann úrið að veði fyrir skuldinni. Ingibergur var með úrið þar til í ágúst sama ár. Þá lét Hinrik Jón Sævar Marinó fá úr, sem var gulllitað og með gulllitaðri skífu og leðuról. Ingibergur afhenti honum úr það, er hann hafði upphaflega fengið, og fékk úr þetta í staðinn. Sævar Marinó kveður Eggert Bjarnason rannsóknarlögreglumann hafa tekið úrið af sér í fangelsinu við Síðumúla í janúar 1976, og veit hann ekki annað en úrið sé í vörslu rannsóknarlögreglunnar.

Eggert N. Bjarnason afhenti dóminum úr það, sem hann kveðst hafa lagt hzld á hjá Sævari Marinó. Úr þetta er af tegundinni NIVADA, hringlaga stálúr með hvíttri skífu og strik í skífunni í stað tölustafa. Á úrinu er dagatal, og það er sjálftrekkt. Númerið á bakhlið úrsins er 7199M 2107. Engin festi er á úrinu, en festiendar á báðum eyrum kassans. Smábrestur er í glerinu yfir striki, sem táknar 4.

Úrið var fengið úrsmið til athugunar, og opnaði hann það. Inni í úrinu voru tvö viðgerðarnúmer frá úraverslun Magnúsar E. Baldvinssonar, Laugavegi 8. Hefur þetta verið staðfest af versluninni, en jafnframt tekið fram, að viðgerðarnúmerin væru hvergi skráð í bækur, en væru einungis sett innan í lok kassa úrsins. Leitað var eftir sölumerkingu og dagsetningu, sem skráðar eru ævinlega á bakhlið úra, en í ljós kom, að sú merking var útmáð. Verslun Magnúsar E. Baldvinssonar er innflytjandi aura úra af NIVADA gerð. Kassanúmerin á úrunum eru hin sömu á fjölda úra sömu tegundar. Er því ekki unnt að staðfesta, hver sé eigandi úrs, heldur að það sé úr tiltekinni sendingu. Magnús E. Baldvinsson hafði verslun í Keflavík fram á mitt ár 1968, en seldi hann þá. Leit að ábyrgðarbók hjá versluninni fyrir tímabil það, sem úrið hafði verið selt á, bar ekki árangur.

Prófessor Jóni Steffensen, Aragötu 3, var sýnt framangreint úr. Hann sagðist aldrei hafa séð úr þetta og geta fullyrt, að slíkt úr hefði aldrei verið til heima hjá honum. Aftók hann með öll, að því hefði verið stolið hjá sér í innbrotum þeim, sem hjá honum voru framin. Sjálfur sagðist Jón eiga vasaúr og hefði átt þess konar úr alla ævi.

Erlu Bolladóttur var sýnd mynd af úri því, sem að framan greinir, við yfirheyrslu í dómi. Hún kveðst kannast við úr þetta. Sævar Marinó hafi átt það, þegar hún kynntist honum í árslok 1973. Breið ól var á úrinu með málmstökkum. Hann sagðist hafa fengið úr þetta í innbroti hjá einhverjum prófessor. Erla kveðst muna eftir því, að Sævar Marinó lét Ingiberg Sigurðsson fá úrið að veði fyrir peningaláni í október eða nóvember 1974. Sumarið 1975 hittu þau Sævar Marinó Ingiberg í Kópavogi. Sævar Marinó var með eitthvert úr, sem hún veit ekki nánari deili á. Lét hann Ingiberg fá úr þetta og fékk framangreint úr í staðinn.

Árni Matthíasson, Meistaravöllum 23, hefur skýrt frá því í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni, að hann muni eftir því, að þeir Sævar Marinó og Ingibergur hafi skipst á úrum heima hjá honum, en hann bjó þá að Þverbrekku 4, Kópavogi, og hafi það verið í byrjun ágústmánaðar 1975. Árni sagðist vera nokkuð viss um, að úr það, sem Sævar Marinó var með, hafi verið af tegundinni Pierpont. Það var gullúr með dagatali og á skífunni hafi verið tölustafirnir 12-3-6-9. Hann sagðist ekki hafa veitt því athygli, hvernig ól var á úrinu. Þá sagðist Árni ekki muna, hvernig úr Ingibergur hefði verið með, nema

það hefði verið gamalt. Árni sagðist muna, að hann og Ingibergur hefðu spurt Sævar Marinó að því, hvers vegna hann vildi skipta á úri, og hefði hann svarað einhverju fáránlegu, svo sem að hann væri orðinn leiður á úrinu.

Kristjáni Viðari var sýnt framangreint úr í yfirheyrslu í dómi. Kveðst hann ekki kannast við það. Veit hann ekki til þess, að neitt úr hafi verið tekið, þegar þeir Sævar Marinó frömdu innbrotspjófnaðinn hjá prófessor Jóni Steffensen.

Sævar Marinó sá við yfirheyrslu í dómi úr það, sem Eggert Bjarnason rannsóknarlögreglumaður lagði hald á hjá honum í fangelsinu við Síðumúla í janúar 1976. Hann kveður Eggert Bjarnason hafa lagt hald á sams konar úr hjá sér, sem var sjálftrekkt. Sævari Marinó var kynnt lögregluskýrsla um viðtal við Jón Steffensen prófessor. Hann kveðst ekki muna betur en framangreint úr sé frá prófessor Jóni. Sævar Marinó kveðst fyrst hafa notað úr þetta í Kaupmannahöfn árið 1973.

Sævar Marinó kveðst hafa verið í vinnu á Tálknafirði í janúar og febrúar 1973 og verið þá með þetta úr. Breið leðuról var á úrinu á þessum tíma, og minnst hann þess að hafa lánað einhverjum úrið vegna sinaskeiðabólgu.

Vitnið Eggert Norðdal Bjarnason rannsóknarlögreglumaður hefur skýrt frá því í dómi, að hann hafi lagt hald á úr þetta hjá Sævari Marinó í Síðumúlafangelsinu einhvern tíma fyrri hluta árs 1976. Hvorki ál né keðja var á úrinu, og telur vitnið, að ekkert hafi verið á því. Vitnið skráði ekkert hjá sér, þegar það tók úrið. Vitnið man ekki fyrir vísit, hvort Sævar Marinó sagði eitthvað um úrið, en minnst, að hann hafi haft á orði, að hann hefði fengið það í fermingargjöf. Vitnið minnst, að úrið hafi fyrst verið geymt í læstri skrifborðsskúffu í fangelsinu við Síðumúla og að einungis þeir Sigurbjörn Víðir Eggertsson hafi haft lykila að skúffunni. Síðan var það geymt í tösku vitnisins ásamt öðrum málsskjölum. Úrið var í hólfi í töskunni ásamt mynd af Guðmundi Einarssyni, en síðan setti vitnið það í skrifborðsskúffu ásamt myndinni. Lögreglumenn töldu, að um úr Guðmundar Einarssonar gæti verið að ræða, en við nánari athugun stóðst það ekki. Vitnið kveður þetta síðasta atriði vera haft eftir minni og vill ekki staðhæfa það. Vitnið telur, að ekki komi til greina, að framangreint úr hafi getað ruglast við annað úr, þannig að ekki sé um sama úr að ræða og úr það, sem vitnið tók af Sævari Marinó. Rannsókn fór aldrei fram á því, hvort um úr Geirfinns Einarssonar gæti verið að ræða.

Vitnið Sigurbjörn Víðir Eggertsson hefur skýrt frá því í dómi, að það hafi ekki verið viðstatt, þegar úr var tekið af Sævari Marinó í Síðumúlafangelsinu, en vitnið sá úr, sem Eggert Bjarnason sagðist hafa tekið af honum. Eggert var að sýna þetta í skýrslutökuherberginu, og var það einhvern tíma snemma á árinu 1976. Vitnið sá síðar úrið í skjalatösku Eggerts ásamt mynd af Guðmundi Einarssyni. Ól var ekki á úrinu, en vitnið minnst, að e. t. v. hafi verið teygja á því. Úrið var ekki sérstaklega merkt. Úrið fannst ekki um tíma, en þegar það fannst, var mynd af Guðmundi með því. Það var í pappakassa ásamt fleira dóti. Kassinn, sem úrið var í, var í skrifstofu Eggerts, en ekki í læstri hirslu. Vitnið man ekki til þess, að athugað væri, hvort um úr Geirfinns Einarssonar gæti verið að ræða. Annað úr var í kassanum, og var það með keðju.

Vitnið Guðný Sigurðardóttir hefur skýrt frá því í dómi, að Geirfinnur Einarsson, eiginmaður þess, hafi átt tvö úr, annað gulllitað og hitt stálúr. Gyllta úrið var bilað og hefur verið í vörslu vitnisins. Vitnið kveðst ekki vita annað en Geirfinnur hafi verið með stálúrið að kvöldi hins 19. nóvember 1974, þegar hann hvarf. Vitnið man ekki, hvernig stálúr Geirfinns var að öðru leyti en því, að skífan á því var ljós. Vitnið man, að ólin á úrinu var breið og svört að lit með málmtökkum. Vitnið kveðst ekki vita, hvar

hann keypti úr þetta né hvenær það var. Vitnið sá úr það, sem Eggert Bjarnason rannsóknarlögreglumaður lagði hald á hjá Sævari Marinó. Vitnið kveðst ekki geta staðhæft, að þetta sé úr Geirfinns. Vitnið man, að sprunga var í gleri annars hvors af úrum þeim, sem Geirfinnur átti, en vill ekki staðfesta, að það hafi verið í glerinu á framangreindu úri. Vitninu finnst í fljótu bragði úr þetta vera líkt úri því, sem Geirfinnur átti. Vitnið minnir fastlega, að stálúr Geirfinns hafi ekki verið sjálftrekkt, en vill ekki alveg staðhæfa það. Byggir vitnið þetta á því, að Geirfinnur var oft að kvarta um, að erfitt væri að trekkja úrið út af ólinni á því. Vitnið minnir, að dagatal hafi verið á úrinu.

Vitnið Sigurður Jóhann Geirfinnsson hefur skýrt frá því fyrir dómi, að faðir þess hafi átt tvö armbandsúr. Var annað gyllt, og hefur það verið heima hjá vitninu síðan 19. nóvember 1974. Hitt úrið var stálúr, kringlótt í laginu, og minnir vitnið, að tölurnar 3, 6, 9 og 12 hafi verið á því, en strik á milli. Skífan á úrinu var ljós. Vitnið kveðst hafa séð föður þess trekkja úrið upp og er öruggt um, að það var ekki sjálftrekkjandi. Ól úrsins var svört og breið næst úrinu, en mjókkaði til endanna, og voru gaddar á ólinni. Dagatal var á úrinu. Vitnið veit ekkert, hvaðan úrið var eða hvenær það var keypt. Vitnið man ekki eftir, að faðir þess ræddi sérstaklega um úrið. Vitnið veit ekki, af hvaða tegund úrið var. Vitninu var sýnt framangreint úr. Vitnið kveður úr þetta vera líkt úri Geirfinns að öðru leyti en því, að það minnir, að tölustafir hafi verið á úri hans.

K. Svo sem áður er rakið, hefur vitnið Sigurður Óttar Hreinsson breytt eiðsvörnum framburði sínum frá 25. maí sl. og neitar nú að hafa farið á sendibifreiðinni til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Hefur vitnið haldið því fram, að framburðir þess í málinu séu þannig tilkomnir, að það hafi verið beitt þvingunum og hótunum um gæsluvarðhald af hálfu lögreglumanna. Framburðir þess séu byggðir á vissum upplýsingum frá lögreglunni, en það hafi skáldað í eyðurnar. Það hafi ekki haft kjark í sér af ótta við lögregluna að breyta framburðunum fyrr en 13. október sl.

Við nánari rannsókn málsins vildi vitnið þó ekki halda því fram, að því hefði verið hótáð neinu, er það gaf skýrslu hjá Karl Schiitz hinn 14. desember 1976, þar sem það viðurkenndi fyrst ferðina til Keflavíkur, en það hafði daginn áður neitað hjá lögreglumönnum að hafa farið hann, og kveður vitnið framburði Auðar Gestsdóttur dómtúlks og Péturs Eggerz sendiherra um yfirheyrsluna rétta.

Þá hefur vitnið haldið því fram, að yfirheyrslan yfir því hafi staðið í allt að 10 klst. Rannsókn á þessari staðhæfingu vitnisins hefur leitt í ljós, svo að óyggjandi sé, að hún er ekki rétt og að yfirheyrslan hafi ekki farið fram úr 6 klst. og því verið innan þess hámarkstíma, er 3. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála heimilar.

Skýrsluna, sem vitnið gaf hjá Karl Schiitz, staðfesti það í dómi sama dag hjá Erni Höskuldssyni fulltrúa án nokkurra athugasemda. Þá skráði vitnið sjálft skýrslu í einrúmi í fangelsinu við Síðumúla um ferðina til Keflavíkur og afhenti rannsóknarlögreglunni hann. Það staðfesti enn frásögn sína um ferðina til Keflavíkur við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 24. janúar sl. og tilgreindi við sviðsetningu í Dráttarbrautinni í Keflavík, hvar bifreiðin hefði staðið þar umrætt sinn.

Þegar vitnið kom fyrir dóm hjá dómurum máls þessa 25. maí sl., bar það engar kvartanir fram um fyrri yfirheyrslur. Skýrði það á dómþinginu frá á sama hátt og áður og bætti því atriði við frásögn sína, að það hefði heyrt raddir ákærðu Sævars Marinós og Kristjáns Viðars í Dráttarbrautinni, en eigi séð þá vegna myrkurs. Vitnið hefur lýst því yfir, að það hafi engar kvartanir fram að færa út af dómsyfirheyrslunni.

Auk þess, sem nú hefur verið rakið, hefur margt komið fram í málinu til stuðnings því, að hinn eiðsvarni framburður vitnisins sé réttur. Ákærðu hafa borið frá upphafi, að sendibifreið hafi verið í Dráttarbrautinni. Ákærðu Sævar Marinó og Kristján Viðar skýrðu frá því, áður en þeir breyttu framburðum sínum sl. sumar og haust, að vitnið hefði ekið sendibifreiðinni til Keflavíkur umrætt sinn, og ákærðu öll hafa gefið lýsingu á bifreið, sem gæti átt við bifreið þá, er vitnið hafði aðstöðu til að fá afnot af. Þá vekur athygli framburður ákærða Guðjóns um, að rauðar rendur hafi ekki verið á hliðum bifreiðarinnar 19. nóvember 1974 og að höggvari hennar hafi verið svartur, en ekki rauður, eins og hann var við sviðsetninguna í Dráttarbrautinni í byrjun þessa árs. Fram er komið í málinu, að höggvari umræddrar bifreiðar, sem verið hafði svartur, var málaður rauður eftir 19. nóvember 1974 og einnig rendurnar á hana. Ákærði Guðjón sagði einnig, að bifreiðin hefði verið með R skrásetningarkerki, en hún var það ekki, er hann sá hana við sviðsetninguna.

Vitnið breytti ekki framburði sínum fyrr en að loknum munnlegum málflutningi, sem skýrt var rækilega frá í dagblöðum, en þar kom fram, að ákærðu Kristján Viðar og Sævar Marinó hefðu breytt framburðum á þá leið, að þeir hefðu ekki farið til Keflavíkur umrætt sinn.

Eins og greinir í málsatvikalýsingu, leitaði vitnið ráða hjá nokkrum mönnum, áður en það breytti framburði sínum, en ekki verður hér tekin afstaða til þátta þeirra í máli þessu.

Vitnið hefur engum marktækum stöðum rennt undir það, að hinn eiðsvarni framburður þess frá 25. maí sl. sé rangur. Hefur frásögn þess við rannsóknina út af breytingu framburðarins í ýmsu verið reikul. Vitnið hefur ýmist sagt, að það hafi aldrei farið ferðina, eða látið að því liggja, að það myndi ekki eftir henni. Það er álit dómsins, að breyting vitnisins á framburði sínum hafi ekki við rök að styðjast, en hún hlýtur engu að síður að veikja trúverðugleika þess.

#### L. Niðurstöður.

Ákærðu í máli þessu hafa öll viðurkennt margsinnis hjá rannsóknarlögreglu og síðar staðfest framburði sína í dómi um, að þau hafi farið saman til Keflavíkur að kvöldi 19. nóvember 1974. Hafi þau hitt þar Geirfinn Einarsson og hann farið með þeim í Dráttarbrautina í Keflavík. Komið hafi til átaka þar milli ákærðu Sævars Marinós, Kristjáns Viðars og Guðjóns annars vegar og Geirfinns hins vegar og Geirfinnur beðið bana í átökunum. Ákærða Erla hafi farið á brott svo og ökumaður sendibifreiðarinnar, Sigurður óttar Hreinsson. Ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marinó og Guðjón hafi flutt lík Geirfinns heim til ákærða Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82 í Reykjavík og það verið grafið í Rauðhólum við Reykjavík 2 dögum síðar.

Framburðir ákærðu í dómi, er að framan greinir, um aðdraganda ferðarinnar til Keflavíkur, ferðina sjálfa 19. nóvember 1974, átökin við Geirfinn og dauða hans eru í öllum meginatriðum samhljóða og afdráttarlausir. Nokkur undantekning er þó með framburð ákærða Guðjóns, en hann hefur borið við minnisleysi um mörg atriði, eftir að átökin við Geirfinn hófust og meira og minna eftir það um nóttina. Er framburðurinn þó ótvíræður um, að ákærðu hafi farið til Keflavíkur og hitt Geirfinn, er hafi lent í átökum við þá í Dráttarbrautinni og beðið bana.

Ákærðu Kristján Viðar og Sævar Marinó hafa undir lok málsmeðferðar breytt framburðum sínum og neitað allri aðild að máli þessu. Þeir staðhæfa nú, að þeir hafi ekki farið þessa ferð til Keflavíkur. Eigi þeir engan þátt í hvarfi Geirfinns og viti ekkert um það. Jafnframt hafa þeir beint ásökunum að rannsóknarlögreglumönnum og fangavörðum. Þeir halda því fram, að þeir hafi verið leiddir við yfirheyrslur

og verið sagt, hvað þeir ættu að segja. Þeir hafi sætt hótunum og illri meðferð, allt að líkamsmeiðingum. Ákærðu hafa engin rök fært fyrir þessu, og við rannsókn dómsins, þar sem mætt var af hálfu ríkissaksóknara, kom ekkert marktækt Fram til styrktar fullyrðingum þeirra um þetta. Tíðar beiðnir ákærðu um viðtöl við lögreglumenn og um skýrslutökur vegna nýrra upplýsinga, sem þeir hafi Fram að færa, benda til hins gagnstæða. Bera ýmsar lögregluskýrslurnar þess merki, að ákærðu hafa skýrt frá málsatvikum sjálfstætt og hvert í sínu lagi. Mörg atriði í framburðum þeirra geta ekki verið komin nema frá þeim sjálfum þrátt fyrir staðhæfingar þeirra um hið gagnstæða.

Með vísan til ofanritaðs verða breytingar ákærðu á framburðum ekki teknar til greina og fyrri framburðir ákærðu Kristjáns Viðars og Sævars Marinós lagðir til grundvallar við mat á sönnun um sakarefni, einkum framburðir þeirra í dómi 12. og 13. maí og 20. og 21. júní sl.

Ákærði Guðjón hefur í framburði sínum í dómi dregið mjög úr þátttöku sinni í átökunum, er Geirfinnur Einarsson beið bana. Ákærði hefur ekki heldur fært fram haldbær rök fyrir breytingum þessum, og verður því framburður hans í dómi 31. janúar sl., þar sem hann staðfesti rannsóknarlögregluskýrsluna frá 25. janúar sl. um þátt sinn í átökunum við Geirfinn, lagður til grundvallar við mat á sönnun um sök ákærða á dauða Geirfinns, en einnig litið til annarra skýrslna, er ákærði hefur gefið í dómi og hjá lögreglu.

Vegna þess hve langur tími leið frá hvarfi Geirfinns Einarssonar, þar til rannsókn málsins beindist gegn ákærðu, var ekki hægt að beita vísindalegum aðferðum við rannsókn hugsanlegra sýnilegra sönnunargagna nema að mjög takmörkuðu leyti. Slík gögn eru nokkur fyrir hendi í máli þessu, en þau tengja ákærðu ekki, svo óyggjandi sé, við málið. Lík Geirfinns hefur ekki fundist þrátt fyrir viðtæka leit, en ákærðu hafa bent á ýmsa staði, er það sé grafið á, nú síðast í Rauðhólum hér við borgina. Hljóta því játningar ákærðu að vera aðalsönnunargagnið í máli þessu og það, sem unnt hefur verið að finna þeim til styrkingar.

Ákærðu Sævar Marinó, Kristján Viðar og Erla skýrðu frá því fljótlega í framburðum sínum, að þeim væri kunnugt um hvarf Geirfinns Einarssonar. Framburðir þeirra voru þó sundurlausir og óákveðnir, og virtust þau vera mjög á varðbergi. Þau þóttust ekki eiga þátt í dauða Geirfinns. Báru þau sakir á menn, sem ekkert voru viðriðnir málið, og sögðu, að þeir hefðu orðið valdir að dauða Geirfinns og smyglað spíritus á land í Keflavík. Ákærðu Sævar Marinó og Kristján Viðar hefðu verið einhvers konar aðstoðarmenn við smyglið og ákærðu orðið sjónarvottar að því, er Geirfinnur lét lífið. Gerðu ákærðu allt til að torvelda rannsókn málsins og rugla um fyrir rannsóknarmönnum, og hafa ákærðu Sævar Marinó og Erla sagt, að þetta hafi verið samantekin ráð þeirra. Héldu ákærðu áfram að bera sakir á nokkra menn, sem ekkert höfðu nærri málinu komið, og voru stöðugt að breyta framburðum sínum fram eftir árinu 1976. Bar ákærði Sævar Marinó ýmislegt á aðra, sem ákærðu hafa viðurkennt síðar að hafa gert sjálfir.

Í fyrstu framburðum ákærðu kom fram lýsing á staðháttum í Dráttarbrautinni í Keflavík og nágrenni hennar, og fer ekki milli mála, að ákærðu hafa verið þar. Því til stuðnings er og framburður ákærðu Erlu um „rauða húsið". Hélt hún burt af vettvangi, á meðan á átökunum: stóð eða í þann mund, er þeim var að ljúka. Fór hún í umrætt hús, sem stóð mannlaut og hún hefur bent á, og dvaldist þar til morguns. Um þær mundir, sem Geirfinnur hvarf, skýrði hún vitni frá dvöl sinni í mannlautu húsi í Keflavík.

Ákærða Erla fékk far með tveimur öikumönnum á leiðinni frá Keflavík að morgni 20. nóvember 1974, öðrum frá Keflavík að mótum Reykjanesbrautar og vegarins til Grindavíkur, en hinum þaðan til Hafnarfjarðar. Hefur verið hægt að staðreyna, að öikumenn þessir voru þarna á ferð umræddan morgun. Annar öikumannanna þekkti ákærðu úr hópi stúlkna við sakbendingu. Gat hann síðar rakið efni samtals, sem þeim fór á milli og ákærða hefur staðfest. Er það álit dómsins, að sannað sé, þótt ekki sé litið til framburða meðákærðu, að ákærða Erla hafi verið að koma frá Keflavík þennan morgun.

Ákærða Kristjáni Viðari gafst kostur á að sjá ákærða Guðjón í fangelsinu við Síðumúla, er ákærði Guðjón kom til yfirheyrslu 15. maí 1976. Taldi hann sig þekkja þar „útlendingslega manninn“, sem hefði farið með þeim til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Ákærði Sævar Marinó gaf fyrst upplýsingar 28. október 1976 um, að ákærði Guðjón væri viðriðinn mál þetta.

Ákærði Guðjón neitaði fyrst í stað allri vitneskju um málið, og kom játning hans stig af stigi á löngum tíma um þátt hans í átökunum við Geirfinn. Mjög erfitt hefur verið að fá ákærða til að tjá sig um sakarefni. Hefur hann borið við minnisleysi og haft alls konar fyrirvara í framburðum sínum.

Við húsleit hjá ákærða Guðjóni, er hann var handtekinn, fannst minnisbók, þar sem ákærði hefur skráð ýmislegt úr dagblöðum um rannsókn Geirfinnsmálsins.

Þá virðist náið samband hafa verið milli ákærða Guðjóns og ákærða Sævars Marinós bæði fyrir og eftir hvarf Geirfinns. Ákærða Erla greinir og frá grunsamlegum samtölum þeirra og símtölum.

Framburðir ákærðu Sævars Marinós og Kristjáns Viðars eru ótvíræðir um þátt þeirra í átökunum við Geirfinn, svo sem lýst hefur verið hér að framan. Varhugavert þykir að leggja alveg til grundvallar framburði þeirra um þátt ákærða Guðjóns í átökunum, en þar kemur fram m. a., að hann hafi tekið verulegan þátt í þeim og hvatt til, að Geirfinnur væri tekinn í gegn.

Ákærði Guðjón hefur skýrt frá því, að hann hafi tekið í öxl Geirfinns og hindrað hann í að fara á brott og auk þess tekið Geirfinn hálstaki og haldið honum föstum. Verið geti, að ákærði hafi skellt honum til jarðar og að hann hafi dasast. Ákærði sagði og: „Mér er ljóst, að hann (Geirfinnur) lét lífið í átökum við okkur þrjá“.

Ákærðu og Sigurður Óttar voru fengin hvert í sínu lagi til að segja til um stöðu bifreiðanna í Dráttarbrautinni, hvar þau og Geirfinnur hefðu verið, á meðan á átökunum stóð, og hvernig Geirfinnur hefði legið að þeim loknum. Nokkurt misræmi kom Fram um smáatriði, en framburðir ákærðu, einkum ákærðu Kristjáns Viðars, Sævars Marinós og Guðjóns, voru þó áþekkir um margt.

Fullkomin vissa er fyrir því, að Geirfinnur Einarsson var í veitingahúsinu Klúbbnum að kvöldi sunnudagsins 17. nóvember 1974, en þar kveðst ákærði Sævar Marinó hafa hitt hann og rætt við hann, og ákærði Kristján Viðar kveðst hafa rætt um áfengisviðskipti við mann, sem hann telur, að geti hafa verið Geirfinnur Einarsson. Er vera ákærðu í Klúbbnum um þessar mundir studd framburði eins vitnis.

Ákærði Sævar Marinó kveður Geirfinn hafa gefið sér upp í Klúbbnum nafn og heimilisfang, en ekki símanúmer. Geirfinnur hafði fengið síma nokkru áður, en var ekki í símaskrá, og var símanúmer Geirfinns 3157. Ákærði Sævar Marinó kveðst hafa aflað sér upplýsinga um símanúmerið hjá símanum. Í yfirheyrslu 28. október 1976 var ákærði spurður um, hvort hann myndi símanúmerið, sem

ákærði Guðjón skrifaði á miða, er ákærði Kristján Viðar fékk við Hafnarbúðina. Ákærði Sævar Marinó mundi ekki alveg númerið, en taldi, að í því hefði verið talan 31.

Ákærði Sævar Marinó, sem var frumkvöðull ferðarinnar til Keflavíkur, virðist hafa fengið þá hugmynd af viðtalinu við Geirfinn, að Geirfinnur vissi um geymslustað á smygluðum spíritus í Keflavík. Taldi ákærði Geirfinn vera „Geira í Keflavík“, er fengist hefði við smygl eða sölu á smygluðum spíritus, en um mann þennan er ekkert nánar vitað. Einhverja hugmynd virðist ákærði hafa haft um Dráttarbrautina í Keflavík, því að þangað var ferðinni heitið. Átti að fá Geirfinn með illu eða góðu til að gefa upp geymslustaðinn og bjóða honum peninga fyrir, en síðan var ætlunin að taka spíritusinn ófrjálsri hendi. Ákærði Sævar Marinó virðist hafa verið svo viss í sinni sök um þetta og að um mikið magn af spíritus væri að ræða, að hann fékk ákærða Kristján Viðar til að útvega sendibifreið til að flytja spíritusinn. Ákærða Kristjáni Viðari virðist því hafa verið ljóst, í hvaða tilgangi ferðin var farin, og hafði hann orð á þessari fyrirhuguðu ferð við tvö vitni, er að framan greinir, að þau telja um líkt leyti og Geirfinnur hvarf. Vitnin hafa og borið í þessu sambandi, að komið hafi verið að kvöldlagi um þetta leyti að sækja ákærða Kristján Viðar að Laugavegi 32, þar sem hann bjó um þessar mundir, og annað vitnið sá ákærða halda út á Vatnsstíg og fara þar upp í bifreið, en ákærðu kveðast hafa lagt af stað frá Vatnsstíg til Keflavíkur.

Ákærði Guðjón kveður ákærða Sævar Marinó hafa sagt sér, að hann ætlaði að eiga einhvers konar viðskipti við mann í Keflavík, að því er næst verður komist af framburði ákærða, með spíritus. Hefur ákærði látið að því liggja, að hann hafi farið ferðina til Keflavíkur af forvitni.

Fram er komið í málinu, að ákærðu Sævar Marinó og Erla voru að Kjarvalsstöðum að kvöldi 19. nóvember 1974 ásamt móður ákærða Sævars Marinós. Kemur dvöl þeirra þar að álitni dómsins ekki í veg fyrir, að þau geti hafa verið í Keflavík síðar sama kvöld, og vitni, er kvaðst hafa hitt þau þarna, minnir, að ákærði Sævar Marinó hafi sagt við það annað hvort þarna eða um þessar mundir, að hann væri að fara til Keflavíkur.

Samkvæmt framburði vinnufélaga Geirfinns, er ók honum, er hann fór í Hafnarbúðina í fyrra skiptið, sagðist Geirfinnur ætla að hitta einhverja menn, honum ókunnuga, við Hafnarbúðina og stefnumót þetta væri dularfullt. Hefði hann verið boðaður með símtali og ætti hann að koma einn og gangandi. Þá hafi hann látið að því liggja, að ef til vill ætti hann að hafa með sér barefli. Loks hafi hann talað um, að kona sín mætti ekki vita af þessu, og skildist vitninu, að það væri krafa þeirra manna, er hann ætlaði að hitta. Geirfinnur Einarsson fór í síðara skiptið heiman að frá sér samkvæmt upplýsingum konu hans skömmu fyrir kl. 2230, og hefur ekkert spurst til hans síðan. Bifreið Geirfinns fannst í nánd við Hafnarbúðina í Keflavík eftir hvarf hans, og má telja öruggt samkvæmt framburðum vitna, að hún hafi verið komin þangað kl. 2234.

Ákærðu ber öllum saman um, að þau hafi verið þarna í bifreið á þessum tíma. Telja þau sig hafa verið komin til Keflavíkur, er hlé var á sýningu í kvikmyndahúsi, er þau óku fram hjá, en það hófst kl. 2200 eða kl. 2202 og stóð í um 10 mínútur. Ákærðu telja sig þekkja Geirfinn af myndum, er þau sáu af honum, og eins hafa þau lýst nokkuð klæðnaði hans, þótt sú lýsing sé ófullkomin.

Fram er komið í málinu, að ákærði Kristján Viðar var undir áhrifum lyfja, en ekkert liggur fyrir um, að önnur ákærðu hafi verið það eða undir áhrifum áfengis.

Af samtali Geirfinns við áðurgreindan vinnufélaga sinn mætti ætla, að Geirfinnur hafi jafnvel átt von á, að til átaka gæti komið við menn þá, er hann ætlaði að hitta. Ummæli ákærða Sævars Marinós í bifreiðinni á leið til Keflavíkur, m. a. um, að ef til vill þyrfti að láta mann hverfa, geta bent til þess, að ráðagerðir hafi verið uppi um að svipta Geirfinn lífi. Þrátt fyrir þetta er ekki nægilega sannað, að svo hafi verið.

Framburðir ákærðu Kristjáns Viðars, Sævars Marinós og Guðjóns um átökin við Geirfinn eru ekki á einn veg, en þó er ljóst, að ákærðu allir réðust á hann, er hann ætlaði Burt. Virðist af framburðum ákærðu, að árásin á hann í Dráttarbrautinni hafi stafað af gremju út í hann vegna þess, að hann lét ákærðu ekki í té upplýsingar, sem ákærðu töldu hann hafa um geymslustað spíritusins, eða þá að ákærðu hafi ætlað að knýja hann, til sagna. Ákærðu ber ekki að öllu leyti saman um þátt hvers þeirra fyrir sig í átökunum. Í framburðum þeirra kemur Fram, að Geirfinnur hafi verið tekinn hálstaki, barinn með -hnefum og spýtu, uns hann beið bana. Þykir sannað með framburðum ákærðu og ákærðu Erlu, að þeir hafi allir tekið þátt í árásinni á Geirfinn Einarsson, en um þátt hvers og eins verður ekki greint alveg nákvæmlega. Verður að telja, að ákærðu Sævar Marinó, Kristján Viðar og Guðjón beri sameiginlega ábyrgð á dauða Geirfinns. Þótt þeir segist ekki hafa ætlað að svipta Geirfinn lífi, var árásin á hann með þeim hætti, að þeim átti að vera ljóst, að hún gat leitt til dauða. Hafa ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marinó og Guðjón með atferli sínu orðið brotlegir gegn 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þá telst sannað, að ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marinó og Guðjón hafi flutt lík Geirfinns á brott úr Dráttarbrautinni að Grettisgötu 82 og ákærðu Erla, Sævar Marinó og Kristján Viðar flutt það þaðan upp í Rauðhóla og grafið það þar.

Svo sem áður er rakið, kveðst ákærði Kristján Viðar eftir komu ákærðu með lík Geirfinns að Grettisgötu 82 umrædda nótt hafa tekið seðlaveski Geirfinns úr brjóstvasa hans, en í því hafi verið 5.000 krónur auk ýmissa skilríkja. Hafi hann tekið peningana, en fleygt veskinu. Eftir atvikum þykir ekki ástæða til að vefengja framburð ákærða um þetta, og varðar þessi verknaður hans við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða Erla er saksótt fyrir það að hafa flutt lík Geirfinns Einarssonar upp í Rauðhóla í nágrenni Reykjavíkur ásamt meðákærðu Kristjáni Viðari og Sævari Marinó fimmtudaginn 21. nóvember 1974 í bifreið, er hún ók, þar sem þau helltu bensíni yfir líkið og kveiktu í því, en grófu það að því búnu. Í ákærinni þykir ákærða með liðsinni sínu og með því að leitast við að afmá ummerki brotsins hafa gerst brotleg samkvæmt 211. gr., sbr. 4. mgr., sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga og 112. gr., 2. mgr., sbr. 1. gr. sömu laga.

Enda þótt frásögn ákærðu um þetta sé tortryggileg, þykir verða að leggja hana til grundvallar. Verknaðarlýsing í ákæruskjali á broti ákærðu nær ekki til annars en þess, er gerðist 21. nóvember 1974, þ. e. flutnings á líki Geirfinns Einarssonar frá Grettisgötu 82 upp í Rauðhóla, og þess, er gerðist í framhaldi af því. Kemur því ekki til álita að beita hlutdeildarreglum í 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga um brot ákærðu, enda er ekkert fram komið um, að ákærða hafi átt þátt í því, er með-ákærðu sviptu Geirfinn lífi. Á því tilvitnun í 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga ekki við um brot ákærðu nema sem refsheimild fyrir verknað skv. 4. mgr.

Er þá eftir að taka afstöðu til þess, hvort brot ákærðu Erlu geti varðað við 211. gr., sbr. 4. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga, þ. e. hvort hún hafi með verknaði sínum gerst sek um svokallaða eftirfarandi



hlutdeild í broti meðákærðu. Fyrrgreint lagaákvæði gerir ráð fyrir tveimur skilyrðum til þess, að um þetta geti verið að ræða, þ. e. að maður hafi annað hvort notið hagnaðar af broti eða haldið við ólögsmætu ástandi, er skapaðist vegna brotsins. Ekkert er fram komið um, að ákærða hafi notið hagnaðar af brotinu, og kemur ákvæðið því ekki til greina að því leyti um brot ákærðu. Brot meðákærðu var fullframið, þegar þeir höfðu svipt Geirfinn lífi, þannig að verknaður og afleiðing féllu saman. Var því ekki fyrir hendi neitt ólögsmætt ástand, sem ákærða Erla gat breytt nokkru um. Getur verknaður ákærðu því ekki fallið undir lagaákvæði þetta, og ber að sýkna hana af ákæru um brot á því.

Hins vegar var ákærða með verknaði sínum að tálma rannsókn á broti meðákærðu, og varðar það atferli hennar við 2. mgr. 112. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Eins og fram hefur komið hér að framan, þegar raktir voru framburðir ákærðu Kristjáns Viðars Viðarssonar, Sævars Marinós Ciesielski og Erlu Bolladóttur, nefndu þau margoft í skýrslum sínum fjóra menn, sem tekið hefðu þátt í ferð til Keflavíkur, átt hlut að dauða Geirfinns Einarssonar og staðið að smygli á áfengi. Þessir menn eru: Valdimar Olsen, Framnesvegi 61, R.eykjavík, fæddur 22. 2. 1948, Einar Gunnar Bollason, Breiðvangi 5, Hafnarfirði, fæddur 6. 11. 1943, Magnús Leópoldsson, Lundarbreykku 10, Kópavogi, fæddur 23. 8. 1946, og .Sigurbjörn Eiríksson, Laufásvegi 17, Reykjavík, fæddur 5. 12. 1925. Við yfirheyrslu að kvöldi 22. janúar 1976 skýrðu þau Sævar Marinó og Erla frá því, að fyrrgreindir fjórir menn hefðu verið í Keflavík að kvöldi 19. nóvember 1974 og ættu þeir hlut að hvarfi Geirfinns. Á þeim tíma sat Sævar Marinó í gæsluvarðhaldi vegna aðildar að hvarfi Guðmundar Einarssonar, en Erla hafði verið látin laus skömmu fyrir jól 1975.

Samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglu, dags. 20. febrúar 1976, hafði Erla tjáð þeim, sem að rannsókn málsins unnu, að hún hefði mikinn beyg af einhverju og yrði fyrir ónæði af símhringingum. Varð því úr, að hún var boðuð til yfirheyrslu að kvöldi 22. janúar 1976. Ræddu fulltrúi yfirsakadómarara og rannsóknarlögreglumaður við Erlu í skrifstofu yfirfangavarðar í fangelsinu við Síðumúla. Á lama tíma var rætt við Sævar Marinó í yfirheyrsluherbergi fangelsisins, og vissi hvorugt um nærveru hins. Sævar Marinó var spurður, hvort hann vissi, við hvað Erla væri hrædd, og sagði hann, að það mundi vera vegna Geirfinnsmálsins. Var hann inntur nánar eftir því máli. Nefndi Sævar Marinó þá nöfn þeirra Einars Gunnars, Valdimars og Magnúsar og sagði, að þeir hefðu allir tekið þátt í ferð til Keflavíkur um það leyti sem Geirfinnur Einarsson hvarf. Var síðan tekin skrifleg skýrsla af Sævari Marinó um þessi atriði.

Komu Fram mjög svipuð atriði hjá Erlu á sama tíma, en skrifleg skýrsla var ekki tekin af henni fyrr en daginn eftir, 23. janúar. Sama dag var og tekin skýrsla af Kristjáni Viðari, sem viðurkenndi að hafa tekið þátt í ferð til Keflavíkur. Sagði hann, að farið hefði verið í Dráttarbrautina, þar sem verið hefðu Sævar Marinó og Erla ásamt Einari Gunnari Bollasyni og fleira fólki.

Þar eð framburðir ákærðu, þar sem fjórmeningarnir eru bendlaðir við málið, hafa áður verið raktir, þykir ekki ástæða til að gera þeim skil hér. Verður aðeins rakið, í hvaða skýrslum ákærðu nefndu fjórmeningana.

Kristján Viðar taldi framangreinda menn viðriðna hvarf Geirfinns sem hér segir: Einar Gunnar Bollason hjá rannsóknarlögreglu 23. og 27. janúar 1976, 10. febrúar, 18. mars og 20. apríl sama ár. Enn fremur á dómþingi sakadóms hinn 31. mars og 6. apríl 1976.

Magnús Leópoldsson hjá rannsóknarlögreglu 27. janúar 1976. Sigurbjörn Eiríksson hjá rannsóknarlögreglu 27. janúar, 10. febrúar, 18. mars og 20. apríl 1976 og enn fremur á dómþingi sakadóms 31. mars.

Valdimar Olsen hjá rannsóknarlögreglu 27. janúar, 10. febrúar, 18. mars og 20. apríl 1976. Enn fremur á dómþingi sakadóms 31. mars og 8. apríl sama ár.

Sævar Marinó bendlaði þá við hvarf Geirfinns við yfirheyrslur sem hér segir: Einar Gunnar Bollason hjá rannsóknarlögreglu 22., 25. og 27. janúar, 10. febrúar og 8. maí 1976 og á dómþingi sakadóms 1. apríl sama ár.

Magnús Leópoldsson hjá rannsóknarlögreglu 22., 25. og 27. janúar og 8. maí 1976 og á dómþingi sakadóms 1. apríl sama ár. Sigurbjörn Eiríksson hjá rannsóknarlögreglu 27. janúar, 10. febrúar og 8. maí 1976.

Valdimar Olsen hjá rannsóknarlögreglu 22., 25. og 27. janúar, 10. febrúar og 8. maí 1976 og á dómþingi sakadóms 1. apríl sama ár.

Erla Bolladóttir bendlaði framangreinda menn við málið sem hér segir: Einar Gunnar Bollason hjá rannsóknarlögreglu 23. janúar, 3. og 10. febrúar, 3. mars, 4. maí og 1. september 1976 svo og á dómþingi sakadóms 30. mars sama ár.

Magnús Leópoldsson hjá rannsóknarlögreglu 23. janúar, 3. og 10. febrúar, 4. maí og 1. september 1976 og á dómþingi sakadóms 30. mars og 7. apríl sama ár.

Sigurbjörn Eiríksson hjá rannsóknarlögreglu 3. og 10. febrúar og 1. september 1976 og á dómþingi sakadóms 30. mars sama ár. Valdimar Olsen hjá rannsóknarlögreglu 3. febrúar og 1. september 1976.

Framburðir ákærðu leiddu til þess, að þeir Valdimar Olsen, Einar Gunnar Bollason og Magnús Leópoldsson voru handteknir að morgni 26. janúar 1976. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þann dag neituðu þeir allir alfarið að hafa nokkra hugmynd um hvarf Geirfinns Einarssonar eða vita um nokkuð, sem varpað gæti ljósi á, hvernig það kynni að hafa borið að höndum. Þennan sama dag voru þeir úrskurðaðir í gæsluvarðhald í allt að 45 dögum. Hinn 11. mars 1976 var gæsluvarðhald þeirra framlengt í allt að 30 dögum og hinn 9. apríl var það enn framlengt í allt að 30 dögum.

Sigurbjörn Eiríksson var handtekinn hinn 11. febrúar 1976, og við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þann dag neitaði hann með öllu að vita nokkuð um það, hvernig hvarf Geirfinns Einarssonar kynni að hafa borið að höndum. Sigurbjörn var þennan dag úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 45 dögum. Það gæsluvarðhald var síðan framlengt hinn 27. mars í allt að 30 dögum og enn hinn 26. apríl í allt að 45 dögum.

Hinn 9. maí 1976 var svo öllum mönnum fjórum sleppt úr haldi. Neituðu þeir allan þann tíma, á meðan þeir sátu í gæsluvarðhaldi, að eiga nokkurn hlut að hvarfi Geirfinns Einarssonar eða hafa yfirleitt nokkra hugmynd um málið.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu hinn 9. desember 1976 skýrði Sævar Marinó svo frá, að nokkrum dögum eftir atburðinn í Keflavík og örugglega áður en hann fór til Danmerkur, hafi hann talað við Guðjón Skarphéðinsson og skýrt honum frá því, að hann hefði sagst heita Magnús Leópoldsson, þegar hann talaði við Geirfinn. Þeir vissu ekki, hvað Geirfinnur hefði sagt öðrum, og því kvaðst Sævar Marinó hafa stungið upp á, að ef þeir yrðu handteknir, yrði Klúbbmönnum blandað í málið. Í júlímánuði 1975 hafi þau öll fjögur komið saman á Grettisgötunni heima hjá Kristjáni Viðari. Hafi þau rætt þetta mál og verið sammála um, að ef til handtöku þeirra kæmi vegna máls þessa, skyldu þau flækja það með því að bera, að Klúbbmenn og leynivinsalar í Reykjavík hefðu verið þarna að verki. Erla hefði stungið upp á Einari bróður sínum, Valdimar Olsen og manni, sem hún nafngreindi, því að hún vissi, að þeir tengdust Klúbbmönnum og þetta mundi því falla saman, þegar farið yrði að rannsaka feril þessara manna. Eftir atburðinn 19. nóvember 1974 hafi ákærðu öll fylgst með rannsókn málsins. Vissu þau alltaf nákvæmlega, hvernig hún stóð, þar sem stöðugt voru mjög miklar fréttir af rannsókninni í fjölmiðlum.

Fyrir dómi 22. desember 1976 skýrði Sævar Marinó svo frá, að áður en þau Erla fóru til Kaupmannahafnar, hafi verið rætt um að blanda öðrum mönnum inn í málið. Þá kvað hann þau Kristján, Erlu, Guðjón og hann sjálfan hafa rætt um það síðar, eftir að þau Erla komu frá Kaupmannahöfn. Hafi þau alveg fylgst með rannsókninni í blöðunum og áfengissmygl mikið verið rætt þar.

Fyrir dómi hinn 21. júní sl. skýrði Sævar Marinó svo frá, að ákærðu hefðu fylgst með rannsókn út af hvarfi Geirfinns í fjölmiðlum og oft rætt málið sín á milli. Kvaðst hann hafa sagt Guðjóni Skarphéðinssyni skömmu eftir ferðina til Keflavíkur 19. nóvember 1974, að hann hefði sagt Geirfinni, að hann héti Magnús Leópoldsson. Kvaðst Sævar Marinó ekki hafa vitað, hvað Geirfinnur hefði sagt öðrum um málið. Hann hefði þó komist að því, þegar hann hafði fréttir af rannsókn Geirfinnsmálsins, að Sigurbjörn Eiríksson og Magnús Leópoldsson væru undir smásjá hjá lögreglunni. Hann hafi ekki átt sjálfur hugmyndina að því að blanda Klúbbmönnum inn í málið, en þetta hafi komið allt af sjálfu sér. Hafi hann álitid, að Geirfinnur hefði haft viðskipti við Klúbbmenn, og ákærðu dottið í hug að blanda Klúbbmönnum í málið, ef þeir yrðu handteknir. Guðjón hafi gefið í skyn, að þetta væri heppilegt, þar sem hugsanlegt væri, að Geirfinnur hefði haft viðskipti við ,Sigurbjörn. Erla hafi farið að tala um, að Einar bróðir hennar hefði átt einhver óheiðarleg viðskipti, þ. á m: með áfengi. Vildi Erla einnig blanda honum í málið. Þá hafi hún og minnst á Valdimar Olsen, sem starfaði við Klúbbinn, og að rétt væri að blanda honum einnig í málið. Hún hafi nefnt einhver fleiri nöfn, sem hann man ekki. Ákærði kveður Erlu hafa sagt, er hún ræddi um Einar bróður sinn í þessu sambandi, að hún væri hrædd við hann. Erla fór af landi brott veturinn 1974 og ákærði stuttu síðar. Dvöldust þau í Kaupmannahöfn og fylgdust þar með framvindu rannsóknarinnar í blöðum. Erla kom aftur hingað til landsins í febrúar og ákærði í lok apríl. Kveður hann þau hafa hitt pilt að nafni Elvar, á meðan þau voru í Kaupmannahöfn. Hann hafi farið að ræða við þau um Geirfinnsmálið og sagðist vita um það. Sagði hann, að Geirfinnur hefði beðið bana úti á sjó, þegar verið var að sækja spíritus, sem smygla átti í land. Taldi hann, að Klúbbmennirnir stæðu þar að baki. Sé hugmyndin um bátsferðina komin frá Elvari þessum. Sjálfur vissi ákærði um smygl á spíritus í Keflavík eða hafði heyrt um það. Hafði hann heyrt um það talað, að áfengi hefði verið smyglað um Dráttarbrautina í Keflavík og að þar væri smyglað áfengi geymt. kærði var spurður um það, hvort ákærðu hefðu hist að Grettisgötu 82 í júlí 1975 og ákveðið þá að bera, að Klúbbmenn og vinsalar í Reykjavík væru valdir að hvarfi Geirfinns, færi svo, að þau yrðu handtekin. Einnig var hann spurður um, hvort Erla hefði stungið upp á Einari bráður sínum, Valdimar Olsen og nafngreindum manni. Kvaðst ákærði muna eftir, að þetta hafi verið rætt, en ekki hvenær.

Fyrir dómi hinn 22. júní sl. var ákærði Sævar Marinó spurður um einstakar skýrslur, sem hann hafði gefið þessu viðvirkjandi. Hann kannaðist við að hafa gefið skýrsluna hjá rannsóknarlögreglunni hinn 22. janúar 1976, þar sem hann heldur því fram, að Einar Gunnar Bollason, Magnús Leópoldsson og Valdimar Olsen séu viðriðnir hvarf Geirfinns Einarssonar. Kvaðst hann hafa setið í gæsluvarðhaldi vegna svokallaðs Guðmundarmáls, þegar hann gaf skýrslu þessa. Dagana áður en skýrslan var gefin hafi hann verið í yfirheyrslum og verið spurður um vitneskju sína um hvarf Geirfinns Einarssonar. Mundi hann, að hann hefði verið spurður, hvar hann hefði verið hinn 19. nóvember 1974, og Sigurbjörn Víðir Eggertsson sagt honum, að rannsóknarlögreglan hefði vitneskju um, að hann hefði farið með Einari Gunnari Bollasyni til Keflavíkur þann dag. Ekki var nefnt, hvaðan þessar upplýsingar væru, en ákærði taldi víst, að þær væru frá Erlu. Þá var ákærða sagt, að Erlu hefði verið hótad morði og vopnaðir lögreglumenn gættu hennar. Hafi sér verið sagt, að brúnleit Fiat bifreið, sem talið væri, að Einar Gunnar Bollason hefði verið á, hafi verið við heimili Erlu. Hafi bifreiðinni verið veitt eftirför, en númer ekki náðst. Sér hafi verið sagt, að ekki væri hægt að halda þessari gæslu á Erlu áfram og ef hann vildi ekki skýra frá, gæti svo farið, að Erla yrði myrt. Ákærði kvaðst hafa tjáð rannsóknarlögreglunni, að hann vissi, að Erla óttaðist Einar bróður sinn, og einnig, að hún væru hrædd við Valdimar Olsen. Miklar bollaleggingar urðu út af þessu, og var ákærði spurður um ýmsa menn, sem talið var, að gætu verið viðriðnir Geirfinnsmálið. Voru þar á meðal Einar Bollason, Magnús Leópoldsson og Valdimar Olsen. Lögreglumennirnir spurðu ákærða að því, hvort verið gæti, að Erla væri hrædd við einhverja menn. Taldi ákærði, að þar gætu komið til greina Einar bróðir hennar, Valdimar Olsen, Magnús Leópoldsson og nafngreindur maður. Nafn Sigurbjörns Eiríkssonar hafi ekki komið fram fyrr en síðar. Eins og áður greinir, hafi verið búið að ákveða að blanda þeim Einari Gunnari, Magnúsi, Valdimar, Sigurbirni og hinum nafngreinda manni í málið, ef ákærðu yrðu handtekin. Þegar farið var að spyrja ákærða, hvort sumir framangreindra manna væru viðriðnir málið, og honum sagt frá hótunum við Erlu, kvaðst ákærði hafa gefið skýrsluna 22. janúar 1976.

Í framhaldi af þessu gaf ákærði skýrslur hjá rannsóknarlögreglunni 25. og 27. janúar 1976 og bætti þar við og breytti framangreindri skýrslu. Kom bátsferðin þá til sögunnar, en hugmyndina kveður hann að nokkru komna frá fyrrgreindum Elvari. Síðan þróaðist sagan við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglumönnum. Ákærði kvað það hafa haft áhrif á sig, þegar hann gaf skýrslur þessar, að hann var hræddur um Erlu. Þá kannaðist ákærði og við að hafa gefið skýrsluna frá 16. febrúar 1976.

Ákærði staðfesti að hafa gefið skýrslu hinn 8. maí 1976 hjá rannsóknarlögreglu, en tók fram í því sambandi, að hann hefði þá verið illa fyrirkallaður og orðinn ruglaður vegna framburðar Erlu um, að hún hefði skotið Geirfinn, og eins vegna þess framburðar Kristjáns Viðars, að hann hefði stungið Guðmund Einarsson með hníf. Hafi þess og verið krafist af sér, að hann kæmi til móts við Erlu og Kristján Viðar í framburðum þeirra. Hann kvaðst hafa tekið skýrslu þessa til baka morguninn eftir og hafi skýrslan ekki verið gefin að ósk hans, svo sem í henni greinir.

Þá kannaðist ákærði við að hafa gefið dómskýrslu þá, sem af honum var tekin hinn 1. apríl 1976.

Ákærði kveður það sameiginlegt um allar framangreindar skýrslur, að þær séu rangar að því er varðar þátt Einars Gunnars, Magnúsar, Sigurbjörns og Valdimars í framangreindu máli. Hafi verið fyrirfram ákveðið að blanda þessum mönnum inn í málið, ef ákærðu yrðu handtekin. Ákærði tók fram í sambandi við skýrslur þessar, að hann hefði verið „undir pressu“ af lögreglumönnum, þegar hann gaf þær.

Ákærði kvaðst viðurkenna, að það væri rétt, sem honum er gefið að sök í II. kafla ákæru, þ. e. rangar sakargiftir, með athugasemdum þeim, sem að framan greinir. Hann kvað þetta hafa verið samantekin ráð upphaflega og gerð í því skyni að rugla fyrir rannsóknaraðilja við rannsókn málsins.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu hinn 13. desember 1976 skýrði Erla Bolladóttir frá því, að nokkrum dögum eftir ferðina til Keflavíkur hefði hún farið heim til Kristjáns Viðars á Grettisgötu ásamt Sævari Marinó, en þar hafi þeir Kristján Viðar og Guðjón verið. Þeir þrír hafi þar komið sér saman um, að ef þeir yrðu spurðir um Geirfinnsmálið, skyldu þeir í því sambandi nefna Klúbbmennina. Hafi Sævar Marinó spurt sig, hverjir væru með í þessari Klúbbklíku, og hafi hún nefnt m. a. nöfn Valdimars Olsen, Magnúsar Leópoldssonar, Sigurbjörns Eiríkssonar og Einars Bollasonar, en hún kvaðst hafa vitað, að allir þessir menn hefðu verið heima hjá Valdimar Olsen á þeim tíma, þegar hún var með Huldu systur hans.

Fyrir dómi 22. desember 1976 staðfesti Erla, að þau Guðjón, Kristján Viðar og Sævar Marinó hefðu talað um að bendla aðra við málið, áður en hún fór til Kaupmannahafnar, og hafi samtalið þetta átt sér stað heima hjá Kristjáni Viðari.

Þegar Erla kom fyrir dóm hinn 5. júlí sl., viðurkenndi hún, að það væri rétt, sem henni er gefið að sök í II. kafla ákærunnar. Skýrði hún frá því, að einhvern tíma stuttu eftir ferðina til Keflavíkur 19. nóvember 1974 og dauða Geirfinns hefðu ákærðu öll hist heima hjá Kristjáni Viðari að Grettisgötu 82, en hún gat ekki staðhæft, hvaða dag þetta var. Þau hafi rætt sín á milli, hvað gera skyldi, ef upp kæmist um þátt þeirra í dauða Geirfinns Einarssonar. Hafi Sævar Marinó átt frumkvæði að þessu. Ákveðið hafi verið að blanda Klúbbmönnum, þ. e. Magnúsi Leópoldssyni og Sigurbirni Eiríkssyni inn í mál þetta, ef upp kæmist, svo og Einari Bollasyni, bróður hennar, og Valdimar Olsen. Mundi ákærða, að fyrst var stungið upp á Klúbbmönnum Magnúsi Leópoldssyni og Sigurbirni Eiríkssyni. Hún gat ekki sagt til um, hver átti hugmyndina að því að blanda þeim Sigurbirni og Magnúsi í málið, en talað var um, að þetta væru glæpamenn, og segir ákærða, að það hafi verið annað hvort hún eða Sævar Marinó, sem minnst á það. Ákærða þekkti ekki þá Magnús og Sigurbjörn, en vissi, hverjir þeir voru. Ákærða kveður .Sævar Marinó einnig hafa kannast við menn þessa, en veit ekki til þess, að hann hafi átt nein samskipti við þá. Þá kvaðst ákærða annað hvort sjálf eða Sævar Marinó hafa átt hugmyndina að því að blanda Einari bróður hennar í málið, ef það kæmist upp. Sama sé að segja um Valdimar Olsen. Hafi það verið annað hvort hún eða Sævar Marinó, sem átti hugmyndina að því að blanda honum í málið.

Ákærða segir, að þeim Sævari Marinó hafi báðum verið illa við Einar bróður hennar. Hafi Einar gert á hluta hennar, og nefnir hún aðallega það, að hann hafi rekið hana út úr íbúðinni að Hamarsbraut 11, sem hún bjó í veturinn 1973-1974. Einnig fannst ákærðu, að Einar væri að svindla á föður þeirra í sambandi við sölnu á húsinu að Hamarsbraut 11. Þá kvað ákærða Einar hafa verið mikið á móti því, að hún væri með Sævari Marinó.

Ákærða átti ekkert sökótt við Valdimar Olsen, og hann hafði aldrei neitt gert á hennar hluta. Hún þekkti Huldu, systur Valdimars, og hafði oft komið á heimili þeirra að Framnesvegi 61. Sævar Marinó hafði einnig komið heim til Valdimars, en ákærða vissi ekki til, að þeir hefðu átt nein viðskipti. Taldi ákærða, að Valdimar hefði verið blandað í málið til að gera það eitthvað trúlegra. Ákærða kvaðst muna, að þeir Kristján Viðar og Guðjón hefðu lagt eitthvað til málanna, þegar þetta var rætt, og telur, að þeir hafi verið þessu algerlega sammála. Ákærða kveður þetta hafa verið gert til að leiða athyglina frá þeim, ef málið kæmist upp. Þá skýrði ákærða frá því, að hún hefði verið stödd nokkrum dögum

síðar ásamt Sævari Marinó að Grýtubakka 10. Lagði hann þá enn áherslu á, að ekki mætti segja frá máli þessu. Væri alveg sama, hver spyrði, alltaf ætti að segja, að það hefðu verið Klúbbmennirnir, sem stæðu á bak við þetta.

Ákærða skýrði frá því, að hún hefði rætt við Guðjón um málið, eftir að henni var sleppt úr gæsluvarðhaldinu hinn 20. desember 1975.

Ákærða kvaðst ekki hafa haft samband við Sævar Marinó, eftir að hún var fyrst sett í gæsluvarðhald vegna póstsvikamálsins, að öðru leyti en því, að hann hefði komið í dyrnar, þar sem hún var í baði, meðan hún sat í gæsluvarðhaldi frá 13. desember til 20. desember 1975, og sagt við hana: „Segðu ekki neitt“.

Í þinghaldinu kannaðist ákærða við að hafa gefið framangreindar skýrslur hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi.

Ákærði Kristján Viðar Viðarsson sagði fyrir dómi hinn 13. maí 1977, að hann vildi ekki viðurkenna, að það væri rétt, sem honum er gefið að sök í þessum kafla ákæru. Hann kvaðst kannast við að hafa gefið skýrslur þær hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi, sem fyrir liggja, en þær væru ekki réttar og efnið í þeim væri aðallega komið frá lögreglumönnum. Þá kvað hann sér hafa verið meinað um að hafa réttargæslumann viðstaddan í þinghöldum, enda þótt hann hefði margsinnis borið fram óskir um það.

Ákærði skýrði frá því, að nokkru áður en hann gaf skýrslu hjá lögreglu í Geirfinnsmáli 23. janúar 1976, hefði Örn Höskuldsson fulltrúi komið inn í klefann til sín í fangelsinu við Síðumúla, þar sem hann hafi verið í gæsluvarðhaldi. Hafi Örn farið að íæða við hann og sagt honum, að hann ætti að segja það, sem hann vissi um Geirfinnsmálið. Sama dag hafi hann verið færður í yfirheyrsluherbergi og þar hafi rannsóknarlögreglumennirnir Eggert Bjarnason og Sigurbjörn Víðir Eggertsson farið að ræða við hann um framangreint mál. Þeir hefðu sagt við sig, að hann hefði farið til Keflavíkur, þegar Geirfinnur hvarf. Einnig hefði Gunnar Guðmundsson yfirfangavörður sagt sér áður, að ákærði hefði farið í bifreið til Keflavíkur ásamt Erlu, Sævari Marinó og þriðja manni, sem hann nafngreindi ekki. Þá hefði Örn Höskuldsson farið að spyrja sig um Einar Bollason, áður en hann gaf skýrsluna 23. janúar. Hafi hann spurt sig, hvort hann þekkti Einar og vissi hvers konar maður hann væri. Kvaðst ákærði hafa sagt, að hann vissi, að hann væri bróðir Erlu, en hann þekkti hann ekki.

Ákærði kvað Sigurbjörn Víði hafa spurt sig um Klúbbinn og hvort hann hefði farið þar upp í bifreiðina til Keflavíkur. Ákærði kvaðst ekki minnst þess að hafa farið til Keflavíkur, en taldi það alveg skaðlaust, þó að hann segði það. Lögreglumennirnir hafi viljað láta hann sjálfan segja, í hvernig bíl hann hefði farið, og kvaðst hann þá hafa farið í rútu eða sendiferðabíl. Var honum þá skýrt frá því, að Erla hefði sagt, að Einar Bollason hefði verið bílstjórinn. Kvaðst hann hafa gefið skýrsluna um þetta 23. janúar til að fá að vera í friði til að rifja upp Guðmundarmálið. Staðhättum hafi verið lýst fyrir sér í skýrslunni. Hann hafi verið spurður um sjóferð, en neitað að skýra frá því, enda myndi hann ekki eftir neinni slíkri ferð.

Dagana þar til hann gaf næstu skýrslu hafi Sigurbjörn Víðir sagt sér, að fleiri manns hefðu sagt, að hann hefði farið til Keflavíkur með þeim mönnum, sem nefndir eru í skýrslu hans 27. janúar, þ. e. Einari Bollasyni, Magnúsi Leópoldssyni, Valdimar Olsen, Sigurbirni Eiríkssyni og nafngreindum manni auk Erlu og Sævars Marinós. Hann kvað Örn Höskuldsson hafa fyrst nefnt við sig Einar Bollason, svo

sem fyrr greinir, og einnig Valdimar Olsen og nafngreinda manninn. Högni Einarsson fangavörður hafi nefnt við sig Magnús Leóoldsson, sem hann fullyrti, að ákærði þekkti. Sigurbjörn Víðir hafi nefnt Sigurbjörn Eiríksson. Ákærði kveðst hafa kannast af afspurn við Einar Bollason, Valdimar Olsen og Sigurbjörn Eiríksson, en ekki þekkt þá í sjón nema Valdimar. Honum voru sýndar nokkrar myndir, þar á meðal var mynd af Einari Bollasyni. Átti hann að benda á myndina af Einari, en benti á mynd af öðrum manni. Kvað hann sér þá hafa verið sagt, hvaða mynd væri af Einari Bollasyni. Einnig var honum sýnd mynd af Sigurbirni Eiríkssyni. Í skýrslunni, sem hann gaf 27. janúar, hafi ýmislegt komið fram, sem lögreglumennirnir hafi sagt sér. Þeir hafi sagt, að hann hefði farið í sjóferð, og einnig hafi þeir lýst bifreiðunum, sem farið hefði verið á, bæði lit og tegund.

Ákærði kvað Örn Höskuldsson hafa komið til sín í klefann og sagt sér, að menn sæktust eftir lífi hans, og kvaðst Örn enga ábyrgð geta tekið á, hvað fyrir gæti komið. Sagði Örn, að ákærði vissi, hvaða menn þetta væru, og að ákærði gæti með framburði sínum komið í veg fyrir, að eitthvað þess háttar gerðist. Jafnframt hafi fangaverðir farið upp á þak fangelsisins og gert þar mikinn hávaða. Ákærði kvaðst hafa verið í klefa nr. 17, en Sævar Marinó í klefa nr. 15. Fangaverðir hafi skipst á að vera í klefa nr. 16 og hafi þeir lamið í veggina, svo að ekki var svefnfriður um nætur. Högni Einarsson hafi komið inn í klefann til sín tvisvar á nóttu og farið að spyrja sig, sérstaklega hvort hann þekkti Magnús Leóoldsson. Örn Ármann Sigurðsson fangavörður hafi verið með honum og sagt, að ákærði hefði verið að drekka spíra eða áfengi ókeypis í Klúbbnum. Hægt væri að sýna starfsfólkinu þar myndir og mundi það þekkja ákærða. Ákærði kvaðst hafa verið veikur fyrir. Hann hefði fengið áfall í sambandi við Guðmundarmálið. Hafi hann verið máttlaus alla daga og ekki getað sofið á nóttunni fyrir látum í fangavörðunum og verið orðinn alveg ruglaður. Fór hann margsinnis fram á að fá að tala við sálfræðing eða geðlækni, en því hafi ekki verið sinnt, fyrr en Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari hafi krafist þess við dómsyfirheyrslu. Ákærði hafi margneitað að gefa skýrslur á þessa menn og að hann hefði farið í sjóferð, en það hafi verið gengið fast á hann, og kveður hann Örn Höskuldsson hafa sagt, að hann fengi frest til kl. 8 um kvöldið 27. janúar til þess að gefa skýrslu. Vissi hann ekki, hvað átti að gerast, en fangaverðir hafi verið farnir að ganga á klefana og dingla kylfum framan í menn. Kvaðst hann hafa verið orðinn hræddur. Hafi hann því látið undan og gefið skýrsluna, bæði til að kaupa sér frið og til að geta hugsað um Guðmundarmálið og einnig vegna þess, að hann hafi verið farinn að trúá því, sem honum var sagt um málið. Eftir að hann hafði gefið skýrsluna 27. janúar, hafi hann verið látinn í friði. Stuttu síðar hafi hann farið fram á að fá að taka skýrsluna til baka og hafi hann tjáð Sigurbirni Víði og Magnúsi Magnússyni rannsóknarlögreglumönnum það, en því hafi ekki verið sinnt fyrr en 2. mars.

Ákærði kannaðist ekki við, að það hefðu verið samantekin ráð þeirra Sævars Marinós, Erlu og Guðjóns að blanda ofangreindum mönnum í Geirfinnmálið. Það, sem fram hafi komið um þetta í málinu, segir hann aldrei hafa verið orðað við sig. Hann kveðst aldrei hafa rætt við meðákærðu um að blanda öðrum í málið og Guðjón hafi ekki komið heim til sín nema í eitt skipti, þ. e. þegar lík Geirfinns var flutt þangað. Þá kvaðst hann ekki hafa hitt Erlu, eftir að lík Geirfinns var flutt upp í Rauðhóla.

Ákærði minntist þess ekki að hafa sagi það, -sem fram kemur í dómskýrslu hans 31. mars 1976 um Einar Bollason, Valdimar Olsen og Sigurbjörn Eiríksson, en þó geti það verið. Hann hafi verið farinn að trúá þessu. Hann hafi sagt í upphafi þinghaldsins, að þetta væri allt vitleysa, en ekkert hafi verið hlustað á sig. Hann telur, að sagan um tengsl ofangreindra manna við mál þetta sé komin frá Erlu og hafi lögreglumennirnir trúað henni.

Þegar vakin var athygli ákærða á því, sem hann hafði sagt í þinghöldum 6. og 8. apríl 1976, kvaðst hann hafa ruglast á Einari Bollasyni og Guðjóni Skarphéðinssyni sem ökumanni bifreiðarinnar. Þá kvað hann framburð sinn um Valdimar Olsen ekki vera réttan, en hann hafi verið búinn að bíta þetta svona í sig. Hafi það, sem hann sagði, ekki verið gert af illgirni eða til að koma Valdimar í klandur.

Eggert Norðdal Bjarnason rannsóknarlögreglumaður hefur komið fyrir dóm í málinu, en ákærði Kristján Viðar gaf skýrslur hjá honum 23. og 27. janúar, 10. febrúar og 18. mars 1976. Í skýrslum þessum hefur ákærði, svo sem áður er rakið, borið þær sakir á Einar Gunnar Bollason, Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson og Valdimar Olsen, að þeir hafi átt hlut að dauða Geirfinns Einarssonar og smyglbrotum. Eggert skýrði frá því, að ákærði hefði skýrt sjálfstætt frá málsatvikum. Ákærði hafi og nefnt nöfn framangreindra manna og borið þá þeim sökum, sem að framan greinir. Hann kveður það hafa verið eftir ábendingu Sævars Marinós, að hann minnti, að farið var að spyrja ákærða út í ferðina til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Hafi ákærði sagt, þegar hann sá mynd af Einari Bollasyni, að hann kannaðist við hann og hann nefnt nafn hans. Hann hafi sagt, að hann þekkti Einar Bollason ekki persónulega, en hann hefði séð myndir af honum í fjölmiðlum og vita, að hann væri í íþróttum. Þá hefði ákærði skýrt frá því, að Hulda, systir Valdimars Olsen, hefði verið með sér í skóla. Hefði hann komið heim til þeirra Valdimars að Framnesvegi 61 og kvaðst þekkja Valdimar. Um Sigurbjörn Eiríksson hafi hann sagt, að allir þekktu hann, og ekki komið annað fram en hann vissi, hver Sigurbjörn væri. Eggert sagði, að ákærða hefðu verið sýndar myndir af ýmsum mönnum, og voru þar á meðal myndir af framangreindum mönnum og Geirfinni Einarssyni. Ákærði hafi bent á myndirnar af Einari, Valdimar og .Sigurbirni og sagt, að þeir væru tengdir Geirfinnsmálinu, svo sem fram komi í skýrslum ákærða. Eggert mundi ekki, hvort ákærði hafi bent á mynd af Magnúsi Leópoldssyni. Þá hafi ákærði bent á myndina af Geirfinni Einarssyni og sagst kannast við hann, en ekki vita nafn hans. Eggert kvað ákærða aldrei hafa verið lögð orð í munn um það, hvað hann ætti að segja um þátt framangreindra manna í Geirfinnsmálinu, heldur hafi hann skýrt frá þessu sjálfstætt, eins og í skýrslu hans greini. Samprófun Eggerts og ákærða reyndist árangurslaus.

Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður hefur einnig komið fyrir dóm vegna máls þessa, en hann tók skýrslu af ákærða Kristjáni Viðari 20. apríl 1976 og var vottir, þegar Eggert Bjarnason tók skýrslur af honum 23. og 27. janúar, 10. febrúar og 18. mars sama ár. Sigurbjörn Víðir skýrði frá því, að ákærði hefði verið spurður um málsatvik og hafi hann skýrt frá þeim sjálfstætt, svo sem fram komi í skýrslunum. Hann skýrði frá því, að ákærði hefði ekki fengið neinar ábendingar frá lögreglumönnum; þegar hann skýrði frá því, að Einar Gunnar Bollason, Magnús Leópoldsson og Sigurbjörn Eiríksson væru viðriðnir Geirfinnsmálið. Hafi það ýmist verið þannig, að ákærði hafi nefnt nöfn framangreindra manna eða bent á myndir af þeim, sem voru meðal fleiri mynda. Ákærði hafi nafngreint alla framangreinda menn og borið þá þeim sökum, að þeir hefðu verið í ferðinni til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Mynd af Geirfinni Einarssyni hafi verið meðal umræddra mynda, og minnti Sigurbjörn, að ákærði hefði bent á mynd Geirfinns og sagst kannast við hann, en Sigurbjörn þorði þó ekki alveg að fullyrða um þetta.

Þegar þeir Sigurbjörn og ákærði voru samprófaðir, kvaðst Sigurbjörn ekki kannast við, að ákærði hefði verið leiddur við yfirheyrslur, en hann hefði verið spurður um málsatvik. Ákærði kvað sér hafa verið sagt, að Einar Bollason ætti rauðan Fiat og að hann hefði verið á rauðum Fiat í Keflavík. Þetta kvað Sigurbjörn ekki rétt og hafi lögreglan ekkert vitað í upphafi málsins, þegar skýrslur voru teknar af ákærðu, um bifreiðaeign Einars Bollasonar eða annarra, sem ákærðu báru sakir á. Þá skýrði Sigurbjörn svo frá varðandi framburð ákærða, að fangaverðir hefðu farið upp á þak fangelsisins við



Síðumúla og gert þar hávaða til að skelfa ákærðu, að eitt sinn, á meðan á yfirheyrslunum stóð, hafi verið hvasst. Hafi vitnið verið stutt inni á kaffistofu fangelsisins ásamt fangavörðunum, þegar þeir heyrðu hávaða, eins og menn gengju eftir þaki hússins. Hafi þeir strax farið út til að gá, hvað um væri að vera. Gengu þeir í kringum fangelsið, og einn fór upp á þak þess, en þeir urðu ekki varir við neina menn. Þetta var um miðnætti, annað hvort í janúar eða febrúar 1976. Ekki kannaðist Sigurbjörn við, að fangaverðir hefðu farið inn í klefa ákærðu að beiðni lögreglumanna til að spyrja þá um málið. Frekara samræmi náðist ekki í framburðum ákærða og Sigurbjörns Víðis.

Vitnið Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður fangelsisins við Síðumúla, hefur komið fyrir dóm. Kvaðst það ekki minnst þess að hafa sagt ákærða Kristjáni Viðari, að hann hefði farið í bifreið til Keflavíkur ásamt Erlu, Sævari Marinó og þriðja manni. Vitnið kannast ekki við það, sem ákærði Kristján Viðar segir um ónæði, sem honum haft verið gert í fangelsinu við Síðumúla. Ekki kannaðist vitnið heldur við viðtöl fangavarða við ákærða, svo sem í framburði hans greinir. Kannast vitnið ekki við, að lögreglumenn hafi nokkurn tíma beðið fangaverði að aðstoða við yfirheyrslur í málinu. Vinnutími vitnisins var til kl. 20, en oft þurfti það að vera fram yfir miðnætti. Var það aðallega vegna ástands þeirra Kristjáns Viðars og Sævars Marinós. Kristján Viðar hafi ýmist verið þunglyndur eða æstur, og vitnið þurfti oft af þeim sökum að vera hjá honum. Samprófun milli vitnisins og ákærða reyndist árangurslaus.

Vitnið Högni Ófeigur Einarsson, áður fangavörður í fangelsinu við Síðumúla, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að það kannist ekki við að hafa rætt um Magnús Leópoldsson við ákærða, eins og ákærði heldur fram. Veit vitnið ekki til þess, að ákærða eða öðrum föngum, sem voru í haldi í fangelsinu við Síðumúla vegna máls þessa, hafi verið gert þar ónæði. Ekki kannaðist vitnið heldur við, að fangaverðir hafi verið að yfirheyra ákærðu. Samprófun vitnisins og ákærða reyndist árangurslaus.

Vitnið Örn Ármann Sigurðsson, fyrrverandi fangavörður í fangelsinu við Síðumúla, kom fyrir dóm og skýrði frá því, að það hefði oft rætt við ákærða Kristján Viðar í fangelsinu við Síðumúla, þegar það var fangavörður þar, enda hafi hann verið í mikilli þörf fyrir að ræða við einhvern, bæði um mál þau, sem hann var viðriðinn, og um andlegt og líkamlegt ástand sitt. Vitnið kvaðst ekki muna eftir þeim ummælum, sem ákærði hefur eftir því í framburði sínum. Þó megi vel vera, að það hafi sagt það, sem ákærði greinir frá, en þá séu ummælin slitin úr samhengi. Þetta hafi komið fram í viðræðum við ákærða af gefnu tilefni frá honum sjálfum, en ekki sem hótun. Vitnið kvað það rétt vera hjá ákærða, að hann hafi verið í klefa nr. 17, en Sævar Marinó í klefa nr. 15 og því verið auður klefi á milli þeirra. Kannaðist vitnið ekki við, að fangaverðir eða aðrir hefðu verið með hávaða viljandi, en hljóðbært sé í húsinu. Vitnið hafði aldrei heyrt um það, að fangaverðir eða aðrir hefðu farið upp á þak fangelsisins til að framkalla hávaða til að hræða ákærðu. Þá kvað vitnið fangaverði í fangelsinu við Síðumúla hafa haft meðferðis kylfur, og hafði vitnið kylfu sína ávallt í vasanum. Mundi það ekki til þess, að það hafi nokkurn tíma séð fangaverði veifa kylfum framan í ákærðu. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við, að lögreglumenn ræddu við fangana einslega nema eftir ósk fanganna sjálfra.

Ákærðu Erla og Sævar Marinó hafa staðhæft, að ákærðu Kristján Viðar og Guðjón hafi tekið þátt í umræðum um að blanda fyrrnefndum mönnum inn í mál þetta.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 8. desember 1976 sagði Guðjón Skarphéðinsson, að hann gæti fullyrt, að Einar Bollason, Magnús Leópoldsson, Valdimar Olsen og Sigurbjörn Eiríksson væru allir saklausir af dauða Geirfinns Einarssonar. Hann hafi engan þátt átt í því að bendla þá saklausa við þetta mál. Hann sagði, að verið gæti, að eftir að Sævar Marinó kom til landsins aftur í mars 1975, hafi

hann látið eitthvað að því liggja, svo Guðjón heyrði, að Klúbbmenn væru við málið riðnir. Það hafi þá verið almennarómur, en alls ekki hafi verið talað um að flækja málið með því að bendla þá við það, ef ákærðu yrðu handtekin. Hann kvað sér hafa verið fullljóst, að þessir menn væru saklausir, þegar þeir voru settir í gæsluvarðhald, og hafi þetta hvílt mjög á samvisku sinni, þótt hann hefði ekki haft kjark til að segja frá málinu þá.

Vegna ásakana af hálfu þeirra Sævars Marinós og Kristjáns Viðars var Örn Höskuldsson, áður fulltrúi yfirsakadómara, beðinn að tjá sig um fullyrðingar þeirra, sem hér hafa verið raktar. Sendi hann dóminum bréf, dagsett 22. ágúst sl., þar sem segir svo m. a.:

„Ég get ekki tjáð mig neitt um framferði fangavarda í Síðumúlafangelsi, en leyfi mér að benda á, að það hlýtur að vera illmögulegt að beita einhvern mann harðræði innan fangelsisins, þar sem þar er svo hljóðbært. Um stappið á þakinu er það að segja, að það á sér skýringu og gæti það atvik hafa kveikt hugmynd hjá Kr. V. V. Kvöld eitt heyrðist fangavörðum eins og gengið væri eftir þaki fangelsisins og fóru strax upp á þak til þess að athuga, hvað um væri að vera. Þar var ekkert, og virtist eina skýringin vera sú, að vindur hefði haft þessi áhrif, en töluvert rok var. Umgang þennan á þakinu heyrðu m. a. þeir Eggert Bjarnason og Sigurbjörn Víðir Eggertsson svo og Kristján Viðar Viðarsson, en hann var þá í yfirheyrslu hjá Eggert í hornherbergi. Lögreglumennirnir sögðu mér frá þessu strax næsta dag.

Sævar Marinó reyndi í þinghaldi hinn 11. janúar að berg fyrir sig, að hann hefði verið þvingaður til þess að játa á sig sakir í „Guðmundarmálinu“. Ég tók ekkert mark á framburði hans, þar sem ég vissi betur, en ég var viðstaddur, þegar hann skýrði fyrst frá, og svo var einnig hans réttargæslumaður Jón Oddsson hrl., og á honum að vera manna best kunnugt um, að framburður Sævars er ranger. Ég tek fram, að ég ber fullkomið traust til lögreglumannanna og hefi ekki nokkra ástæðu til þess að ætla, að þeir gæti ekki settra reglna við yfirheyrslur. Ef ég hefði eitthvað átt að finna að störfum þeirra í sambandi við málsrannsóknir þessar, þá var það helst, að þeir dekruðu of mikið við sökunauta, því þeir voru hlaupandi í fangelsið jafnt á nóttu sem degi, því mjög mikið var um, að sökunautar létu hringja í þá.

Þegar Erla Bolladóttir og Sævar Marinó höfðu sagt okkur sitt í hvoru lagi sömu söguna um Keflavíkurferðina, þá reyndum við strax að leita staðfestingar á sögunni, m. a. með því að reyna að hafa upp á bifreiðum þeim, sem Erla sagðist hafa fengið far með til borgarinnar umrætt sinn. Einnig fór ég undirritaður inn í klefa til Kristjáns Viðars og spurði hann, hvort hann hefði einhvern tíma farið með Erlu og Sævari til Keflavíkur. Hann sagðist aldrei til Keflavíkur komið hafa. Ég sagði honum þá, að hann myndi verða yfirheyrður á næstunni um það, og fór síðan út. Það er fjarstæða, að Kristján hafi fengið nöfn fjórmanninganna uppgefin hjá lögreglumönnum. Reynslan af tilburðum Sævars í „Guðmundarmálinu“ var lexía, sem hefði komið í veg fyrir alla slíka óvarfærni.

Mitt persónulega álit er það, að Kristján hafi fljótlega skammast sín fyrir hinar röngu sakargiftir og leiti leiða sér til varnar í broti, sem honum finnst alvarlegt eins og fleirum“.

Margnefndir fjórir menn, sem hér eiga hlut að máli, hafa komið fyrir dóm í máli þessu sem vitni. Einar Gunnar Bollason kennari, Heiðvangi 5, Hafnarfirði, hefur sagt fyrir dóminum, að það hafi ekki þekkt Geirfinn Einarsson og aldrei heyrt hans getið, fyrr en eftir að auglýst var eftir honum, þegar hann hvarf í Keflavík 19. nóvember 1974. Erla Bolladóttir er hálf systir vitnisins, samfeðra. Vitnið hafði mjög lítil samskipti við Erlu framan af. Það var ekki fyrr en árið 1971, þegar Erla fluttist til föður þeirra, að

vitnið fór að hafa einhver samskipti við hana að ráði. Nokkru síðar kynntist Erla Sævari Marinó, og var samband þeirra mikið áhyggjuefni föður vitnisins. Vitnið man ekki eftir því, að það hafi beitt sér fyrir því, að Erla hætti samskiptum við Sævar Marinó, en hins vegar gerði faðir þess margar tilraunir til þess, að því er hann sagði. Vitnið aðstoðaði föður sinn, þegar hann keypti húsið að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði vorið 1973. Fór hann að búa í húsinu um sumarið, og fluttist Erla til hans. Í nóvember veiktist faðir vitnisins og þurfti að liggja á sjúkrahúsi í um 5 mánuði. Einhvern tíma eftir að hann veiktist, fluttist Sævar Marinó til Erlu á Hamarsbrautina og fór að búa þar, og telur vitnið, að faðir þess hafi vitað af því. Vitnið kveðst hafa fengið kvartanir frá fólki í húsinu út af h.ávaða og umgangi frá íbúðinni, þar sem Erla og Sævar Marinó bjuggu, sem var í kjallara.

Vorið 1974 kveðst vitnið hafa átt símtal við Erlu, og sló þá í brýnu milli þeirra. Telur vitnið, að það hafi látið að því liggja við Erlu, að hún hefði flýtt fyrir sjúkdómi föður þeirra. Í mars 1974 seldi faðir vitnisins eignarhluta sinn að Hamarsbraut 11, en þá hafði verið ákveðið, að hann flytti til vitnisins, þegar hann kæmi af sjúkrahúsinu. Var Erlu þá vísað út úr íbúðinni. Fór hún úr henni eftir nokkurt þóf. Kvaðst vitnið telja, að Erla hafi borið óvild til þess út af þessu. Þá skýrir vitnið frá því, að það hafi reynt heldur að drags úr samskiptum Erlu og föður hennar og hafi það meinað henni að koma á heimili sitt, eftir að faðir þess fluttist þangað. Var ástæðan fyrst og fremst sú, að vitnið taldi ekki heppilegt, að faðir þess hefði mikil samskipti við Erlu vegna sjúkdóms hans.

Vitnið hefur engin samskipti haft við Sævar Marinó að því undanskildu, að hann kom með Erlu á heimili vitnisins á aðfangadagskvöld 1973. Kveðst vitnið enga skýringu geta gefið á því tiltæki Sævars Marinós að halda því fram, að það hafi átt hlut að dauða Geirfinns Einarssonar. Vitnið hafði aldrei heyrt Kristjáns Viðars Viðarssonar getið.

Vitnið Magnús Leópoldsson framkvæmdastjóri, Hagamel 22, Reykjavík, kveðst ekki hafa þekkt Geirfinn Einarsson, og hafði það aldrei heyrt hans getið, áður en lýst var eftir honum, þegar hann hvarf í Keflavík 19. nóvember 1974. Þá kvaðst vitnið ekki vita til þess, að nein tengsl hafi verið milli veitingahússins Klúbbsins og Geirfinns Einarssonar. Vitnið hafði aldrei heyrt þau Kristján Viðar, Sævar Marinó og Erlu nefnd, áður en mál þetta kom til sögunnar. Veit það ekki til þess, að það hafi nokkurn tíma gert neitt á hlut ákærðu, og getur enga skýringu gefið á því tiltæki þeirra að bera það þeim sökum, að það hafi átt hlut að dauða Geirfinns.

Vitnið Valdimar Olsen skrifstofumaður, Framnesvegi 61, hefur sagt, að það hafi aldrei heyrt Geirfinns Einarssonar getið, fyrr en eftir að lýst var eftir honum, þegar hann hvarf í Keflavík 19. nóvember 1974. Vitnið kvaðst aldrei hafa starfað á vegum veitingahússins Klúbbsins, en það þekkti bæði Magnús Leópoldsson og Sigurbjörn Eiríksson, og eru þeir Magnús góðir vinir. Vitnið þekkti Erlu Bolladóttur, og í því sambandi kannaðist það við Sævar Marinó, en Kristján Viðar Viðarsson hafði það aldrei heyrt nefndan, fyrr en mál þetta kom til sögunnar. Erla var kunningjakona Huldu, systur vitnisins, og var heimagangur á heimili þeirra Huldu. Vitnið veit ekki til þess, að ákærðu hafi borið nokkurn kala til þess eða það hafi nokkurn tíma gert á hluta þeirra. Kveðst það ekki vita neina skýringu á því tiltæki þeirra að bera það á vitnið, að það hafi átt hlut að dauða Geirfinns Einarssonar.

Vitnið Sigurbjörn Eiríksson framkvæmdastjóri, Stóra-Hofi á Rangárvöllum, kveðst aldrei hafa heyrt Geirfinn Einarsson nefndan, fyrr en lýst var eftir honum 19. nóvember 1974. Veit vitnið ekki til, að nein tengsl hafi verið á milli Geirfinns og veitingahússins Klúbbsins. Vitnið kveðst ekki hafa þekkt þau Kristján Viðar, Sævar Marinó og Erlu Bolladóttur, áður en mál þetta kom til sögunnar. Vitnið kveðst aldrei hafa gert neitt á hlut þeirra og veit ekki til þess, að þau hafi borið kala til þess. Geti það enga

skýringu gefið á því tiltæki ákærðu að bera þær sakir á það og þá Einar Gunnar Bollason, Magnús Leópolldsson og Valdimar Olsen, að þeir hefðu átt hlut að dauða Geirfinns Einarssonar.

Ákærðu Sævar Marinó, Erla og Kristján- Viðar hafa öll viðurkennt að hafa gefið áðurraktar skýrslur hjá lögreglu og fyrir dómi um þátttöku margnefndra fjögurra manna í ferð til Keflavíkur 19. nóvember 1974 og í átökum, sem leiddu til dauða Geirfinns Einarssonar, svo og um smygl þeirra á áfengi. Ákærðu Sævar Marinó og Erla fullyrða bæði, að það hafi verið samantekin ráð aura ákærðu að bendla menn þessa við málið, ef þau yrðu handtekin, til að torvelda rannsóknina. Þessu hefur ákærði Kristján Viðar neitað, en framburðir hans gefa þetta þó sterklega til kynna. Verður að telja, að hann beri fulla ábyrgð á framangreindum skýrslum sínum, og framburður hans um, að rannsóknarmenn og fangaverðir hafi ráðið því, hvert yrði efni þessara skýrslna, ekki tekinn til greina.

Hafa ákærðu Sævar Marinó, Erla og Kristján Viðar með þessu atferli sínu gerst brotleg við 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga.

Persónulegir hagir ákærðu.

Lárus Helgason geðlæknir rannsakaði að beiðni dómsins geðheilbrigði ákærða Kristjáns Viðars Viðarssonar. Fór rannsóknin Fram á tímabilinu frá 6. apríl til 24. júlí 1976. Í skýrslu læknisins, dags. 30. júlí 1976, greinir frá því, að ákærði Kristján Viðar Viðarsson sé fæddur í Reykjavík 21. apríl 1955, sonur hjónanna Viðars Axelssonar sjómanns og Elsu Kristjánsdóttur. Faðir hans fórst með b/v Júlí í febrúar 1959. Móðir hans hefur átt við geðræn vandamál að stríða og oft verið til meðhöndlunar á sjúkrahúsum af því tilefni.

Þá segir svo í skýrslu læknisins:

„Kristján hafði lítið sem ekkert af föður sínum að segja, þar sem hann var aðeins 3ja ára, er faðir hans lést. Aðrir hafa síðan ekki gengið í það hlutverk. Kristján telur, að móðuramma hans hafi komið í stað móður, þó að móðir hans hafi búið hjá þeim allanga stund. Amman var honum eftirlát, leyndi erfiðleikum hans og gerði lítið úr þeim almennt í viðræðum við aðra.

Ekki hefur verið um neina föðurmynd eða karlmann að ræða á heimili hans, og því hefur uppeldi hans ekki boðið upp á skilyrði til viðmiðunar gagnvart hlutverki karlmanns á heimili. Hann varð fljótt þrjóskur og erfiður, sérstaklega móður sinni og ömmu, og náði snemma undirtökum í uppeldinu. Hann fór meir eftir eigin geðþótta heldur en eftir leiðbeiningum annarra. Hann þroskaðist því seint og takmarkað og hóf fljótlega lífsferil, þar sem óhófsneysla á víni og vímuvaldandi efnum ríkti, og andfélagsleg hegðun varð æ meir ráðandi: Eftir að amma hans fluttist frá honum úr íbúðinni á Grettisgötu, 1972-73, söfnuðust í íbúð þeirra ýmsir einstaklingar, sem leituðu þar húsaskjól, en veittu í staðinn vín og örvandi efni.

Kristján gekk í Austurbæjarbarnaskólann, en um miðjan vetur, er hann var í 12 ára bekk, fór hann að Jaðri skv. eigin ósk, því flestir félagar hans voru þar. Lauk hann þar 12 ára bekknum, fór svo í Gagnfræðaskóla Austurbæjar og lauk þar prófi í 1. bekk, en var rekinn um miðjan vetur, er hann var í 2. bekk. Ástæðan var, að hans sögn, óstundvísi og rífrildi við einn kennaranna. Hann var 11 ára gamall, er hann fór að anda að sér eimi af þynni og bensíni í því skyni að upplifa ofskynjanir. Nokkru síðar fór hann að misnota áfengi, og frá september 1972 (þá 17 ára gamall) hefur sjúklingur, auk áfengis, neytt allmikils af ávana- og fíkniefnum. 12 ára gamall fór hann fyrst til geðlæknis (Þórður Möller), en nokkru síðar gekk hann til sálfræðings (Sigurjón Björnsson). Meðhöndlunin varð þó

fremur skammvinn. Eftir nær hálfis árs drykkju og ofneyslu fíkniefna var hann lagður inn á Kleppsspítalann fyrir tilstuðlan Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar. Lögð var þá fram beiðni um sviptingu sjálfræðis, en því var ekki fylgt eftir. Á Kleppsspítalanum dvaldi hann frá 30. 3. 73 til 16. 4. s. á. Hann átti þá þegar að baki allanga afbrotasögu, og voru félagsaðstæður hans afar bágbornar. Tengsl hans við móður voru slæm og við móðurömmu þannig, að hún hafði gefist upp á sambúðinni og flutt að heiman. Sama dag og hann fór af spítalanum neytti hann víns og fíkniefna og hefur haldið sig mikið við það síðan.

Eftir að Kristján lauk námi, eða frá 15 ára aldri, má segja, að hann hafi engan veginn unnið þannig, að hann hafi getað séð fyrir sér sjálfur. Hann starfaði eitthvað á ýmsum stöðum, en fremur stutt á hverjum stað og oft með löngum millibilum. Segja má, að hann hafi síðari árin ekki stundað neina reglubundna vinnu. Þess í stað hefur hann hneigst til að afla sér tekna með afbrotum og leitað eftir félagsskap þeirra, sem hafa getað stutt hann með því að veita honum vín, fíkniefni, mat og eyðslueyri. Aðvaranir, dómur og fangelsisvistir hafa ekki megnað að stöðva afbrotaferil hans.

Kristján á erfitt með að lýsa sjálfum sér. Hann er nokkuð uppstökkur, en segir, að reiðin renni fljótt af sér. Hann reitir fólk til reiði og lendir í áflogum án þess að geta gert sér grein fyrir hvers vegna. Hann veit um styrkleika sinn í áflogum og hefur fengið visst orð á sig fyrir að vera harður í horn að taka. Ekki viðurkennir hann, að hann finni til kvíða eða öryggisleysiskenndar, heldur gerir hann sér far um að sýnast kaldur og kærulaus. Í viðtölum koma þó fram atvik, sem sýna, að andstæðar tilfinningar eru fremur algengar. Kristján Viðar segist vera glettinn og kíminn, reyndar hafi hann oft fengið hrós fyrir þá eiginleika. Hann er minnugur og man oft eftir númerum á lögreglumönnum, sem hann hefur átt samskipti við, jafnvel fyrir mörgum árum. Engin áhugamál koma fram og ekki heldur nein sérstök markmið.

Frásagnir Kristjáns Viðars á verknuðum þeim, sem hann er kærður fyrir, eru nokkuð óljósar. Fyrst í viðtölunum ber hann við minnisleysi og virðist reyna að leggja sig fram um að muna betur. Lýsingar hans á atburðum í máli Guðmundar Einarssonar eru þó mun greinilegri en í Geirfinnsmálinu. Nokkrir atburðir í Geirfinnsmálinu eru þó einnig furðu skýrir. Í báðum ákæruatriðunum koma einnig fram lýsingar, þar sem svo virðist sem raunveruleiki og óraunveruleiki blandist saman, þ. e. a. s. að svo virðist sem hugmyndir eða kenndir séu færðar fram sem raunveruleiki. g held ekki, að þetta sé honum alltaf meðvitað. Ég er þó hér ekki að leggja mat á sannleiksgildi þeirra. Hugsanlegt er, að hann hafi bætt svo mikið á það, sem raunverulega hefur gerst, að það verði óljóst í endursögn. Hafa ber líka í huga, að hér er um að ræða óreglusaman atvinnuleysingja, sem lifir mjög sérstæðu lífi í þjóðfélagi okkar, þar sem svo virðist sem hver dagur gangi út á það að afla sér víns eða fíkniefna. Í slíku ástandi er líklegt, að renni saman raunveruleiki og óraunveruleiki.

Kristján Viðar iðrast þess, sem hefur gerst í sambandi við Guðmund Einarsson. Í hvert skipti sem rætt var um Guðmund varð hann viðkvæmur, reyndar segir Kristján, að Guðmundur hafi verið skólalabróðir hans og kunningi áður fyrr, þó að þeir hafi ekki verið í neinum tengslum u.m lengri tíma. Hann getur þess, að það hafi hvorki verið ætlun sín eða nokkur tilgangur fólgin í því að standa að því, sem gerðist í því máli. Tilfinningaviðbrögð hans verða nokkuð óljósari, þegar Geirfinnsmálið ber á góma. Þar virðist hann undrandi yfir því, á hvern hátt hann hefur tengst því máli eða komist í þá aðstöðu, sem hann er í, er geðrannsóknin fór fram. Þó virðist svo sem einhver breyting hafi gerst með honum um líkt leyti og Geirfinnsmálið átti að hafa átt sér stað. Páll Konráð Konráðsson Þormar segir m. a. í lögregluskýrslu frá . maí 1976 um ástand Kristjáns eftir þann dag: „ . . . þá fannst mér Kristján Viðar

verða á einhvern hátt hlédrægari en hann átti vanda til`. Þess skal getið, að um líkt leyti minnka samskipti Kristjáns Viðars við Sævar, og reyndar var Kristján búinn að fá sér annan vin. Það er hugsanlegt, að slík breyting kunni að hafa áhrif á framkomu Kristjáns.

Almennt heilsufar Kristjáns Viðars hefur verið gott. Einu sinni var gert að ígerð í hálsi. Ekki er vitað til þess, að hann hafi legið á sjúkrahúsum vegna líkamlegra kvilla.

Sálfræðileg athugun var gerð af „Gylfa Ásmundssyni sálfræðingi dagana 26. og 27. apríl 1976. Tekin voru tvö próf. MMPI-próf: Niðurstöður þess voru: „Kristján lætur ekki í ljós nein taugaveiklunareinkenni eða geðræna vanlíðan“. Ennfremur segir: „ . . . sjálfstraust og starfhæfni virðist óskert“. Enn segir: „Sú mynd, sem fram kemur af persónuleika hans, er dæmigerð fyrir andfélagslega persónuleika (sociopathic personality), sem lýsir sér í impulsivri hegðun, grunnu tilfinningalífi, tillitsleysi við aðra og afbrotahneigð“. Niðurstöður þessa MMPI-prófs eru því: „Hann er tilfinningalega vanþroska, bráðlyndur og agressivur, hefur mjög óljósa siðgæðisvitund, er eirðarlaus og örlyndur“. Hitt prófið er Bender-Gestalt. Niðurstöður þess prófs benda ekki til truflana á heilastarfsemi af líkamlegum orsökum. Greindarpróf voru tekin 2. 4. 73, er hann lá á Kleppsspítalanum. Niðurstöður þeirra voru, að starfhæf greind hans væri talin í löku meðallagi. Almennar blóðrannsóknir ásamt sérprófum á starfsemi lifrar og nýrna voru innan eðlilegra marka, Lues-próf negativt.

Kristján Viðar er myndarlegur maður á vöxt, en nokkuð fögur, lófar ætíð kaldsveittir. Hann var spennur, einkum framan af hverju viðtali, slakaði stöku sinnum á spennunni, en var oftast á varðbergi. Hann var opinskár um fyrri atburðarás og heimilishagi, myndaði stundum góð tengsl og sýndi viðkvæmni, einkum er talið barst að ákæruatriðunum. Hann virðist rétt meðalgreindur, en þekking fremur takmörkuð og orðaforði einnig, en þó sennilega í samræmi við hugsanagang manns, sem hefur lifað slíku lífern. Erlendis hafði ég rekist á áberandi bil milli tjáningaforms og hugsanagangs fólks úr ýmsum stigum þjóðfélags. Þetta er í fyrsta skipti sem ég rek mig á slíkt bil hérlendis. Svo fjarri hefur lífern og hugsanasvið hans verið. Fangaverðir og rannsóknarlögreglumenn, er ég ræddi við, höfðu fundið til svipaðs mismunar. Tiltölulega fljótt dró þó úr sérkennum þessum. Nærminni hans virðist gott og fjærminni á köflum sérstaklega gott, þó eins og áður hefur verið lýst, hafi borið á minnistrufunum. Einbeitingarörðugleikar koma nokkuð sterkt fram og eirðarleysi, en stemming hans var allan tímann nokkuð ör. Hann er áberandi tortrygginn, tilfinningaríkur og æsist tiltölulega auðveldlega upp, en jafnar sig fljótt og virðist ekki langrækin. Hér er um að ræða 21 árs gamlan atvinnulausan óreglumann, sem er ákærður fyrir þátttöku í hugsanlegu morði Guðmundar Einarssonar og í hinu svokallaða Geirfinnsmáli. Kristján er einkabarn foreldra, sem áttu við mikil vandamál að stríða í sambúð. Hann ólst upp hjá ömmu, sem réð ekki við skapgerð hans, og gerðist hann snemma ódæll og sjálfráða án þess að bera skilning á, eða hafa dómgreind, til þess að stjórna sér og tilfinningum sínum, svo að vel færi. Líf hans beindist fljótlega inn á afbrot og ofneyslu áfengis og fíkniefna. Hann lauk ekki unglingaprófi, og lítið sem ekkert hefur verið um reglubundna vinnu að ræða. Lífsviðurværis aflar hann sér ýmist með afbrotum eða með þjónkukennri vináttu við kunningja. Hann er ósjálfstæður og tilfinningaríkur og þarf því einnig að leita öryggis til annarra, en tortryggnin hindrar hann í að treysta öðrum fyrir tilfinningum sínum. Þarfir hans eru frumstæðar og því hætt við, að honum hyggnari einstaklingar geti gert hann háðan sér og stjórnað athöfnum hans. Svo langt virðist hann hafa komist frá almennu lífern, að það verður nær óskiljanlegt, m. a. gætir vissra erfiðleika í samskiptum hans við annað fólk. Hér er því um að ræða þjóðfélagslega frumstæðan mann með sérkennilegt gildis-mat og sterka andfélagslega hegðun.

Niðurstaða mín af rannsókninni er, að Kristján Viðar Viðarsson er haldinn drykkjusýki og ofneyslu ávana- og fíkniefna (alcohol addiction, drug dependence). Skapgerð er afbrigðileg þannig, að hann er tilfinningalega vanþroska með sterka andfélagslega hegðun (personality disorders, antisocial personality). Ekki er líklegt, að hire afbrigðilega skapgerð með takmarkaðri stjórn á útrás hvata og tilfinninga sé af vefrænum orsökum (sbr. heilalínurit og niðurstöðu af BenderGestalt prófi) eða af geðrænum toga spunnið (sbr. MM,PI-próf og niðurstöðu geðrannsóknar). Óvíst er, hvort geðlækningar muni bera nokkurn árangur, og ekki er mælt með meðhöndlun á sjúkrahúsi vegna ástands þessa. Telja má víst, að hann hafi verið undir áhrifum bæði víns og lyfja í báðum ákærutilvikum (í máli Guðmundar Einarssonar og Geirfinnsmáli) og hefur það ástand að sjálfsgöðu dregið úr stjórnun hans á gjörðum sínum og haft áhrif á það, sem kann að hafa gerst. Erfitt er að segja til um horfur á ástandi Kristjáns Viðars í framtíðinni, en almenn reynsla hefur sýnt, að slíkt andfélagslegt atferli, sem hér er um að ræða, dvíni eða hverfi alveg með aldrinum, einkum upp úr þrítugsaldri.

Hann er hvorki fáviti né geðveikur (psykotiskur) í skilningi hegningarlaga og er þar af leiðandi sakhæfur í almennum skilningi. Hires vegar eru málsatvik í báðum ákæruatriðum óljós og því ekki unnt á þessu stigi málsins að dæma um sakhæfni hans í hvoru þessarar atvika fyrir sig.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Kristjáns Viðars hefur hann sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1972 1/8 Reykjavík: Dómur: 10 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 217., 244. og 259. gr. hegningarlaga.

1972 1/8 Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið frá 13/9 1972.

1972 28/11 Reykjavík: Sátt, 3.500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1973 21/12 Reykjavík: Dómur: 1 árs fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Dómur 1/8 1972 dæmdur með.

1974 21/10 Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi (hegningarauki) fyrir brot á 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga.

Ingvar Kristjánsson geðlæknir rannsakaði geðheilbrigði ákærða Sævars Marinós Ciesielski. Rannsóknin fór fram á tímabilinu 31. maí til 3. september 1976. Segir m. a. í skýrslu geðlæknisins, að ákærði Sævar sé fæddur í Reykjavík 6. júlí 1955 og að mestu alinn þar upp hjá foreldrum sínum, þeim Michael Francis Ciesielski, ameríkana af pólsku foreldri, og konu hans, .Sigurbjörgu Guðjónsdóttur, nú til heimilis að Grýtubakka 10 hér í borg. Þjuggu þau í Ameríku til ársins 1955, en fluttust þá aftur til Íslands. Faðir hans var alldrykkfelldur, og að sögn Sigurbjargar versnaði þetta mjög seinustu 6 ár sambúðar þeirra. Undir áhrifum víns var hann mjög afbrýðisamur og hrottafenginn, átti það jafnvel til að berja konu sína og syni með leðurbelti. Ódrukkinn var hann að jafnaði hjálpsamur og nærgætinn að sögn Sigurbjargar, og báðir synir hans minnst hans með nokkurri hlýju. Þau hjón skildu árið 1967, og fluttist Miohael þá til Ameríku, þar sem hann lést í bifreiðaslysi 2 árum síðar.

Í hjónabandi Sigurbjargar og Michaels mun fjölskyldan oft hafa búið við efnalega bág kjör sökum óreglu föðurins og strjállar vinnu. Af þessum sökum varð Sigurbjörg að vinna utan heimilisins, frá því er Sævar var 6 ára, voru þá telpurnar í gæslu á róluvelli, „en drengirnir lentu á götunni". Fjölskyldan

þjó jafnan í leiguhúsnæði, misjöfnu að gæðum. Þau hjón áttu 4 börn, og var Sævar næstelstur. Sævar var ávallt smávaxinn og rólegt barn að sögn móður hans, talinn fremur lítill í sér. Um þroskamörk er sagt, að hann hafi verið fremur seinn til tals, nokkuð klaufalegur að handleika hluti og sneri þeim oft öfugt, fór til dæmis í öfug stígvél fram til 8 ára aldurs. Þá var hann ekki hreinn til baksins fyrr en 4 ára og varð ekki læs fyrr en 8 ára.

Í skýrslu læknisins segir síðan:

„Sævar hóf skólagöngu í Miðbæjarskóla, fluttist ári seinna í Landakotsskóla, en réð ekki við námsefnið og var látinn hætta og færður í Austurbæjarskólann á miðjum vetri. Þar var hann í fyrstu lagður í einelti af bekkjarbræðrum og hélt sig meira í félagsskap telþna. Árið eftir (í 9 ára bekk) fór að bera allmikið á fjarvistum frá skóla, og komst móðir hans þá að því, að hann var í slagtogi við jafnaldrá, er héldu verndarhendi yfir honum, og stunduðu þeir saman útivistir, reykingar, slæping á leigubílum og jafnvel búðarþjófnaði. Þá munu þeir einnig hafa lyktað af þynni. Í þessum félagsskap munu hafa verið Kristján Viðar Viðarsson og Albert Skaftason, er grunaðir eru um aðild að afbrotum þeim, er gaf tilefni til þessarar rannsóknar. Árið eftir mun hann hafa haldið uppteknum hætti og móðir hans ráðið lítt við hann. Ellefu ára var honum af þessum sökum komið í skóla að Jaðri á vegum Félagsmálastofnunarinnar skv. beiðni móður hans, og veturinn næstan á eftir hafði hann vetursetu hjá móðurforeldrum sínum að Stóra-Hofi í Rangárvallasýslu. Þrettán ára sækir hann aftur Austurbæjarskólann, en það haust var hann erfiður móður sinni og var fjarvistum úr skóla. Af þessum sökum fór hann með móður sinni í viðtal hjá Þórði Möller geðlækni, er taldi hann hafa við aðlögunarvandkvæði að stríða (maladaptatio odelescence) og mögulega vera geðvilltan (psychopat). Næsta skólaár dvaldi hann í heimavistarskóla í Breiðuvík á vegum Félagsmálastofnunarinnar, lauk þaðan fullnaðarprófi og vann fjósastörf við góðan orðstír að sögn móður hans. Árið eftir haf hann nám að Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, en var vikið úr skóla um jól vegna agabrots. Eftir þetta „flæktist hann um í Reykjavík til vors" (uppl. móður), en hélt þá austur að Stóra-Hofi, þar sem hann var yfir sumartímann. Fyrsta árið eftir að skólagöngu lauk vann hann stopult, en nær ekkert eftir það. Samkvæmt upplýsingum móður hans flutti hann að heiman 1971 og kvaðst búa með kunningjum sínum á Brekkustíg. Eftir flutninginn sá hún hann lítið og helst um helgar næstu 2 árin.

Sævar segir sjálfur, að árið 1972 hafi orðið mikil breyting á lífi sínu, hann eignaðist nýjan kunningjahóp, og var það fólk honum eldra og fremra að menntun. Þá tók hann einnig til við að fást við kvikmyndagerð, en þó ekki þannig, að hann hefði framfæri af því. Í þessum nýja félagsskap kynntist hann frekar fíkniefnum án þess hann notaði þau sjálfur. Fór svo, að hann hóf að kaupa og flytja inn fíkniefni, hass og LSD, erlendis frá. Þetta stundaði hann í félagi með öðrum, og munu aðrir aðilar hafa útvegað fé í þessi viðskipti. Alls mun hann hafa farið 5 ferðir utan frá haustinu 1973 - janúar 1974, og hefur hann sjálfur greint frá því, að fjórar hafi verið farnar til fíkniefnakaupa.

Ég hef oftlega rætt við Sævar um afbrot þau, sem hann er grunaður um aðild að, og hefur hann staðfastlega neitað að eiga þar nokkurn hlut að máli. Hann segist geta sannað fjarveru sína kvöld það, er Guðmundur Einarsson hvarf, og hefur í því sambandi borið við tvennu: Annars vegar að hann hafi eytt kvöldinu með vinkonu sinni, Helgu Gísladóttur, og hins vegar, að hann hafi farið þetta kvöld austur í Hveragerði að sækja hass, er hann átti þar í geymslu.

Varðandi kvöld það, er Geirfinnur Einarsson hvarf, segir hann, að hann hafi þá verið á heimili Vilhjálmss Knudsen. Sævari hefur verið tíðrætt um framkomu lögreglunnar við sig og segir hana hafa beitt sig þvingunum til þess að skrifa undir játningar.



Um almennt heilsufar Sævars er það að segja, að árin 1971 og 1972 bar nokkuð á kvíða og hjartsláttarköstum hjá honum, hann var skoðaður af læknum (Björn Öundurson, Sverrir Bergmann, Guðmundur Oddsson), og voru einkenni hans ekki talin líkamlegs eðlis, heldur andlegs, og var geðlæknismeðferð ráðlögð. Slíkri meðferð var hann hins vegar afhuga.

Sálfræðileg athugun var gerð á Sævari af Gylfa .4smundssyni, sálfræðingi, þ. 24. 5. - 9. 7. 76. Gylfi lýsir atferli hans og viðbrögðum við prófunum þannig: „Geðtengsl voru góð á yfirborðinu, en ómögulegt að ná nokkrum dýpri geðtengslum við hann. Hann reynir stöðugt að manipulera undirritaðan, er tungulipur í betra lagi, reynir að komast hjá því að taka sálfræðilegu prófin, beitir ýmist fyrir sig lempanlegum tón eða hótunum um lögfræðilegar aðgerðir. Samvinna við hann er því brösótt og rannsókn seinleg. Hegðun hans og viðbrögð öll eru dæmigerð fyrir psychopatiskan persónuleika með ákaflega flatt tilfinningalíf“.

Lögð voru fyrir eftirfarandi próf: Wechsler, alm. greindarpróf, Bender Gestalt, skynhreyfipróf; Rorschack MMPI- og 16PF persónuleikapróf. MMPI prófið var lagt fyrir tvisvar, þar eð óvíst var, hvort hann stóð einn að fyrir úrlausninni. Niðurstöður prófanna sýndu, að „ekkert kom þar fram, er benti til meiri háttar geðveiki (psychosis) eða vefrænna truflana á greind eða persónuleika. Starfhæf greind er fremur lök (grvt. 84), þótt líkur séu til þess, að hann sé greindari að eðlisfari. Einkum er dómgreind hans lítil og íhygli. Við rannsókn á persónuleika koma Fram djúpstæðar truflanir, sem lýsa sér í grunnu tilfinningalífi, tillitsleysi við aðra og andfélagslegu atferli. Merki eru um óvissa samsömun, vanmetakennd og óöryggi um karlmennsku sína, sem kann að liggja til grundvallar hegðunarvandkvæðum hans.“

Læknisskoðun 30. 7. 76 leiddi ekkert óeðlilegt í ljós, og almenn blóðrannsókn ásamt sérprófum fyrir lífrar- og nýrnastarfsemi var innan eðlilegra marka. Þá var heilalínurit eðlilegt og Luespróf negativt.

Geðskoðun:

Sævar er lágvaðinn, grannur maður með fölan litarhátt. Tengsl við hann voru góð á yfirborðinu, honum líkaði auglýnilega vel að fá tækifæri til þess að tala, og hann kom oftast fyrir sem drjúgur og kumpánlegur. Samvinna við hann var fremur örðug, þar eð honum var gjarnt að vaða úr einu í annað á yfirborðslegan hátt og oft í litlu samhengi. Alla jafna virtist hann var um sig, jafnvel tortrygginn, og kom það einkum fram, er hann ræddi sálfræðiprófin, er honum sýndist standa stuggur af. Nokkrum sinnum beygði hann af í viðtali, einkum er rætt var um föður hans og samband hans við Erlu, en hann reif sig jafnskjótt upp og sló brosandí yfir í aðra sálma. Aldrei varð vart neinna truflana á hugsun eða skynjun. Hann virtist í meðallagi greindur, áttun hans, einbeiting og minni virtist allt með eðlilegum hætti.

Niðurstaða: Hér er um að ræða 21 árs gamlan mann, sem grunaður er um aðild að hvarfi og e. t. v. morði Guðmundar Einarssonar, en jafnframt aðild að svonefndu Geirfinnsmáli.

Hann er annar fjögurra alsystkina, alinn upp í fjölskyldu með drykkfelldum föður, er átti til að beita fjölskyldumeðlimi líkamlegu ofbeldi. Milli foreldra hans var oft ósamkomulag, jafnvel barsmíðar, efnahagur fjölskyldunnar var átryggur, og varð móðirin af þeim sökum að vinna úti, frá því Sævar var 6 ára gamall. Það er vel kunnugt, að fjölskyldulíf sem þetta stuðlar ekki að þróun eðlilegs persónuleika. Á það má einnig benda, að tvö systkina hans eru talin hafa afbrigðilegan persónuleika. Ef marka má heimildir, virðist sem þroskamörk hans hafi verið örlítið í seinna lagi, og hefur það einnig

fylgni með afbrigðilegum persónuþroska. Snemma ber á andfélagslegri hegðun hjá honum, svo sem fjarvistum úr skóla og útvist. Leiddi þetta til vistunar í sérskólum. Ekki báru þessar ráðstafanir árangur, þar sem honum tókst ekki að hasla sér völl á almennum vinnumarkaði, en leiddist í þess stað inn á braut afbrota.

Niðurstaða mín af þessari rannsókn er sú, að Sævar sé ekki fáviti né heldur geðveikur (psychotiskur), en að hann sé haldinn geðvillu (personality disorder, antisocial type). Ekkert hefur komið fram, er bent gæti til þess, að geðvillan stafi af vefrænum orsökum. Sævar er því í almennum skilningi sakhæfur. Um sannleiksgildi frásagnar hans er ekkert hægt að fullyrða, en vísað er til þess, að framburður hans varðandi grunuð afbrot er breytilegur.

Framtíðarhorfur Sævars m. t. t. geðvillu hans eru óvissar. Árangur geðlæknismeðferðar, þegar reynd hefur verið við slíku ástandi, hefur verið óviss, og er ekki mælt með henni hér. Reynsla sýnir þó, að andfélagslegt atferli verður ekki eins áberandi hjá slíkum mönnum, eða hverfur jafnvel með aldri. Slíkt mun þó fátítt fyrir þrítugsaldur".

Ákærði Sævar Marínó hefur samkvæmt sakavottorði sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1972 29/12 Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 155. gr, hegningarlaga.

2973 21/12 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. og 254. gr. hegningarlaga.

Ásgeir Karlsson geðlæknir rannsakaði geðheilbrigði ákærða Tryggva Rúnars Leifssonar. Segir m. a. í skýrslu hans um rannsóknina, að Tryggvi Rúnar Leifsson sé fæddur í Reykjavík 2. október 1951, sonur Leifs Guðmundssonar, verkstjóra hjá Reykjavíkurborg, og konu hans, Stellu Tryggvadóttur. Hann er elstur þriggja bræðra og á einnig 4 hálf systkini samfeðra. Hann var að mestu leyti alinn upp hjá móðurömmu sinni. Ákærði segir, að heimili ömmu sinnar hafi verið rekið í allströngum kristilegum anda og amma sin hafi að mestu verið ráðandi á heimilinu og þar af leiðandi haft mestu ábyrgðina á uppeldi hans. Hann hafði ætíð talsvert mikið samneyti við foreldra sína og dvaldist á heimili þeirra smátíma öðru hverju, en heimili foreldra hans virðist ekki hafa verið ákjósanlegur uppeldisstaður, þar eð þau voru bæði mjög drykkfelld og samkomulag milli þeirra svo slæmt, að til líkamsmeiðinga kom, þannig að eitt sinn kjálkabraut Leifur konu sína. Snemma þurfti Tryggvi að standa á milli foreldra sinna og reyna að sætta þau.

Tryggvi segist hafa tekið út venjulegan þroska á fyrstu árum ævi sinnar. Hann hafi fallið á fullnaðarprófi í Laugalækjarskóla, en lokið skyldunámi við Miðbæjarskólann með lélegum árangri. Hann settist síðan í Lindargötuskólann, í þriðja bekk, en hann hætti námi fljótlega.

Þá segir svo í skýrslu læknisins:

„Tryggvi telur sig hafa verið eðlilega félagslyndan, er hann var í barnaskóla, átti marga leikfélaga, hafði áhuga á íþróttum og var mikið í fótbolta. Missti áhugann á íþróttum, eftir að hann tók upp óreglusamt líferni. Hann segist aldrei hafa stundað hnúpl eða brotið neitt af sér fram að fermingaráldri. Tryggvi var 7 sumur í sveit í Borgarfirði og kunnir vel við sveitadvölinu. Að skólagöngu lokinni hóf Tryggvi Rúnar vinnu hjá Mjólkurfélagi Reykjavíkur, 16 ára gamall, og var þar í 1 ár. Hætti þar vegna handleggsbrots. Vann síðan hjá Gróðrarstöðinni Alaska um tíma, en komst þá í slæman félagsskap, og upp frá því hófst afbrotasaga Tryggva.

Tryggvi Rúnar segist fyrst hafa bragðað vín, þegar hann var 14 ára gamall, var það í útilegu í Þórsmörk. Segist hann hafa drukkið sig þá ofurölvi. Þegar hann byrjaði að vinna í Mjólkurstöðinni, var drykkja hans aðeins um helgar, en eftir að hann fór að vinna hjá Alaska, keyrði um þverbak, og hann komst í slæman félagsskap, þar sem drykkja og lyfjaneysla voru höfð í hávegum og einskis svífast til að útvega peninga fyrir víni og öðru. Innbrot og ofbeldi þóttu sjálfsgæðir hlutir. Hann segist í mörg ár hafa haft í huga að rífa sig upp úr þessu slæma lífsmunstri, en hefur alltaf skort framtak og staðfestu, þegar á hólm inn var komið. Tryggvi heldur því fram, að hann hafi hugsanlega leiðst út í ofneyslu áfengis og lyfja sem einhvers konar uppreisn gegn frekar ströngu aðhaldi Guðrúnar ömmu sinnar. Tryggvi byrjaði að neyta lyfja nær því samfara því sem hann fór að neyta áfengis í áhófi, einkum var um að ræða örvandi og róandi lyf, Amphetamin, Valium og Mebumal.

Svo sem fyrr segir, virðist Tryggvi hafa dregið nokkuð úr notkun vímugjafa síðustu mánuðina á árinu 1973, en byrjaði að nota vín aftur, a. m. k. var hann fuller um áramótin 73-74 og sló þá Huldu sambýliskonu sína. Hann komst síðan yfir 100-0 stk. af töflum, Tabl. Mebumal natrii, sem voru stolnar, og geymdi hann þær fyrir mann að nafni Óskar Guðmundsson. Byrjaði hann að nota þær í smáum mæli fyrst, en daglega samfara mikilli kaffidrykkju mest allt árið 1974 og var því stöðugt undir lyfjaáhrifum, en þó ekki í það miklum mæli, að áberandi væri, að eigin sögn. Lengsti drykkjutúr Tryggva segir hann vera 4 vikur, en oftsinnis hefur hann verið stöðugt undir áhrifum áfengis o.g þá jafnframt lyfja í 2-3 vikur í senn.

Tryggvi Rúnar hefur þrisvar sinnum verið lagður inn á sjúkrahús. Orsakir hafa í öll skiptin verið bein afleiðing af áfengis- og lyfjaneyslu.

Líkamleg skoðun var gerð á Tryggva Rúnari h. 8. 7. 76. Hann er tæplega meðalmaður á hæð, en þreklega og kraftalega vaxinn, ekkert sjúklegt kom fram við kerfisbundna skoðun líffærakerfa svo og ekki við neurologiska skoðun.

Heilalínurit var ennfremur tekið h. 8. 7., og reyndist það einnig vera innan eðlilegra marka.

Gylfi Ásmundsson sálfræðingur lagði sálfræðiþróf fyrir Tryggva Rúnar. Þau voru:

Wechsler, greindarþróf fyrir fullorðna. Bender-Gestalt, skynhreyfiþróf.

MMPI, persónuleikapróf. Rorschack, persónuleikapróf.

Á Wechsler greindarþrófi reyndist greindarvísitala Tryggva Rúnars vera 83, sem er talsvert undir meðallagi, en hann er talinn vera fjarri því að vera vangefinn. Mismunur einstakra þátta á prófinu var lítill, og bend það til, að eðlisgreind Tryggva sé ekki miklu hærri en niðurstöður prófsins segja til um. Þekkingarforði Tryggva reyndist vera mjög lítill og var talinn bera vott um litla greindarfarslega ræktun og lélega skólaundirstöðu. Rorschack prófin bentu til þess, að Tryggvi væri ekki næmur á mannlegar tilfinningar og jafnframt að dómgreind væri léleg, tilfinningalíf grunnt og líkur á hvatvíslegu atferli.

Niðurstöður prófsins í heild voru þær, að Tryggvi væri fremur laklega gefinn með talsverða persónuleikagalla. Dómgreind er léleg og hæfileikinn til geðtengsla lítill og tilfinningar grunnar jafnframt því að vera haldinn nokkrum kvíða og vanmetakennd.

Geðskoðun:

Tryggvi er dálítið kvikur í hreyfingum og órólegur, er greinilega haldinn talsvert mikilli spennu, sem reyndar er ekki óeðlilegt miðað við núverandi aðstæður. Hann gerir sér mjög mikið far um að vera kurteis og samvinnulipur, á meðan á viðtali stendur, á allt að því yfirdrífinn hátt. Hann reynir að vanda sig mjög í frásögn og svara sem nákvæmast. Þrátt fyrir það er erfitt að fá hjá honum nákvæmlegt yfirlit um lífsferil hans sökum þess, hversu óöruggur hann er og minni ónákvæmt, þarf oft að hugsa sig mikið um og leiðrétta svör sín. Framsögn hans er því oft dálítið hikandi, og málvillur eru áberandi í tali hans. Geðslag hans einkennist fyrst og fremst af kvíða, spennu og óöryggi, sem speglast í andlitssvip hans og hreyfingum. Engir sérstakir kækir eru áberandi. Geðbrigði eru mjög lítil og virðast rista grunnt. Sjaldan er hægt að greina hjá honum nokkur merki iðrunar, samviskubits eða þunglyndis. Engar hugsanatrufnanir koma fram, sem má rekja til annars en spennu og óöryggis og lélegs minnis og á því engin einkenni um geðveiki (psychosis). Ekki kemur neitt fram, sem bendir til þess, að Tryggvi sé haldinn ranghugmyndum eða ofskynjunum. Dómgreind virðist vera talsvert mikið áfátt og skilningur og almennur fróðleikur lítill. Tryggvi verður því að teljast illa upplýstur. Engar trufnanir koma fram á meðvitund. Hann er vel áttaður á stað og stund og eigin persónu.

Tryggvi telur sig ekki vera taugaveiklaðan og neitar því, að hann sé kvíðinn og óöruggur. Hins vegar telur hann sig oft vera eirðarlausan og viti ekki alveg, hvað hann vilji, sé hann leitandi að því, hvað hann eigi að gera við líf sitt. Segist vera óánægður með það, eins og það hefur verið, sífelld afbrot og úttekt á dómum.

Niðurstaða:

Ég tel, að Tryggvi Rúnar sé hvorki vangefinn né haldinn geðveiki (psychosis), heldur er hann illa greindur og haldinn miklum persónuleikagöllum, sem koma fram sem geðvilla (psychopathia). Jafnframt hefur hann verið haldinn drykkjusýki (alcoholismus) frá 16 ára aldri og háður fíknilyfjum (drug dependence) frá 17 ára aldri.

Hann leitaði sér lækninga við drykkjusýki sinni og lyfjanotkun árið 1971 á Kleppsspítalanum, en meðferðin þar var árangurslaus. Batahorfur mega því teljast lélegar, þótt meðferð yrði reynd að nýju. Ekki er til neitt meðferðarform, er læknað getur geðvillu. Geðvilla hans kemur fyrst og fremst fram í grunnu tilfinningalífi, litlum hæfileika til geðtengsla og lélegri dómgreind. Sjálfstjórn er lítil og minnkar að mun við neyslu áfengis eða fíkniefna, svo hvatir hans brjótast þá mun auðveldar út, svo sem í formi árásargirni eða ofbeldis og annarra andfélagslegra aðgerða. Miðað við þær upplýsingar, sem Tryggvi Rúnar gefur um þátt sinn í hvarfi Guðmundar Einarssonar, verður hann að teljast sakhæfur".

Ákærði hefur sætt kærur og refsingum sem hér segir:

1968 Reykjavík: Uppvís að brotum á 1. mgr. 259, gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 9/1 1967.

1968 16/8 Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1969 29/10 Reykjavík: Dómur: 9 mánaða fangelsi fyrir brot á 155., 217., 218. og 244. gr. hegningarlaga, áfengis- og umferðarlögum. Sviptur rétti til ökuleyfis í 1 ár.

1970 30/1 Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 155., 244. og 259. gr. hegningarlaga og umferðarlagabrot. Sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt.

- 1970 10/4 Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi fyrir brot á 155. og 246. gr. hegningarlaga.
- 1970 16/6 Reykjavík: Dómur: 1 mánaðar fangelsi (hegningar auki) fyrir brot á 155. og 244. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga.
- 1971 19/3 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 219. og 259. gr. hegningarlaga og umferðarlagabrot.
- 1971 15/7 Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 155. og 244. gr. hegningarlaga.
- 1972 9/3 Reykjavík: Dómur: Refsing felld niður, en sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt frá 9/3 1972 (hegningarauki) fyrir brot á 259. gr. og 217. gr. hegningarlaga og 25. gr. umferðarlaga.
- 1973 20/9 Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1973 10/9 Reykjavík: Sátt, 3.500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1974 29/3 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.
- 1974 9/9 Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 5 21/3 Reykjavík: Dómur Hæstaréttar: Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.
- 1975 5/12 Reykjavík: Dómur: Sýknaður af ákæru um meint brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

Ákærða, Erla Balladóttir, er fædd í Reykjavík 19. júlí 1955 og er þriðja í röðinni af 5 alsystkinum. Jafnframt á hún 2 eldri hálfbræður. Foreldrar hennar, Bolli Gunnarsson og Erla Ólafsdóttir, slitu samvistir á öndverðu ári 1971.

Móðir ákærðu, Erla Ólafsdóttir, Stóragerði 29, Reykjavík, skýrði rannsóknarlögreglu frá uppvexti og skapgerð dóttur sinnar hinn 3. apríl 1976. Hún kvað hana hafa verið hjá sér til 16 ára aldurs. Hún hafi verið 4 ára gömul, þegar þau hjón fluttust til Ameríku. Byrjaði hún þar 5 ára í skóla eða tímakennslu. Þau fluttust aftur hingað til lands árið 1962, og fór þá Erla í Ísaksskólann, aðallega út af málinu. Síðan fór hún í Hlíðaskólann, síðar í Vogaskóla og enn síðar í Austurbæjarskólann vegna flutninga. Þar lauk hún við gagnfræðaskóla. Hún fór síðan í landsprófsdeild Austurbæjarskóla og tók landspróf þar. Allt til þessa gat móðir hennar ekki fundið neitt athugavert við hana, nema hvað hún var þrjóska en hinar þrjár systur hennar og vildi fara sínu fram. Henni gekk mjög vel að læra og hafði gaman af því. Þegar Erla var orðin um það bil 17 ára, fannst móður hennar hún vera stundum undarleg í útliti og fór að gruna, að hún tæki einhver lyf. Móðir Erlu taldi ekki, að Erla væri ósannsögull en gengur og gerist, en hún sé svolítið „fantasíukennd“.

Ásgeir Karlsson geðlæknir rannsakaði geðheilbrigði ákærðu, Erlu Bolladóttur. Segir svo m. a. í skýrslu um rannsóknina:

„Geðskoðun:

Erla er lág og grannvaxin, fingerð stúlka, með meðalstórt hjartalaga andlit og stór brún augu, gerir sér far um að vera einlæg í viðmóti og virkar því oft sakleysislega barnaleg í framkomu. Gæti hæglega talist vera 2-3 árum yngri .heldur en hún er. Hún er yfirleitt klædd á hversdagslegan, dálítið hirðuleysisleg, en þó í hreinum fötum og með hreint hár, en yfirleitt er það ótilhaft. Erla gerir sér far um að vera samvinnuþýð, og nær maður að mynda við hana góðan kontakt, sem oft er þó talsvert yfirborðskenndur. Geðbrigði hennar eru yfirleitt ekki mikil, en eru þó fyrir hendi, og spegla þau tilfinningaviðbrögð hennar og geðhrif, sem virðast oft á tíðum ekki rista mjög djúpt, þar er oftast Erla draumkennd á svip og virðist allt að því nær óeðlilega afslöppuð. Hún talar kæruleysislega um fyrrverandi og núverandi erfiðleika, án sýnilegra tilfinninga, nema einstaka sinnum koma tilfinningar hennar skírar í ljós, svo sem örvænting, reiði og vonleysi. Geðhrif hennar hafa því oftast á sér talsvert hysterískan blæ, sem Erla virðist nota sem vörn gegn dýpri tilfinningum og breiða yfir þær með yfirborðskæruleysi og rósemi. Erla talaði yfirleitt hægt og rólega, liggur ekki hátt rómur. Talar alltaf í fullu samhengi og er mjög skýr í frásögn, enda orðaforði góður. Ekki koma fram neinar hugsanatruflanir, ranghugmyndir, eða einkenni um ofskynjanir, sem benda til meiri háttar geðveiki, svo sem ofheyrnir. Skilningur hennar virðist vera allgóður, en dómgreind virðist vera nokkuð áfátt, sérstaklega hvað viðvíkur félagslegum þáttum. Minni hennar virðist vera mjög gott í mörgum atriðum, getur hún sagt frá ýmsum atburðum, bæði frá bernsku og seinni árum, í smáatriðum, er mjög örugg með margar tímasetningar. Hins vegar virðast vera miklar gloppur í minni hennar á ýmsa atburði, sem hafa greinilega verið henni erfiðir og valdið henni tilfinningalegri spennu.

Erla telur, að mestallan tímann, sem hún hafði saman við Sævar að sælda, og einnig þann tíma, sem hún var að reyna að slíta sambandi við hann, hafi hún verið mjög dauf og hálfsljó. Hún segist hafa verið haldin nær stöðugri óttakennd og einmanakennd, gat illa gert sér grein fyrir og getur ekki enn gert sér grein fyrir, af hverju sú óttakennd stafar, nema vegna dularfullrar hegðunar Sævars, tvíræðum tilsvörum og hálfgerðum ógnunum um, að eitthvað illt kynni að henda hana. Erla lýsir ýmsum fælnis-(phobískum)einkennum, sem hún segist lengi hafa fundið fyrir, svo sem að hún er hrædd við að fara ein út á bersvæði, finnur þá fyrir ótta og einmanakennd, finnst henni svo sem hún sé einhvers -konar skotmark, einhver gæti gert sér illt, þótt hún sjái engan, eða eitthvað, sem kynni að vinna henni mein. Jafnframt er erfitt fyrir hana að vera í fjölmenni, fær þá innilokunarkennd, einnig finnst henni slæmt að sitja á stól, sem snýr baki að útgöngudyrum. Erla segist stundum hafa haf t ofsjónir og jafnvel núna síðustu vikurnar, eftir að hún hefur setið í varðhaldinu, finnst henni hún þá oft sjá fólk, sem hún ber ekki kennsl á, sem er í hrókasamræðum. Segist hún gera sér grein fyrir því, að hún er með opin augun, en ef hún ,ætlar að yrða á fólk, hverfur sýnin. Hún telur sig fyrst hafa orðið vara við eitthvað slíkt, þegar hún var 10 ára gömul og var að fara í sveit norður á Strandir. Fannst henni hún þá vera að borða sælgæti, en svo var það allt í einu horfið. Jafnframt segist hún hafa séð mann, sem var henni mjög vinveittur, sumarið 1974, þegar samkomulag hennar og Sævars var sem verst, gerði hún sér grein fyrir því, að þetta var missýn. Erla telur sig aldrei hafa fengið yfirliðaköst, svo hún muni, eða önnur köst, þar sem hún missir meðvitund án þess þó að falla niður um lengri eða skemmri tíma.

Erla var ætíð með fulla meðvitund, er rætt var við hana, var vel áttuð á stað og stund og eigin persónu.

Niðurstaða: Ég tel, að Erla Bolladóttir sé hvorki vangefin né geðveik og hún hafi heldur ekki neinar vefrænar skemmdir í miðtaugakerfi. Hún er í meðallagi greind og haldin persónuleikagöllum (personalitas Hysterica). Fleiri þætti má greina í persónuleika hennar, svo sem nokkuð sterka geðvillu

(psychopathic) ásamt mikilli óvirkni (passivity) og þörf fyrir að stjórna af öðrum og veldur þetta nær masochistisku atferli. Tilfinningatengsl við annað fólk rista yfirleitt grunnt í samræmi við það, í hversu lítilli sneringu hún er við eigin tilfinningar. Persónuleiki hennar er veikbyggður og varnir því veicar, og er því líklegt, að undir tilfinningalegu álagi geti geðstjórn brotnað niður og viðbrögð orðið óeðlileg og leitt til truflunar á meðvitund (dissociative state). Erla hefur jafnframt verið haldin fælni (phobia) og sefasýki (neurotic hysterica).

Ég tel vera nokkrar líkur á, að Erla geti notfært sér og fengið bót á taugaveiklun sinni með sálækningu (psychotherapy), en hins vegar minni líkur á Bata, hvað persónuleikagöllum viðkemur, með fyrrgreindri meðferð, sem þyrfti þá jafnframt að vera langvarandi".

Samkvæmt vottorði frá sakaskrá hefur ákærða hvorki sætt kærú né refsingu.

Ingvar Kristjánsson geðlæknir rannsakaði geðheilbrigði ákærða Guðjóns Skarphéðinssonar. Fór rannsóknin fram á tímabilinu frá 28. desember 1976 til 23. mars 1977. Í skýrslu læknisins um geðrannsóknina segir m, a., að ákærði sé fæddur að Marðarnúpi í Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu 19. júní 1943 á býli móðurforeldra sinna og hafi hann alist upp hjá þeim til 18 ára aldurs. Voru foreldrar hans hjónin Skarphéðinn Pétursson, síðar prestur að Bjarnarhöfn í Hornafirði, sem nú er látinn, og Sigurlaug Guðjónsdóttir. Systkini ákærða eru 7, og er hann elstur þeirra.

Ákærði kom fyrst í skóla í Vatnsdal 9 ára gamall til þess að taka próf. Hann var þá fluglæs, en á eftir í reikningi. Á aldrinum 10-13 ára sótti hann farskóla þar í sveit, en fannst námið yfirleitt leiðinleg eyðsla á tíma. Þrátt fyrir þetta stóð hann sig vel á fullnaðarprófi. Fjórtán ára var hann sendur í heimavist á Hlíðardalsskóla. Þaðan lauk hann landsprófi 16 ára. Ákærði haf næsta vetur nám í Menntaskólanum á Akureyri. Hvarf hann frá námi um skeið, en hóf það aftur og lauk stúdentsprófi vorið 1966, þá 23 ára að aldri. Á meðan ákærði var í skólanum, eignaðist hann óskilgetið barn, og var hann af þeim sökum rekinn á brott af heimili sínu að Marðarnúpi. Ákærði innritaðist í guðfræðideild Háskóla Íslands um haustið, en hætti fljótt námi þar. Hann hóf síðan nám í íslenskum fræðum, en hvarf frá því einnig undir vorið.

Hinn 1. desember 1966 heitbast ákærði Guðrúnu Ægisdóttur, sem hann hafði kynnst á menntaskólaárunum. Tóku þau upp sambúð vorið 1967 og gengu í hjónaband síðar það ár. Eignuðust þau tvö börn saman. Þjuggu þau fyrst í Reykjavík og stunduðu bæði nám að hluta. Síðar réðust þau til kennslustarfa að Reykjum við Ísafjarðardjúp og kenndu þar á hverjum vetri frá haustinu 1968 fram til vors 1972. Það ár fluttust þau til Reykjavíkur, og hóf ákærði þá nám í félagsfræði við Háskóla Íslands. Lauk hann námi í almennri félagsfræði haustið 1973, en hætti við frekara nám skömmu síðar. Ákærði vann á ýmsum stöðum með náminu, en vinna hans var stopul. Árið 1975 skildu ákærði og kona hans að borði og sæng.

Síðan segir í skýrslu læknisins:

„Hinn 14. 11. 74 kveður Guðjón Sævar Ciesielski hafa komið í heimsókn ásamt Erlu Bolladóttur að heimili hans að Ásvallagötu 46, og sýndu þau honum Land Rover bíl, er þau höfðu keypt. Dagana á eftir kom Sævar til Guðjóns í skrifstofu Menningarsjóðs og sýndi honum bréf þess efnis, að hann væri að fara utan með kvikmyndir fyrir Vilhjálm Knudsen. Kvaðst hann vera fjárþurfi vegna þessa ferðalags. Bað hann Guðjón að skreppa með sér til Keflavíkur að hitta þar mann. Gerði Guðjón hvorki að játa né neita. Kvöldið eftir (19. 11. 74), er Guðjón var í heimsókn að Lambhóli við Starhaga hjá kunningja

sínum, komu þau Sævar og Erla Bolladóttir þangað að sækja hann, og ók hann þeim þá í hina örlagaríku ferð til Keflavíkur. Ekki telur Guðjón, að hann hafi verið „fyllilega eins og hann átti að sér þennan dag“, án þess þó að geta skýrt það nánar. Þá staðhæfir hann, að hann hafi ekki neytt lyfja, hass eða áfengis fyrir ferðina, en hins vegar unnið nokkuð mikið við húsið á Ásvallagötu undanfarna daga. Hann gaf mér lauslega lýsingu á ferðinni til Keflavíkur og í stærstu dráttum til samræmis við - það, er ég hefi lesið í afriti af lögregluskýrslu. Hann taldi ferðalagið til Keflavíkur ekki minnisstætt, „það skotgekk fyrir sig“. Maður, er hann veitti enga sérstaka athygli, sat í aftursæti og lét vart á sér kræla. Gat Guðjón sér til, að hann hefði verið í óvissu meðvitundarástandi, tók hann því ekki alvarlega ummæli Sævars um að beita mann í Keflavík hörðu. „Ég tók ekkert mark á honum, hann getur ekkert og þá ekki stelpubelgurinn“. Hann kveðst muna, að maður hafi komið inn í bílinn í Keflavík, og ætlar, að það hafi verið Geirfinnur Einarsson. Nú kveðst hann „gruna, að maðurinn (Geirfinnur) hafi hóttað lögreglu“, en telur sig annars ekki muna, hvernig atburðarás var eftir þetta, fyrr en „litli mergurinn“ (Sævar) segir við hann á heimleið fyrir ofan Hafnarfjörð: „Nú ert þú orðinn samsekur um morð - eða morðingi“. „Ég man ekki, hvort var“. Síðan segist hann ekki muna meira um akstur, en telur, að e. t. v. hafi verið ekið að Grettisgötu 82. Bætti svo við: „Sævar var alltaf gallharður á því, að þetta kæmist ekki upp“. Eftir atburði þessa segir Guðjón, að sér hafi fundist hann sjálfur „ekki vera í lagi“.

Sálfræðileg athugun var gerð á Guðjóni af Gylfa Ásmundssyni, sálfræðingi, þ. 8.-21, b2. 1977. Gylfi getur þess, að hann hafi verið samvinnuþýður í rannsókninni að undanskilinni dálítili tortryggni í byrjun.

Eftirfarandi sálfræðileg próf voru lögð fyrir Guðjón: Wechsler, almennt greindarpróf; Bender-Gestalt skynhreyfipróf; Rorschach persónuleikapróf; MMPI og 16PF persónuleikapróf.

Greindarprófið sýnir, að Guðjón er að eðlisfari þrýðisvel greindur, en nýtist greindin ekki til fulls af ýmsum orsökum. Þó mælist starfhæf greind hans vel yfir meðallag.

Persónuleikaprófin benda til þess, að hann sé innhverfur, gefinn fyrir óraunhæft hugarflug og metnað. Tilfinninganæmur og stoltur, en ósjálfstæður að skapferli og fljótfær. Áberandi er sjálfstæring eða áljós fremur neikvæð sjálfsmynd, sem einkennist af rötleysi og skorti á viljapreki og staðfestu. Skapgerð hans virðist einkum vera af kleifhugagerð, og í ástandi við prófun má merkja ótta um, að hann sjálfur og veruleikinn í kringum hann sé að liðast í sundur eða hrynja til grunna. Ekki eru merki um meiri háttar geðveiki eða geðtruflun af vefrænum orsökum að finna í prófunum. Samkvæmt niðurstöðum þeirra telst hann hins vegar hafa skapgerðargalla, sem geta haft miður góð áhrif á dómgreind hans, tilfinningastjórn og atferli.

Almenn læknisskoðun 04. 02. 1977 leiddi ekkert óeðlilegt í ljós nema ljót ör og vöðvafekt á kviðvegg á botnlangastað. Almenn blóðrannsókn ásamt sérprófunum fyrir lifrar- og nýrnastarfsemi var innan eðlilegra marka. Þá var heilalínurit eðlilegt og Lues próf negatíft.

Geðskoðun: Guðjón er meðalmaður á hæð, grannvaxinn, dökkhærður og snyrtilegur. Í fyrstu örlaði nokkuð á tortryggni og þótta, en samvinna við hann var annars góð. Hann átti létt með tjá sig og ræddi vandamál sín án allrar tilfinningasemi og af hispursleysi. Stundum virtist hann bregða fyrir sig kaldhæðni, er beindist jafnt að honum sjálfum sem öðrum, er hann fjallaði um viðkvæm at.riði. Hann virtist búa yfir almennum fróðleik í ríkum mæli og vera greindur vel. Aldrei varð vart neinnar brenglunar í háttum, hugsun, skynjun eða einbeitingu, og minni hans virtist gott í viðtölum, nema hvað hann kvaðst óviss um atburðarás við Dráttarbrautina í Keflavík að kvöldi 19. 11. 74.



Niðurstaða: Hér er um að ræða 33 ára gamlan mann, sem kærður er fyrir aðild að morði Geirfinns Einarssonar h. 19. 11. 74.

Hann er elstur 7 barna, en alinn upp fjarri systkinum sínum og foreldrum í sveit hjá móðurafa sínum, harðfylgnum og stórlýndum manni. Foreldrum kynntist hann tæpast fyrr en 18 ára gamall.

Svo virðist sem Guðjón hafi þegar á unglingsárum farið að sýna einkenni um persónuleikagalla, er komu helst fram í viljalífi hans. Ber þar helst vitni stefnuleysi varðandi nám framan af menntaskólaárum og síðar í Háskóla Íslands. Tíð atvinnuskipti segja svipaða sögu. Hann virðist hafa átt erfitt með að velja sér félagsskap á kritiskan hátt, gera raunhæf fjármálaplön eða halda áformum sínum til streitu. Þá benda endurtekin tryggðarrof í hjónabandi fremur til slakrar hvatastjórnar.

Loks ber að geta þess, að lífshlaup hans hefur mótast af einkennum manio-depressifs sjúkdóms, er sennilega gætti fyrst upp úr stúdentsprófi, en bar hæst vorin 1974, 1975 og 1976.

Álit mitt að lokinni þessari rannsókn er, að Guðjón sé vel greindur, en haldinn geðvillu (personality disorder) og maniodepressifum geðsjúkdómi, er kemur fram í tímabundnum köstum ofvirkni, hugarflugs, reiði og svefntruflana, er kunna að skip Last á við depurðarköst. Ekkert hefur komið fram, er bendir til þess, að hér liggja að baki vefrænn sjúkdómur. Guðjón er að mínu áliti sakhæfur í almennum skilningi, og ekkert bendir óbyggjandi til óstöðugs geðslags eða rænuskerðingar, um það leyti er glæpurinn á að hafa átt sér stað. Líklegt er, að Guðjón muni í framtíðinni fá geðsveiflur svipaðar þeim fyrri og þarfnast þá geðlæknismeðferðar, en ég tel ekki, að dómstóll þurfi að taka sérstakt tillit til þessa í niðurstöðu sinni".

Ákærði Guðjón Skarphéðinsson hefur hvorki sætt kærú né refsingu samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins.

Ákærði Albert Klahn Skaftason er fæddur 16. febrúar 1955. Hann hefur hvorki sætt kærú né refsingu.

Ákærði Ásgeir Ebenezer Þórðarson, er fæddur 15. ágúst 1950. Hann hefur sætt kærú og refsingum sem hér segir:

1965 2/11 Reykjavík: Áminning fyrir brot á 28. og 50. gr. umferðarlaga.

1966 26/1 Reykjavík: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.

1967 20/1 Reykjavík: Áminning fyrir brot á 14. gr. umferðarlaga.

1969 7/11 Reykjavík: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1969 1/12 Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot á 3. gr. reglugerðar nr. 105/1936 og 1. og 8. gr. laga nr. 21/ 1957.

1970 28/12 Reykjavík: Sátt, 3.000 kr, sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði.

1971 6/7 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 106. gr. hegningarlaga.

1972 17/8 Akureyri: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 60., sbr. 61. gr. laga nr. 59/1969.

1973 20/7 Hafnarfirði: Sátt, 20.000 kr. sekt fyrir brot á 5., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

1974 12/3 Reykjavík: Sátt, 5.000 kr, sekt fyrir brot gegn 26., 37. og 41. gr. umferðarlaga.

1975 4/9 Reykjavík: Ávana og fíkn.: Sátt, 125.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr. reglugerðar nr. 390/1974, en áður við 5., sbr. fi. gr. laga nr. 77/1970 og 1. gr. reglugerðar nr. 257/ 1969, sbr. 2. gr. hegningarlaga.

Að álitum dómsins teljast öll ákærðu sakhæf.

Ákvörðun refsinga.

Ákærðu Kristján Viðar og Sævar Marinó eru, eins og áður er rakið, taldir sannir að sök um að hafa svipt tvo menn lífi, í bæði skiptin með þriðja manni og borið rangar sakir á fjóra menn, sem voru til þess fallnar að hafa velferðarmissi í för með sér og leiddu til þess, að mönnum þessum var haldið í gæsluvarðhaldi svo mánuðum skipti. Auk þess hafa þeir verið fundnir sekir um nokkur auðgunarbrot og ákærði Sævar Marinó um skjalafals og smygi á fíkniefnum.

Ákærði Kristján Viðar hefur hlotið dóma fyrir auðgunarbrot og líkamsárás, svo sem áður er rakið, og ákærði Sævar Marinó hefur hlotið skilorðsbundinn dóm fyrir þjófnað.

Við ákvörðun refsingar er höfð hliðsjón af þessu svo og framferði ákærðu, eftir að þeir frömdu brotin, sem og þeirri staðreynd, að líkin hafa ekki fundist og fengið greftrun lögum samkvæmt.

Þykir því ekki með vísan til 70. og 77. gr. almennra hegningarlaga verða hjá því komist að dæma ákærðu í ávilangt fangelsi. Ákærði Sævar Marinó hefur setið í gæsluvarðhaldi frá

desember 1975 vegna máls þessa og ákærði Kristján Viðar frá 23. desember sama ár.

Ákærði Tryggvi Rúnar er sakfelldur fyrir að hafa ásamt meðákærðu Kristjáni Viðari og Sævari Marinó svipt einn mann lífi, fyrir nauðgun, brennu, sem hafði í för með sér almannahættu, og nokkra þjófnaði. Hann hefur áður nokkrum sinnum hlotið refsidóma fyrir auðgunarbrot, líkamsárásir o. fl.

Samkvæmt því þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin með hliðsjón af 70., 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga fangelsi í 16 ár. Ákærði hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 23. desember 1975, og þykir rétt, að gæsluvarðhaldsvist hans komi til frádráttar refsingunni með fullri dagatölu skv. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Guðjón er sakfelldur fyrir að hafa orðið manni að bana ásamt meðákærðu Kristjáni Viðari og Sævari Marinó og fyrir smygl á fíkniefnum hingað til lands. Ákærði hefur aldrei gerst sekur áður um refsiverða háttsemi. Með þetta í huga svo og það, sem fram hefur komið um þátt ákærða í máli þessu, þykir refsing hans með hliðsjón af 70. og 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 12 ára fangelsi. Ákærði hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 12. til 18. desember 1975 og síðan frá 13. nóvember 1976. Þykir rétt, að gæsluvarðhald hans skuli koma til frádráttar refsingunni með fullri dagatölu skv. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Albert Klahn er sakfelldur fyrir að tálma rannsókn á því, er ákærðu sviptu Guðmund Einarsson lífi, og fyrir sölu, neyslu og dreifingu á fíkniefnum. Ákærði hefur aldrei sætt kærðu eða refsingu. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 70. og 77. gr. almennra hegningarlaga 15 mánaða fangelsi. Ákærði sat í gæsluvarðhaldi frá 23. desember 1975 til 19. mars 1976, og þykir rétt, að sá tími komi til frádráttar refsingu hans með fullri dagatölu.

Ákærða Erla er fundin sek um rangar sakargiftir, sem voru til þess fallnar að valda velferðarmissi fjögurra manna. Þá er hún sakfelld fyrir að tálma rannsókn á broti meðákærðu Kristjáns Viðars, Sævars Marinós og Guðjóns og fyrir skjalfals og auðgunarbrot. Ákærða hefur hvorki sætt kærðu né refsingu áður. Þykir refsing hennar hæfilega ákveðin eftir atvikum og með hliðsjón af 70. og 77. gr. almennra hegningarlaga 3 ára fangelsi. Ákærða sat í gæsluvarðhaldi frá 13. til 20. desember 1975 og aftur frá 4. maí til 22. desember 1976. Þykir rétt skv. 76. gr. almennra hegningarlaga að gæsluvarðhald ákærðu komi til frádráttar refsingunni með fullri dagatölu.

Ákærði Ásgeir Ebenezer er sakfelldur fyrir kaup á fíkniefnum og ólöglegan innflutning þeirra. Ákærði hefur áður hlotið sekt fyrir brot gegn ávana- og fíkniefnalöggjöfinni og refsidóm fyrir brot á 106. gr. almennra hegningarlaga. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 71. gr. almennra hegningarlaga 4 mánaða fangelsi, en með tilliti til þess áhagræðis, sem ákærði hefur þurft að þola, m. a. vegna frásagna í fjölmiðlum um mál þetta, þar sem nafn hans hefur margoft verið nefnt, þykir mega ákveða, að refsingin skuli vera skilorðsbundin og falla niður að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið. Komi refsingin síðar til framkvæmda, skal dragast frá henni gæsluvarðhald ákærða frá 15. til 22. desember 1975.

Málskostnaður.

Ákærðu, Kristján Viðar, Sævar Marinó, Tryggva Rúnar, Guðjón, Albert Klahn og Erlu, ber að dæma til að greiða í saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 1.000.000, áskipt. Þá greiði ákærðu skipuðum verjendum sínum réttargæslu- og málsvarnarlaun sem hér segir:

Ákærði Kristján Viðar Páli A: Pálssyni héraðsdómslögmanni kr. 900.000, ákærði Sævar Marinó Jóni Oddssyni hæstaréttarlögmanni kr. 900.000, ákærði Tryggvi Rúnar Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni kr. 700.000, ákærði Guðjón Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmanni kr. 700.000, ákærði Albert Klahn Erni Clausen hæstaréttarlögmanni kr. 650.000 og ákærða Erla Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni kr. 700.000, en annan sakarkostnað ber að dæma ákærðu til að greiða óskipt.

Ákærða Ásgeir Ebenezer Þórðarson ber að dæma til að greiða skipuðum verjanda sínum, Finni Torfa Stefánssyni héraðsdómslögman;ni kr. 60.000 í málsvarnarlaun, en eins og þætti ákærða í málinu er háttað, þykir ekki ástæða til að gera honum að greiða frekari sakarkostnað.

**Dómsorð:**

Ákærði Kristján Viðar Viðarsson sæti fangelsi ævilangt. Ákærði Sævar Marinó Ciesielski sæti fangelsi ævilangt. Ákærði Tryggvi Rúnar Leifsson sæti fangelsi í 16 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald hans frá 23. desember 1975.

Ákærði Guðjón Skarphéðinsson sæti fangelsi í 12 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald hans frá 12. til 18. desember 1975 og frá 13. nóvember 1976.

Ákærði Albert Klahn Skaftason sæti fangelsi í 15 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald hans frá 23. desember 1975 til 19. mars 1976.

Ákærða Erla Bolladóttir sæti fangelsi í 3 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald hennar frá 13. til 20. desember 1975 og frá 4. maí til 22. desember 1976.

Ákærði Ásgeir Ebenezer Þórðarson sæti fangelsi í 4 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið. Komi refsingin til framkvæmda, skal dragast frá henni gæsluvarðhald ákærða frá 15. til 22. desember 1975.

Ákærði Sævar Marinó greiði Elínu Þórhallsdóttur, Hlíðarhvammi 4, Kópavogi, kr. 31.700 og Farfugladeild Reykjavíkur kr. 30.000.

Ákærðu Sævar Marinó og Erla greiði óskipt Póst- og símamálastjórn kr. 952.700 og verslun Silla og Valda kr. 5.000. Ákærði Tryggvi Rúnar greiði K, . . . vegi . . ., Reykjavík, kr. 255.000 auk 9 % ársvaxta frá 26. október 1974 til 23. apríl 1976 og 13 % ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Ákærðu Ásgeir Ebenezer og Sævar Marinó skulu þola upptöku til ríkissjóðs á 2.5 kg af hassi, sem tollgæslan í Reykjavík lagði hald á 12. desember 1975.

Ákærðu, Kristján Viðar, Sævar Marinó, Tryggvi Rúnar, Guðjón, Albert Klahn og Erla, greiði saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 1.000:000, óskipt.

Ákærðu greiði skipuðum verjendum sínum réttargæslu og málsvarnarlaun sem hér segir:

Ákærði Kristján Viðar Páli A. Pálssyni héraðsdómslögmanni kr. 900:000, ákærði Sævar Marinó Jóni Oddssyni hæstaréttarlögmanni kr. 900.000, ákærði Tryggvi Rúnar Hilmarí Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni kr. 700.000, ákærði Guðjón Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmanni kr. 700.000, ákærði Albert Klahn Erni Clausen hæstaréttarlögmanni kr. 650.000 og ákærða Erla Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni kr. 700.000, en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Ákærði Ásgeir Ebenezer greiði skipuðum verjanda sínum, Finni Torfa Stefánssyni héraðsdómslögmanni, kr. 60.000 í málsvarnarlaun.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.